Fjárlaganefnd alþingis
Skrifstofa Alþingis, 101 Reykjavík
Bt. Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir, formaður
Jón Magnússon viðskiptafræðingur jonm@althingi.is
Ólafur Elfar Sigurðsson viðskiptafræðingur olafurelfar@althingi.is

Beiðni um þjónustusamning í formi styrks til þriggja ára í gegnum fjárlög eða fjáraukalög

153. löggjafarþing 2022–2023.

15. nóvember 2022

Afstaða, félag fanga og annarra áhugamanna um bætt fangelsismál og betrun, óskar hér með eftir því að fjárlaganefnd Alþingis veiti félaginu 32.370.000- króna fjárstyrk af fjáraukalögum á hverju ári í 3 ár til að standa straum af kostnaði áranna 2023 til og með 2025. Alls samtals fyrir öll þrjú árin 97.110.000- króna. Óskað er eftir að félagsmálaráðuneytið muni sjá um eftirlit með samningi þessum.

Þrátt fyrir að Afstaða hafi lagahlutverki að gegna og starfsemi félagsins spanni átján ár hafa öll störf og verkefni verið unnin í sjálfboðavinnu. Félagið getur ekki rukkað félagsgjöld vegna stöðu skjólstæðinga sinna sem kannski fá um 3000-kr. á viku í dagpeninga í fangelsunum og félagið hefur ekki getað leitað til almenning og fyrirtækja vegna þess hver hópurinn er sem eru okkar félagsmenn og skjólstæðingar. Aðstandendur Afstöðu hafa lagt félaginu til fjármuni öll þessi átján ár til að hægt væri að halda úti starfsemi sem ætti að vera á hendi ríkis og sveitarfélaga. Nú er svo komið að félagið Afstaða fær um tvö þúsund og tvö hundruð erindi á ári, frá föngum og sérstaklega fjölskyldum fanga sem eins og fangar geta hvergi annað leitað eftir aðstoð. Það er meira en nokkur önnur samtök sinna en eru samt á árlegum fjárlögum ríkisins.

Afstaða, félag fanga og annarra áhugamanna um bætt fangelsismál og betrun er einstakt félag sem sinnir yfir 2200 málum á ári fyrir skjólstæðinga sína sem hafa ekki aðra talsmenn. Yfirburðarþekking er í félaginu er varðar félagslegan stuðning og ráðgjöf er tengist fólki í refsivörslukerfinu, aðstandendum og barna þeirra og einnig í vímuefnamálum. Félagið hefur verið leiðandi í félagslegri aðstoð við fanga, málsvari þeirra og stefnuleiðandi í endurhæfingarmálum fanga í 18 ár.

Markmið félagsins eru fyrst og fremst þau að vinna að tækifærum fyrir frelsissvipta einstaklinga til ábyrgðar, endurhæfingar og að búa þeim skilyrði fyrir farsæla endurkomu í hið frjálsa samfélag. Samhliða þeim grunnmarkmiðum, að jöfnu mikilvægi, er vinna og aðstoð fyrir börn fanga og

fjölskyldur og aðra þá sem tilheyra nærumhverfi fanga. Öll markmið og vinna Afstöðu fellur undir almenn og sértæk velferðarviðmið sem verin eru í 76. gr. stjórnarskrár Íslands.

Afstaða hefur þá sérstöðu að geta nálgast þennan mikilvæga málaflokk út frá raunverulegum reynsluheimi frelsisskertra. Af þeirra ástæðu hefur byggst upp langvarandi traust á milli félagsins og skjólstæðinga. Aðrir aðilar sem vinna á þessu sviði hafa ekki þá reynslu og þekkingu en margir hafa þó leitað til Afstöðu í almennt góðri samvinnu.

Afstaða rekur nú skrifstofu og þjónustumiðstöð, að Holtagörðum í Reykjavík. Á skrifstofunni eru veitt viðtöl og unnið að ýmsum verkefnum sem snúa að félagslegum stuðning og ráðgjöf. Verkefni félagsins hafa aukist stöðugt og hafa ráðuneyti og stofnanir einnig leitað eftir aðkomu Afstöðu að einstökum málum.

Sjálfboðaliðar sinna ráðgjöf og vinnu á skrifstofu félagsins auk heimsókna í fangelsin. Tveir sjálfboðaliðar sem vinna við fræðsluefni félagsins, einn sjálfboðaliði sem sér um fundi Aðgátar aðstandendafélags fanga og unnið er að sjálfboðaliða hópi úr röðum kennara og kennara á eftirlaunum sem hafa áhuga á að fara í fangelsin og aðstoða með nám.

Afstaða hefur einnig samskipti við lögmenn og stofnanir sem koma að málefnum fanga, fréttamenn og fleiri aðila. Vinna við sérverkefni hefur aukist og hlutfall mannréttindamála vaxið. Athugasemdir félagsins við lagasetningu eru einnig farnar að skila sér, en Afstaða hefur m.a. unnið ýmsar umsagnir um lög sem hefur skilað sér í nefndaráliti og jafnvel breytingar á frumvörpum til laga.

Eins og áður sagði miðar öll stefna Afstöðu að endurhæfingu fanga og aðlögun að samfélagi í lok fangavistar. Afstaða vinnur að því að fækka fordómum í samfélaginu og að fræða almenning og stjórnvöld í þeim tilgangi að auka líkur á því að fangar geti aðlagast samfélaginu þegar út er komið.

Að undanförnu hefur Afstaða unnið að fjölmörgum verkefnum. Hér skal aðeins hluti nefndur:

1. Starfsemi miðstöðvar endurhæfingar fanga, aðstandenda og barna þeirra, að Holtagörðum í Reykjavík þar sem veitt ráðgjöf og félagslegur stuðningur.
2. Verkefnum að beiðni ýmissa ráðuneyta.

3. Ráðgefandi stjórn, fagráð og undirbúningur sjálfboðaliða Félagsvina Rauða krossins sem heitir nú aðstoð eftir afplánun.

4. Öflun atvinnutækifæra fyrir fanga í afplánun og á leið úr afplánun. Þá er Afstaða brú á milli fanga og Vinnumálastofnunar. En þessi hópur fer ekki til VMST sjálfkrafa

5. Aðstoð við edrúmennsku og kynning úrræða á borð við AA samtökin og útvegun sponsora, meðferðarstofnana og annarra úrræða.

6. Hljóðver og myndver hefur verið sett upp myndver þaðan sem sendir eru út viðtalsþættir um málefni fanga og kynningar- og fræðsluefni. Fræðsluefnið sem framundan er, verður unnið í samvinnu við fangelsismálastofnun https://www.youtube.com/channel/UC84DHutACnjX5wZDCo_chkg/videos

7. Matreiðslubók fanga hefur verið undirbúin sem ætluð er til að veita jákvæða sýn inn í líf fanga sem venjulegs fólks

8. Húsnæðisaðstoð bæði með milligöngu og að afla herbergja. Í þessum tilgangi hefur Afstaða undirbúið umsókn um byggingu leiguíbúða fyrir fanga í samræmið við heimildir sveitarfélaga til að stofnframlag og lána Húsnæðis og mannvirkjastofnunar. Þá er félagði nú í viðræðum við Dómsmálaráðuneytið um að opna áfangaheimili fyrir þá sem eru að losna úr afplánun en það er gert í samvinnu við Fylkir ehf. sem útvegar húsnæðið við Ásbrú á Reykjanesi.

9. Lögfræðiþjónustu bæði í og eftir fangavist. Afstaða hefur verið ráðgefandi fyrir lögmenn í málaflokknum og hefur unnið mál í samvinnu við þá.

10. Ýmiskonar sérfræðiþjónustu í félagslegri aðstoð er varðar afplánun sem sérfræðingar tengdir Afstöðu koma að; félagsráðgjafar, hjúkrunarfræðingar, lögreglumenn, fjölskylduráðgjafar, prestar, fjármálaráðgjafar, meðferðarfulltrúar og fleiri áreiðanlegir aðilar sem hafa sýnt starfa Afstöðu mikinn áhuga. Faghópi Afstöðu er stjórnað af Írisi Ósk Ólafsdóttur, teymisstjóra hjá Reykjavíkurborg.

11. Vinna fyrir fangelsismálstofnun að ýmsum verkefnum tengd því að draga úr vímuefnaneyslu í fangelsum.

12. Námi og listum innan fangelsa en nú er fyrirhugað að efna til tónlistarnáms í samvinu við stjórnendur Litla-Hrauns. Þess má geta að á árinu 2022 gaf Afstaða Litla hrauni tónlistargræjur fyrir nokkur hundruð þúsund svo hægt væri að stunda tónlist í fangelsinu

13. Verkefni sem vísað er til okkar í gegnum fangaverði en fangaverðir vísa mjög mörgum málum og einstaklingum á félagið. Oftast er um félagslegan stuðning, ráðgjöf og aðstoð að ræða.

14. Sífelld aðstoð samskipti við þingmenn, þingflokka, stjórnir sveitarfélaga, fjölmiðlamenn, lögfræðinga, alls kyns ráðgjafa, Amnesty International, nemendur o.fl. o.fl.

15. Umsagnir við ýmiskonar lagafrumvörp.

16. Fræðsla til almennings og stjórnvalda. Afstaða heldur fyrirlestra í nokkrum háskólum og menntaskólum ásamt því að halda fyrirlestra fyrir stjórnsýsluna.

17. Reglulegar ferðir inn í fangelsin sem ætlað er að draga úr álagi á fanga og starfsmenn í fangelsum.

18. Neyðarsími 556-1900 og bakvakt allan sólarhringinn 666-1200 fyrir fanga og aðstandendur.

Mikilvægustu verkefnin 2023:

1. Unnið að opnun áfangaheimilis fyrir allt að 40 manns

2. Undirbúningur að byggingu langtíma búsetuúrræðis fyrir fanga. ABRIGO verkefnið með Eygló Harðardóttur fyrrv.ráðherra og Runólfi Ágústssyni hjá Þorpið Vistfélag ehf.

3. Atvinnuverkefni fyrir fanga í fangelsum og við lok afplánunar sem er þegar hafið.

4. Samstarf við ráðgjafaþjónustu um endurhæfingu fanga sem er hafið. Allar áttir-ráðgjöf, Þór Gíslason fyrrv. deildarstjóri hjá Reykjavíkurborg

5. Styrkja enn frekar ráðgjöf okkar í Holtagörðum en þangað koma flestir okkar skjólstæðingar á einhverjum tímapunkti og þar fer öll starfsemi fram nema þau sem fara fram í fangelsunum.

6. Opið hús Félagsvina Rauða krossins hjá okkur mánaðarlega í Holtagörðum

7. Opið hús Aðgátar, aðstandenda félags fanga mánaðarlega í Holtagörðum

8. Setja á stofn hóp sjálfboðaliða úr hópi kennara á eftirlaunum til að aðstoða við nám fanga

9. Unnið er að nýrri heimasíðu þar sem þremur gömlum eru settar í eina en það eru síðurnar: www.afstada.is og www.domareiknir.is og www.velviljinn.is . Töluverð vinna hefur nú þegar farið fram í síðunni sem ætti að vera klár í vetur og þar koma allir styrkir skýrt fram og merki styrkgjafa.

10. Gera mun aðgengilegra allt fræðsluefni félagsins sem er aðal heimild háskólanema um fangelsismál á Íslandi.

11. Forvarnar námskeið fyrir aðstandendur og börn fanga sem snýst um félagsvirkni, betri geðheilbrigði og að vinna með meðvirkni sem stuðlar að því að aðstandendur fanga neiti að bera vímuefni inn í fangelsi landsins.

Tölulegar upplýsingar

Á árinu 2021 leituðu 604 einstaklingur sem hafa nýtt sér þjónustu félagsins á árinu 2021. Alls veitti Afstaða aðstoð í um 2.500 málum en stór hluti þeirra eru fjölskyldur, sérfræðingar, þingmenn, fréttamenn og -nefndir og aðrir sem ekki er þörf á að telja upp. Reykvíkingar voru sem fyrr í

meirihluta eða 352 talsins sem svarar tæplega 58% af heildarfjölda. Inn í þann flokk falla einnig einstaklingar sem skráðir voru óstaðsettir í hús en með sögu sem Reykvíkingar. Þar af voru karlar í meirihluta eða 242 talsins sem svarar um 69%. Konur sem nýttu sér þjónustuna voru 110 talsins eða um 31% af heildarfjölda Reykjavíkinga. Hlutfall kvenna í Reykjavík var rétt yfir meðallagi miðað við landið allt eða rúmlega 13% og lækkaði því frá árinu áður. Eins og má sjá á milli ára frá 2018, 2019 og 2020 er veruleg aukning á aðsókn í þjónustu hjá Afstöðu eins og má sjá fyrir árið 2021. Margar ástæður eru þar á bak við en það er m.a. aukning verkefna frá bæði félagsráðgjöfum sveitarfélaganna sem og aðgerðir fangelsisyfirvalda vegna covid-19. 42% þjónustuþegar komu því úr öðrum sveitarfélögum.

Á árinu 2020 og 2021 hefur einstaklingum sem leita til Afstöðu fjölgað verulega. Á hverjum degi eru fulltrúar félagsins ítrekað í sambandi við fanga í afplánun sem og þá sem losna úr afplánun. Þá hefur aðstandendum fanga sem leita til Afstöðu fjölgað jafnt og þétt en Afstaða hefur á undanförnum mánuðum barist fyrir aukinni virðingu fyrir börnum fanga og fjölskyldum.

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna voru samþykkt einróma í september árið 2015 og eru þau 17 talsins með 169 undirmarkmiðum. Markmiðin snúast öll að sjálfbærri þróun og eru þau bæði um þróun innan landa sem og alþjóðlega þróun og samstarf. Þegar aðildarríki Sameinuðu þjóðanna samþykktu þessi markmið skuldbundu þau sig að því að ríkin myndu vinna að þessum markmiðum þar til þeim hafa verið náð fyrir þann gildistíma sem er árið 2030. Af þeim 17 markmiðum Sameinuðu þjóðanna gátum við séð að fjögur þeirra passa mjög vel við okkar starfssemi og því sem við vonum að vinna okkar muni skila. Þau eru markmið númer þrjú, tíu, 11 og 16.

Árangur

Eins og fyrr er erfitt að mæla árangur af starfi Afstöðu á árinu með nákvæmum hætti. Þó metur félagið það sem svo að starfsemin hafi stuðlað að bættum samskiptum á milli fanga og yfirvalda sem og að koma á framfæri almennum áherslum í málaflokknum. Félagið greinir einnig að aðstaða fanga í fangelsum hafi batnað og meira jafnræði ríki innan veggja fangelsa landsins. Einnig má greina árangur í því að Alþingi, ríki og sveitarfélög hafa í auknum mæli samband við Afstöðu og leitað álita og samstarf af ýmsum toga. Þá hafa fulltrúar Afstöðu haldið fyrirlestra við nokkur tilefni þar sem ráðstefnur eru haldnar um fangelsismál ásamt reglulegum fyrirlestrum í Háskólum landsins.

Árangurinn hefur sýnt sig í auknum áhuga fangelsa, ýmissa góðgerðarsamtaka, stofnana, ráðuneyta, félagsþjónusta, þingmanna, sérfræðinga, háskóla og fjölda annarra sem hafa sýnt starfinu áhuga og óskað aðstoðar í ýmsum málum. Fulltrúar Afstöðu hafa farið í fangelsin að beiðni fangelsismálstofnunar, hafa á sæti í starfshópum og nefndum, skilað í auknum mæli athugasemdum við lagafrumvörp. Yfirvöld hafa þannig sýnt félaginu mikið traust og lýst því að að koma þess er nauðsynleg í baráttunni fyrir betrun fanga og bættu ástandi í fangelsismálum. Félagið hefur unnið ný verkefni í samvinnu við Utanríkisráðuneytið og komið að löggjöf og túlkun hennar með beinum hætti í samvinnu við stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd og lögfræðisvið Alþingis. Þá hefur ASÍ óskað samvinnu með Afstöðu varðandi launamál og tryggingaréttindi fanga.

Afstaða telur einstaklingsbundinn árangur mjög góðan. Fangar og aðstandendur hafa mun meiri upplýsingar um aðstæður og þær reglur sem í fangelsum gilda. þannig hefur skapast meiri ró innan og utan veggja fangelsa sem og átök minnka innan fangahópa. Þá hefur Afstaða aðstoðað fanga með vinnumálefni og staðið fyrir fræðslu í þeim efnum og von stendur til að sú vinna skili sér þegar fangar ljúka afplánun, en komið hefur verið á samstarfi Afstöðu og Reykjavíkurborgar með að aðstoða fyrrum fanga í atvinnuleit. Afstaða hefur einnig starfrækt neyðarsíma þar sem fangar, fyrrverandi fangar og aðstandendur hringja í þegar þau þurfa. Mjög algengt er að fólk hringi í angist, ringulreið og í sjálfsvígshugleiðingum. Vegna fjárhagslegra erfiðleika hefur félagið breytt þessari þjónustu með þeim hætti að tekið hefur verið upp nýtt símanúmer fyrir lögmannsþjónustu í samvinnu við hóp lögmanna sem veitir neyðarþjónustu.

Árangur á árinu 2021, sem fyrr, verður að miklu leyti mældur í því að félagið hefur hlotið viðurkenningu opinberra aðila sem starfa á, og nærri, vettvangi fangelsismála. Umfang verkefna félagsins hefur vaxið verulega og nú er svo komið að starfsemin verður ekki rekin eins og þörf er á með sjálfboðaliðsvinnu og fjárútgjöldum þeirra sem standa að félaginu. Verkin eru einfaldlega orðin of mörg og ómögulegt er að vinna þau samhliða annarri vinnu.

Markmið

Markmið Afstöðu er að sjálfsögðu að halda áfram því starfi sem félagið hefur unnið á undanförnum árum. Félagið hefur í auknum mæli tekið þátt í aðgerðum í fangelsismálum og stefnir að því að auka þá þátttöku. Afstaða hefur hvatt til lagabreytinga á nokkrum afmörkuðum sviðum og stefnir að því að taka þátt í vinnuhópum um smíði nýrra laga. Þessum hugmyndum félagsins hefur verið vel tekið.

Afstaða stefnir sérstaklega að því að auka samskipti við félagsþjónustur landsins og efla tengsl við sérfræðinga sem starfa á sviði fangelsismála og almennt á sviði heilbrigðis- og velferðarmál. Þá hefur Reykjavíkurborg skipað einn félagsráðgjafa frá öllum þjónustumiðstöðum borgarinnar til að vera tengiliðir við félagið

Félagið stefnir að því að stórbæta tækifæri fanga til atvinnuþátttöku og húsnæðisöflunar. Nú hefur félagið hafið samstarf við reynda ráðgjafarþjónustu til að opna áfangaheimili og búsetuúrræði fyrir fanga. Úrræðið fellur einstaklega vel að föngum og öðrum í sambærilegum félagslegum aðstæðum. Úrræðið byggir á nauðsyn þess að átta sig fangavist sem afleiðingu neyslu og hegðunar og um leið að átta sig á afleiðingum fangavistar. Þá er lögð sérstök áhersla á áfallasögu. Markmið úrræðisins er að efla þátttakendur og styrkja við að nálgast gildi samfélagsins; fjölskyldu, heimili, atvinnu og fjárhagslegt jafnvægi.

Rekstrar kostnaðaráætlun félagsins árlega verður:

1.	**Launakostnaður og launatengd gjöld**	**15.120.000**
2.	**Húsaleiga**	**3.960.000**
3.	**Hluti sérfræðikostnaðar, 600 aðkeyptar klst. *9000 kr.**	**5.400.000**
4.	**Hluti nauðsynlegs rekstrarkostnaðar (áæ.)**	**1.600.000**
5.	**Hluti skrifstofu og annarrar aðstöðu**	**750.000**
6.	**Hluti kostnaðar vegna símavaktar 500 klst. * 3.800 kr.**	**1.900.000**
7.	**Hluti aksturskostnaður 10.000 km.*114**	**1.140.000**
8.	**Tækjakaup**	**2.500.000**
Samtals hluti þjónustuhafa		**32.370.000**

Mikilvægi styrkveitinga

Það er orðið ljóst að verkefni Afstöðu er mjög umfangsmikil en jafnframt samfélagslega mikilvæg. Allt starf hefur verið vandað eins og kostur er, unnið er af áratuga reynslu og öllu kostað til svo að sérþekking njóti sín í hverju tilviki. Afstaða verður 18 ára eftir nokkra mánuði. Afstaða gegnir mikilvægu

samfélagslegu hlutverki sem miðar að því að draga úr ítrekunartíðni afbrota á Íslandi og fækka endurkomum í fangelsi. Jafnframt felst mikilvægi í því að sameina fanga og og fjölskyldur að nýju í lok afplánunar. Mikilvægt hlutverk Afstöðu er falið í fræðslu og að draga úr skömm þeirra sem tengjast fangavist með beinum eða óbeinum hætti með sérstakri áherslu á fjölskyldur og börn.

Afstaða mismunar ekki föngum eða aðstandendum þeirra eftir aldri en leggur vissulega áherslu á að gæta vel að réttindum og aðbúnaði yngstu fangana.

Afstaða hefur sérstaklega barist fyrir réttindum fatlaðra fanga og heldur því áfram.

Afstaða hefur sérstaklega barist fyrir réttindum öryrkja í fangelsum landsins og annarra sem eiga um sárt að binda.

Fangar í íslenskum fangelsum eru af öllum kynjum og þjóðernum. Þeir aðhyllast fjölbreytt trúarbrögð og lífsskoðanir, ef einhver, og berst Afstaða fyrir réttindum allra.

Afstaða mismunar ekki.

Engin önnur samtök sinna verkefnum Afstöðu og ekki má skilja það fólk sem sækir eftir aðstoð til félagsins eftir bjargarlaust. Aðstandendur og börn fanga geta lítið annað leitað en til félagsins, þar sem þekking, reynsla og skilningur er á þeirra málum. Afstaða leiðir þann hóp í gengum ferlið sem er bæði er varðar framgang í fangelsiskerfinu, veitir ráðgjöf, beinir þeim á á rétta staði í kerfinu.

Þá höfum við veitt huggun og sálgæslu á ýmsan hátt. Framundan er að vinda ofan af harkalegum aðgerðum vegna COVID-19 faraldursins og mikilvægt að Afstaða hafi fjárhagslega burði til að takast á við verkefni næsta ára. Þá hefur félagið verið einn helsti ráðgjafi yfirvalda í málefnum fanga og vímuefnaneytanda. Sjálfboðaliðar Afstöðu vinna samtals um 272 tíma á mánuði og þar af eru tímar um helgar en þá erum við á skrifstofunni einnig og í heimsóknum í fangelsunum. Þá eru um 90 tímar á bakvöktum þar sem við svörum símtölum. Alls má segja að sjálfboðatímar á mánuði séu um 360.

Þess ber að geta að CPT, Evrópunefnd um varnir gegn pyndingum og ómannlegri og vanvirðandi meðferð eða refsingu hefur ávallt í sínum erindum hér á landi átt samtal við Afstöðu til að fá ráðleggingar um hvar og hvað sé best að einbeita sér að í heimsóknum þeirra og hefur Evrópunefndin sagt að Afstaða sé einstakt félag á heimsvísu. Afstaða á í samskiptum einnig við nefndina utan heimsókna hennar rafrænt. Þá hefur Afstaða mjög gott og mikið samstarf við OPCAT eftirlit Umboðsmanns Alþingis á Íslandi sem og hinna Norðurlandanna. Taka ber fram að við erum þeir einu á Íslandi sem sinnum nákvæmlega þessum atriði og okkar starf skarast ekki á við Rauða Krossinn og Vernd áfangaheimilis almennt en vissulega eigum mjög gott samstarf okkar á milli

Fulltrúar Afstöðu eru reiðubúnir að koma á fund nefndarinnar til að fara yfir beiðni félagsins og skýra nánar hvernig þessum fjármunum verður varið til betri framtíðar og góðs fyrir samfélagið í heild

Virðingarfyllst,

_____

Guðmundur Ingi Þóroddsson

formaður Afstöðu, félags fanga á Íslandi

Akureyrarbær

Akureyri, 5. október 2022
2022091352 / 01-301

Efni: Bæjarstjórn Akureyrarbæjar - svarbréf vegna fjárlagafrumvarps 2023

Bæjarstjórn hefur á fundi sínum þann 4.10.2022 gert eftirfarandi bókun:

Umræða um fjárlagafrumvarp ríkisstjórnarinnar fyrir árið 2023 og áhrif þess á Akureyri og nágrenni.
Málshefjandi var Halla Björk Reynisdóttir.
Í umræðum tóku til máls Hilda Jana Gísladóttir, Sunna Hlín Jóhannesdóttir, Gunnar Líndal Sigurðsson og Heimir Örn Árnason.

Bæjarstjórn telur mikilvægt að tryggja mannréttindi og þjónustu við fatlað fólk og skorar því á ríkisstjórnina að fullfjármagna þjónustuna, en ætla má að hallinn í málaflokknum nemi nú um 12-13 milljörðum króna á landsvísu og að hlutur Akureyrarbæjar verði á árinu sem er að líða rúmar 800 milljónir.

Bæjarstjórn lýsir jafnframt yfir miklum áhyggjum yfir því að til standi að skerða framlög til embættis Lögreglustjórans á Norðurlandi eystra og að uppsafnaður vandi Sjúkrahússins á Akureyri sé ekki leystur.

Þá hvetur bæjarstjórnin til þess að lögð verði fram fjármögnuð aðgerðaáætlun sem styðji við svæðisbundið hlutverk Akureyrarbæjar og að aukið fjármagn verði sett í sóknaráætlun landshlutans.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,
fyrir hönd bæjarstjóra

AKUREYRARBÆR SKJALASAFN

Elín Dögg Guðjónsdóttir
skjalastjóri

ALZHEIMER SAMTÖKIN

Hafnarfirði í september 2022

Fjárlaganefnd Alþingis

Nefndarsvið

Vegna fjárlagagerðar

Efni: Erindi frá Alzheimersamtökunum um fjármögnun Seiglunar – þjónustumiðstöðvar fyrir fólk með heilabilunarsjúkdóma.

Í viðbótar fjárlögum ársins 2022 voru veittar 50 m.kr. til reksturs Seiglunnar. Það var ákaflega mikilvægt skref hjá fjárlaganefnd og ráðherra að bæta því framlagi við í meðförum nefndarinnar á fjárlagafrumvarpinu, sem réttilega hlaut töluverða athygli. Seiglan tók til starfa í október 2021. Enn hefur aðeins helmingur þess fjármagns borist en loforð er um að afgangurinn komi í október.

Starfseminnar er getið í áætlun heilbrigðisyfirvalda í málefnum fólks með heilabilun og er í raun það eina sem framkvæmt hefur verið af verkefnum sem þar er getið. Það voru Alzheimersamtökin sem stóðu að því að opna Seigluna með ómetanlegri aðstoð frá Oddfellowreglunni á Íslandi.

Í Seiglunni er veitt þjónusta sem getið er um í áætlun heilbrigðisyfirvalda í málefnum fólks með heilabilun og er í raun það eina sem framkvæmt hefur verið af þeirri áætlun.

Starfsemin hefur farið mjög vel af stað og hefur sýnt sig hversu brýn þörfin er fyrir þjónustuna. Í dag eru að jafnaði um 30 manns innskráðir í Seigluna svo ljóst er að Alzheimersamtökin ein geta ekki staðið undir þeim rekstri.

Þörfin fyrir þjónustuna er gríðarleg og það væri mikið áfall ef rof verður á henni. **Þjónustan hefur ekki verið til staðar áður og er ekki veitt annars staðar.**

Því hvetjum við stjórnvöld til að sýna áfram sömu framsýni og þau gerðu þegar framlaginu var komið á. Alzheimersamtökin hafa metið sem svo að fjárþörf reksturs Seiglunnar **sé að lágmarki 85 m.kr árlega, þrátt fyrir aðstoð sjálfboðaliða.** Við sýnum mikið aðhald í rekstrinum og leggjum t.d. á skjólstæðingana að koma sér sjálfir til og frá okkur og taka með sér nesti.

Óskum við virðingarfyllst eftir að gert verði ráð fyrir okkur í fjárlagafrumvarpi ársins 2023.

_____

Vilborg Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri

Erindi til umsagnar frá fjárlaganefnd Alþingis

Alzheimersamtökin (Hrn22100152)

Vísað er í bréf samtakanna til fjárlaganefndar dags. í september 2022 þar sem óskað er eftir fjárframlagi til Seiglunnar, þjónustumiðstöð fyrir aldrað fólk með heilabilunarsjúkdóma að upphæð að lágmarki 85 m.kr.

Í samræmi við samkomulag sem gert var við Alzheimersamtökin um 50 m.kr fjárveitingu verður seinni hluti fjárins greiddur þegar samtökin hafa gert grein fyrir hvernig fyrri helmingnum var varið. Sú greinargerð barst í síðustu viku og mun seinni hluti framlagsins verða afgreiddur fljótlega.

Rétt er að taka fram að fleira hefur verið gert skv. framkvæmdaáætlun um þjónustu við fatlað fólk með heilabilun, heldur en kemur fram í erindi samtakanna. Má þar nefna að sérhæfðum dagdvalarrýmum hefur fjölgað og unnið hefur verið að gerð Lífsskrár.

Mikilvæg vinna er unnin á Seiglunni og er stefnt að því að þjónustukaup af Alzheimersamtökunum, sem falla undir heilbrigðisþjónustu, fari í samninga hjá SÍ. Það er þó eðlilegt að það taki tíma að móta og byggja upp þjónustu af þessu tagi og hópur þjónustunotenda stækkar með meiri vitundarvakningu um heilabilun og þar af leiðandi fleiri greiningum yngra fólks (undir 65 ára) með sjúkdóminn.

Ráðuneytið hefur gert tillögu í fjárlagakerfi um 70 m.kr. við 2. umræðu fjárlaga.

Sjúkratryggingar Íslands (HRN22100152)

Vísað er til erindis Sjúkratrygginga Íslands til fjárlaganefndar Alþingis dags. 10.10.2022 þar sem fram koma athugasemdir við fjárlagafrumvarp 2022.

Ráðuneytið telur mikilvægt að styrkja Sjúkratryggingar Íslands sem kaupanda að heilbrigðisþjónustu eins og fram kemur í stjórnarsáttmála. Einnig er mikilvægt að stofnuninni sé gert betur kleift að sinna gagnagreiningum og ýmsum nýjum verkefnum sem stofnuninni eru falin s.s. vegna innleiðingar og eftirlits með DRG útreikningum sjúkrastofnana.

Í fjárlögum þessa árs var veitt 95 m.kr. tímabundin fjárveiting til að styrkja rekstrargrunn Sjúkratrygginga Íslands. Heilbrigðisráðuneytið hefur gert tillögu um 120 m.kr. viðbótarfjármagn í 2. umræðu fjárlaga.

Samhjálp/Hlaðgerðarkot (HRN22100148)

Vísað er til erindis Samhjálpar vegna reksturs Hlaðgerðarkots árið 2023 þar sem óskað er eftir að fjárveiting verði að lágmarki 300 m.kr.

Verið er að vinna að undirbúningi samningagerðar um þá heilbrigðisþjónustu sem veitt er á Hlaðgerðarkoti. Þar sem Hlaðgerðarkot er ekki skilgreint sem heilbrigðisþjónusta hefur það ekki verið hægt, en ráðuneytið hefur bent þeim á að tilkynna um rekstur heilbrigðisþjónustu til landlæknis. Slíkt leyfi er forsenda þess að ráðuneytið geti gert samninga í stað þess að styrkja stofnunina frá ári til árs.

Síðustu ár hefur Hlaðgerðarkot fengið 30 – 48 m.kr. í annarri umræðu fjárlaga, tímabundið til eins árs í senn, til viðbótar við þær tæpu 158 m.kr sem úthlutað hefur verið í fjárlögum. Hlaðgerðarkot fékk 30 m.kr. tímabundna fjárveitingu 2020, 40 m.kr. tímabundna fjárveitingu 2021 og 48 m.kr. 2022.

Í takt við fyrri fjárveitingar og þá stefnu að gera samninga um veitta heilbrigðisþjónustu, telur heilbrigðisráðuneytið að um 50 - 70 m.kr hækkun á framlagi í annarri umræðu fjárlaga sé raunhæf. Ráðuneytið setti ekki slíka tillögu inn í fjárlagakerfið.

Hlaðgerðarkot er nú í ferli hjá Landlækni um að fá reksturinn skilgreindan sem heilbrigðisþjónusta. Að því loknu verður SÍ falið að gera samninga við Samhjálp um reksturinn.

Heilbrigðisstofnun Norðurlands (HSN) vegna hjúkrunarrýma (HRN22100183)

Heilbrigðisstofnun Norðurlands bendir á að í framhaldi af greiningu á rekstrarkostnaði hjúkrunarheimila var rekstur hjúkrunarheimila með samninga við SÍ styrktur með samtals eins milljarðs króna framlagi. Þetta átti ekki við um hjúkrunarheimili sem rekin eru af heilbrigðisstofnunum. Að mati forstjóra HSN þá munar nú um einni milljón króna á framlagi til hvers hjúkrunarrýmis á Hvammi á Húsavík (sem fær greitt skv. samningum SÍ) og þeim hjúkrunarrýmum sem eru hluti af HSN. Á HSN eru 110 hjúkrunarrými og þyrfti að hækka fjárveitingu til HSN um 110 m.kr. á ári til að ná samsvarandi fjárveitingu og Hvammur fær.

Ráðuneytið bendir á að þetta er hluti af stærra máli og hefur ráðuneytið í hyggju að skoða framlög til allra hjúkrunarrýma sem rekin eru af heilbrigðisstofnunum á landinu og bera saman við framlög til þeirra sem fá greitt skv. samningum við SÍ. Þetta gæti tekið nokkurn tíma því ekki liggja fyrir allar nauðsynlegar upplýsingar fyrir slíkan samanburð s.s. RUG stuðull.

Heilbrigðisráðuneytið setti tillögu í fjárlagakerfi um 110 m.kr. viðbótarfjármagn við 2. umræðu fjárlaga.

Alþýðusamband Íslands

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík: 16. október 2022
Tilvísun: 202209-0160

Efni: Umsögn um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2023, mál 1 og frumvarp til laga um breytingar á ýmsum gjöldum, mál 2.

Óskað hefur verið eftir umsögn Alþýðusambands Íslands um frumvarp til fjárlaga og frumvarp til laga um breytingu á ýmsum gjöldum vegna fjárlaga (2. mál). Hér á eftir fer umsögn ASÍ um framangreind mál.

Opinber fjármál leggja ekki grunn að stöðugleika á vinnumarkaði

Alþýðusambandið veitti umsögn um tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun 2023-2027[1]. Áætlunin var flutt við krefjandi efnahagslegar aðstæður. Umsvif fóru hratt vaxandi í hagkerfinu eftir lok heimsfaraldurs, bólumyndun var sýnileg á húsnæðismarkaði og verðbólga fór hratt vaxandi. Þessir þættir ásamt vaxtahækkunum þrengdu svo enn frekar að afkomu heimila, einkum tekjulágra og þeirra sem nýlega höfðu komið inn á húsnæðismarkað.

Í umsögninni benti ASÍ á að brýnt væri að opinber fjármál myndu ekki ýta undir þenslu samhliða aukinni verðbólgu og vaxandi efnahagsumsvifum. Þar varaði sambandið við því að farin yrði leið niðurskurðar og aukinna álaga á heimili. Sú leið myndi ekki leggja grunn að stöðugleika á vinnumarkaði en í umsögninni sagði:

> *„Stjórnvöld geta hins vegar stutt við heimilin og eflt tekjustofna hins opinbera án þess draga úr aðhaldi ríkisfjármála. Þar hefur Alþýðusambandið áður lagt fram tillögur til að efla tekjustofna hins opinbera. Þá er ljóst að ýmsar atvinnugreinar skila meiri hagnaði en áður og því borð fyrir báru að dreifa verðmætum og umframarðsemi í gegnum skattkerfið með skilvirkari hætti."*

Sú stefnumörkun sem ASÍ varaði við birtist nú í frumvarpi til fjárlaga. Tekjuöflun felst einkum í hækkun gjalda (krónutölugjöld og nefskattar) og aukinnar skattlagningu á ökutæki og notkun bifreiða. Á útgjaldahlið er fjárfestingum frestað, aðhald er aukið og framlög lækkuð að raunvirði til mikilvægra málaflokka.

Miðstjórn Alþýðusambands Íslands hefur harðlega gagnrýnt þessa stefnumörkun[2] en í ályktun miðstjórnar frá 16. september sagði:

---

[1] Sjá https://www.asi.is/media/317745/umsogn-fjarmalaaaetlun.pdf
[2] Sjá ályktun Miðstjórnar um fjárlagafrumvarp, https://www.asi.is/frettir-og-utgafa/frettir/almennar-frettir/alyktun-midstjornar-asi-almenningur-latinn-gjalda-fyrir-verdbolgu-og-heimsfaraldur/

"Stjórnvöld stefna að því að ná jafnvægi í ríkisfjármálum og auka aðhald til að mæta vaxandi verðbólgu. Með frumvarpinu er sú leið valin að auka skatta og álögur á almenning, með verulegri hækkun krónutölugjalda og skattlagningu bifreiða ásamt því að fresta nauðsynlegum innviðafjárfestingum og auka niðurskurð í velferð og tilfærslu til heimila. Þetta er gert þrátt fyrir að heimilin verði um þessar mundir fyrir þungum áhrifum af vaxandi verðbólgu og hækkandi húsnæðiskostnaði.

Ríkisstjórnin hefur val um að fara aðrar leiðir, leiðir sem hlífa heimilum og færa byrðar á breiðustu bök samfélagsins. Í því samhengi væri hægt að hækka veiðigjöld, taka upp komugjald í ferðaþjónustu og gera skattlagningu fjármagns réttlátari. Á það skal bent að almenningur er með frumvarpinu meðal annars að greiða fyrir þá lækkun fjármagnstekjuskatts og bankaskatts sem ákveðin var í miðjum heimsfaraldri."

Með fjárlagafrumvarpi verður ekki annað séð en að stjórnvöld skili auðu í að bæta afkomu heimila í aðdraganda kjarasamninga. Þar er ekki að finna nauðsynlegar umbætur í velferðar- eða húsnæðismálum og þær leiðir sem valdar eru til tekjuöflunar verða til þess að auka byrðar á launafólk. Slík stefna mun ekki stuðla að sátt á vinnumarkaði.

Raunhæft að bæta tekjuöflun og efla tekjujöfnun

Meginstefnumörkun opinberra fjármála er að stöðva hækkun skuldahlutfalls á tímabili fjármálaáætlunar. Aðgerðir á tekjuhlið fjárlagafrumvarps nema 14 milljörðum, eða 10,5 milljörðum þegar tekið er tillit til áhrifa af rýmkaðri ívilnun vegna kaupa á rafmagnsbílum. Að stærstum hluta er um hækkun á ýmsum krónutölugjöldum að ræða ásamt aukinni skattlagningu á ökutæki og notkun bifreiða.

Á það skal bent, að þörf á aukinni gjaldheimtu, sem ákveðið er að leggja á heimilin, skýrist að hluta af umdeildum skattalækkunum í heimsfaraldri m.a. lækkun á bankaskatti og hækkun á frítekjumarki fjármagnstekna. Hækkun frítekjumarks fjármagnstekna nýttist best tekjuhæstu 10% fjármagnseigenda og kostnaður við hækkunina og útvíkkun marksins til útgreiðslu arðs og söluhagnaðar var 1,6-2 milljarðar. Í því samhengi er vert að benda á að ójöfnuður jókst á síðasta ári. Ástæðan er stórauknar fjármagnstekjur og var aukningin nær einvörðungu hjá hinum allra tekjuhæstu. Hjá tekjuhæstu 10% heimila hækkuðu ráðstöfunartekjur að meðaltali um ríflega 10%. Þá hækkun má einkum rekja til hækkunar fjármagnstekna. Tekjuhækkun í öðrum tekjutíundum var mun minni. [3]

[3] Sjá mánaðaryfirlit ASÍ, ágúst 2022.



Í skýrslu Alþýðusambandsins, *„Skattar og ójöfnuður"* var bent á ákveðna veikleika í íslensku skattkerfi og tillögur gerðar að úrbótum sem auka myndu skilvirkni skattkerfisins og efla tekjustofna.[4] Á Íslandi bera fjármagnstekjur mun lægri skattbyrði en launatekjur. Þetta leiðir til þess að eftir því sem heildartekjur aukast, mun skattbyrði að lokum lækka sökum aukins vægis fjármagnstekna hjá hinum allra tekjuhæstu. Þetta er andstætt markmiði framsækinna skattkerfa sem miða að því að skattbyrði fari vaxandi upp tekjustigann. Efla má tekjujöfnun með ólíkum leiðum, t.d. skynsamlega útfærðum stóreignaskatti eða breytingum á skattlagningu fjármagnstekna.


Annar veikleiki sem skýrslan bendir á eru óeðlilegir hvatar til tekjutilflutnings (e. income shifting). Tekjutilflutningur felst í því að launatekjur eru ranglega skráðar sem fjármagnstekjur. Skýrar vísbendingar eru um að skattasniðganga í formi tekjutilflutnings viðgangist hér á landi. Það á aðallega við um aðila sem starfa í eigin fyrirtæki og hafa háar tekjur. Ólíkt Norðurlöndunum hafa Íslendingar ekki brugðist við framangreindum veikleikum. ASÍ metur að reglur sem takmarka tekjutilflutning myndu auka árlegar skatttekjur um á bilinu 3-8 milljarða króna og styrkja tekjuöflun sveitarfélaga.

Að lokum var lagt til í skýrslunni að mótaður yrði skýr rammi utan um skattlagningu nýtingar auðlinda (t.d. fiskveiði, fiskeldi, framleiðsla raforku). Þar var bent á að auðlindarenta í fiskveiði væri metin á 30-70 milljarða á ári á tímabilinu 2008-2019. Árið 2020 var renta metin á 51 milljarð en í frumvarpi er áætlað að veiðigjöld verði 9,8 milljarðar árið 2023, þar af er 1,5 milljarður vegna verðmætagjalds í fiskeldi.

[4] Sjá https://www.asi.is/media/317372/skattar-og-ojofnudur_skyrsla_070921.pdf

Tekjur af hóflegu komugjaldi

(3.000 kr. á verðlagi 2015)



Í skýrslu ASÍ er einnig bent á mikilvægi skattlagningar sem ætlað er að mæta ytri áhrifum. Með ytri áhrifum er átt við neikvæð ytri áhrif m.a. vegna mengunar. Annað dæmi væri sá kostnaður sem fellur á hið opinbera vegna fjölda ferðamanna, t.d. slit á vegum eða kostnaður við heilbrigðisþjónustu og löggæslu. Hóflegt komugjald væri eitt dæmi um slíka skattlagningu. Komugjald upp á 3 þúsund krónur hefur verið nefnt í því samhengi[5]. Slíkt gjald hefði gefið af sér um 5 milljarða árið 2015 og 9,5 milljarða árið 2018. Hefði slíkt gjald þróast í takt við verðlag, hefði gjaldið aflað 5,3 milljarða króna fyrir þann fjölda sem þegar hefur heimsótt Ísland á þessu ári.

Bregðast þarf við versnandi afkomu heimila

Verðbólga fór hratt vaxandi á fyrri hluta ársins, mældist 4,5% fyrir ári og er nú 9,3%. Hæst mældist verðbólga 9,9% í júlí. Öðru fremur hefur aukinn húsnæðiskostnaður drifið áfram verðbólgu ásamt hækkun eldsneytisverðs, hækkun á verði innfluttra vara auk hækkunar hrávöruverðs og afleiddra áhrifa á innlendar vörur, t.d. áhrif áburðarverðs á verð búvöru. Til að sporna gegn hækkunum verðlags hefur Seðlabankinn annars vegar hækkað stýrivexti og hins vegar virkjað þjóðhagsvarúðartæki með það að markmiði að kæla húsnæðismarkað.

Húsnæðismál eru kjaramál


Seðlabankinn hefur talið nauðsynlegt að grípa til þessara aðgerða. Hins vegar er ljóst að hækkun stýrivaxta með tilheyrandi áhrifum á vexti húsnæðislána hefur veruleg áhrif á útgjöld heimila. Fyrir þá aðila sem komu inn á húsnæðismarkað við lágt vaxtastig og hátt húsnæðisverð getur hækkun mánaðarlegrar greiðslubyrði hæglega hlaupið á annað hundrað þúsunda króna.

Með réttu ætti vaxtabótakerfið að dempa áhrif aukinna vaxtagjalda heimilanna en gerir það ekki. Ástæðan er sú að fjárhæðir vaxtabótakerfisins, t.d. vaxtabætur, tekju- og eignamörk hafa ekki haldið í við þróun launa eða eignaverðs. Vaxtabótakerfið var til umfjöllunar í mánaðaryfirliti ASÍ í mars[6], en þar sagði:

> *Öðru fremur hefur samspil eignaverðs og vaxtabótakerfisins orðið til þess að veikja vaxtabótakerfið. Líkt og kemur fram að ofan byrjar eign að skerða bætur við 5 milljónir í eigið fé (8 milljónir hjá hjónum) þar til réttur*

[5] Sjá tillögu Gylfa Zoega, https://www.visir.is/g/2016504047d
[6] Sjá https://www.asi.is/frettir-og-utgafa/frettir/almennar-frettir/hvad-vard-um-vaxtabaeturnar/

til vaxtabóta fellur niður við 8 milljóna króna eign. Eignaskerðing leiðir því til þess að vaxtabætur falla niður við 24% eignarhlut í meðalíbúð í Reykjavík hjá pari, 90 fm að stærð. Hjá einstaklingi falla þær niður við 16% eignarhlut. Hlutfallið lækkaði jafnt og þétt frá aldamótum þar sem skerðingarmörk hafa ekki þróast í takt við eignaverð. Sem dæmi, kostaði 90 fm íbúð að jafnaði um 11 milljónir króna árið 2001. Þar sem festi kaup á slíkri íbúð gat átt í henni 50% eigið fé án þess að eign tæki að skerða vaxtabætur. Tíu árum síðar var meðalverð á sambærilegri íbúð 22,6 milljónir og vaxtabætur tóku að skerðast við 29% eignarhlut.



Afleiðing þessarar þróunar birtist í því að vaxtabætur eru ekki til staðar til að mæta aukinni vaxtabyrði heimila. Vaxtabætur voru þannig einungis um 3% af vaxtagjöldum heimila árið 2020 borið saman við um 20% af vaxtagjöldum heimila á árunum 2008-2010. Hlutfallið var hærra ef tekið er tillit til sérstakra vaxtabóta sem greiddar voru út á árunum 2010-2011. Að óbreyttu dregur enn frekar úr virkni vaxtabótakerfisins á næstu árum. Vaxtabætur hefðu þurft að vera 14,6 milljarðar árið 2020 hefðu þær átt að standa undir 20% af vaxtagjöldum, en það er meðalhlutfallið 1998-2014 án sérstakra vaxtabóta.

Alþýðusambandið gagnrýnir einnig að ekki sé brugðist við stöðu á leigumarkaði í frumvarpinu. Gert er ráð fyrir lækkun framlaga til almenna íbúðakerfisins, að óbreyttu fer framlagið úr 3,7 milljörðum í 1,7 milljarð. Ekki er ráðist í eflingu húsnæðisbótakerfisins en aukin framlög skýrast eingöngu af fjölgun leigjenda og verðlagsuppbóta. Framlög til húsnæðisbóta, hafa líkt og í vaxtabótakerfinu ekki þróast í takt við þróun útgjalda. Óskertar húsnæðisbætur einstaklings hafa þannig hækkað um 15% á sama tíma og leiguverð hefur hækkað um nær þriðjung.

Vert er að benda á að þó hægt hafi á hækkun leiguverðs í kjölfar heimsfaraldurs hefur leiguverð hækkað nokkuð undanfarin misseri. Í yfirlýsingu stjórnvalda til stuðnings kjarasamningum 2019 voru boðaðar umbótaaðgerðir á leigumarkaði sem ekki hefur verið fylgt eftir. Alþýðusambandið kallar eftir stórátaki í húsnæðismálum, sem eru um leið eitt af stærstu kjaramálunum. Þar þarf að stórauka framlög til uppbyggingar óhagnaðardrifinna leigufélaga, efla vernd og húsnæðisöryggi leigjenda og koma á leigubremsu.

Verðbólgan þurrkað út ávinning Lífskjarasamnings

Lífskjarasamningar voru undirritaðir í kjölfar falls lággjaldaflugfélagsins WOWair. Samið var um fasta krónutöluhækkun á almenna markaðinum. Hækkunum var þannig beint til tekjulægri hópa en um leið skapaðar forsendur fyrir vaxtalækkun sem myndi hafa meiri áhrif til kaupmáttar upp tekjustigann. Kostnaðarmat samningsins var um 4% á ári og hann samræmdist verðstöðugleika.


Launahlutfall í einkageiranum, 1997-2021

Laun og tengd gjöld sem hlutfall af verðmætasköpun, brotalína: meðaltal



Launahlutfall í hagkerfinu hefur verið stöðugt á tímabili Lífskjarasamnings, jókst árið 2020 en lækkaði að nýju árið 2021. Lækkunin skýrðist af miklum framleiðnivexti, 4,1% í einkageiranum.


Launahlutfall eftir atvinnugreinum



Heimilld: Kjaratölfræðinefnd

Kaupmáttur heildarlauna

Vísitala, raunlaun, Janúar 2019 = 100



Heimild: VR

Hratt vaxandi verðbólga hefur dregið úr kaupmætti undanfarin misseri. Sé horft á vísitölu kaupmáttar hefur kaupmáttur lækkað um 1,6% milli ára. Sé litið á þróun kaupmáttar meðallauna innan félaga ASÍ blasir við dekkri mynd. Kaupmáttur er nú minni en við gerð lífskjarasamnings árið 2019. Á sama tíma hefur afkoma flestra atvinnugreina verið sterk í gegnum heimsfaraldur. Í nýlegri skýrslu Kjaratölfræðinefndar er m.a. bent á hvernig launahlutfall hefur lækkað í flestum atvinnugreinum ef frá er talin ferðaþjónusta.

Bætur almanna- og atvinnuleysistrygginga


Í frumvarpinu er ráðgert að hækka bætur almannatrygginga um 6%. Bætur voru hækkaðar um 3,8% í fjárlögum 2022 en voru hækkaðar um 3% til viðbótar í flýttri verðlagsuppfærslu frá því í sumar. Boðuð hækkun mun ekki brúa þá gliðnun sem átt hefur sér stað milli lífeyrisgreiðslna og þróunar lágmarkslauna. Alþýðusambandið hefur áður bent á að samkvæmt lögum um almannatryggingar ber að hækka bæturnar í takt við launaþróun en þó þannig að þær haldi í við verðlag. Þetta hefur hins vegar ekki verið reyndin. Sambandið hefur áður bent á þessa þróun, en í umsögn um fjárlagafrumvarp 2022[7] sagði:

> *„Það er mat ASÍ að það viðmið sem stuðst er við sé ekki heppilegt við ákvörðun bóta almannatrygginga og endurspegli hvorki taxtahækkanir né almenna launaþróun. Að óbreyttu leiðir ákvörðunin til þess að bætur almannatrygginga dragist aftur úr lágmarkskjörum á íslenskum vinnumarkaði. Óheppilegt er að ekki liggi skýrt fyrir hvaða aðferðarfræði er notuð við mat á launaþróun og að sú aðferð taki breytingum óháð lagabreytingum. ASÍ telur með öllu óásættanlegt að kjör elli- og örorkulífeyrisþega dragist aftur úr öðrum lágtekjuhópum og mælist til þess að bætur almannatrygginga taki hækkunum til samræmis við lægstu laun á vinnumarkaði."*

[7] Sjá nánar https://www.althingi.is/altext/erindi/152/152-311.pdf


Alþýðusamband Íslands

Ellilífeyrir - hlutfall af lágmarkslaunum



Grunnbætur atvinnuleysistrygginga

Hlutfall af lágmarkslaunum



Alþýðusambandið telur ástæðu til þess að gagnrýna sérstaklega að bætur atvinnuleysistrygginga hafi ekki verið hækkaðar til jafns við þróun bóta almannatrygginga. Atvinnuleysisbætur hækkuðu um 2% í fjárlögum 2022 en voru undanskildar í hækkunum sem samþykktar voru í sumar. Samkvæmt frumvarpi munu atvinnuleysisbætur hækka um 4,9%. ASÍ kallar eftir því að þessari þróun verði snúið við og bendir á að grunnbætur atvinnuleysistrygginga eru í dag um 85% af lægsta taxta á vinnumarkaði en voru til jafns við lægsta taxta árið 2019.

f.h Alþýðusambands Íslands

Róbert Farestveit
Hagfræðingur

Frú. Sigríður Jóhannesdóttir

Rannsóknin Arnarfjörður á miðöldum hófst árið 2011 þegar sjóður sem þá var starfandi og hét *Vestfirðir á miðöldum* veitti fornleifadeild Náttúrustofu Vestfjarða styrk upp á 1. milljón kr til og var markmiðið að kanna hvort hægt væri að staðsetja miðaldabyggð á Hrafnseyri þar sem Hrafn Sveinbjarnarson höfðingi bjó í enda 13. aldar og byrjun 14.

Strax það ár kom í ljós að mikið af mannvistarleifum og fornleifum var í túninu á Hrafnseyri. Næstu ár á eftir var rannsóknum haldið áfram og á hverju ári sótt um í Fornleifasjóð en án árangurs. Á þeim árum var rannsóknum haldið áfram með því að erlendir háskólanemar komu til starfa til að öðlast vettvangsreynslu með ferðastyrkjum frá námsáætlunum Evrópusambandsins. Á Þessum árum frá 2011-2015 rannsökuðum við

jarðhýsi frá 10.öld,

járngerðarsvæði og kolagrafir frá 10.öld

Flóttagöng sem Hrafnssynir létu gera á Sturlungaöld

Hluta af meintum virkisvegg frá Hrafni Sveinbjarnarsyni

Tókum prufuskurð og aldursgreiningar úr gamla kirkjugarðinum (1000-1200)

Árið 2020 fannst svo 30 m langur skáli í túninu á Hrafnseyri sem er órannsakaður.

Árið 2015 fáum við svo í fyrsta skipti styrk frá Fornminjasjóði að upphæð 1.5 milljón sem gerði það að verkum að ég gat ráðið 2 fornleifafræðinga með mér. Það ár útvíkkuðum við rannsóknina á næsta bæ Auðkúlu en þar hafði ég gert könnunarskurði 2 árum áður og vissi að þar var landnámsbýli. Það ár rannsökuðum við á báðum jörðum.

Síðan þá hef ég hlotið eftirfarandi styrki úr Fornminjasjóði

2015 1,5 m

2016 2,2 m

2017 2,5 m

2018 3,0 m

2019 Ekkert (grófum samt því gólfin í skálanum voru hættu að skemmast)

2020 3,5

2021 2,5

Samtals 15,2 milljónir úr Fornleifasjóð

Árið 2022 fengum við engan styrk úr Fornminjasjóði þó rannsókn væri mjög langt komin og yrði rannsóknin á Auðkúlu fyrsta heilstæða rannsókn á landnámsbýli sem

gerð hefur verið á Íslandi.. Yfirleitt hafa rannsóknir verið á hluta af minjum t.d skáli og jarðhýsi en flestar aðrar rannsóknir eiga fleiri hús órannsökuð á jörðum. Þetta skýrist oft af takmörkuðu fjarmagni til rannsókna.

Það sem við höfum lokið rannsóknum á, á Auðkúlu

- 23 m langur skáli skála
- Öskuhaug
- Kirkju og hluta af kirkjugarði úr frumkristni
- Járnvinnslusvæði með 5 járngerðarofnum og kolagröf ofna við skálann
- Jarðhýsi
- kolageymslu

Þrátt fyrir að hafa ekki fengið styrk frá Fornminjasjóð í ár héldum við áfram rannsókn á Auðkúlu en það er vegna þess að prófessorsembætti Jóns Sigurssonar á Hrafnseyri sem Dr. Guðmundur Hálfdánarson gengir hefur í nokkur ár styrkt okkur með mótframlagi en síðust 2 ár var styrkurinn veglegri eða 4 milljónir hvort ár vegna Covid en ekki var hægt að styrkja ráðstefnur og mannmarga viðburði og við nutum góðs af því.

Við vorum því 6 fornleifafræðingar sem störfuðum við rannsóknina í ár auk þess sem 6 háskólanemar frá Bradford háskóla á Bretlandi tóku þátt í vettvangsnámskeiði í 4 vikur sem við héldum samhliða vinnu okkar. Við gerðum það sama í fyrra þegar 3 nemendur komu.

Markmiðið var að ljúka rannsókninni í ár því það voru skýr skilaboðin frá Minjastofnun sem heldur utan um Fornminjasjóða að þeim þótti nóg komið af rannsókninni, þrátt fyrir að henni væri alveg að ljúka og yrði fyrst sinnar tegundar til að gera það.

Rannsóknin í ár 2022 leiddi hinsvegar í ljós merkilegar og óvæntar minjar. Þar sem við héldum að væri fjós ofna við skálann reyndist vera tvö lítill íveruhús með langeldum og er þetta í fyrsta skipti sem svo lítill íveruhús (skálar í raun) hafa fundist á Íslandi en jarðhýsi sem eru íveruhús finnast nær alltaf (er eitt framan við skálann á Auðkúlu) þau eru með annarskonar ofni (líkleg til að nota húsin sem sauna). Við gátum ekki lokið við rannsókn á þessum einstöku húsum og hluti af þeim er bæði ofna og við hlið órannsakað. Einnig fundum við loksins fjósið sem við höfum lengi leitað að og reyndist það 20 m langt tvístætt fjós sem líklega hefur haldið 30-40 gripi. Ekki náðist að grafa það nema með könnunarskurðum.

Niðurlag

Rannsóknin hefur staðið í 11 ár og núna erum við líklega einu sumri frá því að ljúka rannsókn á Auðkúlu sem yrði fyrsti fullrannsakaða bæjarstæði frá landnámsöld og þá höfum við fengið skilaboð frá Minjastofnun um að þeir segja að frekari uppgröftur verði

ekki styrktur. Auðvitað er Fornminjasjóður í miklum vanda vegna þess að hann hefur aðeins verið um 40 milljónir í mörg ár og allir fornleifafæðingar á landinu eru að sækja í þennan sjóð. Það gefur auga leið að bæði verður að stöðva rannsóknir sem eru í gangi og aðrar fá ekki styrki. Ég sem stjórnandi þessarar rannsóknar er gríðarlega svekkt fyrir að hafa fengið þessi skilaboð, rétt áður en rannsóknum líkur og ætla að reyna allt til að ljúka henni, bæði er það faglegur metnaður en líka nauðsynlegt framlag til rannsókna á landnámsöld að eiga fullgrafin landnámsbæ og rannsókn á öllu því sem tengdist lífi á bæ landnámsmanna.

Undanfarin ár hef ég verið í samstarfi við háskólann í Bradford á Bretlandi og hef ég tekið nemendur í vettvangsnám og ég hef samstarfssamning við háskólann áfram. Samningurinn nýtist mér þannig að vinna nemenda er ólaunuð enda eru þau á námskeiði en þau fá styrk til fararinnar en ég sé um fæði og uppihald og borga sérfræðingum til að koma og halda fyrirlestra og annast kennslu. Þetta samstarf og rannsóknin öll mun falla um sjálft sig víst að Minjastofnun hefur tekið þessa ákvörðun.


Kæra Sigríður Innilegar þakkir fyrir sýndan áhuga og velvild gagnvart rannsókn minni Arnarfjörður á miðöldum . Það blæst manni byr í brjóst að finna fyrir svona velvild og skilning því baráttan er hörð þegar fjármagn er lítið til að skiptana í rannsóknir.

með kærri kveðju

Margrét Hrönn Hallmundsdóttir

Deildarstjóri fornleifadeildar Náttúrustofu Vestfjarða.

Hér að neðan eru nokkrar myndir frá rannsókninni.


Lítil Íveruhús/skálar
Járnvinnslusvæði
Fjós
Túngarður
Skáli
Öskuhaugur
Jarðhýsi
Kolageymsla
Kirkja og kirkjugarður

AUSTURBRÚ
Þekking - Þróun - Þjónusta

Austurlandi, 21. október 2022

Fjárlaganefnd

Mál: nr. 1, fjárlög 2023
Efni: Fjárveiting 2023 til Austurbrúar skv. samningi við HVIN

Í stjórnarsáttmála er lögð rík áhersla á eflingu menntunar í landinu með hagsmuni nemenda að leiðarljósi auk þess sem fjallað er um jafnt aðgengi að námi óháð búsetu og öðrum aðstæðum.

Austurbrú er þverfagleg stofnun sem sinnir, ein stofnana á Austurlandi, þjónustu við samfélagið á sviði símenntunar, þekkingaruppbyggingu og rannsókna auk þjónustu við fjarnema á háskólastigi skv. samningi við háskóla- iðnaðar og nýsköpunarráðuneytið.

Í landshlutanum, sem telur 11.031 manns á um fimmtán þúsund ferkílómetra svæði, eru fjarlægðir miklar, bæði á milli staða sem og til stóru þéttbýlissvæða Íslands. Í landshlutanum er hlutfall þeirra sem eingöngu eru með grunnskólapróf töluvert yfir landsmeðaltali auk þess sem háskólamenntaðir eru hlutfallslega færri en á landinu í heild. Mikilvægi þeirrar þjónustu sem Austurbrú veitir fyrir þekkingaruppbyggingu á svæðinu er því ótvírætt enda er stofnunin með mannaðar starfsstöðvar á sjö stöðum í landshlutanum í þeim tilgangi.

Í því fjárlagafrumvarpi sem lagt var fram 13. september sl. er gert ráð fyrir framlagi til Austurbrúar upp á 67 milljónir króna. Þetta framlag er langt frá því að standa undir þeirri þjónustu sem íbúar á Austurlandi hafa þörf fyrir. Þarna er um töluverða lækkun að ræða frá fjárlögum 2022 þegar stofnunin fékk viðbótarfjárveitingu við aðra umræðu fjárlaga upp á 30 milljónir króna. Sú viðbót var þó langt frá því að leiðrétta þá skekkju sem íbúar á Austurlandi búa við í tengslum við fjármögnun þessara innviða samfélagsins.

Fjárveitingar til þessara verkefna í fjárlögum byggja á sögulegri hefð en ekki reiknireglum samkvæmt upplýsingum frá ráðuneyti. Þessi sögulega hefð er íbúum Austurlands verulega í óhag og ef notaður er t.d. mælikvarði um samanlagt framlag til framhaldsfræðslu, þjónustu við fjarnema á háskólastigi og þekkingarsetra pr. íbúa er Austurland langlægst í samanburði við svæði á landsbyggðinni með sambærilega innviði.

Reglulega hefur verið rætt um styrkingu menntunar og rannsókna á Austurlandi sem lykilþátt í þróun atvinnulífs og búsetukosta á Austurlandi. SSA hefur um þetta fjallað í sínum ályktunum undanfarin ár og væntir þess að Austurbrú hafi þar verulegt hlutverk.

Ljóst er að mikið vantar upp á í því fjárlagafrumvarpi sem lagt var fram 13. september síðastliðinn svo Austurbrú geti áfram verið það hreyfiafl menntunar og rannsókna sem vænst er og landshlutinn hefur svo sannanlega þörf fyrir.

Austurbrú óskar eftir að fjárveitingar Austurbrúar verði leiðréttar varanlega í fjárlögum 2023. Einnig er óskað eftir að fjárveitingar taki mið af þeirri þjónustu sem íbúum og samfélögum á Austurlandi á að bjóðast þegar kemur að þjónustu á sviði símenntunar, rannsókna og þjónustu við fjarnema á háskólastigi um allt austurland. Einnig er mikilvægt að framlagi Austurbrúar sé skipt upp í rétta málaflokka miðað við þjónustuna sem stendur að baki.

21.20 Rannsóknarstarfsemi á háskólastigi
(rannsóknar- og þekkingasetur og þjónusta við fjarnema í háskólanámi)
22.20 Framhaldsfræðsla og menntun óflokkuð á skólastig
(símenntun)

Það er von mín að nú þegar Austurbrú er orðin 10 ára að stjórnvöld fari að viðurkenna að það hafi verið rétt ákvörðun fyrir landshlutann að ryðja brautina í sameiningum stoðstofnana til að ná meiri þverfagleika og slagkrafti í þau verkefni sem hún sinnir. Mikilvægir áfangar hafa náðst á þessum tíu árum og verður ekki betur séð en mikill áhugi sé víða í stjórnkerfinu að starfa með stofnuninni að eflingu Austurlands sem og mikill áhugi langt útfyrir landshlutann að nýta reynslu og þekkingu Austurlands á þessari uppbyggingu. Það er gríðarlega mikilvægt að þessi vettvangur fái fjármagn til að sinna mikilvægri þjónustu við íbúa svæðisins í menntamálum og rannsóknum svo Austurland verði áfram grunnstoð í gjaldeyrisöflun þjóðarinnar.

Jóna Árný Þórðardóttir
Framkvæmdastjóri Austurbrúar

Austurbrú – nánari upplýsingar

Jóna Árný Þórðardóttir
jona@austurbru.is
869-9373

Staða mála

- Austurbrú samningslaus frá áramótum við MMR
  - Samningur verið framlengdur um ár í senn síðan hann rann út árið 2016!
  - Ekki er búið að gera samning fyrir árið 2022
  - Síðustu upplýsingar úr ráðuneyti menntamála að fjárveiting í ramma sé eingöngu það grunnfjármagn sem Austurbrú var með en ekki sú leiðrétting sem hún hefur fengið undanfarin ár við aðra umræðu fjárlaganefndar.
  - Austurbrú er með 91 millj. kr. fjárveitingu á fjárlögum 2021 sem skiptist 61 millj. kr. skv. fjárlögum og 30 millj. kr. skv. sérstakri ákvörðun við 2. umræðu fjárlaga. Miðað við frumvarp 2022 sýnist okkur að Austurbrú sé með 64 millj. kr. fjárveitingu á árinu 2022.
- **Austurbrú þarf að fá varanlega leiðréttingu á sínum fjárveitingum líkt og óskað hefur verið ítrekað eftir undanfarin ár.**

AUSTURBRÚ

Stofnanir og samanburður

- Austurbrú starfar á Austurlandi sem er rúmlega 15 þúsund ferkílómetra svæði.
- Austurbrú er með starfsstöðvar á 7 stöðum á Austurlandi til að þjónusta íbúa í dreifðum byggðalögum í þeirra nærumhverfi.
- Austurbrú er samþætt stofnun en fjárveiting á fjárlögum - málaflokkur *„21.10 Háskólar og rannsóknarstarfsemi“* tengist fræðslu- og þekkingarstarfsemi stofnunarinnar. Undir fræðslustarfsemi er bæði þjónusta við háskólanema um allt Austurland sem og miðstöð símenntunar. Þær miðstöðvar sem eru hreinar símenntunarmiðstöðvar eru tilgreindar í málaflokki *„21.20 Framhaldsfræðsla og menntun óflokkkuð á skólastig“*
- Ekki eru til aðrar einingar sem eru eins og Austurbrú en hægt er að skoða fræðslu- og þekkingarstarfsemina út frá þeim svæðum sem eru í meðfylgjandi yfirliti.

Fjárveitingar nokkurra eininga

Landshlutar/ stofnanir	Hlut-verk	2010	2014	2018	2021	2022
Austurland		**59.8**	**57**	**86**	**91**	**64**
Austurbrú Áður þekkingarnet Austurlands ÞNA	F,H,R	41,9	57	56+30	61+30*	64
ÞNA frá iðnaðarráðuneyti		17,9				
Vestfirðir		**104,3**	**113,6**	**121**	**138**	**154**
Háskólasetur Vestfjarða (Hvest)	H,R	68.0	94,5	102	111	127
Hvest frá Iðnaðarr.		17,9				
Fræðslumiðstöð Vestfjarða	F	18,4	19,1	19	27	27
Þingeyjarsýslur		**37,4**	**38,8**	**40**	**52**	**55**
Þekkingarnet Þingeyinga	F,H,R	37,4	38,8	40	52	55
Vestmannaeyjar		**36,2**	**47,3**	**51**	**55**	**58**
Viska	F,H	21,2	21,7	22	24	25
Þekkingarsetur	R	15	25,5	29	31	33

*Kom inn í annarri umræðu fjárlaga. F=Framhaldsfræðsla H=Þjónusta við háskólanema R=Þekkingarsetur og rannsóknir

AUSTURBRÚ

Fjárlög 2022 vs. 2021

	Fjöldi íbúa	Fjárveiting	Framlag pr. íbúa
Árið 2021 - fjárlög			
Austurland	10.850	91.000.000	**8.387**
Vestfirðir	7.108	138.000.000	19.415
Þingeyjarsýslur	5.007	52.000.000	10.386
Vestmannaeyjar	4.347	55.000.000	12.652
Árið 2022 – frumvarp			
Austurland	10.850	64.000.000	**5.899**
Vestfirðir	7.108	154.000.000	21.666
Þingeyjarsýslur	5.007	55.000.000	10.985
Vestmannaeyjar	4.347	58.000.000	13.343

AUSTURBRÚ

Fjárveiting Austurbrú 2021

- Óskað eftir að fjárveiting verði sanngjörn og á við það sem fjárveiting sambærilegra verkefna er í öðrum landshlutum.
  - Miðað við höfðatölu íbúa og t.d. fjárveitingu til Vestmannaeyja þá væri fjárveiting til Austurbrúar í rannsóknar og þekkingarsetursstarfsemi, símenntun og þjónustu við fjarnema á háskólastigi vítt og breytt um Austurland um 145 millj. kr.
- Til vara er óskað eftir að hún verði 105 m. kr. eða að hún hækki um 41 m. kr. frá 1. umræðu fjárlaga.

Framþróun þekkingarsamfélags á Austurlandi

- Mikilvægt að rugla ekki saman þjónustu og þróun Austurbrúar og umræðu um uppbyggingu Háskólaútibús með staðbundinni kennslu á Austurlandi á vegum HR og HA sem felur í sér;
  - Frumgreinadeild – aðfaranám fyrir háskólastig (fór af stað haustið 2021)
  - Nám á háskólastigi á Austurlandi (fer af stað haustið 2022)
  - Byrjað á sviði B.sc. í hagnýtri iðnaðartæknifræði byggt á styrkleikum í sjávarútvegi og áliðnaði
- Austurbrú sinnir fjarnemum frá fjölda skólastofnana á öllu svæðinu í því starfsstöðvarneti sem Austurbrú hefur komið upp og í því felst t.d. framkvæmd prófa, námsaðstöðu, ráðgjöf o.fl. um allt Austurland.
- Austurbrú sinnir lykilhlutverki við að koma á háskólaútibúi enda hefur ekki aldrei verið staðbundin kennsla á háskólastigi á svæðinu á þessu sviði. Hlutverk Austurbrúar sem þróunaraðili á svæðinu í samstarfi við atvinnulíf og sveitarfélög hefur verið undirstaðan sem verið er að byggja ofaná.
- Austurbrú sinnir einnig veigamiklu og stefnumótandi hlutverki á svæðinu sem símenntunarmiðstöð enda mikil þörf íbúa á svæðinu (bæði af innlendum og erlendum uppruna) að geta viðhaldið sinni færni og þróað sig áfram því tækibreytingar eru örar í atvinulífinu á Austurlandi og nýjar atvinnugreinar að koma inn á svæðið.
- Tilkoma staðbundinnar kennslu á háskólastigi í landshlutanum byggt á styrkleikum atvinnulífsins á svæðinu er mikilvæg viðbót í eflingu þekkingarsamfélagsins á Austurlandi.
- Mun þessi áhersla styðja við aðra uppbyggingu á þekkingarstarfsemi og þannig stuðla að betri búsetuskilyrðum á svæðinu.

AUSTURBRÚ

Framþróun þekkingarsamfélags á Austurlandi

Austurbrú

- Þekkingarsetur og rannsóknir
- Símenntunarmiðstöð
- Þjónusta við og aðstaða fyrir fjarnema á Austurlandi
- Sjá nánar ársskýrslu á meðfylgjandi hlekki:

Ársrit 2020 | Austurbrú (austurbru.is)

Háskólaútibú – NÝTT!

- Í fyrsta skipti sem komið er á tækninámi á háskólastigi utan höfuðborgarsvæðisins
- Gert ráð fyrir framkvæmd kennslu ýmissa greina á svæðinu, í nánu sambandi við atvinnulífið
- Um að ræða blöndu af staðnámi og fjarnámi með sérhæfðum staðarstuðningi
- Fleiri námsleiðir gætu fylgt í kjölfarið þegar búið er að þróa módelið

AUSTURBRÚ

Fjárlög á ári kjarasamninga

Frumvarp til fjárlaga 2023

Umsögn BHM - 10. október 2022



Samantekt

Helsta gagnrýni



Tekjuhliðin: Auka þarf sanngirni í skattkerfinu

Frá 2019 hefur undirliggjandi afkoma verið veikt kerfisbundið vegna breytingar á tekjuskatti einstaklinga, lækkunar bankaskatts og tryggingagjalds, hækkunar á frítekjumarki fjármagnstekna og hækkunar á skattfrelsismarki erfðafjárskatts. Ekki hefur verið vilji hjá stjórnvöldum til að taka á undirliggjandi afkomuhalla. **Það veldur BHM vonbrigðum og sérstaklega ef stjórnvöld vilja sannarlega beita ríkisfjármálum gegn verðbólgunni og auka sanngirni í kjölfar heimsfaraldurs og í aðdraganda kjarasamninga.**

Tölfræðin

- **Er ríkisfjármálum beitt kröftuglega gegn verðbólgu?** Ríkissjóður verður í halla 5 árið í röð og afkomuhalli rúmlega 2% af VLF á árinu 2023.
- **Allt að 53% verðbólga:** Verðbólga hefur mælst tæplega 20% á kjarasamningstímabilinu og 53% í markaðsverði húsnæðis á höfuðborgarsvæði.
- **Skattahækkunum velt yfir á almenning á tíma verðbólgu**: 12 ma.kr. skattahækkunum er velt yfir á almenning á árinu 2023. Líklegt er að þær verði verðbólguvaldandi til skamms tíma og bæti þannig gráu ofan á svart.
- **Þreföld aukning ráðstöfunartekna hjá topp 10% árið 2021:** Fjármagnstekjur jukust um 46% að raunvirði milli áranna 2020 og 2021 en atvinnutekjur um 5%. 81% fjármagnstekna runnu til efstu tekjutíundar á árinu 2021 en það skýrir af hverju ráðstöfunartekjur topp 10% landsmanna jukust þrefalt á við hin 90% landsmanna á árinu 2021.
- **Mikil kjaragliðnun milli fjármagnseigenda og launafólks á síðasta áratug:** Kjaragliðnun hefur átt sér stað milli launafólks og fjármagnseigenda frá árinu 2011. Fjármagnstekjur hafa aukist um 120% að raunvirði á 10 árum en atvinnutekjur um 53%. Kaupmáttur meðaltals fjármagnstekna hefur aukist um 85% á sama tíma en um 31% í tilfelli meðaltals atvinnutekna.
- **Ferðaþjónustan er óðum að ná fyrri styrk:** Fjöldi gistinátta janúar-ágúst 2022 voru fleiri en á sama tíma árið 2019. Allt stefnir í að tekjur gististaða verði meiri á þessu ári en á árinu 2019.

Tillögurnar

- **Girða ætti fyrir tekjutilflutning milli launa og fjármagnstekna:** Þegar tekið hefur verið tillit til skatts á hagnað lögaðila og síðan skatts á fjármagnstekjur er heildarskattlagning um 38% á móti 46% í kerfi tekjuskatts launa. Um leið er ekki greitt tryggingagjald af útgreiddum arði. Þessu þarf að breyta. Hin norræna nálgun um tvíþætt skattkerfi með hlutleysi í skattlagningu fjármagns og vinnuafls ætti að vera leiðarljós í þessum efnum. Sérstaklega í ljósi kjaragliðnunar milli launafólks og fjármagnseigenda.
- **Draga ætti varanlega lækkun bankaskatts til baka og gistináttaskatt ætti að innleiða aftur.** Afar ólíklegt er að slíkt hafi slæm áhrif á samkeppnishæfni greinanna eða verðlagningu. Sjónarmið um áhrif þeirra skattahækkana á samkeppnishæfni standa á veikum grunni
- **Horfa ber til metafkomu atvinnugreina í þessu samhengi**, sjá umsögn BHM um fjármálaáætlun 2023-2027

Útgjaldahliðin: Húsnæðismál, barnabætur og heilbrigðiskerfið

Tölfræðin

- ✓ **Hlutfall íbúðaverðs og launa ekki hærra:** Hlutfall íbúðaverðs og launa hefur aldrei mælst hærra og hefur hækkað um 20% frá upphafi kjaralotunnar.
- ✓ **Unga fólkið situr eftir:** Ráðstöfunartekjur 30-34 ára jukust um 57% á tímabilinu 2011-2021 en um 93% hjá aldurshópnum 55-64 ára. Á sama tíma hækkaði íbúðaverð á höfuðborgarsvæðinu um 135%. Hækkunin milli áranna 2021 og 2022 nemur svo 20%.
- ✓ **2023 gæti reynst heimilum á húsnæðismarkaði erfitt:** Um 75 milljarðar af óverðtryggðum lánum með föstum vöxtum koma til vaxtaendurskoðunar á árinu 2023. Mun það reyna mjög á heimilin.
- ✓ **Samdráttur til heilbrigðismála:** Framlög til heilbrigðismála dragast saman um 1% af VLF frá 2021-2023.
- ✓ **Norðurlönd og heilbrigðisútgjöld:** Á árunum 1986-2006 vörðu Íslendingar allt að 20% meiru til rekstrarútgjalda í heilbrigðiskerfi sem hlutfall af VLF, en hin Norðurlöndin. Á árunum 2008-2021 vörðu Íslendingar hins vegar allt að 30% minna til heilbrigðiskerfisins en hin Norðurlöndin.
- ✓ **Þjónustuþyngd að sliga sveitarfélögin:** 84% af heildartekjum sveitarfélaga var varið í samneyslu á árinu 2021 en aðeins 45% tekna ríkisins. Fólkið sem ber uppi samneyslu sveitarfélaga m.a. háskólamenntaðir sérfræðingar eru lægst launuðustu sérfræðingar landsins.

Tillögurnar

- ✓ **Koma þarf til móts við heimili í vanda vegna húsnæðiskostnaðar:** Hækka þarf stofnframlög til almenna íbúðakerfisins og beita þarf húsnæðisstuðningskerfum markvisst til að hjálpa þeim sem búa við íþyngjandi húsnæðiskostnað >40%. Framlengja ætti almenna heimild til skattlausrar ráðstöfunar séreignarsparnaðar inn á húsnæðislán til 2025.
- ✓ **Barnabætur hætti að vera fátækrastyrkur:** Barnabótakerfið þarf að ná lengra upp tekjustigann til að koma til móts við ungt fólk með millitekjur og yfir m.a. háskólamenntaða. Endurskoða þarf hlutfallslegan stuðning m.t.t. aldurs barns og sambúðarforms í barnabótakerfinu.
- ✓ **Langtímasýn um samneysluna:** Marka þarf langtímasýn um fjármögnun heilbrigðiskerfisins og sveitarfélagastigsins. Fullfjármagna þarf sveitarfélagastigið og sérstaklega ef takast á að leiðrétta skakkt verðmætamat kvennastarfa á íslenskum vinnumarkaði.

Tekjuhliðin


Hátt útgjaldastig en vannýttir tekjustofnar á tíma verðbólgu


BHM




Ríkissjóður í halla fimmta árið í röð

Er ríkisfjármálunum beint markvisst gegn verðbólgunni eins og ríkisstjórnin segir?








Hátt útgjaldastig, ríkissjóður í halla og mikil aukning peningamagns á síðustu þremur árum er hættuleg samsetning. Afla þarf meiri tekna til að vinna gegn þenslu, rétta af undirliggjandi afkomuhalla og stuðla að félagslegu réttlæti.

Heimild. Ríkisreikningur, fjárlög 2023 og Seðlabankinn.


12 milljarða skattahækkanir sem að mestu bitna á almenningi

Verða verðbólguvaldandi til skamms tíma og koma til viðbótar við tæplega 20% verðbólgu á kjarasamningstímabilinu

Hækkun verðlags mars 2019 – september 2022



12 milljarða álögur sem að mestu bitna á almenningi





Skattahækkanir eru bornar af neytendum og fyrirtækjum. Hversu hár hlutur neytenda verður er háð verðteygni eftirspurnar. Áhrif þessara skattahækkana til skamms tíma verða til að auka verðbólguna þó svo að áhrifin á eftirspurn vegi upp á móti. Líklegt er að skattahækkanirnar verði bornar að mestu af neytendum.

Heimild. Hagstofa Íslands og fjárlög 2023. *Vissulega er þó fylgni á milli innflutningsverðs og verðmyndunar innanlands

Fjármagnstekjur jukust um 46% að raunvirði milli áranna 2020 og 2021 en atvinnutekjur um 5%

81% fjármagnstekna rann í vasa efstu tekjutíundarinnar þ.e. þess 10% landsmanna sem hæstar heildartekjur hefur







Heimild. Hagstofa Íslands og eigin útreikningar

Fjármagnstekjur eru allar vaxtatekjur auk söluhagnaðar, arðs og tekna af atvinnurekstri. Athugið að niðurstöður byggja á skattframtölum einstaklinga. Framtalsskyldir eru allir 16 ára og eldri sem eru skattskyldir á Íslandi.
Byggt er á öllum framteljendum að undanskildum eftirfarandi. Framteljendur sem eru með handreiknað framtal, fá áætlaðan skatt á viðkomandi tekjuári eða árinu á undan, létust á árinu eða eru búsettir erlendis samkvæmt þjóðskrá. Handreiknað framtal fá þeir framteljendur sem ekki hafa búið á Íslandi nema hluta úr viðkomandi tekjuári, hafa hér á landi skattalega heimilisfesti, hafa tekjur hér á landi án þess að hafa hér búsetu, eins ef breytingar hafa orðið á hjúskaparstöðu eða aðrar þær breytingar á högum sem kalla á sérstaka meðhöndlun skattframtalsins. Erlendis búsettur telst sá sem hefur búið fleiri en 30 daga erlendis.

Ráðstöfunartekjur topp 10% landsmanna jukust enda þrefalt á við aðra árið 2021

Þriðjungur allra ráðstöfunartekna rann til 10% þeirra tekjuhæstu







Heimild. Hagstofa Íslands og eigin útreikningar.

Athugið að hér er horft til samtölu í tíundahlutum ekki meðaltals.

Framhald af lengri tíma þróun en fjármagnstekjur hafa aukist um 120% að raunvirði á 10 árum en atvinnutekjur um 53% - vísbending um kjaragliðnun milli fjármagnseigenda og launafólks

Kaupmáttur meðaltals fjármagnstekna hefur aukist um 85% frá 2011 en um 31% í tilfelli meðaltals atvinnutekna.






Heimild. Hagstofa Íslands og eigin útreikningar. Átt er við skilyrt meðaltöl á mynd til hægri þ.e. eingöngu þá sem höfðu tekjurnar á árinu.

Athugið að niðurstöður byggja á skattframtölum einstaklinga. Framtalsskyldir eru allir 16 ára og eldri sem eru skattskyldir á Íslandi. **Byggt er á öllum framteljendum að undanskildum eftirfarandi. Framteljendur sem eru með handreiknað framtal, fá áætlaðan skatt á viðkomandi tekjuári eða árinu á undan, létust á árinu eða eru búsettir erlendis samkvæmt þjóðskrá**. Handreiknað framtal fá þeir framteljendur sem ekki hafa búið á Íslandi nema hluta úr viðkomandi tekjuári, hafa hér á landi skattalega heimilisfesti, hafa tekjur hér á landi án þess að hafa hér búsetu, eins ef breytingar hafa orðið á hjúskaparstöðu eða aðrar þær breytingar á högum sem kalla á sérstaka meðhöndlun skattframtalsins. Erlendis búsettur telst sá sem hefur búið fleiri en 30 daga erlendis.

Þótt skattstofn fjármagnstekna blikni í samanburð við atvinnutekjur er auðlindin vannýtt


Það veldur BHM vonbrigðum að ekki séu boðaðar aðgerðir í framlögðu frumvarpi tengt þessum málaflokki




Heimild: Hagstofa Íslands og eigin útreikningar.

Af hverju tekur gistináttaskattur ekki gildi fyrr en 2024?

Greinin er óðum að ná fyrri styrk





Heimild. Hagstofa Íslands og eigin útreikningar.

Enn er ekki vilji til að taka á undirliggjandi afkomuhalla og auka sanngirni

Ótækt er að velta skattahækkunum yfir á almenning meðan fjármagnseigendur eru svo til ósnertir

Frá 2019 hefur undirliggjandi afkoma verið veikt kerfisbundið vegna breytingar á tekjuskatti einstaklinga, lækkunar bankaskatts og tryggingagjalds, hækkunar á frítekjumarki fjármagnstekna og hækkunar á skattfrelsismarki erfðafjárskatts. Ekki hefur verið vilji hjá stjórnvöldum til að taka á þeim undirliggjandi afkomuhalla. Í umsögn BHM um fjármálaáætlun 2023-2027 var þessi þróun gagnrýnd og kallað eftir frekari tekjuöflun t.a.m. innleiðingu bankaskatts, hækkun fjármagnstekjuskatts og hvalrekaskatti.

Í ljósi þeirrar kjaragliðnunar sem orðið hefur á milli fjármagnseigenda og launafólks á síðustu árum og aukinnar verðbólgu leggur bandalagið til eftirfarandi.

Þegar tekið hefur verið tillit til skatts á hagnað lögaðila og síðan skatts á fjármagnstekjur er heildarskattlagning um 38% á móti 46% í kerfi tekjuskatts launa. Um leið er ekki greitt tryggingagjald af útgreiddum arði. Þessu þarf að breyta.
Girða ætti fyrir tekjutilflutning milli launa og fjármagnstekna og sérstaklega í ljósi kjaragliðnunar milli launafólks og fjármagnseigenda. Hin norræna nálgun um tvíþætt skattkerfi með hlutleysi í skattlagningu fjármagns og vinnuafls ætti að vera leiðarljós í þessum efnum.


Draga ætti varanlega lækkun bankaskatts til baka og gistináttaskatt ætti að innleiða aftur. Afar ólíklegt er að slíkt hafi slæm áhrif á samkeppnishæfni greinanna eða verðlagningu. Sjónarmið um vond áhrif þessara skattahækkana á samkeppnishæfni standa á veikum grunni.

Horfa ber til góðrar afkomu atvinnugreina í þessu samhengi m.a. í sjávarútvegi, byggingastarfsemi og verslun, sjá umsögn BHM um fjármálaætlun 2023-2027

Fyrirvari við umfjöllun um tekjuhlið

BHM er ekki hlynnt skilyrðislausri aukningu í skattheimtu

Háskólamenntaðir greiddu enda 73% beinna skatta á árinu 2020 þrátt fyrir að vera 27% af vinnumarkaðnum



Varast ber að draga þá ályktun af umfjölluninni að bandalagið **sé hlynnt skilyrðislausri aukningu í skattheimtu.** Það vinnur gegn hagsmunum launafólks og sérstaklega háskólamenntaðra sem greiddu 73% af beinum sköttum á árinu 2020 þrátt fyrir að vera 27% af vinnumarkaði. Það eru hins vegar hagsmunir allra að jafnvægi milli skattheimtu á launafólk og fjármagnseigendur sé aukin og sérstaklega í aðdraganda kjarasamninga. **Sanngjarnt, skilvirkt skattkerfi skyldi vera markmiðið á hverjum tíma. Að sama skapi skyldi leita allra leiða til að auka framleiðni og bæta nýtingu skattfjár.**

Heimild. Skattframtöl. Hlutdeild háskólamenntaðra í beinum sköttum að frádregnum tilfærslum.

Útgjaldahliðin


Húsnæðismálin, heilbrigðiskerfið og sveitarfélagastigið


BHM



Hlutfall íbúðaverðs og launavísitölu hefur ekki verið hærra og unga fólkið situr eftir

Hlutfall íbúðaverðs og launavísitölu er nú 20% hærra en í upphafi kjaralotunnar. Kaupmáttur ungs fólks gagnvart húsnæði dróst saman um 35% frá 2011 til 2021. Líklegt er að samdrátturinn standi í 40% á árinu 2022.






Heimild. Hagstofa Íslands og eigin útreikningar

2023 gæti reynt mjög á vegna fjölda heimila sem detta út úr föstum óverðtryggðum vöxtum


75 milljarðar verða færðir upp í vöxtum



Heimild. Hagstofa Íslands og eigin útreikningar

Heilbrigðismál: Framlög árið 2023 dragast saman um rúmlega 1% af landsframleiðslu frá 2021


Samdrátturinn nemur nær 20 milljörðum á föstu verðlagi*




Heimild. Fjárlög og eigin útreikningar. *Notuð er vegin vísitala þar sem laun vega 70% og almennt verðlag 30%.

Hið opinbera hefur varið minna til heilbrigðismála en hin Norðurlöndin frá 2008

Þetta hefur m.a. verið skýrt með annarri aldurssamsetningu. En af hverju varði hið opinbera meiru en hin Norðurlöndin í 20 ár?







Heimild. OECD Health Statistics 2022 og eigin útreikningar. Rekstrarútgjöld eru útgjöld án fjárfestinga.

Taka þarf á vanda sveitarfélaga

Og það verður ekki gert á kostnað þeirra sérfræðinga sem þar vinna, sem eru lægst launuðustu sérfræðingar landsins





Heimild. Hagstofa Íslands og eigin útreikningar.

Verja þarf ungt fólk fyrir verðbólgu og marka langtímasýn um heilbrigðiskerfið og barnabætur

Langtímasýn um heilbrigðiskerfið er nátengd framtíðarsýn um fullfjármögnun sveitarfélagastigsins

Fjölmörg heimili horfa fram á aukna fjárhagserfiðleika á næstunni vegna íþyngjandi húsnæðiskostnaðar. Lausnir í húsnæðismálum verða lykillinn að farsælum kjarasamningum. Greina þarf sérstaklega stöðu ungs fólks á húsnæðismarkaði og efla tilfærslukerfin til að létta undir með barnafólki. **Í ljósi þess sem að framan greinir leggur BHM eftirfarandi til.**

Hækka þarf stofnframlög til almenna íbúðakerfisins og beita húsnæðisstuðningskerfum markvisst til að hjálpa þeim sem búa við íþyngjandi húsnæðiskostnað >40%.

Framlengja ætti almenna heimild til skattlausrar ráðstöfunar séreignarsparnaðar inn á húsnæðislán til 2025.

Barnabótakerfið þarf að ná lengra upp tekjustigann til að koma til móts við ungt fólk með millitekjur og yfir m.a. háskólamenntaða. Endurskoða þarf hlutfallslegan stuðning m.t.t. aldurs barns og sambúðarforms í barnabótakerfinu.

Marka þarf langtímasýn um fjármögnun heilbrigðiskerfisins og sveitarfélagastigsins.

Að lokum

Horft inn í kjarasamninga




Útkoma kjarasamninga á næstu misserum mun hafa afdrifaríkar afleiðingar fyrir hag launafólks og íslenska hagkerfið í heild sinni. Málflutningur stjórnmálamanna sem byggir á endurtekningum um skilyrðislausan skort á svigrúmi, yfirburði almenna markaðarins og sjónarmiðum atvinnulífsins mun hvorki skapa sátt á vinnumarkaði né stuðla að hagfelldri útkomu.

Að lokum er fjallað stuttlega um „svigrúmið“ horft inn í kjarasamninga.

Fluttar hafa verið fréttir undanfarið af óæskilega mikilli kaupmáttaraukningu 2012-2021

Í samanburði við Norðurlöndin. Þessi mikla kaupmáttaraukning var þó í raun leiðrétting.



Heimild. Eurostat.

.

Kaupmáttaraukning síðustu ára gnæfir yfir hin Norðurlöndin

Þorsteinn Friðrik Halldórsson skrifar 8. ágúst 2022 16:36

Kaupmáttur launafólks á Íslands jókst um 57 prósent á tímabilinu 2012 til 2021 en á Norðurlöndunum nam kaupmáttaraukning einungis 2-10 prósentum yfir sama tímabil. Þetta kemur fram í skýrslu Katrínar Ólafsdóttur, dósents í hagfræði og nefndarmanns í peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands, um vinnumarkaðinn en skýrslan var unnin að beiðni forsætisráðuneytisins.

Þetta á sér eðlilega skýringu. Í fyrsta lagi var hagvöxtur á Íslandi allt að þrisvar sinnum meiri á tímabilinu 2012-2021 en á hinum Norðurlöndum og í öðru lagi var launahlutfallið þ.e. hlutdeild launþega í verðmætasköpuninni aðeins 56% á árinu 2012 sem er mun lægra en áratugina á undan. Þessar umframhækkanir á Íslandi á tímabilinu miðað við Norðurlöndin skýrast því helst af launaleiðréttingu eftir hrunið og kröftugum hagvexti á Íslandi.

Á árinu 2010 mældist lægsta launahlutfall í skráðri hagsögu á Íslandi. Ráðamenn og forsvarsmenn atvinnulífs settu sig þó upp á móti kjaraleiðréttingu á áratugnum 2010-2019.



2010



2012



2013



2015



2017



2019




2021



2022

Aldrei var talið svigrúm til launahækkana þrátt fyrir kröftugan hagvöxt 2010-2019

Þrátt fyrir að hagvöxtur hafi verið 44% á almenna markaðnum frá 2010 til 2019




Heimild. Hagstofa Íslands, ýmis viðtöl og eigin útreikningar.

Lærdómurinn – Tal um skort á svigrúmi hefur misst trúverðugleika

Þrátt fyrir að hagvöxtur hafi mælst alls 44% á almenna markaðnum á árunum 2010-2019 sögðu ráðamenn og forsvarsmenn atvinnulífs nær aldrei vera svigrúm til launahækkana. Hið rétta er að raunlaun hefðu getað hækkað um 44% án þess að hafa teljanleg áhrif á atvinnustig og/eða verðlag, alla jafna. Hefði verkalýðshreyfingin tekið undir sjónarmið stjórnmálanna um skort á svigrúmi hefði ójöfnuður aukist enn frekar frá árinu 2010 en það er mesta ójafnaðarár m.t.t. skiptingar verðmæta milli launafólks og fjármagnseigenda í sögunni. Hefðu stjórnvöld viljað meiri ójöfnuð?

Er svigrúm í næstu kjarasamningum?

Já nokkuð svigrúm að meðaltali, en því er misskipt og ytri aðstæður eru stærsti óvissuþátturinn



Launahlutfallið svokallaða, hlutdeild launafólks í verðmætasköpuninni, var 4% lægra á almenna markaðnum árið 2021 en fyrir lífskjarasamningana árið 2018. Framleiðni þ.e. verðmætasköpun á vinnustund hefur því hækkað meira en launakostnaður á vinnustund frá 2018. Stærstu útflutningsgreinarnar t.d. framleiðsla málma og sjávarútvegur voru mun arðbærari á árinu 2021 en á árinu 2018.

Vísbendingar eru um að launahlutfallið á almenna markaðnum verði enn lægra á árinu 2022 en á árinu 2021 m.a. vegna raunlaunaskerðingar sem verðbólgan hefur í för með sér og góðs gengis útflutningsgreinanna. Svigrúmið til launahækkana til skamms tíma er því töluvert í næstu kjarasamningum og meira en oft hefur áður verið. Helsti óvissuþátturinn tengist framvindu mála í Evrópu og þróun verðbólguvæntinga. En hvenær hefur ekki verið óvissa í efnahagsmálum á Íslandi?


Heimild. Hagstofa Íslands og eigin útreikningar.


Að lokum

Aðeins um launastig hjá kvennastéttum opinbera markaðarins

Opinbert óréttlæti?

Stjórnmálamenn eiga til að tala niður opinber störf. Meirihluti þessara starfa er unninn af konum. Meðaltímakaup karlkyns sérfræðinga á almenna markaðnum er t.a.m. 70% hærra en leikskólakennara og 58% hærra en þroskaþjálfa.





Hlutdeild kvenna af fjölda starfandi á aldrinum 25-64 ára. Ágúst 2022

Almennur markaður
35%

Opinber markaður
73%

Allt hagkerfið
47%

50% kvenna á aldrinum 25-64 ára vinna hjá hinu opinbera enda er hlutfall þeirra í opinberum störfum 73% eða tvisvar sinnum hærra en á almenna markaðnum. Fyrir flest þessi störf hefur aldrei myndast markaðsverð enda eru opinberir aðilar eini kaupandi þjónustunnar í mörgum tilfellum. Hver væri greiðsluvilji almenna markaðarins fyrir þroskaþjálfun eða sérkennslu? Líklega mun hærri en 4.000 kr. á klukkustund!

Heimild. Hagstofa Íslands og eigin útreikningar. Tímakaup er mælt sem regluleg heildarlaun á klukkustund. Regluleg heildarlaun eru greidd mánaðarlaun fyrir umsaminn vinnutíma ásamt álags-, bónus- og kostnaðargreiðslum og tilfallandi yfirvinnu. Í einhverjum tilfellum geta greiddar stundir gefið ónákvæma mynd af raunverulegum vinnutíma og þá sérstaklega þegar pakkalaun eru ráðandi form.

Fyrir hönd BHM,



Vilhjálmur Hilmarsson,
Hagfræðingur BHM



Friðrik Jónsson,
Formaður BHM

Bandalag íslenskra listamanna
Federation of Icelandic artists

Reykjavík 5. 10. 2022

Fjárlaganefnd Alþingis
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
Reykjavík

Efni: Umsögn Bandalags íalenskra listamanna um frumvarp til fjárlaga 2023

Bandalag íslenskra listamanna (BÍL) eru heildarsamtök allra fagfélaga listamanna í landinu og hefur það hlutverk að gæta hagsmuna listamanna og styðja vöxt og viðgang íslenskra lista, bæði innan lands og utan.

BÍL hefur undanfarin ár sent inn umsögn við framlagningu fjárlaga og lagt áherslu á þá heildarmynd sem birtist í fjárlögum og stefnu stjórnvalda í málaflokki menningar sem lesa má út úr þeim ákvörðunum. Í fjárlagagerðinni er málaflokki menningar og lista skipt upp í þrjá kafla:

- 18.1 Safnamál
- 18.2 Stofnanir
- 18.3 Samninga til menningar og listsköpunar.

Allir þessir flokkar eru starfsumhverfi listamanna mikilvægir og snerta störf þeirra með ýmsum og fjölbreyttum hætti. Í þessari umsögn mun BÍL þó sérstaklega beina sjónum sínum að flokki 18.3 Samningar til menningar og listsköpunar.

Það er vissulega tilefni til að hafa áhyggjur af stöðu stofnanna hins opinbera í menningargeiranum. Þær hafa allar orðið fyrir miklum búsifjum á Covid tímanum og sá halli sem þar myndaðist mun hafa veruleg áhrif á starfsemi þeirra um nokkurt skeið. Í því sambandi má benda á þá staðreynd að grunnstofnanir menningarinnar hér á landi reiða sig á stærra hlutfall sjálfsaflafés en almennt þekkist í okkar helstu samanburðarlöndum, svo ekki er óvarlegt að álykta að áhrif langvarandi samkomubanns hafi haft umtalsverð áhrif á rekstur þeirra. Innan þessarra menningarstofnanna starfar eingöngu lítill hluti listamanna á samningum við stöðug kjör, mun stærri hópur listamanna er tímabundið ráðinn til verkefna við þessar stofnanir. Þær reiða sig þannig á þetta fljótandi vinnuafl einyrkja – hóp vel menntaðs hæfileikfólks, sjálfstætt starfandi listamanna sem myndar hinn stóra vettvang frumsköpunar

og iðandi mannlífs sem við erum svo hreikin af og sett hefur Ísland á kortið sem einn af þessum heitu reitum í samtímalistinni. Fyrir þennan hóp sjálfstætt starfandi listamanna eru verkefnasjóðirnir og starfslaunin kjarninn í því að koma verkefnum sínum í framkvæmd. Það eru því kaldar kveðjur að fá, svona skömmu eftir þurrkatíma samkomubanns, að þeir sjóðir skuli dragast svo harkalega saman eins og raun ber vitni í þessum fjárlögum.

18.3 Samninga til menningar og listsköpunar.

Verulega er gengið á sjóði menningar og listsköpunar í þessari fjárlagagerð, svo vægt sé til orða tekið. Frá árinu 2021 eru sjóðirnir skornir niður sem nemur á bilinu 5-30% í hreinni krónutölu, án þess að vístala sé tekin inn í myndina, sem gerir samdráttinn vissulega enn harkalegri. Þá eru ekki reiknuð inn sérstök framlög sem sett voru í sjóðina til úthlutunar vegna Covid, eingöngu er um að ræða fjárlögin eins og þau voru lögð fyrir á þessum árum.

Sem dæmi er niðurskuðurinn á Tónlistarsjóði, Myndlistarsjóði og Sviðslistasjóði, að jafnaði um 20%, samaborði við árið 2021. Allir þessir sjóðir eru mjög þýðingarmiklir fyrir viðkomandi greinar og úr þeim er úthlutað til flestra verka sjálfstæðrar listsköpunar í leiklist, myndlist og tónlist. Þetta er því mikið högg fyrir listirnar í heild sinni. Það hversu þessir sjóðir eru litlir fyrir og upphæðirnar lágar endurspeglar ekki með sanngjörnum hætti mikilvægi þeirra fyrir greinarnar. Þessar greinar mega einfaldlega ekki við svona skerðingum.


Kvikmyndasjóður verður fyrir hvað mestum búsifjum í þessum fjárlögum, er skorinn niður um 30% á milli ára og er það í hróplegri andstöðu við nýsamþykkta kvikmyndastefnu.[1] Það er í raun alveg óskiljanleg ákvörðun að láta það gerast í kjölfar velgengni íslenskrar kvikmyndagerðar og mikilvægi listgreinarinnar í fyrirsjánlegri framtíð. Sjálfstæð íslensk kvikmyndagerð hefur mikla þýðingu fyrir okkur hér heima fyrir, við að skrásetja okkar eigin samtíma og endurspegla hann okkur til gleði og aukins skilnings. En ekki síður gerir öflug íslensk kvikmyndagerðin okkur kleift að taka þátt í alþjóðlegu umhverfi á okkar eigin forsendum og skapa okkur sjálfstæða rödd í alþjóðlegu umhverfi. Óskiljanleg ákvörðun.

Í þessum flokki sjóða er einn sjóður sem hækkar í krónutölu en það er starfslaunasjóður listamanna. Það helgast af því að mánaðarleg greiðsla var hækkuð á árinu, enda hafði hún dregist verulega aftur úr launavísitölu. Greiðslan er í dag 490.000 kr. verktakagreiðsla. Hefði mánaðargreiðslan haldið í við launavísitölu frá þeim tíma sem lögin voru sett 2009 ættu launin að standa í 560.000 kr. í dag. Fjölgun mánaða sem kom inn í sjóðinn 2021 er feld brott í þessum fjárlögum og mánaðafjöldi listamannlauna því aftur kominn niður í 1.600 mánuði, sem er óbreyttur fjöldi frá 2014. BÍL hefur í samvinnu við menningarmálaráðuneytið bent á að eigi starfslaunin að halda hlutfalli miðað við umfang listgeirans í dag þyrftu mánuðirnir að verða 2.700. Listamannalaunin hafa því dregist verulega aftur úr.

Til útskýringar er hér mynd af ráðstöfun fjármagns í flokknum 18.3 og á henni má glöggt sjá að nokkrar listgreinar láta sér nægja litla sneið af ráðstöfunarfé þessa kafla málaflokksins. Það er athyglisvert að stærsti útgjaldaliður þessa kafla er „andlitslaust“ ráðstöfunarfé ráðuneytisins. Það er liður sem hækkar

[1] https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrslur-og-skrar/Kvikmyndastefna%20til%20%c3%a1rsins%202030.pdf

um 10% á milli ára. BÍL hefur óskað eftir greiningu á þessum útgjöldum en sú eftirgrennslan hefur ekki borið árangur. Þessi útgjaldaliður er tæplega 1,2 milljarður í fjárlögum.



Þjóðaróperа

Áætlun um Þjóðaróperu er ekki að finna í þessari fjárlagagerð. Nefndir á vegum ráðuneytisins hafa á undanförnum árum unnið að undirbúningi Þjóðaróperu og stofnun hennar er á verkefnalista menningarmálaráðuneytisins sem kynntur var í Hörpu í upphafi starfstíma ríkisstjórnarinnar. Sú staðreynd að óperan sem listform skuli ekki eiga stöðugri starfsgrundvöll en raun ber vitni gerir mennngarlandslag okkar fátæklegra en ásættanlegt er. Við eigum gríðarlegan fjölda hæfileikafólks í greininni sem flest starfar erlendis, því tækifærin og óperuumhverfið hér heima býður ekki upp á að þeir listamenn starfi hér nema stöku sinnum. Fyrir liggja hugmyndir og vinna í ráðuneytinu til að hrinda þessu í framkvæmd og því þarf að skapa rými í fjárlögum ríkisins.

Samantekt:

- Bæta þarf fagsjóðum listgreina upp það tap sem fyrirhugað er í fjárlögum og færa þeim sjóðum í það minnsta það sem þeir höfðu til ráðstöfunar 2021. Sé visitala reiknuð inn í þessum niðurskurði eru sjóðirnir á pari við það sem þeir höfðu til rástöfunar 2014.

- Listamannalaunin þurfa að hækka í 560.000 kr. Til þess að halda í við launavísitölu og mánuðum þarf að fjölga í 2700 mánuði úr þeim 1600 mánuðum sem hefur verið óbreyttur fjöldi frá 2014. Þetta er aukning í sjóðinn um 450 milljónir

- Draga þarf til baka áætlun um skerðingu Kvikmyndasjóðs um 30% sem er í andstöðu við samþykkta kvikmyndastefnu.

- Gera þarf grein fyrir því fjármagni sem í dag er stærsti útgjaldaliður samninga og styrkja við listir og menningu.

- Eyrnamerkja þarf fé til undibúning stofnunar Þjóðaróperu.

Lokaorð

Í kjölfar Covid og þeirrar viðspyrnu sem efnahagskerfið og mannlífið þarf að takast á við er fjármagni til menningar og listsköpunar mikilvæg og skynsamleg ráðstöfun. Listamenn komu margir illa undan þeim samkomutakmörkunum sem faldurinn sett á störf þeirra, en eru líklega sá hópur sem fljótastur er að ná vopnum sínum vegna þess hve akur listarinnar er kvikur og lifandi. Allar greinar listarinnar eru ekki bara verkfæri í öflugu framtíðarhagkerfi, þar sem verðmætasköpun mun byggja á hugmyndum og mannviti, laða að ferðamenn og hvetja til nýjunga og efla frjósama hugsunar – listin er fyrst og fremst okkar dýmætasta verkfæri til að auðga mannlíf, dýpka skilning og tala máli mennskunnar. Á því er ekki vanþörf á þessum tímum.

Virðingarfyllst
Erling Jóhannesson
Forseti Bandalags íslenskra listamanna

Nefndasvið Alþingis,
b.t. fjárlaganefndar,
Austurstræti 8 - 10,
150 Reykjavík.

Reykjavík 31. október 2022

Efni: Umsögn um 1. mál – Fjárlög 2023

Sjálfstæðu leikhúsin óska eftir:

- að framlag á fjárlögum 2023 til starfsemi atvinnuleikhópa[1] verði hækkað úr 111 í 174 milljónir.

Forsendur hækkunar:

- Sjálfstæðir sviðslistahópar frumsýna yfir 50% allra sýninga í íslensku sviðslistaumhverfi.
- Sjálfstæðar sýningar eru jafnar að fagmennsku og gæðum stofnanaleikhúsanna.
- Sjálfstæðir hópar fá einungis 8% af því fjármagni sem lagt er til sviðslista á Íslandi.
- Sjálfstæðir sviðslistamenn eru tilneyddir til að greiða sér um 30-50% lægri laun að meðaltali en sviðslistamenn með sömu menntun og reynslu í stofnanaleikhúsum.
- Sjálfstæðir hópar eru í fararbroddi þegar kemur að nýsköpun og kynningu á íslenskum sviðslistaverkum innan lands sem utan.

Bandalag sjálfstæðra leikhúsa - SL gerir athugasemdir við frumvarp til fjárlaga 2023, eins og það liggur fyrir Alþingi á þingskjali 1. Frumvarpið gerir ráð fyrir 38,5 milljóna króna niðurskurði á framlögum til Sviðslistasjóðs milli ára auk niðurskurði á launasjóði sviðslistafólks um 24,5 millj.kr milli ára, sem stríðir í raun gegn markmiðum ríkisstjórnarinnar um eflingu þeirra lögbundnu sjóða sem styðja við listir og menningu. Innspýting í sjóðina árin 2021-2022 var vissulega gerð í nafni sértækra Covid viðbragða en stjórnvöldum hefur um langa hríð verið bent á að framlög til þessa geira eru langt undir raunþörf.

SL óskar eftir því að breyting verði gerð á frumvarpinu þannig að framlag til starfsemi atvinnuleikhópa 2023 (02-982-124) verði hið allra minnsta það sama og veitt var til starseminnar á yfirstandandi ári, eða 174 millj.kr.

Þá óskum við jafnframt eftir skilningi þingmanna á því ástandi sem ríkir hjá sjálfstætt starfandi sviðslistafólki, því ef rökin að baki lækkuninni eru þau að verið sé að taka burt innspýtingu sem var vegna áhrifa Covid, þá eiga þau rök jafnvel við í dag. Sjálfstæðir sviðslistahópar eru enn í mjög erfiðri stöðu vegna faraldursins. Framboð á viðburðum er mikið og þó aðsókn sé að glæðast eru vísbendingar um að þó nokkur hluti áhorfenda haldi sig enn til hlés og fari mjög varlega af stað eftir faraldurinn. Þá er ótalið að sjálfstæðir sviðslistahópar gátu yfirleitt ekki nýtt sér sértækar stuðningsaðgerðir ríkisstjórnarinnar vegna Covid þrátt fyrir ítrekaðar umsagnir og beiðnir þar um.

Alvarleg staða

Staða sjálfstætt starfandi sviðslistafólks er grafalvarleg og sú framtíðarsýn sem þetta frumvarp inniber fyrir þann hóp er því miður ekki björt. Sá hópur sem starfar að sviðslistum án ráðningarsambands við stofnanir hefur farið ört vaxandi og mun gera áfram. Fyrir því eru ýmsar ástæður á borð við hagræðingarkröfur á stofnanabundin leikhús samhliða aukinni nýliðun í geiranum, en Listaháskóli Íslands útskrifar að jafnaði 30 einstaklinga í sviðslistum árlega, (leikarar, dansarar og sviðshöfundar). Háskólanám í sviðslistum er kostnaðarsamt og

[1] Fjárlagaliður 02-982-1.24

til að sú fjárfesting nýtist sem best þarf öflugur starfsvettvangur að taka við fólki að námi loknu.

Árangurshlutfall sviðslistasjóðs og listamannalauna úr launasjóði sviðslistafólks er lágt samanborið við sambærilega sjóði í öðrum listgreinum, en við úthlutun 13. jan. 2022 var árangurshlutfall launasjóðanna eftirfarandi:

- Launasjóður rithöfunda 21,1%
- Launasjóður myndlistarmanna 15,1%
- Launasjóður tónskálda 14,3%
- Launasjóður tónlistarflytjenda 13,8%
- Launasjóður hönnuða 10,2%
- Launasjóður sviðslistafólks 9%

Gera má ráð fyrir því að árangurshlutfall sviðslistasjóðs sé svipað og launasjóðs sviðslistafólks, enda sjóðirnir tengdir. Að auki verður að benda á að í núverandi umhverfi fær sviðslistafólk að meðaltali 1,2-1,5 mánuð á ári pr. listamann, alvanalegt er að fólk fái færri mánuði en það sækir um og það er nánast óþekkt að laun fáist fyrir undirbúning verkefna. Fyrir utan það að þetta er í trássi við reglur launasjóðanna, sem gera ráð fyrir að listamenn hljóti 6 mánuði minnst en í undantekningartilvikum 3, þá er hér augljóslega um alvarlegt vanmat á framlagi listamanna að ræða, sem ekki leiðir af sér faglegt starfsumhverfi.

Sjálfstætt starfandi sviðslistafólk með 30-50% lægri laun

Íhaldssamir útreikningar SL gefa til kynna að launaþörf þeirra verkefna sem framleidd eru fyrir styrki úr sviðslistasjóði og launasjóði sviðslistafólks sé langt undir öllum grunnlaunum. Núverandi fjármunir og fyrirkomulag gera kröfu um að listamenn gefi minnst 30% og allt að 50% vinnu sinnar, sem er ekki ásættanlegt að neinu leyti. Það hefur ríkt sátt við kjarasamningagerð við stofnanaleikhúsin (Þjóðleikhús, Borgarleikhús og Leikfélag Akureyrar) að listafólk njóti sömu eða svipaðra kjara þar, enda eru leikarar á flakki milli húsa og verkefna. Sömu rök eiga við sjálfstæða hópa, enda um sama listafólk að ræða og því nauðsynlegt að leiðrétta stöðuna svo að sviðslistamenn starfi ekki við mun lakari kjör sjálfstætt en þegar þeir starfa innan annarra atvinnuleikhúsa.

Mikilvægi sjálfstæðu senunnar

Stærsti hluti nýsköpunar í íslensku leikhúsi sprettur upp úr starfi sjálfstæðra sviðslistahópa. Verkefni sjálfstæðu sviðslistahópanna eru nær undantekningalaust nýsköpun; ný íslensk sviðsverk, ný íslensk dansverk, nýjar íslenskar barnasýningar, sirkus, ópera o.fl. o.fl.

Það er á ábyrgð ríkisins að gera sjálfstætt starfandi sviðslistafólki kleift að vinna vinnuna sína með reisn og sæmd til jafns við annað sérmenntað fagfólk í atvinnugreininni. Ef listafólk með reynslu sér sér ekki fært að starfa sjálfstætt þá tapast þekking, mannauður og gæði en með lítilli innspýtingu getur íslenska ríkið veitt stóraukið svigrúm til faglegrar listsköpunarog með því skapað hér heilbrigðan og fjölbreyttan starfsvettvang.

Jákvæð áhrif opinberrar fjármögnunar í sjálfstæðum sviðslistum

- Eflir Ísland sem sjálfstæða menningarþjóð.
- Stendur vörð um sjálfræði listafólks.
- Eykur gæði sviðlista.
- Eykur hagkvæmni sviðslista.
- Styrkir ímynd lands og þjóðar á alþjóðavettvangi.
- Skilar auknum menningarlegum gæðum fyrir almenning

Til að geta sinnt hlutverki sínu þarf Sviðslistasjóður að hafa um 500 millj. kr. til úthlutunar árlega. Sú upphæð er sambærileg þeirri sem SL lagði til í stefnu sinni 2010, þ.e. 350 millj.kr. framreiknuð til verðlags 2022, alls 535 millj.kr. Kröfur SL eru því óbreyttar í þessu tilliti.

- Kröfur SL nú um 63 millj.kr. hækkun á fjárframlögum 2023 til sviðslistasjóðs færa heildarframlög til sjálfstæðs sviðslistafólks upp í sömu krónutölu og heildarframlög síðasta árs (þ.e. framlag til sviðslistasjóðs árið 2022 auk fjölgunar mánaðarlauna í launasjóð sviðlistafólks um 50 mánuði sbr. aukaúthlutun úr launasjóði sviðslistafólks í júní 2022). Heildarframlög ríkisins á næsta ári væru þá um 50% af raunþörf geirans.
- Það er von stjórnar SL að fjárlaganefnd geri þá breytingu á frumvarpinu að framlag til sviðslistasjóðs verði hækkað í það minnsta í 174 millj.kr, eða til jafns við þá upphæð sem veitt var til starfseminnar 2022.

Að lokum tökum við heilshugar undir þær athugasemdir sem Bandalag íslenskra listamanna (BÍL) hefur gert við fjárlög þessi og viljum ítreka að sjálfstæðar sviðslistir eru algjörlega háðar stuðningi hins opinbera, á jafn litlu markaðssvæði og okkar er ekki á annað kosið.

Við viljum einnig taka undir og ítreka greiningu Bandalags háskólamanna sem send hefur verið fjálaganefnd (https://www.althingi.is/altext/erindi/153/153-186.pdf).

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar SL-Bandalags sjálfstæðra leikhúsa,

Orri Huginn Ágústsson formaður

BLINDRAFÉLAGIÐ
Samtök blindra og sjónskertra á Íslandi
STOFNAÐ 1939

Skrifstofa Alþingis – nefndasvið
b.t. fjárlaganefndar

Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 11.11.2022

Blindrafélagið hefur sent fjárlaganefnd Alþingis eftirfarandi umsögn um fjárlagafrumvarpið 2023 vegna fjárlaga til Þjónustu- og þekkingarmiðstöðvar fyrir blinda, sjónskerta og einstaklinga með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu.

Blindrafélagið gerir athugasemd við fjárlög til Sjónstöðvarinnar eða eins og hún nefnist í lögum Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og einstaklinga með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu. Töluvert fjármagn vantar upp á til að Sjónstöðin geti sinnt lögbundnu hlutverki sínu.

Notendum stöðvarinnar hefur fjölgað undanfarin ár og þjónustuþörf þeirra vaxið. Árið 2009 voru notendur 1200 á skrá en eru nú 1700. Helst má sjá fjölgun í tengslum við börn með heilatengda sjónskerðingu en einnig má rekja hana til aukinnar vitundarvakningar á meðal augnlækna á sjónskerðingu eldra fólks.

Sjónstöðin hefur undanfarin ár verið rekin með halla og er uppsafnaður halli síðastliðinna ára orðinn 40 milljónir.

Frá árinu 2009 hefur orðið um 12% aukning á fólki með annað móðurmál en íslensku. Í dag eru þetta um 100 einstaklingar og fer þeim fjölgandi með tilkomu aukins fjölda flóttamanna. Tekið er tillit til greiðslu túlka þegar kemur að heilbrigðismálum en ekki er tekið tillit til túlkaþjónustu þegar kemur að t.d. kennsluráðgjöf. Sú kennsla tekur lengri tíma og gengur hægar.

Kaup og rekstur leiðsöguhunda er nú orðið lögbundið hlutverk Sjónstöðvarinnar en ekki hefur verið tekið tillit til þess nema að hluta. 10 milljónir sem komu inn í reksturinn á síðastliðnu ári en það nægir rétt til að greiða laun þjálfara leiðsöguhunda. Með auknum fjölda hunda þ.e. 3 hundar á ári þarf að huga að rekstri þeirra og afleysingu við þjálfara og möguleika að öðru stöðugildi.

Tryggja þarf úthlutun á nýjum sjónhjálpatækjum, höfuðborin stækkunartæki sem hvert um sig kostar á bilinu 500 þús. – 1 milljón. Þau eru bylting í lífi sjónskertra í dag og gefa sjónskertum möguleika á þátttöku í samfélaginu sem þeir höfðu ekki áður s.s. til að sjá á töflu í skólanum, horfa á sjónvarp, nota snjallsíma, lesa af tölvu og margt fleira.

Til að tryggja að úthlutanir verði í samræmi við þarfir fjölda einstaklinga þarf að grípa til aðgerða og úthluta fjármagni sérstaklega til þessara sjónhjálpatækja. Talið er að um 150 manns muni geta nýtt sér þessa tækni en þetta er hrein viðbót við hóp sem ekki gat nýtt sér stækkun og hjálpartækjaúthlutun áður.

Með þessu væri verið að tryggja jafnrétti til náms og bætt aðgengi sjónskertra að samfélaginu.

BLINDRAFÉLAGIÐ
Samtök blindra og sjónskertra á Íslandi
STOFNAÐ 1939

Að þessari upptalningu má vera ljóst að það vantar töluvert fjármagn upp á að Sjónstöðin geti sinnt lögbundnu hlutverki sínu.

Blindrafélagið mælir með því að fjárlaganefnd bjóði forstjóra Sjónstöðvarinnar á fund nefndarinnar til að fá nánari upplýsingar um stöðuna.



Sigþór Unnsteinn Hallfreðsson

Formaður Blindrafélagsins



Kristinn Halldór Einarsson

Framkvæmdastjóri Blindrafélagsins

Borgarleikhúsið

Fjárlaganefnd Alþingis
Formaður, Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir og nefndarmenn.

Efni: Stuðningur við Borgarleikhúsið með tímabundnu framlagi vegna áhrifa kórónuveirufaraldursins á rekstur leikhússins.

Reykjavík, 27. nóvember 2022

Kæri formaður fjárlaganefndar, Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir, kæru nefndarmenn.

Fyrir rúmu ári stóð Borgarleikhúsið höllum fæti vegna yfirstandandi heimsfaraldurs. Ábyrgur rekstur og ákvarðanatökur í samræmi við aðstæður skiluðu sér þó í niðurstöðu sem mun fleyta Leikfélagi Reykjavíkur, rekstraraðila Borgarleikhússins, fyrr út úr þrengingum Covid-19 en stjórnendur leikhússins þorðu að vona. Horft var í hverja krónu og hvergi var farið óvarlega eða of geyst. Verkefnum var frestað, þau færð á milli leikára eða hætt við þau, með tilheyrandi íþyngjandi áhrifum, allt til þess að gæta framtíðarhagsmuna leikhússins og starfsfólks þess.

Nú liggur fyrir að LR mun þurfa að taka á sig skerðingu á framlagi frá Reykjavíkurborg vegna hagræðingarkröfu í rekstri borgarinnar í kjölfar heimsfaraldurs. Samkvæmt nýjasta samningi við Reykjavíkurborg verður niðurskurður á heildarframlagi með aftengingu við neysluverðsvísitölu, en það hefur veruleg áhrif á tekjustraum Leikfélagsins. Undanfarin ár hafa um 40% af tekjum LR verið í formi framlags frá Reykjavíkurborg en 60% tekna er sjálfsaflafé (þ.e. sértekjur frá miða- og veitingasölu). Hlutfall sjálfsaflafjár af heildartekjum er einsdæmi og þekkist ekki hjá menningarstofnunum sem félagið ber sig saman við, hvorki hér á landi né í nágrannalöndunum. Til samanburðar má geta þess að hjá Þjóðleikhúsinu voru, árið 2021, um 25% tekna sjálfsaflafé (sértekjur) og er sú stofnun á fjárlögum, með um 700 milljóna króna hærri opinberan styrk en Borgarleikhúsið. Þessi aðstöðumunur á fjármögnun tveggja stærstu leikhúsa landsins gerir LR erfitt fyrir þegar kemur að samningum við listamenn og listræna stjórnendur og skerðir samkeppnishæfni félagsins verulega.

Í janúar 2022, á 125 ára afmæli leikfélagsins, skapaðist hættuástand þegar leikhúsinu var enn á ný gert að loka vegna sóttvarnaraðgerða stjórnvalda. Stjórnendur leikhússins unnu hörðum höndum að því að finna lausnir og aðlaga reksturinn íþyngjandi og síbreytilegum reglum sem komu sérlega illa niður á sviðslistastofnunum. í janúarmánuði einum varð 30 milljón króna tap þegar gert hafði verið ráð fyrir 15 milljón króna hagnaði í rekstraráætlun. Á þessu ári gafst LR ekki kostur á sækja um tekjufalls- eða lokunarstyrki vegna kórónuveirufaraldursins til Ríkisins og því þurfti að bregðast við auknu tapi vegna sóttvarnaraðgerða með enn frekari hagræðingu í rekstri.

Borgarleikhúsið er stærsta og fjölsóttasta leikhús landsins, menningarstofnun sem tekur á móti hátt í 200 þúsund gestum árlega. Covid-19 og sóttvarnaraðgerðir stjórnvalda komu sérlega illa niður á rekstri leikhússins. Við förum því þess á leit við Fjárlaganefnd Alþingis að Leikfélagi Reykjavíkur verði tryggður 50 milljón króna styrkur til að mæta því tekjutapi og þeim kostnaði sem félagið hefur orðið fyrir vegna áhrifa kórónuveirufaraldursins og til að gæta jafnræðis milli stærstu sviðslistastofnana landsins.

Virðingarfyllst,
fyrir hönd Leikfélags Reykjavíkur

Brynhildur Guðjónsdóttir, leikhússtjóri

Kristín Ögmundsdóttir, framkvæmdastjóri

Umsögn um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2023

Heiður Margrét Björnsdóttir, hagfræðingur og
Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, hagfræðingur

Stóra myndin

- Frumvarpið lýsir hagkerfi þar sem einkaneysla hefur aldrei verið sterkari, hagvöxtur er meiri en búist var við og kaupmáttaraukning mikil.
- Markmiðið er að takmarka útgjöld og sporna við þenslu. Í frumvarpinu birtist með skýrum hætti sú stefna að jafnvægi í ríkisfjármálum á að ná með skertri opinberri þjónustu en ekki aukinni tekjuöflun þar sem sannarlega er svigrúm til staðar
- Ekki eru ávarpaðar þær áskoranir sem blöstu við fjórða hverju heimili í landinu, eða þeirra rúmlega 38 þúsund sem áttu erfitt með að ná endum saman árið 2021. Í þessum hópi eru m.a. 52 prósent heimila einstæðra foreldra á Íslandi.


BSRB


Húsnæðismál

- BSRB leggur ríka áherslu á hraða uppbyggingu almennra íbúða og umtalsverða fjölgun þeirra á næstu árum.
- Í fjárlagafrumvarpinu er gert ráð fyrir að fjárveitingar til stofnframlaga lækki um 2 milljarða króna og fari úr 3,7 mö.kr. í 1,7 ma.kr. Ekki er gert ráð fyrir viðbótarframlögum til stofnframlaga vegna húsnæðissáttmála ríkisins og sveitarfélaga.

Húsnæðismál frh.

- Rúmlega fjórðungur heimila á leigumarkaði greiðir meira en 40% af ráðstöfunartekjum sínum í leigu.
- Leiguverð hefur hækkað langt umfram húsnæðisstuðning frá því nýtt kerfi tók gildi í ársbyrjun 2017 eða um 35% vs. 15%.
- Ekki er gert ráð fyrir auknum fjárveitingum til húsnæðisbóta í frumvarpinu umfram hækkun sem veitt var sl. sumar og vegna fjölgunar leigjenda.




Eignir eftir tekjutíundum á föstu verðlagi 1997-2021
4.000.000
3.500.000
3.000.000
2.500.000
2.000.000
1.500.000
1.000.000
500.000
-
1997 1998 1999 2000 2001 2002 2003 2004 2005 2006 2007 2008 2009 2010 2011 2012 2013 2014 2015 2016 2017 2018 2019 2020 2021
1. tíund
2. tíund
3. tíund
4. tíund
5. tíund
6. tíund
7. tíund
8. tíund
9. tíund
10. tíund


Barnabætur

- Stórefla þarf barnabótakerfið.
- Skerðing barnabóta hefst hjá sambúðarfólki sem er með sameiginlegar mánaðartekjur umfram 760.000 kr. og hjá einstæðum foreldrum með 380.000 kr. Lágmarkslaun eru 368.000 kr. á mánuði og því skerðast barnabætur hjá meginþorra launafólks á íslenskum vinnumarkaði vegna tekna.
- Barnabætur á Norðurlöndunum eru ekki tekjutengdar nema í Danmörku en þar byrja bæturnar að skerðast við meðaltekjur.

BSRB

Almannatryggingar

- Ellilífeyrir og framfærsluviðmið örorkulífeyris eru svipuð að fjárhæð en taka mismiklum skerðingum.
- Í lögum um almannatryggingar segir að bæturnar eigi að taka mið af launaþróun en þó þannig að þær hækki aldrei minna en verðlag.
- Tekin hefur verið pólitísk ákvörðun um að hækka bæturnar ekki til samræmis við launaþróun, líkt og lögin gera ráð fyrir, heldur til samræmis við verðlag.



Heilbrigðismál

- Rekstrarframlag til reksturs heilbrigðiskerfisins lækkar á hvern íbúa.

Ár	Rekstur heilbrigðismála á verðlagi hvers árs (m.kr.)*	Rekstur heilbrigðismála á verðlagi sept. 2022 (m.kr.)	Íbúafjöldi	Rekstur heilbrigðiskerfisins per íbúa (þ.kr.)
2021	301.426	341.571	371.580	919
2022	287.778	287.778	381.370	755
2023	300.929	286.872	385.868**	743

*Rekstrartölur: https://www.stjornarradid.is/tjarlog2023#greiningar
**Mannfjöldaspá Hagstofu Íslands, miðspá fyrir árið 2023

BSRB

Tekjuöflun

- Með hækkun almennra gjalda er verið að leggja jafnar byrðar á alla landsmenn, sem mun óhjákvæmilega leggjast hlutfallslega þyngst á þau sem lægstar hafa tekjurnar og þyngstu framfærslubyrðina.
- Það er neysluhegðun tekjuhærri hópa sem hefur sérstök áhrif á verðbólguna en ekki þeirra tekjulægri. Almennar hækkanir gjalda eru því ekki rétta tækið til að draga úr neyslu þeirra sem mest hafa handa á milli.

Tekjuöflun frh.

- Nú er tíminn til að efla og fjölga tekjustofnum ríkisins, styrkja almannaþjónustuna og leiðrétta tilfærslukerfin. Mætti í þessu samhengi til dæmis nefna hátekjuskatt, eignaskatta, bankaskatt, hækkun fjármagnstekjuskatts og hærri hlutdeild almennings af tekjum fyrir afnot af sameiginlegum auðlindum þjóðarinnar. Það ýtir undir velsæld og jöfnuð og mun skila sér í þróttmeira hagkerfi til lengri tíma.
- Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar er lagt upp með að sveitarfélögin njóti góðs af gjaldtöku gistináttagjalds og að gjaldtaka í ferðaþjónustu verði tekin til skoðunar og horft til þess að breikka skattstofninn. Ekkert er fjallað um þá skoðun í frumvarpinu. Í ljósi þröngrar stöðu margra sveitarfélaga telur BSRB að sú skoðun þoli ekki frekari bið.

BSRB

Nefndasvið Alþingis
Fjárlaganefnd
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 10. október 2022

Efni: Umsögn BSRB um frumvarp til fjárlaga 2023, 1. mál.

BSRB hefur fengið til umsagnar frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2023 og þakkar fyrir að fá tækifæri til að veita álit sitt á því.

Ríkisstjórnin er nú að leggja fram sín önnur fjárlög á þessu kjörtímabili. Skammur tími var til undirbúnings síðustu fjárlaga þar sem kosið var að hausti og því mætti vænta þess að þau fjárlög sem hér er fjallað um endurspegli betur stefnu ríkisstjórnarinnar eins og hún birtist í stjórnarsáttmála. Svo virðist sem skortur sé á efndum auk þess sem áþreifanleg vöntun er á að sýn til skemmri tíma sé tengd við langtímahorfur og að helstu samfélagslegu áskoranir okkar, líkt og loftlagsbreytingar og öldrunar þjóðarinnar, séu ávarpaðar heildstætt. Þá er ekki nóg að vísa til þess að stöðugleiki í ríkisfjármálum sé forsenda þess að hægt sé að takast á við þessi verkefni af festu og erfitt sé að hefjast handa við lausn þeirra fyrr en því hvikula markmiði er náð. Það mun reynast skammgóður vermir og flytja ábyrgðina á úrlausnum og alvarlegum afleiðingum úrræðaleysis yfir á komandi kynslóðir.

Frumvarpið lýsir hagkerfi þar sem einkaneysla hefur aldrei verið sterkari og kaupmáttaraukning verið mikil. Í þeirri lýsingu virðist hafa gleymst að tiltaka þau rúmlega 38 þúsund heimili sem áttu erfitt með að ná endum saman árið 2021. Í þessum hópi eru m.a. 52 prósent einstæðra foreldra á Íslandi. Leiða má líkum að því að þessi hópur hafi stækkað enda hefur kaupmáttur rýrnað um rúmlega fjögur prósent það sem af er þessu ári vegna hækkandi verðbólgu að ónefndum áhrifum vaxtahækkana Seðlabankans. Þá lýsir frumvarpið því einnig hvernig ráðstöfunartekjur láglaunafólks hafa aukist meira en hálaunafólks en ekki er minnst á þær tekjur sem hálaunafólk fær af fjármagni og greiðir hlutfallslega lægri skatta af. Í frumvarpinu er einungis hálf sagan sögð en BSRB vill með þessari umsögn leitast við að veita fyllri mynd af stöðunni og koma með tillögur að úrbótum til að stuðla að velsæld og jöfnuði.

Skýr skilaboð til launafólks



Myndin lýsir þróun kaupmáttar á yfirstandandi kjarasamningstímabili. Samkvæmt Hagstofu Íslands hefur kaupmáttur aukist um 6,5 prósent frá mars 2019 til júlí 2022. Vegna skarpt hækkandi verðbólgu hefur kaupmáttur rýrnað um rúm 4 prósent það sem af er þessu ári en verðbólga mældist nú í september 9,3 prósent á ársgrundvelli. Það sér því ekki fyrir endann á kaupmáttarrýrnun launafólks. Þá felur tekjuhlið fjárlagafrumvarpsins í sér almennar aðgerðir sem leggjast á allt launafólk og hefur því mest áhrif á þá sem lægst hafa launin. Áætlað er að boðaðar hækkanir ríkisstjórnarinnar á opinberum gjöldum verði til þess að vísitala neysluverðs hækki um 0,4 prósent sem mun að óbreyttu rýra kaupmátt enn frekar og þá eru horfur á neikvæðri þróun kaupmáttar út samningstímabilið. Við þetta bætast aðhaldsaðgerðir fjárlagafrumvarpsins á útgjaldahlið.

Ríkisstjórnin sendir launafólki skýr skilaboð með fjárlagafrumvarpinu um að kjarabætur verði eingöngu sóttar við kjarasamningsborðið. BSRB telur mun skynsamlegra fyrir almannaheill og efnahagsstjórn landsins að ríkissjóður leggi sitt af mörkum til að styðja betur við fólk í lægri tekjuhópunum og þá sem eru með þunga framfærslubyrði ásamt því að styrkja almannaþjónustu og auka þar með velsæld og bæta kjör og starfsumhverfi þeirra sem veita þjónustuna.

Áframhaldandi kerfislægur halli og eignasala skammgóður vermir

Frumvarpið gerir ráð fyrir heldur lakari frumjöfnuði og verri vaxtajöfnuði en núgildandi fjármálaáætlun. Þar raungerist enn og aftur sá kerfislægi halli sem BSRB hefur bent á árum saman og stafar af ófjármögnuðum skattalækkunum ríkisstjórnarinnar. BSRB styður að dregið verði úr hallarekstri en mótmælir þeirri aðferðafræði að það sé gert með niðurskurði á gjaldahlið frumvarpsins í stað styrkingar á tekjuhlið.

Skuldahlutfall ríkissjóðs er áætlað 33 prósent af VLF í lok árs 2023 en var á síðari hluta árs 2020 áætlað 50 prósent af VLF. Skýrist bætt áætluð skuldastaða af því að hagkerfið hefur tekið fyrr við sér en gert var ráð fyrir. Þrátt fyrir það boðar ríkisstjórnin frekari bankasölu í frumvarpinu og telur þörf á aðhaldi og stöðvun útgjaldaaukningar á komandi árum með tilheyrandi afleiðingum fyrir velferðarkerfið. BSRB hafnar þessari stefnu alfarið. Mun mikilvægara er að byggja upp félagslega innviði sem hafa ekki verið fullfjármagnaðir á síðustu árum og verulega hefur reynt á í heimfaraldrinum. Nú er tíminn til að efla og fjölga tekjustofnum ríkisins, styrkja almannaþjónustuna og leiðrétta tilfærslukerfin. Það ýtir undir velsæld og jöfnuð og mun skila sér í þróttmeira hagkerfi til lengri tíma. En ríkisstjórninni hugnast ekki sú leið heldur einblínir á sölu ríkiseigna og lækkun útgjalda.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að skuldir ríkissjóðs lækki lítillega á milli ára sem hlutfall af landsframleiðslu. Sú þróun er þó háð því að sala á eignahlut ríkisins í Íslandsbanka gangi eftir. BSRB gerir alvarlegar athugasemdir við að lögð sé til einskiptis tekjuöflun til þess að laga núverandi skuldastöðu. Líkt og fram kemur í frumvarpinu hefur afkoma ríkissjóðs verið að styrkjast og tekjur aukist hraðar en áætlanir gerðu ráð fyrir og eru heildartekjur ársins 2022

áætlaðar 79 ma.kr. hærri en gert var ráð fyrir í fjárlögum yfirstandandi árs vegna kröftugs hagvaxtar. Arðgreiðslur ríkisins frá Íslandsbanka hafa numið að meðaltali um 11 ma.kr. árlega frá árinu 2016. Breytileiki getur verið í arðgreiðslum á milli ára en þær hafa þegar lækkað vegna þeirra hluta sem seldir hafa verið. Árlegar tekjur ríkissjóðs af arði hverfa varanlega við sölu á bankanum. Þá virðast stjórnvöld ekki fær um að selja hlutinn svo að samfélagsleg sátt náist um. Ekki er langt um liðið frá falli íslensku bankanna og því mikilvægt að sátt sé um hvernig farið er með sölu og eignarhald þeirra. Ógagnsæi í vali á fjárfestum við sölu bankans samfara lágu söluverði hefur leitt til hagnaðar einstakra fjársterkra aðila sem eykur enn á ójöfnuð og auðssöfnun þeirra ríkustu í samfélaginu. Þá hefur menningar- og viðskiptaráðherra skipað starfshóp til að greina gjaldtöku og arðsemi íslensku bankanna. Eðlilegt er að bíða niðurstöðu slíkrar könnunar og að ríkið beiti sér í kjölfarið með virkum hætti sem eigandi til þess að skapa eðlilegt umhverfi innlendrar bankastarfsemi hvað vaxtamun og þjónustutekjur varðar, með almannahagsmuni að leiðarljósi.

Takmarkaðar, almennar og verðbólguhvetjandi breytingar á tekjuhlið
Aðgerðir ríkisstjórnarinnar á tekjuhlið frumvarpsins eru takmarkaðar, almennar og verðbólguhvetjandi. Í stað þess að stuðla að því að skattkerfið standi undir samneyslu og gegni tekjujöfnunarhlutverki, líkt og segir orðrétt í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar, fer ríkisstjórnin þá leið að leggja jafnar byrðar á alla landsmenn, sem mun óhjákvæmilega leggjast hlutfallslega þyngst á þau sem lægstar hafa tekjurnar og þyngstu framfærslubyrðina.

Gert er ráð fyrir að þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu hækki tekjur ríkissjóðs um allt að 10,5 ma.kr. árlega. Flestar breytingarnar eru almenns eðlis og leggjast á alla skattgreiðendur óháð tekju- og eignastöðu þeirra. Í frumvarpinu segir að bein áhrif þeirra skattabreytinga sem lagðar eru til geti leitt til þess að vísitala neysluverðs hækki um allt að 0,4 prósent en að þær hamli gegn þenslu í hagkerfinu og dragi úr þörf fyrir hækkun stýrivaxta. Þessi áætluðu áhrif á verð- og efnahagslegan stöðugleika vegi þyngra en verðlagshækkanir. BSRB á erfitt að sjá hvernig þessar fullyrðingar fá staðist. Að takmarkaðar og almennar hækkanir sem leiða til aukinnar verðbólgu hafi á sama tíma þau áhrif að tryggja efnahagslegan stöðugleika. Það er ekki neysluhegðun tekjulægri hópa sem hefur sérstök áhrif á verðbólguna heldur tekjuhærri hópanna. Almennar hækkanir gjalda eru því ekki rétta tækið til að draga úr neyslu þeirra sem mest hafa handa á milli. Nær væri að ríkisstjórnin bætti stöðu ríkisfjármála með tekjuöflun hjá þeim aðilum sem sannarlega hafa svigrúm til þess að greiða hærri skatta og tryggi með þeim hætti jöfnum höndum sjálfbærni í rekstri ríkissjóðs og viðnám við verðbólguþrýstingi.

Erfitt er að sjá á afkomutölum fyrirtækja, fjárfestingum, arðgreiðslum, endurkaupum á hlutabréfum, auknum tekjum af fjármagnstekjuskatti og launaþróun hjá efstu lögum samfélagsins að skóinn kreppi þar og ekki sé svigrúm til styrkingar almannaþjónustu og aukinnar jöfnunar í gegnum tekjuöflunarkerfi ríkissjóðs. Það vekur því furðu að ríkisstjórnin kjósi að nýta ekki tekjuhlið fjárlaga til þess að lækka skuldir, ná jafnvægi í rekstri ríkissjóðs, styrkja grunnþjónustu og bæta stöðu þeirra hópa sem eiga erfitt með að ná endum saman. Mætti í þessu samhengi til dæmis nefna hátekjuskatt, eignaskatta, bankaskatt, hækkun fjármagnstekjuskatts og hærri hlutdeild almennings af tekjum fyrir afnot af sameiginlegum auðlindum þjóðarinnar.

Umfangsmestu breytingarnar á tekjuhlið frumvarpsins varða breytingar á gjöldum fyrir vistvænar bifreiðar. Um er að ræða undantekningar sem nýtast helst þeim einstaklingum sem hæstar hafa tekjurnar. Ekki er gerð athugasemd við tekjuöflunina sem slíka en BSRB veltir því hins vegar upp í ljósi þess sem fram kemur í stjórnarsáttmála að áfram verður unnið að því að breytingar á sköttum og gjöldum styðji við loftslagsmarkmið að þetta sé helsta áhersla ríkisstjórnarinnar í aukinni tekjuöflun. Ríkisstjórnin þarf skv. frumvarpinu einnig að veita 800 m.kr. í að kaupa losunarheimildir því stjórnvöldum hefur ekki tekist að standa við loftslagsmarkmið samkvæmt Kýóto samningnum sem fullgildur var hérlendis fyrir 20 árum. Er það einnig stærsta einstaka aðgerðin á gjaldahlið sem snýr að loftlagsmálum.

Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar er lagt upp með að sveitarfélögin njóti góðs af gjaldtöku gistináttagjalds og að gjaldtaka í ferðaþjónustu verði tekin til skoðunar og horft til þess að breikka skattstofninn. Ekkert er fjallað um þá skoðun í frumvarpinu. Í ljósi þröngrar stöðu margra sveitarfélaga telur BSRB að þessi skoðun þoli ekki bið.

Þá má geta þess sérstaklega að mikil óvissa er í tekjuáætluninni vegna margþættrar óvissu í efnahagsmálum vegna efnahagsþróunar í helstu viðskiptalöndum okkar. Mikilvægt er að ríkisstjórnin myndi sér skoðun og upplýsi með hvaða hætti verði brugðist við frávikum frá áætluninni. Til að mynda hver áherslan verður hvað varðar umframtekjur reynist hagvöxtur áfram meiri en spár gera ráð fyrir eða hvernig brugðist verður við tekjufalli. Er það mikilvægt hvað varðar fyrirsjáanleika og til að fyrirbyggja handahófskenndar ákvarðanir.

Ríkisstjórnin boðar niðurskurð næstu árin - minni útgjöld, minni sveigjanleiki og engar skýringar

Útgjaldakafli frumvarpsins endurómar áherslu á niðurskurð. Þar segir að í þeim tilgangi að stöðva skuldasöfnun og bæta stöðu ríkissjóðs sé lögð áhersla á að ekki verði efnt til nýrra eða aukinna útgjalda á næsta ári umfram það sem óhjákvæmilegt er. Matsaðferð óhjákvæmileika er undanskilin umfjöllun. Þetta telur ríkisstjórnin nauðsynlegt til þess að framfylgja fjármálastefnu sinni. Hér birtist því enn með skýrum hætti sú staðreynd að jafnvægi í ríkisfjármálum á að ná með skertri opinberri þjónustu en ekki aukinni tekjuöflun þar sem sannarlega er svigrúm til staðar.

Ekki er þó nóg með að boðaður sé niðurskurður á árinu 2023 heldur er tiltekið að þessi stefnumörkun feli til lengri tíma í sér áherslu á bætta nýtingu fjármuna og forgangsröðun verkefna innan núgildandi útgjaldaramma. Með öðrum orðum þarf að skerða lögbundna þjónustu á einum stað eigi að bæta hana á öðrum. Hér óskar BSRB eftir heildstæðri áætlun til næstu ára, með tímasetningum og fjárhæðum, sem tilgreina málefnasvið, málaflokka og verkefni sem verða tekin til skoðunar eða felld niður, hverju það á að skila og hvernig breytt nýting fjármuna mætir lögbundnum þjónustuþörfum og lýðfræðilegri þróun. Án slíkrar áætlunar verður stefnan handahófskennd og ræðst af sveiflum í hagkerfinu en ekki stefnumörkun.

Alvarlegir brestir í heilbrigðiskerfinu

Heilbrigðiskerfið hefur verið undir miklu álagi undanfarin ár og erfitt er orðið að manna ýmsar fagstéttir innan kerfisins. Flótta gætir vegna gríðarlegs langvarandi álags og t.d. sýnir nýleg könnun að 70 prósent hjúkrunarfræðinga hafa íhugað af alvöru að hætta störfum á síðustu

tveimur árum. Þetta bætist ofan á þann mönnunarvanda sem þegar er uppi í heilbrigðiskerfinu og hefur alvarleg áhrif á starfsemi heilbrigðisstofnana. Álag og starfsaðstæður vega þar jafnvel þyngra en launaliðurinn. Bættar starfsaðstæður og bætt kjör heilbrigðisstarfsfólks verða að vera forgangsverkefni til að heilbrigðiskerfinu haldist á starfsfólki og geti tryggt viðunandi heilbrigisþjónustu. Til þess að viðhalda óbreyttu ástandi þarf því aukna fjármuni en til þess að styrkja heilbrigðiskerfið þarf enn frekari fjármuni. Þrátt fyrir þessa stöðu þá lækkar rekstrarframlag heilbrigðiskerfisins á hvern íbúa í frumvarpinu.

Ár	Rekstur heilbrigðismála á verðlagi hvers árs (m.kr.)*	Rekstur heilbrigðismála á verðlagi sept. 2022 (m.kr.)	Íbúafjöldi	Rekstur heilbrigðiskerfisins per íbúa (þ.kr.)
2021	301.426	341.571	371.580	919
2022	287.778	287.778	381.370	755
2023	300.929	286.872	385.868**	743

*Rekstrartölur: https://www.stjornarradid.is/fjarlog2023#greiningar
**Mannfjöldaspá Hagstofu Íslands, miðspá fyrir árið 2023

Hér er því hvorki um styrkingu né vernd heilbrigðiskerfisins að ræða heldur veikingu, þrátt fyrir áherslur í stjórnarsáttmála og heilbrigðisstefnu um annað. Þessi þróun lýsir skilningsleysi á stöðu og þörfum heilbrigðiskerfisins. Í forsendum gjaldahliðar frumvarpsins er tekið fram að sökum óvissu við gerð kjarasamninga verði ekki áætlaðar launabætur niður á stofnanir heldur þær færðar í almennan varasjóð, og því er ekki hægt að gera grein fyrir þeim í samanburðinum að ofan. Samningar flestra opinberra starfsmanna renna út í lok mars 2023. Sjaldnast hefur samningur tekið við af samningi. Það er því fyrirsjáanleg óvissa í rekstri heilbrigðiskerfisins á næsta ári þar sem stofnanir vita ekki úr hverju þær hafa að spila til launagreiðslna. Þessi ráðstöfun er síður en svo til þess fallin að auka fyrirsjáanleika við rekstur hvað þá að hægt sé að styrkja mönnun, en helsta markmið ríkisstjórnarinnar í heilbrigðismálum er einmitt efling mönnunar.

Ríkisstjórnin verður að skýra hvernig sú útgjaldastefna sem birtist í frumvarpinu á að koma til móts við þarfir fyrir lögbundna heilbrigðisþjónustu og hvernig ríkisstjórnin ætlar að ná markmiðum sínum um eflingu mönnunar, heilbrigðisþjónustu á réttu þjónustustigi og ásættanlegan biðtíma. Samkvæmt Embætti landlækni voru í vor um 400 einstaklingar á biðlista eftir hjúkrunarrými, þúsundir á biðlista eftir aðgerðum og sumar heilsugæslustöðvar eru hættar að taka við tímabókunum til heimilislæknis sökum skorts á starfsfólki. Útgjaldaaukningu er einna helst að sjá í auknum útgjöldum til einkarekinnar sérfræðiþjónustu í stað þess að styrkja opinbera sérfræðiþjónustu.

BSRB vekur sérstaklega athygli á því að styrking opinberrar heilbrigðisþjónustu eykur jöfnuð og tryggir öryggi og heilsu íbúa landsins. Verði af boðuðum niðurskurði og aðhaldsaðgerðum mun það hafa alvarlegar afleiðingar til lengri tíma.

Húsnæðismál
Verkalýðshreyfingin hefur lagt ríka áherslu á húsnæðismál í aðdraganda kjarasamninga til að tryggja húsnæðisöryggi launafólks. Húsnæðishópur var því skipaður á vettvangi Þjóðhagsráðs í ársbyrjun 2022 sem skilaði tillögum í maí sl. Veigamesta tillagan er sú að ríki og sveitarfélög geri með sér húsnæðissáttmála um uppbyggingu 35.000 íbúða næstu 10 árin þar sem 30 prósent íbúða verði á viðráðanlegu verði, þ.e. með fjárstuðningi frá hinu opinbera, og 5 prósent verði félagslegar íbúðir á vegum sveitarfélaga.

Stjórnvöld gáfu út yfirlýsingu þegar tillögur starfshópsins voru kynntar þar sem lögð var sérstök áhersla á uppbyggingu íbúða með stuðningi stjórnvalda, endurbætur á húsnæðisstuðningi og réttindi og húsnæðisöryggi leigjenda.

Almennar íbúðir
BSRB leggur ríka áherslu á hraða uppbyggingu almennra íbúða og umtalsverða fjölgun þeirra á næstu árum. Samkvæmt húsnæðissáttmálanum á að byggja 4.000 íbúðir árlega á næstu fimm árum og eiga um 1.200 þeirra að vera á viðráðanlegu verði. Mikilvægt er að af þeim íbúðum verði a.m.k. 1.000 innan almenna íbúðakerfisins. Almenna íbúðakerfið var sett á stofn árið 2016 í kjölfar kjarasamninganna árið 2015 til að auka framboð af leiguíbúðum fyrir fólk undir ákveðnum tekju- og eignamörkum. Að jafnaði hefur markmiðið verið að úthluta stofnframlögum til 600 leiguíbúða innan kerfisins árlega en það markmið hefur ekki gengið eftir. Að meðaltali hafa verið veitt stofnframlög til 442 íbúða árlega frá árinu 2016 og á yfirstandandi ári til 328 íbúða. Af þeim tæplega 3.000 íbúðum sem hafa fengið stofnframlög eru aðeins um 40 prósent til félaga launafólks. Það þarf því að bæta verulega í til að tryggja húsnæðisöryggi launafólks.


Bjarg er almennt íbúðafélag í eigu ASÍ og BSRB og hefur uppbygging félagsins verið einstaklega farsæl. Félagið hefur afhent 670 íbúðir til leigutaka, er með um 240 íbúðir í hönnunar- eða byggingarferli og áform um 450 íbúðir eru í undirbúningi. Þrátt fyrir þessa öflugu uppbyggingu eru um 3.600 manns á biðlista eftir íbúð hjá félaginu í októberbyrjun 2022.

Í fjárlagafrumvarpinu er gert ráð fyrir að fjárveitingar til stofnframlaga lækki um 2 milljarða króna og fari úr 3,7 mö.kr. í 1,7 ma.kr. Ekki virðist gert ráð fyrir viðbótarframlögum til stofnaframlaga vegna húsnæðissáttmála ríkisins og sveitarfélaga. Í ljósi þeirrar áherslu sem verkalýðshreyfingin hefur lagt á húsnæðismál í aðdraganda kjarasamninga sætir það furðu að framlög til stofnframlega séu lækkuð. BSRB krefst þess að framlögin verði hækkuð miðað við yfirstandandi ár þannig að þau nái að fjármagna stofnframlög til 1.000 almennra íbúða árlega næstu fimm árin.

Húsnæðisstuðningur
Árið 2021 bjuggu um 27 prósent leigjenda við íþyngjandi húsnæðiskostnað og um 9 prósent eigenda. Húsnæðiskostnaður telst íþyngjandi þegar hann er umfram 40 prósent af ráðstöfunartekjum. Verkalýðshreyfingin hefur því lagt ríka áherslu á að húsnæðisstuðningskerfin, húsnæðisbætur til leigjenda og vaxtabætur til eigenda, verði efld.

Fjárheimildir húsnæðisbóta eiga að hækka um 1,5 ma.kr. frá núgildandi fjárlögum. Aukningin kemur til vegna hækkunar bótanna og frítekjumarka sl. sumar, en aðgerðin var ein af

mótvægisaðgerðum ríkisstjórnarinnar vegna verðbólgu, og fjölgunar í hópi þeirra sem eiga rétt á húsnæðisbótum.



Nýtt kerfi húsnæðisbóta fyrir leigjendur tók gildi í janúar 2017. Bæturnar eru tekju- og eignatengdar og taka mið af fjölda í heimili. Hámarksbætur fyrir einstakling sem býr einn voru í upphafi 31.000 kr. á mánuði, hækkuðu í janúar 2018 í 32.460 kr. á mánuði en stóðu svo í stað þar til nú í sumar þegar þær hækkuðu í 35.706 kr. Á myndinni má sjá að leiguverð hefur hækkað um 35 prósent frá því nýtt húsnæðisbótakerfi tók gildi en húsnæðisbæturnar höfðu aðeins hækkað um 5 prósent þar til í júní 2022 en hafa nú hækkað um 15 prósent. Leiguverð hefur því hækkað langt umfram hækkun húsnæðisstuðnings á tímabilinu. Þá hefur leiguverð einnig hækkað umtalsvert umfram kaupmátt sem jókst um tæp 14 prósent á sama tímabili.

Í frumvarpinu kemur fram að starfshópur um húsnæðisstuðning sé að störfum og búist er við viðbótarfjármagni til málaflokksins við 2. umræðu frumvarpsins þar sem litið verði til tillagna hópsins. Eins og áður sagði greiðir rúmlega fjórðungar heimila á leigumarkaði meira en 40 prósent af ráðstöfunartekjum sínum í leigu. Þróun fjárhæða húsnæðisbóta síðast liðin ár lýsir skammarlegu metnaðarleysi stjórnvalda í garð húsnæðisöryggis leigjenda. BSRB krefst þess að húsnæðisbætur verði hækkaðar þannig að húsnæðiskostnaður leigjenda fari ekki umfram 25 prósent af ráðstöfunartekjum.

Fjárframlög til vaxtabótakerfisins lækka ár frá ári og nú er gert ráð fyrir á þau verði aðeins um 2,2 ma. kr. árið 2023. Árið 2014 voru fjárheimildir til vaxtabóta 10,2 ma.kr. sem jafngildir tæplega 14 mö.kr. á verðlagi dagsins í dag. Vaxtabætur munu því rýrna að verðgildi um 12 ma. kr. á þessum 9 árum að óbreyttu. Verkalýðshreyfingin hefur ítrekað gagnrýnt það að stjórnvöld hafi ákveðið að leggja vaxtabótakerfið nánast niður án samráðs við samtök launafólks.

Samkvæmt óformlegri könnun BSRB má ætla að um þriðjungur heimila sé með húsnæðislán á breytilegum óverðtryggðum vöxtum. Í mánaðaryfirliti ASÍ fyrir september er gefið dæmi af heimili sem keypti húsnæði vorið 2021 á 54 milljónir króna með 20 prósent eigin fé. Greiðslubyrði heimilisins vegna vaxtakostnaðar hafði á rúmu ári hækkað um rúmlega 100.000 kr. á mánuði vegna vaxtahækkana. Þó lítið sé um vanskil fasteignalána í dag má ljóst vera að mörg heimili þola ekki slíka hækkun á greiðslubyrði til langframa. BSRB krefst þess að vaxtabótakerfið verði endurreist og til þess að svo geti orðið þarf bæði að hækka hámarksfjárhæðir vaxtabóta og tekjuskerðingar- og eignamörk í kerfinu.

Réttindi og húsnæðisöryggi leigjenda
Í yfirlýsingu stjórnvalda við gerð lífskjarasamninga vorið 2019 segir: „Ákvæði húsaleigulaga verði endurskoðuð til að bæta réttarstöðu leigjenda, meðal annars hvað varðar vernd leigjenda þegar kemur að hækkun leigufjárhæðar og bættri réttarstöðu leigjenda við lok leigusamnings.“ Þetta hefur ekki verið efnt og því var það ein af áherslum verkalýðshreyfingarinnar í starfshópi um húsnæðismál vorið 2022 að gerðar yrðu endurbætur á húsaleigulögum til að efla húsnæðisöryggi leigjenda. Tillagan er eftirfarandi:

25. Endurskoðun á ákvæðum húsaleigulaga til að tryggja jafnræði samningsaðila og aukið húsnæðisöryggi leigjenda. Horft til fordæma frá löndum þar sem þroskaður leigumarkaður er við lýði. Sérstök áhersla lögð á
    - aukið húsnæðisöryggi leigjenda,
    - leiga verði raunverulegur valkostur um búsetuform,
    - viðmið um leiguverð,
    - heimilda til breytinga á leigufjárhæð á leigutíma, óháð því hvort um ótímabundinn samning eða endurnýjun á tímabundnum samningi sé að ræða,
    - leigusalar verði í meira mæli fagfélög,
    - ráðningarsamband ávallt aðskilið frá húsaleigusamningum o.fl.

Í þessu sambandi vill BSRB hvetja Alþingi til að kynna sér sértaklega leigubremsu að danskri fyrirmynd þar sem hækkanir á húsaleigu verða takmarkaðar við 4 prósent á ári næstu tvö árin.

Fjölgun almennra íbúða er gríðarlega mikilvæg til að tryggja húsnæðisöryggi launafólks í lægri tekjuhópum. Biðlistar eftir íbúðum hjá Bjargi lengjast með hverjum mánuðinum sem líður, aðflutningur fólks til landsins er í sögulegu hámarki, verðbólga hefur bein áhrif inn í leiguverð og húsnæðisstuðningskerfi stjórnvalda hafa verið vanfjármögnuð síðustu árin. Þær aðgerðir sem BSRB hefur tíundað hér að ofan eru gríðarlega mikilvægur liður í því að tryggja húsnæðisöryggi allra heimila og skapa sátt í aðdraganda kjarasamninga.

Barnabætur
BSRB hefur lengi kallað eftir stórefldu barnabótakerfi á Íslandi. Í rannsókn bandalagsins frá árinu 2019 kemur fram að íslenska barnabótakerfið gagnast fyrst og fremst allra tekjulægstu fjölskyldunum. Samanburður við Norðurlöndin sýnir að barnabætur styðja vel við fjölskyldur með meðaltekjur í öllum löndunum nema á Íslandi þar sem barnabætur eru hverfandi fyrir þennan hóp. Barnabætur á Norðurlöndunum eru ekki tekjutengdar nema í Danmörku en þar byrja bæturnar að skerðast við meðaltekjur. Hér á landi byrja bæturnar að skerðast hjá sambúðarfólki sem er með sameiginlegar mánaðartekjur umfram 760.000 kr. og hjá einstæðum foreldrum með 380.000 kr. Lágmarkslaun eru 368.000 kr. á mánuði og því skerðast barnabætur hjá meginþorra launafólks á íslenskum vinnumarkaði vegna tekna.

Árið 2021 átti fjórða hvert heimili á Íslandi erfitt með að ná endum saman eða rúm 38.000 heimili. Þar af voru tæplega 15.000 heimili með börn. Ef litið er eingöngu til einstæðra foreldra átti yfir helmingur heimila þeirra erfitt með að ná endum saman.

Í komandi kjarasamningum munu samtök launafólks horfa til samspils launa og annarra þátta. Í því sambandi eru ekki síst barnabætur mikilvægar. Kerfið í dag er ekki fullnægjandi og mikilvægt er að breyta barnabótakerfinu þannig að barnabætur byrji ekki að skerðast fyrr en meðaltekjum er náð.

Fæðingarorlof
BSRB hefur lengi lagt áherslu á að fæðingarorlof skerðist ekki hjá fólki sem er með laun sem nema lágmarkslaunum og leggur til að gerðar verði breytingar á fæðingarorlofskerfinu þannig að þau sem eru með allra lægstu launin haldi óskertum tekjum í fæðingarorlofi.

Ekki er gert ráð fyrir hækkun hámarksfjárhæða fæðingarorlofs í fjárlagafrumvarpinu. Í frumvarpinu er lögð til 2,6 ma.kr. viðbótarfjárheimildir vegna betri nýtingar fæðingarorlofsréttar, sérstaklega hjá feðrum. Það er mjög jákvæð þróun en markmið laganna um fæðingarorlof er einmitt að tryggja börnum samvistir við báða foreldra. Til þess að styðja við þessa þróun og viðhalda henni er mikilvægt að hækka hámarksfjárhæðar orlofsins. Tölfræði um töku fæðingarorlofs sýnir að ef þakið hækkar ekki í takt við launaþróun dregur úr fæðingarorlofstöku tekjuhærra foreldrisins. Í fæðingarorlofi eiga foreldrar rétt á 80 prósent af launum sínum, en þakið er 600.000 kr., að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Sú fjárhæð hefur verið óbreytt um árabil. BRSB hvetur til þess að þakið verði hækkað þannig að það miðist við að minnsta kosti 80 prósent af meðallaunum en þau voru 823.000 kr. á mánuði árið 2021 hjá fullvinnandi.

Almannatryggingar
Samkvæmt fjárlagafrumvarpinu eiga bætur almannatrygginga að hækka um 6 prósent í ársbyrjun 2023. Bæturnar hækkuðu einnig um 3 prósent frá júní 2022 og var það liður í mótvægisaðgerðum ríkisstjórnarinnar vegna verðbólgu. Nýtt kerfi ellilífeyris tók gildi í janúar 2017. Örorkulífeyriskerfið bíður enn endurskoðunar og er það kerfi mun flóknara og skerðingarnar mjög miklar, sérstaklega í ákveðnum bótaflokkum. Ellilífeyrir og framfærsluviðmið örorkulífeyris eru svipuð að fjárhæð en það síðarnefnda skerðist mun meira vegna annara tekna en ellilífeyririnn sem þó skerðist langt umfram það sem ásættanlegt getur talist. Til einföldunar er á myndinni sýnd þróun fjárhæða ellilífeyris í samanburði við vísitölu launa og vísitölu neysluverðs. Í lögum um almannatryggingar segir bæturnar eigi að taka mið af launaþróun en þó þannig að þær hækki aldrei minna en verðlag.


Á myndinni sést glöggt að ríkisstjórnin velur að hækka ekki bæturnar til samræmis við launaþróun eins og lögin kveða á um, heldur hækkar þær til samræmis við verðlag. Hins vegar er verðlagsviðmiðið ákveðið lágmark til að tryggja að bæturnar rýrni ekki að verðgildi ef laun hækka minna en verðlag. Það hefur því verið tekin pólitísk ákvörðun um að auka ójöfnuð á kostnað elli- og örorkulífeyrisþega.



Atvinnuleysistryggingar
Atvinnuleysi er nú mun minna en á tímum sóttvarnaraðgerða vegna heimsfaraldursins og mældist 3,9 prósent í ágúst sl. Alls voru um 6.100 manns á atvinnuleysisskrá og af þeim voru um 2.400 manns búin að vera án atvinnu lengur en 12 mánuði. Fjölgunin í þeim hópi er mikið

áhyggjuefni. BSRB hefur ítrekað gagnrýnt styttingu tryggingartímabilsins úr 36 mánuðum í 30 mánuði. Mikilvægt er að lengja tímabilið aftur nú þegar langtímaatvinnuleysi eykst og auka verulega þjónustu við þau sem hafa verið lengi í atvinnuleit. Það er óboðleg stefna að fólk sem þarf að kljást við atvinnuleysi um lengri tíma detti út úr kerfinu og þurfi að leita á náðir sveitarfélaga um framfærslu. Sú framfærsla er neyðaraðstoð, fjárhæðirnar mjög lágar og tekju- og eignamörk eru afar ströng.

Árið 2019 hækkuðu atvinnuleysisbætur umtalsvert og urðu 279.720 kr. á mánuði eða 88 prósent af lágmarkslaunum. Í dag eru bæturnar tæplega 314.000 kr. á mánuði og nema 85 prósent af lágmarkslaunum. Ef þróun fjárhæða atvinnuleysistrygginga er borin saman við launaþróun sést að bæturnar hafa hækkað um 12 prósent frá 2019 en launavísitala um 27 prósent.



Atvinnuleitendur eiga rétt á tekjutengdum atvinnuleysisbótum í allt að þrjá mánuði í upphafi atvinnuleitar. Miðað er við 70 prósent af heildarlaunum síðustu sex mánuðina í vinnu en að hámarki 495.000 kr. á mánuði. Það þýðir að launafólk með yfir 700.000 krónur á mánuði í heildarlaun skerðist umfram 70 prósent. Eðlilegt væri að miða þakið við að minnsta kosti meðallaun sem eru mun hærri eða 823.000 kr. á mánuði.

Ríkisstjórnin hækkaði ekki atvinnuleysistryggingar um 3 prósent líkt og almannatryggingar í júní 2022 og samkvæmt frumvarpinu á einungis að hækka þær um 4,9 prósent frá og með janúar 2023 á meðan að almannatryggingar hækka um 6 prósent á sama tíma. Bætur almannatrygginga hækka rúmlega 4 prósent umfram atvinnuleysistryggingar frá júní 2022 til janúar 2023. Stefna ríkisstjórnarinnar virðist vera sú að best sé að svelta fólk til vinnu. BSRB hafnar þessari hugmyndafræði og krefst þess að atvinnuleysistryggingar hækki hlutfallslega til jafns við almannatryggingar og fylgi launaþróun.

Kynjasjónarmið – takmarkaðar aðgerðir hafa neikvæð áhrif á kynin

Ákvarðanir í tekju- og gjaldamálum ríkissjóðs geta haft mjög misjöfn áhrif á kynin. Konur eru að jafnaði með lægri tekjur en karlar, starfa í annars konar störfum og bera í auknum mæli ábyrgð á umönnun barna og ættingja. Þá eru mun fleiri konur einstæðir foreldrar en karlar. Skattar og gjöld sem leggjast jafnt á allan almenning, líkt og ríkisstjórnin boðar í frumvarpinu, koma verr við þá sem lægri hafa launin, sem oftar eru konur og sérstaklega einstæðar konur með börn.

Veiking grunnþjónustunnar, hvort sem litið er til heilbrigðismála eða grunnþjónustu, sem veitt er af sveitarfélögum, hefur neikvæð áhrif á stöðu kvenna af þeim ástæðum sem raktar eru hér að framan. Í frumvarpinu er dregið úr rekstrargetu heilbrigðiskerfisins og ekki er sjáanleg aukning á tekjustofnum sveitarfélaga. Það er því ekki hægt að ályktа annað en að frumvarpið boði veikingu grunnþjónustunnar sem hefur margþætt neikvæð áhrif á stöðu kvenna í samfélaginu. Það leiðir m.a. til aukinnar umönnunarbyrði, lægri launa og aukins álags í störfum

en konur eru í miklum meirihluta opinberra starfsmanna. Þá eru konur um 61 prósent þeirra sem fengu greiðslur frá TR í september sl. eða um 16.300 fleiri en karlar. Sú pólitíska ákvörðun ríkisstjórnarinnar að skerða lífeyrisgreiðslur, líkt og að framan greinir, hefur neikvæð áhrif á öll kyn en þó umtalsvert fleiri konur en karla.

Í þessari úttekt er eingöngu rætt um konur og karla og er það vegna skorts á upplýsingum um öll kyn.

Að lokum má nefna áþreifanlega vöntun við útfærslu frumvarpsins á tengingu við velsældaráherslur ríkisstjórnarinnar sem mikið var fjallað um í þeirri fjármálaáætlun sem frumvarp þetta byggir á.

Samantekt

- Ríkisstjórnin sendir launafólki skýr skilaboð með fjárlagafrumvarpinu um að kjarabætur verði eingöngu sóttar við kjarasamningsborðið. BSRB telur mun skynsamlegra fyrir almannaheill og efnahagsstjórn landsins að ríkissjóður leggi sitt af mörkum til að styðja betur við fólk í lægri tekjuhópunum og með þunga framfærslubyrði ásamt því að styrkja almannaþjónustuna til að auka velsæld og bæta kjör og starfsumhverfi þeirra sem veita þjónustuna.
- Frumvarpið lýsir hagkerfi þar sem einkaneysla hefur aldrei verið sterkari og kaupmáttaraukning mikil. Í þeirri lýsingu er ekki tekið tillit fjórða hvers heimilis í landinu, þeirra rúmlega 38 þúsund sem áttu erfitt með að ná endum saman árið 2021. Í þessum hópi eru m.a. 52 prósent heimila einstæðra foreldra á Íslandi.
- Ríkisstjórnin velur þá leið til nýrrar tekjuöflunar að hækka almenn gjöld og leggja þannig jafnar byrðar á alla landsmenn, sem mun óhjákvæmilega leggjast hlutfallslega þyngst á þau sem lægstar hafa tekjurnar og þyngstu framfærslubyrðina. Almennar hækkanir gjalda eru því ekki rétta tækið til að draga úr neyslu þeirra sem mest hafa handa á milli. Nær væri að ríkisstjórnin bætti stöðu ríkisfjármála með tekjuöflun hjá þeim aðilum sem sannarlega hafa svigrúm til þess að greiða hærri skatta og tryggi með þeim hætti sjálfbærni í rekstri ríkissjóðs.
- Nú er tíminn til að efla og fjölga tekjustofnum ríkisins, styrkja almannaþjónustuna og leiðrétta tilfærslukerfin. Mætti í þessu samhengi til dæmis nefna hátekjuskatt, eignaskatta, bankaskatt, hækkun fjármagnstekjuskatts og hærri hlutdeild almennings af tekjum fyrir afnot af sameiginlegum auðlindum þjóðarinnar. Það ýtir undir velsæld og jöfnuð og mun skila sér í þróttmeira hagkerfi til lengri tíma. En ríkisstjórninni hugnast ekki sú leið heldur einblínir á sölu ríkiseigna og lækkun útgjalda.
- Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar er lagt upp með að sveitarfélögin njóti góðs af gjaldtöku gistináttagjalds og að gjaldtaka í ferðaþjónustu verði tekin til skoðunar og horft til þess að breikka skattstofninn. Ekkert er fjallað um þá skoðun í frumvarpinu. Í ljósi þröngrar stöðu margra sveitarfélaga telur BSRB að þessi skoðun þoli ekki bið.
- Útgjaldakafli frumvarpsins endurómar áherslu á aðhald og niðurskurð. Þar birtist með skýrum hætti sú stefna að jafnvægi í ríkisfjármálum á að ná með skertri opinberri þjónustu en ekki aukinni tekjuöflun þar sem sannarlega er svigrúm til staðar.
- Heilbrigðiskerfið hefur verið undir miklu álagi undanfarin ár og erfitt er orðið að manna ýmsar fagstéttir innan kerfisins. Flótta gætir vegna gríðarlegs langvarandi álags sem bætist ofan á þann mönnunarvanda sem þegar er uppi í heilbrigðiskerfinu og hefur

alvarleg áhrif á starfsemi heilbrigðisstofnana. Bættar starfsaðstæður og bætt kjör heilbrigðisstarfsfólks verður að vera forgangsverkefni til að tryggja viðunandi heilbrigðisþjónustu. Þrátt fyrir þessa stöðu þá lækka rekstrarframlög til heilbrigðiskerfisins á hvern íbúa samkvæmt frumvarpinu.

- Í komandi kjarasamningum munu samtök launafólks horfa til samspils launa og annara þátta. Þar vega húsæðismál, stuðningur við barnafjölskyldur, almanna- og atvinnuleysistryggingar þyngst.
- Fjölgun almennra íbúða er gríðarlega mikilvæg til að tryggja húsnæðisöryggi launafólks í lægri tekjuhópum. Biðlistar eftir íbúðum hjá Bjargi lengjast með hverjum mánuðinum sem líður, aðflutningur fólks til landsins er í sögulegu hámarki, verðbólga hefur bein áhrif inn í leiguverð og húsnæðisstuðningskerfi stjórnvalda hafa verið vanfjármögnuð síðustu árin. Tryggja þarf fjárheimildir til stofnframlaga fyrir 1.000 almennar íbúðir árlega og leiðrétta skerðingar húsnæðis- og vaxtabóta undanfarin ár svo byrði húsnæðiskostnaðar verði ekki umfram 25 prósent af ráðstöfunartekjum.
- Taka þarf barnabótakerfið til gagngerar endurskoðunar. Kerfið í dag er ekki fullnægjandi og mikilvægt er að breyta barnabótakerfinu þannig að barnabætur byrji ekki að skerðast fyrr en að meðaltekjum er náð.
- Breyta þarf fæðingarorlofskerfinu þannig að þau sem eru með allra lægstu launin haldi óskertum tekjum í fæðingarorlofi. Hækka þarf hámarksfjárhæð fæðingarorlofs. Í fæðingarorlofi eiga foreldrar rétt á 80 prósent af launum sínum, en þakið er 600.000 kr., að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Sú fjárhæð hefur verið óbreytt um árabil. Hækka þarf þakið þannig að það miðist við að minnsta kosti 80 prósent af meðallaunum en þau voru 823.000 kr. á mánuði árið 2021 hjá fullvinnandi.
- Á undanförnum árum hafa bætur almannatrygginga hækkað til samræmis við verðlag en ekki launaþróun. Það þýðir að tekin hefur verið um það pólitísk ákvöðun að auka á ójöfnuð lífeyrisþega gagnvart öðrum hópum samfélagsins.
- Langtímaatvinnuleysi er að aukast og því er mikilvægt að lengja aftur tryggingatímabilið í 36 mánuði og auka þjónustu við atvinnuleitendur. Atvinnuleysistryggingar voru ekki hækkaðar í júní í mótvægisaðgerðum ríkisstjórnarinnar gegn verðbólgu. Samkvæmt frumvarpinu munu þær líka hækka minna en almannatryggingar í ársbyrjun 2023. Nemur munurinn samanlagt fjórum prósentum. BSRB krefst þess að atvinnuleysistryggingar hækki hlutfallslega til jafns við almannatryggingar og fylgi launaþróun.
- Almennar gjaldahækkanir líkt og boðaðar eru á tekjuhlið frumvarpsins koma verst niður á þeim sem lægst hafa launin og þar með í meira mæli konum. Þá hefur veiking grunnþjónustu og raunrýrnun lífeyris að jafnaði neikvæðari áhrif á konur en karla.

Fyrir hönd BSRB

Sigríður Ingibjörg Ingadóttir,
hagfræðingur

Heiður Margrét Björnsdóttir,
hagfræðingur



ÁHUGAFÉLAG UM REKSTUR MARÍU JÚLÍU BA-36
Byggðasafn Vestfjarða – Minjasafn Egils Ólafssonar
Turnhúsinu – Neðstakaupstað – Ísafirði
kt.: 500904-2670

Ísafjörður 12. október 2022

nefndasvid@althingi.is

Bt. Fjárlaganefnd / Jón Magnússon ritari

Formaður Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir.

Efni: Framhaldsstyrkur um björgun björgunarskútunnar Maríu Júlíu BA 36.

Í upphafi þökkum við fyrir fjárstyrk í júní á þessu ári, að tillögu forsætisráðherra og umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra um að veita 15 m.kr. af ráðstöfunarfé ríkisstjórnarinnar til flutning skipsins í slipp á Akureyri.

Byggðasafn Vestfjarða fóstrar hið fornfræga skip Maríu Júlíu í Ísafjarðarhöfn. Skipið er í eigu Byggðasafns Vestfjarða og Minjasafns Egils Ólafssonar á Hnjóti sem stofnuðu áhugamannafélag um verkefnið árið 2004.

Hollvinasamtök um Maríu Júlíu voru stofnuð í marsmánuði 2020. Félagar í samtökunum eru á þriðja hundraðið og sýnir vel þá breiðfylkingu sem er um þetta sérstaka verkefni. Stefnt er að því að Áhugafélag um rekstur Maríu Júlíu BA-36 verði gert að sjálfseignarstofnun á þessu ári með ítarlegri skilgreiningu á hlutverki sínu í framtíðinni.

Frá árinu 2004 hefur félagið notið opinbera styrkja um samtals 25 milljónir króna auk 15 milljónir króna þessa árs. Margt hefur verið gert á þessum langa tíma og verkefnin takmarkast við fjárveitingar hverju sinni. Nú er hins vegar komið að ögurstund í björguninni og blásið hefur verið í herlúðra. Einkaaðilar hafa ekki komið að verkefninu til þessa en með framlagi fjárlaganefndar á þessu ári jókst tiltrú einkageirans á framhaldinu og hafa 2 öflugir aðilar í sjávarútvegi gefið vilyrði fyrir framlagi að sömu upphæð á móti hinu opinbera. Haldið verður áfram að róa á þau mið.

Erfitt er að segja til um endanlegan kostnað við verkefnið sem og þann tíma sem uppbyggingin tekur. Sýn okkar er að verkefnið taki um 3 - 5 ár og kostnaður verði á bilinu 200 – 300 milljónir. Öll framkvæmdin er í samráði við Minjastofnun með tilliti til laga um menningarminjar, frá 2012 nr. 80 29. júní og þess gætt að svo verði á öllum stigum verkefnisins.

Óskað er eftir 30 milljón króna stuðning fyrir árið 2023.

Áfangaskipting verkefnisins gæti litið svona út:

2022 Skipið dregið til Akureyrar í slipp. (Hreinsun, frumviðgerð og hús fjarlægt).
2023 Áætlunargerð og hönnun með tilliti til notkunar. (Ytra útlit skipsins upprunalegt).
2023 Slippur Húsavik. (Ítarleg viðgerð).
2024 Smiði stýrishúss og Innréttingar. (Unnið í höfn á Akureyri og Ísafirði).
2025 Frágangur og tækjabúnaður. (Unnið í höfn á Ísafirði).

Frekari rökstuðningur um mikilvægi verkefnisins er að finna í meðfylgjandi greinargerðar sem unnin var af Hollvinasamtökunum um Maríu Júlíu á síðasta ári.

Virðingarfyllst,

Jóna Símonía Bjarnadóttir

Jóna Símonía Bjarnadóttir
Forstöðumaður Byggðasafns Vestfjarða

BYGGÐASTOFNUN
Sauðármýri 2
550 Sauðárkróki
Sími 455 54 00
postur@byggdastofnun.is

Sauðárkróki 10. október 2022

Fjárlaganefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um fjárlagafrumvarp fyrir árið 2023

Inngangur

Í lögum um opinber fjármál nr.123/2015 segir í 4. mgr. 14. gr. um aðkomu Byggðastofnunar að frumvarpi til fjárlaga: *„Innan fjögurra vikna frá framlagningu frumvarpsins skal Byggðastofnun gefa fjárlaganefnd Alþingis umsögn um áhrif frumvarpsins á byggðaþróun í landinu.“* Í áliti meirihluta fjárlaganefndar með frumvarpinu á sínum tíma sagði: *„Í þessu felst m.a. að í umsögn Byggðastofnunar skuli fjallað um hvernig stefna hvers ráðherra skv. 20. gr. frumvarpsins, fyrir þau málefnasvið og málaflokka sem hann ber ábyrgð á, samræmist byggðaáætlun og sóknaráætlunum landshluta sem fram koma í þingsályktunartillögu um stefnumótandi byggðaáætlun.“*

Í þingsályktun um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2022-2036 sem samþykkt var á Alþingi þann 15. júní sl. segir í IV. kafla um samhæfingu við aðrar stefnur og áætlanir að: *„við framkvæmd laga um opinber fjármál verði fjallað sérstaklega um byggðasjónarmið í tengslum og mótun framlagningu og fjárlaga hvers árs.“*

Markmið stjórnvalda í byggðamálum samkvæmt lögum um byggðaáætlun og sóknaráætlanir eru að: *a) Jafna aðgengi að þjónustu b) Jafna tækifæri til atvinnu og c) Stuðla að sjálfbærri þróun byggða um land allt.* Í gildandi byggðaáætlun fylgja þessum markmiðum áherslur og aðgerðir. Í þessari umfjöllun verður fjallað um með hvaða hætti áherslur gildandi byggðaáætlunar koma fram í markmiðssetningu einstakra málefnasviða í fjárlagafrumvarpinu og gildandi fjármálaáætlun sem frumvarpið byggir á.

Byggðamál eru breiður málaflokkur eða kannski miklu frekar viðhorf til allra málaflokka með mjög viðtæka skírskotun. Þau hafa m.a. verið skilgreind á þann veg að þau séu öll viðfangsefni sem hafa áhrif á lífsgæði og samkeppnishæfni landshluta svo sem búsetu, atvinnu og nýsköpun. Þau snúa meðal annars að eflingu samfélaga, félagsauðs, atvinnulífs, menntunar, velferðarmála, samgangna og fjarskipa.

Samkvæmt þessari skilgreiningu eru byggðamál viðfangsefni allra ráðuneyta með einhverjum hætti sem endurspeglast í því að öll ráðuneyti stjórnarráðsins eru ábyrgðarráðuneyti a.m.k. einnar aðgerðar í byggðaáætlun.

Ítrekuð skal athugasemd, sem fram hefur komið í fyrri umsögnum um fjárlagafrumvörp, um að ekki er í frumvarpi þessu birt yfirlit yfir landfræðilega dreifingu tekna og útgjalda ríkisins. Ekki kemur heldur fram landfræðileg dreifing starfa á vegum ríkisins, opinberra hlutafélaga í eigu ríkisins eða starfa í stofnunum sem hafa stærstan hluta tekna sinna af fjárlögum. Þetta mótar vitanlega umsögn Byggðastofnunar um frumvarpið og veldur því að erfitt er að ná þeim markmiðum sem að er stefnt með 14. gr. laga um opinber fjármál.

Markmið og áherslur byggðaáætlunar

Áherslur byggðaáætlunar 2022-2036 koma fram í III. kafla og tengjast áðurnefndum markmiðum samkvæmt lögum um byggðaáætlun og sóknaráætlanir en þau eru:

A) Jafna aðgengi að þjónustu
B) Jafna tækifæri til atvinnu og
C) Stuðla að sjálfbærri þróun byggða um land allt.

Samtals er um 51 áherslu að ræða. Hér að neðan er hver og ein áhersla listuð upp og gerð grein fyrir í stuttu máli, hvernig þær áherslur eru ávarpaðar í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2023 og í sumum tilfellum í fjármálaáætlun fyrir árin 2023-2027. Þá eru aðgerðir í gildandi byggðaáætlun tengdar við áherslur ef við á.

A. Jafna aðgengi að þjónustu.

- *Opinber grunnþjónusta verði skilgreind í lögum sem og hvernig réttur íbúa landsins til hennar verði tryggður óháð búsetu.* – Fjármagnað af byggðaáætlun. Aðgerð A.15 Opinber grunnþjónusta og jöfnun aðgengis og aðgerð A.16 Kostnaðargreining vegna þjónustusóknar.

- *Opinber stefnumörkun verði samhæfð eins og kostur er og áhrif hennar á búsetu í landinu metin.* - Áherslan er almenns eðlis og hefur ekki með beinum hætti áhrif á fjárlög hvers árs. Undanfarin ár hefur Stýrihópur stjórnarráðsins um byggðamál verið að störfum en í honum sitja fulltrúar allra ráðuneyta og fulltrúi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Hlutverk hópsins er að efla samhæfingu innan stjórnarráðsins í málefnum sem snúa að byggðamálum auk þess sem hann á að tryggja virkt samráð við sveitarstjórnarstigið.

- *Stutt verði við nýsköpun og tækniþróun í félags- og heilbrigðisþjónustu um land allt.* - Markmið 2 á málefnasviði 07.20, Nýsköpun, samkeppni og þekkingargreinar, er aukin hagnýting tæknilausna í þágu samfélagslegra áskorana. Þar undir er m.a. að finna tímabundið átak til innleiðingar nýsköpunar í heilbrigðistækni og þjónustu. Tilgreint er 60 milljón kr. fjárframlag. Markmið 2 á málefnasviði 23.2, Almenn sjúkrahúsþjónusta, er að efla sérhæfða ráðgjafaþjónustu til stuðnings við fagaðila sem sinna börnum og unglingum í heimabyggð. Þar undir er að setja á fót fjarheilbrigðisþjónustu sem veitir ráðgjöf og handleiðslu til heilbrigðisstofnana á landsvísu og tryggir aðgengi að sérhæfðri þjónustu þegar að við á. Áherslan er studd og að hluta til fjármögnuð í byggðaáætlun í aðgerðum A.4 Velferðarnet, A.5 Fjarheilbrigðisþjónusta og A.11 Heildstæð skólaþjónusta.

- *Öll lögheimili og vinnustaðir á landinu eigi kost á háhraðanettengingu með ljósleiðara eða annarri sambærilegri tækni.* – Markmið 1 á málefnasviði 11.20, Fjarskipti, eru aðgengileg og greið fjarskipti. Þar er sérstaklega tilgreint mat á þörf fyrir uppbyggingu fjarskipainnviða utan markaðssvæða. Einnig fjármagnað í byggðaáætlun, aðgerð A.1, þar sem áhersla er á þá byggðakjarna sem hafa takmarkaðan aðgang að háhraðatengingum.

- *Mótuð verði opinber viðmið um útbreiðslu og gæði farsíma- og farneta á vegakerfi landsins og viðeigandi úrbætur gerðar.* – Markmið 2 á málefnasviði 11.20, Fjarskipti, er að tryggja aðgengi að talsambandi og farneti á helstu stofnvegum og þjóðvegum.

- *Orkukostnaður heimila verði jafnaður.* – Markmið 3 á málaefnasviði 15.10, Stjórnun og þróun orkumála, er jöfnun orkukostnaðar á landsvísu þar sem eitt af þremur verkefnum er áframhaldandi jöfnun kostnaðar á dreifingu raforku á landsbyggðinni. Í frumvarpinu segir að framlög til jöfnunar kostnaðar við dreifingu á raforku á landsbyggðinni á árinu 2022 dugi til að jafna 70% af heildarþörfinni. Markmiðið er 85% jöfnun á árinu 2023. Áherslan er studd í byggðaáætlun með aðgerð A.2 Jöfnun orkukostnaðar.

- *Stuðlað verði að því að verslun á dreifbýlum svæðum, fjarri stórum þjónustukjörnum, verði viðhaldið.* – Markmið 1 á málefnasviði 08.20, Byggðamál, er að jafna aðgengi að þjónustu m.a. með því að rekstur dagvöruverslana í minni byggðarlögum verði styrktur til að viðhalda mikilvægri

grunnþjónustu. Fjármagnað í byggðaáætlun, aðgerð A.9, þar sem áhersla er á að komið sé til móts við vanda dreifbýlisverslana á fámennum markaðssvæðum sem búa við erfið rekstrarskilyrði.

- *Almenningssamgöngur í lofti, láði og legi styrki tengingar innan vinnu- og þjónustusóknarsvæða og auki þannig aðgengi og jafnræði íbúa, m.a. innan landfræðilegra víðfeðmra sveitarfélaga en einnig með því að tengja fámennari byggðarlög stærri þjónustukjörnum.* - Markmið 1 á málefnasviði 08.20, Byggðamál, er að jafna aðgengi að þjónustu m.a. með því að almenningssamgöngur á milli byggða verði efldar með styrkjum úr samkeppnispotti þar sem markmiðið er að styðja við þróun almenningssamgangna út frá byggðarlegum sjónarmiðum. Fjármagnað af byggðaáætlun, aðgerð A.10, þar sem styðja á við áframhaldandi þróun almenningssamgangna milli byggða, m.a. til að tengja ýmsa sérakstursþjónustu við almenningssamgöngur.

- *Með aukinni samhæfingu áætlana verði við forgangsröðun framkvæmda í samgönguáætlun og skilgreiningar á þjónustustigi horft sérstaklega til þess að efla atvinnu- og þjónustusóknarsvæði.* – Markmið 5 á málefnasviði 11.10, Samgöngur, er jákvæð byggðaþróun sem felur í sér áframhald Loftbrúar, fjárfestinga á flugvöllum og átak í uppbyggingu tengivega en samtals er gert ráð fyrir ríflega 2 milljörðum kr. í þessa þrjá liði, þar af 1,5 milljörðum kr. í átak til uppbyggingar tengivega. Þá eru markmið 1 og 2 á sama málefnasviði greiðar samgöngur og öruggar samgöngur. Áherslan er studd í byggðaáætlun í aðgerðum A.16 Kostnaðargreining vegna þjónustusóknar og B.5 Greining atvinnusóknar.

- *Aðgengi að innviðum fyrir vistvæn farartæki verði til staðar um allt land.* – Markmið 2 á málefnasviði 15.10, Stjórnun og þróun orkumála, er aukið hlutfall endurnýjanlegra orkugjafa í orkubúskap landsins og að gera eigi greiningu á stöðu innviða fyrir orkuskipti og uppfæra orkuskiptaáætlun. Áherslan er studd í byggðaáætlun með aðgerð B.2 Orkuskipti og betri orkunýting.

- *Tækifæri til að hagnýta upplýsingatækni og fjarskipti til náms, kennslu og eflingar heildstæðrar skólaþjónustu verði nýtt.* – Markmið 3 á málefnasviði 21.10, Háskólar og rannsóknarstarfsemi, er að auka áhrif og tengsl háskóla og rannsóknarstofnana í samfélaginu sem á m.a. að gera með fjölbreyttu námi um allt land, með áherslu á fjarnám og þekkingarsetur. Áherslan er studd í

byggðaáætlun í aðgerðum A.11 Heildstæð skólaþjónusta, A.12 Jafnræði til náms og A.13 Starfsþróun starfsfólks leik- og grunnskóla.

- *Innflytjendur fái aukin tækifæri til virkrar þátttöku í samfélaginu og geti þannig nýtt hæfileika sína, þekkingu og reynslu, m.a. með auknu aðgengi að íslenskukennslu og samfélagsfræðslu.* – Markmið 1 á málefnasviði 22.20, Framhaldsfræðsla o.fl., er að efla gæði og framboð íslenskukennslu fyrir fullorðna innflytjendur til að auðvelda þeim að taka virkan þátt í samfélaginu og fá hæfni sína metna. Endurskoða á umgjörð íslenskukennslu fyrir útlendinga m.t.t. gæða og árangurs. Markmið 2 á sama málefnasviði er að auka ánægju útlendinga með íslenskunámskeið. Það á að gera með könnun á viðhorfum innflytjenda til íslenskukennslu og þjónustu við þá. Þá er markmið 1 á málefnasviði 29.70, Málefni innflytjenda og flóttamanna, að jafna tækifæri innflytjenda og umsækjenda um alþjóðlega vernd til félagslegrar þátttöku og virkni í íslensku samfélagi og vinna gegn atvinnuleysi innflytjenda m.a. með því að móta langtímastefnu í málaflokknum, þróa vettvang til að miðla upplýsingum um rannsóknir o.þ.h. og með því að efla hvatningar og virkniúrræði til að sporna gegn atvinnuleysi innflytjenda. Áherslan er studd í byggðaáætlun í aðgerð A.7 sem fjallar um nærþjónustu við innflytjendur og A.13 Starfsþróun starfsfólks leik- og grunnskóla sem felur m.a. í sér að starfsfólk leik- og grunnskóla sem ekki hefur íslensku að móðurmáli fái tækifæri til að efla íslenskukunnáttu sína svo að það nái færni B samkvæmt Evrópska tungumálarammanum.

- *Íbúar landsins, ekki síst börn og ungmenni, hafi aðgang að menningu, listum, íþróttum og öðrum tómstundum óháð búsetu og efnahag.* – Markmið 1 á málefnasviði 18.20, Menningarstofnanir, er að efla miðlun á menningu og listum með bættu aðgengi. Það á m.a. að gera með því að tryggja framboð listviðburða í grunnskólum og menningarhúsum um land allt. Markmið 1 á málefnasviði 18.40, Íþrótta- og æskulýðsmál, er að bæta umgjörð og auka gæði í skipulögðu íþrótta- og æskulýðsstarfi. Þar undir er m.a. eftirfylgni með aðgerðaráætlun í tómstunda- og félagsstarfi barna og ungmenna, efla starfsemi samskiptaráðgjafa íþrótta- og æskulýðsstarfs og efla sjálfboðaliðastarf hjá íþrótta- og æskulýðsfélögum. Áherslan er studd í byggðaáætlun í aðgerð B.9 um stefnumótun og hlutverk menningarstofnana og í aðgerð C.15 List fyrir alla.

- *Aðgengi að fjölbreyttu starfs-, iðn- og tæknínámi verði bætt um land allt.* – Markmið 1 í fjárlagafrumvarpi á málefnasviði 20.10, Framhaldsskólar, er að hækka hlutfall nemenda sem ljúka starfs- og tæknínámi og jafna kynjadreifingu. Einnig kemur fram að greina eigi þörf á húsnæði og aðstöðu fyrir iðn- og tæknimenntun á Íslandi með það að markmiði að efla námið. Áherslan er studd í byggðaáætlun með aðgerð A.12 Jafnræði til náms.

- *Háskólar leggi áherslu á aukið framboð náms í fjar- og dreifnámi og efli samstarf sín á milli, m.a. um sameiginleg námskeið, sameiginlegar prófgráður og svæðisbundnar lausnir.* – Markmið 3 á málefnasviði 21.10, Háskólar og rannsóknarstofnanir, er að auka áhrif og tengsl háskóla og rannsóknarstofnana í samfélaginu. Þar er gert ráð fyrir að setja á laggirnar samstarfssjóð háskólanna en áhersla hans á m.a. að vera fjölbreytt nám um allt land, fjarnám og þekkingarsetur, sameiginleg innritunargátt og samstarfsvettvangur allra háskólanna.

- *Öryggi og gæði neyðar- og öryggisþjónustu verði aukin.* – Markmið 2 á málefnasviði 9.10, Löggæsla, er hæsta mögulega öryggisstig. Þar undir er m.a. samhæfingarmiðstöð viðbragðsaðila í öllum umdæmum og heildarendurskoðun almannavarnalaga. Markmið 1 á málefnasviði 24.40, Sjúkraflutningar, eru skjótari viðbrögð við bráðaútköllum í dreifbýli. Markmið 2 á sama málefnasviði er betri faglegur stuðningur á vettvangi og Markmið 3 aukin þjónusta á vettvangi sem m.a. felur í sér styrkingu vettvangsliða á landsvísu, sér í lagi í dreifðari og einangraðri byggðum. Áherslan er studd í byggðaáætlun í aðgerð A.3. sem fjallar um bráðaviðbragð neyðarþjónustu.

- *Tryggð verði örugg póst- og vörudreifing á þeim svæðum sem búa við markaðsbrest í þeirri þjónustu.* – Ekki er um að ræða sjálfstætt markmið um örugga póstþjónustu í fjárlagafrumvarpinu en í helstu breytingum á fjárheimildum málaflokks 11.20, Fjarskipti, er tekið fram að fjármögnun útgjalda vegna alþjónustu í pósti 2023 sé tryggð en hún hafði áður verið tímabundin og að fjárveiting hafi verið aukin um 100 milljónir kr.

- *Rannsóknarvirkni, vísindastarfsemi og nýsköpun á landsbyggðinni verði efld.* – Markmið 3 á málefnasviði 7.20., Nýsköpun, samkeppni og þekkingargreinar, er að ný störf skapist í þekkingargreinum og þar undir fellur m.a. efling nýsköpunar á landsbyggðinni – Lóa og starfrænar smiðjur. Áherslan er studd í

byggðaáætlun í aðgerð B.3. sem fjallar um eflingu nýsköpunar í byggðum landsins og í aðgerð B.4. sem fjallar um stafrænt forskot.

B. Jafna tækifæri til atvinnu.

- *Lögð verði áhersla á mikilvægi uppbyggingar innviða, bæði efnislegra og félagslegra, sem taki mið af ólíkri stöðu og þörfum mismunandi hópa samfélagsins á grundvelli hugmyndafræði altækrar hönnunar, loftslagsmála og sjálfbærrar þróunar.* – Áherslan er almenns eðlis og hægt er að finna uppbyggingu innviða víða stað í frumvarpinu auk þess sem að hugmyndafræði altækrar hönnunar, loftslagsmála og sjálfbærrar þróunar er víða ávörpuð. Dæmi um það eru áherslur undir málefnasviði 5, skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla. Undir markmiði 1 í málaflokki 05.40, Stjórnsýsla ríkisfjármála, sem er skýrari tengingar milli stefnu, fjármuna og árangurs, er m.a. að þróuð verði aðferð og leiðbeiningar sem miða að því að jafnréttismat fjárlagatillagna taki til fleiri breyta en kyns. Markmið 3 í málaflokki 5.20, Eignaumsýsla ríkisins er aukin sjálfbærni og hagkvæm nýting lands, náttúru og auðlinda í umráðum ríkisins. Það á að gera með mótun ramma um ráðstöfun og verðlagningu auðlinda í eigu ríkisins með tilliti til nýtingar orkuauðlinda með hagkvæmum og sjálfbærum hætti. Markmið 1 í málaflokki 5.10, Skattar og innheimta, er að skattkerfið styðji við stefnu stjórnvalda í loftslagsmálum og nýsköpun. Áherslan er studd í byggðaáætlun með aðgerðum B.1 Þrífösun og jarðstrengjavæðing og B.2 Orkuskipti og betri orkunýting.

- *Tækifæri fjórðu iðnbyltingarinnar verði nýtt með sjálfbæra þróun að leiðarljósi.* – Áherslan er almenns eðlis og er hluti áherslu á nýsköpun sem víða kemur fyrir í frumvarpinu og er stutt með áherslum í gildandi byggðaáætlun m.a. í aðgerð B.4 Stafrænt forskot.

- *Nýsköpunarhæfni samfélaga og áhersla á frumkvöðlastarfsemi og græn störf verði aukin um allt land með áherslu á að styrkja stoðkerfi og innviði nýsköpunar, stafræna þróun, þekkingaruppbyggingu og greiðara aðgengi að mörkuðum og fjármagni.* - Áherslan er almenns eðlis og inniheldur áherslur og markmið margra málefnasviða og ráðuneyta. Áherslan er studd í byggðaáætlun í aðgerð B.3. sem fjallar um eflingu nýsköpunar í byggðum landsins og í aðgerð B.4. sem fjallar um stafrænt forskot.

- *Stuðlað verði að eflingu hringrásarhagkerfisins um land allt með áherslu á græna atvinnuuppbyggingu, staðbundna styrkleika, aukna fullvinnslu í héraði og bætta nýtingu auðlindastrauma, þ.m.t. orkunýtingu.* – Markmið 3 á málefnasviði 8.20, Byggðamál, að stuðla að sjálfbærri þróun byggða um land allt m.a. með að hringrásarhagkerfið verði eflt og sjálfbærni samfélaga aukin m.a. með því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda við meðhöndlun og myndun úrgangs. Áherslan er studd í byggðaáætlun í aðgerð B.2 sem fjallar um orkuskipti og betri orkunýtingu, C.3 Grænt og snjallt Ísland, C.8 Sjálfbær samfélög – efling hringrásarhagkerfisins, C.12 Uppsetning og rekstur matvælakjarna og C.17 Grænir iðngarðar.

- *Sköpuð verði fjölbreytt og verðmæt störf um land allt og stuðlað að sem jafnastri dreifingu starfa. Til að styðja við byggðaþróun og búsetufrelsi verði störf hjá ríkinu ekki staðbundin nema eðli starfsins krefjist þess sérstaklega.* – Á málefnasviði 11.20, Fjarskipti og stafræn þróun, er markmið um aðgengileg og greið fjarskipti. Uppbygging ljósleiðarakerfis um landið m.a. rökstudd með því að fólk geti valið sér búsetu óháð störfum. Áherslan er studd í byggðaáætlun í aðgerðum B.6 sem fjallar um staðarval ríkisstarfa, B.7 Óstaðbundin störf, A.1 Háhraðanettengingar og A.8 Stjórnsýslustöðvar ríkisins í héraði.

- *Tryggðir verði fjármunir til uppbyggingar og viðhalds ferðamannastaða um land allt þar sem jafnvægi ríki milli hagnýtingar, samfélagslegs ávinnings og verndun náttúru.* – Á málefnasviði 14.10, Ferðaþjónusta, eru í fjármálaáætlun þrjú markmið sem snúa að aukinni verðmætasköpun, jákvæðri upplifun heimamanna og ferðamanna og umhverfislegri sjálfbærni. Þar kemur einnig fram að fjármunir í innviðauppbyggingu ferðamannastaða fari m.a. í gegnum Framkvæmdasjóð ferðamannastaða. Þá er einnig markmið 1 á málefnasviði 17.10, Náttúruvernd, skógrækt og landgræðsla, að bæta ástand áfangastaða innan náttúruverndarsvæða. Áherslan er studd í byggðaáætlun af aðgerð C.9 Náttúrvernd til eflingar byggðaþróunar.

- *Stutt verði við uppbyggingu fluggátta til landsins um Akureyrar- og Egilsstaðaflugvöll og þannig stuðlað að jafnari dreifingu ferðamanna um landið auk þess að mæta þörfum fyrir varaflugvelli í landinu.* – Á málefnasviði 11.10, Samgöngur, er markmið um jákvæða byggðaþróun m.a. með fjárfestingu í flugvöllum, m.a. stækkun á flugstöð og flughlaði á Akureyri. Áherslan er studd í byggðaáætlun í aðgerð B.11 Fluggáttir.

- *Staðinn verði vörður um byggðatengdar aflaheimildir smærri sjávarbyggða.* – Áherslan kemur ekki fyrir í fjárlagafrumvarpi eða fjármálaáætlun þar sem ekki er um bein fjárútlát ríkissjóðs að ræða.

- *Nýliðun og búháttarbreytingar í landbúnaði verði auðveldaðar og brugðist við kröfum um bættan aðbúnað bústofns með aðgengi að lánum á sem hagstæðustum kjörum.* – Á málefnasviði 12.20, Rannsóknir, þróun og nýsköpun í landbúnaðarmálum, er markmið 3 að efla fæðuöryggi og standa vörð um heilbrigði plantna, velferð dýra og öryggi matvæla. Byggðastofnun veitir hagstæð lán vegna jarðakaupa og/eða kynslóðaskipta í landbúnaði.

- *Til að ná fram markmiðum um kolefnishlutleysi Íslands verði unnið að verndun og bindingu kolefnis í jarðvegi með endurheimt vistkerfa, landgræðslu og skógrækt og unnið að því að stöðva losun gróðurhúsalofttegunda frá landi og endurheimt votlendis og sjálfbærri landnýtingu.* – Á málefnasviði 17.10, Náttúruvernd, skógrækt og landgræðsla, er markmið 2 að auka árlegt umfang uppgræðslu og endurheimtar vistkerfa og nýskógræktar. Það markmið styður við markmið 1 á málefnasviði 17.50, Stjórnsýsla umhverfismála, sem er að draga úr nettólosun gróðurhúsalofttegunda í samræmi við skuldbindingar Íslands í loftslagsmálum og markmið um kolefnishlutleysi Íslands. Áherslan er studd í byggðaáætlun af aðgerð B.2 Orkuskipti og betri orkunýting, aðgerð C.9 Náttúrvernd til eflingar byggðaþróunar og aðgerð C.11 Bætt landnotkun sveitarfélaga.

- *Áfram verði unnið að því að efla skapandi greinar sem vaxandi atvinnuveg og ríki og sveitarfélög skapi skilyrði til atvinnustarfsemi á sviði lista og menningar um land allt.* – Á málefnasviði 18.30, Menningarsjóðir, er markmið 2 að skapa betri skilyrði fyrir fjölbreytni, nýsköpun, nýliðun og frumkvæði í listum og menningu. Áherslan er studd í byggðaáætlun af aðgerð B.9 Stefnumótun og hlutverk menningarstofnana og aðgerð B.10 Nýting menningarminja.

- *Uppbygging þekkingarstarfsemi og annarrar þjónustu á sviði norðurslóðamála styðji við byggðaþróun og þátttöku Íslands í alþjóðastarfsemi.* – Á málefnasviði 04.10, Utanríkisþjónusta og stjórnsýsla utanríkismála, er markmið 1 að standa vörð um grunngildi Íslands á vettvangi fjölþjóðlegrar samvinnu og það á m.a. að gera með aukinni þátttöku í svæðisbundnu samstarfi Norðurlanda og

norðurslóðaríkja. Áherslan studd í byggðaáætlun af aðgerð B.8 Miðstöð norðurslóðamála og einnig af aðgerð C.14 Virk þátttaka í alþjóðlegu samstarfi.

- *Í samstarfi stjórnvalda, stoðkerfis atvinnulífsins og landshlutasamtaka sveitarfélaga verði lokið greiningu á styrkleikum einstakra svæða með tilliti til atvinnuuppbyggingar og fjárfestingaráherslur skilgreindar og á þeim grunni hvatt til grænna fjárfestinga um land allt.* – Á málefnasviði 17.50, Stjórnsýsla umhverfismála, er markmið 2 að efla viðnámsþrótt íslensks samfélags og lífríkis gagnvart loftslagsvá og það á að gera með því að vinna áætlun um aðlögun íslensks samfélags að loftslagsbreytingum. Áherslan er studd í byggðaáætlun af aðgerð C.3 Grænt og snjallt Ísland og C.17 Grænir iðngarðar.

- *Afhendingaröryggi raforku verði aukið og stutt við orkuskipti á landsvísu. Áhersla verði lögð á verkefni sem stuðla að sem bestri raforkunýtingu með samhæfingu framleiðslu, flutnings og notkunar eftir því sem kostur er og falla að öðrum markmiðum og áætlunum, m.a. um sjálfbæra byggðaþróun, full orkuskipti og kolefnishlutleysi Íslands eigi síðar en árið 2040.* – Á málefnasviði 15.10, Stjórnun og þróun orkumála, er markmið 1 tryggt orkuöryggi fyrir alla landsmenn og markmið 2 aukið hlutfall endurnýjanlegra orkugjafa í orkubúskap landsins. Þar undir er m.a. aukinn stuðningur við orkuskipti og greining á stöðu innviða fyrir orkuskipti og uppfærð orkuskiptaáætlun. Áherslan er studd í byggðaáætlun í aðgerð B.1 Þrífösun og jarðstrengjavæðing og aðgerð B.2 Orkuskipti og betri nýting.

C. Stuðla að sjálfbærri þróun byggða um land allt.

- *Unnið verði með félagslegan fjölbreytileika og lýðfræðilega þætti á borð við kyn, aldur og uppruna og þau tækifæri nýtt sem felast í mannauðnum í hverju byggðarlagi.* - Á málefnasviði 8.20, Byggðamál, er markmið 3 að stuðla að sjálfbærri þróun byggða um land allt. Það á m.a. að gera með stuðningi við verkefnið Brothættar byggðir. Áherslan er studd í byggðaáætlun af aðgerð C.1 sértæk verkefni sóknaráætlunarsvæða, C.2 Brothættum byggðum og C.16 jafnrétti í sveitarstjórnum.

- *Sveitarfélög setji sér loftslagsstefnu með skilgreindum markmiðum um samdrátt í losun og geri áætlanir til að tryggja að markmið náist með hliðsjón af markmiði um kolefnishlutleysi Íslands eigi síðar en árið 2040.* – Um er að ræða almenna áherslu sem studd er í byggðaáætlun af aðgerð C.10 Áhrif

loftslagsbreytinga og sveitarfélög og aðgerð C.11 Bætt landnotkun sveitarfélaga.

- *Fyrirliggjandi þekking um áhrif loftslagsbreytinga, áhættumat og tengsl við líffræðilega fjölbreytni skuli tekin til greina í stefnumótun, áætlanagerð og við ákvarðanir er varða þróun byggðar, landnotkun og skipulagsgerð, hvort sem er á landi, haf- eða strandsvæðum.* – Á málefnasviði 17.2, Rannsóknir og vöktun á náttúru Íslands, er markmið 1 að efla vöktunarkerfi gegn náttúruvá og markmið 2 að efla rannsóknir á áhrifum loftlagsbreytinga. Áherslan er studd í byggðaáætlun af aðgerð C.11 Bætt landnotkun sveitarfélaga.

- *Tryggt verði skilvirkt laga- og reglugerðarumhverfi til að bregðast megi við harðnandi alþjóðlegri samkeppni um fólk og fyrirtæki.* – Á málefnasviði 07.20, Nýsköpun, samkeppni og þekkingargreinar er markmið 1 bætt samkeppnisstaða í alþjóðlegu samhengi og velsæld byggð á nýsköpun og hugviti.

- *Greindir verða styrkleikar einstakra svæða og unnið með þá og gætt að samspili þéttbýlis og dreifbýlis í þeim tilgangi að byggja upp fjölbreytt sjálfbær byggðarlög. Í því felst m.a. að móta stefnu þar sem hlutverk Reykjavíkur og höfuðborgarsvæðisins verði skilgreint annars vegar og hlutverk Akureyrarsvæðisins í byggðaþróun í landinu hins vegar.* – Áherslan er studd í byggðaáætlun af aðgerð C.4 Borgarstefna.

- *Aðferðafræði sóknaráætlana landshluta og brothættra byggða verði efld og þróuð.* – Áherslan er fjármögnuð af byggðaáætlun og studd með aðgerðum C.1 Sértæk verkefni sóknaráætlunarsvæða og C.2 Brothættum byggðum

- *Tryggt verði nægilegt framboð af fjölbreyttu íbúðarhúsnæði með fjölgun íbúða á svæðum þar sem skortur á hentugu húsnæði hamlar eðlilegri framþróun og uppbyggingu byggðarlaga og atvinnulífs.* – Á málefnasviði, 31.10, Húsnæðismál, er markmið 2 að tryggja að fyrir liggi góðar rauntímaupplýsingar um húsnæðismarkað, framboð íbúða og stöðu í skipulags- og byggingarmálum á öllu landinu. Það felur m.a. í sér að gera á íbúðaþarfagreiningu, þ.e. greina þörf á nýjum íbúðum til að mæta áætlaðri eftirspurn á grundvelli fólksfjölgunar, óuppfylltri íbúðaþörf og niðurstöðum húsnæðisáætlunar. Áherslan er studd í byggðaáætlun af aðgerðum C.5 Húsnæðismál og C.6 Húsnæðisáætlanir sveitarfélaga.

- *Rekstrarskilyrði fjölmiðla utan höfuðborgarsvæðisins verði bætt.* - Á málefnasviði 19.10, Fjölmiðlar, er markmið 1 að bæta starfsumhverfi fjölmiðla m.a. með því að veita einkareknum fjölmiðlum styrki. Áherslan er studd í byggðaáætlun af aðgerð C.7 Efling fjölmiðlunar í héraði.

- *Rannsóknir á sviði byggðamála verði efldar og virk þátttaka í alþjóðlegu samstarfi á sviði byggðamála og rannsókna tryggð.* - Áherslan er fjármögnuð af byggðaáætlun og studd með aðgerð C.13 Opinberar upplýsingar á sviði byggðamála og C.14 Virk þátttaka í alþjóðlegu samstarfi.

- *Skipan í opinberar stjórnir, ráð, nefndir og starfshópa endurspegli búsetudreifingu í landinu.* – Áherslan er almenns eðlis og hefur ekki bein áhrif á fjárútlát ríkissjóðs.

- *Í samstarfi ríkis og sveitarfélaga verði unnið að innleiðingu barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks og verkefnis Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar um aldursvæn samfélög.* - Á málefnasviði 29.40, Annar stuðningur við fjölskyldur og börn, er markmið 2 að stigskipt þjónusta fyrir börn og fjölskyldur verði endurskoðuð. Það á m.a. að gera með framkvæmd barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Fram kemur í fjármálaáætlun að til standi að lögfesta samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.

- *Sveitarfélög hafi fjárhagslega og faglega getu til að standa til lengri tíma undir lögbundnum verkefnum, innviðauppbyggingu og öðrum brýnum viðfangsefnum nærsamfélagsins og að fjármögnun þeirra stuðli að hagkvæmu skipulagi sveitarstjórnarstigsins og góðri nýtingu opinberra fjármuna.* - Á málefnasviði 8.10, Framlög til sveitarfélaga, er markmið 1 að sveitarfélög á Íslandi verði öflug og sjálfbær vettvangur lýðræðislegrar starfsemi. Það á m.a. að gera með mótun viðmiða um sjálfbæra þróun sveitarfélaga á sviði fjármála, samfélags og umhverfis sem styðja við áætlanir í öllum málaflokkum (innviða-) ráðuneytisins.

- *Stutt verði við klasasamstarf sem tæki í byggðaþróun en þar hefur hið opinbera því hlutverki að gegna að bregðast við markaðsbresti og styrkja innviði nýsköpunar um allt land.* - Á málaefnasviði 07.20, Nýsköpun, samkeppni og þekkingargreinar, er markmið 3 að ný störf skapist í þekkingargreinum þar sem

m.a. er nefnd efling nýsköpunar í landsbyggðunum og Nýsköpunargátt, upplýsingavefur um stuðningsumhverfi nýsköpunar. Áherslan er studd í byggðaáætlun með aðgerðunum B.3 Efling nýsköpunar í byggðum landsins, B.4 Stafrænt forskot, C.3 Grænt og snjallt Ísland, C.12 Uppsetning og rekstur matvælakjarna og C.17 Grænir iðngarðar.

- *Skoðaðir verði möguleikar á beitingu hagrænna hvata sem tækis í byggðaþróun, svo sem að nýta ívilnanaheimildir laga um Menntasjóð námsmanna til endurgreiðslu námslána vegna tiltekinna námsgreina og svæða.* - Skoðunin er studd með aðgerð A.6 Aðgengi að sérfræðiþjónustu á heilbrigðissviði og aðgerð B.5 Greining atvinnusóknar. Hins vegar, til að nýta ívilnanaheimildir laga um Menntasjóð námsmanna, þarf að koma til sérstök fjárveiting.

- *Ríki og sveitarfélög verði færari um að bregðast við áskorunum sem felast í mikilli fólksfjölgun á einstökum svæðum.* – Áherslan er almenns eðlis. Áherslan er studd í byggðaáætlun með aðgerðum C.13 Opinberar upplýsingar á sviði byggðamála og C.14 Virk þátttaka í alþjóðlegu samstarfi.

- *Stutt verði við hin ýmsu form samfélags- og nýsköpunarmiðstöðva í minni byggðakjörnum.* – Áherslan er almenns eðlis og á víða snertifleti bæði í fjárlagafrumvarpinu og í gildandi byggðaáætlun m.a. í aðgerð C.1 Sértæk verkefni sóknaráætlana og C.2 Brothættar byggðir.

- *Rannsóknir á hagrænum og samfélagslegum áhrifum menningar og lista verði efldar, ekki síst á landsbyggðinni.* - Á málefnasviði 18.30, Menningarsjóðir, er markmið 2 að skapa betri skilyrði fyrir fjölbreytni, nýsköpun, nýliðun og frumkvæði í listum og menningu. Áherslan er studd í byggðaáætlun í aðgerð C.13 Opinberar upplýsingar á sviði byggðamála og aðgerð C.14 Virk þátttaka í alþjóðlegu samstarfi.

- *Hlutverk íþróttahéraða verði skilgreind og þau efld, ekki hvað síst með hag barna og ungmenna að leiðarljósi.* – Á málefnasviði 18.40, Íþrótta- og æskulýðsmál, er markmið 1 að bæta umgjörð og auka gæði í skipulögðu íþrótta- og æskulýðsstarfi. Það á að gera m.a. með eftirfylgni með aðgerðaráætlun í tómstunda- og félagsstarfi barna og ungmenna og með því að efla sjálfboðaliðastarf hjá íþrótta- og æskulýðsfélögum.

- *Stuðningur við landbúnað sem mikilvægan hluta af fæðuöryggi og grunnþátt í búsetumynstri verði efldur.* – Á málefnasviði 12.10, Stjórnun landbúnaðarmála, er markmið 1 að skapa skilyrði til fjölbreyttari landbúnaðarframleiðslu með sjálfbæra landnýtingu og nýsköpun að leiðarljósi og markmið 3 að efla fæðuöryggi og standa vörð um heilbrigði plantna, velferð dýra og öryggi matvæla.

Framlög til byggðamála

Samkvæmt fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2023 er gert ráð fyrir að framlög til byggðamála nemi 1.905,5 milljónum kr. Það þýðir að framlög til byggðamála dragast saman um 8,3% frá fjárlögum yfirstandandi árs og um 12,2% frá ríkisreikningi ársins 2021 á verðlagi hvers árs. Af lækkun fjárheimilda vegna sóknaráætlana eru 100 m.kr. vegna niðurfellingar á tímabundnu framlagi vegna neikvæðra áhrifa heimsfaraldurs á ferðaþjónustu og fækkun starfa. Miðað við 7,7% verðlagshækkun og að frádregnum áðurnefndum 100 milljónum kr. **lækka nú framlög til um byggðamála um ríflega 220 milljónir á milli ára að raunvirði.** Þá er vert að nefna að fjárlagaliðurinn atvinnuráðgjafar á landsbyggðinni hefur frá árinu 2008 lækkað um 50% að raunvirði.

Framlögin samkvæmt frumvarpinu skiptast þannig:

- Byggðaáætlun 874,8 m.kr. – lækkar um 47,8 m.kr.
- Byggðastofnun 210,7 m.kr. – lækkar um 2 m.kr.
- Jöfnun flutningskostnaðar 166,6 m.kr. – óbreytt
- Atvinnuráðgjafar á landsbyggðinni 204,4 m.kr. – lækkar um 1,9 m.kr.
- Sóknaráætlanir 449,0 m.kr. – lækkar um 120,4 m.kr.

Breytingar á gjaldtöku af ökutækjum

Í fjárlagafrumvarpinu er boðað að tekin verið skref í átt að nýju fyrirkomulagi gjaldtöku af ökutækjum og eldsneyti til að koma til móts við lækkun tekna vegna orkuskipta ökutækja. Þar segir m.a. *„Unnið er að heildarendurskoðun gjaldtöku á sviðinu, en stefnt er að því að fyrirkomulagið miðist í auknum mæli við notkun og samræmist þörf á áframhaldandi útgjöldum við nýframkvæmdir, viðhald og rekstur vegakerfisins.“* Þá segir einnig að *„Breytingum á bifreiðagjaldi, vörugjaldi og losunarmörkum á næsta ári er ætlað að marka fyrstu skrefin að nýju kerfi, færa tekjurnar nær fyrra jafnvægi og stuðla að því að fleiri bílaeigendur taki þátt í óhjákvæmilegum kostnaði við vegakerfið.“*

Mikilvægt er að halda áfram nýframkvæmdum á vegakerfinu og jafnframt að viðhaldi þess sé sinnt svo og ýmis konar þjónustu eins og vetrarþjónustu. Víða utan

stærstu þjónustukjarna þurfa íbúar að ferðast um lengri veg til að sækja atvinnu og ýmis konar þjónustu. Hafa þarf það í huga við endurskoðun gjaldtöku af ökutækjum að óvíða eru almenningssamgöngur á þessum svæðum með þeim hætti að hægt sé að nota þær til daglegra ferða og því þurfa íbúar að reiða sig á einkabílinn. Tryggja þarf jafnræði í gjaldtöku þannig að breytingin komi ekki harðar niður á dreifbýlum svæðum og að hækkanir verði hóflegar þannig að þær vinni ekki gegn áherslu byggðaáætlunar um eflingu atvinnu- og þjónustusóknarsvæða.

Samantekt og niðurstöður

Í lögum um opinber fjármál nr. 123/2015 segir í 4. mgr. 14. gr. um aðkomu Byggðastofnunar að frumvarpi til fjárlaga: *„Innan fjögurra vikna frá framlagningu frumvarpsins skal Byggðastofnun gefa fjárlaganefnd Alþingis umsögn um áhrif frumvarpsins á byggðaþróun í landinu.“*

Nálgun Byggðastofnunar á mati á fjárlagafrumvarpi er nú nokkuð breytt frá fyrri árum. Að þessu sinni voru teknar fyrir allar áherslur nýsamþykktrar stefnumótandi byggðaáætlunar fyrir árin 2022-2036 og þær bornar saman við markmið einstakra ráðuneyta á viðkomandi málefnasviðum. Í flestum tilfellum, þar sem það átti við, var að finna markmið sem féllu að áherslum byggðaáætlunar og í nokkrum tilfellum markmið í fleiri en einum málaflokki. Í einhverjum tilfellum voru markmiðin almenns eðlis og náðu yfir landið allt. Það skal tekið fram að ekki var greint hversu mikið fjármagn fylgdi hverju markmiði eða hvort fjármagn var aukið eða minnkað frá fyrri árum.

Mat Byggðastofnunar er að áherslur nýsamþykktrar stefnumótandi byggðaáætlunar fyrir árin 2022-2036 sé í flestum tilfellum, þar sem það á við, að finna í markmiðssetningu ráðuneyta í fjárlagafrumvarpi næsta árs eða eftir atvikum í fjármálaáætlun. Matið er með þeim fyrirvörum að ekki er í frumvarpi þessu birt yfirlit yfir landfræðilega dreifingu tekna og útgjalda ríkisins, né landfræðilega dreifingu starfa á vegum ríkisins og tengdra aðila og ítrekar stofnunin athugasemdir fyrri ára um vöntun á þeim upplýsingum.

Stofnunin bendir á að veruleg raunlækkun er á framlögum til byggðamála frá fjárlögum ársins 2022 eða sem nemur ríflega 220 m.kr. auk þess sem að framlög til atvinnuráðgjafar á landsbyggðinni hafa lækkað sem nemur 50% að raunvirði frá árinu 2008. Að lokum vill stofnunin beina því til stjórnvalda að við endurskoðun á gjaldtöku á ökutækjum verði horft til þess að hún vinni ekki gegn áherslu nýsamþykktrar byggðaáætlunar um eflingu atvinnu- og þjónustusvæða.

Virðingarfyllst

Arnar Már Elíasson
forstjóri Byggðastofnunar

BÆNDASAMTÖK ÍSLANDS

Sent með tölvupósti

Reykjavík, 7. október 2022

Alþingi
Fjárlaganefnd
b.t. Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir, formaður

Efni: Umsögn til fjárlaganefndar um frumvarp til laga um fjárlög 2023, 1. mál, 153. löggjafarþing.

Bændasamtök Íslands vilja koma að eftirfarandi athugasemdum og tillögum vegna framlagningar frumvarps til laga um fjárlög 2023.

Hver er stefna ríkisstjórnar Íslands í landbúnaðarmálum?

Í sáttmála um ríkisstjórnarsamstarf kemur m.a. eftirfarandi fram:

- Landbúnaður verði efldur á kjörtímabilinu.
- Fjölga stoðum landbúnaðar á grunni sjálfbærrar nýtingar.
- Markmið um að auka hlutfall hollra og næringarríkra innlendra matvæla til að treysta fæðuöryggi.
- Fæðuöryggi verði tryggt með því að efla innlenda landbúnaðarframleiðslu.
- Efling skógræktar til að mæta skuldbindingum Íslands í loftslagsmálum.

Það sem birtist í fyrirliggjandi fjárlagafrumvarpi


Miðað við fyrirliggjandi fjárlagafrumvarp er um að ræða umtalsverða raunlækkun fjárframlaga til landbúnaðar og stoðþjónustu.

Liðir sem lækka:

- Raunlækkun fjárframlaga til dýralæknaþjónustu um tæpar 25 millj. Dýralæknaþjónusta er nauðsynlegur þáttur í innviðum allrar landbúnaðarframleiðslu og því afar mikilvægt að sú þjónusta sé tiltæk á landinu öllu. Afar illa hefur gengið að manna þessa þjónustu og ljóst að staðan mun ekki batna með lækkun fjárframlaga. Fjárlagaliður 12.10-111.
- Framlag samkvæmt útgjaldaliðnum *Ýmiss stuðningur við landbúnað* lækkar umtalsvert eða um tæpar 700 millj. Fjárlagaliður 12.10-110.
- Engin framlög eru áætluð í Sýklalyfjaónæmis- og súnusjóð á árinu 2023 en fjárframlag til sjóðsins var 30 millj. á árinu 2022. Fjárlagaliður 12.20.


Stuðningur til íslensk landbúnaðar í sögulegu samhengi:

Framlag ríkisins til landbúnaðarins hefur lækkað um tæplega þriðjung að raunvirði frá aldamótum en á sama tíma hefur Íslendingum fjölgað um meira en þriðjung og framleiðsla matvæla aukist mikið.



Mynd 1 Heimild: Hagstofa Íslands

Framlag ríkisins til landbúnaðarins sem hlutfall af VLF hefur lækkað um helming.



Mynd 2 Heimild: Hagstofa Íslands

Hvernig má ná þeim markmiðum sem birtast í stefnu ríkisstjórnarinnar?

Aukin og enn fjölbreyttari innlend framleiðsla landbúnaðarafurða hefur í för með sér aukna verðmætasköpun, minna kolefnisspor, sjálfbærni og stuðlar að fæðuöryggi. Þessum markmiðum má ná m.a. með:

- Átaki í skógrækt til kolefnisbindingar með aðkomu Kolefnisbrúarinnar til að tryggja hámarks verðmætasköpun innanlands.
- Aukinni áherslu á garðyrkju með stuðningi við fjölbreytni í bæði úti- og ylræktun. Auk þess sem festa þarf niðurgreiðsluhlutfall raforkuverðs í samræmi við sáttmála um ríkisstjórnarsamstarf.
- Stóreflingu innlendrar kornræktar.
- Áframhaldandi og auknum stuðningi við innlenda vöruþróun á landbúnaðarvörum.
- Auknum stuðningi við rannsóknir á öllum sviðum landbúnaðar með samkeppnishæfni innlendrar framleiðslu að leiðarljósi.

Tryggja þarf land og landsvæði í landbúnaðarnotkun og viðhalda framleiðsluvilja bænda með eðlilegu starfsumhverfi.

- Framleiðsluvilji og hagstætt starfsumhverfi er forsenda þess að nýsköpun eigi sér stað með tilheyrandi verðmætasköpun.
- Aðgangur að landi til landbúnaðarnota, framleiðsluvilji bænda og tilheyrandi innviðir eru forsenda þess að hægt sé að tryggja fæðuöryggi íslensku þjóðarinnar.

- Ráðstöfun ríkisjarða þarf að vera með þeim hætti að þær jarðir verði í auknum mæli nýttar til landbúnaðarnota.

Viðhalda verður tollvernd á innlenda framleiðslu þannig að staða þeirrar framleiðslu tryggi eðlilegt starfsumhverfi. Í þessu samhengi ber einnig að nefna að hluti af starfsumhverfi íslensks landbúnaðar er eitt strangasta regluverk sem þekkist í heiminum varðandi aðbúnaðarkröfur, takmörkun á notkun lyfja, bann við notkun vaxtaaukandi efna og umhverfiskröfur. Allar þessar kröfur eru settar til að m.a. tryggja hag neytenda en um leið hafa þessar kröfur í för með sér að innlend framleiðsla er dýrari en víða erlendis þar sem landbúnaðarvörur eru framleiddar við aðrar starfsaðstæður. Sömu kröfur eru hins vegar ekki gerðar til innfluttrar vöru.

Afsetning lífræns úrgangs er eitt af þeim málum sem þarfnast nýrrar nálgunar vegna breyttra áherslna og breytts lagaumhverfis s.s banns við urðun á slíkum úrgangi. Íslenskur landbúnaður getur verið hluti af lausninni í þessum málaflokki þar sem mikið magn næringarefna sem þörf er á í landbúnaðarframleiðslu falla til með lífrænum úrgangi. Endurnýting þeirra næringarefna getur verið lykillinn að því að lífrænn úrgangur verði að verðmætum í stað þess að valda óæskilegum umhverfisáhrifum auk ótalins kostnaðar við förgun. Helstu áskoranirnar í þessu verkefni eru skortur á rannsóknum á sviðinu og kostnaðarsöm uppbygging innviða auk þess sem flutningsleiðir eru langar innanlands.

Þau atriði sem þurfa að fá pláss í fjárlögum

Markmið ríkisstjórnarinnar um að efla landbúnað á kjörtímabilinu og að fjölga stoðum landbúnaðar á grunni sjálfbærrar nýtingar eru metnaðarfull. Þessi markmið stuðla jafnframt að verðmætasköpun, fæðuöryggi og minna kolefnisspori svo eitthvað sé nefnt.

Til þess að ná megi þessum markmiðum þurfa eftirfarandi atriði að komast á fjárlög:

- Fjárframlög til plöntukynbóta, árleg fjárfestingarþörf er 30 millj.
- Fjárframlög til rannsókna vegna nýrrar nálgunar við afsetningu lífræns úrgangs.
- Bjargráðasjóður/Náttúruhamfaratrygging Íslands þarf að hafa fjárframlag til að bæta uppskerubrest í kornrækt og áföll í landbúnaði sem ekki er hægt að tryggja hjá hefðbundnum tryggingafélögum sbr. leið C í skýrslu starfshóps um tryggingamál bænda.
- Innviðauppbygging tengd kornrækt, árleg fjárfestingarþörf er áætluð um 1 milljarður.
- Innviðauppbygging tengd áburðarframleiðslu úr lífrænum úrgangi; uppbygging safnstöðva og miðlægra landshluta úrvinnslustöðva.
- Útrýming riðu í íslensku sauðfé með innleiðingu á ARR arfgeninu. Framlög þarf til þessa verkefnis en fyrirsjáanlega mun sá stofnkostnaður spara ríkissjóði gríðarlega fjármuni til framtíðar m.a. með möguleikanum á niðurlagningu sauðfjárveikivarnagirðinga og með því að ekki verði lengur þörf á niðurskurðaraðgerðum af völdum riðu með tilheyrandi kostnaði og bótagreiðslum ríkissjóðs.

Rétt er að nefna í þessu samhengi að íslenskur landbúnaður hefur á árinu 2022 notið aukinna fjárframlaga úr ríkissjóði í formi áburðarstyrks og greiðsla spretthópsins svokallaða, sem ber að þakka. **Það verður þó að hafa í huga að þær greiðslur voru á grunni neyðarástands sem skapaðist vegna áður óþekktra hækkana á aðföngum sem ljóst var að ekki yrði mætt með hækkun afurðaverðs. Þessar aðgerðir höfðu því enga tengingu við framangreind markmið ríkisstjórnarinnar um að efla innlendan landbúnað.**

Önnur atriði

Eitt af stefnumálum í stjórnarsáttmála er að skilvirkni við tolleftirlit verði aukið til muna. Í febrúar sl. skilaði Ríkisendurskoðun skýrslu um *Tollframkvæmd vegna landbúnaðarafurða*. Með sameiningu Tollstjóraembættisins og Ríkisskattstjóra átti að ná fram aukinni skilvirkni í þessum málaflokki en sé miðað við niðurstöður nefndrar skýrslu hefur það ekki tekist. Ríkisendurskoðun gerir tillögur í fimm liðum til úrbóta sem kalla á aukið fjármagn til málaflokksins.

Að lokum

Í skýrslu starfshóps um neyðarbirgðir sem birt var í ágúst sl. er víða minnst á innlenda matvælaframleiðslu. Þar segir til að mynda að fæðuöryggi sé ein af forsendum þess að hægt sé að tryggja lífsafkomu þjóðar á hættustundu. Allar framangreindar tillögur miða að sjálfbærari landbúnaði á Íslandi sem byggi á verðmætasköpun með hollustu matvæla og fæðuöryggi að leiðarljósi.

Að því sögðu eru fulltrúar Bændasamtakanna reiðubúnir til frekara samráðs og samtals um þau atriði sem fram koma í umsögn þessari.

Virðingarfyllst
f.h. Bændasamtaka Íslands

Hilmar Vilberg Gylfason
lögfræðingur

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík 26.10.2022

Dýraverndarsamband Íslands sækir hér með um styrk til eftirfarandi verkefna:

1. Brýnt er að ráða starfsmann í fulla stöðu þar sem málefni sambandsins í málaflokki dýravelferðar eru viðamikil og verkefnin mörg.

Við sækjum því hér með til háttvirtrar fjárlaganefndar Alþingis um styrkveitingu að upphæð kr. 5.250.000-

Dýraverndarsambandið (DÍS) var stofnað árið 1914 og hefur unnið mikið verk í þágu velferðar dýra í landinu. Sambandið er sameiginlegur vettvangur þeirra sem vilja stuðla að velferð dýra, villtra og taminna, búfjár og gæludýra. Það leggur áherslu á miðlun upplýsinga og fræðslu en lætur sig varða allt það sem snertir bætta meðferð dýra og velferð þeirra.

DÍS eru frjáls félagasamtök sem starfa á landsvísu, rekin á félagsgjöldum og styrkjum almennings, en hafa ekki fengið styrk frá hinu opinbera, enn sem komið er. DÍS á fulltrúa í fagráði um velferð dýra, er aðili að Norræna dýraverndarráðinu (Nordisk Dyrebeskyttelsesråd) og að Alþjóðasamtökum um verndun dýra (World Animal Protection). Sambandið er einnig aðili að Landvernd.

Ný stjórn tók við hjá DÍS á aðalfundi þann 07.08.22 og vinnur að uppbyggingu og eflingu þessa aldargamla félags.

Í von um jákvæð viðbrögð og afgreiðslu,

Virðingarfyllst,

Linda Karen Gunnarsdóttir

formaður DÍS

Ferðafélag Akureyrar
Strandgötu 23 – 600 Akureyri – sími 462-2720 – www.ffa.is - netfang ffa@ffa.is

Akureyri 8. nóvember 2022

Til Fjárlaganefndar

Greinargerð vegna þjónustuhúss FFA við Drekagil

Ferðafélag Akureyrar (FFA) hefur frá árinu 1968 byggt upp og rekið skála og ferðamanna-aðstöðu við Drekagil sem nú þjónar hlutverki hálendismiðstöðvar innan Vatnajökulsþjóðgarðs. Félagið hefur með uppbyggingu í Herðubreiðarlindum og Drekagili verði frumkvöðull í að opna norðausturhálendið og náttúruperlur þess fyrir almenningi.

Í Drekagili er gistiaðstaða fyrir 55 gesti í tveimur gistiskálum. Þar er einnig tjaldstæði en tilfinnanlega hefur vantað betri aðstöðu fyrir tjaldgesti, göngu- og hjólafólk og lausaumferð, sem er mikil yfir háannatímann, m.a. með aðstöðu til að þurrka fatnað, elda og matast í skjóli. Það hefur sýnt sig að mikið álag er á gistiskálum FFA við Drekagil af þessari umferð og oft ekki hægt að hleypa fólki þar inn vegna þrengsla. Mikil umferð ferðamanna (oft fjölskyldur með börn) sem er á leið í Öskju fer um svæðið og staðurinn því mikilvægur fyrir ferðamenn hvort sem um öryggi eða þægindi er að ræða.

Askja er einstök á heimsvísu í jarðfræðilegu tilliti. Hún dregur að vísindamenn og almenna ferðamenn víða að úr heiminum vegna jarðsögu og jarðfræði svæðisins. Aðkoman að Öskju er um Drekagil, sem er e.k. gátt að þessu einstaka svæði. Í Drekagili er upplýsingamiðstöð Vatnajökulsþjóðgarðs og fræðsluefni í skálum FFA auk þess sem skálaverðir FFA veita upplýsingar m.a. um jarðfræði svæðisins og staðhætti.

Árið 2019 hófst FFA handa við frekari uppbyggingu í hálendismiðstöðinni við Drekagil með því að ráðast í byggingu þjónustuhúss. Byggingu þess lauk að mestu í september 2022 og var það vígt 10. september 2022. Það verður síðan tekið í notkun sumarið 2023.

Húsið gagnast fyrst og fremst tjaldgestum, göngu- og hjólafólki svo og annarri lausaumferð á hálendinu auk þess sem það verður mikilvægt öryggisatriði þar sem ferðamenn geta leitað skjóls vegna veðurs eða náttúruhamfara.

Það hefur sýnt sig að mikil þörf er á slíkri byggingu því á hverju sumri þarf að rýma tjaldstæðið og koma fólki í hús vegna veðurs. Hingað til hefur við slíkar aðstæður þurft að hýsa tjaldgesti og ferðamenn í hinum tveimur skálunum FFA sem oft eru fullbókaðir. Sumurin 2021 og 2022 var hins vegar hægt að bjarga fólki í hálfbyggt þjónustuhús við mun betri aðstæður en áður var mögulegt.

Ef rýma þarf Herðubreiðarlindir er hægt að flytja fólk í Dreka eins og gert var í skyndi að næturlagi sumarið 2019 vegna vísbendingar um flóð í Kreppu. Bætt aðstaða í Drekagili skiptir miklu máli gagnvart almannavörnum ef til náttúruhamfara kemur s.s. eldgosa, flóða eða óveðurs eins og sannast hefur síðustu árin.

Ferðafélag Akureyrar
Strandgötu 23 – 600 Akureyri – sími 462-2720 – www.ffa.is - netfang ffa@ffa.is

Undanfarin ár hafa nokkrir vísindahópar komið á svæðið hvert ár og hefur aðstaða fyrir þá ekki verið nein önnur en tjaldsvæði og snyrtihús FFA. Í sumar kom þjónustuhúsið að gagni þegar stór alþjóðlegur hópur vísindamanna lenti í því að tjöld þeirra með rannsóknartækjum fuku en

hægt var að koma þeim í skjól í þjónustuhúsinu þótt það væri ekki tilbúið. Þetta skipti sköpum fyrir hópinn sem gat þar með lokið vinnu sinni í góðu húsaskjóli. Þannig var hægt að lágmarka tjónið sem þeir urðu fyrir.

Ferðafélag Akureyrar áformar að hefja veitingasölu í húsinu en mjög mikið er spurt eftir því að hægt sé að kaupa kaffi og léttar veitingar á svæðinu. Þetta er í undirbúningi, þ.e. að hafa ákveðið lágmarksframboð vista og veitinga þar sem fjöldi ferðamanna kemur nestislaus á svæðið og gerir jafnvel ráð fyrir þessari þjónustu eins og víðast er í þjóðgörðum erlendis.

Síðan bygging hússins hófst hefur byggingakostnaður farið fram úr áætlun m.a. vegna verulegrar hækkunar á byggingaefni og eldsneyti. Því hefur kostnaður við húsið orðið talsvert hærri en félagið gerði ráð fyrir í upphafi. Í dag er kostnaður að nálgast 70 milljónir.

Sótt var um styrk til Framkvæmdasjóðs Ferðamannastaða árin 2019 og 2020 en engir styrkir fengust þaðan fyrir byggingunni þrátt fyrir augljóst öryggishlutverk framkvæmdarinnar og bætt aðgengi almennings að þjóðgarðinum. Aðeins hafa fengist tveir styrkir og eru báðir frá félagasamtökum alls 2.500.000 kr. Félagið fékk viðspyrnulán frá Ríkissjóði vegna covid-19 aðgerða upp á 4.180.767 kr. sem byrja þarf að borga af 1. janúar 2023; 500.000 kr. og síðan 334.145 kr. á mánuði í 11 mánuði. Útistandandi skuldir vegna lokafrágangs þjónustuhússins eru rúmar 8.800.000 kr. að undanskildu viðspyrnuláni. Hætta er á að íþyngjandi byggingarkostnaður komi niður á almennu félagsstarfi FFA næstu misserin.

Rétt er að vekja athygli á augljósu hagræði og hagkvæmni samstarfs Vatnajökulsþjóðgarðs við áhugamannafélag, sem ekki er hagnaðardrifið, um uppbyggingu og rekstur innan þjóðgarðsins. Synjun Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða um styrk til byggingarinnar í tvígang er illskiljanleg í því ljósi.

Fyrir hönd stjórnar FFA

Þorgerður Sigurðardóttir,
formaður


MENNINGARGREINAR DRAGAST MIKIÐ SAMAN

Mikill samdráttur hefur orðið í heildarlaunagreiðslum í atvinnugreinum menningar síðustu ár og starfslaun listamanna eru með lægstu launum á markaði. Hrunið og heimsfaraldur höfðu margfalt meiri áhrif á menningargreinar en aðrar atvinnugreinar. Þetta er meðal þess sem má lesa úr menningarvísum Hagstofu Íslands og gögnum um kjör listamanna á Íslandi.


25% samdráttur í fjölda starfandi og 40% samdráttur í launagreiðslum

Á árinu 2008 unnu tæplega 7.000 manns í atvinnugreinum menningar* á Íslandi og heildarlaunagreiðslur í greinunum námu 55 ma.kr., á launaverðlagi ársins 2020**. Nú, 12 árum síðar, nema launagreiðslurnar 33 ma.kr. og rúmlega 5.000 manns vinna í menningargreinum. Samdrátturinn á þessu tímabili nemur 25% í fjölda starfandi og 40% í heildarlaunagreiðslum. Verulega tók að draga í sundur með atvinnugreinum menningar og öðrum atvinnugreinum eftir 2013. Bendir þróunin til þess að umfang menningargreina hafi dregist verulega saman í íslenska hagkerfinu og að launastigið sé lægra en í öðrum atvinnugreinum.

Þróun menningargreina 2008-2020



Heildarlaunagreiðslur, vísitala, 2013=100



Heimild. Hagstofa Íslands

*Atvinnugreinar menningar innihalda eftirfarandi undirgreinar: „Bókmenntir", „Fjölmiðlar", „Kvikmyndir og sjónvarp", „Myndlist", „Sviðslistir", „Tónlist", „Menningararfur", „Listnám", „Tölvuleikir", „Hönnun og arkitektúr"

**Framreiknað til 2020 með launavísitölu.

Mikill samdráttur frá 2017 í einstaka greinum

Einstaka menningargreinar hafa dregist verulega saman í umsvifum frá 2017. Heildarlaunagreiðslur í fjölmiðlum hafa dregist saman um 45%, 41% í kvikmyndagreinum og 26% í tónlist, svo dæmi séu nefnd. Samdráttur í mörgum greinum var hafinn nokkuð fyrir heimsfaraldur en efnahagsáfall í kjölfar hans bætti gráu ofan á svart eins og myndin að neðan sýnir.

Breyting í heildarlaunagreiðslum milli 2017 og 2020




Heimild. Hagstofa Íslands

Starfslaun listamanna hafa dregist langt aftur úr

Árið 2011 voru námu starfslaun listamanna um 275 þús. kr. á mánaðaragrundvelli en tæplega 410 þús.kr. árið 2021. Hækkunin nemur alls 49% á 10 ára tímabili en á sama tíma hefur launavísitalan hækkað um 96%. Ef starfslaunin hefðu fylgt almennri launaþróun síðustu 10 ár myndu þau nema 537 þús. kr. á árinu 2021 í stað 410 þús.kr., eða 40% hærri upphæð en raunin varð. Lág starfslaun gætu skýrt hluta af samdrætti í einstaka greinum m.a. í útgáfu og framleiðslu íslenskra bóka. Árið 2019 voru gefnar út 3,4 íslenskar bækur pr. 1.000 íbúa samanborið við 5,2 árið 2011.

Launavísitalan og starfslaun listamanna (2011=100)




Heimild: Hagstofa Íslands og gögn um starfslaun listamanna.

Verktakagreiðsla sem jafngilti 75% af heildarlaunum verkafólks árið 2020

Starfslaun listamanna er verktakagreiðsla sem ætlað er að standa undir 67% af heildarvinnu listamanns. Sá sem þiggur verktakagreiðslu þarf að standa skil á ýmsum gjöldum og telst því verktakagreiðsla ígildi lægri launa. Sé tekið tillit til 67% hlutfallsins og launatengdra gjalda má draga þá ályktun að fullvinnandi listamenn hafi verið verðlagðir upp á 463 þús. kr. á mánaðargrundvelli fyrir skatt árið 2020***. Á sama tíma voru meðalheildarlaun fullvinnandi verkafólks á markaði 613 þús. kr. á mánaðargrundvelli og meðallaun háskólamenntaðra 855 þús. kr. eða 85% hærri. Hér ber að hafa í huga að meirihluti listamanna hefur listnám á háskólastigi að baki.

Meðalheildarlaun fullvinnandi árið 2020, þús. kr. á mánaðargrundvelli




Heimild: Eigin útreikningar og Hagstofa Íslands,

***Gert er ráð fyrir lífeyrissjóði, tryggingagjaldi og 30 daga orlofi. Hér er ekki tekið tillit til þess kostnaðar sem listamaður ber vegna vinnu sinnar.


Marka þarf stefnu um aukinn stuðning við listir og menningu

Efnahagsleg áföll á borð við efnahagshrunið og heimfaraldur kórónuveiru hafa hvor um sig haft um tvisvar sinnum meiri áhrif á menningargreinar en aðrar atvinnugreinar****. Þá er batinn í atvinnugreinum menningar líklegur til að verða hægari en í öðrum atvinnugreinum. Á fyrstu 6 mánuðum ársins 2021 voru heildarlaunagreiðslur í atvinnugreinum menningar 15% undir heildarlaunagreiðslum á sama tímabili árið 2019. Bati í öðrum atvinnugreinum hefur verið nokkuð hraðari.

Hrunið og heimsfaraldur, breyting í launagreiðslum á föstu verðlagi



Heildarlaunagreiðslur fyrstu 6 mánuði ársins 2021 samanborið við 2019, á föstu verðlagi



Heimild. Hagstofa Íslands

**** Hér er aðeins átt við samanburð 2019/2020 og 2008/2009

Af hverju að styðja við listir og menningu?

Listir- og menning á Íslandi auðga samfélagið umfram það sem mælist í verði þeirra. Margs konar jákvæð ytri áhrif eru af listum og menningu en viðvarandi markaðsbrestir eru í framleiðslu lista og einkamarkaður mun seint tryggja þjóðhagslega hagkvæmt framboð þeirra. Tengsl efnahagslífs og menningar eru margbrotin og fyrir fámennt samfélag með eigið tungumál þjónar menningin sem lím í samfélagsgerðinni. Mikilvægt er að hið opinbera marki stefnu um aukinn stuðning við menningu á Íslandi, að öðrum kosti er hætt við að menningargreinar beri varanlegan skaða af heimsfaraldri.

From: Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir <bjarkeyg@althingi.is>
Sent: fimmtudagur, 1. desember 2022 10:43
To: Jón Magnússon <jonm@althingi.is>
Subject: FS: Þjóðlagasetur

Frá: Gunnsteinn Ólafsson <gol@ismennt.is>
Sent: miðvikudagur, 30. nóvember 2022 23:47
Til: Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir <bjarkeyg@althingi.is>
Efni: Þjóðlagasetur

Heil og sæl, Bjarkey. Þjóðlagasetrið fékk styrk frá fjárlaganefnd fyrir tveimur árum vegna framkvæmda við setrið. Skipt var um þak og húsið málað. Seinni áfangi viðgerða verður í vor. Þá þarf að endurnýja múrhúð á viðbyggingu, endurnýja glugga og mála. Kostnaðaráætlun hljóðar upp á 4.0 milljónir króna. Er enn hægt að sækja til fjárlaganefndar fyrir árið 2023?
Kveðja,
Gunnsteinn









Sent from my iPhone

Nefndasvið Alþingis
Fjárlaganefnd og allsherjar- og menntamálanefnd
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 7. október 2022

Efni: Umsögn félagsins Femínísk fjármál um frumvarp til laga um fjárlög 2023, 1. mál.

Félagið Femínísk fjármál fagnar því að í fjárlagafrumvarpi 2023 eru helstu aðgerðir frumvarpsins greindar með tilliti til áhrifa á jafnrétti. Það er framfaraskref og vonandi vísir að ítarlegra og heildstæðu mati á jafnréttisáhrifum aðgerða í fjárlögum, t.d. greiningum á staðbundnum áhrifum viðamikilla framkvæmda á jafnrétti og jaðarsetningu, sem og forgangsröðun framkvæmda í takt við jafnréttisáhrif þeirra framkvæmda. Tillaga um slíkt kemur einmitt fram í sjálfu frumvarpinu og skorar félagið á stjórnvöld að taka þetta skref.

Hins vegar telur félagið sér skylt að benda á að í frumvarpinu ber á ákveðinni aftengingu milli greiningar á áhrifum frumvarpsins á kynjajafnrétti og þeim aðgerðum og ákvarðanatökum sem fram koma. Greiningar um áhrif aðgerða á jafnrétti og stöðu kynja og jaðarsettra hópa gegna ekki eingöngu því hlutverki að varpa ljósi á stöðuna, heldur er tilgangur greininga að hægt sé að bregðast við stöðunni og grípa til aðgerða til að auka jafnrétti. Í frumvarpinu kemur fram að enn er töluverður hluti aðgerða talinn stuðla að óbreyttu ástandi á jafnrétti kynjanna. Í ljósi þess að kynjajafnrétti hefur ekki verið náð, þá þurfa stjórnvöld að beita sér fyrir því að fleiri aðgerðir í fjárlögum stuðli að auknu jafnrétti og færri viðhaldi óbreyttu ástandi.

Félagið lýsir yfir áhyggjum yfir því að lítið beri á aðgerðum í fjárlagafrumvarpinu til að bregðast við helstu áskorunum sem eru til staðar í jafnréttismálum, líkt og þeim sem fjallað er um í stöðuskýrslu forsætisráðherra og fjármála- og efnahagsráðherra yfir kortlagningu kynjasjónarmiða árið 2022. Þessar áskoranir eru m.a. kynbundið launamisrétti, kynskiptur vinnumarkaður, ójöfn umönnunarábyrgð kynjanna og heilsubrestur kvenna.

Kynbundið launamisrétti má rekja að miklu leyti til kynbundinnar skiptingar í störf og atvinnugreinar. Í jafnlaunaákvæði jafnréttislaga, sem tók í gildi árið 2021, er kveðið á að konum, körlum og fólki með hlutlausa skráningu kyns skulu greidd laun og njóta sömu kjara fyrir sömu eða jafn verðmæt störf. Jafnvirðisnálgun (e. *pay equity*) jafnlaunaákvæðisins felur í sér þörf á að leiðrétta virðismat hefðbundinna kvennastarfa. Femínísk fjármál fagna störfum aðgerðahóps um launajafnrétti og jafnrétti á vinnumarkaði, sem skipaður var haustið 2021 og starfar til ársloka 2023, en á sama tíma lýsir félagið yfir áhyggjum sínum um fjármögnun þeirra aðgerða sem óhjákvæmilegt mun verða að ráðast í ef leiðrétta á virðismat kvennastarfa. Femínísk fjármál hefðu viljað sjá þess ítarlegri merki í frumvarpinu að stjórnvöld undirbúi þá aðgerð sem framundan er, með tilliti til tekjuöflunar. Alþjóðleg þróun og dómaframkvæmd hvað varðar ákvæði sem byggja á jafnvirðisnálguninni benda til þess að

fyrirhyggjuleysi skapar kerfislæga áhættu fyrir ríkissjóð. Kostnaðurinn vegna afturvirkar launaleiðréttingar ef til dómsmáls kæmi, sem ríkið ætti á hættu að tapa, gæti numið milljarða króna fyrir ríkissjóð, sbr. niðurstöður dómsmáls í Nýja-Sjálandi árið 2013 sem leiddi til 14-49% launaleiðréttingu heillrar starfstéttar og nam kostnaður u.þ.b. 180 ma. kr. Það er ekki aðeins skynsamleg efnahagsstjórnun að ráðast strax í aðgerðir til að leiðrétta verðmætamat kvennastarfa, heldur einnig réttlætismál að atvinnurekendur hætti að veita sjálfum sér afslátt við launasetningu kvenna eins og viðgengist hefur áratugum saman.

Femínísk fjármál vilja einnig vekja athygli á aðbúnaði og álagi sem margar kvennastéttir búa við, s.s. á Landspítalanum. Nýr Landspítali kemur ekki til með að leysa þann vanda að fullu og bæta verður í fjárveitingar til að leysa þann mannekluvanda og álag sem myndast hefur í heilbrigðiskerfinu á síðustu árum. Hér á landi er skortur er á heilbrigðisstarfsfólki og er mönnun heilbrigðisþjónustunnar forsenda þess að hægt sé að veita örugga og skilvirka heilbrigðisþjónustu. Það er óskynsamlegt og ósjálfbært að fjárfesta í menntun lækna, hjúkrunarfræðinga og sjúkraliða en hlúa svo illa að stéttunum að fólkið sem þar starfar treystir sér ekki til að sinna störfum vegna starfsaðstæðna, líkamlegs og andlegs álags og streitu.

Slíkar aðstæður á vinnumarkaði, auk umönnunarábyrgðar og kynbundins ofbeldis, eru meðal þeirra áhrifaþátta sem hugsanlega skýra mikla fjölgun örorkulífeyrisþega á meðal kvenna 50–66 ára. Á sama tíma og stjórnvöld þurfa að bregðast við áskorunum vegna öldrun þjóðarinnar er verulega óskynsamleg að fjárfesta ekki í aðgerðum sem geta hugsanlega komið í veg fyrir brotthvarf kvenna langt fyrir aldur fram af vinnumarkaði. Þrátt fyrir að slíkar aðgerðir séu kostnaðarsamar þá munu þær ekki aðeins leiða til jákvæðra breytinga fyrir stórar kvennastéttir, heldur til lengri tíma einnig leiða til jákvæðra efnahagslegra áhrifa, s.s. aukinna tekna ríkissjóðs vegna aukinnar atvinnuþátttöku og minni útgjöld vegna almannatrygginga og heilbrigðisþjónustu.

Félagið bendir á að til að ráðast í aðgerðir sem hafa mikið gildi fyrir jafnrétti og samfélagslega velferð, verður fjármögnun að vera fullnægjandi. Ekki sjáist merki tekjuöflunar sem leiðtogar tveggja ríkisstjórnarflokka hafa talað fyrir, svo sem hvalrekaskattur, hækkun veiðigjalda og hækkun skatta á fjármagnstekjur. Það er nokkuð sérstakt að stefna forystufólks ríkisstjórnarinnar sé svo fjarverandi í frumvarpinu og að aðal tekjuöflunar-aukningin skv. frumvarpinu séu hækkun skatta á neyslu einstaklinga.

F.h. félagsins Femínísk fjármál
Finnborg S. Steinþórsdóttir
Freyja Barkardóttir
Sigríður Finnbogadóttir
Steinunn Bragadóttir
Steinunn Rögnvaldsdóttir

Sendandi: Fimleikadeild Fylkis/Eldriborgara leikfimi í Árbæ.

Berist til fjárlaganefndar Alþingis

21.11.2022

Umsókn um styrkveitingu vegna Leikfimi fyrir 65 ára og eldri

Í íþróttahúsi Fylkis fer fram leikfimi fyrir betri borgara, 65 ára og eldri. Markmiðið er að stuðla að heilsueflingu eldra fólks. Við bjóðum alla velkomna hvaðan sem þeir koma. Tvisvar í viku mæta yfir 130 manns og taka þátt í ýmsum æfingum.

Verkefnið hófst í maí 2021. Í upphafi styrkti Reykjavíkurborg verkefnið, en undanfarið hefur Fylkir þurft að bera allan kostnað. Íþróttafélagið hefur ekki fjárhagslega burði til að reka starfsemi sem þessa án nokkurs stuðnings stjórnvalda. Því hefur stjórn Fylkis ákveðið að starfsemin verði lögð niður ef ekki fæst frekari fjárhagslegur stuðningur.

Til að halda áfram óbreyttri starfsemi óskum við eftir styrk úr ríkissjóði að fjárhæð 25.000.000 kr. Styrkurinn yrði nýttur til að bæta íþróttafélaginu fyrir leigutap vegna notkun húsnæðis, launum þjálfara, kaffi og meðlæti, ýmsum æfingatækjum sem hentar æfingum fyrir eldri borgurum og áfram haldandi starfsemi næstu árin.

Ein helsta ábending starfshóps heilbrigðisráðherra um heilsueflingu aldraðra laut einmitt að mikilvægi þess að efla verkefni sem þessi og skipuleggja betur fjármögnun þeirra. Ábati leikfiminnar er ótvíræður og gagnast ekki aðeins fólkinu sem mætir vikulega til að taka þárr,

andlega heilsu þátttakenda. Þeim mun lengur sem fólk heldur góðri heilsu þeim mun lengur getur það tekið virkan þátt í lífinu. Það hefur sýnt og sannað sig að heilsuefling aldraðra dregur úr álagi á heilbrigðiskerfið og eykur lífsgæði fólks. Samfélagið sparar margfalt fyrir hverja krónu sem lögð er til heilsueflingar.

Leikfimi fyrir 65 ára og eldri fer heim og saman við markmið stjórnvalda um heilsueflingu aldraðra. Styrkur að fjárhæð 25.000.000 kr. myndi tryggja fjárhagslegan grundvöll starfseminnar á næsta ári og koma í veg fyrir að leikfimin yrði lögð niður.

Íþróttafélagið Fylkir er með frábæra leikfimi fyrir eldri borgara 65 ára og eldri og hefur verið með hana í eitt og hálft ár. Þessi leikfimi er tvisvar í viku , um 130 iðkendur skráðir og eru um 90-100 iðkendur að mæta í hvern tíma. Allan tímann hefur leikfimin verið gjaldfrjáls . Það er rosalega mikil ánægja með þessa leikfimi , þar sem hún er byggð upp með upphitun(erobikk og æfingar), stöðva þjálfun þar sem unnið er með allskyns styrktaræfingar, minni, jafnvægi og farið í leiki , því þetta á líka að vera gaman, síðan er endað með teyjum. Á meðan á æfingu stendur hljómar dátt tónlist frá 60-70 og 80 tímabilinu undir svo mikið er fjörið . Eftir hvern tíma er svo boðið upp á kaffi og með því og fólkið okkar sest niður og spjallar saman.
Við höfum frá því við byrjuðum reynt að fá ráðamenn til að styrkja þessa leikfimi, búin ad sækja út um allt um styrki , senda pósta á ráðamenn , en engin svör . Hópurinn okkar er mjög stór og mikil stéttaskipting í hópnum og viljum við því helst geta haft þetta áfram frítt svo

ekki verði ójöfnuður og fólk þurfi að forgangsraða í hvað þeirra peningur fer í. Við viljum að allir geti sótt þessa tíma , því við erum einmitt að efla lýðheilsu hjá þessum hóp og höfum við heyrt það frá okkar iðkendum hvað þau finna mikinn mun á sér bæði andlega og líkamlega . Það væri óskandi að ráðamenn komi að þessu með okkur svo við getum haldið þessu frábæra starfi gangandi og allir geti verið með

Með von um jákvæðar undirtektir

Guðný Erla Jakobsdóttir

Guðrún Ósk Jakobsdóttir

Istvan Oláh Þjálfarar og

Stofnendur leikfimi fyrir

eldriborgara hjá Fylki.

Grindavík 20.október 2022

Fjárlaganefnd Alþingis

Bt., formanns,

Bjarkeyjar Olsen Gunnarsdóttur,

Efni: Ósk um viðbótar framlag á fjárlögum 2022 að upphæð kr 42m, vegna kennslu á námsbrautum í Fiskeldistækni, Gæðastjórn, Vinnslutækni, Haftengdri nýsköpun ásamt námsbraut í Veiðarfæratækni (netagerð) vor- og haustönn 2023.

2022 hlutu allar ofangreindar námsbrautir skólans formlega viðurkenningu Menntamálastofnunar og staðfestingu Mennta- og menningarmálráðuneytis (utan Veiðarfæratækni, sem var fyrir staðfest iðngrein). Um 70 nemendur stunduðu nám á þessu fimm brautum á vorönn 2022 og áfram á haustönn 2022. Fjárlaganefnd Alþingis veitti (2021) viðbótarframlag vegna 25 ígilda – kr 42m - til kennslu á þessu framhaldbrautum skólans vegna skólaársins 2022.

Mikil aðsókn er í nám á þessum brautum og útlit fyrir mikilli fjölgun næstu árin – einkum í Fiskeldistækni (en þar stunda nú nám 26 nemendur), en einnig í Gæðastjórn og Vinnslutækni – enda mikill vöxtur fyrirhugaður bæði í land- og sjóeldi. Alls stunduðu um 140 nemendur (um 70 ársnemar/ígildi) nám á viðurkenndum brautum skólans vor- og haustönn 2022.

Samningur skólans sem undirritaður var 2021 og gildir til 2025 gerir ráð fyrir því að skólinn geti aukið námsframboð sitt á viðurkenndum brautum og fengið til þess viðbótar framlag til kennslu, sem samsvarar 25 árs ígildum. Skólaárið 2022 hefur Fisktækniskóli Íslands uppfyllt þessi skilyrði og fékk til þess viðbótar framlag – að upphæð 42.m.

Nú er fyrirséð að þeir nemendur sem skráðu sig til náms á þessum nýju brautum haustið 2022, halda áfram á vorönn 2023. Undirritaður – fyrir hönd Fisktækniskóla Íslands – óskar því þess, að fjárlaganefnd alþingis veiti skólanum áfram viðbótar framlag að upphæð 42.m (samsvarandi 25 árs ígildum) vegna kennslu 2023 – til viðbótar því grunnframlagi sem samningur skólans gerir ráð fyrir og í samræmi við viðbótar ákvæði samningsins um aukið námsframboð á viðurkenndum brautum. Þess er einnig óskað að gert sé ráð fyrir þessu viðbótar framlagi næstu árin – enda fyrirséð að nám á þessum brautum verði hluti af námsframboði skólans næstu árin.

Virðingarfyllst,

f.h Fisktækniskóla Íslands

_____

Ólafur Jón Arnbjörnsson, Skólameistari

01. febrúar 2023

Fylgirit með fjárlögum 2023 - breytingar við 2. og 3. umr.

Stjórnarráð Íslands
Fjármála- og efnahagsráðuneytið

Lög um opinber fjármál

- Framsetning fjárlaga
  - Fjárheimildir sundurgreindar eftir málefnasviðum, málaflokkum og ráðuneytum
  - Fjárheimildum skipt milli rekstrar, rekstrartilfærslna, fjármagnstilfærslna og fjárfestinga
- Skipting fjárheimilda í fjárveitingar til ríkisaðila og annarra verkefna sem tilheyra A1-hluta ríkissjóðs birtast í fylgiriti

Efni fylgiritsins

1. Sundurliðun á áætluðum tekjum A-hluta ríkissjóðs samkvæmt alþjóðlegum hagskýrslustaðli um opinber fjármál.
2. Skipting fjárheimilda í fjárveitingar til ríkisaðila í A-hluta, verkefna og í varasjóði málaflokka. Fjárveitingar til ríkisaðila greinast í rekstrarframlög, rekstrartilfærslur, fjármagnstilfærslur og fjárfestingarframlög. Einnig er gerð grein fyrir áætluðum rekstrartekjum ríkisaðila og verkefna og framlagi úr ríkissjóði.
3. Sundurliðun fjárveitinga til ríkisaðila og verkefna í A-hluta eftir málefnasviðum, málaflokkum og ráðuneytum fyrir árin 2021–2025.
4. Sundurliðun fjárveitinga til ríkisaðila og verkefna eftir ráðuneytum.
5. Forsendur fjárveitinga sem byggjast á reiknilíkönum eða sérstökum reiknireglum og fyrirhugaðar breytingar á þessum líkönum og reglum.
6. Yfirlit yfir þjónustu- og styrktarsamninga.


Breytingar við 2. og 3. umræðu

Samtals voru fjárheimildir málefnasviða og málaflokka vegna frumgjalda ríkissjóðs auknar um tæpa 24,9 ma.kr. frá forsendum fjárlagafrumvarpsins og fjárheimildir heildargjalda um 38,5 ma.kr.

Breytingar á fjárheimildum við 2. og 3. umr.	m.kr.
Frumvarp til fjárlaga 2023	1.296.377
Útgjaldabreytingar	30.834
Launa-, bóta-, gengis- og verðlagsbreytingar	10.137
Vaxtagjöld	13.601
Flutningur á eignasafni Ríkiseigna úr A1-hluta ríkissjóðs í A2-hluta	-16.083
Fjárlög 2023	1.334.867

Uppfært fylgirit í heild sinni hefur verið auglýst í B-deild Stjórnartíðinda.

Útgjaldabreytingar - málefnasvið



Stytting biðlista í heilbrigðisþjónustu, styrking Landspítala og Sjúkrahússins á Akureyri, leyfisskyld lyf, Sjúkratryggingar, styrking fyrsta stigs heilbrigðisþjónustu, endurgreiðslur til kvikmyndagerðar, húsnæðismál, endurgreiðslur vegna rannsóknar- og þróunarkostnaðar, frítekjumark öryrkja hækkað, aðgerðir gegn skipulagðri glæpastarfsemi, efling lögregluembætta, átak – hreinorkutæki hjá bílaleigum og vegna þungaflutninga.

Varasjóður lækkaður til að mæta aðgerðum í húsnæðismálum og auknum verðbótum að hluta.

Mynd: Án millifærslna, vaxtagjalda, launa- og verðlagsbreytinga og flutnings Ríkiseigna í A2-hluta ríkissjóðs

7. desember 2022

Fjárlaganefnd
RÚV

Stjórnarráð Íslands

Tekjuáætlun


- Munur milli 1. og 2. umræðu
- Almennt endurmat á grundvelli:
  - Ný þjóðhagsspá
  - Innheimtan komin lengra
  - Álagning lögaðila 2022

Tekjuáætlun

Gjald vegna Ríkisútvarpsins ohf.					
Heimild ->	Ríkisreikningur 2021	1. umræða	1. umræða (með aðgerðinni 7,7)	2. umræða	2. umræða (með aðgerðinni 7,7)
Forsendur útreikninga	2021	2023	2023	2023	2023
Fjöldi einstaklinga	224.971	234.348		234.530	
Fjöldi lögaðila	43.772	47.077		49.232	
Fjöldi alls	268.743	281.424		283.762	
Útvarpsgjald, kr.	18.300	19.300	20.200	19.300	20.200
Útvarpsgjald alls, m.kr.	**4.920**	**5.430**	**5.725**	**5.480**	**5.775**
Útvarpsgjald alls, greiðslugr., m.kr.	**4.750**	**5.200**	**5.495**	**5.240**	**5.535**
%-br. frá fyrra ári					
Fjöldi einstaklinga		2,1		2,4	
Fjöldi lögaðila		4,1		6,2	
Fjöldi alls		2,4		3,0	
Útvarpsgjald, kr.		2,7		2,7	
Til minnis					
Innheimtuhlutfall		0,96		0,96	

Framlög til RÚV 2017-2023

verðlag hvers árs, m.kr.



Fjármála- og efnahagsráðuneytið

M i n n i s b l a ð

Viðtakandi:	**fjárlaganefnd Alþingis**
Sendandi:	**fjármála- og efnahagsráðuneyti og umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti**
Dagsetning:	**8. nóvember 2022**
Málsnúmer:	**FJR22020022**
Bréfalykill:	**8.1.2**
Jafnréttismat:	**Nei**

Efni: Útgjöld ríkisins til umhverfis-, náttúruverndar- og loftslagsmála

Vísað er til erindis frá fjárlaganefnd til fjármálastjóra aðalskrifstofa ráðuneyta dagsett 19. apríl 2022 um útgjöld í fjármálaáætlun 2023-27 til umhverfis-, loftslags- og náttúruverndarmála.

Vísað er til tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2023-2027. Við vinnslu áætlunarinnar er ætlunin að taka saman yfirlit sem nái yfir heildarútgjöld ríkisins til umhverfis- náttúruverndar- og loftslagsmála.

Vísað er til 4. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991. Í samráði við formann fjárlaganefndar er óskað eftir yfirliti sem sýni árleg gjöld sem eru á ábyrgðarsviði ráðuneytisins á gildistíma áætlunarinnar til:

1. Umhverfismála
2. Náttúruverndarmála
3. Loftslagsmála
4. Óskað er eftir að í svarinu verði tilgreind helstu verkefni í hverjum flokki ár hvert og áætluð fjárhæð til hvers verkefnis.

Sé engum slíkum útgjöldum til að dreifa á ábyrgðarsviði ráðuneytisins er óskað staðfestingar þess efnis.

Að höfðu samráði við einstök fagráðuneyti og fjárlaganefnd var tekin ákvörðun um að fjármála- og efnahagsráðuneytið og umhverfis-, orku- og loftlagsráðuneytið tækju saman svör ráðuneytanna í eitt heildstætt skjal í stað þess að þau svöruðu hvert og eitt fyrir sig.

Vakin er athygli á því að þegar fyrirspurnirnar bárust hafði fjármála- og efnahagsráðherra lagt fram þingsályktunartillögu um fjármálaáætlun 2023-27 en sú tillaga var enn í meðförum þingsins og hefur nú verið samþykkt á Alþingi. Í fjármálaáætlun er eingöngu gerð grein fyrir áætluðum fjárheimildum á gildistíma áætlunarinnar fyrir einstök málefnasvið. Í áætluninni er ekki gerð grein fyrir framlögum til einstakra málaflokka heldur birtist sú útfærsla í fjárlögum ár hvert. Þá er í fylgiriti fjárlaga gerð grein fyrir sundurliðun fjárveitinga niður á stofnanir og verkefni. Ráðuneytin hafa því í einhverjum tilvikum í meðfylgjandi svörum áætlað útgjöld byggt á fylgiriti fjárlaga 2022 og eigin áætlunum fyrir árin 2023 til 2027.

Í fyrirspurninni er spurt um framlög til umhverfismála, náttúruverndarmála og loftslagsmála og er rétt að vekja athygli á nokkrum atriðum sem þarf að hafa í huga varðandi flokkun útgjalda í fjármálaáætlun og fjárlögum við yfirferð á svörum ráðuneytanna.

1. Í fjármálaáætlun eru settir fram útgjaldarammar fyrir 35 málefnasvið sem síðar eru útfærðar nánar niður á yfir 100 málaflokka í fjárlögum fyrir komandi ár. Flokkun útgjalda eftir málefnasviðum og málaflokkum byggist í grunninn á svonefndum COFOG[1]-staðli Sameinuðu þjóðanna en flokkunin hefur þó verið aðlöguð að þeirri stjórnskipan sem ríkir hér á landi. Í fjármálaáætlun og fjárlögum er það málefnasvið 17 sem nær utan um umhverfismál. Sú flokkun nær á hinn bóginn ekki með nákvæmum hætti yfir þá þætti sem spurt er um enda er eðli útgjalda vegna umhverfis-, náttúruverndar- og loftslagsmála þess eðlis að þau geta skarast innbyrðis og einnig við önnur málefnasvið og jafnframt verið hluti af útgjöldum sem hafa annan megin tilgang. Þá er sundurliðun fjárheimilda í fjárlögum, fjárveitinga í fylgiriti fjárlaga og útgjöldum í bókhaldi stofnana ríkisins með þeim hætti að ekki er á einfaldan hátt hægt að draga fram framlög til þeirra þátta sem spurt er um.. Því þarf að kafa sérstaklega ofan í útgjöldin með nánari hætti en núverandi sundurliðun býður upp á. Við vinnslu svaranna þá svaraði hvert og eitt ráðuneyti spurningunum samkvæmt sínum skilningi á hugtökunum og sínu mati á flokkun útgjaldanna.
2. Í þessu samhengi er einnig rétt að vekja athygli á nýlegum samantektum er varða framlög til loftslagsmála og sjálfbæra fjármögnun ríkissjóðs.
    a. Þann 24. september 2021[2] gaf fjármála- og efnahagsráðuneytið út sjálfbæran fjármögnunarramma sem vottaður var af óháðum vottunaraðila, *Cicero – Shades of green*. Við vinnuna við þann ramma var farið yfir flest öll útgjöld ríkisins og voru þau útgjöld sem töldust hæf undir slíka fjármögnun flokkuð og metin. Ramminn fékk hæstu einkunn eða „dökkgræna" sem felur í sér að þau „grænu" verkefni sem voru valin í rammann og teljast hæf útgjöld undir sjálfbæra fjármögnun eru talin stuðla að lágkolefna framtíð og aðlögun að loftslagsbreytingum. Sá rammi er í samræmi við helstu staðla/leiðbeiningar sem eru til um skilgreiningar og flokkun grænnar fjármögnunar. Þar má nefna *Green Bond Principles*, *Green Loan Principles*, *Climate Bonds Standard*. Auk þess var horft til fyrirliggjandi draga að *EU Taxonomy*. Í sjálfbæra fjármögnunarrammanum og vottuninni frá *Cicero – Shades of green* má sjá sjö tegundaflokka „grænna" verkefna og fimm tegundaflokka „blárra" verkefna og dæmi um hvers konar verkefni hægt er að fjármagna undir rammanum, t.d. með grænum skuldabréfum. Vottun *Cicero – Shades of green* gildir í þrjú ár og að þeim tíma loknum þarf að endurskoða forsendur rammans.
    b. Í júní síðastliðnum gaf Loftslagsráð út skýrslu sem ber heitið *Opinber fjármál og loftslagsmál*. Í aðdraganda þeirrar skýrslu vann fjármála- og efnahagsráðuneytið í samráði við umhverfis-, orku og loftslagsráðuneyti gögn fyrir loftslagsráð sem varða ýmsar fjárhagslegar upplýsingar svo sem útgjöld, skattstyrki o.fl. sem tengjast loftslagsmálum og eru þau birt í töflum í skýrslunni[3]. Í þeirri samantekt eru framlögum til loftslagsmála skipt í fernt. Þrír flokkar útgjalda eru samgöngur, landbúnaður og beinar aðgerðir. Líkt og kemur fram í skýrslunni er gert ráð fyrir að þau útgjöld séu um 9,5 ma.kr. á árinu 2022. Auk þess nema skattstyrkir sem styðja við loftslagsmál um 8,5 ma.kr. Heildarframlögin samkvæmt þeirri samantekt eru því áætluð um 18 ma.kr. á árinu 2022.

Vert er að hafa í huga að útgjöld geta haft fjölþættan tilgang. Fæst útgjöld hafa að fyrsta tilgangi að vera „græn" þó þau geti verið græn í einhverjum skilningi. Dæmi um slíkt er að nú eru velflestar nýbyggingar á vegum Framkvæmdasýslunnar – Ríkiseigna með umhverfisvottun. Tilgangur þeirra framkvæmda er þá að hýsa starfsemi stofnana ríkisins en gætt er að því að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum bygginganna. Það eru fordæmi fyrir því hjá ESB og OECD að útgjöldum séu gefnir stuðlar eftir því hversu græn þau eru eða hver megin tilgangur þeirra er. Þá er tiltekið hlutfall útgjaldanna metið sem grænt. Í þessari samantekt

[1] Classification of the Functions of Government

[2] https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2021/09/24/Sjalfbaer-fjarmognunarrammi-rikissjods/

[3] https://www.loftslagsrad.is/library/Greinargerdir/Opinber%20fj%c3%a1rm%c3%a11%20og%20loftslagsm%c3%a11%20-%20Loftslagsr%c3%a1%c3%b0%202022-06-09.pdf

á svörum ráðuneyta er ekki gerð tilraun til slíkra útreikninga heldur eru útgjöldin annað hvort að fullu undir þá þætti sem spurt er um eða ekki.

Það er mat FJR og URN eftir yfirferð á svörum ráðuneytanna, ábendingum Loftslagsráðs og a.t.t. aukinnar almennrar umræðu um loftslagsmál að fullt tilefni sé til að bæta gagnsæi og framsetningu upplýsinga um kostnað og tekjur vegna aðgerða í loftslagsmálum svo að upplýst umræða geti átt sér stað. Sú vinna er þegar hafin innan stjórnarráðsins og mun byggja á þeirri vinnu sem varið var í samantekt Loftslagsráðs og græna fjármögnunarrammann. Með því væri unnt að birta þessar upplýsingar með forvirkari og reglulegri hætti en nú er gert, t.d. í greinargerð fjármálaáætlunar eða fjárlaga eða eftir atvikum á öðrum vettvangi.

Eftirfarandi eru samantekin svör ráðuneyta við fyrirspurninni:

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið

Taflan hér á eftir sýnir skiptingu fjármuna á málefnasviði *17 Umhverfismál* þar sem útgjaldaflokkum hefur verið skipt eftir þeim flokkum sem gefnir voru upp í fyrirspurn fjárlaganefndar. Vert er að benda á að málefnasvið *15 Orkumál* í fjármálaáætlun heyrir nú undir ráðuneytið, og má þar finna útgjöld sem skilgreina mætti sem loftslagstengd útgjöld. Má þar helst nefna Orkusjóð sem hefur úthlutað styrkjum til orkuskipta. Fyrirvari er á þessari framsetningu hér fyrir neðan og flokkun útgjalda. Í vinnu sinni flokkar ráðuneytið útgjöld á annan hátt en hér er unnið með upplýsingar til að svara fyrirspurn nefndarinnar.

Málefnasvið 17- flokkun verkefna 2023-2027 (m.v.ramma 1 - fjárhæðir í m.kr.)

	2023	2024	2025	2026	2027	Samt.
Loftlagsmál	4.699	4.934	4.739	4.749	4.759	23.880
Loftlagssjóður	100	100	100	100	100	500
Loftlagsráð	33	33	33	33	33	163
Styrkir, framlög og verkefni	1.300	1.300	1.300	1.300	1.300	6.500
Ofanflóðasjóður	280	290	300	310	320	1.500
Veðurstofa Íslands	2.986	3.211	3.006	3.006	3.006	15.217
Náttúruvernd	3.620	3.718	3.828	3.953	4.097	19.215
Landsáætl. um uppbygg. Innviða til verndar náttúru og menn. sögul. minjum.	914	914	914	914	914	4.571
Vernd Breiðarfjarðar	28	28	28	28	28	139
Náttúrurannsóknarstöðin við Mývatn	52	52	52	52	52	261
Umhverfisstofnun - þjóðgarðar og friðlýst svæði	71	71	71	71	71	356
Vatnajökulsþjóðgarður	1.079	1.127	1.187	1.261	1.354	6.008
Þjóðgarðurinn á Þingvöllum	425	475	526	576	627	2.629
Náttúrufræðistofnun Íslands	869	869	869	869	869	4.346
Náttúrustofur	181	181	181	181	181	907
Umhverfismál	8.104	8.397	8.461	8.575	8.689	42.226
Úrskurðanefnd umhverfis- og auðlindamála	178	178	178	178	178	888
Áætlun um vernd og nýtingu landssvæða	64	64	64	64	64	320
Styrkir, framlög og verkefni	300	200	100	100	100	800
Styrkir til fráveitna sveitarfélaga	578	379	379	379	379	2.093
Úrvinnslusjóður	2.833	3.075	3.139	3.203	3.267	15.516
Endurvinnslan	4.152	4.502	4.602	4.652	4.702	22.610
Blönduð flokkun	3.978	3.110	3.113	3.116	3.119	16.438
Styrkir, framlög og verkefni	1.907	1.057	1.057	1.057	1.057	6.135
Umhverfisstofnun	2.072	2.054	2.057	2.060	2.063	10.304
Önnur verkefni	3.670	3.760	3.850	3.940	4.030	19.249
Alþjóðastofnanir	25	25	25	25	25	127
Ofanflóðasjóður	2.510	2.600	2.690	2.780	2.870	13.450
URN, aðalskrifstofa	1.048	1.048	1.048	1.048	1.048	5.242
Stofnun Vilhjálms Stefánssonar	86	86	86	86	86	430
Samtals	24.071	23.919	23.991	24.333	24.694	121.008

Helstu skýringar við töflu URN

Stærsti hluti fjárheimilda málefnasviðs 17 fer til umhverfismála eða um 34%, um 20% til loftslagsmála og 15% í náttúruvernd, samtals um 70%. Ef tekin eru með verkefni í blandaðri flokkun þá falla um 90% verkefna á málaefnasviði 17 í þessa þrjá flokka.

Blönduð flokkun:

Umhverfisstofnun er með blandaða starfsemi sem fellur bæði undir náttúruvernd, umhverfismál og loftslagsmál. Ekki liggur fyrir nánari greining á umfangi hvers flokks fyrir sig.

Aðalskrifstofa URN er færð undir „Blandaða flokkun" þar sem hún sinnir verkefnum þvert á starfsemi málefnasviðs 17, svo og annarra málefnasviða sem ráðuneytið ber ábyrgð á.

Loftslagsmál:

Undir flokkinn loftslagsmál eru færð verkefni aðgerðaráætlunar stjórnvalda í loftslagsmálum sem birtast undir liðnum 14-190-190, styrkir, framlög og verkefni.

Það er gróft mat ráðuneytisins að rúmlega 10% af fjárheimildum Ofanflóðasjóðs fari í annað en snjóflóðavarnir og falli undir flokkinn loftslagsmál.

Það er mat URN og Veðurstofunnar að í víðum skilningi megi flokka alla starfsemi stofnunarinnar undir loftslagsmál.

Önnur verkefni:

Hér eru færð þau verkefni sem ekki falla undir náttúruvernd, umhverfismál eða loftslagsmál. Meðal annars um 90% af fjárveitingum Ofanflóðasjóðs sem ætla má að fari til snjóflóðavarna.

Dómsmálaráðuneyti

Samkvæmt svörum frá dómsmálaráðuneyti voru í fyrirliggjandi fjármálaáætlun 2023-27 engar sérgreindar fjárveitingar til þessara mála á ábyrgðarsviði ráðuneytisins.

Félags- og vinnumarkaðsráðuneyti

Samkvæmt félags- og vinnumarkaðsráðuneyti voru á ábyrgðarsviði félags- og vinnumarkaðsráðherra engin útgjöld til þessara mála.

Fjármála og efnahagsráðuneytið

Ekki er gert ráð fyrir sérstökum útgjöldum á málefnasviðum fjármála- og efnahagsráðuneytis sem falla beint undir þessi málefni. Þó eru útgjöld á ábyrgðarsviði ráðuneytisins sem styðja við umhverfis- og loftslagsmál. Má þar nefna fjárveitingar til Stafræns Íslands (1,5 ma.kr. á ári), vinnu við útgáfu sjálfbærs fjármögnunarramma ríkissjóðs þætti í starfsemi Ríkiskaupa sem snúa að grænum innkaupum og þætti í starfsemi Ríkiseigna sem snúa að grænum byggingum. Þar fyrir utan styðja ýmsar aðgerðir í skattamálum við stefnu stjórnvalda í loftslagsmálum. Þá eru ýmsir þættir í starfsemi ráðuneytisins sem og í starfsemi stofnana þess sem fela í sér jákvæð áhrif á umhverfis- og loftslagsmál og má nefna að allar stofnanir taka þátt í grænum skrefum í ríkisrekstri.

Auk þess heyra grænir skattstyrkir undir fjármála- og efnahagsráðuneyti. Grænir skattstyrkir nema um 8,5 ma.kr á árinu 2022 en meiri óvissa er með þá í framtíðinni þar sem þeir eru yfirleitt ákvarðaðir tímabundið. Til grænna skattstyrkja má nefna vsk. endurgreiðslur vegna vistvænna bíla, hleðslustöðva, rafhjóla o.fl.

Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið

Á ábyrgðarsviði ráðuneytisins eru ýmis gjöld sem styðja við umhverfis- og loftslagsmál. Má þarf nefna að Markáætlun gegnir mikilvægu hlutverki sem framlag stjórnvalda til stuðnings við umsóknir í erlendar stefnumótandi áætlanir ESB um rannsóknir og nýsköpun, m.a. á sviði loftslagsmála. Af öðrum stefnumótandi stuðningi stjórnvalda má nefna stuðning við grænar tæknilausnir og hugverkaiðnað í þágu loftslagsmála, þ. á m. stuðning við sókn í alþjóðleg samstarfsverkefni. Í fjarskiptamálum er stefnt að því að stuðla að aðgengilegum og greiðum, hagkvæmum og skilvirkum, öruggum og umhverfisvænum fjarskiptum. Mikilvægt er að tryggja að fjárveitingar styðji við greinar sem gera Ísland að sjálfbærari þjóð t.d. varðandi tæknigreinar, matvælaframleiðslu, veiðar, umhverfisvernd og sjálfbærni. Áhersla verður lögð á sjálfbærni en í því felst meðal annars áhersla á öflugt nám og rannsóknir í umhverfismálum. Þá eru ýmsir þættir í starfsemi ráðuneytisins sem og í starfsemi stofnana þess sem fela í sér jákvæð áhrif á umhverfis- og loftslagsmál og má nefna að alls staðar er unnið að grænum skrefum í ríkisrekstri. Umhverfis-, náttúruverndar- og loftslagsmál eru leiðarljós í ráðuneyti háskóla, iðnaðar og nýsköpunar. Hægt er að bæta úr því í fjárlagagerð í samvinnu við undirstofnanir, samningsaðila og sjóði en slík samræming þyrfti að vera á ábyrgð fjármálaráðuneytis.

Tegundalyklar bókhaldskerfa undirstofnana ráðuneytisins endurspegla illa þá sundurliðun sem óskað er eftir upplýsingum um og því erfitt um vik. Viðamestu undirstofnanir ráðuneytisins er tengjast umhverfis-, náttúrverndar- og loftslagsmálum eru Háskóli Íslands þ.m.t. Raunvísindastofnun og Landbúnaðarháskóli Íslands. Raunvísindastofnun ver árlega um 480 m.kr. í verkefni á ofangreindum sviðum en þau verkefni eru öll fjármögnuð með sértekjum og styrkjum úr samkeppnissjóðum en ekki beinum fjárveitingum. Fjárframlög til Háskóla Íslands eru til kennslu, rannsókna, búnaðar, húsnæðis o.fl. Ef kostnaður vegna námsbrauta skólans t.d. í umhverfis- og auðlindafræði og umhverfisverkfræði teljast sem útgjöld til umhverfis- og loftslagsmála þyrfti að fara fram ítarleg greining á kennslu og rannsóknum við háskólann. Við Landbúnaðarháskóla Íslands er unnið að fjölmörgum verkefnum sem beint tengjast umhverfisvernd, náttúruvernd og/eða loftslagsmálum. Heildarumfang verkefnanna er um 350 m.kr. á ári en þau eru að langstærstum hluta til fjármögnuð með sókn í samkeppnissjóði og styrktarsjóði. Á undanförnum árum hefur umfang rannsókna aukist hjá Landbúnaðarháskóla Íslands og gert er ráð fyrir áframhaldandi vexti á næstu í samræmi við áherslu stjórnvalda á þessum málaflokkum.

Heilbrigðisráðuneytið

Það liggur fyrir að ekkert sérstakt fé er lagt í þessi mál í fjármálaáætlun, en vissulega eru stofnanir með ýmsar aðgerðir til að vernda umhverfið og draga úr loftslagsmengun. Þar má nefna samgöngustyrki, kaup á rafbílum, flokkun á rusli og innleiðingu grænna skrefa. Margt af þessu hefur ekki í för með sér aukin útgjöld og getur í einhverjum tilvikum sparað kostnað.

Innviðaráðuneytið

Innviðaráðuneyti hefur dregið saman eftirfarandi atriði sem talið er að falli undir fyrirspurnina og vísar til tölvupósts um málefnið dags 29.4.2022 þar sem ofangreindir aðilar taka að sér að yfirfara og samræma sameiginlegt svar ráðuneytanna til fjárlaganefndar. Tölvupósturinn vísar til að það vinnulag sé vilji samstarfsnefndar ráðuneytisstjóra um loftslagsmál og með samþykki fjárlaganefndar.

Áætluð útgjöld verkefna innviðaráðuneytis á tímabili fjármálaáætlunar 2023-2027. Um er að ræða göngu- og hjólastígagerð sem fellur undir fjárveitingu á liðnum Framkvæmdir á vegakerfinu. Þá eru það útgjöld sem skv. samgönguáætlun sem ætluð eru í Borgarlínu og hjóla- og göngustígagerð og falla undir fjárveitingu á liðnum Samgöngusáttmálinn á höfuðborgarsvæðinu. Að lokum eru það samningar um almenningssamgöngur falla undir fjárveitingu á liðnum Styrkir til almenningssamgangna. Tölur eru á verðlagi fjárlaga 2022.

m.kr.	2023	2024	2025	2026	2027	Samt.
Borgarlína sem er undir liðnum "Framkvæmdir á vegakerfinu"	1.000	1.000	1.000	1.000	1.000	5.000
Hjóla- og göngustígar undir liðnum "Framkvæmdir á vegakerfinu"	120	120	120	120	120	600
Hjóla og göngustígar undir liðnum "Samgöngusáttmálinn á höfuborgarsv."	150	275	275	275	275	1.250
Loftslagsmál: Efling umhverfisvænni almenningssamganga	130	120	290	260	260	1.060
Áætlanaakstur á höfuðborgarsvæðinu	906	906	906	906	906	4.530
Áætlunarakstur á landsbyggðinni	878	878	878	878	878	4.390
Vestmannaeyjabær - Herjólfur III	80	80	80	80	80	400
Samtals	3.264	3.379	3.549	3.519	3.519	17.230

Matvælaráðuneytið

Vakin er athygli á því að í fjármálaáætlun er eingöngu gerð grein fyrir áætluðum fjárheimildum á gildistíma áætlunarinnar fyrir einstök málefnasvið. Þannig er ekki gerð grein fyrir sundurgreindum framlögum til einstakra málaflokka eða ríkisaðila. Í svari ráðuneytisins við þessari fyrirspurn er því stuðst við fylgirit fjárlaga 2022 sem almennt á gefa góða grein fyrir undirliggjandi forsendum á þróun útgjalda fyrir fjármálaáætlun 2023-2027.

Undir málefnasviðum ráðuneytisins er þrjár stofnanir sem segja má að falli beint undir þau verkefni sem fyrirspurn þessi lítur að. Þar má í fyrsta lagi nefna Skógræktina en gera má ráð fyrir að árleg framlög til hennar verði tæplega 1,8 ma.kr. Í öðru lagi er það Landgræðsla ríkisins en framlög til hennar eru áætluð um 1,7 ma.kr. á ári. Innifalið í þeim framlögum er tímabundin fjárveiting til verkefnisins Náttúrumiðaðar lausnir í loftslagmálum en gert er ráð fyrir 300-400 m.kr. árlegri fjárveitingu til verkefnisins til ársins 2026 sem skiptist til jafns milli stofnananna. Verkefnið er hluti af aðgerðaráætlun Íslands í loftslagsmálum. Í þriðja lagi er það síðan Umhverfissjóður sjókvíaeldis en framlög til þess sjóðs eru áætluð í kringum 200 m.kr. á ári. Auk þess má nefna samninga við garðyrkjubændur um starfsskilyrði framleiðslu garðyrkjuafurða sem nemur um 1 ma.kr. á ári.

Til viðbótar við þetta má svo nefna samning við Skógræktarfélag Íslands upp á 55 m.kr. á ári og loftslagsaðgerðir í landbúnaði þar sem að jafnaði er gert er ráð fyrir um 105-135 m.kr. framlagi til ársins 2026 en það verkefni er hluti aðgerðaráætlun Íslands í loftslagsmálum. Auk þessa er gert ráð fyrir um 100 m.kr. til verkefna innan búvörusamninganna sem snúa að umhverfis-, lofslags- og náttúruverndarmála. Þar er um að ræða verkefni er lúta að kolefnishlutleysi í garðrækt og nautgriparækt, verkefna á sviði skógarafurða og mat á gróðurauðlindum.

Að lokum má nefna að hjá ráðuneytinu og stofnunum þess eru ýmsar aðgerðir til að vernda umhverfið og draga úr loftslagsmengun. Þar má nefna samgöngustyrki, kaup á rafbílum, flokkun á rusli og innleiðingu grænna skrefa. Margt af þessu hefur ekki í för með sér aukin útgjöld og getur í einhverjum tilvikum sparað kostnað.

Samtals má því ætla að framlög til umhverfis-, loftslags- og náttúruverndarmála á tímabili fjármálaáætlunar 2023-2027 séu í kringum 5 ma.kr. á ári.

Menningar- og viðskiptaráðuneytið

Einu framlögin hjá menningar- og viðskiptaráðuneytinu sem væri hægt að heimfæra sérstaklega upp á að tengdust umhverfismálum, náttúruverndarmálum og loftslagsmálum eru framlög til Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða. Hlutverk og markmið sjóðsins er að stuðla að uppbyggingu, viðhaldi og verndum ferðamannastaða og ferðamannaleiða um land allt. Einnig er markmið sjóðsins að stuðla að jafnari dreifingu ferðamanna um landið og styðja við svæðisbundna þróun.

Að öðru leyti er ekki sérstök framlög veitt sérstaklega í verkefni tengd umhverfismálum, náttúruverndarmálum og loftslagsmálum hjá ráðuneytinu.

Mennta- og barnamálaráðuneytið

Það liggur fyrir að ekkert sérstakt framlag er lagt til þessara mála í fjármálaáætlun 2023-2027 undir málefnasviðum og málaflokkum sem ráðuneytið ber ábyrgð á.

En vissulega er ráðuneytið og stofnanir þess með ýmsar aðgerðir til að vernda umhverfið og draga úr loftslagsmengun. Þar má nefna samgöngustyrki, flokkun á rusli og innleiðingu grænna skrefa auk fræðslu á þessum málefnum. Margt af þessu hefur ekki í för með sér aukin útgjöld umfram veittar fjárveitingar og getur í einhverjum tilvikum sparað kostnað.

Þá er ráðuneytið ásamt umhverfis- orku og loftslagsráðuneytin með samning við Landvernd með gildistíma 2022-2026 og er áætlað að heildarskuldbindin samningsins sé um 224 m.kr. eða 44 m.kr. á ári fyrstu þrjú árin og síðan 46 m.kr. síðustu tvö ár samningsins.

Utanríkisráðuneytið

Málefnasvið 04 Utanríkismál

Utanríkisráðuneytið hefur innleitt Loftslagsstefnu Stjórnarráðsins með innleiðingu aðgerðaáætlunar loftslagsstefnunnar.

Þá hefur ráðuneytið einnig innleitt aðgerðaáætlun grænna skrefa í ríkisrekstri og fengið viðurkenningu fyrir öll fimm skrefin frá Umhverfisstofnun.

Þá eru í eftirfarandi töflu upplýsingar um greiðslur til umhverfismála af norðurslóðalið utanríkisráðuneytisins:

	Fjárhæð, m.kr.
Stuðningur við verkefni vinnuhóps Norðurskautsráðsins um vernd gróðurs og dýralífs (CAFF)	7
Stuðningur við verkefni vinnuhóps Norðurskautsráðsins um vernd lífríkis sjávar á norðurslóðum (PAME)	7
Stuðningur um verkefni Norðurskautsráðsins um seiglu (Resilience)	1
Samtals	15

Málefnasvið 35 Alþjóðleg þróunarsamvinna

Eitt markmiða alþjóðlegrar þróunarsamvinnu Íslands í fjármálaáætlun er að auka hlutfall heildarframlaga til loftslagsverkefna. Það er vísað bæði til sjóða sem heyra undir loftslagssamning Sameinuðu þjóðanna (UNFCCC), sem eru Græni loftslagssjóðurinn, Aðlögunarsjóðurinn og Sjóður fyrir lágtekjuríki. Tölfræði sem byggir á alþjóðlegum viðmiðum og umhverfisstikum þróunarsamvinnunefndar Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD DAC) er nýtt til að reikna fjárframlög í þróunarsamvinnu til umhverfis- og loftslagsmála. Framlög til þróunarsamvinnu eru flokkuð samkvæmt leiðbeiningum nefndarinnar með svokölluðum Rió-stikum sem gefa til kynna hvort að verkefni leggi til mótvægisaðgerða eða aðlögunaraðgerða, eða hvort tveggja. Verkefnin eru ýmist sértæk loftslagsverkefni eða leggja til loftslagsaðgerða meðfram öðrum markmiðum.

Markmið alþjóðlegrar þróunarsamvinnu Íslands er að hlutfall heildarframlaga til loftslagsverkefna nái, eða fari yfir 30% á tímabili núverandi fjármálaáætlunar 2023-2027.

Fjármögnun loftlagsaðgerða í þróunarríkjum er eitt af lykilákvæðum Parísarsamningsins. Er þar byggt á samþykkt frá loftlagsráðstefnunni í Kaupmannahöfn 2009 (COP15) þar sem þróuð ríki skuldbundu sig til að auka framlög til loftslagsaðgerða í þróunarríkjum þannig að þau næmu alls 100 milljörðum bandaríkjadala á ári árið 2020. Árið 2019 námu framlögin 80 milljörðum bandaríkjadala. Lokatölur fyrir árið 2020 liggja ekki fyrir en líklegt þykir að markmiðinu verði ekki náð fyrr en árið 2023.

Fjármögnun loftslagsaðgerða felur í sér beina styrki og annars konar fjármögnun, s.s. hagstæð lán og ábyrgðartryggingar til opinberra aðila og einkageirans. Fyrir utan opinber framlög er gert ráð fyrir umtalsverðum framlögum einkageirans til verkefna í þróunarríkjum. Þessi framlög eru ekki meðtalin í opinberum tölur um þróunaraðstoð en nýju alþjóðlegu samstarfi um heildarframlög til þróunarsamvinnu (e. total official support for sustainable development eða TOSSD) er ætlað að ráða bót á því. Á vettvangi UN Energy í september 2021 var kallað eftir auknum framlögum frá ríkjum og fyrirtækjum sem miðuðu við að efla aðgerðir fyrir Heimsmarkmið 7 um sjálfbæra orku fyrir alla og hafa fyrirtæki og góðgerðastofnanir í framhaldi lagt fram metnaðarfullar áætlanir um að auka framlög til orkuskipta og orkuaðgengis fátækustu ríkja sem nemur um 2.000 milljörðum bandaríkjadala. Eru þetta nýjar skuldbindingar umfram fyrri skuldbindingar ríkja heims.

Stefna Íslands um alþjóðlega þróunarsamvinnu skilgreinir sjálfbæra þróun sem leiðarljós í þróunarsamvinnu Íslands. Stjórnvöld styðja þróunarríki jafnt í aðgerðum til að sporna gegn loftlagsbreytingum og til að aðlagast að auknum áhrifum þeirra og er rík áhersla lögð á að svo verði áfram. Samkvæmt OECD DAC er Ísland í hópi þeirra fimm ríkja sem hlutfallslega veita mestu til loftslags- og umhverfistengdrar þróunarsamvinnu, samkvæmt viðmiðum nefndarinnar. Eru þar ekki talin kjarnaframlög til fjölþjóðastofnana og -sjóða. Framlög til loftslagstengdra verkefna námu tæpum 2,4 milljörðum króna árin 2018 og 2019 en lækkuðu árið 2020 m.a. þar sem heimsfaraldur tafði framkvæmd verkefna. Áætlað er að framlögin nemi tæpum 3,3 milljörðum í ár.

Ísland styður sem dæmi eftirfarandi verkefni:

- Græna loftslagssjóðinn (e. Green Climate Fund), en sjóðurinn er stærsti fjármögnunarsjóður loftslagsaðgerða og heyrir undir loftslagssamning Sameinuðu þjóðanna.
- Aðlögunarsjóðinn (e. Adaptation Fund), sjóðurinn er mun minni að umfangi en Græni loftslagssjóðurinn og einbeitir sér að fjármögnun aðlögunaðgerða í fátækustu ríkjum heims, sjóðurinn heyrir undir loftslagssamning Sameinuðu þjóðanna.
- Loftslagsverkefni lykilstofnana Sameinuðu þjóðanna og Alþjóðabankans, sem er stærsti fjármögnunaraðili loftslagstengdra verkefna í marghliða þróunarsamvinnu. Ísland veitir 489 milljónum á ári hverju til Alþjóðaframfarastofnunar Alþjóðabankans (IDA) sem veitir hagstæð lán og styrki til 74 fátækustu ríkja heims. Fyrirsjáanlegt er að framlög Íslands til stofnunarinnar hækki á næsta fjármögnunartímabili hennar.
- Einnig styður Ísland sérstaklega við loftslagstengda sjóði Alþjóðabankans. Annars vegar er orkusjóður bankans (ESMAP) þar sem Ísland leggur sérstaka áherslu á nýtingu jarðhita og vatnsafls.

Hins vegar er stuðningur við sjóð bankans um bláa hagkerfið (PROBLUE) þar sem meðal annars er lögð áhersla á sjálfbæra fiskveiðistjórnun, verndun sjávar, plast og aðra mengun í hafinu, og orkuskipti í flutningum, fiskveiðum og vinnslu.

- GRÓ- Þekkingarmiðstöð þróunarsamvinnu, sem starfrækt er undir merkjum UNESCO, rekur fjóra skóla á Íslandi sem vinna að því að efla getu stofnana, samtaka og einstaklinga í þróunarríkjum til að vinna að framgangi Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Skólarnir leggja allir af mörkum til umhverfis-, náttúruverndar og loftslagsmála. Jarðhitaskólinn vinnur að því að auka sjálfbæra notkun jarðvarma í heiminum og þannig stuðla að aukinni notkun endurnýjanlegra orkugjafa. Landgræðsluskólinn vinnur að endurheimt landgæða og takmörkun landeyðingar. Starf Sjávarútvegsskólans miðar að því að stuðla að sjálfbærri nýtingu auðlinda sjávar og vatna, t.d. með sjálfbærri fiskveiðistjórnun, betri nýtingu á afla og umhverfisvænni vinnsluaðferðum. Allir nemendur Jafnréttisskólans sitja áfanga um umhverfismál og loftslagsbreytingar og margir vinna verkefni á þessum sviðum. Framlög til skólanna hafa lengst af verið stór hluti af heildarframlögum íslenskra stjórnvalda til loftslags- og umhverfismála.
- Í samstarfslöndum Íslands, Úganda og Malaví, hefur verið stutt við loftslagsvænar aðferðir við innleiðingu skólamáltíða og sólarorkuvæðingu heilbrigðis- og skólabygginga, auk þess að auka aðgang að vatni, sem er lykilþáttur í aðlögunaraðgerðum. Þessi verkefni hafa að jafnaði numið um 30-40% af heildarverkefnaframlagi Íslands.
- Í Síerra Leóne, nýju samstarfsríki, verður lögð áhersla á sjálfbæra nýtingu sjávarauðlinda, auk þess sem aðgengi að heilnæmu vatni hefur verið þungamiðja þróunarsamvinnu Íslands þar í landi. Aðlögun að loftslagsbreytingum á strandsvæðum þar í landi verður skoðuð sérstaklega, meðal annars með bættu aðgengi að hreinu vatni í fiskimannasamfélögum og verndun flæðiskóga (e. mangroves).
- Í nýjum stefnumiðum í tvíhliða þróunarsamvinnu er lögð aukin áhersla á samvinnu við stjórnvöld í samstarfslöndum um loftslags- og umhverfismál, til viðbótar við héraðsverkefni sem eru meginstoð samstarfsins.
- Í umhverfis- og loftlagstengdri þróunarsamvinnu Íslands hefur verið lögð áhersla á taka höndum saman með atvinnulífinu um að nýta íslenska sérþekkingu og lausnir við úrlausnir verkefna í þróunarríkjum. Þannig hefur þátttaka íslenskra jarðhita- og vatnsaflssérfræðinga í verkefnum Alþjóðabankans verið fjármögnuð í gegnum ráðgjafalista utanríkisráðuneytisins.
- Heimsmarkmiðasjóður atvinnulífs um þróunarsamvinnu var stofnaður til að auka þátttöku atvinnulífs í uppbyggingu í þróunarríkjum. Sjóðurinn hefur nú þegar styrkt á þriðja tug fyrirtækja til þróunarsamvinnu í um tuttugu löndum. Meðal annars hefur sjóðurinn styrkt verkefni sem lúta að undirbúningi heildstæðrar löggjafar um orkuskipti á Kómoreyjum sem mun skapa tækifæri til nýtingar endurnýjanlega orkugjafa í stað dísilolíu, fjölnýtingu jarðvarma í Kenía til að draga úr eyðingu skóga og útblæstri koltvísýrings, og nýtingu jarðhita til kælingar fyrir matvælaframleiðslu (eplaframleiðslu) á Indlandi. Mótframlag einkafyrirtækja til verkefna sem styrkt eru af sjóðnum eru dæmi um framlag einkageirans til loftslagsaðgerða í þróunarlöndum.

FJÖLMENNT
SÍMENNTUNAR- & ÞEKKINGARMIÐSTÖÐ

Reykjavík 10. október 2022

Formaður fjárlaganefndar
Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir

Efni: Boðaður niðurskurður til Fjölmenntar, símenntunar- og þekkingarmiðstöðvar

Í frumvarpi til fjárlaga ársins 2023, grein 22.20 *Framhaldsfræðsla og menntun óflokkuð á skólastig* segir í lið 07-451 Fullorðinsfræðsla fatlaðs fólks að framlag ársins til starfseminnar verði 270,3 milljónir. Þetta er skerðing um 13,8 milljónir miðað við framlag ársins 2022.

Stjórn Fjölmenntar mótmælir þessari skerðingu og bendir á að lækkunin muni hafa mikil áhrif á starfsemina. Íslenska ríkið hefur undirritað samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks og þar með skuldbundið sig til að veita fötluðu fólki þau mannréttindi og tækifæri sem þar er kveðið á um. Samningurinn kveður m.a. á um rétt fólks með þroskahömlun til menntunar á öllum skólastigum. Það er á ábyrgð stjórnvalda að tryggja að slík menntun sé í boði. Það er því óskiljanlegt að gert sé ráð fyrir lækkun framlaga til Fjölmenntar.

Til að fylgja máli okkar eftir óskum við hér með eftir fundi með fjárlaganefnd til að gera grein fyrir starfsemi Fjölmenntar og mikilvægi hennar fyrir þann markhóp sem nýtur menntunar hjá stofnuninni.

Fyrir hönd stjórnar Fjölmenntar,

Helga Gísladóttir

Helga Gísladóttir, forstöðumaður Fjölmenntar

FJÖLMENNT
SÍMENNTUNAR- & ÞEKKINGARMIÐSTÖÐ

Reykjavík 10. október 2022

Formaður fjárlaganefndar
Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir

Efni: Boðaður niðurskurður til Fjölmenntar, símenntunar- og þekkingarmiðstöðvar

Í frumvarpi til fjárlaga ársins 2023, grein 22.20 *Framhaldsfræðsla og menntun óflokkuð á skólastig* segir í lið 07-451 Fullorðinsfræðsla fatlaðs fólks að framlag ársins til starfseminnar verði 270,3 milljónir. Þetta er skerðing um 13,8 milljónir miðað við framlag ársins 2022.

Stjórn Fjölmenntar mótmælir þessari skerðingu og bendir á að lækkunin muni hafa mikil áhrif á starfsemina. Íslenska ríkið hefur undirritað samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks og þar með skuldbundið sig til að veita fötluðu fólki þau mannréttindi og tækifæri sem þar er kveðið á um. Samningurinn kveður m.a. á um rétt fólks með þroskahömlun til menntunar á öllum skólastigum. Það er á ábyrgð stjórnvalda að tryggja að slík menntun sé í boði. Það er því óskiljanlegt að gert sé ráð fyrir lækkun framlaga til Fjölmenntar.

Til að fylgja máli okkar eftir óskum við hér með eftir fundi með fjárlaganefnd til að gera grein fyrir starfsemi Fjölmenntar og mikilvægi hennar fyrir þann markhóp sem nýtur menntunar hjá stofnuninni.

Fyrir hönd stjórnar Fjölmenntar,

Helga Gísladóttir

Helga Gísladóttir, forstöðumaður Fjölmenntar

FLÓAHREPPUR
480 4370 I floahreppur@floahreppur.is I www.floahreppur.is I Þingborg I 803 Selfoss

Eftirfarandi er umsögn um frumvarp til laga um fjárlög 2023
(https://www.althingi.is/altext/pdf/153/s/0001.pdf)

Sendandi umsagnar: Sveitarfélagið Flóahreppur
Dagsetning umsagnar: 7. október 2022
Heiti Þingmáls: 1. mál frá nefndarsviði Alþingis

Ef horft er heilt yfir frumvarpið þá er ljóst að fjármagn til byggðamála og þeirra málaflokka sem varða sveitarfélög landsin er dregið mikið saman. Hér fyrir neðan verður gerð grein fyrir athugasemdum um nokkra kafla í frumvarpinu:

08 Sveitarfélög og byggðamál

08.10. Framlög til sveitarfélaga

Mikilvægt er að framlög til sveitarfélaga haldist og að jöfnunarsjóður sinni áfram hlutverki sínu í að jafna stöðu sveitarfélaga á landinu. Ánægjulegt að sjá að fjárheimild er aukin til lögbundins framlags í jöfnunarsjóð.

08.20 Byggðamál

Mikilvægt er að horfa til bættra almenningssamgangna og að minni og dreifðari sveitarfélög hafi möguleika á að komast inn í kerfi almenningssamgangna.

Lagabreytingar vegna meðhöldlunar úrgangs og hringrásarhagkerfisins þarf að styðja áfram við. Það er töluverð vinna sem leggst á sveitarfélögin við úrfærslu lagabreytinganna. Einnig þarf að gefa lagabreytingunni aðlögunartíma.

09 Almanna- og réttaröryggi

09.10 Löggæsla

Ekki er ásættanlegt að draga úr framlögum til löggæslu. Á Suðurlandi er stórt og víðfemt landsvæði og fámennt lið löggæslu. Mikilvægt að standa vörð um þennan málaflokk og bæta við fjármagni til að auka öryggi íbúa á svæðinu.

11 Samgöngu- og fjarskiptamál

11:10 Samgöngur

Horfa verður á fjölfarnasta svæði landsins sem er í kringum höfuðborgarsvæðið og svo austur eftir þjóðvegi 1 og uppsveitir Suðurlands. Ferðamannastraumurinn liggur um þessa vegi og brýnt að setja fjármagn í viðhald vega, umferðarmerkingar, tvíbreiðar brýr og viðhald á vegum. Vegakerfið á Suðurlandi er í slæmu ástandi og býður uppá hættulegar samgöngur fyrir íbúa og ferðamenn.
Ölfusárbrú verður mikil samgöngubót fyrir svæðið en leysir ekki vanda vegakerfinsins á svæðinu sem hefur verið fjársvelt.
Ekki er ásættanlegt að setja á vegatolla sem snerta landsbyggðina mest.

Brýnt er að horfa á stefnu varðandi hjólastíga um allt landið og þá sérstaklega meðfram Suðurströndinni þar sem vegaxlir bjóða ekki upp á öruggan ferðamáta fyrir hjólandi vegfarendur.

Ánægjulegt er að sjá átak í uppbyggingu tengivega, þ.e að styrkja og leggja bundið slitlat á umferðarlitla tengivegi. Þetta er brýnt í sveitarfélaginu Flóahreppi þar sem margir tengivegir eru í slæmu ásigkomulagi en umferð nokkuð mikil um alla vegi sveitarfélagsins.

12 Landbúnaður

12.10 Stjórnun landbúnaðarmála

Brýnt er að vel sé stutt við eflingu fæðuöryggis. Landbúnaðarsvæði eins og Flóahreppur og Uppsveitir Árnessýslu eru mikilvæg svæði fyrir þennan þátt.
Verið er að lækka fjárheimild til málaflokksins sem er ekki ásættanlegt í ljósi þess að standa þarf vörð um íslenskan landbúnað og ljóst að mikilvægi hans er augljóst þegar upp koma aðstæður eins og heimsfaraldur eða stríð.
Sérstakt framlag til stuðnings bændum vegna hækkunar áburðarverðs fellur niður sem er mjög slæmt þar sem áburður og öll aðföng hafa hækkað verulega í verði. Jákvætt er að fjáheimild hækkar vegna hækkunar aðfanga en það stoppar ekki í það gat sem munar vegna lækkunar framlags vegna áburðarverðs.
Koma þarf til móts við landbúnaðinn á betri hátt en lýst er í frumvarpinu og standa við þau orð um að auka fæðuöryggi landsmanna.

17 Umhverfismál

17.10 Náttúruvernd, skógrækt og landgræðsla

Á sama tíma og ýmis framlög í fjárlögum lækka umtalsvert þá eru 200 m.kr. settar í eflingu á landvörslu. Mættu þessi framlög frekar fara t.d til löggæslu?

17.30 Meðhöndlun úrgangs
Hækkun í málaflokkunum en ekki víst að það dugi fyrir þeim breytingum sem verið er að innleiða varðandi hringrásarhagkerfi. Skoða þarf vel hvort fjárheimild Úrvinnslusjóðs sé nægjanleg til að mæta þeim endugreiðslum til sveitarfélaga vegna breytinga á lögum um meðhöndlun úrgangs.

17.50 Stjórnsýsla umhverfismála
Gert er ráð fyrir átaki í fráveitumálum sveitarfélaga. Mikilvægt er að verkefni eins og unnið er hjá Uppsveitum og Flóahreppi njóti góðs af þessu átaki þó að þessi sveitarfélög séu komin langt í að efla hreinsun fráveitu og þróunarverkefni í uppgræðslumálum því tengdu.

27. Örorka og málefni fatlaðs fólks

27.30 málefni fatlaðs fólks

Ljóst er að fjármagn frá ríkinu vegna málefna fatðals fólks sem fært var yfir á sveitarfélögin er langt frá því að duga til að sveitarfélögin geti veitt viðunandi þjónustu. Málaflokkur fatlaðra er sá málaflokkur sem er hvað þyngstur á sveitarfélögum og sýnir um 10 milljarða gat í rekstri sveitarfélaga það svart á hvítu. Á sama tíma og öll sveitarfélög finna fyrir þunga málaflokksins þá hefur varla eitt sveitarfélag bætt aðstöðu eða þjónustu við fatlaða. Mikilvægt að horft sé á bókun frá Landsþingi Sambands íslenskra sveitarfélaga frá því í september 2022 í þessu samhengi.

Fjárheimild til málaflokksins hækkar mjög lítið miðað við þá ríku þörf sem ríkir á að leiðrétta framlög ríksins til sveitarfélaga varðandi þennan málaflokk.

Þetta er eitt af þeim málaflokkum sem er hvað brýnastur að leiðrétta við sveitarfélögin áður en málaflokkurinn er kominn í enn meira óefni. Þessi málaflokkur er stór þáttur í því að mörg sveitarfélög eru komin undir eftirlitsnefnd um fjármál sveitarfélaga.

31 Húsnæðis- og skipulagsmál

31.10 Húsnæðismál

Í þessum málaflokki er verið að leggja ríkar skyldur á sveitarfélögin í landinu með rammasamningi um húsnæðisáætlun 2023-2032. Á sama tíma og þörfin á húsnæði er mikil og stuðningur við að tekju- og eignalága mikilvægur þá er verið að draga saman í þessum málaflokki. Í rammasamningnum er farið fram á það við sveitarfélögin að þau bjóði upp á byggingahæfar lóðir og fleiri aðgerðir sem lenda á sveitarfélögin. En það er eins með þetta og svo margt annað að framlög eru skert og fjármagn fylgir ekki rammasamningi eins og þarf.
Horfa þarf í að það er einnig aukinn kostnaður við skipulagsmál í sveitarfélögum sem fellur til vegna skiplagningar á íbúðarlóðum og fleira.
Setja þarf meira fjármagn í Skipulagsstofnun þar sem brýnt er að gera þá stofnun stafrænni og að skipulagsmál séu þannig einfaldari, gagnsærri og skilvirkari.

32 Lýðheilsa og stjónsýsla velferðarmála

32.10 Lýðheilsa, forvarnir og eftirlit

Ljóst er að bæta þarf í framlög til geðheilbrigðismála og heilsueflingar aldraðra. Forvarnirnar sem felast í sterkri stefnu í geðheilbrigðismálum eru ótvíræður ávinningur fyrir samfélagið allt.

32.20 Jafnréttismál

Mikilvægt að tryggja fjármagn í réttindismál eins og launajafnrétti, réttindi hinsegin fólks og aðgerðir til að sporna við kynferðislegu og kyndbundu ofbeldi og áreitni.

Flóahreppi 7. október 2022
Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri

Akureyri, 5.10.2022

Fjárlaganefnd Alþingis

Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir formaður

Stjórn og starfsfólk Flugsafns Íslands þakkar Alþingi kærlega fyrir veittan stuðning síðastliðin ár. Styrkur fjárlaganefndar hefur verið safninu afar mikilvægur, treyst rekstrargrundvöll þess og gert því kleift að efla alla sína starfsemi.

Flugsafn Íslands er eina viðurkennda safnið á landinu sem hefur það meginhlutverk að standa vörð um íslenska flugsögu; safna og varðveita muni og aðrar heimildir sem tengjast flugsögu Íslendinga og miðla á þeim grunni fróðleik til allra aldurshópa á fjölbreyttan hátt.

Frá árinu 2013 hefur Flugsafnið nýst sem námsvettvangur fyrir flugvirkjanema Tækniskólans og hafa um 200 nemendur stundað hluta af flugvirkjanámi sínu á Flugsafninu. Undirritaður hefur verið nýr samningur um áframhaldandi samstarf en vegna heimsfaraldursins hefur orðið hlé á verknáminu. Ráðgert er að næsti árgangur komi til verknáms í Flugsafnið í janúar 2024 og er mikilvægt að tryggja að aðstaðan standi flugvirkjanemum áfram til boða.

Undanfarin ár hefur verið lögð mikil áhersla á að efla faglegt starfs safnsins, s.s. varðveislu, rannsóknir, miðlun og safnkennslu. Sú vinna hefur skilað sér í aukinni aðsókn almennra gesta og skólahópa, sem og auknu trausti almennings sem reglulega leitar til safnsins eftir upplýsingum og býður safninu góðar gjafir til varðveislu. Undir því trausti vilja aðstandendur safnsins standa. Stjórn, starfsfólk og hollvinir safnsins hafa ríkan metnað til þess að gera enn betur en til þess að svo megi verða þarf rekstrargrundvöllur safnsins að vera tryggur.

Með erindi þessu óskum við því eftir áframhaldandi stuðningi fjárlaganefndar Alþingis fyrir árið 2023, að upphæð 9 milljónir króna.

Með vinsemd og virðingu,

Hörður Geirsson stjórnarformaður
Steinunn María Sveinsdóttir safnstjóri

FORELDRAHÚS

Til Fjárlaganefndar Alþingis

Foreldrahús er 35 ára gamalt úrræði á þessu ári. Samtökin voru stofnuð formlega 20. september 1986 að viðstöddu fjölmenni, m.a. fyrrverandi forseta Íslands, frú Vigdísi Finnbogadóttur, en hún hefur frá upphafi verið verndari samtakanna. Um 10 þúsund félagsmenn skráðu sig í samtökin á fyrsta starfsárinu. Fram til aldamóta 2000 störfuðu nær einungis foreldrar sem sjálfboðaliðar við jafningjastuðning fyrir foreldra. Um aldamótin byrjaði Ólöf Ásta Farestveit (núverandi forstjóri barna og fjölskyldustofu) með sjálfstyrkingarnámskeið fyrir unglinga í Foreldrahúsi, má segja að frá þeim tíma hafi fagfólk einungis sinnt verkefnum í starfsemi Foreldrhúss. Starfsemi Foreldrahúss hefur fylgt sama markmiðinu í öll þessi ár: Að styðja og efla foreldra sem eiga börn í vanda. Ásamt því að stuðla að viðhorfsbreytingu í samfélaginu gegn umburðarlyndi gagnvart unglingadrykkju og neyslu annarra vímuefna.

Í dag er Foreldrahús sjálfseignarstofnun í atvinnurekstri og er Foreldrahús jafnframt aðildarfélagi Almannaheilla skv. lögum nr. 110/2021. Fjármögnun starfsins í Foreldeldrahúsi hefur byggst á framlagi frá ríkissjóði og styrk frá Reykjavíkurborg og eigin fjáröflun.

Starfsemi Foreldrahúss skiptist í ráðgjöf, meðferð, námskeið og fræðslu. Áfengis- og vímuefnaráðgjöf, uppeldis-og sálfræðiráðgjöf, listmeðferð og fjölskyldumeðferð. Sjálfstyrkingarnámskeið fyrir börn og einnig fyrir foreldra, sem og námskeið fyrir foreldra unglinga sem eru í áhættuhegðun, fikti og neyslu. Fræðslan er ætluð fyrir foreldra og fagfólk.

Í Foreldrahúsi starfa sérfræðingar með áratuga reynslu af ráðgjöf fyrir foreldra og vinnu með börnum í tilfinningavanda, hegðunarvanda, áhættuhegðun og fikti og neyslu unglinga. Lagt er áherslu á heildræna vinnu með fjölskylduna.

Foreldrahús hefur sannað gildi sitt gegnum árin. Barnaverndir og velferðaþjónustur allra sveitafélaga á höfuðborgarsvæðinu og nágrannasveitafélaga Reykjavíkur hafa nýtt sér þjónustu Foreldrahúss og Velferðasvið Reykjavíkurborgar hefur haft samning við Foreldrahús í mörg ár.

Fagfólk Foreldrahúss lýsir yfir áhyggjur af tillögum að breytingum á lögum um ávana- og fíkniefni, nr. 65/1974 (afglæpavæðing vörslu neysluskammta). Í tillögunum er frekar veikt kveðið á um afskipti lögreglu og vekur það ugg: *„**að önnur lögmál kunna að gilda** um afskipti lögreglu af ólögráða börnum en fullorðnum einstaklingum“* og *„Það **kann að vera rétt** í sumum tilvikum fyrir lögreglu að grípa inn í neyslu ólögráða barns með það að markmiði að vernda barnið fyrir skaðlegum afleiðingum fíkniefnaneyslu. Slíkt inngrip getur þó aðeins komið af þeirri ástæðu að það sé barninu fyrir bestu – ekki einfaldlega vegna þess að varsla fíkniefna sé skilgreind sem óheimil.“*

Hvenær er það **ekki** barninu fyrir bestu að grípa inní þegar um vímuefni er að ræða? Á lögreglan að skilgreina og ákveða hagsmuni barnsins í aðstæðunum? Í tillögunum er kveðið á um að leyfilegt sé að hafa í fórum sínum 10 daga neysluskammta, við hvaða aldur er þá miðað?

Þess ber að geta að börn eru með óþroskaðan heila (heili manns telst fullþroskaður í kringum 25 ár) því hlýtur það alltaf að teljast hættulegt heilsu barna að neyta vímuefna. Óþroskuð börn geta þróað með sér fíknivanda á örfáum mánuðum.

Í tillögunum er kveðið á um refsistefnu stjórnvaldsins hvað varðar fullorðna, en hvað á að taka við þegar um börn er að ræða? Nú eru börn sakhæf 15 ára gömul. Hvaða skráningar eiga að fara fram og hjá hvaða stofnun þegar um 15 ára barn er að ræða? Hverjar verða afleiðingarnar fyrir barnið og forsjáraðilana eða úrlausnir?

Þegar kemur að börnum, stendur einnig eftirfarandi í tillögunum: *„Þegar um börn er að ræða er mikilvægt að gæta að ákveðnu öryggissjónarmiði, þ.e. að yfirvöldum beri að koma í veg fyrir mögulegan skaða sem barn getur orðið fyrir vegna neyslu fíkniefna“.*

Þetta er skýr samhljómur við Foreldrahús sem er eina úrræðið fyrir ólögráða einstaklinga og forsjáraðila þeirra, sem hefur sinnt þjónustu vegna vímuefnamisnotkunar barna í gegnum 35 ár.

Ísland er aðili að barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Í 3.gr. 3.mgr. stendur eftirfarandi: *“Aðildarríki skulu sjá til þess að stofnanir þar sem börnum skal veitt umönnun og vernd starfi í samræmi við reglur sem þar til bær stjórnvöld hafa sett, einkum um öryggi, heilsuvernd...”*

Það þýðir að stjórnvaldið beri ábyrgð á að veita þjónustu í samræmi við þörf barna eða *”Aðildarríki skulu virða og tryggja hverju barni innan lögsögu sinnar þau réttindi sem kveðið er á um í samningi þessum, án mismununar af nokkru tagi...”* Það þýðir að stjórnvaldinu beri að styrkja og styðja við starfsemi sem styðja við börn og forsjáraðila þeirra. Í nýjum lögum um samþættingu þjónustu í þágu barna 86/2021 kemur fram í 1.gr. að *„meginmarkmið laganna er að börn og foreldrar sem á þurfa að halda hafi aðgang að samþættri þjónustu við hæfi án hindrana“.*

Það er hindrun fyrir foreldra barna sem glíma við tilfinningavanda, hegðunarvanda, áhættuhegðun, fikt og neyslu að ekki sé hægt að nýta sér þjónustu Foreldrahúss, vegna skorts á stuðningi stjórnvalda. Það stríðir gegn ákvæðum barnasáttmála sem og farsældarlögunum 86/2021.

Framtíðarsýn Foreldrahúss er skýr; á meðan vímuefni eru til á götum landsins, er þörf fyrir úrræði eins og Foreldrahús. Verkefni til framtíðar eru: að sinna áfram þjónustu við ólögráða einstaklinga sem misnota áfengi- og önnur vímuefni, að þjónusta börn með tilfinninga og hegðunsrvanda, að stórauka fræðslu fyrir foreldra og fagfólk, að taka á móti unglingum sem hafa verið teknir af lögreglu vegna ofbeldis.

Mál sem rata inn til Foreldrahúss:

- Samskiptavandi í fjölskyldunni
- Samskiptavandi og hegðunarvandi
- Samskipta-og sjálfsmyndarvandi hjá strákum gagnvart stelpum
- Tilfinningavandi, t.d. kvíði og þunglyndi
- Sjálfskaði hjá stelpum
- Umgengnismál/sáttamiðlun fyrir foreldra
- Uppeldisvandi foreldra
- Áföll og áfallastreita
- Áfengis- og vímuefnavandi
- Tvíþættur vandi, geðrænn og vímuefnavandi
- Strákar/stelpur í ofbeldi
- Skólaforðun
- Eineltismál
- Samskiptavandi í fjölskyldum og áhættuhegðun án "fikts" (t.d. myndbirtingar á neti og hótanir)
- Netvandi (fíknihegðun og hliðarveruleiki)
- Unglingar af erlendum uppruna í tilvistarvanda (önnur kynslóð innflytjenda)

Til glöggvunar á komum í Foreldrahús sl. 3 ár:

Árið 2021 komu samtals: 3242
Árið 2020 komu samtals 2552
Árið 2019 komu samtals: 2410

Á móti hlutfalli ríkis af tekjum:

Hlutfall ríkis af tekjum Foreldrahúss:

Ár	Tekjur	Ríkið	Rvk.	% ríki	% Rvk
2021	65.893.942	19.000.000	4.750.000	28,83%	7,21%
2020	40.273.195	20.000.000	4.000.000	49,66%	9,93%
2019	50.246.424	19.000.000	9.000.000	37,81%	17,91%

Það sem við þurfum til að geta sinnt hlutverki okkar:

	Mánuði	Ári
Laun 6 starfsmenn	6.000.000	72.000.000
Húsnæðiskostnaður	600.000	7.200.000
Almennur rekstrarkostnaður	600.000	7.200.000
Innheimtukostnaður	1.000.000	12.000.000
Samtals	**8.200.000**	**98.400.000**

Nýafstaðin Menningarnótt sýndi okkur að unglingadrykkja er langt því frá hætt og líkamsárásir virðast vera að færast í aukana. Fréttir af stórum fíkniefnainnfluttningi styður okkar málfluttning og segir til um þörf fyrir starfsemi Foreldrahúss.

Það eru yfir 1000 börn sem bíða eftir þjónustu núna á ýmsum stöðum í kerfinu, margir af þeim ætuu heima í þjónustu hjá Foreldrahúsi í stað BUGL eða hjá heilsugæslunni. Það eru búnir að vera erfiðir tímar, Covid-19 hefur ekki farið vel með þá sem eru viðkvæmir. Það er vitað hver kostnaðurinn fyrir samfélagið verður seinna meir vegna óunnins vanda hjá börnum.

Börnin eiga að fá stuðning til að þroskast og þróast og þau eiga rétt á því að eiga merkingarbært líf og verða að nýtum þjóðfélagsþegnum.

Foreldrahús er hér og búið að vera í 35 ár og hefur gripið börn og foreldra þeirra þegar þau hafa orðið fyrir tilfinningalegum skakkaföllum og áföllum og ánetjast vímuefnum og stutt þau á rétta braut í lífinu.

En til að gera góða hluti þarf góðan stuðning. Við óskum þess að stjórnvaldið komi til móts við Foreldrahús og komi því á fjárlög eins fljótt og hægt er. Það eru börn sem bíða og þau þola ekki bið.

Í von um skjót viðbrög fyrir framtíðana okkar.

FORELDRAHÚS

Til Fjárlaganefndar Alþingis

Foreldrahús er 35 ára gamalt úrræði á þessu ári. Samtökin voru stofnuð formlega 20. september 1986 að viðstöddu fjölmenni, m.a. fyrrverandi forseta Íslands, frú Vigdísi Finnbogadóttur, en hún hefur frá upphafi verið verndari samtakanna. Um 10 þúsund félagsmenn skráðu sig í samtökin á fyrsta starfsárinu. Fram til aldamóta 2000 störfuðu nær einungis foreldrar sem sjálfboðaliðar við jafningjastuðning fyrir foreldra. Um aldamótin byrjaði Ólöf Ásta Farestveit (núverandi forstjóri barna og fjölskyldustofu) með sjálfstyrkingarnámskeið fyrir unglinga í Foreldrahúsi, má segja að frá þeim tíma hafi fagfólk einungis sinnt verkefnum í starfsemi Foreldrhúss. Starfsemi Foreldrahúss hefur fylgt sama markmiðinu í öll þessi ár: Að styðja og efla foreldra sem eiga börn í vanda. Ásamt því að stuðla að viðhorfsbreytingu í samfélaginu gegn umburðarlyndi gagnvart unglingadrykkju og neyslu annarra vímuefna.

Í dag er Foreldrahús sjálfseignarstofnun í atvinnurekstri og er Foreldrahús jafnframt aðildarfélagi Almannaheilla skv. lögum nr. 110/2021. Fjármögnun starfsins í Foreldeldrahúsi hefur byggst á framlagi frá ríkissjóði og styrk frá Reykjavíkurborg og eigin fjáröflun.

Starfsemi Foreldrahúss skiptist í ráðgjöf, meðferð, námskeið og fræðslu. Áfengis- og vímuefnaráðgjöf, uppeldis-og sálfræðiráðgjöf, listmeðferð og fjölskyldumeðferð. Sjálfstyrkingarnámskeið fyrir börn og einnig fyrir foreldra, sem og námskeið fyrir foreldra unglinga sem eru í áhættuhegðun, fikti og neyslu. Fræðslan er ætluð fyrir foreldra og fagfólk.

Í Foreldrahúsi starfa sérfræðingar með áratuga reynslu af ráðgjöf fyrir foreldra og vinnu með börnum í tilfinningavanda, hegðunarvanda, áhættuhegðun og fikti og neyslu unglinga. Lagt er áherslu á heildræna vinnu með fjölskylduna.

Foreldrahús hefur sannað gildi sitt gegnum árin. Barnaverndir og velferðaþjónustur allra sveitafélaga á höfuðborgarsvæðinu og nágrannasveitafélaga Reykjavíkur hafa nýtt sér þjónustu Foreldrahúss og Velferðasvið Reykjavíkurborgar hefur haft samning við Foreldrahús í mörg ár.

Fagfólk Foreldrahúss lýsir yfir áhyggjur af tillögum að breytingum á lögum um ávana- og fíkniefni, nr. 65/1974 (afglæpavæðing vörslu neysluskammta). Í tillögunum er frekar veikt kveðið á um afskipti lögreglu og vekur það ugg: *„**að önnur lögmál kunna að gilda** um afskipti lögreglu af ólögráða börnum en fullorðnum einstaklingum“* og *„Það **kann að vera rétt** í sumum tilvikum fyrir lögreglu að grípa inn í neyslu ólögráða barns með það að markmiði að vernda barnið fyrir skaðlegum afleiðingum fíkniefnaneyslu. Slíkt inngrip getur þó aðeins komið af þeirri ástæðu að það sé barninu fyrir bestu – ekki einfaldlega vegna þess að varsla fíkniefna sé skilgreind sem óheimil.“*

Hvenær er það **ekki** barninu fyrir bestu að grípa inní þegar um vímuefni er að ræða? Á lögreglan að skilgreina og ákveða hagsmuni barnsins í aðstæðunum? Í tillögunum er kveðið á um að leyfilegt sé að hafa í fórum sínum 10 daga neysluskammta, við hvaða aldur er þá miðað?

Þess ber að geta að börn eru með óþroskaðan heila (heili manns telst fullþroskaður í kringum 25 ár) því hlýtur það alltaf að teljast hættulegt heilsu barna að neyta vímuefna. Óþroskuð börn geta þróað með sér fíknivanda á örfáum mánuðum.

Í tillögunum er kveðið á um refsistefnu stjórnvaldsins hvað varðar fullorðna, en hvað á að taka við þegar um börn er að ræða? Nú eru börn sakhæf 15 ára gömul. Hvaða skráningar eiga að fara fram og hjá hvaða stofnun þegar um 15 ára barn er að ræða? Hverjar verða afleiðingarnar fyrir barnið og forsjáraðilana eða úrlausnir?

Þegar kemur að börnum, stendur einnig eftirfarandi í tillögunum: *„Þegar um börn er að ræða er mikilvægt að gæta að ákveðnu öryggissjónarmiði, þ.e. að yfirvöldum beri að koma í veg fyrir mögulegan skaða sem barn getur orðið fyrir vegna neyslu fíkniefna“.*

Þetta er skýr samhljómur við Foreldrahús sem er eina úrræðið fyrir ólögráða einstaklinga og forsjáraðila þeirra, sem hefur sinnt þjónustu vegna vímuefnamisnotkunar barna í gegnum 35 ár.

Ísland er aðili að barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Í 3.gr. 3.mgr. stendur eftirfarandi: *“Aðildarríki skulu sjá til þess að stofnanir þar sem börnum skal veitt umönnun og vernd starfi í samræmi við reglur sem þar til bær stjórnvöld hafa sett, einkum um öryggi, heilsuvernd...”*

Það þýðir að stjórnvaldið beri ábyrgð á að veita þjónustu í samræmi við þörf barna eða *”Aðildarríki skulu virða og tryggja hverju barni innan lögsögu sinnar þau réttindi sem kveðið er á um í samningi þessum, án mismununar af nokkru tagi...”* Það þýðir að stjórnvaldinu beri að styrkja og styðja við starfsemi sem styðja við börn og forsjáraðila þeirra. Í nýjum lögum um samþættingu þjónustu í þágu barna 86/2021 kemur fram í 1.gr. að *„meginmarkmið laganna er að börn og foreldrar sem á þurfa að halda hafi aðgang að samþættri þjónustu við hæfi án hindrana“.*

Það er hindrun fyrir foreldra barna sem glíma við tilfinningavanda, hegðunarvanda, áhættuhegðun, fikt og neyslu að ekki sé hægt að nýta sér þjónustu Foreldrahúss, vegna skorts á stuðningi stjórnvalda. Það stríðir gegn ákvæðum barnasáttmála sem og farsældarlögunum 86/2021.

Framtíðarsýn Foreldrahúss er skýr; á meðan vímuefni eru til á götum landsins, er þörf fyrir úrræði eins og Foreldrahús. Verkefni til framtíðar eru: að sinna áfram þjónustu við ólögráða einstaklinga sem misnota áfengi- og önnur vímuefni, að þjónusta börn með tilfinninga og hegðunsrvanda, að stórauka fræðslu fyrir foreldra og fagfólk, að taka á móti unglingum sem hafa verið teknir af lögreglu vegna ofbeldis.

Mál sem rata inn til Foreldrahúss:

- Samskiptavandi í fjölskyldunni
- Samskiptavandi og hegðunarvandi
- Samskipta-og sjálfsmyndarvandi hjá strákum gagnvart stelpum
- Tilfinningavandi, t.d. kvíði og þunglyndi
- Sjálfskaði hjá stelpum
- Umgengnismál/sáttamiðlun fyrir foreldra
- Uppeldisvandi foreldra
- Áföll og áfallastreita
- Áfengis- og vímuefnavandi
- Tvíþættur vandi, geðrænn og vímuefnavandi
- Strákar/stelpur í ofbeldi
- Skólaforðun
- Eineltismál
- Samskiptavandi í fjölskyldum og áhættuhegðun án "fikts" (t.d. myndbirtingar á neti og hótanir)
- Netvandi (fíknihegðun og hliðarveruleiki)
- Unglingar af erlendum uppruna í tilvistarvanda (önnur kynslóð innflytjenda)

Til glöggvunar á komum í Foreldrahús sl. 3 ár:

Árið 2021 komu samtals: 3242
Árið 2020 komu samtals 2552
Árið 2019 komu samtals: 2410

Á móti hlutfalli ríkis af tekjum:

Hlutfall ríkis af tekjum Foreldrahúss:

Ár	Tekjur	Ríkið	Rvk.	% ríki	% Rvk
2021	65.893.942	19.000.000	4.750.000	28,83%	7,21%
2020	40.273.195	20.000.000	4.000.000	49,66%	9,93%
2019	50.246.424	19.000.000	9.000.000	37,81%	17,91%

Það sem við þurfum til að geta sinnt hlutverki okkar:

	Mánuði	Ári
Laun 6 starfsmenn	6.000.000	72.000.000
Húsnæðiskostnaður	600.000	7.200.000
Almennur rekstrarkostnaður	600.000	7.200.000
Innheimtukostnaður	1.000.000	12.000.000
Samtals	**8.200.000**	**98.400.000**

Nýafstaðin Menningarnótt sýndi okkur að unglingadrykkja er langt því frá hætt og líkamsárásir virðast vera að færast í aukana. Fréttir af stórum fíkniefnainnfluttningi styður okkar málfluttning og segir til um þörf fyrir starfsemi Foreldrahúss.

Það eru yfir 1000 börn sem bíða eftir þjónustu núna á ýmsum stöðum í kerfinu, margir af þeim ætuu heima í þjónustu hjá Foreldrahúsi í stað BUGL eða hjá heilsugæslunni. Það eru búnir að vera erfiðir tímar, Covid-19 hefur ekki farið vel með þá sem eru viðkvæmir. Það er vitað hver kostnaðurinn fyrir samfélagið verður seinna meir vegna óunnins vanda hjá börnum.

Börnin eiga að fá stuðning til að þroskast og þróast og þau eiga rétt á því að eiga merkingarbært líf og verða að nýtum þjóðfélagsþegnum.

Foreldrahús er hér og búið að vera í 35 ár og hefur gripið börn og foreldra þeirra þegar þau hafa orðið fyrir tilfinningalegum skakkaföllum og áföllum og ánetjast vímuefnum og stutt þau á rétta braut í lífinu.

En til að gera góða hluti þarf góðan stuðning. Við óskum þess að stjórnvaldið komi til móts við Foreldrahús og komi því á fjárlög eins fljótt og hægt er. Það eru börn sem bíða og þau þola ekki bið.

Í von um skjót viðbrög fyrir framtíðana okkar.

Fjárlaganefnd Reykjavík 21.okt. 2022

Erindi: Fornminjanefnd v / fornminjasjóður - fjárlög 2023 / Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir form. fjárlaganefnd.

Fyrir hönd Fornminjanefndar vill undirritaður árétta þakkir fyrir tímabundna fjárveitingu á liðnu ári til að mæta brýnum skráninga- og minjaverkefnum vegna náttúruvár. Staða sjávarborðs og eða afleiðingar loftslagsbreytinga með veðuröfgum horfa hinsvegar ekki til betri vegar og strandminjum stafar því áfram og í vaxandi mæli hætta af sjávarrofi og kemur því sérlega illa við að framlag til sjóðsins skuli skorið niður á sama tíma og áskoranir og viðfangsefni hafa stórum vaxið til lands- og sjávar og þá bætist við óskráð minjasvæði og verkefni í hættu vegna skriðufalla. Loftslagsmálin eru því sérlega stór áskorun fyrir þann málaflokk sem við lögum samkvæmt störfum eftir. Stóra áhyggjuefni fornminjanefndar er að fram til ársins 2021 þ.e. utan aukafjárveitingar hafði sjóðurinn staðið í stað um margra ára skeið með rétt ríflega 40 mkr.framlag til að mæta gríðarlegum fjölda verkefna. Svo er komið að margir fornleifafræðingar hafa gefist upp á að sækja í sjóðinn vegna þess hve rýr hann var orðin eða þá að þeir leituðu framhjá sjóðnum t.d. beint til fjárlaganefndar og eða í aðra óskylda sjóði á forræði ríksins, allt gerir þetta Fornminjanefnd enn erfiðara um vik að sinna skyldum sínum með alltof lítinn sjóð til ráðstöfunar. Fornminjanefnd vill því hvetja fjarlaganefnd að taka öll þau mál er kunna að falla undir fagnefnd málaflokksins og beina þeim stuðningi til Fornminjanefndar / fornminjasjóðs þar sem tryggt er að fjallað verði faglega og lögum samkvæmt um hvert verkefni. Að áður sögðu hefur uppsafnaður vandi fornminjasjóðs af óútskýrðum ástæðum staðið í stað um árabil meðan aðrir sambærilegir sjóðir hafa verið uppfærðir jafnt og þétt. Nú ber orðið himinn og haf í milli fornminjasjóðs og annarra og fyrir það líða mörg mjög brýn verkefni um land allt. Í þessum efnum er mjög mikilvægt að fjárlaganefnd og stjórnvöldum á hverjum tíma sé ljóst að framvinda við skráningu fornleifa, umsagnaskrif leyfisveitingar hverskonar í kringum skipulags og framkvæmdaferli á ýmsum stigum máls getur og hefur oft tafist úr hófi fram þar sem skort hefur fjármuni m.a. til skráninga fornleifa. Slík tilvik sem upp koma eru ótal mörg og tefja allan framgang með margháttuðum óþægindum veldur og oft miklum aukakostnaði fyrir alla viðkomandi aðila vegna tafa, þetta varðar ekki síst skipulagsyfirvöld í héraði og framkvæmdaðila. Á þessum grunni standa viðmiðunarþjóðir okkar langt um framar þegar kemur að skráningum á fornleifum og hvernig skal hlúa að menningarminjum og menningararfi þjóðar. Sem dæmi er sambærileg Minjastofnun í Noregi nú í annarri yfirferð fornleifaskráninga yfir landið, en þá gefur að líta að Ísland hefur einvörðungu vegna fjársveltis í þessum efnum náð að skrá aðeins um 30% af Íslandi í fyrstu umferð. Það er því gríðarlega mikilvægt að stjórnvöld, alþingi allt og sveitarfélög geri sér grein fyrir því að ef áhugi er til þess að flýta skipulags- og leyfisveitingaferlum að þá er leiðin til þess ekki síst að leggja til stóraukna fjármuni í lögbundnar grunnrannsóknir á fornleifum með skýra framtíðarsýn svo ekki standi á þeim þætti sem hvað mest er svo kvartað undan af framkvæmdaðilum og skipulagsyfirvöldum. Þá ber þess að geta að Fornminjanefnd er heyrir undir Minjastofnun að sama skapi lögum samkvæmt, ekki einvörðungu ætlað að annast afgreiðslu og stuðning úr fornminjasjóði við fornleifaskráningar, fornleifauppgreftri, rannsóknir á forngripum, skýrsluhaldi og umsýslu vegna þessara þátta, heldur er sjóðnum ætlað lögum samkvæmt að taka við umsóknum styðja við önnur brýn minjaverndarverkefni og ber þar hvað hæst báta- og skipaarfurinn sem komin er í óefni. Í þeim efnum er fornminjanefnd þó að reyna leita sérstakra leiða gagnvart viðkomandi ráðuneytum sem bátaarfurinn kann að falla undir, ellegar stöndum við frammi fyrir óafturkræfu menningarslysi þar sem flestir af merkustu og friðuðum þilfarsbátum þjóðarinnar bíða að öðrum kosti förgunar á allra næstu misserum ef ekkert verður að gert. Skyldur okkar lögum samkvæmt hafa einmitt vaxið gagnvart bátaarfinum þar sem þakka skal fyrir að stjórnvöld hafa skrifað undir UNESCO samning um vernd á bátaarfi okkar og um leið hefur handverk bátasmiða verið verndað sérstaklega undir sömu formerkjum hér á landi sem ber að þakka fyrir. Að lokum vill undirritaður fyrir hönd Fornminjanefndar trúa því að fjárlaganefnd hafi ríkari skilning á stöðu fornminjasjóðs með erindi þessu og hvaða ávinningur er undir fyrir stjórnvöld að styðja mynduglega við sjóð sem er órjúfanlegur hluti af því að styðja við framgang verkefna um land allt sem geta haft svo margháttuð jákvæð áhrif. Hér verður látið hjá líða að lýsa nánar öllum þeim tækifærum sem telja má upp t.d. í ferðaþjónustutengdum málum, þar sem hægt er að draga fram sérstöðu svæða á grunni merkra menningarminja sem hefur svo sannarlega sýnt sig að hafa vakið mikla og jákvæða athygli. Tæpast þarf að útlista hér nánar hvað brennur þungt á Fornminjanefnd að geta staðið við bakið á þeim fjölda fornleifaverkefna um landið sem sífellt kalla á aukinn stuðning meðan sjóðurinn hefur ekki fengið áheyrn sem hann á skilið. Styrkfjáræð sem nú stendur í fjárlögum fyrir fornminjasjóð 2023 er 66 mkr þá með innifalinni aukafjárveitingu frá síðasta ári. Nefndin telur í ljósi aðsteðjandi og knýjandi verkefna á mörgum sviðum að 120 mkr. fjárveiting til sjóðsins gæti fært okkur nær samtalinu um þörfina en það væri þá rétt um helmngur þess sem sótt var um í sjóðinn á síðasta ári og það þrátt fyrir að margir hefðu hætt við að senda inn umsóknir eins og áður greinir. Í nýrri stefnu um störf Fornminjanefndar hefur verið sett fram stefna um að gera áætlun til þriggja ára í senn og það er því gríðarlega mikilvægt að nefndin geti með fyrirsjáanleika gert áætlun á grunni stefnunnar með tryggar fjárveitingar.

Í einlægni með von um skilning á stöðu mála
Virðingarfyllst
F.h. Fornminjanefndar – Andrés Skúlason formaður.

ALÞINGI

Til: Fjárlaganefndar Alþingis.
Frá: Forseta Alþingis.

Reykjavík, 1. desember 2022

Efni: Viðbótarfjárveiting vegna öryggisgæslu lögreglu á Alþingi

Undanfarið hefur öryggisgæsla lögreglu á Alþingi verið til umræðu í forsætisnefnd. Ríkislögreglustjóri, sem annast löggæslu æðstu stjórnar ríkisins, telur þörf á breytingu á fyrirkomulaginu þannig að löggæslan á Alþingi verði efld og verði í takt við það sem er hjá embætti forseta Íslands og forsætisráðuneytinu. (Nú annast lögreglumaður frá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu löggæslu á meðan þingfundum stendur. Hefur Alþingi greitt embættinu um 6 mkr. á ári vegna þessa.)

Ríkislögreglustjóri telur þörf á að embættinu verði veitt 37,6 m.kr. viðbótarfjárveiting vegna tveggja stöðugilda lögreglumanna til að taka að sér löggæslu (öryggisgæslu) á Alþingi. Löggæslan verði í tengslum við þingfundi, nefndafundi og við önnur tilefni þegar þannig stendur á. Málið hefur verið rætt í forsætisnefnd.

Hér með er óskað eftir að fjárlaganefnd fallist á að embætti ríkislögreglustjóra fái fjárveitingu að fjárhæð 37,6 mkr. til að annast löggæslu á Alþingi.

Meðfylgjandi er minnisblað frá ríkislögreglustjóra, dags. 28. september sl.

FORSETI ALÞINGIS

ALÞINGI • 101 REYKJAVÍK • SÍMI: 563 0900 • forseti@althingi.is

ALÞINGI

Til: Fjárlaganefndar Alþingis.
Frá: Forseta Alþingis.

Reykjavík, 1. desember 2022

Efni: Viðbótarfjárveiting fyrir nýbyggingu Alþingis

1. Í hönnun 3. og 4. hæðar nýbyggingar Alþingis, á svokölluðum þingmannahæðum, er gert ráð fyrir því að starfsfólk þingflokka sinni störfum sínum í verkefnamiðuðum vinnurýmum sem eru öll opin fram á gang. Við nánari athugun kom fram að vegna fjölgunar starfsfólks þingflokka, og í ljósi eðlis starfa þessa hóps, er nauðsynlegt að setja lokanir á þessi rými, en þau verða áfram verkefnamiðuð vinnurými þar sem gert er ráð fyrir allt að sex starfsstöðvum. Forsætisnefnd hefur rætt málið og er einhuga um að þetta verði gert. Viðbótarkostnaður vegna þessa er 53,1 m.kr., sjá nánar hjálagt minnisblað frá verkefnisstjóra Framkvæmdasýslu ríkisins – ríkiseigna (FRSE), dags. 28. nóvember 2022.

2. Þá samþykkti forsætisnefnd í febrúar 2022 að bæta við 5. hæð hússins fundarherbergjum sem fyrirhugað var að sleppa í núverandi framkvæmdafasa og bæta við húsið síðar. Forseti Alþingis bar málið upp við fjármálaráðherra og forsætisráðherra sem voru þessu samþykk en hins vegar misfórst að setja inn fjárveitingu til framkvæmdanna í fjárlagafrumvarpið. Kostnaður við þetta er áætlaður um 199,4 m.kr. á verðlagi í dag, sjá meðfylgjandi kostnaðaráætlun.

3. Með vísan til framangreinds óskar forseti Alþingis eftir viðbótarfjárveitingu til nýbyggingar Alþingis í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2023, alls 252,5 m.kr.

Meðfylgjandi er minnisblað frá verkefnisstjóra FSRE með kostnaðaráætlun fyrir lokanir á 3. og 4. hæð og fullnaðarfrágang innanhúss á 5. hæð dags. 27. nóvember 2022 og kostnaðaráætlun fyrir stækkun 5. hæðar dags. 18.02.2022.

FORSETI ALÞINGIS

ALÞINGI • 101 REYKJAVÍK • SÍMI: 563 0900 • forseti@althingi.is

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
Reykjavík



Reykjavík 11. nóvember 2022

Efni: Umsögn Frjálsra félagasamtaka í þróunarsamvinnu um frumvarp til fjárlaga 2023, 1. mál á 153. löggjafarþingi 2022–2023.

1. Almennt um fjárlagafrumvarpið og þróunarsamvinnu Íslands

FFÞ – Frjáls félagasamtök í þróunarsamvinnu (ABC barnahjálp, Barnaheill, CLF á Íslandi, Hjálparstarf Kirkjunnar, Kristniboðssambandið, Rauði krossinn á Íslandi, SOS Barnaþorp, Sól í Tógó, UNICEF á Íslandi og UN Women á Íslandi) sem mynda fræðsluvettvanginn ***Þróunarsamvinna ber ávöxt*** ásamt Félagi Sameinuðu þjóðanna á Íslandi, telja mikilvægt að stjórnvöld finni leiðir til að markmið um að öll iðnríki, þar með talið Ísland, veiti 0.7% af vergum þjóðartekjum gangi eftir. Íslensk stjórnvöld hafa um áratuga skeið stutt í orði markmið Sameinuðu þjóðanna en hæst hafa framlög Íslands numið 0,35% af vergum þjóðartekjum og það aðeins í fá skipti.

Með hliðsjón af markmiði Sameinuðu þjóðanna og stuðningi Íslands við það markmið til margra áratuga, skora neðangreind félög á löggjafann að tryggja að Ísland nái markmiði sínu um að 0,7% af vergum þjóðartekjum fari í þróunarsamvinnu. Slík samvinna styður fátæk ríki og/eða stríðshrjáð til sjálfshjálpar og til að byggja upp betri lífsskilyrði svo fólk þurfi síður að flýja heimalönd sín.

Í því skyni þyrfti að tvöfalda framlag Íslands til þróunarsamvinnu fyrir árið 2023 þannig að það næmi rúmum 23 milljörðum. Í heimi þar sem stöðugt fleiri neyðast til að flýja heimili sín vegna vopnaðra átaka, ofsókna, fátæktar og loftslagsbreytinga ber efnameiri þjóðum að leggja sitt af mörkum til að stuðla að auknu öryggi og velferð jarðarbúa.

Neðangreind félög telja tilefni til að fagna auknum fjármunum í þróunarsamvinnu á undanförnum árum en betur má en duga skal. Nái Ísland ofangreindum markmiðum sínum myndi það gefa Íslandi sterkari og trúverðugri rödd á alþjóðavettvangi og tilefni til að hvetja aðrar efnameiri þjóðir til að ná einnig ofangreindu markmiði Sameinuðu þjóðanna.

2. Nánar um fjárlagafrumvarpið og fjárheimildir til þróunarsamvinnu

Úr málefnasviði 35 í þingskjali 1 á bls. 346 í Fjárlagafrumvarpi er fjallað um að helstu breytingar í fjárheimildum frá 2022 séu:

> Fjárheimild málaflokksins aukin um 1.417 m.kr. til að viðhalda framlagshlutfalli Íslands til alþjóðlegrar þróunarsamvinnu af vergum þjóðartekjum sem var 0,35% fyrir 2022.

Samkvæmt fjárlagafrumvarpi er aðeins áætlað að viðhalda sama hlutfalli til málaflokksins árið 2023 og var árið 2022. En í lið f) um helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins er talað um að lækka lið innanlandssamstarfs um 124 m.kr. og köllum við eftir frekari útskýringu á þeim lið.

Félögin gera sér að sjálfsögðu grein fyrir stöðu ríkissjóðs og virða tilraunir stjórnvalda til minnka ekki framlög með því að skera niður í þessum málaflokki líkt og í mörgum nágrannaþjóðum á árinu. Það er hins vegar sannfæring okkar, sem vinnum í málaflokki þróunarsamvinnu, að það fé sem ríkissjóður leggur til málaflokksins sé mikilvæg fjárfesting sem muni skila sér margfalt í bættum lífsgæðum viðkvæmustu hópa alþjóðasamfélagsins og markvisst vinna að heimsmarkmiðum SÞ og stórefla þátttöku Íslands.

3. Lokaorð

Fulltrúar FFÞ eru reiðbúin að koma á fund fjárlaganefndar og gera frekar grein fyrir þeim sjónarmiðum sem fram koma í umsögninni.

Reykjavík, 11. Nóvember 2022

f.h. Frjálsra félagasamtaka í þróunarsamvinnu

Birna Þórarinsdóttir, UNICEF á Íslandi

Bjarni Gíslason, Hjálparstarfi kirkjunnar

Ellen Calmon, Barnaheill - Save the Children á Íslandi

Kristín Hjálmtýsdóttir, Rauði krossinn á Íslandi

Hjalti Skaale Glúmsson, ABC Barnahjálp

Ragnar Gunnarsson, Kristniboðssambandinu

Ragnar Schram, SOS Barnaþorpum


Stella Samúelsdóttir, UN Women á Íslandi

Valdís Anna Þrastardóttir, Candle Light Foundation

Vala Karen Viðarsdóttir, Félagi Sameinuðu þjóðanna á Íslandi

Umsögn landssamtakanna Geðhjálpar um fjárlög 2023

Landssamtökin Geðhjálp hafa um langt árabil bent á þá staðreynd að geðheilbrigðiskerfið er vanfjármagnað. Samkvæmt skýrslu Ríkisendurskoðunar um geðheilbrigðiskerfið, sem kom út í vor, þá eru fjárframlög til málaflokksins tæplega 5% af heildarfjárframlögum til heilbrigðismála. Á sama tíma er áætlað umfang geðheilbrigðismála af heildinni í kringum 25%. Í samantekt frá árunum 2007 til 2009 var framlag til geðheilbrigðismála áætlað í kringum 8%[1]. Það bera að hafa í huga að aðferðarfræðin var ekki sú sama við útreikningana en þetta er þó vísbending um að framlög til málaflokksins hafa dregist umtalsvert saman þessum árum. Fjárframlög til málaflokksins, af heildarframlögum til heilbrigðismála, hafa þannig dregist saman um tæp 40% á þeim rúma áratug sem liðinn er. Geðheilbrigðiskerfið hefur verið vanfjármagnað í áratugi og það er áhyggjuefni hve lítinn gaum stjórnvöld hafa gefið málaflokknum.



Mynd 1 - Framlög til geðheilbrigðismála og umfang

Það fjármagn sem sett er í geðheilbrigðismál er að langstærstum hluta sett í meðferð og endurhæfingu þ.e.a.s. afleiðingaendann. Geðhjálp hefur ítrekað bent á hve nauðsynlegt er að gera stórátak í heilsueflingu og forvörnum þ.e.a.s. orsakaendanum. Það væri gagnlegt að kanna hversu miklum fjármunum er farið í afleiðingaendann (meðferð og endurhæfingu) af heildinni. Stjórn Geðhjálpar álítur af reynslu og tölum sem ræddar voru fyrir allnokkru að hlutfall heilsueflingar og forvarna sé á bilinu 1-2% á meðan meðferð og endurhæfing fær um 98% af fjárveitingum.

Heilsuefling	Forvarnir	Snemm-skoðun	Meðferð	Endurhæfing

Mynd 2 - Orsök og afleiðingar

[1] Héðinn Unnsteinsson. Geðheilsa á Íslandi – Staða og þróun til framtíðar. Geðvernd – Rit Geðverndarfélags Íslands 2011; 6-14.

Aðgerðaáætlun í tengslum við geðheilbrigðisáætlun til ársins 2030


Geðheilbrigðisáætlun til 2030, sem heilbrigðisráðherra hefur unnið að sl. mánuði í samráði við ýmsa hagaðila, er tilraun til þess að forgangsraða í málaflokknum og ná fram breytingum. Áætlunin fyrir árin 2016 til 2020 var það einnig. Báðar áætlanirnar innihalda aðgerðaáætlanir sem er í raun það eina sem skiptir máli þegar kemur að árangri stefnunnar. Aðgerðaáætlun stefnunnar 2016 til 2020 var metin á um 4-5 milljarða. Tekin var ákvörðun um að setja 600 milljónir í aðgerðaráætlunina eða 12 til 15% af því sem lagt var til. Nú er ekki búið að kostnaðargreina að fullu aðgerðaáætlun þá sem nú er í vinnslu en samkvæmt heimildum Geðhjálpar má ætla að hún kosti ekki undir 8 milljörðum næstu sex ár. Í fjárlögum næsta árs og fjármálaáætlun er hvergi að finna heimild fyrir þessum kostnaði sem ætti að vera um 1 milljarður á ári til ársins 2030 fyrir utan 100 m.kr. sem eru merktar heilsugæslunni vegna stefnu í geðheilbrigðismálum. Það er heldur ekki gert ráð fyrir þessum kostnaði í fjármálaáætlun næstu ára.

Aðgerðir og spurningar

Hvernig búum við sem samfélag að verðandi foreldrum? Fá þau stuðning og fræðslu um t.d. mikilvægi heilbrigðra samskipta verðandi foreldra á meðgöngu? Hvernig er búið að börnum og foreldrum fyrstu tvö æviár barna? Hvers vegna skilja 50% þeirra sem eignast sitt fyrsta barn á fyrstu tveimur æviárum barnsins? Hvers vegna er áhersla samfélagsins á að koma börnum sem fyrst á leikskóla/dagvist á fyrstu tveimur æviárunum? Af hverju eru foreldrar ekki studdir í því að vera sem mest með börnum sínum á þessum mikilvæga mótunartíma í lífi þeirra? Hvernig eru leikskólakennarar, grunnskólakennarar og annað starfsfólk undirbúið fyrir verkefni sín sem eru að verja meiri tíma með börnum í 10 til 14 ár af lífi þeirra en foreldrarnir?

Hvers vegna greinast alltaf fleiri og fleiri börn með frávik á Íslandi? Hvernig er framhaldsskólinn? Hvers vegna er brottfall úr framhaldsskólum 100% meira hér en á hinum Norðurlöndunum og meðaltal í Evrópusambandinu? Hvaða áherslur eru á vinnumarkaðnum? Hvers vegna hefur geðlyfjanotkun barna tvöfaldast á 10 árum? Hvers vegna líður börnum verr í dag en fyrir 10 árum? Hvernig er almannatryggingakerfinu háttað á Íslandi? Hvers vegna hefur öryrkjum vegna geðrænna áskorana fjölgað um 250% sl. 30 ár? Hvað erum við að gera til að virkja fólk? Hvernig búum við að eldri borgurum þessa lands? Svona mætti lengi áfram telja.

Þegar horft er til þeirra áætlana sem stjórnvöld á hverjum tíma hafa sett fram kemur í ljós að ekki fara alltaf saman hljóð og mynd. Dæmi um þetta má finna í geðheilbrigðisstefnu stjórnvalda fyrir árin 2016 til 2020. Þar má sjá að fjármunir hafi ekki fylgt verkefnum sem ætlað var að vinna þeim markmiðum sem sett voru fram í áætluninni. Dæmi um þetta eru mörg. Árið 2014 mátu 81% barna í efstu bekkjum grunnskóla andlega heilsu sína góða eða mjög góða. Markmið geðheilsustefnu stjórnvalda var að 90% barna myndi meta andlega heilsu sína góða eða mjög góða árið 2020. Þróunin síðan þá og staðan í dag getur ekki talist annað en vonbrigði þar sem aðeins 57% barna árið 2021 mátu andlega heilsu sína góða eða mjög góða. Þróunin hefur verið niður á við allan þennan tíma. 57%. Fyrirtækið Rannsóknir & greining hefur gert kannanir á líðan barna um langt árabil og eru þessar tölur fengnar þaðan.




Mynd 3 - Líðan barna

Hvaða fjármunir voru settir í þetta verkefni og hvernig var staðið að því? Það er ekki nóg að setja sér markmið ef ekki fylgir aðgerðaáætlun og fjármagn sem farið er eftir. Fjárlaganefnd ætti að hafa þetta í huga enda er skv. fjárlagafrumvarpinu 100 m.kr. sérstaklega merktar aðgerðaáætlun í geðheilbrigðismálum.


Afleiðingar

Aðgerðaáætlun var setta fram árið 2018 með 58 aðgerðum til þess að draga úr sjálfsvígum ungmenna. Í þessi áætlun var sett fram með skýrummarkmiðum sem margir bundu vonir við. Það eru talsverð vonbrigði og eiginlega óásættanlegt að nú fjórum árum síðar hafi einungis fimm af þessum aðgerðum komið til framkvæmda. Þetta er einn eitt dæmi þess hve erfiðlega hefur reynst að fylgja eftir þeim ákvörðunum og góðu fyrirætlunum sem settar hafa verið fram af stjórnvöldum. Aðgerða er þörf eins og meðfylgjandi gögn frá Landlæknisembættinu sýna.




Mynd 4 - Hlutdeild sjálfsvíga í andlátum - 18 til 29 ára

Sjálfsvíg eru algengasta dánarorsök ungs fólks á Íslandi. Þetta er alvarleg þróun sem við sem samfélag höfum ekki náð að snúa við. Það tóku 46 manns líf sitt á aldrinum 18 til 29 ára á þessu fimm ára tímabili eða 9,2 á ári. Að auki deyr fólk úr ofskömmtunum lyfja í þessum hópi en það dóu 9 manns úr ofskömmtun árið 2021. Þegar tekið er meðaltal sl. fimm ára þá deyja um 26 einstaklingar í þessum aldurshópi á ári vegna sjálfsvíga eða of stórs skammts. Það þýðir að andlát vegna ofskömmtunar og sjálfsvíga eru í kringum 70% af dánarorsökum í þessum aldurshópi á ári.




Mynd 5 – Fjöldi andláta vegna ofskömmtunar og sjálfsvíga árið 2021 í aldurshópnum 18 til 29 ára 18 til 29 ára

Þegar horft er til yngsta aldurshópsins, 0-17 ára, þá er fjölgun sjálfsvíga sl. 20 ár verulegt áhyggjumál. Á mynd 6 má sjá þróunina frá árinu 2000 en þarna má hlutfall sjálfsvíga á hverju fimm ára tímabili í öllum andlátum í þessum aldurshópi.



Mynd 6 - Hlutdeild sjálfsvíga í andlátum – yngri en 18 ára

Hafa verður í huga að sjálfsvíg barna yngri en 10 ára eru algjört einsdæmi og því segir hlutfallið ekki alla söguna. Það dóu samtals 77 börn á aldrinum 0 til 17 ára á árunum 2016 til 2020. Þar af voru 57 yngri en 10 ára og 41 yngri en 1 árs. Af þeim 20 börnum sem dóu og voru eldri en 10 ára þá tóku sjö líf sitt eða 35%.



Þegar við horfum á þessi gögn þá getum við ekki annað en sagt: Hingað og ekki lengra! Við verðum að gera betur og hætta að plástra kerfið í von um að þetta muni reddast. Við missum í kringum 10 einstaklinga á aldrinum 10 til 29 ára á hverju ári vegna sjálfsvíga. Að auki deyja í kringum níu einstaklingar yngri en 29 ára vegna ofskömmtunar. Það er með öllu óásættanlegt.

Það er líka óásættanlegt hve skakkt verðmætamatið í samfélaginu virðist vera. Stjórnvöld settu um 40 m.kr. í aðgerðaáætlun til þess að draga úr sjálfsvígum ungmenna á fjögurra ára tímabili. Það er 75 sinnum minna en þótti eðlilegt að greiða ráðgjöfum við sölu Íslandsbanka.

Eftirlitshlutverk, hugmyndafræði og aðbúnaður

Önnur birtingarmynd vanfjármögnunar geðheilbrigðiskerfisins birtist okkur í þeim mannréttindabrotum sem því miður eiga sér stað daglega á deildum og stofnunum þar sem fólk með geðrænar áskoranir og fatlanir dvelur. Skortur á fagfólki, fólki með notendareynslu, vondur húsakostur og síðast en ekki síst úrelt hugmyndafræði ýtir undir þessa óheillaþróun. Einstaklingar fá ekki að fara út svo dögum og jafnvel vikum skiptir, fá ekki að fara út af herbergi, mega ekki reykja nema á ákveðnum tímum, fá ekki að nota síma eða tölvur, eru þvingaðir til að taka inn lyf og nauðungarsprautaðir. Það er ekkert í fjárlagafrumvarpi 2023 eða fjármálaáætlun sem gerir ráð fyrir nýjum húsakosti eða eflingu starfs á geðdeildum og/eða samfélagsgeðteyma. Það eru vonbrigði

Eftirlitshlutverk ríkis og sveitarfélega með þjónustueiningum geðþjónustu er ríkt en það er ljóst að það þarf að bæta verulega í er kemur að framkvæmd. Embætti landlæknis, heilbrigðisráðuneytið, félagsmálaráðuneytið og velferðarsvið sveitarfélaganna virðast alls ekki ná nægilega vel utan um verkefnið eins og fram kom í skýrslu Ríkisendurskoðunar um geðheilbrigðismál frá því í vor: „Mátti Ríkisendurskoðun bíða mánuðum saman eftir svörum við tilteknum spurningum, þrátt fyrir ítrekanir, en einnig gekk erfiðlega að finna fundatíma. Ríkisendurskoðun telur jafnframt sum svör ráðuneytisins hafa verið óskýr og illa rökstudd þegar þau loks bárust.“[2] Vanfjármagnað eftirlit er vond blanda við undirmönnun og mikla starfsmannaveltu í geðheilbrigðiskerfinu.

Geðhjálp hefur of oft komið að málum þar sem notendur geðheilbrigðisþjónustunnar, sem telja að meðferð hafi verið ábótavant og jafnvel að brotið hafi verið á þeim, kvarta til eftirlitsaðila á vegum heilbrigðisráðuneytisins en þurfa að bíða meira en ár eftir fyrstu viðbrögðum.

[2] Geðheilbrigðisþjónusta, stefna – skipulag – kostnaður – árangur. Stjórnsýsluúttekt. Ríkisendurskoðun. Bls. 7.

Þessi veruleiki opinberast með einkar skýrum hætti í úttekt Ríkisendurskoðunar og Geðhjálp hefur ítrekað lagt fram þá tillögu að á Íslandi taki til starfa „Geðráð“ sem haldi utan um mælaborð geðheilbrigðismála og leggi til aðgerðir til skamms og langs tíma. Verkefnin eru á víð og dreif í kerfinu og yfirsýn skortir tilfinnanlega.

Niðurlag

Það er okkar sem samfélags að bregðast við þeirri óheillaþróun sem tíunduð hefur verið hér á undan. Afleiðingar vanfjármögnunar geðheilbrigðiskerfsins birtast okkur m.a. með þeim hætti sem hér hefur verið lýst. Þetta er hins vegar ekki tæmandi útlistun á afleiðingum þessa og má þar m.a. nefna geðheilbrigði eldri borgara og fjölgun öryrkja vegna geðrænna áskoranna svo eitthvað sé nefnt. Geðheilbrigði barna og það að styðja við foreldra er hins vegar mikilvægasta verkefnið. Það að beina sjónum að orsökum í stað afleiðinga er leiðin sem kemur til með að gagnast okkur best.

Eftirfarandi eru níu aðgerðir sem ráðast þarf í til þess að setja geðheilbrigði í forgang (sjá nánar á www.39.is):

1. Gera heildarúttekt á umfangi og framkvæmd geðheilbrigðisþjónustu á Íslandi
2. Efla heilsugæsluna sem fyrsta viðkomustað og gera þjónustuna þverfaglegri
3. Stórauka stuðning og fræðslu fyrir foreldra
4. Hefja niðurgreiðslu viðtalsmeðferða
5. Gera geðrækt hluta af aðalnámskrá grunnskóla
6. Fjölga atvinnutækifærum fyrir ungmenni og fólk með geðrænar áskoranir
7. Byggja nýtt húsnæði geðsviðs LSH, og á Akureyri, og endurskoða hugmyndafræði og innihald meðferðar
8. Útiloka nauðung og þvingun við meðferð
9. Koma á fót Geðráði, breiðum samráðsvettvangi um geðheilbrigðismál

Breyting á skattalögum

Að endingu beinir Geðhjálp því til fjárlaganefndar, fjármálaráðuneytisins auk efnahags- og viðskiptanefndar að endurskoða lög er snú að almannaheillafélögum og virðisaukaskattsgreiðslum. Verkefni almannaheillafélaga eru m.a. herferðir og átök á landsvísu. Kostnaður við mörg þessara verkefna er ærinn og það myndi muna miklu ef þessar herferðir væru undanskildar virðisaukaskatti. Í framkvæmd myndu félög og samtök greiða virðisaukaskatt af þjónustu og vörum sem tengjast herferðunum en sækja síðan um endurgreiðslu síðar.

Virðingarfyllst,

Stjórn landssamtakanna Geðhjálpar

Alþingi – nefndasvið
fjárlaganefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Grindavík, 26. október 2022

Málefni: Stuðningur við gestastofu og samfélagsmiðstöð

Eldgosið í Geldingadölum naut gríðarmikillar athygli víða um heim. Fjallað var um gosið í net-fréttum, á bloggsíðum, samfélagsmiðlum, í prentmiðlum og í sjónvarpi. Nærri 680 þúsund manns höfðu deilt efni frá gosinu á samfélagsmiðlum frá því eldgosið í Geldingadölum hófst 19. mars 2021 og þar til því lauk hálfu ári síðar. Uppsafnaður fjöldi lestra/áhorfa í öllum tegundum miðla er yfir 175 milljarðar og auglýsingaverðmæti er áætlað vera rúmlega 49 milljarðar króna. Þetta kemur fram í tölum frá Cision-umfjöllunarvaktinni sem fylgdist með umfjöllun um Ísland fyrir Íslandsstofu. Eldgosin í Geldingadölum og Meradölum juku komu ferðamanna til landsins verulega og var svæðið mest sótti ferðamannastaður landsins árið 2021. Áhrifin hafa meðal annars komið fram sem mikill efnahagslegur ábati fyrir þjóðarbúið.

Líklega hefur ekkert sveitarfélag eða þéttbýli á landinu fengið í fangið annað eins óvænt og þungt verkefni og Grindavík síðustu misseri, nema ef vera skyldi Seyðisfjörður. Jarðhræringar og eldgos í nágrenni Grindavíkur hafa haft mikil áhrif í bæjarfélaginu, bæði á mannlíf og rekstur. Árlegur kostnaður við almannavarnir hjá Grindavík hefur nær tvöfaldast frá árabilinu 2017-2019, úr um 60 mkr. í tæplega 120 mkr. Ekki er þá meðtalinn umtalsverður vinnu- og umsýslukostnaður ýmissa stofnana og sviða bæjarins sem ekki er reikningsfærður undir lið almannavarna. Björgunarsveitin Þorbjörn í Grindavík hefur gegnt lykilhlutverki í þeim verkefnum sem lúta að vettvangi gosstöðvanna. Björgunarsveitin hefur notið stuðnings frá Grindavíkurbæ við að byggja við og bæta aðstöðu fyrir sveitina sem nauðsynleg er til að takast á við verkefni í framtíðinni.

Ekki lengur hægt að líta á eldgosin í Geldingadölum og Meradölum sem tilfallandi atburði. Vísindasamfélagið er sammála um að nýtt eldgosatímabil sé hafið á Reykjanesi sem varað geti áratugum saman. Mikið gæti mætt á íbúum Grindavíkur, en áhrifin geta einnig orðið mikil annars staðar á Reykjanesi, á höfuðborgarsvæðinu og víðar. Fram til þessa hefur Grindavíkurbær umfram önnur sveitarfélög borið meginþungann af kostnaði og vinnu vegna eldgosanna í lögsögu sveitarfélagsins. Jafnframt hefur þurft að endurskoða allar viðbragðsáætlanir og treysta innviði til að samfélagið sé í stakk búið til að mæta nýjum áskorunum. Brýnt er framvegis verði lögð þung áhersla á að efla forvarnir, uppbyggingu og stuðning við íbúana og viðbragðsaðila vegna mögulegra eldsumbrota í stað þess að bregðast þurfi við aðstæðum þegar gos er hafið.

Gestastofa og samfélagsmiðstöð í Kvikunni

Í kjölfar umfjöllunar í ríkisstjórn var settur á fót starfshópur helstu hagaðila sem falið var að koma með tillögur um uppbyggingu eldgosasvæðisins í Geldingadölum til skemmri og lengri tíma. Að lokinni mikilli undirbúningsvinnu skilaði hópurinn ítarlegu minnisblaði dags. 30. apríl 2021 til starfshóps til verndar innviðum vegna eldsumbrota á Reykjanesi, en starfshópnum var stýrt af ráðuneytisstjóra forsætisráðuneytisins. Í minnisblaðinu segir m.a. að tekin hafi verið fyrstu skref við undirbúningsvinnu við að kanna möguleika til að setja upp gestastofu í Grindavík um eldvirkni á Reykjanesi með sérstaka áherslu á eldgosið í Fagradalsfjalli. Enn fremur segir: *„Slík gestastofa yrði mikilvægur hluti af heildrænni upplifun gesta á svæðinu. Í þessu sambandi er horft til þess að nýta aðstöðu í Kvikunni sem er menningarhús Grindvíkinga í eigu bæjarfélagsins. Gagarín hefur verið að vinna að þróun og uppsetningu gestastofa jarðvangsins og er að vinna kostnaðarmat fyrir sýningu í Grindavík. Í fylgiskjali er að finna kostnaðar- og tímaáætlun.*

Sú áætlun sem að framan er getið gerir ráð fyrir að kostnaður við gestastofu í Grindavík nemi 99,7 m.kr. Uppfærð kostnaðaráætlun Hönnunarstofunnar Gagarín nemur 106 m.kr. Er þá ekki meðtalinn sá kostnaður sem Grindavíkurbær mun bera af því að gera salarkynni í Kvikunni tilbúin til sýningarhalds. Framkvæma þarf umtalsverðar breytingar innanhúss, setja upp nýja móttöku, loftlýsingu, loftræstingu og fleira. Áætlun gerir ráð fyrir að slíkar framkvæmdir kosti um 35 m.kr. Brunabótamat fasteignarinnar er 371.250 þús.kr.

Á síðastliðnum 20 mánuðum hefur gosið í tvígang í nágrenni Grindavíkur. Áformin um að nýta Kvikuna fyrir gestastofu hafa að undanförnu þróast yfir í það að húsið verði einnig vettvangur sem samfélagsleg miðstöð. Reynslan hefur sýnt að það sé nauðsynlegt í þágu almannavarna að hafa sérstaka aðstöðu fyrir íbúa svæðisins á umbrotatímum. Í Kvikunni hafa verið haldnir fyrirlestrar og fundir vegna náttúruhamfara, farið fram teymisvinna og veittar upplýsingar af hálfu sérfræðinga á sviði jarðfræði og mannvirkjagerðar. Enn fremur áfallahjálp og andlegur stuðningur þar sem sérstaklega var hugað að íbúum af erlendum uppruna. Þannig yrði Kvikan ekki einungis gestastofa og jarðeldasýning heldur einnig fjölþjóðleg og gagnvirk upplýsingamiðstöð og samfélagsþjónusta þegar og ef til þess kemur að Grindvíkingar og aðrir íbúar á suðvesturhluta landsins þurfi að leita í reynslubanka heimamanna.

Þess er vænst að ríkisvaldið komi með myndarlegum hætti að stuðningi við framangreinda gestastofu og samfélagsmiðstöð í Kvikunni. Fjárfesting vegna verkefnisins er í stórum dráttum áætluð þessi:

	Í þús.kr.
Uppsetning gestastofu	106,000
Framkvæmdir innanhúss	35,000
Andvirði fasteignarinnar	371,000
Samtals	**512,000**

Hér með er óskað eftir 100.000.000 kr. stuðningi við ofangreind verkefni, sem jafngildir nærri kostnaði við uppsetningu gestastofu í Kvikunni. Annar framkvæmdakostnaður verður á hendi Grindavíkurbæjar.

Virðingarfyllst
Bæjarstjórinn
í Grindavík

Fannar Jónasson bæjarstjóri

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Hagsmunasamtök Heimilanna

17. október 2022

Efni: **Umsögn Hagsmunasamtaka heimilanna um 1. og 2. mál á 153. löggjafarþingi**

Fjárlög 2023 og Breyting á ýmsum lögum vegna fjárlaga 2023

Hagsmunasamtök heimilanna gera sjaldnast umsagnir við fjárlagafrumvörp, enda berjast samtökin ekki sérstaklega fyrir fjárveitingum úr ríkissjóði, hvorki til félagsmanna sinna né annara hópa. Barátta samtakanna snýst öðru fremur um að styrkja og standa vörð um réttindi neytenda á fjármálamarkaði og að húsnæðiskostnaður allra heimila verði viðráðanlegur, án niðurgreiðslna úr ríkissjóði.

Að þessu sögðu sjá samtökin þó ástæðu til að gera athugasemdir við fyrirliggjandi fjárlagafrumvarp, ekki síst þá verðtryggingu svokallaðra krónutölugjalda og nefskatta sem er lögð til í frumvarpinu og skattabandorminum sem er til meðferðar samhliða því. Samtökin taka heilshugar undir þá gagnrýni og sjónarmið sem koma fram í umsögn Neytendasamtakanna um þetta atriði.

Hagsmunasamtök heimilanna gagnrýna einnig þá fyrirætlan sem umrædd frumvörp bera með sér, að láta vaxtabótakerfið halda áfram að gufa upp í verðbólgunni, nú hraðar en nokkru sinni fyrr. Þetta er ekki aðeins þróun sem ríkisstjórnin er meðvituð um heldur er það beinlínis ætlun hennar að **leiðrétta ekki** skerðingarmörk vaxtabóta með hliðsjón af stórfelldum hækkunum húsnæðisverðs eða verðlags almennt. Eins og kom fram í skriflegu svari fjármála- og efnahagsráðherra við fyrirspurn á þskj. 1475 á 152. löggjafarþingi, mun þetta að óbreyttu leiða til þess að um 2.800 manns sem hingað til hafa átt rétt á vaxtabótum, muni missa þann rétt alfarið um næstu áramót og að allt að 90% þeirra sem áður fengu vaxtabætur, muni verða fyrir auknum skerðingum vegna hækkunar fasteignamats íbúða þeirra. Af svarinu verður ekki annað ráðið en að ráðherra ætli ekki að bregðast við þessari þróun.

Svipaða sögu má segja um þau sem hafa getað nýtt skattfrjálsa ráðstöfun séreignarsparnaðar til að greiða húsnæðislán hraðar niður og draga þannig úr vaxtaútgjöldum, en sú heimild mun að óbreyttu falla úr gildi um mitt næsta ár hjá öllum nema þeim sem teljast vera “fyrstu kaupendur”.

Nú þegar verðbólga og vextir eru í hæstu hæðum og ríkisstjórnin gerir ekkert til að koma böndum á stóraukna greiðslubyrði heimilanna, er óforsvaranlegt að fyrrnefnd úrræði verði vísvitandi látin detta úr sambandi án þess að neitt annað taki við. Samtökin mælast eindregið til að úr því verði bætt.

- o -

Virðingarfyllst,
f.h. Hagsmunasamtaka heimilanna,

Guðmundur Ásgeirsson

Guðmundur Ásgeirsson, varaformadur@heimilin.is


Þjóðhagsspá Hagstofu Íslands 2022-2028

Nóvember 2022

Helstu niðurstöður

- Hagvaxtarhorfur hafa batnað í ár en versnað fyrir árið 2023.
- Mikill vöxtur einkaneyslu í ár.
  - Mikið um ferðalög erlendis.
- Fjárfesting eykst áfram í ár en hægari vöxtur á næstu árum.
  - Viðsnúningur í íbúðafjárfestingu.
  - Samdráttur í opinberri fjárfestingu.
- Ferðaþjónusta að ná fyrri hæðum.
- Vöruútflutningur eykst í ár.
- Verðbólguhorfur hafa versnað.


Hagvöxtur, þjóðarútgjöld og vöru- og þjónustujöfnuður



Heimild: Hagstofa Íslands.

- Kröftugur hagvöxtur á fyrri hluta ársins.
  - 6,8% vöxtur VLF og 7,8% aukning þjóðarútgjalda.
- Útlit fyrir að hagvöxtur verði 6,2% í ár og 1,8% á næsta ári.
  - Yrði mesti hagvöxtur síðan 2016.
- Reiknað með að þjóðarútgjöld aukist um 5,6% í ár og 1,6% árið 2023.
- Vöru- og þjónustujöfnuður neikvæður um 1,2% af VLF en fer batnandi eftir 2023.

Framlag til hagvaxtar




Heimild: Hagstofa Islands.

- Hagvöxtur á breiðum grunni í ár.
  - Einkaneysla stærsti drifkrafturinn.
  - Fjárfesting og utanríkisviðskipti einnig með stór framlög til hagvaxtar.
- Jákvætt framlag utanríkisviðskipta á spátímanum eftir neikvætt framlag síðustu tvö ár.
- Einkaneysla og fjárfesting megindrifkraftar hagvaxtar á spátímanum.

Einkaneysla og kortavelta

Breyting frá fyrra ári



Kortavelta

Breyting frá fyrra ári



Skýringar: Innlend kortavelta verðlagsleiðrétt með vísitölu neysluverðs án húsnæðis. Kortavelta erlendis verðlagsleiðrétt með gengisvísitölu og verðbólgu viðskiptalanda.
Heimild: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands og OECD.

- Mikill kraftur í einkaneyslu á fyrri hluta árs.
  - 9,2% vöxtur á fyrsta fjórðungi.
  - 13,5% á öðrum.
- Aukningin að miklu leyti vegna fleiri ferða erlendis.
  - Hlutur erlendrar kortaveltu í heildarveltu nú svipaður og fyrir faraldur.
- Horfur á áframhaldandi vexti á þriðja ársfjórðungi.
- Gert ráð fyrir hægari vexti á síðasta ársfjórðungi.
  - Vegna hærra verðlags og miklum vexti í fyrra.

Einkaneysla


Breyting milli ára



Heimild: Hagstofa Íslands.

- Áætlað er að einkaneysla aukist um 7,6% í ár og 1,7% á næsta ári.
- Aukið vinnumagn í ferðaþjónustu styður við einkaneyslu.
  - En aukin verðbólga og hærra vaxtastig dregur úr kaupmætti.
- Staða heimila talin sterk og mörg þeirra geta nýtt uppsafnaðan sparnað.
- Gert ráð fyrir að einkaneysla aukist um 2,2% árið 2024 og 2,6% árið 2025.


Samneysla



Heimild: Fjármála- og efnahagsráðuneytið, Hagstofa Íslands og sveitarfélög.

- Vöxtur samneyslu 1,8% á fyrri helmingi ársins.
- Búist við að vöxturinn fyrir árið í heild verði 1,5%.
- Hægir enn frekar á vextinum á næsta ári.
  - Verði 0,9% á milli ára.
- Hlutur samneylu í VLF 27,5% í fyrra.
  - Lækkun um 0,4 prósentur frá 2020.
- Gert ráð fyrir að hlutfallið verði 26,4% í ár.
  - Og lækki enn frekar á spátímanum.

Fjárfesting hins opinbera




Heimild: Fjármála- og efnahagsráðuneytið, Hagstofa Íslands og sveitarfélög.

- Opinber fjárfesting jókst um 3,8% á fyrri hluta ársins.
- Búist við viðsnúningi á síðari hlutanum.
  - Þátttaka í útboðum dræm.
  - Ófyrirséðar seinkanir.
  - Aðgerðir til að draga úr þenslu.
- Dragist saman um 4,8% í ár.
- Áframhaldandi samdráttur á næsta ári.
  - 3,4% samdráttur.
- Hlutfall opinberrar fjárfestingar 4,2% í fyrra.
  - Ekki hærra síðan 2008.
- Fer lækkandi á næstu árum.

Fjármunamyndun og framlög undirliða


Breyting frá fyrra ári



Heimild: Hagstofa Íslands.

- Atvinnuvegafjárfesting lækkaði um 6,1% á öðrum ársfjórðungi.
  - Undirliggjandi vöxtur.
  - Viðsnúningur í stóriðju og tengdum greinum.
- Reiknað með 9,6% vexti í ár.
  - Vöxtur á breiðum grunni.
  - Útlán til fyrirtækja aukast og eftirpurn eftir lánum.
  - Staða fyrirtækja almennt sterk.
- Spáð 1,1% lækkun í atvinnuvegafjárfestingu árið 2023.
  - Samdráttur í skipum og flugvélum.
  - Undirliggjandi vöxtur í öðrum greinum.


Íbúðafjárfesting



Heimild: Hagstofa Íslands.

- Fjárfesting í íbúðarhúsnæði dróst saman um 5,2% í fyrra.
- Rúmlega 7% samdráttur á fyrri helmingi ársins.
- Hins vegar mikill skriður á byggingarmarkaði.
  - Fleiri starfandi í byggingariðnaði.
  - Aukning innflutnings byggingarefna.
  - HMS og SI spá 1.200 fullbúnum íbúðum á síðustu mánuðum ársins.
- Búist við að 5,4% vöxtur verði í ár.
- Og 12,9% vöxtur á næsta ári.

Atvinnuleysi




Heimild: Hagstofa Íslands og Vinnumálastofnun

- Staða á vinnumarkaði batnað mikið síðustu tvö ár.
- Búist er við að atvinnuleysi verði 3,8% í ár að meðaltali og 3,9% árið 2023.
- Horfur á 80% atvinnuþátttöku í ár.
  - Náði sögulegu lágmarki 2020 í 77,4%.
- Atvinnuleysi svipað og það var fyrir faraldurinn.
- Um 5.400 voru skráðir atvinnulausir hjá Vinnumálastofnun í september, eða um 2,8% af vinnuafli.
- Mannfjöldi á vinnufærum aldri jókst um 2,5% á fyrstu 9 mánuðum ársins.

Launavísitala

Breyting milli ára




Skýringar: Kaupmáttur miðar við vísitölu neysluverðs.
Heimild: Hagstofa Íslands.

- Vísitala kaupmáttar launa hækkaði um 3,7% árið 2021.
- Horfur á 0,4% lækkun í ár.
  - Þrátt fyrir 8,2% verðbólgu.
- Óvissa um launaþróun næstu ára.
- Gert ráð fyrir að raunlaun hækki lítillega á næsta ári.

Hrávöruverð á heimsmarkaði


Vísitala (2006=100)



Mánaðarlegar tölur, síðasta gildi október 2022.
Heimild: Alþjóðabankinn, Hagstofa Íslands.

- Áframhaldandi meðaltals hækkanir á hrávörum í ár.
  - Olía hækki um 42,1%.
  - Álverð hækki um 18,4%.
  - Aðrar hrávörur hækki um 10,4%.
- En búist við að verð fari lækkandi á næsta ári.
- Verð útfluttra sjávarafurða hækkað mikið í ár.
- Búist við bata í viðskiptakjörum í ár.
  - Verðhækkanir útfluttra sjávarafurða vega þar þungt.
- Búist við versnandi viðskiptakjörum á næsta ári.

Framlag undirliða til verðbólgu




Heimild: Hagstofa Islands.

- Verðbólguhorfur verri.
  - Húsnæði megindrifkraftur verðbólgu.
    - Yfir 40% af 12 mánaða verðbólgu síðustu mánuði.
  - Mikill verðbólguþrýstingur að utan.
    - Stríð í úkraínu.
    - Eftirmál heimsfaraldurs.
    - Sterkur viðsnúningur í viðskiptaríkum í ár.
- Spáð 8,2% verðbólgu í ár.
  - Mesta verðbólga frá 2009.
- Spáð 5,6% verðbólgu árið 2023.
  - Lækkun hrávöruverðs og erlendrar verðbólgu.
  - Verðhækkunarhrina á húsnæðismarkaði líður hjá.

Utanríkisverslun

Utanríkisviðskipti

Breyting frá fyrra ári



Heimild: Hagstofa Íslands.

- Gert er ráð fyrir að útflutningur vaxi um 19,1% í ár og 3,7% á næsta ári.
  - Rúmlega 1.700 þúsund ferðamenn í ár og tæplega 1.950 þúsund á næsta.
  - Eyðsla á mann hærri en 2019, en gert ráð fyrir að hún fari nær fyrra horfi eftir því sem ferðamönnum fjölgar.
  - Útflutningur á sjávarafurðum dregst saman á næsta ári vegna minni aflaheimilda.
- Búist er við að Innflutningur vaxi um 16,9% í ár og 3,2% á næsta ári.
  - Utanlandsferðum Íslendinga hefur fjölgað töluvert það sem af er ári.

Óvissuþættir

- Stríðsátök í Úkraínu.
- Verðbólguþróun innanlands og erlendis.
- Niðurstöður kjarasamninga.
- Alþjóðlegar efnahagshorfur.

Þjóðhagsspá

	2021*	2022	2023	2024	2025	Framreikningur 2026	2027	2028
Einkaneysla *Private final consumption*	7,7 (7.6)	7,6 (4.3)	1,7 (2.6)	2,2 (2.4)	2,6 (2.8)	2,6 (2.8)	2,4 (2.5)	2,5 ()
Samneysla *Government final consumption*	2,2 (1.8)	1,5 (1.3)	0,9 (1.5)	1,3 (1.3)	0,8 (0.8)	0,7 (0.7)	0,9 (0.9)	0,9 ()
Fjármunamyndun *Gross fixed capital formation*	12,3 (13.6)	5,8 (4.6)	1,8 (0.9)	3,7 (1.9)	2 (1.9)	2,2 (2.8)	1,4 (2.6)	2,5 ()
Atvinnuvegafjárfesting *Business investment*	19,1 (23.1)	9,6 (5.5)	-1,1 (-2.5)	4,1 (2.3)	0,7 (0.6)	2,2 (3.6)	1 (3.3)	3,2 ()
Fjárfesting í íbúðarhúsnæði *Housing investment*	-5,2 (-4.4)	5,4 (6.3)	12,9 (10.3)	5,3 (4.3)	3,9 (3.5)	3,5 (3)	3,1 (3)	3 ()
Fjárfesting hins opinbera *Public investment*	18,7 (12.4)	-4,8 (-0.7)	-3,8 (-1.1)	-0,4 (-3.4)	3,4 (3.4)	0 (-0.1)	-0,8 (-0.7)	-0,7 ()
Þjóðarútgjöld alls *National final expenditure*	7,1 (7.2)	5,6 (4)	1,6 (2)	2,3 (2)	2 (2.1)	2 (2.2)	1,8 (2.1)	2,1 ()
Útflutningur vöru og þjónustu *Exports of goods and services*	12,7 (12.3)	19,1 (17.6)	3,7 (6.3)	3,6 (3.9)	3,2 (2.9)	3 (2.5)	2,5 (2.5)	2,4 ()
Innflutningur vöru og þjónustu *Import of goods and services*	20,3 (20.3)	16,9 (14.3)	3,2 (4.1)	3,2 (3.3)	2,1 (2)	2,3 (2.1)	1,9 (2.1)	2,1 ()
Verg landsframleiðsla *Gross domestic product*	4,4 (4.3)	6,2 (5.1)	1,8 (2.9)	2,5 (2.2)	2,5 (2.5)	2,4 (2.4)	2,1 (2.3)	2,3 ()
Vöru- og þjónustujöfnuður (% af VLF)								
Goods and services balance (% of GDP)	-1,8 (-2.1)	-1,2 (-1.2)	-1,4 (-0.6)	-1,1 (-0.2)	-0,4 (0.3)	0,1 (0.6)	0,4 (0.8)	0,7 ()
Viðskiptajöfnuður (% af VLF)								
Current account balance (% of GDP)	-1,6 (-2.8)	-2,7 (-2.2)	-2,3 (-1.2)	-1,9 (-0.9)	-1,3 (-0.6)	-0,9 (-0.4)	-0,6 (-0.3)	-0,3 ()
VLF á verðlagi hvers árs, ma. kr. *Nominal GDP, billion ISK*	3251 (3233)	3705 (3617)	3955 (3861)	4203 (4079)	4437 (4298)	4670 (4518)	4895 (4743)	5146 ()
Vísitala neysluverðs *Consumer price index*	4,4 (4.4)	8,2 (7.5)	5,6 (4.9)	3,5 (3.3)	2,6 (2.6)	2,5 (2.5)	2,5 (2.5)	2,5 ()
Gengisvísitala *Exchange rate index*	-2,4 (-2.4)	-3,9 (-5.6)	-0,6 (-1.5)	0 (0)	0 (0)	0 (0)	0 (0)	0 ()
Raungengi *Real exchange rate*	3,9 (3.9)	6,2 (7.9)	-0,9 (2.9)	0,7 (1.2)	0,4 (0.6)	0,5 (0.6)	0,5 (0.6)	0,6 ()
Atvinnuleysi (% af vinnuafli)								
Unemployment rate (% of labour force)	6 (6)	3,8 (3.8)	3,9 (3.7)	4 (3.8)	4 (3.9)	4 (3.9)	4 (3.9)	3,9 ()
Vísitala kaupmáttar launa *Real wage rate index*	3,7 (3.7)	-0,4 (0.3)	0,3 (0.6)	0,7 (0.9)	1,5 (1.6)	1,7 (1.6)	1,7 (1.6)	1,6 ()
Hagvöxtur í helstu viðskiptalöndum *GDP growth in main trading*	5,7 (5.6)	2,8 (3)	0,8 (2.3)	1,6 (1.8)	1,9 (1.7)	1,8 (1.6)	1,6 (1.5)	1,6 ()
Alþjóðleg verðbólga *World CPI inflation*	2,8 (2.8)	7,7 (6)	5,5 (3.1)	2,8 (2)	2,2 (1.9)	2 (1.9)	1,9 (1.9)	1,9 ()
Verð útflutts áls *Export price of aluminum*	44 (44.2)	18,4 (18.1)	-11,4 (-5.4)	4,2 (-2.6)	4,3 (-2.5)	4,2 (-2.1)	4,1 (-1.9)	2,1 ()
Olíuverð *Oil price*	63,7 (63.7)	42,1 (51.6)	-14,5 (-9.2)	-8,6 (-11.2)	-5,6 (-8.1)	-3,8 (-5)	-2,9 (-3.1)	-2,3 ()

* Bráðabirgðatölur. *Preliminary figures .*

Hringinn í kringum landið, 7. nóvember 2022

Alþingi
Fjárlaganefnd
101 Reykjavík

Heilbrigðisstofnanir á landsbyggðinni eru vanfjármagnaðar

Minnisblað í kjölfar fundar með fjárlaganefnd 3. nóvember 2022.

Almennt

Heilbrigðiskerfið er enn að koma sér upp úr heimsfaraldrinum, og þeim persónulegu, faglegu og fjárhaglegu afleiðingum sem hann hefur haft. Heilbrigðisstofnanir heilbrigðisumdæma geta ekki að óbreyttu haldið núverandi þjónustustigi eða mætt þeim auknu kröfum sem hljótast af frekari áherslu á geðheilbrigðisþjónustu, skjóta þjónustu, betri vinnutíma, breyttri aldurssamsetningu og öðrum kröftum sem verka á heilbrigðiskerfið. Eftir því sem fjárheimildir þrengja að starfseminni flyst þjónustuþörfin í dýrari úrræði hjá stóru sjúkrahúsunum sem nóg eiga með sitt.

Mat forstjóra heilbrigðisstofnana á landsbyggðinni er að það stefni í að halli þeirra verði í ár 900–1100 milljónum að frádregnum covid-kostnaði. Orsakir hallareksturs geta verið misjafnar eftir stofnunum.

Við teljum þörf á að styrkja rekstur stofnana um 1200 milljónir á ári til þess að þær geti sinnt þeirri þjónustu sem til er ætlast.

1. Hjúkrunarheimili og skýrsla um greiningu á rekstri þeirra

Þó rekstrarstaða heilbrigðisstofnana um landið hafi verið misjafn er samhljómur um að smám saman hafi hallað undan fæti síðustu ár, og stofnanir sem jafnan hafa náð að skila rekstrinum öðru hvoru megin við núllið sjá ekki fram á að geta það. Hluti af skýringunni liggur í rekstri hjúkrunarrýma en þau eru rekin með verulegum halla.

Í apríl 2021 var gefin út skýrslan „Greining á rekstri hjúkrunarheimila“, stundum kölluð Gylfaskýrslan. Í henni kemur fram að meginþorri allra hjúkrunarheimila hafi verið rekinn með viðvarandi halla, mest vegna hækkaðs launakostnaðar. Í framhaldi af skýrslunni voru samningar Sjúkratrygginga Íslands við mörg heimili endurnýjaðir og greiðslur hækkaðar. Leiðréttingin nam um 7 % af tekjum samkvæmt upplýsingum frá Samtökum fyrirtækja í velferðarþjónustu og gekk yfir öll hjúkrunarheimilin sem höfðu samninga við SÍ.

Heilbrigðisstofnun Norðurlands hefur reiknað að sambærileg styrking—þannig að daggreiðslur yrðu á pari óháð rekstrarformi—samsvari 110 m.kr. á ári. Heilbrigðisstofnun Vestfjarða kemst með

sambærilegum útreikningum að því að reksturinn sé undirfjármagnaður um 97 m.kr. á ári. Þá er ekki tekið tillit til þess að mörg hjúkrunarheimilin í ríkisrekstri eru smáar og óhagkvæmar einingar.

2. Ákvörðun launa

Kjarasamningsbætur (betri vinnutími): Ýmis starfsemi hjá heilbrigðisstofnunum er þess eðlis að ekki er annað hægt en manna þann tíma sem starfsmenn taka í styttingu vinnutíma. Manna þarf þegar sjúkraflutningamenn taka styttingu, eða starfsmenn í afgreiðslu o.s.frv. Þetta er kostnaður sem hleypur á tugum milljóna.

Stofnanasamningar hafa á undanförnum árum verið nýttir af stéttarfélögum til að ná fram hækkunum sem ekki er fjármögnun fyrir. Reynt hefur verið að samræma stofnanasamninga þvert á heilbrigðisstofnanir til einföldunar. Þetta kostaði stofnanirnar verulega fjármuni en var einnig sanngirnismál fyrir starfsfólk. Kostnaður HSN við þessar leiðréttingar nema 45 milljónum árlega eða sem nemur 0,5 % af veltu. Ófjármagnaður kostnaður HSA nemur um 30 m.kr. við þrjá samninga. Gera má ráð fyrir að kostnaður annara heilbrigðisstofnanna sé af sömu stærðargráðu. Samkeppni um fólk lýsir sér einnig í kröfum um að fá húsnæði og ferðakostnað greiddan. Oft er húsnæði eina samkeppnisforskotið sem stofnanir í dreifbýli geta boðið.

3. Heilsugæsla á landsbyggðinni

Heilsugæslan hefur verið lykilhlekkur í viðbragði okkar við heimsfaraldrinum. Þetta á við um viðbrögð við sjúkdómnum og sýnatöku, en einnig í bólusetningum sem hjá stórum hópum er komin í fjórða skammt.

Stefna heilbrigðisráðuneytisins er að efla beri heilsugæsluna sem fyrsta viðkomustað þjónustuþega. Það kemur því á óvart að ekki séu lagðir auknir fjármunir til þessarar þjónustu á heilbrigðisstofnunum, einkum þegar litið er til þess að framboð á ýmissi annarri heilbrigðisþjónustu er takmarkaðra á mörgum stöðum á landsbyggðinni.

Grundvallarmunur er á þjónustu heilsugæslustöðva landsbyggðarinnar samanborið við heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins. Þessi munur skýrist af fjölbreyttri þjónustu í höfuðborginni meðan yfir 90 % íbúa landsbyggðarinnar nýta heilsugæsluna sem sinn fyrsta viðkomustað. Bráðamóttaka fellur á heilsugæsluna þar sem ekki eru sjúkrahús á bakvið. HSU tekur við sérstaklega mörgum tilvikum og hefur reiknað að það skorti 157 m.kr. Allar stofnanir sem sinna bráðaþjónustu finna fyrir þessu í mismunandi hlutföllum.

4. Sjúkraflutningar

Vert er einnig að nefna að breyttir samningar hlutastarfandi sjúkraflutningamanna valda kostnaðarhækkunum á landsbyggðinni umfram verðlag. Ferðamannastraumur, aukin sérhæfing í þjónustu og auknar kröfur um öryggi hafa aukið fjölda flutninga og þar með kostnað við sjúkraflutninga hjá heilbrigðisstofnunum. Þar sem þjónusta er af skornum skammti skipta sjúkraflutningar sköpum.

Niðurlag

Öflugt heilbrigðiskerfi í dreifðari byggðum þessa lands er mikilvægt, ekki bara fyrir þá sem þar búa heldur heilbrigðiskerfið allt. Það skiptir máli að geta veit öfluga skilgreinda þjónustu nærri íbúum þannig að ekki þurfi að koma til óþarfa ferðalaga með tilheyrandi kostnaði bæði samfélagslega og á heilbrigðiskerfið sjálft. Til þess að svo megi verða er mikilvægt efla þjónustu á landsbyggðinni og gera heilbrigðisstofnunum þar kleift að byggja upp þjónustu frekar en að skera niður. Öflug þjónusta landbyggðarinnar dregur úr miðstýringu og flæði sjúklinga á yfirfulla þriðja stigs þjónustu sem í senn er dýrari og veldur óþarfa raski á lífi íbúa þessa lands.

Það er því ákall okkar að ríkisvaldið tryggi fjármögnun heilbrigðisþjónustu á landsbyggðinni þannig að ekki þurfi að skerða þjónustu. Orðræða um heilbrigðisþjónustu á það til að fjalla mikið um sérgreinar og sérgreinasjúkrahús og fjármögnun þeirra en sé alltaf horft þangað er hætt við að lausnin við vanda þriðja stigs þjónustunnar renni okkur úr greipum nefnilega uppbygging fyrsta og annars stigs þjónustu.

Með fylgja nokkur fylgiskjöl sem dæmi um útreikninga á þeim liðum sem að ofan eru nefndir.

Guðjón Hauksson
forstjóri Heilbrigðisstofnunar Austurlands

Jón Helgi Björnsson
forstjóri Heilbrigðisstofnunar Norðurlands

Díana Óskarsdóttir
forstjóri Heilbrigðisstofnunar Suðurlands

Markús Ingólfur Eiríksson
forstjóri Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja

Jóhanna Fjóla Jóhannesdóttir
forstjóri Heilbrigðisstofnunar Vesturlands

Gylfi Ólafsson
forstjóri Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða

Hringinn í kringum landið, 7. nóvember 2022

Alþingi
Fjárlaganefnd
101 Reykjavík

Heilbrigðisstofnanir á landsbyggðinni eru vanfjármagnaðar

Minnisblað í kjölfar fundar með fjárlaganefnd 3. nóvember 2022.

Almennt

Heilbrigðiskerfið er enn að koma sér upp úr heimsfaraldrinum, og þeim persónulegu, faglegu og fjárhaglegu afleiðingum sem hann hefur haft. Heilbrigðisstofnanir heilbrigðisumdæma geta ekki að óbreyttu haldið núverandi þjónustustigi eða mætt þeim auknu kröfum sem hljótast af frekari áherslu á geðheilbrigðisþjónustu, skjóta þjónustu, betri vinnutíma, breyttri aldurssamsetningu og öðrum kröftum sem verka á heilbrigðiskerfið. Eftir því sem fjárheimildir þrengja að starfseminni flyst þjónustuþörfin í dýrari úrræði hjá stóru sjúkrahúsunum sem nóg eiga með sitt.

Mat forstjóra heilbrigðisstofnana á landsbyggðinni er að það stefni í að halli þeirra verði í ár 900–1100 milljónum að frádregnum covid-kostnaði. Orsakir hallareksturs geta verið misjafnar eftir stofnunum.

Við teljum þörf á að styrkja rekstur stofnana um 1200 milljónir á ári til þess að þær geti sinnt þeirri þjónustu sem til er ætlast.

1. Hjúkrunarheimili og skýrsla um greiningu á rekstri þeirra

Þó rekstrarstaða heilbrigðisstofnana um landið hafi verið misjafn er samhljómur um að smám saman hafi hallað undan fæti síðustu ár, og stofnanir sem jafnan hafa náð að skila rekstrinum öðru hvoru megin við núllið sjá ekki fram á að geta það. Hluti af skýringunni liggur í rekstri hjúkrunarrýma en þau eru rekin með verulegum halla.

Í apríl 2021 var gefin út skýrslan „Greining á rekstri hjúkrunarheimila“, stundum kölluð Gylfaskýrslan. Í henni kemur fram að meginþorri allra hjúkrunarheimila hafi verið rekinn með viðvarandi halla, mest vegna hækkaðs launakostnaðar. Í framhaldi af skýrslunni voru samningar Sjúkratrygginga Íslands við mörg heimili endurnýjaðir og greiðslur hækkaðar. Leiðréttingin nam um 7 % af tekjum samkvæmt upplýsingum frá Samtökum fyrirtækja í velferðarþjónustu og gekk yfir öll hjúkrunarheimilin sem höfðu samninga við SÍ.

Heilbrigðisstofnun Norðurlands hefur reiknað að sambærileg styrking—þannig að daggreiðslur yrðu á pari óháð rekstrarformi—samsvari 110 m.kr. á ári. Heilbrigðisstofnun Vestfjarða kemst með

sambærilegum útreikningum að því að reksturinn sé undirfjármagnaður um 97 m.kr. á ári. Þá er ekki tekið tillit til þess að mörg hjúkrunarheimilin í ríkisrekstri eru smáar og óhagkvæmar einingar.

2. Ákvörðun launa

Kjarasamningsbætur (betri vinnutími): Ýmis starfsemi hjá heilbrigðisstofnunum er þess eðlis að ekki er annað hægt en manna þann tíma sem starfsmenn taka í styttingu vinnutíma. Manna þarf þegar sjúkraflutningamenn taka styttingu, eða starfsmenn í afgreiðslu o.s.frv. Þetta er kostnaður sem hleypur á tugum milljóna.

Stofnanasamningar hafa á undanförnum árum verið nýttir af stéttarfélögum til að ná fram hækkunum sem ekki er fjármögnun fyrir. Reynt hefur verið að samræma stofnanasamninga þvert á heilbrigðisstofnanir til einföldunar. Þetta kostaði stofnanirnar verulega fjármuni en var einnig sanngirnismál fyrir starfsfólk. Kostnaður HSN við þessar leiðréttingar nema 45 milljónum árlega eða sem nemur 0,5 % af veltu. Ófjármagnaður kostnaður HSA nemur um 30 m.kr. við þrjá samninga. Gera má ráð fyrir að kostnaður annara heilbrigðisstofnanna sé af sömu stærðargráðu. Samkeppni um fólk lýsir sér einnig í kröfum um að fá húsnæði og ferðakostnað greiddan. Oft er húsnæði eina samkeppnisforskotið sem stofnanir í dreifbýli geta boðið.

3. Heilsugæsla á landsbyggðinni

Heilsugæslan hefur verið lykilhlekkur í viðbragði okkar við heimsfaraldrinum. Þetta á við um viðbrögð við sjúkdómnum og sýnatöku, en einnig í bólusetningum sem hjá stórum hópum er komin í fjórða skammt.

Stefna heilbrigðisráðuneytisins er að efla beri heilsugæsluna sem fyrsta viðkomustað þjónustuþega. Það kemur því á óvart að ekki séu lagðir auknir fjármunir til þessarar þjónustu á heilbrigðisstofnunum, einkum þegar litið er til þess að framboð á ýmissi annarri heilbrigðisþjónustu er takmarkaðra á mörgum stöðum á landsbyggðinni.

Grundvallarmunur er á þjónustu heilsugæslustöðva landsbyggðarinnar samanborið við heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins. Þessi munur skýrist af fjölbreyttri þjónustu í höfuðborginni meðan yfir 90 % íbúa landsbyggðarinnar nýta heilsugæsluna sem sinn fyrsta viðkomustað. Bráðamóttaka fellur á heilsugæsluna þar sem ekki eru sjúkrahús á bakvið. HSU tekur við sérstaklega mörgum tilvikum og hefur reiknað að það skorti 157 m.kr. Allar stofnanir sem sinna bráðaþjónustu finna fyrir þessu í mismunandi hlutföllum.

4. Sjúkraflutningar

Vert er einnig að nefna að breyttir samningar hlutastarfandi sjúkraflutningamanna valda kostnaðarhækkunum á landsbyggðinni umfram verðlag. Ferðamannastraumur, aukin sérhæfing í þjónustu og auknar kröfur um öryggi hafa aukið fjölda flutninga og þar með kostnað við sjúkraflutninga hjá heilbrigðisstofnunum. Þar sem þjónusta er af skornum skammti skipta sjúkraflutningar sköpum.

Niðurlag

Öflugt heilbrigðiskerfi í dreifðari byggðum þessa lands er mikilvægt, ekki bara fyrir þá sem þar búa heldur heilbrigðiskerfið allt. Það skiptir máli að geta veit öfluga skilgreinda þjónustu nærri íbúum þannig að ekki þurfi að koma til óþarfa ferðalaga með tilheyrandi kostnaði bæði samfélagslega og á heilbrigðiskerfið sjálft. Til þess að svo megi verða er mikilvægt efla þjónustu á landsbyggðinni og gera heilbrigðisstofnunum þar kleift að byggja upp þjónustu frekar en að skera niður. Öflug þjónusta landbyggðarinnar dregur úr miðstýringu og flæði sjúklinga á yfirfulla þriðja stigs þjónustu sem í senn er dýrari og veldur óþarfa raski á lífi íbúa þessa lands.

Það er því ákall okkar að ríkisvaldið tryggi fjármögnun heilbrigðisþjónustu á landsbyggðinni þannig að ekki þurfi að skerða þjónustu. Orðræða um heilbrigðisþjónustu á það til að fjalla mikið um sérgreinar og sérgreinasjúkrahús og fjármögnun þeirra en sé alltaf horft þangað er hætt við að lausnin við vanda þriðja stigs þjónustunnar renni okkur úr greipum nefnilega uppbygging fyrsta og annars stigs þjónustu.

Með fylgja nokkur fylgiskjöl sem dæmi um útreikninga á þeim liðum sem að ofan eru nefndir.

Guðjón Hauksson
forstjóri Heilbrigðisstofnunar Austurlands

Jón Helgi Björnsson
forstjóri Heilbrigðisstofnunar Norðurlands

Díana Óskarsdóttir
forstjóri Heilbrigðisstofnunar Suðurlands

Markús Ingólfur Eiríksson
forstjóri Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja

Jóhanna Fjóla Jóhannesdóttir
forstjóri Heilbrigðisstofnunar Vesturlands

Gylfi Ólafsson
forstjóri Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða

HEILBRIGÐISSTOFNUN AUSTURLANDS
VIRÐING / ÖRYGGI / FAGMENNSKA

Heilbrigðisráðuneytið **7.nóvember 2022**

Bt. Ásta Valdimarsdóttir

Efni: Beiðni um viðbótarfjárframlag vegna ófjármagnaðra stofnanasamninga

Eins og kunnugt er gera stofnanir stofnanasamninga við stéttarfélög og er markmiðið með þeim að hver og ein stofnun geti samið eftir þörfum og aðstæðum við tiltekin stéttarfélag. Það er mat undirritaðs að stofnanasamninga þurfi að útfæra betur m.t.t. fjármögnunnar enda er það svo að bæði starfsfólk og stéttarfélög gera kröfu um launa hækkanir í stofnanasamningum þrátt fyrir að þeir séu ófjármagnaðir. Heilbrigðisstofnanir landsbyggðarinnar hafa sett saman hóp með það að markmiði að gera stofnanasamningana eins fyrir þær stofnanir. Það er gert til að koma í veg fyrir yfirboð sem sannanlega er ekki rekstrargrunnur fyrir og í raun eru heilbrigðisstofnanir á landsbyggðinni sambærilegar að mestu leyti. Ófjarmagnaðir stofnanasamningar Heilbrigðisstofnunnar Austurlands árið 2022 eru:

Ár	Stéttarfélag	Upphæð
2021	Sálfræðingafélag Íslands	3.258.003
2021	Félag sjúkraþjálfara	7.998.486
2022	Sjúkraliðafélag Íslands	18.386.329
	Samtals	**29.642.818**

Ofangreindur kostnaður er árlegur kostnaður Heilbrigðisstofnunar Austurlands (HSA) vegna tiltekinna stofnanasamninga vegna ófjármagnaðra stofnanasamninga.

HSA óskar eftir viðbótarfjárframlagi að upphæð 29.642.818 kr til að mæta þessum kostnaði.

Guðjón Hauksson,

Forstóri HSA

Guðjón Hauksson, forstjóri HSA - Strandgata 31, 735 Eskifjörður –
s. 470 3050 / 774 5030 - fax 470 1408 - gudjonh@hsa.is - www.hsa.is - kt. 610199-2839

Heilbrigðisráðuneytið
Ásta Valdimarsdóttir
Síðumúla 24
108 Reykjavík

Húsavík, 16.10.2022

Efni: Beiðni um 110 milljóna aukna fjárheimild til rekstrar hjúkrunarrýma hjá Heilbrigðisstofnunar Norðurlands

Rekstur Heilbrigðisstofnun Norðurlands hefur á undanförnum árum verið að mestu í jafnvægi. Það hefur þó smá saman verið að halla undir fæti og hluti af skýringunni liggur í rekstri hjúkrunarrýma en þau eru rekin eð verulegum halla. HSN rekur 110 hjúkrunarrými á fjórum stöðum. Í apríl 2021 var gefin út skýrslan „Greining á rekstri hjúkrunarheimila". Í henni kemur fram að megin þorri allra hjúkrunarheimila hafi verið rekin með viðvarandi halla mest vegna hækkaðs launakostnaðar. HSN hefur orðið fyrir sömu áhrifum af hækkuðum launum starfsfólks og áhrifum af styttingu vinnutímans eins og önnur hjúkrunarheimili.

Í framhaldi af skýrslunni voru samningar SÍ við mörg heimili endurnýjaðir og greiðslur hækkaðar. Leiðréttingin nam um 7% af tekjum samkvæmt upplýsingum frá Samtökum fyrirtækja í velferðarþjónustu (SFV). Gekk þetta yfir öll hjúkrunarheimilin sem höfðu samninga við SÍ. HSN hefur rekið hjúkrunarheimilið Hvamm á Húsavík og þar skiptu þessar hækkanir miklu. Í tilfelli Hvamms dugði þetta til þess að ekki þurfti að leggja rekstrinum til fé frá sveitarfélögunum þótt húsnæðiskostnaðurinn lægi áfram á þeim.

Samsvarandi styrking á fjárhag HSN næmi um 110 milljónum og sem er í raun helmingur þess rekstrarvanda sem stofnunin glímir við. 2021 fékk HSN aukafjárveitingu upp á 100 milljónir til reksturs hjúkrunarrýma sem ekki skilaði sér í varanlegar fjárheimildir. Staðreyndin er að það er talsvert dýrara að reka 110 hjúkrunarrými á fjórum stöðum en ef öll rýmin væru á einum stað þrátt fyrir að þau styðjist við aðra þjónustu á stöðunum. Hagræðingamöguleikarnir í þessari þjónustu eru líka takmarkaðari en í heilsugæslunni þar sem hægt er að minnka þjónustuna til að ná endum saman. Þetta er auðvitað að hluta ástæða þess að sveitarfélögin hafa látið frá sér þessa þjónustu.

Nauðsynlegt er því að styrkja fjármögnun hjúkrunarrýma hjá HSN á sama hátt og gert var við hjúkrunarheimilin sem voru með samning við SÍ. Annars er hætt við viðvarandi halla á rekstri á rekstri þeirra dragi fé frá öðrum þjónustu þáttum.

Meðfylgjandi er samanburður á greiðslum fyrir hjúkrunarrými hjá Hvammi á Húsavík og HSN. Samkvæmt þeim vantar HSN 111 milljónir upp á það að hafa samsvarandi greiðslur og Hvammur.

HSN fjármögnun hjúkrunarrýma	
HSN fjárlög með launabótum	1.787.700.000
Húsaleiga og orka	210.583.500
Greiðslur án húsnæðiskostnaðar	1.577.116.500
Fjöldi rýma	110
Greitt per rúm á ári	14.337.423
Greitt per dag	39.281

Hvammur greiðslur án húsnæðisgjalds	
Hvammur hjúkrunarrými jan-ágúst 2022	352.192.000
Covid greiðsla	4.335.822
Greiðsla án Covid	347.856.178
Samtals í 12 mánuði	521.784.267
Fjöldi rýma	34
Greitt per rúm á ári	15.346.596
Greitt per dag	42.045
Mismunur per rými	1.009.173
Mismunur á greiðslum á ári	111.009.070

Það er því sanngjarnt og nauðsynlegt að HSN fá sömu styrkingu á fjármögnun hjúkrunarrýma eins og hjúkrunarheimili með samning við SÍ fengu. Styrkja þarf fjármögnunina um 110 milljónir.

Virðingarfyllst fyrir hönd HSN

Jón Helgi Björnsson, forstjóri

Heilbrigðisráðuneytið **7. nóvember 2022**

Bt. Ásta Valdimarsdóttir

HEILBRIGÐISSTOFNUN AUSTURLANDS
VIRÐING / ÖRYGGI / FAGMENNSKA

Efni: Ósk um aukafjárveitingu vegna sjúkraflutninga HSA

Eins og kunnugt er annast Heilbrigðisstofnun Austurlands (HSA) sjúkraflutninga á Austurlandi. Það er gert annaðhvort með beinu skipulagi og starfsfólki HSA eða með samningi um þjónustuna eins og er í Fjarðabyggð. Slökkvilið Fjarðabyggðar hefur annast sjúkraflutninga frá Djúpavogi að Neskaupstað. Á þessu starfssvæði eru 4 sjúkrabílar reknir með hlutastarfandi sjúkraflutningafólki en á Reyðarfirði er atvinnu slökkvilið sem sér um rekstur og mönnun á einum bíl. Því er í heildina um 5 sjúkrabíla að ræða sem mannaðir eru allan sólahringinn.

Samningur HSA við Fjarðabyggð hljóðar uppá **130 milljónir** á ársgrundvelli en með nýjum kjarasamningi sem tók gildi síðustu áramót hefur launakostnaður hækkað verulega. Það er ljóst að HSA mun þurfa að bregðast við þessu nú þegar á þessu ári og ákveða með hvaða hætti sjúkraflutningum skal háttað á umræddu starfssvæði. Áætlaður kostnaður við sjúkraflutninga árið 2022 í Fjarðabyggð og áfram árið 2023 er:

Tegund	**Skýring**	**Upphæð**
Hlutastarfandi sjúkraflutningamenn laun	100% kostnaður	137.501.316
Atvinnulið laun	33% kostnaðar	89.694.827
Veikindalaun	3,5% launakostnaðar	7.951.865
Fatnaður	Hlutastarfandi	1.600.000
Fatnaður	Atvinnulið	300.000
Endurmenntun	Hlutastarfandi lið	5.529.571
Menntun	2 x EMT- B (aðal og hluta)	1.100.700
Menntun	1 x EMT – A	1.803.750
Boðtæki	Hlutastarfandi lið (32)	1.664.000
	Alls kostnaður:	**247.146.029**

Nú þegar hafa átt sér stað samræður milli HSA og Fjarðabyggðar varðandi framhaldið og innan HSA er verið að kanna möguleikn á því að taka yfir alla sjúkraflutninga á starfssvæði HSA með það að markmiði að samnýta þann mannauð sem þarna sannanlega er. Hvort sem samningur við Fjarðabyggð verður endurnýjaður eða ekki er ljóst að kostnaður mun aukast vegna launakostnaðar sem þegar hefur verið samið um. Einnig er ljóst að samningur sjúkraflutningafólks við ríkið verður endurnýjaður árið 2023 enda rennur hann út þá og líklegt er að þær hækkanir sem þegar hafa komið fram hjá sveitarfélögum verði þá hjá ríkinu.

Óskað er eftir 117.146.029 kr viðbótarfjárframlagi til þess að mæta ofangreindum viðbótarkostnaði.

Guðjón Hauksson

Forstóri HSA

Guðjón Hauksson, forstjóri HSA - Strandgata 31, 735 Eskifjörður –
s. 470 3050 / 774 5030 - fax 470 1408 - gudjonh@hsa.is - www.hsa.is - kt. 610199-2839

Húsavík, 18. október 2022

Heilbrigðisráðuneytið
Ásta Valdimarsdóttir
Skógarhlíð 6
105 Reykjavík

Efni: Beiðni um viðbótarfjárheimild vegna viðbótarkostnaðar vegna styttingar vinnuvikunnar og áhrifa á hópa sem stóðu út af í BVV verkefninu.

Eftir fund HSN með fulltrúum Heilbrigðisráðuneytisins 11. október 2022 vill undirritaður senda inn erindi og óska eftir leiðréttingu á fjárheimildargrunni vegna starfsmanna sem voru áður kallaðir dagvinnumenn á vöktum og var haldið utan BVV verkefnisins. Hópnum tilheyra starfsmenn í eldhúsi, sjúkraflutningum, móttöku- og læknaritun.

Áhrifin eru;

1. Sjúkraflutningamenn – HSN þarf að leysa af eina stöðu í viku hjá þremur liðum. Viðbótarlaunakostnaður er 6.275.000 kr.
2. Starfsmenn í móttöku og læknaritun 7.913.392 kr.
3. Starfsmenn í eldhúsi er 10.235.820 kr.

Samtals er óskað eftir **kr. 24.424.212** hækkun á fjárheimildagrunni HSN.

F.h. framkvæmdastjórnar HSN,

Jón Helgi Björnsson, forstjóri HSN.

Til fjárlaganefndar Alþingis

Beiðni frá Hinu íslenska fornritafélagi
um áframhaldandi stuðning við útgáfu félagsins

Reykjavík, 27. október 2022

Hið íslenska fornritafélag óskar eftir áframhaldandi stuðningi frá Alþingi og ríkisstjórn Íslands við útgáfu félagsins, ritröð *Íslenzkra fornrita*. Núverandi samningur sem félagið gerði við mennta- og menningarmálaráðuneytið (til þriggja ára) og undirritaður var 19. des. 2019 rennur út í lok þessa árs (2022). Félagið hefur á þessum samningstíma fengið 21 milljón króna á ári; 7 milljónir kr. hafa komið frá ráðuneytinu og 14 milljónir kr. frá Alþingi, „sérstakt framlag skv. ákvörðun Alþingis," eins og segir í samningnum við ráðuneytið (liður 3.1). – Hið íslenska fornritafélag óskar eftir sama áframhaldandi stuðningi og framlagi frá ríki og Alþingi. Félagið er nú þegar með nokkur útgáfuverk í vinnslu og önnur eru í undirbúningi. Sjá meðfylgjandi útgáfuáætlun félagsins til næstu ára.

Virðingarfyllst,

Halldór Blöndal

Halldór Blöndal
forseti Hins íslenska fornritafélags

Hið íslenska fornritafélag – Útgáfuáætlun 2023–2027

Nú er unnið að eftirfarandi útgáfum:

Guðmundar sögur biskups (2 bindi) – áætluð útgáfa 2024

Grágás og *Jónsbók* (3 bindi) – áætluð útgáfa 2025

Snorra Edda og málfræðiritgerðir (2–3 bindi) – áætluð útgáfa 2027

Í undirbúningi:

Fornaldarsögur Norðurlanda

Riddarasögur og þýddar sögur

Markmið okkar í Hollvinafélagi Kvíabekkjarkirkju er að fara í gagngerðar viðgerðir á kirkjunni,sem byggð var árið 1892 og lagfæringar á umhverfi hennar. Við viljum að kirkjan geti nýst aftur til almennra kirkjuathafna, tónleika og annara menningarviðburða.
Við sjáum fyrir okkur áningarstað, þar sem mjög merkri sögu staðarins verði gerð góð skil.

Verkefni 2021: Allir gamlir munir kirkjunnar voru fjarlægðir og þeim komið fyrir í geymslu. Kirkjan losuð upp og lyft af grunni. Jarðvegsskipti og nýr grunnur gerður, einangraður og gólfhitalagnir lagðar.
Kirkjuhúsinu lyft á nýja grunninn og fest. (**lokið**)

Verkefni 2022: Koma inn lögnum fyrir vatn og rafmagn ásamt ljósleiðara. Viðgerð á fótstykki og timburverki kringum glugga ásamt því að rétta kirkjuhúsið af. Steypa gólfplötu. Grófvinna lóð kirkjunnar og lóðin girt, en að hluta til bráðabirgða. *(**lokið. 20 sept.´22**)* Setja í nýja glugga og útidyrahurð. *(**Gluggar settir í 2.sept, 2022**)* Kaupa klæðningu utan á kirkjuna.

Verkefni 2023: Kirkjuhúsið klætt að utan ásamt endurnýjun á þaki og smíðaður nýr turn.

Verkefni 2024 og 2025: Unnið að viðgerðum á timburverki innan kirkjunnar,nýjar raflagnir. Málningarvinna, flísalögn og fleira.

Verkefni 2026: Lokafrágangur á lóð. Uppsetning skilta og merking helstu sögustaða á svæðinu og annar frágangur sem eftir kann að vera.

Menningarsaga staðarins í örstuttu máli:
Kvíabekkur er landnámsjörð Ólafs bekks Karlssonar frá Hálogalandi í Noregi sem nam Ólafsfjörð að vestanverðu. Fljótlega eftir kristnitöku mun hafa verið reist þar bændakirkja og árð 1326 setur Lárentíus Kálfsson Hólabiskup þar á stofn prestaspítala eða elliheimili, það fyrsta á Íslandi, fyrir aldraða presta. Um staðsetningu slíkrar stofnunar á Kvíabekk mun hafa að mestu ráðið hve fiskmeti var auðfáanlegt, bæði úr sjó og vatni. Kvíabekkur taldist til betri brauða Norðanlands og var sóknin ein sú stærsta á fyrri öldum. Þar munu hafa verið 24 bæir á meðan algengt var að 7 – 10 bæir væru í sókn. Kostur var að ekki þurfti að fara yfir fjöll eða sjó til tíðasöngs og húsvitjana þar sem prestakallið var innan eins fjallahrings.
Kvíabekkjarkirkja var sóknarkirkja Ólafsfirðinga allt þar til ný kirkja var tekin í notkun 1916 í,,Horninu,, sem síðar varð Ólafsfjarðarkaupstaður.
Þessari merku sögu verður komið til skila á upplýsingarskiltum á staðnum.

Samstarfsaðilar:Sóknarnefnd Ólafsfjarðar. - Anna María Guðlaugsdóttir formaður
Biskupstofa Katrínartúni 4 105 Reykjavík
S S Byggir ehf Akureyri – Sigurður Sigurðsson byggingameistari, ábyrgðarmaður verksins.
Árni Helgason ehf Ólafsfirði – Árni Helgason verktaki
Byggingafélagið Stallur ehf. Jakob Ásmundsson verktaki
Raftækjastofan sf Ólafsfirði – Gunnlaugur Magnússon rafvirkjameistari
Smári ehf Ólafsfirði – Björn Arason verktaki
Vélsmiðja Ólafsfjarðar hf Ólafsfirði – Ásgrímur Pálmason vélsmiðu

Fylgjast má með framkvæmdum á fésbókarsíðu Hollvinafélags Kvíabekkjarkirkju
Bankalína Hollvinafélagsins: 0348-13-400007. Kt: 661120-1850

Safnskipið Óðinn/TFRA 0159.

Kostnaðaráætlun vegna slipptöku 2022.

Forsendur.

Í kjölfar þess að gefin var út reglugerð um safnskip nr. 1044/2021 var skipið tekið aftur á íslenska skipaskrá og flokkað í SR-flokkun Samgöngustofu.

Samgöngustofa hefur nú lokið upphafsskoðun skipsins og gefið út kröfur um "skoðanir á skipinu samkvæmt 4 ára skoðunarhring". Sjá viðhengi.

SAmkvæmt ofangreindum kröfum þarf skipið að fara í slipp til reglubundins eftirlits á þessu ári 2022, að öðrum kosti verður ekki gefið úr haffæriskírteini árið 2023.

Óhjákvæmilegir kostnaðarliðir vegna haffæris.

1.	Úppsátur og sjósetning	kr	675.000,-
2.	Botnhreinsun	kr	855.000,-
3.	Staða í slipp 10 dagar á 126.000,-	kr	1.260.000,-
4.	Álanóður 67x3,5kgx3.350,-	kr	785.575,-
5.	Upptekt á botn- og síðulokum	kr	1.000.000,-
6.	Mæla rýmd í stefnisrörum og stýri	kr	200.000,-
7.	Slaka akkerum og mæla keðjur	kr	440.000,-
8.	Viðgerð á keðjukössum, áætlað	kr	4.000.000,-
9.	Þykktarmæling á bol 50-60 punktar	kr	1.000.000,-
10.	Öxuldráttur Sb & Bb skrúfuöxla	kr	5.810.000,-
11.	Botnmálning 4x grunn, 1x anti fw	kr	3.985.000,-
	Samtals	kr	20.010.575,-

Nauðsynlegir liðir vegna viðhalds skipsins.

12.	Þvottur á síðum	kr	475.000,-
13.	Málning og merking á síðum	kr	2.330.000,-
14.	Dæling úr kjalsogi	kr	200.000,-
	Samtals	kr	3.005.000,-
	Alls	**kr**	**23.015.575,-**

Reglugerð um safnskip.

1. gr.
Safnskip.

Safnskip er skip sem er 50 ára eða eldra sem rekið er í menningarlegum tilgangi og hefur fengið skráningu sem slíkt. Menningarlegur tilgangur skips nær eingöngu til menningarlegs gildis skipsins sjálfs en ekki starfsemi um borð, svo sem tónleikahalds eða annarra menningarviðburða.

Að öðru leyti en greinir í þessari reglugerð gilda almennar reglur og lög um safnskip eins og þau væru hefðbundin skip.

2. gr.
Skráning sem safnskip.

Eigandi eða útgerð skips sem óskar skráningar þess sem safnskips skal sækja um það til Samgöngustofu. Í skráningarbeiðni skal koma fram:

a. Upplýsingar um menningarsögulegt gildi skipsins og tengsl við Ísland.

b. Fyrirhugaður rekstur skipsins, þ.m.t. hvort fyrirhugað sé að flytja farþega, sýna skipið við bryggju eða akkerislægi, takmarka rekstur þess við tiltekinn hluta árs eða hvaðeina annað sem kann að hafa þýðingu við ákvörðun um búnað skipsins.

c. Hvaða farsviði starfsemi skipsins er ætluð.

d. Við hvaða reglur fyrirhugað er að miða rekstur skipsins, sbr. 4. gr.

e. Upplýsingar um forsvarsmenn útgerðar skipsins eða aðra tilnefnda einstaklinga og hæfni þeirra ef óskað er heimildar til að annast milliskoðanir skipsins skv. 2. mgr. 3. gr.

3. gr.
Skoðanir safnskips.

Safnskip skal skoðað líkt og greinir í reglugerð um skoðanir á skipum og búnaði þeirra nr. 1017/2003 með áorðnum breytingum.

Heimilt er að fela útgerð safnskips framkvæmd milliskoðana skv. reglugerð nr. 1017/2003 að því leyti sem það stangast ekki á við ákvæði alþjóðasamninga sem Ísland á aðild að sýni útgerð fram á að einstaklingar á hennar vegum hafi hæfni til að sinna þeim skoðunum. Við mat á hæfni skal litið til krafna sem gerðar eru til skoðunarmanna skv. 10. gr. reglugerðar nr. 94/2004 um starfshætti faggiltra skoðunarstofa skips og búnaðar.

Útgerð safnskips er heimilt að gera þjónustusamning við aðila sem uppfylla skilyrði 2. mgr. um framkvæmd milliskoðana skv. 2. mgr.

Annist útgerð skips milliskoðanir á eigin vegum með heimild skv. 2. mgr. skal fylla út skoðunarskýrslu þess efnis á formi sem Samgöngustofa ákveður. Tilkynna skal Samgöngustofu þegar skoðun hefur farið fram og skal unnt að framvísa skoðunarskýrslu til Samgöngustofu eða starfsmanns á hennar vegum sé þess óskað.

Á grundvelli umsóknar útgerðar skips skv. 2. gr. og í samræmi við þær reglur sem um það safnskip gilda skv. 4. gr. skal Samgöngustofa útbúa skoðunarhandbók fyrir skipið.

4. gr.
Undanþágur frá búnaðarkröfum.

Heimilt er að safnskip sé búið líkt og lög mæltu þegar skipið var smíðað og tekið til rekstrar með þeim takmörkunum sem greinir í þessari grein. Hafi meiriháttar breytingar verið gerðar á skipi í skilningi 27. gr. skipalaga nr. 66/2021 skulu kröfur taka mið af þeim tímapunkti er þeim breytingum lauk í skilningi þessarar

greinar að því leyti sem breytingar voru gerðar. Undanþágur skv. þessari grein eiga eingöngu við búnað og smíði skipsins.

Þrátt fyrir 1. mgr. er ekki heimilt að veita undanþágur gagnvart gildandi kröfum er lýtur að:

a. Kröfum til björgunarbúnaðar.

b. Kröfum til lyfja og læknisáhalda um borð.

c. Ófrávíkjanlegum kröfum sem stafa af alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að og gilda um skipið.

d. Ófrávíkjanlegum kröfum sem stafa frá innleiddum gerðum í gegnum samninginn um Evrópska efnahagssvæðið og gilda um skipið.

5. gr.
Refsiákvæði.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða refsingu samkvæmt 47. gr. skipalaga nr. 66/2021.

6. gr.
Þjónustugjöld.

Gjöld fyrir þjónustu skv. reglugerð þessari fara eftir gjaldskrá Samgöngustofu hverju sinni, sbr. 44. gr. skipalaga nr. 66/2021, sbr. 13. gr. laga um Samgöngustofu, stjórnsýslustofnun samgöngumála, nr. 119/2012.

7. gr.
Stjórnvaldssektir.

Sé safnskip ekki búið í samræmi við reglur þær sem um skipið gilda skv. ákvörðun Samgöngustofu og þá skoðunarhandbók sem útbúin er fyrir skipið skv. 3. mgr. 4. gr. gilda sektarheimildir 45. gr. skipalaga nr. 66/2021 eftir því sem við getur átt.

8. gr.
Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 2. og 3. mgr. 24. gr. og 2. mgr. 39. gr. skipalaga nr. 66/2021 og öðlast þegar gildi.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, 3. september 2021.

Sigurður Ingi Jóhannsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.

REGLUGERÐ

um skoðanir á skipum og búnaði þeirra.

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.
Gildissvið, markmið og tilgangur.

Ákvæði þessarar reglugerðar gilda um öll íslensk skip sem skráð eru á íslenska skipaskrá samkvæmt lögum um skráningu skipa.

Markmið og tilgangur þessarar reglugerðar er að tryggja öryggi íslenskra skipa, áhafna og farþega og efla varnir gegn mengun sjávar.

2. gr.
Skilgreiningar.

Í reglugerð þessari hafa eftirfarandi orð og orðasambönd þá merkingu sem hér að neðan greinir:

Upphafsskoðun (U) er allsherjarskoðun á skipi áður en það er tekið í notkun. Skoðunin felur í sér skoðun á öllum atriðum sem tengjast skírteinum og þeirri notkun sem skipinu er ætlað. Upphafsskoðun skal framkvæmd af Siglingastofnun eða öðrum sem hún felur skoðunina.

Reglubundin aðalskoðun (R) er skoðun á atriðum sem tengist viðeigandi skírteini skipsins og þeirri notkun sem skipinu er ætlað.

Milliskoðun (M) er reglubundin einföld skoðun sem tengist viðeigandi skírteini skipsins og þeirri notkun sem skipinu er ætlað.

Aukaskoðun (A) er til viðbótar hinni reglubundnu aðalskoðun hvað varðar björgunar- og öryggisbúnað með eins árs millibili.

Skyndiskoðun er fyrirvaralaus skoðun Siglingastofnunar Íslands eða Landhelgisgæslu Íslands á ástandi og búnaði skips og skírteinum þess.

Útgerðarmaður er sá sem mannar skipið, ræður ferðum þess, ber kostnaðinn af þeim og nýtur arðsins af þeim.

Skipstjóri er sá sem fer með æðsta vald á skipi.

Skoðunaraðili er Siglingastofnun Íslands, auk skoðunarstofa eða flokkunarfélaga sem Siglingastofnun hefur veitt heimild til að skoða skip og búnað þeirra.

Öryggisskírteini er skírteini sem Siglingastofnun Íslands gefur út þar sem finna má skráðar upplýsingar um öryggisbúnað skipsins.

Nýtt skip er skip þar sem smíðasamningur eða samningur um meiri háttar breytingar hefur verið gerður eftir þann dag sem reglugerð þessi tekur gildi.

Gamalt skip er skip sem ekki er nýtt skip.

SOLAS er alþjóðasamþykkt um öryggi mannslífa á hafinu frá árinu 1974 með síðari breytingum.

Önnur skip eru skip sem hvorki teljast fiskiskip, farþegaskip, flutningaskip eða skemmtibátur.

II. KAFLI
Framkvæmd skoðunar.

3. gr.
Skoðun.

Með skoðun á skipum og búnaði þeirra skal skoðunaraðili ganga úr skugga um hvort skipið og búnaður þess uppfyllir gildandi ákvæði laga og reglna þar um. Einnig skal með skoðun skipa og búnaðar staðfesta að samræmi sé á milli skipsins og skráningarupplýsinga.

Skoðun skipa og búnaðar skal framkvæma í samræmi við Skoðunarhandbók skipa og báta sem samgönguráðuneytið gefur út.

Skoðun og dæming skips og búnaðar skal byggjast á ástandi þess þegar skoðun er gerð.

Þegar skoðunaraðili metur að ástand skips eða búnaðar þess sé efnislega ekki í samræmi við einstök atriði skírteinis þess, eða að skipið sé ekki haffært skal skoðunaraðili þegar í stað gera viðeigandi ráðstafanir, t.d. að fjarlægja viðeigandi skírteini, tilkynna eiganda, útgerðarmanni eða skipstjóra um niðurstöðu sína, skrá niðurstöður skoðunar í eftirlitsbók eða skipsdagbók, skrá niðurstöðu sína í skoðunarhluta skipaskrár og tilkynna málið til Siglingastofnunar.

4. gr.
Skoðunaraðili.

Til að framfylgja ákvæðum þessarar reglugerðar skulu skoðanir skipa og búnaðar þeirra vera á hendi Siglingastofnunar Íslands, skoðunaraðila skv. reglugerð um starfshætti faggiltra skoðunarstofa skipa og reglugerð um viðurkenningu flokkunarfélaga og um reglur og staðla fyrir stofnanir sem sjá um skipaeftirlit og –skoðun.

5. gr.
Dæming skoðunaratriða.

Dæming skoðunaratriða skal vera í samræmi við Skoðunarhandbók skipa og miðast við hve alvarlegt ástand er á viðkomandi skoðunaratriði að teknu tilliti til öryggis og mengunar.

Fjórir möguleikar eru gefnir á dæmingu skoðunaratriða, dæming 0, 1, 2 eða 3:

a. „0“ felur í sér að viðkomandi skoðunaratriði er greinilega óskemmt, óslitið og hefur fulla virkni.
b. „1“ er þess eðlis að viðkomandi skoðunaratriði er greinilega skemmt, greinilega slitið eða hefur takmarkaða virkni.
c. „2“ er þess eðlis að viðkomandi skoðunaratriði er mikið skemmt, mikið slitið eða hefur ófullnægjandi virkni.
d. „3“ felur í sér að viðkomandi skoðunaratriði er alvarlega skemmt, alvarlega slitið eða hefur alvarlega skerta virkni.

Hvert einstakt skoðunaratriði skal dæmt út af fyrir sig og án tillits til annarra dæminga.

6. gr.
Niðurstaða skoðunar.

Niðurstaða skoðunar skal færð í skoðunarskýrslu í samræmi við hæstu tölu dæmingar hvers einstaks skoðunaratriðis. Niðurstaða skoðunar getur verið ferns konar, þ.e. án athugasemdar, lagfæring, endurskoðun eða sjósókn óheimil:

a. Engin athugasemd leiðir af sér niðurstöðuna „án athugasemdar“.
b. „1“ sem hæsta tala dæmingar felur í sér kröfu um að skoðunaratriðið verði lagfært, án þess að krafa sé gerð um endurskoðun. Niðurstaða skoðunarinnar er „lagfæring“.

Innan eins mánaðar skal eigandi/útgerðarmaður hafa bætt úr þeim frávikum sem komið hafa í ljós við skoðun.

c. „2“ sem hæsta tala dæmingar felur í sér kröfu um að skoðunaratriðið verði lagfært innan tilskilins frests og skipið eða búnaður þess skoðað endurskoðun. Niðurstaða skoðunarinnar er „endurskoðun“. Til endurskoðunar má veita allt að 3ja mánaða frest, sbr. 7. gr.

d. „3“ sem hæsta tala dæmingar hefur í för með sér að skipi má ekki sigla með eigin vélarafli. Niðurstaða skoðunarinnar er „sjósókn óheimil“.

Ef aðeins hefur verið gerð athugasemd við eitt skoðunaratriði og það hlotið dæmingu 2 skal, ef við skoðunaratriðið er merkt X í Skoðunarhandbók skipa, breyta niðurstöðu skoðunarskýrslu á þann hátt að hún verði „lagfæring“.

Niðurstaða reglubundinnar aðalskoðunar skal vera óháð niðurstöðum undangenginna skoðana.

7. gr.

Endurskoðun.

Þegar endurskoðun fer fram skv. c-lið 6. gr. beinist hún aðallega að þeim athugasemdum sem veittur hefur verið frestur á að lagfæra. Hafi öll atriði ekki verið lagfærð, en þó þau alvarlegustu má framlengja frest um allt að 3 mánuði, t.d. í þeim tilfellum þegar ekki er unnt að útvega nauðsynlega varahluti og efni eða fá verkstæðis- eða slippþjónustu.

8. gr.

Skráning og staðfesting á niðurstöðu skoðunar.

Skoðunaraðili skal skrá niðurstöður skoðana og aðrar tæknilegar upplýsingar í skoðunarskýrslu í samræmi við Skoðunarhandbók skipa, undirrita hana og afhenda eiganda eða útgerðarmanni afrit hennar.

Skoðunaraðili skal skrá niðurstöður skoðunar í skipaskrá og senda þær upplýsingar svo fljótt sem verða má til Siglingastofnunar sem gefur út haffærisskírteini eða öryggisskírteini eftir því sem við á.

9. gr.

Málskot.

Sá sem ekki vill una niðurstöðu skoðunarstofu getur, að undangenginni umfjöllun skoðunarstofunnar, skotið úrskurði hennar til Siglingastofnunar.

10. gr.

Ábyrgð útgerðarmanns gagnvart eftirliti, skoðun og viðhaldi skips.

Útgerðarmaður og skipstjóri eru ábyrgir fyrir því að fyrirmæli um eftirlit og skoðanir skips og búnaðar séu framkvæmdar á þann hátt sem reglugerð þessi mælir fyrir um.

Útgerðarmanni ber að óska eftir skoðun á skipi sínu í samræmi við lög um eftirlit með skipum og nota til þess þjónustu skoðunaraðila.

Útgerðarmaður er ábyrgur fyrir því að skip hans sé aðgengilegt og ber honum að sýna öll gögn er varða skipið og niðurstöður eldri skoðana óski skoðunaraðili eftir því. Útgerðarmaður er enn fremur ábyrgur fyrir því að skoðun geti farið fram á skilvirkan hátt.

Útgerðarmanni ber að halda skipi og búnaði þess í því ástandi sem ákvæði gildandi laga og reglugerða krefjast og að tryggja að skipið sé haffært.

11. gr.

Nýsmíði skipa.

Um eftirlit með nýsmíði skipa og skoðanir fer eftir 6. gr. laga um eftirlit með skipum nr. 47/2003.

Áður en nýsmíði hefst skulu teikningar, verklýsingar og önnur nauðsynleg gögn sem Siglingastofnun ákveður berast stofnuninni í þríriti til umsagnar og samþykktar eftir því sem við á. Að lokinni yfirferð á þessum gögnum skal eitt eintak þeirra sent skipasmíðastöð eða hönnuði og eitt eintak sent skoðunarstofu eða flokkunarfélagi sem hefur eftirlit með smíðinni. Að smíði lokinni skal skipið skoðað upphafsskoðun af Siglingastofnun Íslands nema stofnunin ákveði annað.

12. gr.

Breytingar á skipi.

Um eftirlit og skoðanir vegna breytinga á skipi fer eftir 7. gr. laga um eftirlit með skipum nr. 47/2003.

Áður en breytingar hefjast skulu teikningar, verklýsingar og önnur nauðsynleg gögn sem Siglingastofnun ákveður berast stofnuninni í þríriti til umsagnar og samþykktar eftir því sem við á. Að lokinni yfirferð á þessum gögnum skal eitt eintak þeirra sent skipasmíðastöð eða hönnuði og eitt eintak sent skoðunarstofu eða flokkunarfélagi sem hefur eftirlit með breytingunum. Að breytingum loknum skal skipið skoðað upphafsskoðun af Siglingastofnun Íslands nema stofnunin ákveði annað.

13. gr.

Viðgerðir á skipi.

Skoðunaraðilar sem hafa heimild til að annast skoðun skipa og búnaðar þeirra skulu í samræmi við skoðunarskýrslur og skoðunarhandbækur krefjast viðgerða á skipi og hafa eftirlit með viðgerðum samkvæmt beiðni útgerðar eða Siglingastofnunar.

III. KAFLI
Skoðanir og skírteini.

14. gr.

Fiskiskip og önnur skip sem eru minni en 15 metrar að mestu lengd.

Við skoðun fiskiskipa og annarra skipa sem eru minni en 15 metrar að mestu lengd skal þess gætt að þau uppfylli ákvæði laga um eftirlit með skipum og reglugerða settra samkvæmt þeim auk annarra ákvæða laga og reglna sem um þau fjalla eftir því sem nánar er kveðið á um í skoðunarskýrslum og skoðunarhandbók skipa.

Skip samkvæmt þessari grein skulu skoðuð upphafsskoðun, reglubundinni aðalskoðun og milliskoðun í samræmi við viðauka I með reglugerð þessari. Á árinu 2004 skulu skipin skoðuð með tilliti til þess hvaða skoðanir eru að renna út samkvæmt núverandi skoðunarkerfi, sbr. viðauka I með reglugerð þessari. Öryggisbúnaður skipanna skal skoðaður árlega, en að öðru leyti fer um skoðanir, útgáfu eða áritun skírteina, gerð og varðveislu skírteina, tímalengd og gildi skírteina á skipum skv. þessari grein eftir ákvæðum reglugerðar um öryggi fiskiskipa sem eru 15 metrar eða lengri að mestu lengd. Í framhaldi af skoðunum skoðunaraðila þessara skipa skal Siglingastofnun gefa út haffærisskírteini í samræmi við fyrirmynd sem hún ákveður, sbr. 21. gr.

15. gr.

Fiskiskip og önnur skip sem eru 15 metrar eða lengri að mestu lengd.

Við skoðun fiskiskipa og annarra skipa sem eru 15 metrar eða lengri að mestu lengd skal þess gætt að þau uppfylli ákvæði laga um eftirlit með skipum og reglugerða settra samkvæmt þeim auk annarra ákvæða laga og reglna sem um þau fjalla eftir því sem nánar er kveðið á um í skoðunarskýrslum og skoðunarhandbók skipa.

Skip samkvæmt þessari grein skulu skoðuð upphafsskoðun, reglubundinni aðalskoðun og milliskoðun í samræmi við viðauka I með reglugerð þessari. Á árinu 2004 skulu þessi skip skoðuð með tilliti til þess hvaða skoðanir eru að renna út samkvæmt núverandi skoðunarkerfi, sbr. viðauka I með reglugerð þessari. Öryggisbúnaður skipanna skal skoðaður árlega, en að öðru leyti fer um skoðanir, útgáfu eða áritun skírteina, gerð og varðveislu skírteina, tímalengd og gildi skírteina á skipum skv. þessari grein eftir ákvæðum reglugerðar um öryggi fiskiskipa sem eru 15 metrar eða lengri að mestu lengd. Í framhaldi af skoðunum skoðunaraðila þessara skipa skal Siglingastofnun gefa út öryggisskírteini og önnur skírteini í samræmi við fyrrgreinda reglugerð og haffærisskírteini skv. 21. gr.

16. gr.

Skemmtibátar.

Við skoðun skemmtibáta skal þess gætt að þeir uppfylli ákvæði laga um eftirlit með skipum og reglugerða settra samkvæmt þeim auk annarra ákvæða laga og reglna sem um þá fjalla eftir því sem nánar er kveðið á um í skoðunarskýrslum og skoðunarhandbók skipa.

Skemmtibátar skulu skoðaðir upphafsskoðun, reglubundinni aðalskoðun og milliskoðun í samræmi við viðauka I með reglugerð þessari. Á árinu 2004 skulu skemmtibátar skoðaðir með tilliti til þess hvaða skoðanir eru að renna út samkvæmt núverandi skoðunarkerfi, sbr. viðauka I með reglugerð þessari. Öryggisbúnaður skemmtibáta skal skoðaður árlega, en að öðru leyti fer um skoðanir, útgáfu eða áritun skírteina, gerð og varðveislu skírteina, tímalengd og gildi skírteina á skemmtibátum eftir ákvæðum reglugerðar um öryggi fiskiskipa sem eru 15 metrar eða lengri að mestu lengd. Í framhaldi af skoðunum skoðunaraðila skemmtibáta skal Siglingastofnun gefa út haffærisskírteini í samræmi við fyrirmynd sem hún ákveður, sbr. 21. gr.

17. gr.

Farþegaskip í innanlandssiglingum.

Við skoðun nýrra farþegaskipa (smíðaðra eftir 1. janúar 2001) og gamalla farþegaskipa (smíðaðra fyrir 1. janúar 2001) í innanlandssiglingum sem eru 24 metrar að lengd og lengri skal þess gætt að þau uppfylla ákvæði laga um eftirlit með skipum og reglugerða settra samkvæmt þeim, þ.m.t. ákvæði reglugerðar um öryggi farþegaskipa í innanlandssiglingum nr. 666/2001 með síðari breytingum, auk annarra ákvæða laga og reglna sem um þau fjalla eftir því sem nánar er kveðið á um í skoðunarskýrslum og skoðunarhandbók skipa.

Við skoðun farþegaskipa í innanlandssiglingum sem ekki falla undir 1. mgr. skal þess gætt að þau uppfylli ákvæði laga um eftirlit með skipum og reglugerða settum samkvæmt þeim auk annarra ákvæða laga og reglna sem um þau fjalla eftir því sem nánar er kveðið á um í skoðunarskýrslum og skoðunarhandbók skipa.

Skip samkvæmt þessari grein skulu skoðuð upphafsskoðun áður en þau er tekin í notkun sem farþegaskip, reglubundinni aðalskoðun á 12 mánaða fresti og viðbótarskoðunum eftir því sem ástæða er til að mati Siglingastofnunar Íslands. Um skoðanir, útgáfu eða áritun skírteina, gerð og varðveislu skírteina, tímalengd og gildi skírteina á skipum skv. þessari grein fer eftir

ákvæðum reglugerðar um öryggi farþegaskipa í innanlandssiglingum, nr. 666/2001, með síðari breytingum. Í framhaldi af skoðunum skoðunaraðila þessara skipa skal Siglingastofnun gefa út öryggisskírteini farþegaskips og önnur skírteini í samræmi við fyrrgreinda reglugerð og haffærisskírteini skv. 21. gr.

18. gr.

Farþegaskip í millilandasiglingum og flutningaskip.

Við skoðun farþegaskipa í millilandasiglingum og flutningaskipa skal þess gætt að þau uppfylli ákvæði alþjóðasamnings um öryggi mannslífa á hafinu (SOLAS) frá 1974, með síðari breytingum, laga um eftirlit með skipum og reglugerða settra samkvæmt þeim auk annarra ákvæða laga og reglna sem um þau fjalla eftir því sem nánar er kveðið á um í skoðunarskýrslum og skoðunarhandbók skipa.

Skip samkvæmt þessari grein skulu skoðuð í samræmi við ákvæði fyrrnefnds alþjóðasamnings, sbr. viðauka II með reglugerð þessari. Um skoðanir, útgáfu eða áritun skírteina, gerð og varðveislu skírteina, tímalengd og gildi skírteina á skipum skv. þessari grein fer eftir ákvæðum fyrrnefnds alþjóðasamnings. Í framhaldi af skoðunum skoðunaraðila þessara skipa skal Siglingastofnun gefa út öryggisskírteini farþegaskips eða flutningaskips og önnur skírteini í samræmi við fyrrnefndan alþjóðasamning og haffærisskírteini skv. 21. gr.

19. gr.

Skoðun ekjuferja og háhraðafarþegafara í millilandasiglingum.

Siglingastofnun annast skoðun ekjuferja og háhraðafarþegafara í millilandasiglingum í samræmi við ákvæði reglugerðar um skoðanir ekjuferja og háhraðafarþegafara í millilandasiglingum, nr. 743/2001.

IV. KAFLI
Ýmis ákvæði.

20. gr.

Skyndiskoðun.

Um skyndiskoðun skipa fer eftir ákvæðum 15. gr. laga um eftirlit með skipum nr. 47/2003.

Siglingastofnun ákveður að hvaða marki hún beitir skyndiskoðunum í tengslum við eftirlit með skoðunarstofum og flokkunarfélögum skv. 4. gr.

21. gr.

Útgáfa, gildistími og varðveisla skírteina.

Siglingastofnun Íslands skal gefa út haffærisskírteini fyrir öll skip skv. reglugerð þessari og öryggisskírteini fyrir skip skv. ákvæðum 15., 17. og 18. gr. Siglingastofnun gefur jafnframt út skírteini um tímabundið ómannað vélarúm og skal hún eða annar skoðunaraðili sem hún tilnefnir annast skoðun í tengslum við útgáfu slíks skírteinis eftir því sem nánar kemur fram í skoðunarhandbók skipa.

Siglingastofnun er heimilt að fela skoðunaraðila að árita öryggisskírteini.

Haffærisskírteini er gefið út í samræmi við gildistíma skoðana, en þó aldrei til lengri tíma en 18 mánaða.

Eftir hverja reglubundna aðalskoðun skipa skv. 15., 17. og 18. gr. skal Siglingastofnun Íslands gefa út nýtt eða árita öryggisskírteini fyrir skipið í samræmi við reglugerðir sem vísað er til í fyrrnefndum greinum.

Öll skjöl, skírteini um skipið og síðustu útfylltu skoðunareyðublöð skulu á hverjum tíma vera varðveitt um borð í skipinu og vera aðgengileg áhöfn skips og skoðunaraðila.

22. gr.
Gjöld.

Fyrir skoðun sem skoðunaraðili framkvæmir greiðir eigandi/útgerðarmaður gjald í samræmi við gjaldskrá hans.

23. gr.
Refsiákvæði.

Brot á reglugerð þessari varða sektum samkvæmt lögum um eftirlit með skipum, nr. 47/2003.

24. gr.
Gildistaka o.fl.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum um eftirlit með skipum, nr. 47/2003 og tekur gildi 2. janúar 2004.

Ákvæði 4. gr. um skoðunarstofur tekur gildi 1. mars 2004. Fram til þess tíma annast Siglingastofnun skoðun skipa, auk flokkunarfélaga.

Samgönguráðuneytinu, 30. desember 2003.

Sturla Böðvarsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

VIÐAUKI I

Skoðunarferli og skírteinisútgáfa skipa skv. 14. – 16. gr.,
samkvæmt reglugerð um öryggi fiskiskipa sem eru 15 metrar eða lengri að mestu lengd.

Ár	0	1	2	3	4	5	6	7	8
Mánuðir		9 12 15	21 24 27	33 36 39	45 48	57 60 63	69 72 75	81 84 87	93 96
Smíði, vélbúnaður II., III., IV., V. og VI. kafli	U		M		R		M		R
Smíði tréskipa (bolur)	U	M	M	M	R	M	M	M	R
Búnaður II., III., IV., V., VI., VII. og X. kafli	U	A	R	A	R	A	R	A	R
Fjarskiptabúnaður VII., IX. og X. kafli	U	R	R	R	R	R	R	R	R

U: Upphafsskoðun (initial survey)
R: Reglubundin aðalskoðun (periodical survey)
M: Milliskoðun (intermediate survey)
A: Aukaskoðun sérislenskt ákvæði

VIÐAUKI II

Skoðunarferli og skírteinisútgáfa skipa skv. 17. og 18. gr.,
samkvæmt ályktun IMO nr. A.746 (18).

Ár **Mánuðir**	**0**	**1** **9 12 15**	**2** **21 24 27**	**3** **33 36 39**	**4** **45 48 51**	**5** **57 60**
Upphafsskoðun allra skipa	U					
Farþegaskip		R endurn.sk.	R endurn.sk.	R endurn.sk.	R endurn.sk.	R end.sk.
Búnaður flutninga- og farþegaskipa í millilandasiglingum		A árleg skoðun	A eða P árleg / aðalsk.	P eða A aðalsk. / árleg	A árleg skoðun	R end.sk.
Fjarskiptabúnaður		P aðalskoðun	P aðalskoðun	P aðalskoðun	P aðalskoðun	R end.sk.
Smíði skips		A árleg skoðun	A eða I árleg / millisk.	I eða A millisk. / árleg	A árleg skoðun	R end.sk.
Gasflutningar		A árleg skoðun	A eða I árleg / millisk.	I eða A millisk. / árleg	A árleg skoðun	R end.sk.
Hættuleg efni í lausu		A árleg skoðun	A eða I árleg / millisk.	I eða A millisk. / árleg	A árleg skoðun	R end.sk.
Hleðslumerki (Load Line)		A árleg skoðun	A árleg skoðun	A árleg skoðun	A árleg skoðun	R end.sk.
Varnir gegn olíumengun MARPOL Annex I		A árleg skoðun	A eða I árleg / millisk.	I eða A millisk. / árleg	A árleg skoðun	R end.sk.
Varnir gegn efnamengun MARPOL Annex II		A árleg skoðun	A eða I árleg / millisk.	I eða A millisk. / árleg	A árleg skoðun	R end.sk.

Skýringar fyrir tegundir skoðunar:
R - Endurnýjunarskoðun (Renewal survey).
P - Reglubundin aðalskoðun (Periodical survey)
I - Milliskoðun (Intermediate survey)
A - Árleg skoðun (Annual survey)

1. **Hugarafl.**

Reykjavík 16.nóvember 2022

Beiðni til fjárlaganefndar.

Hugarafl sendir hér með hjálparbeiðni til fjárlaganefndar. Samtökin eru uggandi um framtíð sína og þá að starfsemin sem innt er af hendi hjá Hugarafli sé í hættu. Þannig er að samningar við Vinnumarkaðs-og félagsmálaráðuneyti á að endurnýjast núna um áramótin. Samtökin vinna hörðum höndum að því að ná til ráðherra en það hefur ekki tekist.
Skýringin sem gefin er sú að gerð hefur verið úttekt (sem var gerð að beiðni okkar en hefur dregist á langinn) á vegum Gæða og eftirlitsnefndar Velferðamála. Endanleg niðstaða hefur ekki enn fengist. Ráðherra hefur ekki séð sér fært að hitta okkur vegna þessa. Drög að niðustöðum úttektarinnar sýna að aðferðarfræði og framkvæmd gæðaeftirlitsins er vægast sagt gagnrýniverð. Það virðist því miður vera svo að könnunin sé ekki hlutlaus og hafa samtökin gert mjög alvarlegar athugasemdir við drög að niðurstöðum. Sigrún Ólafsdóttir prófessor í félgagsfræði sem hefur mikla reynsla af aðferðafræði í félagsvísndlegum rannsóknum var samtökunum innan handar og fann hún ýmsa vankanta við vinnubrögð úttektarinar.
Staðan er óviðunandi og tíminn er naumur. Þannig er að í nóvember 2018 var gerður samningur á milli Hugarafls og þáverandi félagsmálaráðherra Ásmund Einar Daðason sem síðan var endurnýjaður fyrir tveimur árum. Lögð var m.a. áhersla á starfsendurhæfingu, ungmenni, aðstandendur og opið úrræði fyrir alla landsmenn sem vinnur á jafningjagrundvelli með áherslu á bata og valdeflingu. Starfsemin hefur vaxið gríðarlega, notendahópurinn stækkar, sérstaklega eftir að samkomutakmörkunum lauk.
Umfang og dagskrá er sífellt að verða metnaðarfyllri. Eftirspurn eftir þjónustu samtakana er mikil og hefur mikla þýðingu í bataferli og endurhæfingu fjölda manns. Félagsmenn eru núna tæplega 400 og tæplega
300 manns eru nú í virkri þjónustu hjá hjá samtökunum.
Í september 2022 fengu samtökin Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands til að gera notendakönnun á Hugarafli. Kannað var álit félagsmanna á starfseminni og árangri starfsins. Skemmst er frá því að segja að könnunin kom mjög vel út. Um 90% félagsmanna lýstu ánægju sinni með samtökin. Í úttekti HÍ kemur fram gríðarlegur árangur af starfi Hugarafls og félagsmenn lýsa bata og bættri líðan. Tæplega 3% voru óánægð. Þetta eru gleðileg tíðindi og styrkja okkar tilfinningu fyrir árangri starfs okkar. Eðlilega ætti könnun sem þessi að gefa okkur byr í seglin og við óskum eftir að nefndarmenn gefi þessari könnun gaum. Sjá meðfylgjandi skjöl.
Ef ekkert verður að gert og málefni Hugarafls halda áfram að velkjast um í kerfinu þá er mikil hætta á að samtökin geti ekki sinnt áfram starfsemi sinni eftir áramót. Það er þannig slíkur fjöldi félagsmanna kallar á að samtökin þurfa að vera í húsnæði sem kostar sitt. Samtökin þurfa einnig töluverðan fjölda stöðugilda sem nú eru 6,2 sem þó engan veginn nóg í samræmi við aðsókn. Við sendum því nefndinni neyðarkall.
Við þurfum upphæð samingsins sem gerður var árið 2018 uppreiknaðan með tilliti til verðlagþróunar (65.000.000) strax í byrjun janúar. Ef ekkert verður að gert þá mun fjöldi einstaklinga missa mikilvæga þjónustu, endurhæfingu og stuðning sem það hefur ekki vísan aðgang að annarstaðar.
Við biðjum því fjárlaganefnd að hlutast til um að samningar verðir kláraðir og mikilvægt starf Hugarafls tryggt.

Virðingarfyllst;
Málfríður Hrund Einarsdótir,formaður Hugarafls.
S; 897-1653

Ekki er hægt að lesa fjárhæð út úr þessu, en neysluverðsvístalan hefur hækkað um 20,5% frá árlokum 2018. Það er þá 13,3 m.kr. Við skulum giska á að fjárbeiðnin sé 13,3 m.kr. tilfærsla.

Reykjavík/Mývatnssveit 27. október 2022

Berist fjárlaganefnd Alþingis
Vegna máls nr. 1 – fjárlög 2023

Efni: Ósk um 15 m.kr. hækkun á lið 17.299 í frumvarpi til fjárlaga 2023, til Stofnunar rannsóknasetra Háskóla Íslands, vegna HULDU, nýs rannsóknaseturs í Þingeyjarsveit

Síðastliðið ár hefur verið unnið að undirbúningi stofnunar HULDU — náttúruhugvísindaseturs, sem staðsett verður á Skútustöðum í Þingeyjarsveit. Viljayfirlýsing um stofnun setursins var undirrituð í október 2021 af fulltrúum Háskóla Íslands, félagsins Svartárkot menning — náttúra og sveitarfélaganna Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar (nú sameinuð Þingeyjarsveit).

Fyrirhugað setur er samstarfsvettvangur Svartárkots menningar – náttúru, grasrótarseturs sem starfað hefur í heimabyggð í um 16 ár, nýs fyrirhugaðs rannsóknaseturs Háskóla Íslands og sveitarfélagsins Þingeyjarsveitar Eins fara nú fram samræður við aðra háskóla um mögulegt samstarf á vettvangi HULDU.

Árið 2022 fengust 6 m.kr. til undirbúnings setursins og hafa þær verið nýttar til viðburðahalds og vinnu við undirbúning, stefnumótun og áætlanagerð.

Til að stofna HULDU, ýta starfseminni af stað og tryggja rekstur setursins til næstu ára þarf að fjármagna tvö stöðugildi, annars vegar forstöðumann/sérfræðing sem mun starfa við Rannsóknasetur HÍ í Þingeyjarsveit, undir hatti Stofnunar rannsóknarsetra HÍ, og hins vegar verkefnisstjóra. Við förum þess á leit við fjárlaganefnd að 15 m.kr. verði veittar varanlega svo hægt sé að stofna rannsóknasetur HÍ, ráða forstöðumann og standa straum af leigu á húsnæði og almennum rekstri. Framlag til rannsóknasetra HÍ er á fjárlagalið 17.299. Við leitum nú enn fremur annarra leiða, í samstarfi við sveitarfélagið Þingeyjarsveit og fleiri aðila, til að fjármagna stöðugildi verkefnisstjóra (10 m.kr.) en miklu skiptir að frá upphafi starfi a.m.k. tveir starfsmenn við setrið.

Meginmarkmið HULDU eru:

1) að efla hugvísindarannsóknir á náttúru og umhverfi og þverfaglegt samstarf á því sviði
2) að stunda markvissa miðlun þekkingar á náttúrunni og manninum í náttúrunni
3) að efla samstarf ólíkra aðila, stofnana og fræðafólks jafnt sem heimamanna.

Setrið eykur nýsköpun og fjölbreytta atvinnumöguleika í Þingeyjarsveit og er til þess fallið að auka aðgengi heimafólks að menntun, ekki síst framhaldsnámi og námskeiðum á háskólastigi. Starfsemi HULDU fellur þannig afar vel að ákvæði stjórnarsáttmála núverandi ríkisstjórnar um að stutt verði við þekkingarmiðstöðvar og rannsóknasetur á landsbyggðinni og rannsóknastarf um allt land verði eflt samhliða því að gert verði átak í að auka aðgengi að menntun óháð búsetu og aðstæðum.

Meðfylgjandi er lýsing á HULDU – náttúruhugvísindasetri, helstu forsendum og markmiðum.

Virðingarfyllst með von um jákvæð viðbrögð,
Ásta Kristín Benediktsdóttir — akb@hi.is

Guðrún Sigríður Tryggvadóttir — gudrunhlini@gmail.com
Hafdís Erla Hafsteinsdóttir
Ragnhildur Sigurðardóttir
Sigurlína Tryggvadóttir
Sæunn Stefánsdóttir — saeunnst@hi.is
Viðar Hreinsson — vidar.hreinsson@nmsi.is

HULDA – náttúruhugvísindasetur

HULDA – Centre for the Humanities and Nature

Markmið og leiðir – september 2022

Samantekt

- HULDA – náttúruhugvísindasetur er rannsóknasetur staðsett á Skútustöðum í Þingeyjarsveit, nýsameinuðu sveitarfélagi í Suður-Þingeyjarsýslu. Setrið er samstarfsvettvangur Svartárkots menningar – náttúru, grasrótarseturs í heimabyggð sem haldið hefur alþjóðleg námskeið og stundað rannsóknir um árabil, og fyrirhugaðs Rannsóknaseturs Háskóla Íslands í Þingeyjarsveit. Enn fremur fer nú fram samtal við aðra háskóla um mögulegt samstarf á vettvangi HULDU.

- Viljayfirlýsing SMN, HÍ og sveitarfélaganna Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar (nú sameinuð Þingeyjarsveit) um stofnun setursins var undirrituð 12. október 2021 og á fjárlögum 2022 fékk verkefnið 6 millj. kr. til að hefja undirbúning.

- Meginmarkmið HULDU er að efla rannsóknir á sviði náttúruhugvísinda og miðlun þekkingar á margvíslegum hliðum náttúrunnar, þar með talið mannskepnunni. Auk þess er setrið til þess fallið að auka aðgengi heimafólks að menntun, ekki síst framhaldsnámi og námskeiðum á háskólastigi.

- Með kaupum Ríkiseigna á Gíg á Skútustöðum í Þingeyjarsveit hefur skapast bæði rými og tækifæri fyrir stofnun HULDU í heimabyggð. Gagnkvæm tækifæri til tengslamyndunar við aðra starfsemi og stofnanir sem hýstar verða í Gíg er einstakt. Gamli skólinn hýsir starfsemi fjögurra ríkisstofnana á sviði umhverfismála: Vatnajökulsþjóðgarðs, Umhverfisstofnunar, Landgræðslunnar og Rannsóknastöðvarinnar við Mývatn (RAMÝ), auk gestastofu og sýninga. Kaupin voru gerð í samráði við sveitarfélagið og á vegum þess er áformað að nýta húsnæðið fyrir atvinnuskapandi nýsköpun.

- Starfsemi HULDU fellur afar vel að ákvæði stjórnarsáttmálans og stefnu Vísinda- og tækniráðs um eflingu rannsóknasetra á landsbygginni og atvinnulífsins í kjölfar COVID-19 með rannsóknum og nýsköpun sem byggir á hugviti fremur en takmörkuðum náttúruauðlindum

- Til að stofna HULDU, ýta starfseminni af stað og tryggja rekstur setursins árið 2023 þarf tvö stöðugildi (forstöðumann/sérfræðing og verkefnisstjóra) þannig að hægt sé að setja á fót Rannsóknasetur HÍ í Þingeyjarsveit og renna stöðum undir starfsemi HULDU – náttúruhugvísindaseturs. Til að stofna setur undir hatti Stofnunar rannsóknasetra HÍ þarf fjármagn að upphæð 15 m.kr vegna ráðningar forstöðumanns, leigu á húsnæði og fyrir almennum rekstri. Finna þarf leiðir til að fjármagna stöðu verkefnisstjóra (10 m.kr) en miklu skiptir að frá upphafi starfi tveir starfsmenn við setrið.

1. Inngangur

HULDA – náttúruhugvísindasetur er rannsóknasetur staðsett á Skútustöðum í Þingeyjarsveit, nýsameinuðu sveitarfélagi í Suður-Þingeyjarsýslu. Setrið er samstarfsvettvangur Svartárkots menningar – náttúru, grasrótarseturs í heimabyggð sem haldið hefur alþjóðleg námskeið og stundað rannsóknir um árabil, og fyrirhugaðs Rannsóknaseturs Háskóla Íslands í Þingeyjarsveit. Viljayfirlýsing SMN, HÍ og sveitarfélaganna Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar (nú sameinuð Þingeyjarsveit) um stofnun setursins var undirrituð 12. október 2021 og á fjárlögum 2022 fékk verkefnið 6 millj. kr. til að hefja undirbúning.

Meginmarkmið HULDU eru að efla rannsóknir á sviði náttúruhugvísinda og miðlun þekkingar á margvíslegum hliðum náttúrunnar, þar með talið mannskepnunni. Auk þess er setrið til þess fallið að auka aðgengi heimafólks að menntun, ekki síst framhaldsnámi og námskeiðum á háskólastigi. HULDA hefur alla burði til að verða kjarni vistkerfis rannsókna og nýsköpunar þar sem markmið setursins er ekki síst að tengja saman ólíka aðila sem stunda náttúrurannsóknir og miðla þekkingu áfram til nær- og fjærumhverfis í nánu samstarfi við samfélagið á svæðinu jafnt sem akademískar stofnanir. Stofnun HULDU er því í samræmi við ýmsar opinberar stefnur þar sem á síðustu árum hefur verið lögð áhersla á að takast á við áskoranir í umhverfismálum með eflingu hugvits og nýsköpunar og miðlun þekkingar og enn fremur á uppbyggingu þekkingarstarfsemi á landsbyggðinni.

Til að stofna HULDU, ýta starfseminni af stað og tryggja rekstur setursins árið 2023 þarf tvö stöðugildi (forstöðumann/sérfræðing og verkefnisstjóra) þannig að hægt sé að setja á fót Rannsóknasetur HÍ í Þingeyjarsveit og renna stöðum undir starfsemi HULDU – náttúruhugvísindaseturs. Til að stofna setur undir hatti Stofnunar rannsóknasetra HÍ þarf fjármagn að upphæð 15 m.kr vegna ráðningar forstöðumanns, leigu á húsnæði og fyrir almennum rekstri. Einnig þarf að finna leiðir til að fjármagna stöðu verkefnisstjóra (10 m.kr) en miklu skiptir að frá upphafi starfi tveir starfsmenn við setrið.

2. Aðilar og helstu forsendur

HULDA er samstarfsvettvangur tveggja rannsóknasetra, Svartárkots menningar – náttúru (SMN) og nýs rannsóknaseturs Háskóla Íslands í Þingeyjarsveit, sem unnið er að því að stofna undir Stofnun rannsóknasetra Háskóla Íslands (SRHÍ). Sveitarfélagið Þingeyjarsveit kemur að stofnun setursins ásamt SMN og SRHÍ og enn fremur fer nú fram samtal við aðra háskóla um mögulegt samstarf á vettvangi HULDU. Tilurð HULDU má rekja til þess að einstakt tækifæri skapaðist á svæðinu í kjölfar kaupa Ríkiseigna á húsnæðinu Gíg á Skútustöðum árið 2021 og sameiningar Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar vorið 2022. Starfsemi setursins er í samræmi við opinbera stefnu um hvernig takast skuli á við áskoranir í umhverfismálum og efla þekkingarstarfsemi og atvinnulíf á landsbyggðinni. Á svæðinu eru kjörforsendur fyrir stofnun rannsóknarseturs á sviði náttúruhugvísinda, sem auk rannsókna hefur að markmiði að stunda markvissa miðlun þekkingar og rannsóknarniðurstaðna. Nú þegar eru starfandi í nágrenni HULDU fjölmargir aðilar sem búa yfir yfirgripsmikilli þekkingu á náttúru og umhverfi svæðisins og landsins alls og hið nýja setur leggur áherslu á að leiða þá saman til samstarfs.

2.1. Rannsóknarsetrin tvö

Einn helsti kostur HULDU er að hún sameinar krafta SMN og Stofnunar rannsóknasetra Háskóla Íslands sem bæði hafa mikla reynslu af rekstri og starfrækslu rannsókna- og þekkingarmiðlunarsetra. Á þessum nýja samstarfsvettvangi mætast þannig annars vegar grasrótarstarf með öfluga tengingu bæði við nærumhverfið og erlend rannsóknanet og hins vegar akademísk stofnun byggð á sterkum grunni sem hefur það að markmiði að efla tengsl stærsta háskóla Íslands við atvinnu- og þjóðlíf. Með HULDU skapast því ótal ný tækifæri til rannsókna, þekkingarmiðlunar og samstarfs við innlenda og erlenda aðila.

Svartárkot menning – náttúra (www.svartarkot.is) var stofnað í samstarfi heimafólks í Þingeyjarsveit og fræðimanna. Á vettvangi þess hafa frá árinu 2007 verið haldin alþjóðleg námskeið á háskólastigi í samstarfi við heimamenn, erlendum háskólum hefur verið veitt þjónusta við framkvæmd „study abroad" námskeiða og setrið hefur komið á fót öflugu alþjóðlegu rannsókna- og tengslaneti á sviði náttúruhugvísinda sem á engan sinn líka á Íslandi í dag. Teymið, sem samanstendur af vísindamönnum sem ýmist vinna hjá ólíkum stofnunum eða eru sjálfstætt starfandi, hefur unnið að alþjóðlegum rannsóknarverkefnum sem flest tengjast Suður-Þingeyjarsýslu og hafa notið styrkja m.a. frá RANNÍS, National Science Foundation (NSF)í Bandaríkjunum, Riksdagens Jubileumsfond og NordForsk – Nordic Centre of Excellence in Arctic Research.

Stofnun rannsóknasetra Háskóla Íslands stendur að stofnun nýs rannsóknaseturs HÍ í Þingeyjarsveit en það er ellefta setrið sem skólinn rekur á landsbyggðinni. Markmið SRHÍ er að stuðla að rannsóknum og menntun og leiðbeiningu framhaldsnema víða um land og skapa vettvang fyrir samstarfsverkefni háskólans við nærumhverfi og nærsamfélag setranna. Viðfangsefni setranna eru af ýmsum toga en mörg leggja áherslu á umhverfismál, svo sem vistfræði, líffræði, jöklarannsóknir og samspil samfélags og náttúru á hverju svæði fyrir sig. Nýja setrið í Þingeyjarsveit er mikilvæg viðbót við rannsóknasetur HÍ en það mun leggja megináherslu á náttúruhugvísindi og þverfaglegar rannsóknir á sviði umhverfismála auk þekkingarmiðlunar og samstarfs við nærsamfélagið.

2.2. Þingeyjarsveit: Nýsameinað sveitarfélag

Þriðji aðilinn sem stendur að stofnun HULDU er hið nýsameinaða sveitarfélag Þingeyjarsveit (áður Skútustaðahreppur og Þingeyjarsveit) en fulltrúar þess undirrituðu viljayfirlýsingu um stofnun setursins í október 2021 ásamt rektor HÍ og fulltrúa SMN.

Samhliða undirbúningi sameiningar á árunum 2019–2021 var rík áhersla lögð á stefnumótun um umhverfismál, byggðamál og sjálfbæra nýtingu auðlinda, enda er Þingeyjarsveit hin nýja landmesta sveitarfélag á Íslandi og fjölmargar náttúruperlur og -auðlindir innan marka hennar. Árið 2019 settu sveitarfélögin í sameiningu á laggirnar metnaðarfullt verkefni, Nýsköpun í norðri (NÍN), sem styrkt var af Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Meginmarkmið NÍN er að stuðla að því að sameinað sveitarfélag verði í fararbroddi í baráttu við loftslagsbreytingar og í stakk búið að takast á við tækni- og samfélagslegar breytingar, meðal annars með því að efla nýsköpun, atvinnumöguleika og byggðafestu. Í kjölfar íbúafunda og umfangsmikillar rýnihópavinnu á vegum NÍN voru skilgreindar sex lykilaðgerðir. Ein þeirra var „Rannsókna-

og nýsköpunarklasi: uppbygging á aðstöðu fyrir nýsköpun, menntun og rannsóknir“ og sú aðgerð er sett til framkvæmda með stofnun HULDU.

2.3. Gígur: Húsnæði á Skútustöðum

Ríkiseignir festu kaup á húsnæði á Skútustöðum í Þingeyjarsveit sem hentar afar vel fyrir rannsóknasetur. Um er að ræða Gíg, 1200m² byggingu sem upphaflega hýsti grunnskóla Mývatnssveitar en síðustu tvo áratugi hefur starfað þar hótel. Með kaupum opinberra aðila á þessu húsnæði skapast bæði rými og tækifæri fyrir stofnun HULDU í heimabyggð. Þarna bjóðast einstök gagnkvæm tækifæri til tengslamyndunar við aðra starfsemi og stofnanir sem hýstar verða í Gíg.

Gamli skólinn hýsir starfsemi fjögurra ríkisstofnana á sviði umhverfismála: Vatnajökulsþjóðgarðs, Umhverfisstofnunar, Landgræðslunnar og Rannsóknastöðvarinnar við Mývatn (RAMÝ), auk gestastofu og sýninga. Kaupin voru gerð í samráði við sveitarfélagið (Skútustaðahrepp, nú Þingeyjarsveit) og á vegum þess er áformað að nýta húsnæðið fyrir atvinnuskapandi nýsköpun. 11. mars 2021 var undirrituð viljayfirlýsing sveitarfélagsins, Vatnajökulsþjóðgarðs og Þekkingarnets Þingeyinga um samstarf á sviði þekkingar- og nýsköpunartækifæra í húsnæðinu og háskólar og rannsóknastofnanir voru þar sérstaklega hvött til að efla rannsóknir og starfsemi á svæðinu. Í kjölfarið var komið á samtali milli aðstandenda HULDU og Ríkiseigna (og eftir atvikum annarra aðila sem með umsjón hússins fara) og setrinu tryggð aðstaða á Gíg. Sumarið 2022 gerðu aðstandendur HULDU samkomulag við Vatnajökulsþjóðgarð um tímabundin afnot af vinnuaðstöðu á meðan gengið væri frá fjármögnun og formlegri stofnun setursins. Starfsemi HULDU innan veggja Gígs er því þegar hafin.

2.4. Þekking í heimabyggð

Þingeyjarsveit er þekkt fyrir fjölbreytta náttúru og jarðfræði sem heillar bæði ferðamenn og vísindafólk og á svæðinu starfa fjölmargir aðilar við verkefni tengd náttúrunni og allir búa þeir yfir ríkulegri þekkingu á náttúrunni og umhverfinu. Menningarsögulega er Þingeyjarsveit einstök á landsmælikvarða en þar skapaðist einstök gróska menningar og mennta á 19. öld og mörg af helstu skáldum landsins á þeim tíma áttu rætur úr héraðinu. Hópurinn sem stendur að baki SMN hefur með rannsóknum og með námskeiðum lagt áherslu á að safna menningarsögulegum heimildum um þennan tíma, t.d. með greiningu á bréfasöfnum og margvíslegu efni sem varðveitt er í handritum. Menningarsagan og saga fólksins í Þingeyjarsveit hefur ekki enn verið nýtt til atvinnuuppbyggingar á svæðinu eða sem hluti af upplýsingum til ferðamanna eins mikið og efni standa til og eitt af hlutverkum HULDU er að draga þennan fjársjóð upplýsinga upp á yfirborðið.

Auk Vatnajökulsþjóðgarðs, Umhverfisstofnunar, Landgræðslunnar og RAMÝ, sem eru til húsa á Gíg, eru Jarðvísindastofnun Háskóla Íslands, Minjastofnun Íslands og Landsvirkjun með starfsemi í sveitarfélaginu. Ferðaþjónusta og landbúnaður eru helstu atvinnugreinarnar en þær fást báðar fyrst og fremst við manninn í náttúrunni. Síðast en ekki síst búa íbúar svæðisins yfir verðmætri þekkingu á þessu sviði. Á vettvangi HULDU verða þessir og fleiri aðilar leiddir saman og leitað leiða til að virkja þann kraft og þekkingu sem í þeim býr í gegnum samstarf og samtal. HULDA hefur að markmiði að vera vettvangur tengsla,

samskipta og miðlunar þekkingar, bæði þekkingar sem aflað verður í framtíðinni en ekki síður þeirrar þekkingar sem þegar er til staðar.

2.5. Opinber stefna um umhverfismál og uppbyggingu þekkingarstarfsemi á landsbyggðinni

Stofnun HULDU er í samræmi við ýmsar opinberar stefnur þar sem á síðustu árum hefur verið lögð áhersla á að takast á við áskoranir í umhverfismálum með eflingu hugvits og nýsköpunar og miðlun þekkingar og enn fremur á uppbyggingu þekkingarstarfsemi á landsbyggðinni.

Í stjórnarsáttmála Framsóknarflokks, Sjálfstæðisflokks og Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs er lögð áhersla á aukna opinbera fjárfestingu í grænum verkefnum og rannsóknum og að takast á við áskoranir í umhverfismálum. Þar kemur fram að stutt verði við þekkingarmiðstöðvar og rannsóknasetur á landsbyggðinni og enn fremur segir þar að rannsóknastarf um allt land verði eflt samhliða því að gert verði átak í að auka aðgengi að menntun óháð búsetu og aðstæðum.

Í stefnu Vísinda- og tækniráðs fyrir 2020–2022, sem gefin var út í september 2020, er megináhersla lögð á að efla atvinnulífið í kjölfar COVID-19 með rannsóknum og nýsköpun sem byggir á hugviti fremur en takmörkuðum náttúruauðlindum. Vísindi eiga að gegna lykilhlutverki þegar tekist er á við samfélagslegar áskoranir og stefnan er sérstaklega sett á heilbrigðis- og umhverfismál. Vísindin eiga enn fremur að nýtast samfélaginu öllu og því er áhersla lögð á miðlun þekkingar á víðum grundvelli. Loks er í stefnunni lögð áhersla á að skapa og viðhalda öflugu vistkerfi rannsókna og nýsköpunar, þ.e. aðstæðum sem styðja við verkefnin og tengja þau við samfélagið.

Starfsemi HULDU fellur afar vel að ofangreindu ákvæði stjórnarsáttmálans og stefnu Vísinda- og tækniráðs. Meginmarkmið setursins eru að efla rannsóknir á sviði náttúruhugvísinda og miðlun þekkingar á margvíslegum hliðum náttúrunnar, þar með talið mannskepnunni. Auk þess er setrið til þess fallið að auka aðgengi heimafólks að menntun, ekki síst framhaldsnámi og námskeiðum á háskólastigi. HULDA hefur alla burði til að verða kjarni vistkerfis rannsókna og nýsköpunar þar sem markmið setursins er ekki síst að tengja saman ólíka aðila sem stunda náttúrurannsóknir og miðla þekkingu áfram til nær- og fjærumhverfis í nánu samstarfi við samfélagið á svæðinu jafnt sem akademískar stofnanir.

3. Hugmyndafræði

Í starfi HULDU eru náttúruhugvísindi í fyrirrúmi. Með því er átt við hugvísindalegar rannsóknir, svo sem á sviði heimspeki, bókmennta, sögu og menningarfræði, á náttúrunni þar sem þverfagleg samvinna við náttúru- og félagsvísindi er höfð að leiðarljósi. Litið er svo á að maður og náttúra séu ekki aðskilin fyrirbæri heldur eitt og hið sama; maðurinn er í náttúrunni og þar með hluti hennar. Sem slík ber mannskepnan ábyrgð á þeim áhrifum sem hún hefur haft á náttúruna, þar með talið sig sjálfa. Lögð er áhersla á að styrkja stöðu hugvísinda á sviði náttúrurannsókna og aðgerða varðandi umhverfismál en gengið er út frá því að án þátttöku hugvísinda verði erfitt eða jafnvel ógerlegt að finna lausnir á þeim áskorunum sem við blasa. Á vettvangi HULDU verður þannig lögð áhersla á samstarf og

samtal milli ólíkra aðila og leitað skapandi leiða til að skapa nýja þekkingu og óvæntar tengingar. Sterk tenging við nærumhverfi er lykilatriði, rétt eins og alþjóðleg samvinna, og í öllu starfi setursins eru jafnrétti og gagnrýnin hugsun höfð að leiðarljósi.

3.1. Náttúruhugvísindi á tímum breytinga á loftslagi og vistkerfi jarðar

Náttúruhugvísindi og umhverfishugvísindi (e. environmental humanities) tilheyra víðfeðmu sviði þverfaglegra rannsókna á náttúru og umhverfi sem hófust á síðari hluta síðustu aldar en hafa eflst til muna á 21. öld. Á þessu sviði er lögð áhersla á að víkka sjóndeildarhring umhverfisrannsókna út fyrir náttúru- og raunvísindi þannig að þær nái einnig til hug- og félagsvísinda. Þetta er talið nauðsynlegt ekki síst sökum þess að þær umfangsmiklu breytingar á náttúru okkar og umhverfi sem blasa við á 21. öld eru ekki eingöngu vistfræðilegs eðlis heldur er hér um að ræða menningarlega krísu, líkt og Steven Hartman, einn helsti sérfræðingurinn á sviði umhverfishugvísinda, bendir á. Hann segir enn fremur að til að leysa þessa krísu þurfum við þekkingu úr fleiri áttum en náttúruvísindum – ekki síst hugvísindum.

Með því að tala um náttúruhugvísindi, frekar en umhverfishugvísindi, vilja aðstandendur HULDU leggja áherslu á og undirstrika þann kjarna í hugmyndafræði setursins að tvíhyggjuhugsun um mann andspænis náttúru sé andæft. Litið er svo á að maðurinn sé í náttúrunni og þar með hluti af henni. Hann stendur ekki fyrir utan náttúruna og því getur hún ekki verið hlutgert viðfang athafna, maðurinn getur ekki ráðskast með hana að vild. Náttúruhugvísindi beinast því annars vegar að stöðu mannsins í náttúru og umhverfi og þeirri ábyrgð sem því fylgir. Það felur í sér (hugmynda)sögulega vídd, því þörf er á víðtækri þekkingu á skilningi mannsins á stöðu sinni í eða gagnvart náttúrunni. Hins vegar sækja náttúruhugvísindi þekkingu, aðferðir og innblástur með þver- og fjölfaglegum hætti til fjölmargra greina hefðbundinna náttúruvísinda. Þannig má öðlast skilning á stöðu mannsins í og gagnvart náttúrunni (og sjálfum sér) sem lifandi og skapandi framvindu. Í grófum dráttum: ábyrgð mannsins gagnvart sjálfum sér í náttúrunni.

Þótt hugvísindarannsóknir hafi beinst að náttúrunni í marga áratugi er fyrst nú á 21. öld að verða til þverfaglegt alþjóðlegt fræðasamfélag á sviði umhverfis- og náttúruhugvísinda. Samtalið sem nú á sér stað í auknum mæli, bæði milli fræðafólks úr ólíkum greinum hugvísinda og við fólk úr náttúru- og félagsvísindum, hefur að leiðarljósi að slík þverfagleg samvinna leiði af sér þekkingu sem erfitt eða ómögulegt sé að skapa á annan hátt. HULDA stefnir að því að vera leiðandi aðili í þeirri þróun á Íslandi.

3.2. HULDA

Nafn setursins, HULDA, vísar til þess sem hulið er – á huldu – en bíður þess að vera svipt hulunni. Það vísar þannig til nýrrar þekkingar og óvæntra tenginga sem breyta viðtekinni sýn á viðfangsefnið. Orðið *hulda* merkir einnig, bæði á íslensku og í skyldum málum, álfkona eða náttúruvættur; vera sem er óaðskiljanlegur hluti af náttúrunni. Hulduveran er nálæg en þó oft hulin sýn manna og vísindin afneita gjarnan tilvist hennar. Heimur hennar er framandi en ekki aðskilinn þeim heimi sem við teljum okkur þekkja heldur einmitt órjúfanlegur hluti af

honum; heimur sem við getum aðeins kannað með því að víkka sjóndeildarhringinn og láta reyna á nýjar nálganir.

Hulda er einnig skáldanafn Unnar Benediktsdóttur Bjarklind, eins helsta skáldsins sem Þingeyjarsveit hefur alið, en hún fæddist og ólst upp á Auðnum í Laxárdal, í miðri þeirri grósku sem einkennir menningarsögu Þingeyjarsveitar á 19. öld. Hún var eitt framsæknasta skáld fyrstu áratuga 20. aldar á Íslandi. Nýsköpun hennar birtist ekki síst í endurnýjun þuluformsins og markvissri notkun vísana, sem er stílbragð sem einkennir einkum nútímaljóð. Náttúra, tilfinningar og kvenleg reynsla eru ríkjandi þemu í ljóðum hennar og hún var lengi vel ein sárafárra kvenna sem hlutu hljómgrunn í hinum karllæga íslenska bókmenntaheimi. Hulda ólst upp á bókaheimili, hlaut menntun og dvaldi tvisvar erlendis þar sem hún kynnti sér bókmenntir og listir. Ekkert af þessu var sjálfsagt fyrir konu á síðustu árum 19. aldar. Heimili hennar og eiginmanns hennar á Húsavík varð enn fremur menningarheimili sem innlendir og erlendir rithöfundar og menntamenn sóttu gjarnan heim.

Í skáldinu Huldu mætast þannig fimm mikilvægir þræðir í hugmyndafræði rannsóknasetursins: 1) skapandi hugsun og listir, 2) framsækni og nýsköpun, 3) tenging við nærumhverfi, 4) suðupottur innlendrar og erlendrar menningarumræðu og 5) kvenréttindi og jafnréttissjónarmið. Í orðinu *hulda* felst enn fremur 6) andsvar við þeirri viðleitni að skilja skýrt milli manns og náttúru og 7) hula sem svipt er af nýrri þekkingu og óvæntum tengingum.

3. Markmið og framtíðarsýn

3.1. Starfsemi

Miðað er að því að á vettvangi HULDU (þar með SMN og SRHÍ) starfi annars vegar sérfræðingur og og hins vegar verkefnastjóri í fullu starfi. Skilyrði er að starfsfólk sé með búsetu í Þingeyjarsveit og hafi starfsstöð á Gíg.

Sérfræðingur: Rannsóknasetri HÍ stýrir forstöðumaður með doktorspróf á fræðasviðinu sem stundar rannsóknir, hefur umsjón með fjármálum og skipuleggur samstarfsverkefni (skv. 9. gr. reglna um Stofnun rannsóknasetra Háskóla Íslands nr. 480/2010).

Verkefnisstjóri: Hefur umsjón með daglegum störfum setursins, stýrir verkefnum, sér um miðlunar- og fræðsluverkefni, samskipti við samstarfsaðila og heimafólk o.fl.

3.2. Markmið

Meginmarkmið HULDU eru að efla rannsóknir á sviði náttúruhugvísinda og miðla þekkingu á því sviði en enn fremur að skapa blómlegan vettvang til samstarfs og efla atvinnu og nýsköpun í Þingeyjarsveit. Skipta má nánari markmiðasetningu í fimm liði:

1) *Háskóli Íslands og Svartárkot menning – náttúra*

- Skapa formlegan vettvang fyrir samstarf milli Svartárkots menningar – náttúru og Háskóla Íslands

- Rækta og styðja áframhaldandi rannsóknir, námskeiðahald og annað starf SMN, grasrótarseturs í heimabyggð
- Stofna nýtt rannsóknasetur Háskóla Íslands í Þingeyjarsveit og þar með efla tengsl Háskóla Íslands við þekkingu, rannsóknir, atvinnulíf og samfélag á svæðinu

2) Rannsóknir og menntun

- Efla hugvísindarannsóknir á náttúrunni, þar með talið manninum í náttúrunni
- Efla þverfaglegt samstarf hugvísinda, náttúruvísinda og félagsvísinda á sviði náttúrurannsókna
- Efla menntun og kennslu á sviði náttúruhugvísinda og þverfaglegra náttúrurannsókna
- Efla framboð af störfum fyrir fræðimenn í Þingeyjarsveit
- Skapa starfsvettvang fyrir sjálfstætt starfandi fræðimenn sem stunda rannsóknir í náttúruhugvísindum
- Stofna til metnaðarfullra rannsóknaverkefna og sækja fé í alþjóðlega rannsóknasjóði
- Stuðla að auknu framboði af störfum fyrir meistara- og doktorsnema, sem hafa lögheimili í eða hafa áhuga á rannsóknum sem tengjast Þingeyjarsveit.
- Stuðla að því að námskeið á BA og MA-stigi um náttúruhugvísindi verði haldin við Háskóla Íslands
- Halda alþjóðleg námskeið á grunn- og framhaldsstigi um náttúruhugvísindi

3) Þekkingarmiðlun

- Efla tengsl fræða og nærsamfélags og samtal þeirra á milli um náttúru og náttúrurannsóknir
- Stunda markvissa miðlun þekkingar og niðurstaðna náttúrurannsókna og hugvísinda til almennings með fjölbreytni og skapandi hugsun að leiðarljósi
- Hafa frumkvæði af því að fá almenning til þátttöku í verkefnum setursins
- Halda reglulega málþing í heimabyggð með fjölbreyttum fyrirlestrum um náttúru og náttúrurannsóknir sem ætlað er bæði fræðafólki og heimafólki
- Stuðla að fjölbreyttri og skapandi þekkingarmiðlun til ferðamanna og menningartengdri ferðaþjónustu (e. cultural tourism) á svæðinu

4) Byggðaþróun og atvinna

- Auka atvinnumöguleika, nýsköpun og fjölbreytni í atvinnulífi Þingeyjarsveitar
- Efla hugvísindarannsóknir og þverfaglegt rannsóknasamstarf utan höfuðborgarsvæðisins
- Efla tengsl Háskóla Íslands við atvinnu og þjóðlíf á landsbyggðinni
- Auka aðgengi að menntun og rannsóknum óháð búsetu og aðstæðum.
- Styðja við þá starfsemi sem þegar er til staðar á svæðinu, svo sem ferðaþjónustu, landbúnað, menntastofnanir, náttúruvernd og náttúrurannsóknir

5) Samstarf

- Leiða saman eftirfarandi aðila, tvo eða fleiri í hvert sinn, til samtals og samstarfs um náttúrurannsóknir, þekkingarmiðlun, náttúruverndaraðgerðir og skapandi verkefni:
    - fræðafólk af ólíkum sviðum

- almenning og íbúa svæðisins
- fyrirtæki, stofnanir og aðra aðila sem starfa í nærumhverfinu
- háskólastofnanir og rannsóknasetur um allt land
- listafólk

Reykjavík og Þingeyjarsveit, 27. september 2022,

Ásta Kristín Benediktsdóttir
Guðrún Sigríður Tryggvadóttir
Hafdís Erla Hafsteinsdóttir
Ragnhildur Sigurðardóttir
Sigurlína Tryggvadóttir
Sæunn Stefánsdóttir
Viðar Hreinsson

Nánari upplýsingar veitir Ásta í síma 8681860 — akb@hi.is

HÚNAÞING VESTRA

Fjárlaganefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Hvammstanga, 9. nóvember 2022

Efni: Ósk um fjárframlag vegna kostnaðar Húnaþings vestra við rekstur dreifnámsdeildar á Hvammstanga.

Frá árinu 2013 hefur verið starfrækt dreifnámsdeild frá Fjölbrautarskóla Norðurlands vestra (FNV) á Hvammstanga. Hefur þjónustan mælst afar vel fyrir þar sem hún gefur ungmennum tækifæri til að vera lengur heima að grunnskólagöngu lokinni. Fyrirkomulagið hefur sýnt sig auka líkur á því að börn fari í framhaldsskóla og hefur jafnframt leitt til þess að ungmenni, sem hafa flosnað upp úr námi, hefja nám að nýju. Auk þess eykur lengri dvöl heima í héraði líkur á því að ungmennin komi til baka að námi loknu. Til viðbótar við ávinning nenemda hefur rekstur dreifnámsdeildarinnar eflt starfsemi FNV þar sem nemendur fara reglulega yfir veturinn í skólann til að sitja tíma og taka þátt í félagslífi. Framboð náms sem þessa er lykilatriði í að hækka menntunarstig í sveitarfélaginu en á Norðurlandi vestra er menntunarstig með því lægsta á landinu. Samfélagslegur ávinningur ávinningur af starfseminni er því margþættur.

Frá upphafi hefur Húnaþing vestra greitt með starfseminni. Þær greiðslur hafa m.a. staðið undir tækjakaupum, húsaleigu, þrifum á húsnæði og hreinlætisvörum, netáskrift, fargjöldum fyrir nemendur til námslota, niðurgreiðslu á hádegisverði fyrir nemendur o.s.frv.

Rekstur framhaldsskóla er lögbundið hlutverk hins opinbera. Það skýtur því skökku við að Húnaþing vestra þurfi, árum saman, að standa straum af kostnaði sem hið opinbera á með réttu að bera. Með því er verið að auka álögur á sveitarfélagið umfram önnur þar sem framhaldsskólar eru til staðar. Til að gæta jafnræðis er því óskað eftir því að fjárlaganefnd veiti fjármagni til sveitarfélagsins til að mæta þessum kostnaði. Með því móti er þessi mikilvæga starfsemi fest enn frekar í sessi.

Frá stofnun deildarinnar hefur Húnaþing vestra greitt með starfseminni um 7 millj. króna á ári. Á 9 ára tímabili er því um að ræða 63 millj. króna. Á árinu 2022 er gert ráð fyrir að kostnaðurinn verði um 8 milljónir. Þess er óskað að fjárlaganefnd veiti sem svarar þeirri upphæð til sveitarfélagsins til að mæta þeim kostnaði og að sá stuðningur verði árlegur.

Til stuðnings erindi þessu er vísað til erindis Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra, Samtaka sveitarfélaga Vesturlandi og Vestfjarðastofu um sama efni þar sem tekinn var saman kostnaður sveitarfélaga við rekstur dreifnámsdeilda á starfssvæðum landshlutasamtakanna þriggja. Erindið var sent til fjárlaganefndar í tengslum við gerð fjármálaáætlunar í maí 2022. Í framhaldi af því óskaði meirihluti nefndarinnar eftir að mennta- og barnamálaráðuneytið tæki saman kostnað sveitarfélaga vegna fjarnámsdeilda.

Mikill vilji er til þess að dreifnámsdeildin á Hvammstanga verði starfrækt áfram og efld frekar en hitt. Þess er því óskað að fjárlaganefnd mæti útgjöldum sveitarfélagsins í samræmi við framangreint til að jafnræðis sé gætt og tækifæri ungmenna í sveitarfélaginu til náms verði tryggð.

F.h. Húnaþings vestra,

SVEITARSTJÓRI HÚNAÞINGS VESTRA

Unnur Valborg Hilmarsdóttir, sveitarstjóri.

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
B.t. nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 7. október 2022

Efni: Frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2023 (1. mál)

Icelandair ehf. þakkar fyrir að fá tækifæri til þess að senda umsögn um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2023 („**frumvarpið**"). Félagið hefur yfirfarið frumvarpið með áherslu á áhrif þess á íslenska ferðaþjónustu og þá helst samkeppnishæfni íslenskra flugrekenda og Íslands sem áfangastaðar. Gerð er grein fyrir helstu athugasemdum Icelandair við efni frumvarpsins hér að neðan.

Varaflugvallagjald dregur úr samkeppnishæfni ferðaþjónustunnar
Samkvæmt frumvarpinu er áætlað að innviðaráðherra muni leggja fram frumvarp til nýrra laga um uppbyggingu og rekstur flugvalla og veitingu flugleiðsöguþjónustu þar sem lagt verður á varaflugvallagjald. Nánari útfærsla liggur ekki fyrir en áætlaðar tekjur af nýju varaflugvallargjaldi eru áætlaðar 1,4 milljarðar króna á árinu 2023.

Líkt og Icelandair hefur áður bent á þá væri það æskilegt með tilliti til flugöryggissjónarmiða að bæta aðstöðu varaflugvalla fyrir Keflavíkurflugvöll hér á landi og væri hentugast að slík uppbygging myndi fara fram á Egilsstaðaflugvelli. Heppilegast og hagkvæmast væri að byggja akstursbraut við hlið flugbrauta þar en það myndi uppfylla allar þarfir alþjóðaflugsins hvað varðar varaflugvelli fyrir Keflavíkurflugvöll.

Icelandair leggst hins vegar gegn því að slík uppbygging yrði fjármögnuð með álagningu sérstaks gjalds á þá flugrekendur sem fljúga til og frá Keflavíkurflugvelli. Jafnframt væri það mjög varhugavert ef nauðsynleg uppbygging á Keflavíkurflugvelli yrði látin sitja á hakanum í því skyni að forgangsraða verkefnum í þágu uppbyggingar annarra flugvalla.

Verði farin sú leið að leggja á sérstakt varaflugvallagjald vegna allra flugferða til og frá Íslandi er ljóst að slík gjaldtaka hefði veruleg neikvæð áhrif á Icelandair og aðra íslenska flugrekendur. Gjaldið myndi skaða samkeppnishæfni þeirra á markaði fyrir flug milli Evrópu og Norður-Ameríku.

Þá eru einnig taldar líkur á því að slík gjaldtaka samræmist ekki regluverki EES um gjaldtöku á flugvöllum. ESA hefur áður komist að þeirri niðurstöðu að varaflugvallagjald standist ekki kröfur EES samningsins um jafnræði á þremur sviðum: a) innanlandsfarþega og millilandafarþega, b) viðkomufarþega annars vegar og þeirra sem komu og fóru vegna dvalar á Íslandi hins vegar og c) farþegaflugs og vöruflutningaflugs. Þá varpaði ESA fram sem athugunarefni hvort ríkisstyrkjareglur hefðu verið brotnar vegna þess að varaflugvallargjald er ekki tekið af vöruflutningum. Þá hefur framkvæmdastjórn EB einnig ítrekað höfðað mál gegn aðildarríkjum sínum vegna meints ójafnræðis í skattheimtu, s.s. milli millilandafarþega til þriðju ríkja og flugs milli einstakra aðildarríkja Evrópubandalagsins.

Forsenda þess að hægt sé að bjóða upp á samkeppnishæft flug yfir Norður-Atlantshafið, með millilendingu á Íslandi, er m.a. að ekki verði enn dýrara að framkvæma slík flug vegna aukinnar gjaldtöku sem leggst ekki á þá flugrekendur sem fljúga beint yfir hafið án viðkomu hér á landi. Mikið framboð er af beinu flugi á milli áfangastaða Icelandair í Evrópu og Norður-Ameríku, þar sem ekki er millilent í Keflavík. Þessar flugleiðir hafa þegar ákveðið samkeppnisforskot, m.a. vegna skemmri ferðatíma. Það er því mikilvægt að tengingar á Keflavíkurflugvelli gangi greiðlega fyrir sig ef farþegar eiga að líta á slík tengiflug sem raunhæfan valkost, borið saman við beint flug.

Stækkun þessa viðskiptamannahóps helst í hendur við fjölgun ferðamanna til Íslands því fjölgun tengifarþega Icelandair í Keflavík gerir félaginu kleift að gera fleirum fært að ferðast til Íslands. Þannig er hægt að bjóða upp á aukna tíðni flugs sem og flug til fleiri áfangastaða og þannig auka fjölda ferðamanna hér á landi. Það er því mjög mikilvægt að uppbyggingin á Keflavíkurflugvelli haldi áfram, til að tryggja að aðstæður á flugvellinum séu í samræmi við farþegafjölda.

Það er stefna Icelandair til langs tíma að auka flugtíðni með sjálfbærum vexti á þessum markaði. Til að svo verði þurfa innviðir og rekstaraumhverfi þó að vera með fullnægjandi hætti. Samkeppnishæfni flugrekstrar á Íslandi skiptir öllu máli í því samhengi. Þá ber að nefna að flugrekendur sem fljúga beint á milli Evrópu og Norður-Ameríku nota íslenska flugvelli sem varaflugvelli á sínum flugleiðum. Miðað við þau áform sem fram koma í fjárlagafrumvarpinu myndu einungis flugrekendur sem fljúga til og frá Íslandi greiða fyrir uppbyggingu varaflugvalla en ekki þeir sem lenda utan Íslands.

Icelandair ítrekar því mikilvægi þess að íslenskir flugrekendur verði ekki látnir bera kostnaðinn af uppbyggingu flugvalla utan Keflavíkurflugvallar og að nauðsynlegri uppbyggingu á Keflavíkurflugvelli verði haldið áfram. Í þessu sambandi fara hagsmunir flugrekenda og íslenska ríkisins saman enda hafa báðir aðilar hag af því að viðhalda öflugum flugsamgöngum og ferðamannastraumi til landsins sem leiðir til aukinna útflutningstekna. Þar að auki er svigrúm flugrekenda til að taka á sig auknar byrðar í formi varaflugvallagjalds nánast ekkert um þessar mundir enda liggur fyrir að miklar hækkanir verða á helstu kostnaðarliðum á næstu misserum.

Hækkanir gjalda sem hafa áhrif á ferðamenn

Í frumvarpinu er mælt fyrir um hækkun ýmissa gjalda sem renna til ríkisins, til að mynda áfengisgjalds, tóbaksgjalds og eldsneytisgjalds. Ljóst er að ferðamenn á Íslandi munu finna fyrir hækkun þessara gjalda í formi hærra verðlags og mun Ísland því verða enn dýrari áfangastaður en ella. Þetta er til þess fallið að draga úr samkeppnishæfni Íslands sem ferðamannastaðar enda hefur landið nú þegar orð á sér fyrir hátt verðlag sem er letjandi fyrir ferðamenn þegar kemur að skipulagningu ferðalaga til Íslands.

Icelandair skilur vel þá afstöðu stjórnvalda að sækja þurfi tekjur frá ferðamönnum í því skyni að tryggja uppbyggingu innviða í ferðaþjónustu. Slík skattheimta mun hins vegar snúast upp í andhverfu sína ef hún verður til þess að skerða samkeppnishæfni Íslands sem ferðamannastaðar og þar með skila færri ferðamönnum til landsins. Þrátt fyrir að um sé að ræða vel efnaða ferðamenn þá er fljótt að spyrjast út ef verðlag á Íslandi er með þeim hætti að verð séu langt umfram gæði. Ef ferðamenn þurfa til að mynda að yfirborga fyrir máltíðir og bílaleigubíla þá verða aðrir áfangastaðir fljótt meira aðlaðandi. Auðvelt er að sýna fram á að nú þegar eru tekjur ríkisins af ferðamönnum með óbeinum sköttum og aukinni veltu í hagkerfinu langt umfram kostnað við viðhald og styrkingu nauðsynlegra innviða. Þarna eru varaflugvellir ekki undanskildir.

Tekjuöflun, álagsstýring og langtímamarkmið geta farið saman

Það eru hins vegar til aðrar leiðir færar til tekjuöflunar af ferðaþjónustu, án þess að ofbjóða ferðamönnum með háu verðlagi. Það er til að mynda vel þekkt á öðrum áfangastöðum að greitt sé fyrir afnot af bílastæðum og aðgang að ferðamannastöðum. Hægt væri að nýta slíkar leiðir til þess að bæði fá viðbótartekjur og stýra álagi, bæði á milli landshluta og árstíða.

Þarna væri jafnframt um að ræða gjöld sem ferðamenn sætta sig vel við að borga enda í samræmi við það sem þekkist annars staðar. Þau væru því ekki letjandi á sama hátt og mun hærra verðlag en á öðrum áfangastöðum sem ekki verður réttlætt með auknum gæðum. Icelandair er tilbúið til samráðs við stjórnvöld um frekari útfærslu á skynsamlegri gjaldtöku sem einnig gæti nýst sem álagsstýring. Greinin er mjög næm fyrir samkeppnishamlandi áhrifum og útfæra þarf gjaldtöku til langs tíma.

Til viðbótar leggst Icelandair gegn því að áfengis- og tóbaksgjald verði hækkað í tollfrjálsum verslunum, en samkvæmt frumvarpinu stendur til að áfengisgjald sem lagt er á söluna fari úr 10% í 25% og tóbaksgjald úr 40% í 50%. Þarna er um að ræða söluvörur sem eru mikilvægar fyrir tekjuöflun á Keflavíkurflugvelli enda þekkt að mikil sala er á áfengi og tóbaki í komuverslun fríhafnarinnar.

Afleiðing þessara hækkana er ósamkeppnishæft verðlag og því líklegt að salan muni færast í auknum mæli yfir til fríhafnar á brottfararflugvelli. Þessi tekjuskerðing hjá Isavia mun fyrirsjáanlega leiða til þess að hækka þurfi flugtengdar tekjur (sem myndi leggjast á farþega

með tilheyrandi neikvæðum áhrifum á flugrekendur), draga úr þjónustu eða fresta framtíðaruppbyggingu á Keflavíkurflugvelli. Þá mun hækkun á gjöldum í fríhöfninni fela í sér meiri flutning tollfrjáls varnings í farþegarými til Íslands sem er mjög neikvæð þróun. Þetta mun í fyrsta lagi auka þyngd flugvéla og kolefnisspor og í öðru lagi auka umfang handfarangurs sem nú þegar skapar vandamál.

Síðasta sumar var tveggja ára ferðaþörf að leysast úr læðingi og margir höfðu safnað upp ferðasjóðum á tíma Covid-19 faraldursins. Þetta verður ekki staðan á næsta ári enda hafa ferðasjóðir verið tæmdir og verðbólga mikil á öllum mörkuðum. Það væri því vænlegra fyrir ríkissjóðs að lækka frekar gjöld sem snúa að ferðamönnum og auka þar með eftirspurn eftir ferðalögum til Íslands.

Í ljósi alls ofangreinds telur Icelandair að hækkanir á þeim gjöldum sem um ræðir muni ekki skila sér í auknum tekjum til ríkissjóðs enda eru hækkanirnar til þess fallnar að draga úr eftirspurn. Þær munu hafa neikvæð áhrif til langs tíma.

Loftbrú

Icelandair fagnar því að lagt sé til að auka framlag til Loftbrúar um 350 milljónir króna á árinu 2023 sem niðurgreiðir ferðir fyrir íbúa með lögheimili fjarri höfuðborgarsvæðinu. Loftbrúin hefur stuðlað að auknu aðgengi að innanlandsflugi fyrir fólk á landsbyggðinni og þar með aukið eftirspurn eftir þjónustunni.

Icelandair mun gera það sem í valdi félagsins stendur til þess að bæta þjónustuna fyrir þennan viðskiptamannahóp og koma til móts við þarfir farþega. Félagið tekur það hlutverk sitt alvarlega; að tengja saman höfuðborgarsvæðið og landsbyggðina með flugsamgöngum og mun ekki láta sitt eftir liggja til að tryggja að Loftbrúin nýtist sem allra best fyrir landsmenn fjarri höfuðborgarsvæðinu.

Samantekt


Samandregið eru athugasemdir Icelandair við frumvarpið eftirfarandi:

- Hugmyndum um álagningu varaflugvallagjalds er mótmælt enda felur gjaldtakan í sér mismunun á milli flugrekenda sem fljúga með tengifarþega yfir Norður-Atlantshafið út frá því hvort flogið sé með viðkomu á Íslandi eða ekki. Gjaldið dregur úr samkeppnishæfni ferðaþjónustunnar.
- Eðlilegt er að hluti þeirra skatttekna, sem rekja má til flug- og ferðaþjónustufyrirtækja undanfarin ár, verði notaðar í þeim tilgangi að styrkja innviði ferðaþjónustunnar, til að mynda hvað varðar uppbyggingu á Keflavíkurflugvelli sem og uppbyggingu varaflugvalla.

- Lagt er til að horfið verði frá áformum um hækkun áfengisgjalds, tóbaksgjalds og eldsneytisgjalds sem og áformum um hækkanir á áfengis- og tóbaksgjaldi í tollfrjálsum verslunum.
- Gjaldtaka gagnvart ferðamönnum ætti að nýtast allt í senn til tekjuöflunar, álagsstýringar og dreifingar þeirra landið um kring.

Icelandair leggur til að tekið verði tillit til fyrrgreindra athugasemda við þinglega meðferð frumvarpsins og lýsir sig reiðubúið til samráðs.

Virðingarfyllst,
f.h. Icelandair ehf.



Bogi Nils Bogason
Forstjóri

Alþingi við Austurvöll
Fjárlaganefnd Alþings
nefndasvid@althingi.is
150 Reykjavík

Hafnarfirði 7. október 2023

Vísað er til frumvarps til fjárlaga Þskj. 1 á 153 þingi. Í frumvarpinu kemur fram að „tekjur af nýju varaflugvallargjaldi eru áætlaðar 1,4 ma. kr." jafnframt er vísað til lagafrumvarps sem áformað er að leggja fram á haustþinginu þar sem nánari útfærsla á varaflugvallagjaldi verður kynnt. En ekki kemur fram í frumvarpinu í hvað þessum tekjum verði ráðstafað, og ekki er að sjá að útgjöld til flugvalla séu að aukast í takt við þessar nýju tekjur. Isavia ohf. óskar eftir að koma að eftirfarandi ábendingum við þessi áform í frumvarpsdrögunum.

Keflavíkurflugvöllur er og hefur verið rekinn að fullu með gjaldtöku af notendum (flugrekendum) og öðrum tekjum af óflugtengdri starfsemi frá árinu 2011, í kjölfar lagabreytinga frá Alþingi m.a. vegna innleiðingar á tilskipun Evrópusambandsins um gjaldtöku flugvalla og vegna ábendinga Alþjóðagjaldeyrissjóðsins sem gerði athugasemdir við skattheimtuna. Frá þeim tíma hefur flugvöllurinn verið rekinn á markaðsforsendum og í samkeppni við aðra flugvelli á EES svæðinu.

Félagið bendir á að Eftirlitsstofnun EFTA, ESA hefur áður gert ríkið afturreka með skattlagningu vegna varaflugvallargjalds.

Rétt að rifja upp að tekjuöflun flugvalla byggja annars vegar á flugtengdum tekjum sem eru kostnaðartengdar og hins vegar óflugtengdum tekjum sem er ekki settar séstakar skorður. Með hækkandi rekstrarkostnaði flugvallar hefur það verið helsta markmið flugvalla að auka óflugtendartekjur, m.a. til að lækka eða koma í veg fyrir hækkun gjaldskrár og með því auka samkeppnishæfni flugvallarins, efla flugtengingar og fjölga flugrekendum sem hingað koma. Þessi áhrif á gjaldskránna er nú metin til lækkunar um 500 mkr. á ári. Rannsóknir sýna að 10% aukning flugtenginga til og frá landinu auka hagvöxt til framtíðar um 0,5%.

Fjöldi flugrekenda hefur að mestu haldist óbreyttur m.a. vegna hófsamrar gjaldtöku og hvatakerfis flugvallarins. Félagið telur óheppilegt og óráðlegt að á sama tíma séu lagðar fram óútfærðar hugmyndir um skattlagningu sem líklegar er til að hafa neikvæð áhrif á ferðamennsku til landsins auk þess sem viðsjár eru í efnahagsumhverfi heimsins sem munu líklega auka þau áhrif á enn frekar.

Félagið óskar eftir að koma á fund fjárlaganefndar til þess að skýra nánar efni umsagnarinnar.

Fh. Isavia ohf.

Karl Alvarsson
Yfirlögfræðingur

Styrkbeiðni ÍBV til fjárlaganefndar

ÍBV-íþróttafélag óskar eftir sérstöku fjárframlagi í fjáraukalögum vegna gríðarlegs tekjubrests af hátíðarhaldi árin 2020 og 2021.

Líkt og áður hefur komið fram fjármagnar ÍBV starfsemi sína að mestu leyti með afkomu Þjóðhátíðar í Vestmannaeyjum. Tekjur hennar skila sér til barna- og unglingastarfsins hjá félaginu og er hátiðin því grunn forsenda fyrir öllu barna- og unglingastarfi hjá félaginu. Sökum áhrifa af Covid-19 heimsfaraldrinum og samkomutakmarkanna ríkisstjórnarinnar hefur aðalstjórn félagsins orðið af um 230 milljónum króna og deildir félagsins það er að segja afreksstarfið séð af öðrum 75 milljónum króna vegna aðgerðanna. Heildartap félagsins vegna þessa er því rúmlega 300 milljónir króna.

Voru grunnurinn af pottinum en fengu lítið
Íþróttasamband Íslands (ÍSÍ) tók saman heildartap íþróttafélaga árið 2020 í tengslum við Covid-19 faraldurinn og var hlutdeild ÍBV í heildartapi veruleg og umfram tap annarra félaga í hreyfingunni. Í kjölfar samantektarinnar fékk ÍSÍ fjármuni úr opinberum sjóðum til að úthluta til íþróttafélaga. Úthlutun ÍSÍ fór fram í þremur áföngum og var ýmist úthlutað á grundvelli almennra aðgerða eða sértækra aðgerða. Til grundvallar úthlutunar fyrir almennar aðgerðir var miðað við fjölda iðkennda hjá félögum ásamt fjölda deilda, en sértæk úthlutun byggði á því tekjutapi sem íþróttafélög höfðu orðið fyrir vegna atburða sem fella þurfti niður á tímabilinu 1. mars – 30. júní 2020. Hlutdeild ÍBV íþróttafélags í þessum úthlutunum nam einungis kr. 5.826.312 og má færa verulega sterk rök fyrir því að úthlutun frá ÍSÍ hafi því ekki tekið mið af raunverulegu tapi íþróttafélaga. Eins og sjá má í fylgiskjali (sjá fylgiskjal 100 – Samantekt á úrræðum stjórnvalda vegna Covid) hér meðfylgjandi var það mat aðalstjórnar ÍBV að tjón félagsins vegna áhrifa af Covid-19 og tilheyrandi samkomutakmarkanna hafi að lágmarki numið um 115 milljónum króna árið 2020.

Það var, og er, forsvarmönnum ÍBV mikil vonbrigði að þeir styrkir sem úthlutað var vegna tekjumissis í sértækri úthlutun á vegum ÍSÍ náðu einungis til viðburða sem áttu að fara fram á tímabilinu 1. mars til 1. júní 2020. Í samtölum ÍBV við ÍSÍ hafði komið fram að vænta mætti frekari sértækra úthlutanna vegna viðburða sem fara hefðu átt fram eftir 1. júní 2020 síðar. Svo varð ekki og ljóst er að skipt var um kúrs og farið aftur yfir í almenna úthlutun, sem byggði á fjölda iðkennda og deilda innan íþróttafélaga. Þessi ákvörðun varð því til þess að einhver íþróttafélög fengu verulegan fjárhagslegan ábata eins og lesa má í ársreikningum þeirra á meðan félög sem urðu fyrir fjárhagstjóni líkt og ÍBV þurftu að bera sitt tjón sjálf. Tjón ÍBV vegna þjóðhátíðarbrests árið 2020 stendur enn og er meðal þeirra verkefna sem ÍBV er að vinna úr í dag.

Snýst um meira en ÍBV
Af þeim sökum sem hér að ofan hefur verið farið yfir hafa innviðir hátíðarinnar þurft að bíða og er margt komið að þolmörkum í umgjörð hátíðarinnar sem hefur þurft og þarf að óbreyttu að mæta afgangi á næstu árum vegna erfiðrar fjárhagsstöðu félagsins. Á tyllidögum viljum við sem samfélag bera okkur saman við norræn velferðarríki og því ánægulegt að segja frá ákvörðunum Danskra og Norskra stjórnvalda í stuðning sínum við útihátíðir í landinu. Þau ákváðu að halda tekjuflæði hátíðanna og ríflega það til að þær gætu haldið

áfram að fjárfesta í innviðum sínum, enda menningarlega mikilvægar stofnanir. Sjá frétt á vef Ekstrabladet: (https://ekstrabladet.dk/musik/dkmusiknyt/staten-giver-roskilde-vildt-millionbeloeb/8600285)

Ríkisstjórn samþykkti úthlutun vegna Þjóðhátíðar
Við úrvinnslu fjáraukalaga fyrir árið 2021 berst fjárlaganefnd tillaga að styrk sem veita átti íþrótta- og æskulýðsfélögum vegna tekjumissis ýmissa viðburða árið 2021 sem fella þurfti niður með skömmum fyrirvara þegar samkomutakmarkanir tóku aftur gildi. Var þar vilji Ríkisstjórnarinnar að veita 60 milljónum króna í málefnið þar sem skilyrt er að amk 40 milljónir færu óskiptar til ÍBV. Fjárlaganefnd tók málið fyrir og mat stöðuna þannig, byggt á fyrirliggjandi gögnum, að hækka ætti framlagið í 100 milljónir króna og halda hlutföllunum um lágmarkshlut ÍBV óbreyttu eða 2/3. Ekkert var því til fyrirstöðu að ef ekkert annað félag myndi sækja í þennan sjóð á sömu forsendum og að ÍBV fengi þannig allan sjóðinn, enda höfðu aðgerðir stjórnvalda orðið til þess að félagið hafi orðið af 230 milljónum króna hið minnsta undanfarin tvö árin. (sjá nefndarálit 18.40
https://www.althingi.is/altext/152/s/0215.html)

Aðeins fengið hluta af styrknum
Eftir ótal símtöl og vandræðalega mikla eftirgrennslan kom loksins til þess að ráðuneytið greiddi félaginu úr umræddum sjóð. Í ítrekuðum fyrirspurnum um hvort önnur félög hefðu sótt í þennan sjóð á umræddum forsendum þeim sem koma fram í áðurnefndu nefndaráliti, hafði félagið fengið staðfest að svo væri ekki. Einnig hafði aðstoðarmaður ráðherra staðfest að félagið fengi 100 milljónir króna úr sjóðnum bæði í samtölum og í smáskilaboðum. Forsvarsmönnum félagsins brá því heldur betur þegar í ljós kom að einungis 40.000.000 kr bárust félaginu þann 22. apríl 2022 frá Mennta- og barnamálaráðuneytinu.

Alvarleg staða
Fyrirframinnheimtar tekjur vegna Þjóðhátíðar 2022 voru ríflega 100 milljónir króna í lok árs 2021 og því var ljóst að lítill afgangur yrði af hátíðinni í ár fyrir rekstur barna og unglingastarfs félagsins, en starfsemin reiðir sig á þessar tekjur til móts við æfingagjöld og styrki fyrirtækja.
Af þessum sökum er félagið í erfiðri fjárhagsstöðu um þessar mundir og á erfitt með að standa í skilum í sínum rekstri.

Að því sögðu óskar ÍBV-íþróttafélag eftir því að fjárlaganefnd taki málið sérstaklega fyrir og veiti félaginu viðbótarstyrk svo það geti haldið áfram að halda við innviðum Þjóðhátíðarinnar og náð endum saman. Forsvarsmenn og styrktaraðilar ÍBV horfa til þess að staðið verði við fyrri loforð gagnvart þeim styrk sem ákveðinn var við úrvinnslu fjáraukalaga fyrir árið 2021, en þar hafa einungis fengist greiddar 40 milljónir króna af þeim 100 milljónum króna sem félaginu hafði áður verið tilkynnt. Aðalstjórn ítrekar þó sitt fyrra mat á heildartjóni ÍBV íþróttafélags sökum covid-19 og samkomutakmarkanna Ríkisstórnarinnar, en það er vel yfir 300 milljónum króna í heildina.

Virðingarfyllst
fh. ÍBV íþróttafélags
Haraldur Pálsson, framkvæmdastjóri
Vestmannaeyjum 30. nóvember 2022.

ÍSAFJARÐARBÆR

Alþingi

Fjárlaganefnd

sent rafrænt á nefndasvið@althingi.is

Ísafjarðarbær, 20. október 2022

Efni: Umsögn um mál á 153. löggjafarþingi frumvarp til fjárlaga 2023, mál 1 og eftir því sem við á efni frumvarps til laga um breytingu á lögum vegna fjárlaga 2023, mál 2.

Á 500. fundi bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar var samþykkt neðangreind umsögn um 1. og 2. mál á 153. löggjafarþingi, um frumvarp til fjárlaga 2023.

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar tekur undir umsögn Vestfjarðastofu um frumvarp til fjárlaga og vill undirstrika sérstaklega að bæta þurfi samkeppnisstöðu Vestfjarða til jafns við aðra landshluta en það verður ekki gert nema með því að styrkja innviði fjórðungsins. Vestfirðir hafa setið eftir uppbyggingu innviða eins og samganga, orku og fjarskipta.

Mikil verðmætasköpun á sér stað á Vestfjörðum, t.a.m. í fiskeldi. Í lok árs 2021 voru tæp 28.000 tonnum af laxi slátrað að Vestfjörðum en það magn getur farið upp í 64.500 tonn þegar hámarkslífmassa verður náð. Þessi þunga umferð leggst ofan á veikt samgöngukerfi á Vestfjörðum með tilheyrandi sliti og slysahættu.

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar leggur mikla áherslu á að það fiskeldisgjald verður til vegna auðlindagjalda í fiskeldi renni til A hluta rekstur fiskeldissveitarfélaga til að þau geti staðið undir þeirri miklu uppbyggingu innviða sem er framundan að þeirra hálfu. Gríðarleg þörf er fyrir framkvæmdir á Vestfjörðum. Það er viðvarandi húsnæðisskortur, þörf á fráveituframkvæmdum, uppbyggingu hafna, skólamannvirkja og viðhald eigna sveitarfélaganna hefur setið á hakanum svo nokkur atriði séu nefnd. Þessi veigamiklu atriði standa í vegi fyrir framþróun vestfirsks samfélags. Þess vegna er það krafa fiskeldissveitarfélaganna að fiskeldisgjaldið renni til þeirra.

F.h. Ísafjarðarbæjar

Bryndís Ósk Jónsdóttir

sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs / bæjarritari

-

Umsókn um áframhaldandi stuðning við keppnismatreiðslu til að kynna íslenskt hráefni og þekkingu á alþjóðlegum vettvangi

Íslenska Bocuse d'Or Akademían
Kennitala 530407-1218
Netfang bocusedor@bocusedor.is
Sími 852-6757
Tengiliður Friðgeir Ingi Eiríksson, forseti

Klúbbur matreiðslumeistara
Kennitala 571091-1199
Netfang forseti@chef.is
Sími 892-8003
Tengiliður Þórir Erlingsson, forseti

Sótt er um endurnýjun á styrktarsamningi við Bocuse d'Or Akademíuna og Klúbb íslenskra matreiðslumeistara.

Forsaga
Árið 2020 og 2021 styrkti þáverandi sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra keppnismatreiðslu um20 milljónir kr. hvort ár. Styrkurinn fór til Klúbbs matreiðslumeistara og Bocuse d' Or Akademíunnar sem taka þátt í alþjóðlegum matreiðslukeppnum fyrir hönd Íslands. Styrkupphæðinni var skipt til helminga á milli styrkhafa. Markmiðið með styrknum var að efla íslenska keppnismatreiðslumenn til að kynna íslenskt hráefni á erlendri grundu, styrkja ímynd Íslands sem mataráfangastaðar og efla vöruþróun, nýsköpun og fagþekkingu í matvælagreinum.

Styrkurinn skipti miklu máli fyrir íslenska keppnismatreiðslu. Þegar samningurinn var undirritaður var aðstöðumunur þá þegar orðinn mjög mikill við helstu mótherja. Heimsfaraldur Covid-19 reyndist mikið áfall og var stuðningur ráðuneytisins einfaldlega forsenda þess að hægt var að halda áfram undirbúningi, keppni og samvinnu við lykilaðila í matvælageiranum þrátt fyrir mjög erfiðar aðstæður.

Stjórnvöld hafa markað skýra stefnu um að nýta tækifæri innlendrar matvælaframleiðslu til fulls. Í lok árs 2020 var ný matvælastefna Íslands til 2030 kynnt ásamt aðgerðaáætlun.

Framtíðarsýnin er að:
- Orðspor íslenskrar matvælaframleiðslu sé gott og einkennist af hreinleika þar sem gæði og öryggi eru í fyrirrúmi.
- Heilsa, nýsköpun og tækni séu lykilþættir í íslenskri matvælaframleiðslu.
- Náttúra, menning, saga og sjálfbærni geri Ísland að spennandi áfangastað fyrir matarunnendur.
- Aðgengi íslenskra neytenda að upplýsingum sé gott, þeir séu meðvitaðir um umhverfisáhrif framleiðslunnar, gæði hennar og næringu og þekki rétt sinn sem neytendur.
- Sjálfbær neyslu- og framleiðslumynstur séu tryggð í samræmi við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

Í aðgerðaáætlun til að uppfylla þessa framtíðarsýn segir að áframhaldandi stuðningur verði tryggður við fagfólk í matvælatengdum greinum til að kynna íslenskt hráefni og þekkingu á alþjóðlegum vettvangi. Það muni efla matarmenningu, auka vöruþróun innanlands og eftirspurn eftir íslensku hráefni erlendis.
Markmið næstu tveggja ára

Því er sótt um endurnýjun á styrktarsamning við Bocuse d'Or Akademíuna og Klúbb matreiðslumeistara að upphæð 20 m.kr. Styrkurinn verður nýttur á eftirfarandi máta:

- **Ætíð keppandi á verðlaunapalli í mikilvægustu matreiðslukeppnum heims.** Á næstu tveimur árum verða haldnar matreiðslukeppnir á nýjan leik og hyggjast íslenskir matreiðslumenn taka fullan þátt. Meginmarkmið Klúbbs matreiðslumeistara og Bocuse d´Or Akademíunnar er að eiga ætíð keppanda á verðlaunapalli í mikilvægustu matreiðslukeppnum heims.

- **Auka gæði í keppnisstarfi.** Við viljum tryggja aukin gæði í keppnisstarfinu, allt frá boði um þátttöku, vali á keppendum, keppnisreglum, þjálfun dómara, þjálfun og starfsþróun keppenda og liða og tryggja traust framkvæmd keppnanna.

- **Skýrari framgang þátttakanda í keppnismatreiðslu.** Við viljum skerpa á framgangi keppnismatreiðslumanna; frá nemakeppnum yfir keppnir fyrir kokka ársins og Bocuse d'Or. Samþætta þarf það við liðakeppnirnar auk þess að þróa sí- og endurmenntun fyrir starfandi matreiðslumenn í samvinnu við aðra hagaðila. Koma þarf í veg fyrir kulnun úrvals matreiðslumanna þegar þeir hætta keppni.

- **Auka jafnrétti.** Hugað verður að jafnrétti innan greinarinnar. Konur hafa verið í miklum minnihluta matreiðslumanna og keppenda og enn hefur kona ekki unnið t.d. Kokkur ársins eða verið valin fulltrúi Íslands frá Bocuse d'Or. Langur vinnutími og mikil helgar- og kvöldvinna gerir samþættingu vinnu og fjölskyldulífs erfiða og eykur einnig líkur á að matreiðslumenn hætti í veitingageiranum og leiti í önnur störf. Leitað verður ráðgjafar um hvernig megi fjölga konum í hópi keppnismatreiðslumanna og stuðla að auknu jafnrétti innan greinarinnar.

- **Draga úr matarsóun.** Þriðjungur þess matar sem framleiddur er á heimsvísu er sóað samkvæmt Matvælastofnun Sameinuðu þjóðanna (FAO). Talið er að 17% af mat á heimilum, á matsölustöðum og í matvöruverslunum sé fleygt og 8-10% af hnattrænni losun loftslagstegunda megi rekja til matarsóunar. Sífellt aukin áhersla hefur verið á að matreiðslumenn hugi að því að nýta matvæli sem best bæði í keppni og á matsölustöðum. Betri nýting á matvælum til að draga úr matarsóun verður áherslumál bæði í innlendum og erlendum keppnum og þjálfun matreiðslumanna.

- **Kanna möguleika á að sameina alla keppnismatreiðslu á Íslandi undir einn hatt.** Þegar skipulag þeirra félaga sem halda utan um keppnismatreiðslu í nágrannalöndunum er skoðað eru það helst Svíar sem eru með svipað fyrirkomulag og Íslendingar. Í Svíþjóð er það Gastronomi Sverige sem heldur

utan um þátttöku Svía í Bocuse d'Or[1] og Årets kock AB sem heldur utan um keppnina kokkur ársins og kokkanemi ársins í Svíþjóð. [2] Í Noregi og Danmörku eru sömu aðilar sem standa að keppnunum kokkur ársins og þátttöku í Bocuse d'Or. Þannig er það Stiftelsen Norsk Gastronomi, áður Stiftelse Bocuse d'Or Norge sem skipuleggur og heldur utan um keppnina Årets kokk og þátttöku í Bocuse d'Or í Noregi. [3] Danir hafa gengið lengst í samþættingu hinna ólíku stiga keppnismatreiðslu. Horesta, samtök í ferða- og veitingaþjónustu halda utan um nemakeppnir, keppnina Årets kok og þátttöku Dana í Bocuse d'Or[4] og stefna Danir að því að ganga enn lengra. Klúbbur matreiðslumeistara og Bocuse d'Or Akademían vilja því kanna möguleikann á að sameina alla keppnismatreiðslu í eitt félag til að efla starfsemi félaganna enn frekar.

Mælikvarðar um árangur

1. Ísland verði á verðlaunapalli í lokakeppni Bocuse d'Or í Lyon janúar 2023.
2. Ísland verði á verðlaunapalli í heimsmeistarakeppninni í matreiðslu í Lúxemburg 2022.
3. Ísland verði á verðlaunapalli í Ólympíukeppninni í matreiðslu í Stuttgart 2024.
4. Farið verður í sérstakt átak til að hvetja konur til að taka þátt í matreiðslukeppnum. Settar verða reglur um kynjahlutfall í kokkalandsliðinu.
5. Settar verða reglur til að draga úr matarsóun og nýta hráefni betur hjá keppnismatreiðslumönnum.
6. Að íslenskt hráefni verði nýtt með markvissum hætti í undirbúningi.
7. Fyrir liggi drög að samþykktum fyrir nýtt sameiginlegt félag keppnismatreiðslumanna ásamt viðskiptaáætlun.

Fyrir hönd Bocuse d' Or Akademíunnar og Klúbbs matreiðslumeistara

[1] https://gastronomisverige.se/
[2] https://aretskock.se/omaretskock/
[3] https://bocusedornorge.no/
[4] https://www.horesta.dk/vores-branche/konkurrencer/

Um Bocuse d'Or Akademíuna og Klúbb matreiðslumeistara

Bocuse d'Or Akademían

Íslenska Bocuse d'Or Akademían heldur utan um þátttöku Íslands í Bocuse d'Or keppninni frá 1999. Bocuse d'Or er virtasta matreiðslukeppni heims og er hún haldin annað hvert ár frá 1987 í Lyon, Frakklandi. Samhliða er vörusýningin Sirha haldin í Lyon. Haldnar eru forkeppnir í hverri heimsálfu og í forkeppnunum er lögð áhersla á hráefni frá viðkomandi landi. Í lokakeppninni er fyrirfram ákveðið hráefni í forrétt og aðalrétt og hefur íslenskur skötuselur einu sinni verið valið sem aðalhráefni. Annað hráefni velja keppendur.

Árið 2020 hafði Sigurður Laufdal, yfirkokkur á Grillinu á Hótel Sögu verið valinn til að taka þátt. Þjálfari hans var Viktor Örn Andrésson og aðstoðarmenn Gabríel Bjarnason og Sigþór Kristinsson. Sigurður var að taka þátt í keppninni í annað sinn en hann hafnaði í 8. sæti í lokakeppninni árið 2013 og var kokkur ársins 2011.

Keppninni var ítrekað frestað vegna Covid-19. Forkeppnin Bocuse d'Or Evrópa var að lokum haldin í Tallinn, Eistlandi í október 2020 og lokakeppnin í Lyon, Frakklandi í október 2021. Hafnaði Sigurður í 4. sæti á eftir Frökkum, Dönum og Norðmönnum í lokakeppninni, sem er þriðji besti árangur Íslands frá upphafi. Munaði örfáum stigum á milli Íslands og Noregs.

Sigurjón Bragi Geirsson, kokkur ársins 2019 hefur verið valinn næsti keppandi Bocuse d´Or og hefur hann þegar tryggt sér sæti í lokakeppninni í Lyon í janúar 2023.

Klúbbur matreiðslumeistara

Klúbbur matreiðslumeistara var stofnaður 1972 og er markmið hans að efla faglegan metnað matreiðslumanna, auka víðsýni um fagleg málefni og stuðla að gagnrýnni umræðu um matarmenningu. Klúbburinn sinnir fjölbreyttum verkefnum en rekstur keppnisliða í matreiðslu er einn stærsti hluti af starfsemi klúbbsins. Helstu verkefni sem klúbburinn stendur að eru:

Liðakeppnir

- **Ólympíuleikar í matreiðslu (e. The International Exhibition of Culinary Arts / þ. Internationale Kochkunst Ausstellung (IKA))[5].** Keppnin er haldin fjórða hvert ár og keppa fjölmenn lið matreiðslumanna fyrir hönd sinna landa í fjölmörgum greinum. Árið 2020 var keppnin haldin í 25. skipti og þá í Stuttgart, Þýskalandi. Íslenska kokkalandsliðið vann gull í báðum

[5] https://www.olympiade-der-koeche.com/en/

sínum keppnisgreinum og hafnaði í 3. sæti í heildarstigagjöf. Næsta keppni verður 2024 og verður haldin samhliða vörusýningunni Intergastra.

- **Heimsmeistarakeppni í matreiðslu (e. Villeroy&Boch Culinary World Cup[6]).** Keppnin er haldin annað hvert ár á vegum Vatel klúbbs matreiðslumeistara í Luxembourg og er næsta keppni í nóvember 2022. Keppnisfyrirkomulagið er með sambærilegum hætti og á ólympíuleikunum og er haldin samhliða vörusýningunni Expogast. Stefnt er að því að senda tvö lið, bæði íslenska kokkalandsliðið og ungkokkalandsliðið.

Einstaklingskeppnir

- **Kokkur ársins.** Keppnin um matreiðslumann ársins fer fram árlega og er hápunktur starfsemi klúbbsins. Áhersla er á stað- og árstíðabundin hráefni og fullnýtingu þess. Í ár vann Rúnar Pierre Heriveaux en síðast var keppnin haldin 2019 þegar Sigurjón Geir Bragason vann. Vinningshafinn keppir m.a. á Norðurlandamóti matreiðslumanna (Nordic chef of the year).
- **Norðurlandameistaramót í matreiðslu og framreiðslu (e. Nordic chef/Nordic junior chef/Nordic waiter/Nordic Green chef).** Keppnin er haldin á vegum samtaka norrænna matreiðslumeistara[7] og er einstaklingskeppni í matreiðslu. Í byrjun ársins 2022 kepptu matreiðslumennirnir Sindri Guðbrandur Sigurðsson, Gabríel Kristinn Bjarnason, Sveinn Steinsson og Aþena Þöll í Norðurlandakeppni í matreiðslu og framreiðslu í Herning, Danmörku. Gabríel Kristinn hafnaði í 1. sæti í Nordic young chef, Sindri Guðbrandur hafnaði í 2. sæti í Nordic chef og Sveinn og Aþena Þöll í 2. sæti í Nordic Green í keppninni.
- **Global chef challenge.** Global chef challenge er haldin annað hvert ár á vegum World Chefs Association, en var frestað árið 2020. Næsta keppni verður haldin í Abu Dhabi sumarið 2022 og samhliða er haldin ráðstefnan og vörusýningin World Chefs. Tuttugu þjóðir eiga keppnisrétt og eru valdar inn í keppninni á grunni árangurs í heimsmeistarakeppninni. Sigurjón Geir Bragason tekur þátt fyrir hönd Íslands.[8]

[6] https://www.vatel.lu/
[7] https://nordicchefs.com/
[8] https://www.globalchefschallenge.org/Home

Reykjavík, 4. október 2022

Samantekt vegna skerðingar sóknargjalda 2009 - 2023.

I. Forsaga málsins.

Um innheimtu og skil sóknargjalda er mælt fyrir um í lögum um sóknargjöld o.fl. nr. 91/1987. Ríkissjóður skal, skv. 2. gr. laganna *„**skila** 15. hvers mánaðar, af óskiptum tekjuskatti, fjárhæð er rennur til þjóðkirkjusafnaða...“* Síðan eru ákvæði um fjárhæð sóknargjalds og árlega uppfærslu hennar. Þjóðkirkjan telur að lögin mæli fyrir um innheimtuþjónustu ríkisins fyrir þjóðkirkjuna og önnur skráð trú- og lífsskoðunarfélög. en að ekki sé um að ræða einhliða ákvörðun í fjárlögum um árlega fjárhæð gjaldsins eins og framkvæmdin hefur verið sl. 14 ár.

Niðurskurður sóknargjalda hófst árið 2009. Síðan þá hefur hann verið viðvarandi. Skerðingin hefur almennt aukist ár frá ári. Einungis liðlega helmingi sóknargjalda verður skilað til safnaðanna á næsta ári m.v. fyrirliggjandi fjárlagafrumvarp, eða um 52% af því sem ætti að vera. Sjá línurit í meðfylgjandi skjölum.

Þær afleiðingar sem þessi niðurskurður hafði á starf sókna og eignaumsýslu leiddi til þess að strax árið 2011 var farið var í vinnu við að greina vandann og leggja fram tillögur til úrbóta. Skilað var áfangaskýrslu haustið 2011 og lokaskýrslu vorið 2012. Þá skipaði þáverandi innanríkisráðherra starfshóp í lok árs 2013 til „að leggja drög að endurskoðun á fyrirkomulagi á fjárhagslegum samskiptum ríkisins og þjóðkirkjunnar og safnaða hennar hvað sóknargjöld varðar, sbr. lög nr. 91/1987.“ Starfshópur þessi „um fjárhagsleg málefni þjóðkirkjunnar og safnaða hennar – greinargerð og tillögur“ skilaði ráðherra niðurstöðu sinni vorið 2014, auk þar til greindra fylgiskjala. Síðan þá hafa liðið rúmlega átta ár án þess að skerðingar hafi fengist leiðréttar.

II. Tölulegar upplýsingar.

Í fjárlagafrumvarpi 2023 er lögð til u.þ.b. 5% lækkun sóknargjaldsins í u.þ.b. 10% verðbólgu og að krónutalan verði þar með nokkru lægri en var árið 2021.

Samkvæmt tilvitnuðum lögum ætti gjaldið að vera u.þ.b. 2.010 kr. á næsta ári eða u.þ.b. 47,7% hærra en nú er lagt til. Það vantar m.ö.o. u.þ.b. 960 kr. á mánuði.

Skv. fjárhagsforsendum fjárlagafrumvarpsins fyrir árið 2023 ætti heildarframlag til sóknargjalda að vera kr. 3.275.100.000 miðað við óbreyttar forsendur frá fyrra ári. Skv. þessu ætti uppfærð tala sóknargjaldsins pr. gjaldanda á næsta ári því að verða u.þ.b. 1.175 kr. á mánuði.

Frá þessu framlagi er hins vegar dregin aðhaldskrafa upp á 42 milljónir kr. eða u.þ.b. 15 kr. pr. gjaldanda á mánuði.

Einnig er dregin frá svokölluð "tímabundin" hækkun frá því í fyrra upp á 272,4 milljónir kr. eða u.þ.b. 100 kr. á mánuði pr. gjaldanda.

Eftir þennan niðurskurð er heildar framlagið í frumvarpinu því kr. 2.960.700.000 og er sóknargjaldið þá komið í u.þ.b. 1.060 kr. pr. gjaldanda á mánuði.

Til samanburðar þá var sóknargjaldið 975 kr. pr. gjaldanda á mánuði árið 2020, 1080 kr. árið 2021 og 1107 kr. árið 2022.

Í meðfylgjandi skjölum eru tvær töflur með línuritum um þróun sóknargjaldsins frá árinu 2008 miðað við að mánaðarlegt gjald verði pr. gjaldanda á næsta ári annars vegar 1060 kr. og hins vegar 1052 kr.

III. Fjárhagsleg staða safnaðanna í dag.

Ekki hefur verið ráðrúm til að taka saman lykiltölur úr rekstri sókna undanfarin ár. Hvað varðar spurninguna um hve margar kirkjur ná ekki endum saman þá er það mat formanns úthlutunarnefndar Jöfnunarsjóðs sókna sr. Gísla Jónassonar, fyrrv. prófasts og formanns fjárhagsnefndar kirkjuþings á kjörtímabilinu 2018 – 2022, byggt á umsóknum í Jöfnunarsjóðinn, að það séu a.m.k. 30 söfnuðir sem geta talist vera ógjaldfærir sakir skertra sóknargjalda og mætti þá segja að þeir væru tæknilega gjaldþrota. Tilfinningin er sú að miklu fleiri söfnuðir séu í fjárhagsvanda en að einhverju leyti sé vandanum ýtt á undan með því að draga úr þjónustu og starfi og fresta viðhaldi fasteigna. Jöfnunarsjóður hefur í ákveðnum tilvikum haldið safnaðarstarfi á lífi með árlegum styrkjum en það er ekki hlutverk sjóðsins til lengri tíma litið.

Það segir sig sjálft að enginn rekstur getur þolað tekjufall á bilinu 40 – 50% árum saman án þess að það hafi alvarleg áhrif. Því til viðbótar hefur verðbólga undanfarna mánuði og miklar vaxtahækkanir gert stöðuna enn verri.

Kirkjustjórnin hefur ekki heildstætt yfirlit yfir ástand fasteigna safnaðanna, kirkjubyggingar og safnaðarheimili.

Þjóðkirkjan mun skila umsögn til fjárlaganefndar um fjárlagafrumvarp 2023 vegna áforma um skerðingu sóknargjalda á næsta ári.

Fylgiskjöl

Skerðing sóknargjalda 2008 – 2023 tvö yfirlit frá sr. Gísla Jónassyni.

Skýrsla starfshóps frá árinu 2014 um fjárhagsleg málefni þjóðkirkjunnar og safnaða hennar – greinargerð og tillögur.

Guðmundur Þór Guðmundsson
Lögfræðingur kirkjuþings

LANDSPÍTALI

Fjárlaganefnd
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík, 6. október 2022
Tilv. 40.13 / 6.2

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um fjárlög 2022, 1. mál, vegna leyfisskyldra lyfja

Árið 2019 fól heilbrigðisráðherra Landspítala fjárhagslega ábyrgð á fjárlagalið 08-212-110, Leyfisskyld lyf. Landspítali sendir því inn sérstaka umsögn sem snýr að leyfisskyldum lyfjum (fjárlagalið 08-212-110).

Leyfisskyld lyf eru lyf sem eingöngu er heimilt að nota að undangengnu samþykki lyfjanefndar Landspítala. Þau eru jafnan kostnaðarsöm eða vandmeðfarin og krefjast sérfræðiþekkingar og aðkomu heilbrigðisstarfsfólks hvort heldur er vegna gjafar, eftirlits með sjúklingi eða eftirlits með notkun lyfs sbr. 7. tl. 3. gr lyfjalaga nr. 100/2020.

Undir fjárlagalið leyfisskyldra lyfja fellur kostnaður vegna slíkra lyfja sem notuð eru á Landspítala eða á öðrum heilbrigðisstofnunum og sem afgreidd eru í lyfjaverslunum (afgreiðsluapóteki Landspítala og öðrum lyfjabúðum). Landspítali hefur þannig yfirumsjón með greiðslu kostnaðar vegna leyfisskyldra lyfja sem notuð eru um land allt.

Vaxandi kostnaður

Leyfisskyld lyf geta gjörbreytt lífslíkum og lífsgæðum sjúklinga. Þar sem lyfin eru yfirleitt flókin og dýr fer innleiðing þeirra fram í áföngum. Það tekur jafnan um þrjú ár fyrir kostnaðaráhrif af nýju lyfi að koma að fullu fram. Þannig munu lyf sem tekin voru í notkun 2021 og 2022 hafa áhrif til aukningar útgjalda á árinu 2023.

Frá því Landspítali tók við fjárhagslegri ábyrgð á leyfisskyldum lyfjum í upphafi árs 2019 hefur náðst að lækka kostnað umtalsvert með ýmsum hagræðingaverkefnum. Landspítali mun halda þeirri vinnu áfram og leitar stöðugt allra leiða í samvinnu við lækna og aðra sérfræðinga að hagræða innan málaflokksins. Nauðsynlegt er samt sem áður að gera ráð fyrir auknum lyfjakostnaði vegna nýrra kostnaðarsamra lyfja, nýrra meðferða með lyfjum sem þegar eru innleidd og vegna fólksfjölgunar og vaxandi fjölda aldraðra. Miklar framfarir hafa orðið í þróun lyfja til meðferðar við illvígum sjúkdómum og hefur það leitt til bættrar lifunar sjúklinga.

Samkvæmt drögum að áætlun fyrir leyfisskyld lyf sem unnin er miðað við sömu forsendur og áætlunin fyrir árið 2022 má áætla að heildarkostnaður leyfisskyldra lyfja verði 14.111,0 m.kr. á árinu 2023. Fjárveiting ársins 2023 skv. frumvarpi til fjárlaga er 11.950,6 m.kr. Því stefnir að óbreyttu í 2.160,4 m.kr. fjárvöntun á árinu 2023.

Landspítali bendir á að í fjárlagafrumvarpinu er aðeins gert ráð fyrir 2% raunvexti leyfisskyldra lyfja en vöxturinn hefur verið að meðaltali 10% á milli ára á síðastliðnum 5 árum. Í áætlun Landspítala er tekið mið af áætluðum vexti mannfjölda milli ára samkvæmt mannfjöldaspá Hagstofu Íslands, áætluðum vexti vegna nýrra lyfja og áætlaðri magnaukningu sem mæld er í skilgreindum dagsskömmtum ákveðinna lyfja og lyfjaflokka. Því er ekki raunhæft að miða við að raunvöxtur leyfisskyldra lyfja sé einungis 2% þegar aðrir þættir en grunnaukning mannfjölda hefur áhrif á kostnað og notkun leyfisskyldra lyfja.

Miðað við fjárlagafrumvarpið verður því ekkert svigrúm fyrir lyfjanefnd Landspítala að taka ný lyf í notkun á árinu 2023 og fjárveitingar munu vart nægja til að viðhalda í öllum tilvikum lyfjameðferð sem þegar er hafin.

Lokaorð

Samkvæmt áætlun Landspítala stefnir í 2.160,4 m.kr. fjárvöntun á árinu 2023. Landspítali ítrekar mikilvægi þess að nægilegt fjármagn sé veitt í þennan málaflokk til að geta greitt fyrir þau lyf sem nú þegar hafa verið innleidd og til að tryggja aðgengi landsmanna að nýjum lyfjum í takt við það sem þekkist í nágrannalöndum okkar.

Virðingarfyllst,

Runólfur Pálsson
forstjóri Landspítala

LANDSPÍTALI

Fjárlaganefnd
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík, 6. október 2022
Tilv. 40.13 / 6.2

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um fjárlög 2022, 1. mál, vegna leyfisskyldra lyfja

Árið 2019 fól heilbrigðisráðherra Landspítala fjárhagslega ábyrgð á fjárlagalið 08-212-110, Leyfisskyld lyf. Landspítali sendir því inn sérstaka umsögn sem snýr að leyfisskyldum lyfjum (fjárlagalið 08-212-110).

Leyfisskyld lyf eru lyf sem eingöngu er heimilt að nota að undangengnu samþykki lyfjanefndar Landspítala. Þau eru jafnan kostnaðarsöm eða vandmeðfarin og krefjast sérfræðiþekkingar og aðkomu heilbrigðisstarfsfólks hvort heldur er vegna gjafar, eftirlits með sjúklingi eða eftirlits með notkun lyfs sbr. 7. tl. 3. gr lyfjalaga nr. 100/2020.

Undir fjárlagalið leyfisskyldra lyfja fellur kostnaður vegna slíkra lyfja sem notuð eru á Landspítala eða á öðrum heilbrigðisstofnunum og sem afgreidd eru í lyfjaverslunum (afgreiðsluapóteki Landspítala og öðrum lyfjabúðum). Landspítali hefur þannig yfirumsjón með greiðslu kostnaðar vegna leyfisskyldra lyfja sem notuð eru um land allt.

Vaxandi kostnaður

Leyfisskyld lyf geta gjörbreytt lífslíkum og lífsgæðum sjúklinga. Þar sem lyfin eru yfirleitt flókin og dýr fer innleiðing þeirra fram í áföngum. Það tekur jafnan um þrjú ár fyrir kostnaðaráhrif af nýju lyfi að koma að fullu fram. Þannig munu lyf sem tekin voru í notkun 2021 og 2022 hafa áhrif til aukningar útgjalda á árinu 2023.

Frá því Landspítali tók við fjárhagslegri ábyrgð á leyfisskyldum lyfjum í upphafi árs 2019 hefur náðst að lækka kostnað umtalsvert með ýmsum hagræðingaverkefnum. Landspítali mun halda þeirri vinnu áfram og leitar stöðugt allra leiða í samvinnu við lækna og aðra sérfræðinga að hagræða innan málaflokksins. Nauðsynlegt er samt sem áður að gera ráð fyrir auknum lyfjakostnaði vegna nýrra kostnaðarsamra lyfja, nýrra meðferða með lyfjum sem þegar eru innleidd og vegna fólksfjölgunar og vaxandi fjölda aldraðra. Miklar framfarir hafa orðið í þróun lyfja til meðferðar við illvígum sjúkdómum og hefur það leitt til bættrar lifunar sjúklinga.

Samkvæmt drögum að áætlun fyrir leyfisskyld lyf sem unnin er miðað við sömu forsendur og áætlunin fyrir árið 2022 má áætla að heildarkostnaður leyfisskyldra lyfja verði 14.111,0 m.kr. á árinu 2023. Fjárveiting ársins 2023 skv. frumvarpi til fjárlaga er 11.950,6 m.kr. Því stefnir að óbreyttu í 2.160,4 m.kr. fjárvöntun á árinu 2023.

Landspítali bendir á að í fjárlagafrumvarpinu er aðeins gert ráð fyrir 2% raunvexti leyfisskyldra lyfja en vöxturinn hefur verið að meðaltali 10% á milli ára á síðastliðnum 5 árum. Í áætlun Landspítala er tekið mið af áætluðum vexti mannfjölda milli ára samkvæmt mannfjöldaspá Hagstofu Íslands, áætluðum vexti vegna nýrra lyfja og áætlaðri magnaukningu sem mæld er í skilgreindum dagsskömmtum ákveðinna lyfja og lyfjaflokka. Því er ekki raunhæft að miða við að raunvöxtur leyfisskyldra lyfja sé einungis 2% þegar aðrir þættir en grunnaukning mannfjölda hefur áhrif á kostnað og notkun leyfisskyldra lyfja.

Miðað við fjárlagafrumvarpið verður því ekkert svigrúm fyrir lyfjanefnd Landspítala að taka ný lyf í notkun á árinu 2023 og fjárveitingar munu vart nægja til að viðhalda í öllum tilvikum lyfjameðferð sem þegar er hafin.

Lokaorð

Samkvæmt áætlun Landspítala stefnir í 2.160,4 m.kr. fjárvöntun á árinu 2023. Landspítali ítrekar mikilvægi þess að nægilegt fjármagn sé veitt í þennan málaflokk til að geta greitt fyrir þau lyf sem nú þegar hafa verið innleidd og til að tryggja aðgengi landsmanna að nýjum lyfjum í takt við það sem þekkist í nágrannalöndum okkar.

Virðingarfyllst,

Runólfur Pálsson
forstjóri Landspítala


LANDSPÍTALI

Fjárlaganefnd
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík, 6. október 2022
Tilv. 40.13 / 2.10

Efni: Umsögn Landspítala um frumvarp til laga um fjárlög 2023. 1. mál.


Fjárveitingar til rekstrar Landspítala hækka um 3.461,5 m.kr. samkvæmt fylgiriti með frumvarpi til fjárlaga. Samkvæmt sundurliðun sem heilbrigðisráðuneytið hefur sent spítalanum má lýsa breyttum fjárveitingum frá fjárlögum yfirstandandi árs með eftirfarandi mynd:



Raunhækkun á fjárveitingum til spítalans er 1.266,1 m.kr. vegna raunvaxtar sem ætlað er að mæta lýðfræðilegum breytingum þ.e. fólksfjölgun og hækkandi meðalaldri og framþróun í meðferðarúrræðum ofl. Þessi fjárhæð jafngildir 1,4% af gjaldaheimild fyrra árs þ.e. 2022.

Þegar því fyrirkomulagi var komið á að reikna spítalanum slíkan raunvöxt var það gert eftir ítarlega úttekt á því hvernig eftirspurn eftir þjónustu, mæld í DRG-einingum, greind niður á aldurshópa eykst með vaxandi öldrun þjóðarinnar og fólksfjölgun. Í upphafi var þessi aukna þörf metin á um 1,8% á ári og var því miðað við að spítalinn fengi fjárveitingu sem næmi 1,8% af gjaldaheimild fyrra árs til að mæta raunvextinum. Nú hafa þessir útreikningar verið yfirfarnir og má ætla að fjárveitingar þyrftu að aukast um 2,2% til að mæta raunvextinum. Ef upprunalega viðmiðið þ.e. 1,8% lægi til grundallar fumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2023 væri upphæðin 1.586 m.kr. eða 320 m.kr. hærri en í frumvarpinu og ef endurmetna þörfin væri höfð til viðmiðunar væri upphæðin 1.938,1 m.kr. eða 620 m.kr. hærri en frumvarpið. Þess má líka geta að spítalinn fékk reiknaðan raunvöxt ekki bættan á yfirstandandi ári heldur fór sú fjárhæð til að mæta auknum útgjöldum við styttingu vinnuvikunnar í vaktavinnu.

Framlög til tækjakaupa hafa dregist saman undanfarin ár. Flest lækningatæki og annar búnaður er keyptur inn í evrum. Á meðfylgjandi myndum má sjá hvernig framlög á verðlagi hvers árs hafa þróast og einnig hvernig gengi evru gagnvart krónu hefur þróast á sama tíma:



Framlögin hafa því rýrnað verulega á liðnum árum. Í krónum talið um tæp 20% á sama tíma og gengi evru hefur hækkað um tæp 15%. Að auki hefur verið verðbólga í þeim löndum sem við kaupum tækin frá.

Frumvarp til fjárlaga og áskoranir Landspítala

Landspítali sem þjóðarsjúkrahús glímir við margar áskoranir í rekstri. Helstu áskoranirnar eru:

1. Erfiðleikar við að manna stöður
2. Að endurskipuleggja og byggja upp þjónustu spítalans í kjölfar COVID-19.
3. Að takast á við undirliggjandi rekstrarvanda

1. Erfiðleikar við mönnun

Erfiðlega hefur gengið að manna starfsemi spítalans og hefur það leitt til viðvarandi manneklu. Auk þess að vera of fátt er starfsfólk spítalans langþreytt eftir heimsfaraldur COVD-19. Afleiðingin er að álag á starfsfólk eykst sem aftur leiðir til þess að fleiri hugsa sér til hreyfings og erfiðar gengur að laða nýtt fólk til starfa við spítalann. Við þessar aðstæður á spítalinn í vandræðum með að halda úti almennri þjónustu og erfiðar gengur að vinna niður biðlista sem lengdust í faraldrinum.

Fjárhagsleg áhrif þessa eru tvíþætt. Annars vegar verður umtalsverður sparnaður á launalið spítalans. Meiri sparnaður verður á föstum launum en sem nemur viðbótarútgjöldum vegna breytilegrar yfirvinnu þrátt fyrir að yfirvinnan sé dýrasta form launagreiðslna þar sem ekki tekst að halda úti áætlaðri starfsemi. Hins vegar er hætt á að spítalinn geti ekki náð að veita þjónustu í samræmi við samning um framleiðslutengda fjármögnun sem leiðir til þess að fjárveitingar verið teknar af honum. Mikilvægt er að spítalinn geti snúið við þessari þróun og laðað til sín fólk til starfa og haldið í sitt góða starfsfólk. Lykilatriði í þeirri viðleitni eru samkeppnishæf launakjör og aðlaðandi starfsumhverfi.

2. Endurskipulagning og uppbygging í kjölfar COVID-19

Faraldurinn hefur haft ráðandi áhrif á spítalann nú í tæp þrjú ár. Í upphafi faraldursins var starfsemi spítalans endurskipulögð þannig að hægt væri að sinna COVID-19 sjúklingum. Dregið var úr annarri starfsemi spítalans og um tíma var valaðgerðum hætt að tilmælum landlæknis. Biðlistar hafa því lengst og margir bíða þjónustu. Þá hefur faraldurinn kallað á breytt verklag á mörgum sviðum, m.a. með aukinni áherslu á sýkingavarnir. Enn fremur hefur geta spítalans til að framkvæma vissar rannsóknir aukist með tilkomu nýrra tækja sem keypt voru til að greina COVID-19. Mikilvægt er að nýta þessa auknu getu til að auka öryggi sjúklinga. Slíkt kallar á aukin kaup á hvarfefnum og rekstarvöru sem veldur auknum útgjöldum. Loks hafa verklag og vinnuferlar verið endurskoðaðir m.a. með það að leiðarljósi að auka öryggi sjúklinga.

Nauðsynlegt er að spítalinn hafi fjárhagslega burði til að takast á við þessi verkefni þ.e. að stytta bið eftir þjónustu og að breyta verklagi til að auka öryggi sjúklinga. Að óbreyttu hefur hann það ekki.

3. Undirliggjandi rekstrarvandi

Landspítali glímir við langvarandi fjárhagsvanda. Spítalinn hefur löngum verið rekinn með halla og hefur mætt honum m.a. með því að hagræða í rekstri og reyna að aðlaga starfsemina að fjárveitingum. Síðustu ár hafa verið þung sem skýrist að hluta af heimsfaraldrinum sem hefur haft veruleg áhrif á starfsemi spítalans og því hefur ekki tekist að laga rekstur að fjárheimildum. Frá árinu 2018 hefur rekstarniðurstaðan verið eftirfarandi:

- 1.426 m.kr. halli árið 2018
- 2.381 m.kr. halli árið 2019
- 450 m.kr. halli árið 2020
- 2.675 m.kr. afgangur árið 2021

Helstu skýringar að baki rekstrarafgangs 2021 eru annars vegar tæplega tveggja milljarða framlag frá heilbrigðisráðuneytinu til að mæta eldri halla og svo erfiðleikar við að manna stöður á spítalanum. Þegar horft er framhjá þessum skýringum glímir Landspítali við undirliggjandi rekstrarvanda.

Í ár er gert ráð fyrir að spítalinn verði rekinn innan fjárveitinga en það er vegna undirmönnunar á spítalanum og einskiptis fjárveitingum sem leysa ekki undirliggjandi rekstarvanda spítalans.

Samandregið

Það er afar brýnt að fjárlagafrumvarpið taki á þeim áskorunum sem blasa við Landspítala og í raun heilbrigðiskerfinu öllu í lok heimsfaraldurs COVID-19. Frumvarpið verður að koma til móts við þá erfiðu stöðu sem að framan er rakin, þ.e. við mönnun starfa, við endurskipulagningu og upppbyggingu þjónustu spítalans eftir faraldurinn og viðureign við undirliggjandi rekstrarvanda.

Í samræmi við ákvæði 32. gr. laga um opinber fjármál skulu ríkisaðilar „…eftir að frumvarp til fjárlaga hefur verið lagt fram leggja fyrir hlutaðeigandi ráðherra áætlun um starfsemi sína fyrir komandi fjárlagaár þar sem rekstur er lagaður að fjárveitingum.“ Að óbreyttu þarf spítalinn að skerða þjónustu sína. Slík staða er auðvitað alvarleg.

Loks er það áhyggjuefni að framlög til tækjakaupa hafa lækkað á undanförnum árum.

Virðingarfyllst,

Runólfur Pálsson
forstjóri Landspítala

LEB
Landssamband eldri borgara

Reykjavík 6. október 2023

Efni: Umsögn LEB - Landssambands eldri borgara um frumvarp til laga um fjárlög 2023, 1. mál

Í 69. gr. Laga um almannatryggingar segir:

„Bætur almannatrygginga, svo og greiðslur skv. 63. gr. og fjárhæðir skv. 22. gr. skulu breytast árlega í samræmi við fjárlög hverju sinni. Ákvörðun þeirra skal taka mið af launþróun þó þannig að þær hækki aldrei minna en verðlag samkvæmt vísutölu neysluverðs."

LEB fagnar þeirri ákvörðun að ellilífeyri hafi verið endurmetinn á miðju ári 2022 og hækkaður til samræmis við verðlag og telur að það eigi að vera meginregla ekki síst ef um er að ræða mikil frávik forsendum fjárlaga.

Í fjárlögum fyrir árið 2022 voru bætur almannatrygginga hækkaðar um 3,8% og svo aftur um mitt ár 2022 um 3%. Í fjárlögum fyrir árið 2023 er gert ráð fyrir 0,6% hækkun til samræmis við spá um verðlagsbreytingar á árinu 2022.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir 7,5% verðlagsbreytingum en í mælingum Hagstofunar í september mælist verðbólga 9,3% og Seðlabanki Íslands spáir 8,8% verðbólgu vegna ársins 2022. Ekki liggur fyrir hver endanleg verðlagsbreyting verður og ljóst að bæði spár bankans og þeirri spá sem byggt er á í Fjárlagafrumvarpi vegna ársins 2023 eru of varfærnar. Þó er þegar ljóst að samkvæmt spá Seðlabankans mun kaupmáttur ellililífeyris á árinu 2022 vera undir lágmarksviðmiði 69.gr. laga um almannatryggingar. Neysluverðsvísitalan er nú þegar (m.v. mælingu í september 2022) 10,3% hærri en meðaltal ársins 2021. Allar líkur eru á að meðalvísitala ársins 2022 verði 8,1% hærri en meðaltalið 2021.

Frá 1. júní 2022 er ellilífeyri kr. 286.619 á mánuði og sé tekið tillit til boðaðrar 6% hækkunar í frumvarpinu vegna árins 2023 verður ellilífeyri sá sem tekur gildi frá og með 1. Janúar 2023 krónur 303.816 (sjá bls. 136-137 í Frumvarpi til fárlaga vegna ársins 2023).

Hefði ellilífeyri hækkað á tímabilinu 2018 - 2022 til sæmræmis við lágmarkslaun væri hann í dag 300,444 kr. og ef tekið hefði verið mið af launavísutölu 311.482 kr. Sé tekið mið af verðbólguþróun inniverandi árs og verðlagsforsendum fjárlagafrumvarps fyrir 2023 auk áætlunar um 0,6% kaupmáttaraukningu má ætla að ellilífeyrir þurfi að hækka í 325-330

þúsund krónur á mánuði svo kaupmáttur lífeyris haldist miðað við árið 2018. Sé horft til þróunar launavísitölu verða sambærileg tala á bilinu 340 til 345 þúsund krónur.

Af þessu má sjá að kaupmáttur ellilífeyris hefur ekki haldið í við almenna launaþróun á síðustu árum hvort sem horft er til lágsmarslauna eða launavísitölu.

LEB krefst þess að forsendur fyrir árið 2022 verði endurskoðaðar og tryggt verði að ellilífeyri hækki að lágmarki til samræmis við vísitölu neysluverðs samanber 69. gr. laga um almannatryggingar.

Í forsendum fyrir árið 2023 er gengið út frá 4,9% breytingu verðlags og hækkun ellilífeyris verði 6% og því gert ráð fyrir 0,5% kaupmáttaraukningu (0,6% leiðrétting vegna ársins 2022). Ekki liggur fyrir hver launaþróun verður og mikill óvissa er í efnahagsmálum. En sé tekið mið af þegar framkominni verðlagsþróun, auk þeirra varfærnu verðlagsspám sem fjárlagafrumvarp fyrir árið 2023 byggir á er ljóst að hækka þarf ellilífeyrir svo tugum þúsunda króna skiptir. Sé miðað við kaupmátt ellilífeyris frá því fyrir Covid er ljóst að nauðsynleg hækkun er á bilinu 20-40 þúsund krónur. Þá er miðað við sviðsmynd þar sem verðlagsstöðugleika er ekki ógnað í því kjarasamningsferli sem framundan er.

Það er miklvægt að fyrir liggi ákvörðun um að hækkanir á ellilífeyri vegna ársins 2023 verði endurskoðaðar þegar þróun verðlags og launa liggja fyrir eigi síðar 1. júlí það ár.

Sjá meðfylgjandi skýringatöflur:
Tafla 1: Þróun Neysluverðsvísitölunnar, mæld og áætluð
Tafla 2: Þróun lágmarkslauna, mælt og áætlað
Tafla 3: Þróun launavísitölu, mælt og áætlað
Þróun ellilífeyris, raunstærðir og áætlanir fyrir 1. Janúar 2023.

f. h. LEB – Landssamband eldri borgara

Helgi Pétursson formaður
Ármúli 6
108 Reykjavík

LEB
Landssamband eldri borgara

Verðbólguspá fjárlagafrumvarpsins og Seðlabankans

Taflan hér fyrir neðan sýnir verðlagsþróunina fyrstu 9 mánuði ársins 2022 á mælikvarða neysluverðsvísitölunnar. Síðan er áætlað hver þróun vísitölunar yrði ef hækkunin í hverjum mánaðanna október, nóvember og desember yrði í samræmi við mánaðarhækkunartaktinn í ágúst og september (var 0,3% í ágúst og 0,1% í september eða 0,2% að meðaltali).

Tafla 1: Þróun Neysluverðsvísitölunnar, mæld og áætluð

Mánuður	Tölugildi NVV
Meðaltal 2021	503,3
2022M01	517,9
2022M02	523,9
2022M03	528,8
2022M04	535,4
2022M05	539,5
2022M06	547,1
2022M07	553,5
2022M08	555,1
2022M09	555,6
m10 framreiknað	556,7
m11 framreiknað	557,8
m12 framreiknað	558,9
Meðaltal 2022	544,2
meðaltal 2023, skv fjárlagafrumvarpi	570,9
Meðaltal 2023 skv. Peningamálum	580,7
Hækkun meðaltals 2023 skv Fjárlagafrumvarpi frá meðaltali 2021	13,4%
Hækkun meðaltals 2023 skv Peningamálum frá meðaltali 2021	15,4%

Meðaltalsgildi NVV árið 2021 var 503,3. Hækkun NVV milli meðaltala áranna 2021 og 2022 er því samkvæmt þessari mælinug 8,1%.

Fjárlagafrumvarpið gerir ráð fyrir að NVV hækki um 4,9% milli meðaltals ársins 2022 og 2023. Samkvæmt því yrði Neysluverðsvísitalan árið 2023 570,9 stig.

Seðlabankinn (Peningamál 2022/3)gengur útfrá því að NVV hækki um 6,7% milli meðaltala áranna 2022 og 2023. Samkvæmt því yrði meðalvísitalan 580,7 árið 2023.

Hvað varðar laun er gert ráð fyrir 0,6% raunlaunaaukningu milli áranna 2022 og 2023. Hækkun lágmarkslauna milli áranna 2021 og 2022 verður 4,84%. Ef halda á sama kaupmætti og 2021 og bæta 0,6% við þýðir það að meðalgildið 2023 þarf að vera 8,8% hærra en meðalgildi ársins 2022 ([1,134*1,006]/1,0484–1) ef miðað er við verðbólguspá Fjárlagafrumvarpsins og 10,7% hærri ef

miðað er við verðbólguspá Seðlabankans ([1,154*1,006]/1,0484–1). Þó svo lágmarkslaun og launavísitala hreyfist yfirleitt ekki í takt er erfitt m.v. núverandi stöðu að spá annarri þróun fyrir launavísitöluna en fyrir lágmarkslaunin sé litið til samanburðar milli áranna 2022 og 2023.

Tafla 2: Þróun lágmarkslauna, mælt og áætlað

Ár	Upphæð
2018	293.333
2019	312.750
2020	330.500
2021	351.000
2022	368.000
2023, m.v. verðbólguspá Fjárlagafrumvarps og Óbreyttan kaupmátt frá 2021	400.384
2023, m.v. verðbólguspá Seðlabankans og óbreyttan Kaupmátt frá 2021	408.738

Tafla 2 sýnir hvernig lágmarkslaunin hafa þróast frá 2018 þar til í ár (2022). Þá er gerð tilraun til að meta hver þau verði miðað við markmið um að viðhalda kaupmætti lágmarkslaunanna eins og þau voru árið 2021. Miðað er við verðlagsþróun milli 2021 og 2021 og síðan er ýmist miðað við verðlagsspá Fjárlagafrumvarps (4,9% hækkun milli 2022 og 2023) eða verðlagsspá Peningamála 2022/3 (6,7% hækkun milli 2022 og 2023). Í báðum tilvikum er byggt á 0,6% kaupmáttaraukningu milli áranna 2022 og 2023. Vakin er athygli á að lágmarkslaunin þurfa að hækka um 9-11% að þessum forsendum gefnum.

Þróun launavísitölu mæld og áætluð

Tafla 3 sýnir þróun launavísitölunnar frá árinu 2018. Auk þess eru sýnd áætluð gildi vísitölunnar fyrir 2023 að gefnum forsendum Fjárlagafrumvarps annars vegar og Peningamála hinsvegar um verðþróun. Til viðbótar er reiknað með 0,6% kaupmáttaraukningu á milli áranna 2022 og 2023.

LEB
Landssamband eldri borgara

Tafla 3: Þróun launavísitölu, mælt og áætlað

	Vísitala
2018	656,4
2019	688,5
2020	732,0
2021	792,7
2022	853,7
2023, m.v. verðbólguspá Fjárlagafrumvarps og Óbreyttan kaupmátt frá 2021	928,7
2023, m.v. verðbólguspá Seðlabankans og óbreyttan Kaupmátt frá 2021	944,9

Hér eiga við sömu skýringar og við lágmarkslaunin.

Þróun ellilífeyris, raunstærðir og áætlanir fyrir 1. Janúar 2023.

	Ellilífeyrir	M.v. Lágmarks-laun fjárlaga-frumvarp 2023	M.v. Lág-marks-laun verð-bólguspá SB 22-23	M.v. Launa-vísitölu - spá fjárlaga-frum-varp 2023	M.v. Launavísi-tölu m.v. spá SB	M.v. NVV spá Fjárlaga-frumvarp 2023	M.v. NVV spá SB
2018	239.484	239.484	239.484	239.484	239.484	239.484	239.484
2019	248.105	255.336	255.336	251.196	251.196	246.751	246.751
2020	256.789	269.828	269.828	267.066	267.066	253.754	253.754
2021	266.033	286.564	286.564	289.212	289.212	265.023	265.023
2022	278.271	300.444	300.444	311.482	311.482	300.619	300.619
2022/2	286.619	300.444	300.444	311.482	311.482	300.619	300.619
2023	303.816	326.883	332.883	338.892	344.811	327.073	332.785

Samkvæmt þessum áætlunum verður ellilífeyririnn 20-40 þúsund krónum of lágt metinn m.v. gildandi lagaákvæði.

Umsögn Landssamtakanna Þroskahjálpar[1] um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2023

Landssamtökin Þroskahjálp þakka fyrir að hafa fengið frumvarpið til umsagnar og vilja koma eftirfarandi á framfæri varðandi það.

Íslenska ríkið fullgilti samning SÞ um réttindi fatlaðs fólks árið 2016 og skuldbatt sig þar með til að framfylgja öllum ákvæðum hans. Meginmarkmið samningsins er að tryggja fötluðu fólki raunhæf tækifæri til sjálfsákvörðunarréttar og virkrar þátttöku á öllum sviðum samfélagsins, til jafns við aðra og án aðgreiningar.

Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar segir:

"Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks verður lögfestur og stofnuð ný Mannréttindastofnun."

Í frétt á heimasíðu stjórnarráðsins 22. júlí sl. segir að ríkisstjórn Íslands hafi samþykkt að unnið verði að gerð landsáætlunar um innleiðingu á samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks og að það sé liður í lögfestingu samningsins sem kveðið er á um í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar.[2]

Landssamtökin Þroskahjálp skora á fjárlaganefnd og Alþingi að rýna fjárlagafrumvarpið sérstaklega m.t.t. þess hvernig þar er séð fyrir fjármagni til þeirra verkefna sem lýst er hér á eftir og öll varða mannréttindi fatlaðs fólks og tækifæri þess til virkrar þátttöku í samfélaginu, til jafns við aðra og án aðgreiningar og gera nauðsynlegar breytingar á frumvarpinu til að tryggt verði að þessi mikilvægu verkefni verði fjármögnuð með fullnægjandi hætti og í samræmi við þau mikilsverðu mannréttindi sem í húfi eru fyrir fatlað fólk.

Óskert þjónusta sveitarfélaga við fatlað fólk verði tryggð.

Sú þjónusta sem sveitarfélögum er skylt lögum samkvæmt að veita fötluðu fólki er gríðarlega mikilvæg fyrir lífsgæði fatlaðs fólks og tækifæri til virkrar þátttöku í samfélaginu. Mjög oft er þessi þjónusta algjör forsenda þess að fatlað fólk geti notið margvíslegra mannréttinda sem eru sérstaklega áréttuð í samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks sem íslenska

---

[1] Landssamtökin Þroskahjálp vinna að réttinda- og hagsmunamálum fatlaðs fólks, með sérstaka áherslu á fötluð börn og ungmenni og fólk með þroskahömlun og/eða skyldar fatlanir. Samtökin byggja stefnu sína og starfsemi á samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, Barnasáttmála SÞ og heimsmarkmiðum SÞ.

[2] https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2022/07/01/Landsaaetlun-um-innleidingu-a-samningi-STh-um-rettindi-fatlads-folks-/

ríkið fullgilti árið 2016 og skuldbatt sig þar með til að virða og framfylgja. Í lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir og í lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga er mælt fyrir um að við framkvæmd laganna skuli framfylgja samningi SÞ um réttindi fatlaðs fólks.

Með vísan til þess sem að framan segir skora samtökin á fjárlaganefnd og Alþingi að líta sérstaklega til þessa við umfjöllun um fjárlagafrumvarpið og gera nauðsynlegar ráðstafanir til að sveitarfélög geti örugglega staðið við skuldbindingar sínar gagnvart fötluðu fólki samkvæmt lögum, samningi SÞ um réttindi fatlaðs fólks og öðrum mannréttindasamningum sem við eiga og íslenska ríkið hefur gengist undir, sem og yfirlýsingar stjórnvalda ríkis og sveitarfélaga um framfylgd heimsmarkmiða SÞ.

Örorkubætur.

Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar segir:

„Afkoma örorkulífeyrisþega verður áfram bætt með það að markmiði að bæta sérstaklega kjör þeirra sem lakast standa."

Greiðslur almannatrygginga hækkuðu um 3% 1. júní sl. til að mæta rýrnun þeirra vegna verðlagsþróunar. Samkvæmt fjárlagafrumvarpinu munu örorkubætur hækka um 6% á árinu 2023. Ljóst má vera að hér er þó alls ekki um raunhækkun bóta að ræða vegna þeirrar verðlagsþróunar sem verið hefur og fyrirsjáanleg er.

Bráðnauðsynlegt er, án frekari tafa, að bæta myndarlega lífskjör fatlaðs fólks í samræmi við almenn launakjör í þjóðfélaginu og minnka muninn á milli örorkuþega og annarra hópa. Þær prósentuhækkanir sem eru nú boðaðar af ríkisstjórninni og gert er ráð fyrir í fjárlagafrumvarpinu eru í engu samræmi við það sem þarf til að veita fötluðu fólki mannsæmandi lífskjör. Mjög margt fatlað fólk hefur ekki aðrar tekjur en berar örorkubætur og hefur mjög oft afar lítil eða engin tækifæri til að auka við tekjur sínar, vegna fötlunar sinnar og/eða ósveigjanlegs vinnumarkaðar og fárra atvinnutækifæra og er þar af leiðandi dæmt til fátækar eins og örorkubætur hafa verið og eru nú. Afleiðing alls þessa er augljós og óhjákvæmileg: Fatlað fólk nýtur miklu minni lífsgæða og tækifæra en aðrir þjóðfélagsþegnar.

Heildstæð lög um bann við mismunun m.a. á grundvelli fötlunar

Í bráðbirgðaákvæði í lögum nr. 85/2018, um jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna, sem öðluðust gildi 1. september 2018 og eru á verksviði forsætisráðherra, segir:

Ráðherra skal innan árs frá gildistöku laga þessara leggja fram á Alþingi frumvarp þar sem kveðið verði á um að lögunum verði breytt þannig að þau gildi ekki eingöngu um jafna meðferð einstaklinga óháð kynþætti og þjóðernisuppruna heldur einnig óháð trú, lífsskoðun, fötlun, aldri, kynhneigð, kynvitund, kyneinkennum eða kyntjáningu á öllum sviðum samfélagsins utan vinnumarkaðar, sbr. lög um jafna meðferð á vinnumarkaði.

Með setningu laga nr. 63/2022 um breytingu á lögum nr. 85/2018, sem heita nú lög um jafna meðferð utan vinnumarkaðar, var loksins staðið við það sem mælt var fyrir um í bráðabirgðaákvæðinu frá 2018.

Þessi nýju, heildstæðu og gríðarlega mikilvægu lög um bann við mismunun á öllum sviðum samfélagsins, m.a. á grundvelli fötlunar, tóku gildi 13. júlí 2022. Landssamtökin Þroskahjálp skora á ríkisstjórnina og Alþingi að tryggja að í fjárlögum fyrir árið 2023 verði nægilegar fjárveitingar til þess að framkvæmd þessara nýju laga, eftirlit með þeim og eftirfylgni verði þannig að þau veiti fötluðu fólki og öðrum hópum, sem undir þau falla, raunverulega þá réttindavernd sem þeir þurfa á að halda og eiga rétt á að njóta en verði ekki bara „fallegur" en bitlaus lagabókstafur. Í því sambandi verður því miður að segja að sporin hræði.

Aðgangur að réttinum.

Fatlað fólk er langoftast efnalítið og tekjulágt af þeirri einföldu ástæðu að flestir eru mjög háðir örorkubótum, sem eru mjög lágar og hafa lítil eða engin tækifæri þess til að afla sér annarra tekna vegna fötlunar og/eða mjög takmarkaðra tækifæra á ósveigjanlegum vinnumarkaði. Það þýðir að allur kostnaður sem því fylgir að sækja réttindi sín er fötluðu fólki sérstaklega þungbær og mjög alvarleg og afdrifarík hindrun í vegi þess að það eigi raunhæfan möguleika til þess þegar það þarf aðstoð lögfræðinga, s.s. við að leggja mál sín fyrir úrskurðaðila í stjórnkerfinu, umboðsmann Alþingis og/eða dómstóla. Lög og reglur sem á reynir eru mjög oft flókin og/eða óljós og því nauðsynlegt fyrir fatlað fólk, sem ekki er löglært, að fá aðstoð lögfræðinga til að greina mál og leggja þau fyrir til úrskurðar og/eða fyrir dómstól. Þörf fyrir slíkan lögfræðistuðning verður eðli máls samkvæmt enn meiri þegar um andlegar skerðingar er að ræða.

Afleiðing þess sem að framan er rakið er mjög einföld og mjög alvarleg: Fötluðu fólki er á grundvelli fötlunar og efnahags mismunað um aðgang að réttarkerfinu og þau réttindi og þá vernd sem það veitir og á að veita öllum í réttarríki, án mismununar.

Með vísan til þess sem að framan segir telja samtökin brýnt og bráðnauðsynlegt að ríkið geri án tafar breytingar á lögum og tryggi nauðsynlegar fjárveitingar til að tryggt verði að fatlað fólk eigi raunhæfa möguleika til að sækja réttindi sín innan réttarkerfisins og fái til þess þann fjárhagslega stuðning sem er algjör forsenda þess að sá réttur verði því aðgengilegur og raunhæfur. Samtökin skora á ríkisstjórnina, fjárlaganefnd og Alþingi að gera nauðsynlegar breytingar á fjárlagafrumvarpinu til að hlutaðeigandi stjórnvöldum verði unnt að gera það sem gera þarf til þessa.

Fullgilding valkvæðs viðauka við samning SÞ um réttindi fatlaðs fólks.[3]

Alþingi samþykkti árið 2016 þingsályktunartillögu um að valkvæður viðauki við samning SÞ skyldi fullgiltur fyrir árslok 2017. Það hefur ekki enn verið gert. Fullgilding viðaukans myndi

[3] https://www.althingi.is/altext/145/s/1693.html

veita fötluðu fólki og hópum, sem hafa fullreynt innlendar leiðir til að ná rétti sem samningurinn mælir fyrir um, rétt til að leita með mál sín til nefndar samkvæmt samningnum. Sá réttur veitir mikilvægt aðhald gagnvart hlutaðeigandi stjórnvöldum ríkis og sveitarfélaga.

Landssamtökin Þroskahjálp skora á ríkisstjórnina og Alþingi að ljúka því mikilvæga verkefni á árinu 2023 að fullgilda valkvæða viðaukann við samning SÞ, sem Alþingi samþykkti að gera skyldi fyrir lok árs 2017 og tryggja að í fjárlögum árið 2023 verði nægilegar fjárveitingar til þess.

Þess skal getið að 100 ríki hafa nú fullgilt valkvæða viðaukann.

Réttindagæsla fyrir fatlað fólk.

Í lögum nr. 88/2011 er kveðið á um réttindagæslu fyrir fatlað fólk. Sú réttindagæsla er, eins og reynslan hefur sýnt og mörg dæmi sanna, gríðarlega mikilvæg til að þessi berskjaldaði hópur fólks fái notið réttinda og tækifæra sem hann á rétt á samkvæmt lögum og samningi SÞ um réttindi fatlaðs fólks og fái til þess nauðsynlegan og viðeigandi stuðning. Það er óumdeilanlegt, að mati Þroskahjálpar, að réttindagæslan hefur verið og er enn vanfjármögnuð miðað við þau mikilvægu og mörgu, oft flóknu, verkefni sem hún þarf nú að sinna. Þó að nokkuð hafi verið við því brugðist nýlega vantar enn nokkuð upp á að þessi mikilvæga starfsemi til stuðnings við fatlað fólk og eftirlit með að þessi berskjaldaði hópur njóti mannréttinda í verki en ekki aðeins í orði, sé nægilega fjármögnuð.

Réttindagæslan er hluti af félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu. Sú staðsetning þessa mikilvæga eftirlits í stjórnkerfinu samræmist engan veginn kröfum, sem í réttarríki verður að gera til að eftirlit af þessu tagi sé óháð stjórnvöldum, sem það beinist oft að, beint eða óbeint. Trúverðugleiki eftirlitsins er þar í húfi. Landssamtökin Þroskahjálp skora því að ríkistjórnina og Alþingi að koma réttindagæslunni sem fyrst fyrir undir sjálfstæðri mannréttindastofnun, sem fjallað er um hér að aftan. Samtökin telja að það megi vel gera mjög fljótt, þar sem skipulag og verkefni réttindagæslunnar er með þeim hætti að það krefst alls ekki flókinna eða tímafrekra breytinga á lögum, reglum og/eða stjórnkerfi.

Með vísan til þess sem að framan er rakið skora Landssamtökin Þroskahjálp á fjárlaganefnd og Alþingi að í fjárlögum verði tryggt að réttindagæslan geti sinnt vel mjög mörgum og oft flóknum verkefnum sínum sem eru bráðnauðsynleg m.t.t. verndar og framfylgdar mannréttinda fatlaðs fólks.

Sjálfstæð mannréttindastofnun.

Íslenska ríkið fullgilti samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks árið 2016 og skuldbatt sig þar með til að framfylgja öllum ákvæðum samningsins:

2. mgr. 33. gr. samningsins, sem hefur yfirskriftina „Framkvæmd og eftirlit innanlands“, segir:

Aðildarríkin skulu, í samræmi við réttar- og stjórnkerfi hvers ríkis um sig, viðhalda, treysta, tiltaka eða koma á rammaáætlun, einnig einu eða fleiri sjálfstæðum kerfum, eftir því sem við

á, í því skyni að stuðla að, vernda og fylgjast með framkvæmd samnings þessa. Aðildarríkin skulu, þegar þau tiltaka slíkt kerfi eða koma því á, taka mið af þeim meginreglum sem gilda um stöðu og starfsemi innlendra stofnana á sviði verndar og eflingar mannréttinda.

Þessi ákvæði þýða að sú skylda hefur hvílt á íslenska ríkinu frá fullgildingu þess á samningnum árið 2016, þ.e. í sex ár, að koma á fót sjálfstæðri innlendri mannréttindastofnun, sem uppfyllir svokölluð Parísarviðmið (e. Paris Principles) til að hafa eftirlit með mannréttindum fatlaðs fólks.

Samtökin telja að það eftirlit sem nú er hér landi með því að fatlað fólk njóti þeirra mannréttinda, sem áréttuð eru og varin í samningi SÞ um réttindi fatlaðs fólks, sé engan veginn fullnægjandi. Að mati samtakanna er það eftirlit ómarkvisst og brotakennt og alls ekki nægilega óháð félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu, sveitarfélögum og fleiri stjórnvöldum sem bera mesta ábyrgð lögum samkvæmt á að veita fötluðu fólki nauðsynlegan stuðning og þjónustu til að það geti notið þeirra mannréttinda sem íslenska ríkið hefur skuldbundið sig til að veita og tryggja.

Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar segir að mannréttindastofnun verði stofnuð en þar kemur ekki fram hvenær það verður gert. Í ljósi þess mikla dráttar sem þegar er orðinn á því að hrinda í framkvæmd þessari þjóðréttarlegu skyldu sem íslenska ríki undirgekkst fyrir sex árum síðan, þ.e. við fullgildingu samnnings SÞ um réttindi fatlaðs fólks, skora Landssamtökin Þroskahjálp á ríkisstjórnina og Alþingi að ljúka því mikilvæga verkefni á árinu 2023 og tryggja að í fjárlögum árið 2023 verði nægilegar fjárveitingar til þess.

Aðgengismál almennt og sérstaklega m.t.t. upplýsinga, stafrænnar þjónustu ríkis, sveitarfélaga og einkageirans.

Margt hefur unnist í aðgengismálum á Íslandi undanfarin ár og áratugi þegar kemur að aðgengi hreyfihamlaðs fólks og líkamlegu aðgengi en enn er skilningur allt of lítill á samfélagslegu aðgengi fatlaðs fólks, svo sem að upplýsingum og stuðningi til margvíslegrar þátttöku í leik, námi og starfi. Fólk með þroskahömlun og/eða skyldar fatlanir mætir víða hindrunum og skilningsleysi á þörfum sínum, bæði í raunheimum og í stafrænum heimi. Má þar nefna aðgang að auðlesnu efni um réttindi, þjónustu og samfélagsleg mál, en einnig að rafrænni auðkenningu og stafrænum réttindum.

Fatlað fólk hefur rétt á upplýsingum á máli sem það skilur samkvæmt samningi SÞ um réttindi fatlaðs fólks. Þar er einnig kveðið á um skyldur stjórnvalda vegna tækniþróunar og að við þróun slíkrar tækni eigi að tryggja að hún gagnist fötluðu fólki. Mikil hætta er á, og fjölmörg dæmi um, að tækniframfarir og stafrænar lausnir sem eigi að einfalda líf borgaranna séu beinlínis hindrun í lífi fólks með þroskahömlun og/eða skyldar fatlanir. Þar má sem dæmi nefna rafræn skilríki til þess að komast inn á "Mínar síður" opinberra aðila, nota bankaþjónustu og auðkenna sig.

Stjórnvöld og Alþingi verða að tryggja nægilegt fjármagn til nauðsynlegra verkefna á þessu sviði til að fatlað fólk fái notið ávinnings af þessari tækniþróun og sjálfvirknivæðingu, til jafns við aðra en verði ekki vegna þessarar tækniþróunar og nýtingar hennar enn jaðarsettara en það nú er. Í þessu sambandi minna Landssamtökin Þroskahjálp á að meginmarkmið heimsmarkmiðanna, sem íslensk stjórnvöld vísa mjög gjarnan til, er þetta: "Skiljum engan eftir!".

Tækifæri og ógnanir vegna nýtingar gervigreindar.

Íslensk stjórnvöld hafa sett mikinn kraft og fjármagn í stafræna þróun. Í því felast tækifæri en einnig mjög mögulega miklar hættur almennt og sérstaklega fyrir berskjaldaða hópa. Stjórnvöld hafa skyldur til þess að framfylgja skuldbindingum á sviði mannréttinda. Stjórnvöld eiga ekki að taka þátt í eða styðja við aðgerðir þegar hönnun og framkvæmd við notkun á kerfum sem nýta gervigreind, þ.m.t. í samstarfi við einkaaðila, getur ógnað mannréttindum. Gervigreind er í auknum mæli nýtt í dómskerfinu, í heilbrigðisþjónustu, í velferðarþjónustu og húsnæðismálum á alþjóðavísu. Oft eru áhrifin jákvæð en mikil hætta er á mismunun, aðför að borgaralegum réttindum og neikvæðum afleiðingum, sér í lagi fyrir jaðarsetta hópa fólks, eins og fatlað fólk er undantekningalítið. Það er því bráðnauðsynlegt að stjórnvöld móti stefnu til þess að framfylgja í því skyni að stuðla markvisst að og helst tryggja jákvæð áhrif og draga úr mögulegum skaða eins og nokkur kostur er.

Landssamtökin Þroskahjálp ítreka því hér enn á ný við hlutaðeigandi stjórnvöld og Alþingi áskorun sína um að stofnaður verði samráðsvettvangur vegna nýtingar gervigreindar, þar sem mannréttindasamtök, hagsmunafélög, stofnanir hins opinbera og aðrir þeir aðilar sem vinna að stafrænum málum sem varða gervigreind hafi vettvang til þess að starfa saman. Þau félög og einstaklingar sem vinna að mannréttindamálum munu aldrei geta varpað ljósi á eða geta séð fyrir þau margvíslegu og flóknu álitamál sem upp koma vegna gervigreindar. Að sama skapi eru þeir sem vinna að þróun og nýtingu gervigreindar ekki sérfræðingar á ýmsum fræðasviðum sem skipta miklu máli í þessu sambandi sem og laga- og regluverki sem snýr að mannréttindamálum. Samráðsvettvangur fyrir þessa hópa yrði þannig mikilvæg brú á milli mannréttindasamtaka, fræðasamfélagsins og stjórnvalda til þess að bera kennsl á og bregðast við þeim áhættum og óvissuþáttum sem fylgja vaxandi notkun gervigreindar í daglegu lífi. Það á að vera sameiginlegt verkefni og markmið fyrrgreindra aðila að verja almenna borgara gegn skaðlegum áhrifum gervigreindar og vinna að því að tæknin sé nýtt til þess að efla mannréttindi. Stjórnvöld þurfa að viðurkenna skuldbindingar sínar og vinna samkvæmt skuldbindingum sínum á sviði mannréttinda og fella þær skuldbindingar inn í lög, reglugerðir og stefnu um gervigreind. Nauðsynlegt er að fólk hafi fullnægjandi verkferla sem tryggja réttindi og mannhelgi fólks, og að lögum sé framfylgt þegar um notkun gervigreindar er að ræða.

Í 4. gr. samnings SÞ um réttindi fatlaðs fólks segir:

Aðildarríkin skuldbinda sig til þess að efla og tryggja að fullu öll mannréttindi og grundvallarfrelsi fyrir allt fatlað fólk án mismununar af nokkru tagi á grundvelli fötlunar.

Aðildarríkin skuldbinda sig í þessu skyni til ... að framkvæma eða gangast fyrir rannsóknum og þróun á nýrri tækni, og sjá til þess að hún sé tiltæk og notuð, þar á meðal upplýsinga- og samskiptatækni, ferliaðstoð, búnaði og hjálpartækni sem henta fötluðu fólki, með áherslu á tækni á viðráðanlegu verði.

Með vísan til þess sem að framan er rakið og áréttað óska Landssamtökin Þroskahjálp eftir að hlutaðeigandi stjórnvöld, ríkisstjórnin og Alþingi svari þessari spurningu: Eru tryggðar nægilegar fjárveitingar í fjárlagafrumvarpinu til að gera það sem gera verður og án ástæðulausra tafa, á þessu sviði til að gervigreind og tækniþróun verði öllu samfélaginu til framdráttar og ávinnings en ekki bara sumum og til að verja allan almenning og alveg sérstaklega fatlað fólk og aðra þá hópa sem jaðarsettastir eru í samfélaginu fyrir mögulegum og margvíslegum og mjög skaðlegum áhrifum og afleiðingum þessarar hröðu tækniþróunar?

Auðskilið mál.

"Auðskilið mál" er texti eða upplýsingar þar sem efnið er greint og sett upp með þeim hætti að auðveldara er fyrir fólk með þroskahömlun og/eða skyldar fatlanir að lesa og skilja hann. Textinn einblínir á aðalatriðin og uppsetning og framsetning er höfð mjög skýr og aðgengileg.

Í 21. grein samnings SÞ um réttindi fatlaðs fólks segir:

Aðildarríkin skulu gera allar viðeigandi ráðstafanir til þess að tryggja að fatlað fólk geti nýtt sér rétt sinn til tjáningar- og skoðanafrelsis, þ.m.t. frelsis til að leita eftir, taka við og miðla upplýsingum og hugmyndum, til jafns við aðra, með hvers kyns samskiptamiðlum að eigin vali, samanber skilgreiningu í 2. gr. samnings þessa, þar á meðal með því:

a) að láta fötluðu fólki í té upplýsingar, sem almenningi eru ætlaðar, í aðgengilegu formi og með aðgengilegri tækni, sem tekur mið af mismunandi fötlun, tímanlega og án aukakostnaðar,

b) að viðurkenna og auðvelda notkun táknmáls, punktaleturs, aukinna og óhefðbundinna samskipta og allra annarra aðgengilegra samskiptaleiða, -máta og -forma sem fatlað fólk kýs að nota í opinberum samskiptum,

c) að brýna fyrir einkaaðilum sem bjóða almenningi þjónustu, þar á meðal gegnum netið, að veita upplýsingar og þjónustu í aðgengilegu og nothæfu formi fyrir fatlað fólk,

d) að hvetja fjölmiðla, þ.m.t. upplýsingaveitur á netinu, til þess að gera þjónustu sína aðgengilega fötluðu fólki.

Auðskilið mál er mjög mikilvæg aðferð til valdeflingar. Það stuðlar mjög mikið að sjálfstæði fólks, tækifærum þess til virkrar þátttöku og að fatlað fólk geti nýtt gerhæfi sitt og er nauðsynlegur þáttur til að uppfylla margar þær skyldur sem á stjórnvöldum hvíla samkvæmt

samningi SÞ um réttindi fatlaðs fólks. Má þar meðal annars nefna að ríki, sem fullgilt hafa samninginn, viðurkenna mikilvægi sjálfræðis og sjálfstæðis fyrir fatlað fólk, þ.m.t. frelsis til að taka eigin ákvarðanir. Til þess að fólk geti tekið eigin ákvarðanir er augljóslega mjög mikilvægt að það hafi aðgengi að upplýsingum um réttindi sín, stöðu og aðra þætti sem geta haft áhrif á það hvernig við öllum tökum ákvarðanir og högum lífi okkar í stóru og smáu.

Í þessu sambandi skal bent á að auðskilið mál er nauðsynlegt fyrir ýmsa aðra hópa en fólk með þroskahömlun og/eða skyldar raskanir, s.s. margt fólk af erlendum uppruna.

Tryggja verður nægilegar fjárveitingar til að stjórnvöld ríkis og sveitarfélaga geti uppfyllt skyldur sínar til að miðla mikilvægum upplýsingum, s.s. um veigamikil réttindi og skyldur borgaranna á auðskildu máli.

Húsnæðismál.

Í lögum nr. 38/2018, um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, er mælt fyrir um „að fatlað fólk eigi rétt á því að velja sér búsetustað og hvar og með hverjum það býr, til jafns við aðra“ og að „óheimilt sé að binda þjónustu við fatlað fólk því skilyrði að það búi í tilteknu búsetuformi.“ Þá segir í bráðabirgðaákvæði í lögunum að fötluðu fólki sem býr nú á stofnunum eða herbergjasambýlum skuli bjóðast aðrir búsetukostir.

Margt fólk með þroskahömlun eða skyldar fatlanir hefur beðið eftir íbúð, sem það á lagalegan rétt á, mjög lengi. Dæmi eru um að fólk hafi þurft að bíða yfir áratug og jafnvel lengur eftir að eignast eigið heimili. Með þessari óforsvaranlegu og ólöglegu framkvæmd er vegið mjög alvarlega að margvíslegum mikilvægum mannréttindum, s.s. réttinum til sjálfstæðs og eðlilegs lífs, og réttinum til að eiga einkalíf og fjölskyldulíf. Þetta er ólíðandi ástand sem ábyrg stjórnvöld ríkis og sveitarfélaga verða að setja í algjöran forgang að bæta úr.

Samtökin leggja mikla áherslu á að framkvæmd lagaákvæða um niðurlagningu herbergjasambýla / stofnana, þar sem fatlað fólk býr, verði hraðað með því að ráðast nú þegar í stórátak við byggingu íbúða fyrir fatlað fólk og að í fjárlögum verði tryggt nægilegt fjármagn til þess.

Landssamtökin Þroskahjálp fagna því tillögum starfshóps um endurskoðun laga nr. 38/2018, um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, varðandi húsnæðismál fatlaðs fólks og skorar á ríkisstjórnina og Alþingi að hrinda þeim tillögum í framkvæmd, eins skjótt og nokkur kostur er og tryggja að í fjárlögum fyrir árið 2023 verði nægilegar fjárveitingar til þess.

Skóli án aðgreiningar

Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar er ekkert fjallað um fötluð börn í grunnskóla og/eða hvernig koma eigi betur til móts við nemendur með sértækar þarfir.

Í fjárlögum fyrir árið 2023 kemur fram að áframhaldandi áhersla verði á snemmbæran stuðning í ráðgjöf í leik- og grunnskólum. Ekkert kemur þar fram um að leggja eigi til sérstakt fjármagn til þess að bæta stoðþjónustu grunnskólanna.

Til að skóli án aðgreiningar geti staðið undir nafni og skilað því samfélagslega réttlæti og ávinningi sem hann getur gert, ef vel er á haldið, er bráðnauðsynlegt að efla verulega stoðþjónustu grunnskólanna og tryggja að nemendur fái þá aðstoð sem þeir þurfa. Til að það geti orðið verður að ráða fleiri þroskaþjálfa, iðjuþjálfa, talmeinafræðinga og sálfræðinga innan skólanna. Til að menntun fyrir alla gangi eftir og verði það sem hún getur verið og á að vera verður nauðsynlega að fjölga fagfólki innan skólanna.

Fjárlagafrumvarpið er ekki í neinu samræmi við þessar þarfir og skyldur, lög, reglur, stefnu og yfirlýsingar stjórnvalda um skóla án aðgreiningar.

Augljós og mjög brýn þörf er fyrir aukið framboði að menntun fyrir fötluð ungmenni sem útskrifast af starfbrautum framhaldsskóla og að þeim bjóðist áframhaldandi nám í háskólum eða öðrum skólum sem bjóða upp á verk, tækni- eða listgreinamenntun.

Bráðnauðsynlegt er að auka námsframboð til þessara ungmenna til að þau fái einhver tækifæri til að feta sig eftir áhugasviði og eftir getu inn á námsbrautir og inn á áfanga sem geta eflt og styrkt þau til frekari færni og gert sig þannig meira gildandi sem gott starfsfólk á hinum ólíku sviðum atvinnulífsins. Og einnig og ekki síður til þess að þau fái, eins og önnur ungmenni, að njóta þeirra lífsgæða sem í því felast að hafa tækifæri til að efla færni sína til að taka þátt í samfélaginu á eigin forsendum, án þess að verða endilega sérfræðingar í einhverju einu tilteknu fagi, heldur fái menntun sem er valdeflandi og gerir þau færari til að takast á við margvísleg viðfangsefni í leik og starfi.

Menntun er undirstaða atvinnutækifæra.

Með fullgildingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks árið 2016 skuldbatt íslenska ríkið sig til þess að tryggja tækifæri til menntunar fyrir fatlað fólk, til jafns við aðra. Í fjórða heimsmarkmiði Sameinuðu þjóðanna sem hefur yfirskriftina „Menntun fyrir alla“ er kveðið á um margvíslegar aðgerðir sem ríki verða að gera til að ná því markmiði. Íslensk stjórnvöld verða að sýna í verki að þau ætli að standa við skuldbindingar sínar og yfirlýsingar samkvæmt samningi SÞ og heimsmarkmiðum SÞ með því að tryggja fötluðu fólki, þ.m.t. fólki með þroskahömlun eða skyldar fatlanir, tækifæri til náms.

Ekki er gert ráð fyrir auknum fjármunum í fjárlagafrumvarpinu til að koma til móts við þennan berskjaldaða og jaðarsetta hóp. Einnig fellur niður samkvæmt frumvarpinu 15 milljóna kr. fjárveiting til Fjölmenntar símenntunar- og þekkingarmiðstöð fyrir fatlað fólk sem mun klárlega leiða til niðurskurðar námsframboðs þar. Þetta er í hrópandi mótsögn við skyldur íslenska ríkisins og samkvæmt mannréttindasamningum og yfirlýsingar ríkisstjórnar og

ráðherra, s.s. um framfylgd heimsmarkmiða SÞ sem hafa það meginmarkmið að **„skilja engan eftir“.**

Þá harma samtökin og lýsa miklum með að ekki skuli vera lagt sérstakt fjármagn til eflingar á námsframboði fyrir fatlað fólk á háskólastigi. Fyrir liggur að aðgengi þess að háskólanámi er afar takmarkað og ein af ástæðunum fyrir því er skortur á fjármagni til að styðja við fatlaða nemendur. Annars vegar til þess að öllum fötluðum ungmennum gefist tækifæri til þess að stunda nám við starfstengt diplómunám sem til þess teljast hafa þá færni sem krafist en færri fá inn á brautina en sækja um og hins vegar til þess að styðja við fatlaða nemendur inn í almennar deildir til að stunda nám og velja námskeið sem falla að áhugasviði og getu hvers og eins.

Mikilvæg þjónusta við fötluð börn og ungmenni.

Biðlistar eftir þjónustu hjá Ráðgjafar- og greiningarstöð eru í sögulegu hámarki. Það er óásættanlegt með öllu þá sérstaklega með tilliti snemmtækrar íhlutunar og þjálfunar fyrir fötluð börn.

Samkvæmt fjárlagafrumvarpinu er gert ráð fyrir 80 milljónum kr. í aðgerð til að bregðast við löngum biðtíma eftir þjónustu. Það er engan veginn nægilegt í ljósi mikillar og brýnnar þarfar. Einnig er gert ráð fyrir að auka fjárheimildina um 200 milljónir kr. vegna úrræða fyrir börn með fjölþættan vanda. Þessar fjárhæðir duga skammt og nægja alls ekki til að styrkja stöðu fatlaðra barna og ungmenna nægilega.

Nauðsynlegt og skylt er að gæta sérstaklega að því að fullt tillit sé tekið þarfa, réttinda og hagsmuna fatlaðra barna í aðgerðaráætlun um „barnvænt Ísland“ og sömuleiðis við þróun mælaborðs, sem ætlað er að tryggja betri yfirsýn yfir velferð barna. Ekki er hægt að ganga út frá því að mælingar á stöðu barna almennt lýsi stöðu fatlaðra barna og er því nauðsynlegt að afla gagna og tölfræði um þann hóp barna sérstaklega, eins íslenska ríkinu er skylt að gera samkvæmt samningi SÞ um réttindi fatlaðs fólks

Íþrótta- og æskulýðsmál.

Á vordögum 2022 stóð félags- og vinnumarkaðsráðuneytið, í samvinnu við Landssamtökin Þroskahjálp, Öryrkjabandalagið og Íþróttasamband fatlaðra, fyrir ráðstefnu um þátttöku fatlaðra barna í almennu íþróttastarfi. Í kjölfarið var haldinn framhaldsfundur þar sem unnið var með tillögur sem fram komu í málefnavinnu á ráðstefnunni um hvernig megi bæta aðgengi fatlaðra barna að íþróttastarfi. Á ráðstefnunni voru saman komnir fulltrúar íþróttahreyfinganna, sveitarfélaga, skólaþjónustu, hagsmunasamtaka, fatlað fólk og foreldrar fatlaðra barna til þess að vinna að útfærslu aðgerða sem auka aðgengi og ryðja hindrunum úr vegi. Í kjölfarið hefur farið fram í ráðuneytinu vinna við að útfæra stefnumið um inngildandi íþróttastarf fyrir alla til framtíðar. Um metnaðarfullt og mikilvægt verkefni er að ræða og það eru óneitanlega veruleg vonbrigði að sjá engin merki um það í fjárlagafrumvarpinu að því eigi að fylgja eftir með nauðsynlegu fjármagni.

Heilbrigðismál

Samkvæmt fjárlagafrumvarpinu á að auka þjónustu í samræmi við stefnu og aðgerðaráætlun í geðheilbrigðismálum og er markmiðið að fyrir liggi miðlægir biðlistar fyrir geðheilbrigðisþjónustu heilsugæslunnar. Ekkert er þar fjallað sérstaklega um fatlað fólk. Það fjármagn, 100 millj. kr., sem gert er ráð fyrir í fjárlagafrumvarpinu er klárlega ekki nægilegt til þess að auka þjónustuna eins og nauðsynlegt er.

Aðgengi að viðeigandi geðheilbrigðisþjónustu fyrir fólk með þroskahömlun, einhverft fólk og fólk með fjölþættan vanda hefur hingað til ekki verið í boði, nema fyrir alvarlegustu tilfellin. Engin meðferðarúrræði eru fyrir fólk með þroskahömlun eða einhverft fólk með fíknivanda. Það er óboðlegt með öllu og má þá gera ráð fyrir því að vandamálin í geðheilbrigðismálum þessa hóps verði meiri og flóknari á komandi árum, sem mun að óbreyttu auk þess að skerða lífsgæði og tækifæri margra mjög mikið leiða til aukins kostnaðar fyrir ríkið.

Notendastýrð persónuleg aðstoð (NPA).

Baráttan fyrir tækifærum til sjálfstæðs lífs er meginþáttur í auknu frelsi og sjálfstæði fatlaðs fólks í samfélaginu. Hugmyndafræðin um sjálfstætt líf byggist á að fatlað fólk hafi rétt til að stjórna eigin lífi sjálft, taka ákvarðanir á eigin forsendum, búa þar sem það vill og með þeim sem það vill og fá stuðning til þess að taka þátt í samfélaginu með þeim hætti sem það kýs. Notendastýrð persónuleg aðstoð (NPA) er frábær aðferð í að tryggja fólki aðgang að sjálfstæðu lífi. Allt fatlað fólk hefur rétt á NPA, óháð því hver fötlun þess er (líkamleg fötlun, þroskahömlun, geðfötlun eða aðrar fatlanir), óháð samfélagsstöðu og óháð því hvort börn eða fullorðnir eiga í hlut. Miklar vankantar hafa verið á framkvæmd NPA á Íslandi, bæði hvað varðar fjármögnun og stuðning við NPA-notendur. Það er ólíðandi að fatlað fólk sé bitbein milli ríkis og sveitarfélaga þegar kemur að fjármögnun NPA-samninga og það er óforsvaranlegt að kvóti sé settur á mannréttindi sem NPA er lykill að.

NPA skilar miklum auði til samfélagsins með því greiða fyrir virkri þátttöku fatlaðs fólks í samfélaginu, tækifærum til atvinnu og náms; að lifa án þess að vera háður aðstandendum og kerfinu. Það léttir álagi af aðstandendum og er mikilvægur liður í að tryggja jafnrétti á vinnumarkaði, en augljóst er öllum sem vilja kynna sér það, að konur sinna mjög mikilli og ólaunaðri vinnu til að tryggja fötluðum aðstandendum sínum viðunandi aðstoð þar sem ríki og sveitarfélög hlunnfara fatlað fólk allt of oft um þá aðstoð sem það hefur þörf fyrir og á rétt á lögum samkvæmt.

Málefni fatlaðra innflytjenda, hælisleitenda og flóttafólks.

Vaxandi áhyggjur eru af því hér á landi, eins og annars staðar á Norðurlöndum, að fatlað flóttafólk og innflytjendur fari á mis við stuðning og þjónustu vegna kerfislægra hindrana og einnig að hátt hlutfall barna með innflytjenda- og flóttamannabakgrunn séu með fötlun eða einhvers konar greiningar. Á fundi Nordisk Velferdssenter í Helsinki í september sl. kom fram að sama staða er uppi á öllum Norðurlöndunum hvað þetta varðar. Þá er einnig rík ástæða til

að ætla að fullorðið fatlað fólk af erlendum uppruna fari á mis við þjónustu og réttindi. Mjög mikilvægt er því að verja auknu fjármagni til þess að bæta þjónustu og stuðning við fatlað fólk af erlendum uppruna, á öllum aldri.

Styrkur til Landssamtakanna Þroskahjálpar.

Landssamtökin Þroskahjálp afla fjár til starfsemi sinnar og rekstrar með sölu almanaks og frjálsum framlögum frá einstaklingum og þá hefur félagsmálaráðuneytið gert samning við samtökin til árs í senn um að þau sinni tilteknum verkefnum sem varða málefni fatlaðs fólks og hefur ráðuneytið á undanförnum árum greitt samtökunum sem nemur um 14 milljónum kr. árlega samkvæmt þeim samningum. Á undanförnum árum hafa samtökin náð að afla með framangreindum hætti 120 – 140 millj. kr. á ári til að reksturs starfsemi sinnar og verkefna (húsbyggingasjóður samtakanna er þar ekki meðtalinn).

Af framangreindu má ljóst vera, að þó að fjárhagur samtakanna sé viðunandi nú, miðað við þau verkefni sem þau hafa verið að sinna og hafa haft fjárhagslegt bolmagn til, þá byggist hann of mikið á tekjuöflunarleiðum sem eru háðar verulegri óvissu. Þá fer mjög mikill tími hjá starfsfólki samtakanna í að sinna fjáröflunarverkefnum í stað þess að vinna beint að margvíslegum og mikilvægum hagsmuna- og réttindamálum fatlaðs fólks.

Ljóst má því vera að veruleg óvissa er um fjárhagsstöðu samtakanna með því mikla óhagræði sem af því leiðir varðandi rekstur og alla áætlanagerð. Ekki bætir þar úr skák sú óvissa sem er um árlegan styrk frá félagsmálaráðuneytinu. Samtökin telja í því ljósi sem og í ljósi þeirra fjölmörgu verkefna sem samtökin sinna, sem opinberir aðilar þyrftu ella að gera, eðlilegt og mjög æskilegt að árlegur styrkur félagsmálaráðuneytisins til samtakanna verði settur á fjárlög. Þá standa sanngirnis- og jafnræðisrök til þess að styrkurinn verði hækkaður mjög verulega.

Í því sambandi benda samtökin á þá miklu mismunun sem í því felst að þau hafa engan aðgang því mikla fé sem Íslensk getspá skilar tilteknum félögum og þ.m.t. Öryrkjabandalagi Íslands sem er sambærilegt félag og Þroskahjálp í lagalegu tilliti, árlega í krafti einkaréttar sem ríkið úthlutar því.

Landssamtökin Þroskahjálp óska eindregið eftir að fá að koma á fund fjárlaganefndar til gera nefndinni betur grein fyrir athugasemdum sínum og sjónarmiðum varðandi fjárlagafrumvarpið.

Virðingarfyllst.

Unnur Helga Óttarsdóttir, formaður Þroskahjálpar.

Árni Múli Jónasson, framkvæmdastjóri Þroskahjálpar.

LÆKNAFÉLAG ÍSLANDS
STOFNAÐ 1918
Icelandic Medical Association

Nefndasvið Alþingis
nefndasvid@althingi.is

Kópavogi 24. október 2022.

Efni: Frumvarp til laga um fjárlög 2023.

Vísað er til tölvubréfs Alþingis frá 19. október 2022 þar sem fjárlaganefnd Alþingis óskar eftir áliti Læknafélags Íslands (LÍ) á frumvarpi til laga um fjárlög 2023, 1. mál á 153. löggjafarþingi.

Á aðalfundi LÍ, sem haldinn var 14. október sl., var samþykkt eftirfarandi ályktun vegna frumvarps til fjárlaga 2023:

> Aðalfundur Læknafélags Íslands haldinn í Kópavogi 14. október 2022 lýsir yfir vonbrigðum með frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2023. Fyrir liggur að Ísland leggur minna af vergri landsframleiðslu til heilbrigðismála en önnur Norðurlönd.
>
> Hvað varðar liði um heilbrigðismál þá vantar fjármögnun raunverulegra breytinga eða nýjunga til þess að mæta þeim vandamálum sem heilbrigðisþjónustan á Íslandi stendur frammi fyrir nú og á næstu árum. Alvöru átak þarf til að mæta uppsöfnuðum vanda í kerfinu og þeim áskorunum sem við stöndum frammi fyrir með hratt vaxandi fjölda aldraðra, en þeim fjölgar nú um 4% á ári. Ljóst er að það þarf að hugsa áherslur upp á nýtt. Breyta þarf mörgu, endurskipuleggja einingar og koma með nýjungar til þess að mæta brýnni þjónustuþörf. Ef haldið er áfram að óbreyttu er hætta á að þjónustan versni áfram og að tvöfalt heilbrigðiskerfi nái að þróast enn frekar.

Á aðalfundinum var einnig samþykkt ákall til ríkisstjórnar Íslands vegna alvarlegs ástands í heilbrigðiskerfinu:

> Aðalfundur Læknafélags Íslands (LÍ), haldinn í Kópavogi 14. október 2022, ákallar ríkisstjórn Íslands vegna ríkjandi neyðarástands í heilbrigðiskerfinu.
>
> Aðgerðarleysi stjórnvalda, þrátt fyrir ítrekaðar aðvaranir, stefnir heilsu þjóðarinnar í hættu. Núverandi ástand er óboðlegt og hættulegt. LÍ krefst þess að tafarlaust verði ráðist í aðgerðir á margumræddum vanda, til þess að tryggja bestu mögulegu heilsu og öryggi sjúklinga, persónuvernd þeirra og mannlega reisn.
>
> Eins og ávallt lýsir LÍ sig reiðubúið til samstarfs við stjórnvöld um aðgerðir til lausnar á vandanum.

Þá var á fundinum samþykkt ályktun um samninga við sjálfstætt starfandi lækna:

> Aðalfundur Læknafélags Íslands haldinn í Kópavogi 14. október 2022 skorar á yfirvöld að ganga til samninga við sjálfstætt starfandi sérgreinalækna, með raunveruleg áform um að bæta og efla þjónustu við sjúkratryggða landsmenn.

Um leið og stjórn LÍ óskar eftir að koma á fund fjárlaganefndar Alþingis til að ræða frumvarp til laga um fjárlög 2023 vill stjórnin sérstaklega nefna eftirfarandi atriði sem hún hefur einkum áhyggjur af:

1. **Mönnun lækna í dreifbýli.** Eins og margsinnis hefur komið fram í fjölmiðlum á síðustu vikum og mánuðum er þegar mikill skortur á læknum úti á landi. Fjöldi lækna sem starfar í föstu starfi úti á landi á stutt í starfslok. Að óbreyttu stefnir því í algjört óefni í mönnun lækna á landsbyggðinni á næstu örfáu árum. Þetta kom glögglega í ljós í maí sl. þegar formaður LÍ fór í heimsókn á flesta staði á landsbyggðinni þar sem læknar eru í föstu starfi. LÍ hefur margsinnis vakið athygli fjármála- og efnahagsráðherra og heilbrigðisráðherra á þessa staðreynd og hvatt til þess að leitað yrði nýrra leiða til að laða lækna til fastra starfa í hinum dreifðu byggðum. LÍ hefur einnig bent á þessa staðreynd í kjaraviðræðum við samninganefnd ríkisins sem jafnoft hefur bent á að þetta mál verði ekki leyst í kjarasamningum. Stjórn LÍ telur að í frumvarpi til laga um fjárlög 2023 þurfi að setja afmarkaða fjárveitingu í þetta verkefni svo heilbrigðisráðuneytinu verði mögulegt að leggja sérstaka áherslu á mönnun lækna í dreifbýli á árinu 2023. Ályktun um þetta efni var samþykkt á fyrrnefndum aðalfundi LÍ 14. október sl. og fylgir hún hjálögð. Stjórn LÍ bendir á að í umsögnum margra landshlutasamtaka sveitarfélaga um frumvarp til fjárlaga 2023 er réttilega lýst miklum áhyggjum af fjármögnun grunnþjónustu eins og heilsugæslunnar. Stjórn LÍ tekur undir þær áhyggjur og telur mikilvægt að snúa hér vörn í sókn. Eftir að lög um heilbrigðisþjónustu tóku fyrst gildi 1. janúar 1974 var gerð gangskör að því að byggja upp net heilsugæslustöðva úti á landi. Sú uppbygging skilaði því að læknar réðu sig þangað til starfa með þeim árangri að aðgengi landsbyggðarinnar að heilsugæslulæknum var um tíma jafnvel betra en hér á höfuðborgarsvæðinu. Á síðustu árum hefur sigið alvarlega á ógæfuhliðina og engin merki eru um að ástandið breytist á næstunni nema gripið verði til sérstakra aðgerða. Heilsugæslan á að vera fyrsti viðkomustaður sjúklinga. Flestir sjúklingar leita til heilbrigðisþjónustunnar vegna þarfar þeirra á læknisþjónustu. Ef læknar eru ekki á heilsugæslustöðvum þá fá sjúklingar ekki þá þjónustu sem þeir þurfa. Stjórnvaldsaðgerða er því þörf, strax, áður en mönnun lækna versnar enn á landsbyggðinni. Aðgerðir af þessu tagi kosta fjármuni. Þá fjármuni þarf að tryggja í fjárlögum ársins 2023.
2. **Staða Landspítala.** Landspítalinn er stærsti vinnustaður lækna á landinu. Þó læknum hafi fjölgað þar á allra síðustu árum þá er nánast öll sú fjölgun vegna nýrra sérnámsleiða fyrir lækna, þ.e. fjölgunar lækna í sérnámi. Stöðugildum sérfræðinga á Landspítala hefur nánast ekkert fjölgað síðustu tíu ár. Auknir möguleikar á sérnámi lækna hér á landi eru mikilvægir fyrir heilbrigðiskerfið og sérstakt fagnaðarefni. Til viðbótar kemur að fjölgun sérnámslækna gerir mönnunarkeðju lækna hér á landi líkari því sem þekkist í nágrannalöndum okkar, þ.e. að mikilvægur hluti hennar eru læknar á mismunandi stað í sérnámi sínu. Fyrir aukningu sérnámsleiða hér á landi stoppuðu læknar stutt við eftir að læknanámi lauk. Þeir fóru fljótt í sérnám til annarra landa. Það liggur hins vegar fyrir að Landspítalinn fær ekki það fjármagn sem eðlilegt er að fylgi þessum nýju sérnámsleiðum og þeirri staðreynd að læknarnir eru í námi, þó þeir séu einnig launamenn. Þess í stað hefur Landspítalinn að mestu leyti þurft að fjármagna þetta sérnám af venjulegum rekstrarfjárveitingum sínum. LÍ hefur vakið athygli háskóla-, nýsköpunar- og iðnaðarráðherra, sem og heilbrigðisráðherra á þessari staðreynd og kallað eftir því að fjárveitingar Landspítalans verði hækkaðar til að

mæta þeim kostnaði sem fylgir sérnámi lækna, líkt og gert er alls staðar í þeim löndum sem við berum okkur saman við. Þar er algengast að stofnanir sem bjóða upp á sérnám lækna fái ákveðna fjárhæð með hverjum lækni, sem stundar sérnám á stofnuninni. Engu slíku er fyrir að fara hér á landi. LÍ telur mikilvægt að Landspítali fái á árinu 2023 og framvegis sérstaka fjárveitingu vegna sérnáms lækna þar sem tekið er tillit til þess kostnaðar sem fylgir sérnáminu, en sá kostnaður er umtalsverður. Jafnframt telur LÍ eðlilegt að skoðað verði aftur í tímann hvaða fjárveitingar hefði verið eðlilegt að Landspítalinn hefði fengið vegna þessa frá því að stofnað var til nýrra sérnámsbrauta upp úr árinu 2015 og að sá kostnaður verði bættur stofnuninni, t.d. í fjáraukalögum á næsta ári. Ekkert réttlætir að mati LÍ að þetta mikilvæga nýmæli í sérnámsmenntun lækna sé kostað af venjulegum fjárveitingum til Landspítala og skerði þar með getu spítalans til að sinna öðrum lögbundnum verkefnum hans. Á aðalfundi LÍ fyrir ári síðan var samþykkt ályktun vegna þessa, sem á sínum tíma var send Alþingi. Ályktunin fylgir hjálögð.

3. **Fjárveitingar vegna kaupa á leyfisskyldum lyfjum.** Landspítalinn hefur þegar rakið þær áhyggjur sem þar eru uppi vegna þessara mála, sbr. bréf spítalans dags. 6. október sl. til fjárlaganefndar Alþingis. Þar kemur fram að miðað við sömu forsendur og áætlun ársins 2022 gerir ráð fyrir megi áætla að heildarkostnaður leyfisskyldra lyfja á árinu 2023 verði 14.111,0 m.kr. Fjárveiting ársins 2023 samkvæmt frumvarpinu er 11.950,6 m.kr. sem þýðir að óbreyttu yfir tveggja milljarða fjárvöntun til þessa málaflokks á árinu 2023. Fjárlagafrumvarpið geri einungis ráð fyrir 2% raunvexti leyfisskyldra lyfja á árinu 2023 þó vöxturinn hafi að meðaltali verið 10% milli ára sl. fimm ár. Í áætlun Landspítala er tekið mið af áætluðum vexti mannfjölda samkvæmt mannfjöldaspá Hagstofu Íslands, áætluðum vexti vegna nýrra lyfja og áætlaðri magnaukningu sem mæld er í skilgreindum dagsskömmtum ákveðinna lyfja og lyfjaflokka. Landspítalinn bendir á að það sé ekki raunhæft að miða við einungis 2% raunávöxtun leyfisskyldra lyfja þegar aðrir þættir en grunnaukning mannfjölda hafa áhrif á kostnað og notkun leyfisskyldra lyfja. Fjárlagafrumvarpið gefi lyfjanefnd Landspítala ekkert svigrúm til að taka ný lyf í notkun á árinu 2023 og fjárveitingar, verði þeim ekki breytt við meðferð fjárlaganefndar Alþingis á frumvarpi til laga um fjárlög 2023 muni varla nægja til að viðhalda í öllum tilvikum lyfjameðferð sem þegar er hafin. Stjórn LÍ tekur heils hugar undir athugasemdir Landspítala vegna þessa og lýsir eindregnum stuðningi við þær.
4. **Öldrun þjóðar.** Það hefur lengi legið fyrir að þjóðin eldist nú hratt og verður það óbreytt næstu ár og áratugi. Stjórn LÍ sér ekki mikil merki viðbragða vegna þessa í fjárlagafrumvarpi 2023. Svokallaður fráflæðisvandi Landspítalans tengist vaxandi öldrun og skorti á hjúkrunarrýmum og öðrum úrræðum fyrir aldraða utan spítala. Á hverjum tíma er stór hópur sjúklinga Landspítalans aldraðir einstaklingar sem búið er að veita alla mögulega þjónustu af hálfu Landspítala en sem ekki er hægt að útskrifa því viðkomandi einstaklingur getur ekki útskrifast heim og viðeigandi hjúkrunarrými skortir. Það þarf vart að útskýra fyrir fjárlaganefnd Alþingis hversu kostnaðarsamt það er fyrir Landspítala að þar séu á hverjum tíma aldraðir einstaklingar sem ekki þurfa frekari læknisþjónustu hjá stofnuninni en ekki er hægt að útskrifa vegna skorts á hjúkrunarrýmum. Dýrasta legurýmið á landinu er notað í stað þess að hægt sé að útskrifa viðkomandi í húsnæði við hæfi, sem einnig er talsvert kostnaðarminna fyrir kerfið. Á sama tíma er dregið úr getu Landspítalans til að sinna þeim sjúklingahópum sem þurfa á bráðri þjónustu að halda með tilheyrandi

afleiðingum t.d. fyrir biðlista eftir aðgerðum. Hér á landi er það ríkissjóður sem ber meginábyrgðina á kostnaði við byggingu hjúkrunarrýma aldraðra. Víða erlendis er sú ábyrgð hjá öðrum, s.s. sveitarfélögum. Þannig er það t.d. í Svíþjóð. Þar eru reglur með þeim hætti að geti sveitarfélag ekki tekið við einstaklingi, sem tilbúinn er til útskriftar af sjúkrahúsi þá fer sveitarfélagið frá þeim tíma að greiða daggjaldið sem það kostar að vista viðkomandi í dýrustu tegund af sjúkrahúsrými. Stjórn LÍ hefur bent heilbrigðisráðherra á að hér eigi að koma upp því kerfi að þegar ekki er hægt að útskrifa einstakling vegna skorts á hjúkrunarrými eigi Landspítalinn og aðrar heilbrigðisstofnanir í sömu stöðu að senda fjármála- og efnahagsráðuneytinu reikninginn þangað til útskrift verður möguleg. Fyrr finnur ríkissjóður ekki fyrir því hversu kostnaðarsamt það er að hraða ekki uppbyggingu hjúkrunarrýma fyrir aldraða og að hjúkrunarsjúklingar eru vistaðir á röngum stað í kerfinu. Hvatann fyrir fjármála- og efnahagsráðuneytið til að byggja ný hjúkrunarrými vantar en með breyttu fyrirkomulagi myndi hann væntanlega raungerast. Núverandi ástand er óþolandi og lausnir þarf að finna strax. Elstu borgarar þessa lands eiga það inni hjá stjórnvöldum að vel sé að þeim búið á ævikvöldi, þeim sé tryggt húsnæði við hæfi og ekki sé sífellt verið að vísa til þeirra sem hluta af fráflæðisvanda Landspítalans. Á þeim vanda bera stjórnvöld ábyrgð, ekki aldraðir.

5. **Leiðir til að laða lækna til starfa hér á landi.** Fyrir liggur að nokkur hundruð læknar hafa ílenst í útlöndum eftir að sérnámi þeirra lauk. Fyrir því eru ýmsar ástæður, m.a. þær að Landspítalinn, sem er stærsti vinnustaður lækna hér á landi, er að margra mati ekki aðlaðandi vinnustaður fyrir lækna. Sama má segja um heilsugæsluna, eins og að framan er rakið. Mannekla lækna er orðin mikil sem þýðir að vinnuálag á lækna vex stöðugt og vaktabyrði er mikil. Nýjar kynslóðir lækna vilja ekki það vinnuálag sem eldri kynslóðir hafa sætt sig við. Yngri læknar vilja meira jafnvægi milli vinnu og fjölskyldulífs en hingað til hefur verið hlutskipti lækna. Óvægin gagnrýni vegna óvæntra atvika í heilbrigðisþjónustu hræðir lækna, m.a. vegna þeirra takmarkana sem trúnaðar- og þagnarskylda þeirra setur þeim á að leiðrétta það sem ranglega er farið með. Læknar upplifa sig berskjaldaða í þessari stöðu. LÍ hefur fengið dæmi um lækna sem ákveðið hafa að hætta að starfa við lækningar stuttu eftir útskrift. Þessi staða og þróun er síst til þess fallin að fjölga læknum og draga úr þeim mönnunarvanda lækna sem þegar blasir við, í dreifbýli, á Landspítala, í heilsugæslunni í þéttbýli. LÍ telur hluta þessa vanda vera þann að eftirlitsaðilinn með heilbrigðisþjónustunni, embætti landlæknis, er einnig sá aðili sem lög fela að rannsaka óvænt atvik. Þetta telur LÍ úrelta stjórnsýslu og kallar eftir því að stofnuð verði sérstök rannsóknarnefnd óvæntra atvika í heilbrigðisþjónustu eins og í áratugi hefur verið starfandi vegna samgönguslysa. Þar með gæti embætti landlæknis einbeitt sér að meginhlutverki sínu, sem er að hafa eftirlit með heilbrigðisþjónustunni. Full ástæða er til að því hlutverki sé betur sinnt af hálfu embættis landlæknis. Stjórn LÍ telur að finna þurfi leiðir til að laða íslenska lækna sem lokið hafa sérnámi, en sem enn eru í vinnu í útlöndum, til að koma aftur heim. Kanna þarf hvað þarf til að læknar vilji koma heim, þó stjórn LÍ telji að margt af því sem þegar hefur hér verið nefnt, sé skýring á því að þeir vilja ekki koma, s.s. ástandið á heilbrigðisstofnunum, manneklan, samningsleysið við Sjúkratryggingar Íslands, sem nú hefur staðið í nærri því fjögur ár. Því tengt er að aðgengi að sjálfstæðu starfi á stofu var takmarkað 2015 með þeim afleiðingum að erfitt hefur reynst fyrir lækna sem koma heim að opna eigin starfsstofu. Afleiðingarnar eru vaxandi bið eftir þjónustu sérgreinalækna á

stofum því þeim hefur vegna aldurs fækkað mjög í mörgum sérgreinum. Setja þarf eyrnamerkta fjárveitingu til heilbrigðisráðuneytisins til að það geti í samvinnu við heilbrigðisstofnanir og LÍ ráðist í vinnu árið 2023 til að laða með markvissum hætti íslenska lækna í útlöndum til að snúa heim aftur. LÍ hefur í bréfi til heilbrigðisráðherra lýst sig tilbúið til samstarfs um þetta verkefni, oftar en einu sinni, fyrst 2015 og aftur sl. sumar.

Áréttuð er ósk stjórnar LÍ um fund með fjárlaganefnd Alþingis til að ræða þessi mál sem hér eru rakin.

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar LÍ,

Steinunn Þórðardóttir

Steinunn Þórðardóttir,
formaður.

Hjálagt:
Ályktanir aðalfunda LÍ, sem vísað er til í bréfinu.

Aðalfundur Læknafélags Íslands
14. október 2022

Ályktun
um heimilislækningar í dreifbýli

Aðalfundur Læknafélags Íslands haldinn í Kópavogi 14. október 2022 minnir á að stöðugleiki í mönnun heilsugæslunnar er nauðsynlegur svo hún geti staðið undir margþættu og mikilvægu hlutverki sínu. Mikill skortur er á fastráðnum læknum í dreifbýli og ekki horfur á að batni nema með öflugum aðgerðum af hálfu stjórnvalda. Aðalfundur skorar á ríkisstjórn Íslands og fjármála- og efnahagsráðuneytið að bæta skilyrði fyrir stöðugleika í mönnun lækna í dreifbýli og vinna þannig að því að tryggja öllum landsmönnum sínn heimilislækni.

Aðalfundur Læknafélags Íslands
29. - 30. október 2021

Ályktun
um fjármögnun sérnáms lækna

Aðalfundur Læknafélags Íslands haldinn í Reykjavík 29. - 30. október 2021 skorar á heilbrigðisráðherra að skilgreina fjármögnun hvers stöðugildis læknis í viðurkenndu sérnámi og sú fjármögnun fylgi hverjum lækni óháð annarri fjármögnun heilbrigðisþjónustu.

Greinargerð

Sérnám í læknisfræði á Íslandi hefur þróast hratt á undanförnum árum. Nú er sérnám veitt í flestum grunngreinum lækninga á Íslandi í samræmi við alþjóðleg gæðaviðmið. Sérnámslæknum á Íslandi hefur fjölgað um að minnsta kosti 40% frá árinu 2015, og enn meir ef aðeins er horft til viðurkennds sérnáms. Þetta er afar jákvæð þróun, sem stuðlar að bættri þjónustu við sjúklinga og mönnun til framtíðar.

Kostnaður sem tengist sérnámi lækna felst að langmestu leyti í launakostnaði sérnámslækna, auk handleiðara, kennslustjóra og mats- og hæfisnefndar. Fjárveitingar til sérnáms eru illa skilgreindar innan daglegs rekstrar hlutaðeigandi stofnana. Nauðsynlegt er að eyrnamerkja fjármagn til sérnáms lækna til að tryggja að tímabundnar sveiflur í rekstri íslenskra heilbrigðisstofnana hafi ekki ófyrirsjáanleg áhrif á mönnun heilbrigðiskerfisins á næstu áratugum.

Lögreglustjórinn á Norðurlandi vestra
Suðurgötu 1
550 Sauðárkróki

Sauðárkróki, 21. nóvember 2022
Tilvísun: 202211-0014

Fjárlaganefnd Alþingis
Kirkjustræti
101 Reykjavík

Efni: Beiðni um afskrift neikvæðrar fjárfestingarstöðu hjá embætti lögreglustjórans á Norðurlandi vestra

Með bréfi þessu er þess farið á leit að andlag neikvæðrar fjárfestingarstöðu embættis lögreglustjórans á Norðurlandi vestra (LNV) verði afskrifað. Fjárfestingarstaðan er neikvæð sem nemur um 24,4 milljónum króna miðað við núverandi stöðu í bókhaldi embættisins.

Undirritaður tók við sem lögreglustjóri á Norðurlandi vestra um miðjan júlí 2021. Við það tímamark var rekstur embættisins í viðunandi horfi þrátt fyrir uppsafnaðan rekstrarhalla fyrir um 8 m.kr., sem náðst hefur að vinna niður. Aftur á móti var staða fjárfestinga neikvæð. Nánar tiltekið hafði rekstrarárin 2018, 2019 og 2020 verið farið fram úr fjárfestingarframlagi og var staðan sú að fjárfestingarheimild LNV var neikvæð sem nam um 32 m.kr. Hafði þetta m.a. áhrif á efnahag embættisins. Við nánari greiningu virtist þetta m.a. eiga rætur að rekja til framkvæmda við lögreglustöðina á Sauðárkróki sem ráðist var í árið 2019. Í þessu skyni setti ég mig í samband við tengilið embættisins hjá Framkvæmdasýslunni – Ríkiseignum (FSRE) sem umsjón hafði með framkvæmdunum. Sú könnun leiddi í ljós að nokkuð fljótlega eftir að framkvæmdir hófust lá fyrir að þær yrðu kostnaðarsamari en gert hafði verið ráð fyrir og mun FSRE m.a. hafa á það bent og beinlínis neitað að taka þátt í frekari kostnaði sem af hlytist. Þá fór ég yfir fjárfestingar embættisins, einkum vegna áranna 2019 og 2020. Það sem þar vakti athygli mína voru fjárfestingar vegna ársins 2020, en á því ári var fjárfest fyrir húsgögn, innréttingar og innanstokksmuni um 16,8 m.kr. Þess má geta að fjárfestingarframlag til embættisins það ár var 10 m.kr.

Er þetta einkum bagalegt í ljósi þess að mér varð snemma ljóst, eftir að ég tók við embætti lögreglustjóra, að ýmsu virtist vera ábótavant varðandi búnað og tæki og að fjárfesta þyrfti í búnaði og tækjum á komandi árum, ef vel ætti að vera. Á þeim tíma lá fyrir að ekki var til staðar hjá embættinu búnaður til þess að taka upp skýrslur í hljóði og mynd, eins og skylt er, og var embættið eina lögregluembætti landsins sem ekki hafði slíkan búnað. Þá stóðust búkmyndavélar embættisins ekki þær kröfur sem gerðar eru til vörslu gagna sem t.d. kunna að hafa sönnunargildi í sakamálum m.t.t. til rekjanleika gagna og upplýsingaöryggis. Embættið hafði ekki yfir að ráða þeim skotvopnum sem nauðsynleg eru, en slíkt er einkum bagalegt í ljósi síðari atburða, og bifreiðar embættisins voru ekki búnar fullnægjandi búnaði til þess að geyma skotvopn nema að litlu leyti. Loks hafði embættið ekki yfir að ráða flygildi (dróna) sem nýtist við rannsóknir sakamála, leit og björgun og almannavarnir. Þrátt fyrir framangreint er þó rétt að taka fram að margt hafði verið vel gert í rekstri embættisins.

Af þessu tilefni var athygli dómsmálaráðuneytisins vakin á fjárhagsstöðu embættisins með vísan til laga um opinber fjármál nr. 123/2015, sbr. einkum 35. gr. laganna. Þetta gerði ég með bréfi til ráðuneytisins í október 2021. Þá var óskað eftir því við embætti ríkislögreglustjóra að úttekt yrði gerð á búnaði, tækjum, mannafla og öryggismálum embættis LNV í september 2021. Hvað fyrra erindið varðar kom fram hjá dómsmálaráðuneytinu að erfitt væri að aðhafast nokkuð vegna málsins og/eða leiðrétta neikvæða fjárfestingarstöðu embættisins. Til þess skorti

bolmagn og úrræði að lögum. Hvað síðara erindið varðar var því hafnað að gera slíka úttekt með þeim rökum að ekki væru gerðar slíkar úttektir af hálfu ríkislögreglustjóra. Aftur á móti kom fram að til stæði að gera mat á viðbúnaði innan umdæmisins þar sem fjallað yrði um þessi atriði. Af því tilefni hefur farið fram úttekt á þeim þáttum og liggja fyrir drög að skýrslu um mat á viðbúnaði embættis LNV frá október 2022. Niðurstaða þeirrar úttektar er í samræmi við það sem að framan er rakið og ábótavant er.

Undirritaður hefur m.a. verið inntur eftir skýringum af hálfu dómsmálaráðuneytisins hvernig hann hyggst leysa úr þeirri stöðu sem uppi er vegna neikvæðra fjárfestinga embættisins. Hef ég í því skyni greint frá því að ekki séu aðrar leiðir en að vinna heimildina niður með því að fullnýta ekki heimild innan árs, en fjárfestingarheimildir færast á milli ára. Fyrir liggi aftur á móti að þetta geti tekið allmörg ár. Í dæmaskyni má nefna að fjárfestingarheimild embættisins fyrir árið 2021 var 7,5 m.kr. og fjárfestingarheimild vegna ársins 2022 er 7,9 m.kr. Af fjárfestingarheimild 2021 var 5,9 m.kr. ráðstafað og af fjárfestingarheimild vegna þessa árs hefur rúmlega 4 m.kr. verið ráðstafað. Nánar tiltekið hefur verið fjárfest í búnaði til að taka upp skýrslur í hljóði og mynd, búkmyndavélum, skotvopnum, flygildi, handjárnum og öryggishjálmum. Þá er fyrirhugað að fjárfesta í skotvopnum í lok árs fyrir um 2 m.kr.

Þá liggur fyrir að fjárfestingarþörf embættisins er talsverð og þarf m.a. að fjárfesta í skotvopnum og skotvopnakössum í lögreglubifreiðar fyrir um 6 m.kr. á næsta ári. Þá er fyrirhugað að endurnýja lögreglubifreiðar en talsverður kostnaður fylgir því að búa lögreglubifreið tækjum og búnaði. Loks er fyrirhugað að fjárfesta í búnaði og tækjum til þess að koma upp aðstöðu fyrir almannavarnir í umdæminu. Er ljóst að ef ekki komi til sérstakra aðgerða mun embættið ekki geta með viðunandi hætti tryggt að það búi yfir búnaði og tækjum sem nauðsynleg eru við löggæslu umdæmisins. Tekið skal fram að sú leið er væntanlega tæk að minnka rekstrarframlag til embættisins tímabundið og hækka fjárfestingarframlag á móti, gagngert til að komast í gegnum vandann. Rekstur embættisins þolir aftur á móti ekki slíka aðgerð að mínu mati og þyrfti af því tilefni að fækka starfsfólki.

Fjárfestingarstaða LNV er neikvæð um nemur um 24,4 m.kr. Reikna má með að hún batni eilítið fyrir árslok þar sem 5,3 m.kr. af ársheimild, 7,9 m.kr., hefur verið tekjufærð. Enn á þó eftir að gjaldfæra skotvopn fyrir 2 m.kr. sem munu verða afhent síðar árinu, sem áður segir.

Er þess óskað að neikvæð fjárfestingarstaða embættisins verði afskrifuð miðað við núverandi stöðu í bókhaldi sem nemur 24,4 m.kr.

Um leið og þessa er óskað lýsi ég mig reiðubúinn að veita allar frekari upplýsingar og aðgang að gögnum sem varpað geta ljósi á það sem að framan hefur verið fjallað.

Virðingarfyllst,

Birgir Jónasson,
lögreglustjóri á Norðurlandi vestra.

Nefndasvið Alþingis
b.t. fjárlaganefndar
nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 10. október 2022

Efni: Umsögn um frumvarp til fjárlaga árið 2023, 1. mál

Mannvirki – félag verktaka og Félag vinnuvélaeigenda (hér eftir „félögin“) hafa tekið til umsagnar frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2023, 1. mál. Með umsögn sinni vilja félögin varpa ljósi á væntanlegan samdrátt í fjárútlátum ríkisins árið 2023 til viðhalds- og nýframkvæmda á samgönguinnviðum.

Það er mat félaganna að fjárfesting í efnislegum innviðum leggi grunn að hagvexti framtíðarinnar en fjárfestingar í innviðum ættu ávallt að fylgja þörfum atvinnulífsins og borgara landsins. Með fjárfestingu í innviðum, þ. á m. samgönguinnviðum, verður til verðmætasköpun í hagkerfinu sem skila auknum tekjum í ríkissjóðs. Auknar tekjur ríkissjóðs leiða svo til bættrar stöðu ríkisfjármála. Með reglulegu viðhaldi og nýframkvæmdum innviða er að sama skapi komið í veg fyrir enn meiri viðhaldskostnað síðar. Viðhald vegakerfisins og mannvirkja sem er í takti við þörf er til þess fallið að auka öryggi, draga úr slysum og bjarga mannslífum.

Samkvæmt skýrslu Samtaka iðnaðarins og Félags ráðgjafarverkfræðinga, Innviðir á Íslandi 2021 – ástand og framtíðarhorfur[1], er staða margra innviða hér á landi slæm vegna þess að viðhaldi þeirra hefur ekki verið sinnt sem skyldi á síðustu árum. Dæmi um þetta eru vegir og brýr en þeir innviðir fá ástandseinkunina tvo af fjórum mögulegum sem merkir að þeir eru í slæmu ástandi. Mikil uppsöfnuð viðhalds- og nýfjárfestingarþörf er í vegakerfinu.

Það er á ábyrgð ríkisins að þeirri viðhaldsþörf sé mætt á allra næstu árum en hér ber til þess að líta að frumvarpið gerir ráð fyrir lækkun fjárheimilda til samgönguinnviða um rúma 2.8 ma.kr. frá núgildandi fjárlögum ársins 2022. Framangreindur samdráttur tekur ekki til almennra verðlagsbreytinga en þær nema samkvæmt frumvarpinu um rúmum 1 ma.kr. Samkvæmt aðhaldskröfu stjórnvalda í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að hlutdeild málaflokksins nemi 690 m.kr. en svo skuli 3 ma.kr. færast frá árinu 2023 til ársins 2024.

Með vísan til framangreindrar samantektar úr frumvarpi til fjárlaga ársins 2023 hafa félögin verulega áhyggjur af væntum samdrætti í fjárfestingum ríkisins í innviðum landsins, þ. á m. samgönguinnviðum, sér í lagi vegakerfinu. Félögin hafa áhyggjur af því að ríkið stefni í frekari viðhaldsskuldasöfnun umfram úttekt framangreindrar skýrslu Samtaka iðnaðarins og Félags ráðgjafarverkfræðinga og að framundan sé tímabil þar sem þörfum efnahagslífsins fyrir innviðauppbyggingu verði ekki mætt, nema að hluta til.

Með hliðrun fjármuna milli ára í tilraun ríkisins til að draga úr þenslu og stemma stigu við áframhaldandi verðbólgu er verið að skapa óstöðugt starfsumhverfi fyrir markaðinn. Markaðurinn krefst stöðugleika og samfellu í uppbyggingu innviða til að geta mætt kröfum ríkisins til viðhalds og nýframkvæmda þeirra.

[1] https://www.si.is/starfsemi/innvidir-a-islandi-astand-og-framtidarhorfur/

Þá ber hér einnig að hafa í huga að um þessar mundir eru fyrirtæki landsins að huga að kostnaðarsömum fjárfestingum sem lúta að umhverfisvænni tækjabúnaði í viðleitni sinni til að mæta kröfum ríkis og stjórnvalda um umhverfisvænni framkvæmdir og mannvirki í samræmi við loftlagsmarkmið stjórnvalda.

Einnig mun boðaður niðurskurður leiða til þess að mikilvæg samgönguverkefni á stofnvegum kringum höfuðborgarsvæðið, til að mynda framkvæmdir á Reykjanesbraut, verði frestað áfram. Mörg þeirra eru tímafrek og tæknilegs eðlis, t.a.m. brúarsmíði við Arnarnesveg og við breikkun Reykjanesbrautar við Straumsvík auk fergingar vegna verkefna á Kjalarnesi, sem lengir framkvæmdatíma einstakra verkefna töluvert. Í þeim tilvikum mætti vel skipta verkefnunum upp að því leyti að tryggt verði fjármagn til að bjóða út og hefja slík verkefni á tímafrekum og tæknilegum hluta þeirra árið 2023 og þeim lokið síðar á útboðum á jarðvinnu og slitlagi á árunum þar á eftir. Að mati félaganna er mikilvægt í þessum efnum að forgangsraða með tilliti til þeirra verkefna sem eru að skila hvað mestum þjóðhagslegum ávinningi.

Þá vilja félögin einnig varpa ljósi á mótsagnarkennda nálgun frumvarpsins til fjárlaga 2023 við drög að umferðaröryggisáætlun 2023-2027 [2] sem til umsagnar er um þessar mundir. Samkvæmt drögum umferðaröryggisáætlunarinnar skal stefnan byggð á þriggja þátta nálgun um umferðaröryggi; öruggari vegfarendur, öruggari vegir og öruggari ökutæki. Að mati félaganna verður ekki séð hvernig frumvarp það sem til umsagnar er til fjárlaga 2023 samræmist stefnu draga umferðaröryggisáætlunarinnar um öruggari vegfarendur og vegi þegar lagt er til samdrátt í útgjöldum til viðhalds samgönguinnviða, líkt og vegakerfisins og uppbyggingu nýrra vegamannvirkja sem brýn nauðsyn er á um þessar mundir líkt og áður hefur verið bent á í umsögn þessari.

Með vísan til framangreinds skora Mannvirki – félag verktaka og Félag vinnuvélaeigenda á fjárlaganefnd að draga til baka boðaðan samdrátt í fjárútlátum ríkisins til viðhalds og nýframkvæmda innviða en jafnframt horfa til þess að auka fjárheimildir til þeirra verkefna frá því sem verið hefur, til að koma í veg fyrir frekari skuldasöfnun í íslensku vegakerfi.


Virðingarfyllst,

Bjartmar Steinn Guðjónsson,
viðskiptastjóri á mannvirkjasviði SI

[2] https://samradsgatt.island.is/oll-mal/$Cases/Details/?id=3286

Ferðaþjónustan stefnir í að verða meginútflutningsgrein hagkerfisins á ný eftir mikinn samdrátt síðustu ár.


- Útflutningstekjur af erlendum ferðamönnum jukust verulega milli ára á fyrri hluta ársins og námu um 10% heildarútflutningstekna þjóðarbúsins.
- Miðað við gott gengi ferðaþjónustunnar í sumar má gera ráð fyrir að hlutfall ferðaþjónustunnar í útflutningstekjum fyrir árið í heild verði mun hærra.



Heimild: Hagstofa Íslands

Kröftug viðspyrna í ferðaþjónustu í sumar

- Á tímabilinu maí til ágúst voru brottfarir erlendra ferðamanna frá Keflavíkurflugvelli um 95% af fjöldanum í sömu mánuðum árið 2019.
- Hótelgistinóttum hefur fjölgað verulega á síðustu mánuðum samhliða mikilli fjölgun ferðamanna. Samkvæmt tölum Hagstofunnar voru gistinætur á hótelum í ágúst alls 597.800 og jókst hótelgisting í öllum landshlutum samanborið við ágúst 2021.



Menningarfélag Akureyrar
Strandgata 12
600 Akureyri

Menningarfélag Akureyrar

B.t. Menningar- og viðskiptaráðherra,

Lilju Alfreðsdóttur

Erindi:

Beiðni um 20 m.kr. aukafjárveitingu til Menningarfélags Akureyrar í kjölfar aukins kostnaðar hjá félaginu vegna kórónufaraldursins.

Vegna áhrifa heimsfaraldurs hefur Menningarfélag Akureyrar líkt og Þjóðleikhúsið orðið fyrir tekjufalli og auknum rekstrarkostnaði vegna tilfærslu á verkefnum þá sérstaklega hjá Leikfélagi Akureyrar og Sinfóníuhljómsveit Norðurlands á starfsárinu 2021-2022. Eins hefur komið til verulegs viðbótarkostnaður vegna sóttvarna og öryggis við framkvæmd sýninga og tónleika til þess að hægt hafi verið að starfa í samræmi við samkomutakmarkanir hverju sinni.

Starfsfólk Menningarfélagsins hefur staðið sig afskaplega vel við að aðlaga starfsemina við mjög erfiðar aðstæður og hefur verið reynt að hagræða eins og möguleiki hefur verið til.

Það er hlutverk Menningarfélagsins að skapa störf í skapandi greinum og menningarleg verðmæti. Fyrir faraldurinn var eigið fé félagsins jákvætt en með aukinni birgði síðustu ára er eiginfjárstaða félagsins orðin neikvæð og ef ekki er brugðist við með auka fjármagni er hætta á að þessi fjárhaglegu áhrif hafi áhrif á starfsemi félagsins til næstu ára.

Með vinsemd og virðingu

Preben Jón Pétursson

Stjórnarformaður Menningarfélags Akureyrar

Eva Hrund Einarsdóttir

Framkvæmdarstjóri

Fjárlaganefnd Alþingis
Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir, formaður

Hörgársveit 16. nóv. 2022

Umsókn

Með tilvísun í þingsályktunartillögu nr. 22/146 sem samþykkt var á Alþingi þann 31.05.2017 sækir stjórn Menningarfélagsins Hrauns í Öxnadal hér með um fjárstyrk frá ríkissjóði til að stuðla að uppbyggingu að Hrauni í Öxnadal til að heiðra minningu þjóðskáldsins Jónasar Hallgrímssonar eins og segir í samþykkt Alþingis.

Í kjölfarið af heimsókn fulltrúa ráðuneyta menningar- og umhverfismála að Hrauni í Öxnadal þann 4. júní 2021 óskum við eftir fjárstuðningi samtals að upphæð kr. 15.000.000,- við þrjá verkefnaliði á árinu 2023 sem þar voru m.a. ræddir og tilgreindir eru í stefnu stjórnar Menningarfélagsins Hrauns og aðgerðaráætlun.

1. Ráðning verktaka sem verkefnisstjóra á árinu 2023 sem hefði með höndum að fylgja eftir þeim verkefnum sem fyrir liggja í uppbyggingu og rekstri menningarseturs Jónasar Hallgrímssonar að Hrauni, þar með talið menningartengdum viðburðum sem og frumkvæði við gerð deiliskipulags og framkvæmda fyrir jörðina Hraun og fólkvanginn að Hrauni. Sótt er um styrk að upphæð kr. 7.000.000,- til þessa verkefnis.

2. Vinnu við deiliskipulag á árinu 2023 fyrir jörðina Hraun, fólkvang og Jónasarlund sem eina heild. Skipulagið verði unnið í samstarfi við sveitarfélagið Hörgársveit, Umhverfisstofnun og Skipulagsstofnun ásamt því sem leitað verður eftir áliti og innleggi frá nærsamfélagi. Sótt er um styrk að upphæð kr. 4.000.000,- til þessa verkefnis.

3. Aðkallandi viðhaldsverkefni á árinu 2023 við íbúðarhúsið og annan húsakost að Hrauni, heimreið að Hrauni og bílastæði og ekki síst merkingar bæði við þjóðveg 1 og heima að Hrauni. Sótt er um styrk að upphæð kr. 4.000.000,- til þessa verkefnis.

Stjórn Menningarfélagsins Hrauns óskar jafnframt eftir að undirbúinn verði samningur milli félagsins og ríkisins til frambúðar þar sem tryggður verði áframhaldandi fjárstuðningur ríkisins. Slíkur samningur yrði gerður í því skyni að samstarf væri milli eiganda jarðarinnar Hrauns í Öxnadal og ríkisins um fjármögnun og framkvæmd uppbyggingarinnar svo og um framtíðarskipulag starfsemi til heiðurs Jónasi í samræmi við samþykkt Alþingis. Samningurinn myndi hafa skírskotun í stefnumótun Menningarfélagsins Hrauns og aðgerðaráætlun sem samþykkt var af stjórn á árinu 2020.

Ef einhverra frekari upplýsinga er óskað, ekki hika við að hafa samband.

Með von um jákvæðar undirtektir.

f.h. stjórnar Menningarfélagsins Hrauns í Öxnadal

Snorri Finnlaugsson, framkvæmdastjóri

MIÐSTÖÐ ÍSLENSKRA BÓKMENNTA
ICELANDIC LITERATURE CENTER

Fjárlaganefnd Alþingis, Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir

Efni: Miðstöð íslenskra bókmennta

Eitt meginhlutverk Miðstöðvar íslenskra bókmennta er að stuðla að aukinni útbreiðslu íslenskra bókmennta erlendis auk þess að efla og styrkja bókmenningu innanlands með ýmsum hætti.


Nú er svo komið að framlag á fjárlögum til Miðstöðvar íslenskra bókmennta hefur lækkað að raungildi um 20 mkr á undanförnum 5 árum og engar verðbætur verið á fjárframlagið, allt frá stofnun Miðstöðvarinnar árið 2013.

Íslenskar bókmenntir njóta mikillar velgengni og vinsælda víða um heim og eru þýðingastyrkir sem Miðstöðin veitir einn mikilvægasti þátturinn í útgáfu þeirra erlendis. Umsóknum um þá styrki fer sífellt fjölgandi og hafa aldrei verið fleiri, en erfitt er að mæta þörfinni vegna fjárskorts.

Ef svo heldur fram sem horfir, stefnir í glötuð tækifæri fyrir íslenskar bókmenntir, rithöfunda og íslenska menningu í heild.

Í ljósi framangreinds óskum við eftir hækkun framlags fyrir 2023 að upphæð kr. 15m til að geta stutt af krafti við vaxandi eftirspurn íslenskra bókmennta erlendis.

Virðingarfyllst f.h. Miðstöðvar íslenskra bókmennta,



Sigtryggur Magnason,

stjórnarformaður

og



Hrefna Haraldsdóttir,

framkvæmdastjóri

Minjastofnun Íslands

The Cultural Heritage Agency of Iceland

Núpsstaður í Fljótshverfi

Saga og varðveislugildi


Pétur H. Ármannsson - ágúst/nóvember 2022

Núpsstaður er austasti bær í Skaftárhreppi og sá staður í Fljótshverfi sem næst liggur Skeiðarársandi. Jörðin er landmikil, nær frá Vatnajökli og niður að sjó. Innan marka hennar eru þjóðkunnar náttúruperlur á borð við Lómagnúp, Grænalón og Núpsstaðarskóga. Núpsstaður var ætíð í alfaraleið milli landshluta en komst í fjölfarna þjóðbraut með opnun vegarins um Skeiðarársand árið 1974. Munnmæli eru um að bærinn hafi í öndverðu og fram á 14. öld staðið austan við Lómagnúp á Selflötum, en verið fluttur á núverandi stað vegna náttúrhamfara.[1] Bærinn stendur nú í sléttu aflíðandi túni sem hallar til suðurs en að baki honum gnæfir bratt, hömrum girt fjall. Frá bæjarhlaðinu er stórbrotin sýn að Lómagnúpi og austur á Skeiðarársand. Núpsstaður er nú í eyði en samfelld búseta var á staðnum fram til ársins 2010. Bærinn var í ábúð sömu ættar frá því um 1730. Frá Núpsstað var veitt fylgd yfir jökulvötnin miklu á Skeiðarársandi á tímum hestaferða. Heimildir eru um kirkju á Núpsstað allt frá árinu 1200. Við bæinn stendur torfhlaðið bænhús af fornri gerð. Bænhúsið á Núpsstað er minnst þeirra torfkirkna sem varðveist hafa hér á landi og var fyrsta torfhúsið sem tekið var á fornleifaskrá árið 1931.

Á Núpsstað er ein heillegasta þyrping bæjarhúsa frá seinni hluta 19. aldar sem varðveist hefur hér á landi, alls fimmtán uppistandandi útihús úr torfi og grjóti auk bænhúss, íbúðarhúss úr timbri og rústa af fjórum útihúsum. Bæjarhúsin ásamt tröðum, hlöðnum túngörðum og öðrum búsetuminjum fyrri tíðar mynda einstæða og lítt snortna minjaheild. Gildi staðarins felst ekki síst í samspili menningarminja og stórbrotins landslags, í innbyrðis afstöðu húsanna og mögnuðum andstæðum hinna lágreistu torfbygginga og hrikalegra klettanna sem gnæfa yfir bænum.

Við tröðina heim að Núpsstað standa tvö stakstæð hesthús (bílskúr, áður Syðstahesthús og Flatasteinshesthús) ásamt rústum af öðrum tveimur hesthúsum (Stórahesthús og Efstahesthús). Önnur bæjarhús eru í tveimur samsíða röðum. Neðri (syðri) húsaröðin snýr stöfnum að bæjarhlaði. A-Syðst eru tvær skemmur, þá smiðja, fjós og loks íbúðarhús. Í efri (nyrðri) húsaröðinni eru þrjár uppistandandi hlöður og rústir hinnar fjórðu, auk dæluhúss (rafstöðvar) og geitakofa. Í túninu austan við bæjartorfuna eru tvö lambhús (Eystra- og Vestralambhús). Veggir útihúsanna eru tvíhlaðnir

[1] Gísli Gestsson (1969), bls. 42.



Hús 1 Bílskúr
Hús 2 Hesthús
Hús 3 Hesthús
Hús 4 Flatasteinshesthús
Hús 5 Hænsnakofi
Hús 6 Geitakofi
Hús 7 Vestralambhús
Hús 8 Eystralambhús
Hús 9 Hlaða
Hús 10 Dæluhús
Hús 11 Hlaða
Hús 12 Hlaða
Hús 13 Hlaða (Baðstofuhlaða)
Hús 14 Hlóðaeldhús
Hús 15 Skemma (Hjallur)
Hús 16 Skemma
Hús 17 Smiðja
Hús 18 Fjós
Hús 19 Íbúðarhús
Hús 20 Bænhús

BÆJARHÚSIN Á NÚPSSTAÐ Í FLJÓTSHVERFI
Útsetningar á mælilínum og athugun á húsum
YFIRLITSKORT MKV. 1:1000
20. nóvember 2002

Teiknistofan Skólavörðustíg 28 sf., 101 Reykjavík
s: 552 1760, f: 562 1687, netf: tsk28sf@simnet.is

Mæling af umhverfi bæjarhúsa var gerð með aðstoð Gísla Óskarssonar mælingamanns 22. og 23. október 2002. Umhverfi fjær bænum var teiknað eftir loftmynd.

Verkið var unnið fyrir Kirkjubæjarstofu a Kirkjubæjarklaustri.

Hnitakerfi er staðbundið, en ekki ISNET (þó + - 2,0 m)
Hæðarkerfi er staðbundið, en ekki ISNET (þó + - 0,05m)
Afstaða punkta er innbyrðis rétt.





Ljósmyndir : Kristinn Magnússon. Minjastofnun Íslands.

úr grjóti með moldarfyllingu í miðju. Utanvert eru veggirnir grasi grónir með sniddu milli steina. Gaflveggir eru ýmist úr timbri eða bárujárni. Uppbygging þaks og grindar er breytileg milli húsa, ýmist eru hellur eða bárujárn undir torfþekjunni. Útihúsin á Núpsstað hafa sérstakt gildi sem heimild um verklag ábúenda við byggingu og viðhald torfhúsa án þess að lærðir hleðslumenn kæmu þar við sögu. Til er nánari lýsing á uppbyggingu einstakra útihúsa í greinargerð Guðmundar L. Hafsteinssonar arkitekts frá 28. júní 2006.

Fyrir enda hlaðs og heimreiðar á Núpsstað stendur bænhúsið. Umhverfis það er garður hlaðinn út torfi og grjóti. Bænhúsið á Núpsstað er fyrsta torfhúsið sem tekið var á fornleifaskrá árið 1931. Það var mælt upp árið 1939 af Albert Nilsson Eskeröd, hreinteiknað 1949 af Edvard Ole. Árið 1958 hófst vinna við endurbyggingu bænhússins undir handleiðslu Gísla Gestssonar. Það hafði þá um skeið verið notað sem skemma. Innrétting þess var endurgerð eins og líklegt var talið að verið hafi á meðan að það var notað til helgihalds. Þeim Gísla og Kristjáni Eldjárn kom saman um að „reyna að fá því nokkru eldri, kirkjulegan svip án þess þó að breyta því neitt að ráði með nýsmíði.“[2]. Bænhúsið var endurvígt við messu 3. september 1961 að loknum viðgerðum.[3] Deildar meiningar eru um aldur bænhússins. Kirkja sem verið hafði á Núpsstað frá því á miðöldum var aflögð með konungsbréfi 17. maí 1765. Kirkjuhúsið, sem að líkindum var frá 1657, stóð áfram með hluta af gripum sínum og var áfram nýtt til messuhalds. Frá 1765 og fram undir 1800 var kirkjan raunverulega bænhús. Alla 19. öld og fram að endurgerð árið 1958 var húsið nýtt sem skemma, en þó notað sem bænhús þá sjaldan að jarðað var. Vitað er að bænhúsið stóð óbreytt frá 1880 fram til 1958.[4] Gísli Gestsson færir rök fyrir því að bænhúsið sé að stofni til sama kirkja og smíðuð var úr nýjum viði árið 1657.[5] Í óprentaðri ritgerð leiðir Hörður Ágústsson rök að því að bænhúsið geti ekki verið eldra en frá miðri 19. öld (um 1855) þar sem það sé byggt af bindingsverki en ekki stafverki.[6] Undir það tekur Guðmundur L. Hafsteinsson arkitekt í umfjöllun um byggingarsögu og byggingarlist bænhússins í Kirkjum Íslands, 23. bindi.[7]

[2] Gísli Gestsson (1961), bls. 77.
[3] Hjörleifur Stefánsson (2013), bls. 238.
[4] Gísli Gestsson (1961), bls. 68-72.
[5] Gísli Gestsson (1961), bls. 75.
[6] Hörður Ágústsson (2000), bls. 85.
[7] Guðmundur L. Hafsteinsson (2014), bls. 63.

Á síðasta hluta 19. aldar var íbúðarhúsið á Núpsstað reisulegur torfbær af sunnlenskri gerð með burstum fram að hlaði. Austustu og elstu húsin: skáli, búr og Litlahús, sem sneru langhlið að hlaðinu voru rifin um 1890. Til eru tvær ljósmyndir af gamla Núpsstaðarbænum teknar árið 1904. Árið 1905 viku stofa, gestakamers, bæjardyr og búr fyrir nýju timburhúsi með



Núpsstaður. Íbúðarhúsið eftir endurbyggingu 1905. Póstkort, myndhluti. Þjóðminjasafn Íslands Pk 1505 / Sarpur.



Íbúðarhúsið eftir stækkun og hækkun 1929. Ljósm. Þór E. Magnússon. Þjóðminjasafn Íslands ÞM 7461 / Sarpur.

tveimur burstum fram á hlað. Árið 1929 var timburhúsið stækkað, burstirnar teknar af og húsið hækkað. Nýtt ris var sett á húsið með mæni samsíða hlaði og þvert á önnur bæjarhús[8]. Húsið stendur enn og er núverandi íbúðarhús. Það hefur varðveist að mestu óbreytt að ytra borði ef gluggar eru frátaldir. Húsið er varðveitt með öllum innanstokksmunum seinustu ábúenda. Það er illa farið og þarfast mikils viðhalds. Ekki er til uppmæling af húsinu.

SEINNI TÍMA UPPMÆLINGAR, HEIMILDIR OG ÚTTEKTIR

Endurgerð bænhússins á Núpsstað lauk árið 1960 og var húsið tekið aftur á fornleifaskrá árið eftir. Ítarleg lýsing Gísla Gestssonar á bænhúsinu og endurgerð þess birtist í Árbók Fornleifafélagsins 1961. Árið 1969 birtist í sama riti grein Gísla Gestssonar um rannsóknir hans á Núpsstað, mat á ástandi og varðveislugildi einstakra húsa, tillögur um endurgerð og viðhald. Umfangmikil viðgerð fór fram á bænhúsinu árið 1992 sem þá var illa farið af fúa. Yfirumsjón með verkinu hafði Hjörleifur Stefánsson arkitekt. Haustið 2002 voru bæjarhúsin á Núpsstað mæld og teiknuð í mkv. 1:500 og 1:1000 og grunnur lagður að frekari mælingum einstakra húsa. Verkið var unnið af ARGOS ehf., arkitektastofu Grétars og Stefáns fyrir Kirkjubæjarstofu og Húsafriðunarnefnd sem hluti af heildarúttekt á Núpsstað. Í ágúst 2006 var lokið við uppmælingu allra bæjarhúsa að undanskildu íbúðarhúsi. Verkið unnu arkitektarnir Elias Andersen og Elisabet Bernsveden fyrir ARGOS.

Árið 2006 var Þjóðminjasafni falið að vinna að yfirgripsmiklum viðgerðum á bæjarhúsum á Núpsstað eftir að Alþingi veitti 60 milljónum króna til verkefnisins. Nauðsynlegum framkvæmdum var hins vegar ekki lokið þegar fjárveitingin var uppurin árið 2008. Íbúðarhúsið var óviðgert ásamt fjósi, þak vantaði á heygarð og þil á hlóðaeldhúsi þarfnaðist endurnýjunar við. Þá eru hlaða og fjárhús í Hvömmum, nokkru vestan við bæinn, óviðgerð sem og fjárhús og hlaða í Selhólum austur undir Lómagnúp. Árið 2006 voru húsafriðunarnefnd kynnt drög að leiðbeiningum Þjóðminjasafns í tengslum við viðhald húsa á Núpsstað. Vinnuhópur um varðveislu staðarins var myndaður í kjölfar fundar þann 5. apríl 2006. Í honum voru: Anna Lísa Rúnarsdóttir, Guðmundur L. Hafsteinsson, Magnús Skúlason, Jon Brænne og Nathalie Jacueminet.

Þann 23. maí 2010 lést seinasti ábúandi á Núpsstað, Filippus Hannesson bóndi, 100 ára að aldri. Hann hafði tekið við bænum ásamt Eyjólfi bróður

[8] Hjörleifur Stefánsson (2013), bls. 230.

sínum af föður þeirra látnum árið 1968. 28. desember 2010 voru staðfest eigendaskipti á Núpsstað. Núverandi eigandi jarðarinnar er Hannes Jónsson ferðaþjónustubóndi á Hvoli í Fljótshverfi.

Á fundi húsafriðunarnefndar 8. ágúst 2012 var lögð fram beiðni þjóðminjavarðar um að Húsafriðunarnefnd beiti sér fyrir friðun Núpsstaðar ásamt tilheyrandi menningarlandslagi. Í rökstuðningi með erindinu kom m.a. fram að Núpsstaður væri einn þeirra torfbæja sem eru á lista yfir torfhús sem eru á hinni íslensku yfirlitsskrá í tengslum við heimsminjaskrá UNESCO. Til að tryggja varðveislu húsa, mannvistarleifa og menningarlandslags Núpsstaðar var lagt til að friðun tæki til heimatúns alls innan túngarða og girðinga ásamt öllum húsum, mannvirkjum og mannvistarleifum sem þar eru. Að auki taki friðun til hlöðu og fjárhúss í Hvömmum ásamt 20 m helgunarsvæði út frá veggjum og til hlöðu og fjárhúsa í Selhólum ásamt 20 m helgunarsvæði út frá veggjum.

Þann 1. janúar 2013 tóku gildi ný lög um menningarminjar nr. 80/2012 þar sem öll mannvirki sem eru 100 ára og eldri urðu sjálfkrafa friðuð, þar með talið öll bæjarhúsin á Núpsstað. Við gildistöku laganna tók Minjastofnun Íslands við verkefnum Fornleifaverndar ríkisins og húsafriðunarnefndar. Friðlýsing staðarins á grundvelli 18. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 hefur verið rædd en formleg tillaga ekki lögð fram. Árið 2010 sá eigandi Núpsstaðar sig knúinn til að loka fyrir aðgengi ferðamanna að staðnum þar sem ekki fékkst fé til að tryggja vörslu minja og móttöku gesta.

SÉRSTAÐA OG MENNINGARSÖGULEGT GILDI – SAMANTEKT

Á Núpsstað er ein heillegasta þyrping bæjarhúsa frá seinni hluta 19. aldar sem varðveist hefur hér á landi, alls fimmtán uppistandandi útihús úr torfi og grjóti auk bænhúss, íbúðarhúss úr timbri og rústa af fjórum útihúsum. Bæjarhúsin ásamt tröðum, hlöðnum túngörðum og öðrum búsetuminjum fyrri tíðar mynda einstæða og lítt snortna minjaheild. Gildi staðarins felst ekki síst í samspili menningarminja og stórbrotins landslags, andstæðum lágreistra torfbygginga og hrikalegra klettanna sem gnæfa yfir bænum. Bæjartorfan á Núpsstað er einn þeirra staða sem efst eru á lista yfir torfhús á hinni íslensku yfirlitsskrá í tengslum við heimsminjaskrá UNESCO.

Núpsstaður hefur sérstöðu meðal íslenskra torfbæjarþyrpinga vegna fjölda og upprunagildis þeirra húsa sem varðveist hafa. Þá er Núpsstaður eini staðurinn á landinu þar sem bæði bæjarhús og kirkja úr torfi standa enn á sínum upprunastað. Bænhúsið á Núpsstað er minnst íslenskra

torfkirkna og hefur einstakt gildi frá sjónarhóli byggingarlistar. „Bænhúsið á Núpsstað er minnst þeirra torfkirkna sem varðveist hafa frá gamalli tíð en óvíða hefur með einföldum miðlum og efnistökum góðrar byggingarlistar verið skapað áhrifameira guðshús hérlendis.“[9]

FRAMTÍÐ STAÐARINS

Undanfarinn áratug hafa engir opinberir fjármunir runnið til viðhalds húsa á Núpsstað og við blasir að hluti þeirra mun eyðileggjast á næstu árum verði ekkert að gert. Allur húsakostur á bænum er fornfálegur og ekki í nothæfu ástandi til íbúðar eða búreksturs. Ef takast á að bjarga Núpsstað frá áframhaldandi hnignun og eyðileggingu þarf að finna staðnum hlutverk sem tryggt getur viðhald og varðveislu hans um ókomna tíð. Í því sambandi er nærtækast að líta til menningartengdrar ferða-þjónustu. Bæjartorfan á Núpsstað er utan sjónmáls frá öðrum bæjum í Fljótshverfi en blasir jafnframt við frá fjölfarinni ferðamannaleið um þjóðveg 1. Staðurinn er víða kynntur í máli og myndum í leiðsöguritum, bæklingum og á vefsíðum enda þótt hann hafi ekki verið opinn til skoðunar síðan 2010. Á Núpsstað er einstakt tækifæri til þess að byggja upp eftirsóknarverðan viðkomustað þar sem saman fer áhrifamikil upplifun af stórbrotinni náttúru og upprunalegum minjum um búskaparhætti og lífsbaráttu fyrri tíðar. Slíkt framtak myndi jafnframt efla atvinnulíf og samfélag í byggðarlagi sem á mjög undir högg að sækja. Ljóst er að slík uppbygging mun kosta mikið fé og verður ekki framkvæmd án verulegs opinbers stuðnings.

Það er sameiginleg niðurstaða Minjastofnunar og eiganda staðarins að föst búseta á jörðinni sé forsenda þess að hægt sé að tryggja öryggi minjanna og byggja upp rekstur þeim tengdan. Ný þjónustuaðstaða þarf að vera í nægilegri fjarlægð frá gömlu bæjartorfunni til að heildarmynd hennar haldist óröskuð. Engu að síður þurfa ný íbúðar- og þjónustuhús að vera í sjóntengslum við minjastaðinn og honum tengd með greiðum göngu- og flutningsleiðum. Vettvangsskoðun leiðir í ljós að á sérskráðri spildu (Núpsstaður 2) vestan við gömlu bæjartorfuna eru góðar aðstæður til nýrrar uppbyggingar án þess að það hafi teljandi áhrif á ásýnd staðarins. Heppileg staðsetning fyrir íbúðarhús staðarhaldara er undir brekkurótum þaðan sem vel sér heim að gömlu bæjartorfunni. Móttöku- og þjónustuhús er unnt að staðsetja nær þjóðveginum undir og meðfram stalli sem þar er í landinu. Vanda þarf sérstaklega til hönnunar nýbygginga svo að þær falli

[9] Guðmundur L. Hafsteinsson (2014), bls. 64.

sem best að umhverfinu. Gera þarf ráð fyrir að uppbyggingu aðstöðu og þjónustu í tengslum við minjastaðinn megi framkvæma í áföngum.

Endurbygging og viðhald gömlu bæjarhúsanna er langtímaverkefni sem vinna má í skrefum líkt og gert hefur verið á Tyrfingsstöðum í Skagafirði á vegum Fornverkaskólans. Til eru vandaðar uppmælingar af flestöllum bæjarhúsum á Núpsstað að íbúðarhúsinu undanskildu. Einnig eru til byggingarlýsingar og vinnuleiðbeiningar sem sérfræðingar Þjóðminjasafns hafa áður unnið. Verkefnið í heild er stærra en svo að það sé unnt að framkvæma með hefðbundnum styrkjum úr húsafriðunarsjóði nema að sérstök fjárveiting komi til.

Að mati Minjastofnunar Íslands er nauðsynlegt fyrsta skref að vinna áætlun um framtíðarskipulag Núpsstaðar í samráði við landeiganda, Minjastofnun, ráðuneyti og sveitarstjórn. Sækja þarf um styrki til Fjárlaganefndar Alþingis og Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða til að vinna áætlun sem felur í sér tillögu að staðsetningu og mótun nýrra bygginga og samgönguleiða ásamt hugmynd um hvernig standa má að rekstri minjastaðarins, staðarskoðun, kynningu og miðlun upplýsinga til gesta.

HEIMILDIR

Gísli Gestsson, „Gamla bænahúsið á Núpsstað“ *Árbók Hins íslenska Fornleifafélags* 1961, bls. 61-84.

Gísli Gestsson, „Gömul hús á Núpsstað“ *Árbók Hins íslenska Fornleifafélags* 1969, bls. 15-44.

Guðmundur L. Hafsteinsson, „Bænhúsið á Núpsstað“, *Kirkjur Íslands 23* (Reykjavík, Hið íslenska bókmenntafélag o.fl. 2014), bls. 45-64.

Guðmundur L. Hafsteinsson, *Núpsstaður – Eyggingalýsingar. (Reykjavík, Þjóðminjasafnið 2006) (Ljósrit í vörslu Minjastofnunar)*

Hjörleifur Stefánsson, *Af jörðu : íslensk torfhús* (Reykjavík, Crymogea o.fl. 2013),

Hörður Ágústsson, *Íslensk byggingararfleifð I : Ágrip af húsagerðarsögu 1750-1940* (Reykjavík, Húsafriðunarnefnd ríkisins, 1998).

Stefán Örn Stefánsson og Grétar Markússon, *Núpsstaður í Fljótshverfi, V. Skaftafellssýslu: mælingar og mat á varðveislugildi, frumskýrsla og teikningar.* (Reykjavík, Argos og Teiknistofan Skólavörðustíg 28 s.f., 2003, 2006)



Bænhúsið á Núpsstað
Ljósmynd : Kristinn Magnússon, Minjastofnun Íslands.

Minjastofnun Íslands

The Cultural Heritage Agency of Iceland

Núpsstaður í Fljótshverfi

Minnisblað frá fundi og vettvangsferð / 7. nóvember 2022 / PHÁ

Þann 22. september 2022 áttu fulltrúar frá Minjastofnun Íslands, þau Kristín Huld Sigurðardóttir, Kristinn Magnússon og Pétur H. Ármannsson, fund með Hannesi Jónssyni ferðaþjónustubónda og eiganda Núpsstaðar í Fljótshverfi. Auk þeirra sat Hjörleifur Guttormsson fundinn en hann hefur áður verið í sambandi við eiganda Núpsstaðar vegna verndunar staðarins. Tilefnið var að ræða framtíð Núpsstaðar og varðveislu minja sem þar er að finna. Í fundarlok voru aðstæður og minjar skoðaðar á staðnum.

Á Núpsstað er ein heillegasta þyrping bæjarhúsa frá seinni hluta 19. aldar sem varðveist hefur hér á landi, alls fimmtán uppistandandi útihús úr torfi og grjóti auk bænhúss, íbúðarhúss úr timbri og rústa af fjórum útihúsum. Bæjarhúsin ásamt tröðum, hlöðnum túngörðum og öðrum búsetuminjum fyrri tíðar mynda einstæða og lítt snortna minjaheild. Gildi staðarins felst ekki síst í samspili menningarminja og stórbrotins landslags, mögnuðum andstæðum lágreistra torfbygginga og hrikalegra klettanna sem gnæfa yfir bænum.

Núpsstaður hefur sérstöðu meðal íslenskra torfbæjarþyrpinga vegna fjölda og upprunagildis þeirra húsa sem varðveist hafa. Þá er Núpsstaður eini staðurinn á landinu þar sem bæði bæjarhús og kirkja úr torfi standa enn á sínum upprunastað. Bænhúsið á Núpsstað er minnst íslenskra torfkirkna og hefur einstakt gildi frá sjónarhóli byggingarlistar.

Bæjartorfan á Núpsstað er utan sjónmáls frá öðrum bæjum í Fljótshverfi en blasir engu að síður við frá fjölfarinni ferðamannaleið um þjóðveg 1. Staðurinn er víða kynntur í máli og myndum í leiðsöguritum, bæklingum og á vefsíðum enda þótt hann hafi ekki verið opinn til skoðunar síðan 2010. Undanfarinn áratug hafa engir opinberir fjármunir runnið til viðhalds húsa á Núpsstað og við blasir að hluti þeirra mun eyðileggjast á næstu árum verði ekkert að gert.

Allur húsakostur á Núpsstað er fornfálegur og ekki í nothæfu ástandi til íbúðar eða búreksturs. Ef takast á að bjarga Núpsstað frá áframhaldandi

hnignun og eyðileggingu þarf að finna staðnum hlutverk sem tryggt getur viðhald og varðveislu hans um ókomna tíð. Í því sambandi er nærtækast að líta til menningartengdrar ferðaþjónustu. Á Núpsstað er fágætt tækifæri til þess að byggja upp eftirsóknarverðan viðkomustað þar sem saman fer áhrifamikil upplifun af stórbrotinni náttúru og upprunalegum minjum um búskaparhætti og lífsbaráttu fyrri tíðar. Slíkt framtak myndi jafnframt efla atvinnulíf og samfélag í byggðarlagi sem á undir högg að sækja. Ljóst er þó að slík uppbygging mun kosta mikið fé og verður ekki framkvæmd án verulegs opinbers stuðnings.

Það var samdóma álit fundarmanna að föst búseta á jörðinni sé forsenda þess að hægt sé að tryggja öryggi minjanna og byggja upp rekstur þeim tengdan. Ný þjónustuaðstaða þarf að vera í nægilegri fjarlægð frá gömlu bæjartorfunni til að ásýnd hennar haldist óröskuð. Engu að síður þurfa ný íbúðar- og þjónustuhús að vera í sjóntengslum við minjastaðinn og honum tengd með göngu- og flutningsleiðum. Vettvangsskoðun leiðir í ljós að á sérskráðri spildu (Núpsstaður 2) vestan við gömlu bæjartorfuna eru góðar aðstæður til nýrrar uppbyggingar án þess að það raski ásýnd staðarins. Heppileg staðsetning fyrir íbúðarhús staðarhaldara er undir brekkurótum þaðan sem sér heim að gömlu bæjartorfunni. Móttöku- og þjónustuhús er unnt að staðsetja nær þjóðveginum undir stalli sem þar er í landinu. Vanda þarf sérstaklega til hönnunar nýbygginga svo að þær falli sem best að umhverfinu. Gera þarf ráð fyrir að uppbyggingu aðstöðu og þjónustu í tengslum við minjastaðinn megi framkvæma í áföngum.

Endurbygging og viðhald gömlu bæjarhúsanna er langtímaverkefni sem vinna má í skrefum líkt og gert hefur verið á Tyrfingsstöðum í Skagafirði á vegum Fornverkaskólans. Til eru vandaðar uppmælingar af flestöllum bæjarhúsum á Núpsstað að íbúðarhúsinu undanskildu. Einnig eru til byggingarlýsingar og vinnuleiðbeiningar sem sérfræðingar Þjóðminjasafns hafa áður unnið. Verkefnið í heild er stærra en svo að það sé unnt að framkvæma með hefðbundnum styrkjum úr húsafriðunarsjóði nema að sérstök fjárveiting komi til.

Að mati Minjastofnunar er nauðsynlegt fyrst skref að vinna áætlun um framtíðarskipulag Núpsstaðar í samráði við landeiganda, Minjastofnun, ráðuneyti og sveitarstjórn. Sækja þarf um styrki til Fjárlaganefndar Alþingis og Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða til að vinna áætlun sem felur í sér tillögu að staðsetningu og mótun nýrra bygginga og samgönguleiða ásamt hugmynd um hvernig standa má að reksti minjastaðarins, staðarskoðun, kynningu og miðlun upplýsinga til gesta.

Til fjárlaganefndar Alþingis

Ég undirrituð, María Björk Ingvadóttir, kt. 201259-4449, framkvæmdastjóri N4 ehf. óska hér með eftir styrk til N4 fjölmiðils, til að halda úti fjölmiðlun, þáttagerð og fréttamiðlun, af landsbyggðunum árið 2023. ***Óskað er eftir 100 millj. króna styrk.***

N4 hefur verið leiðandi í sjónvarpi frá landsbyggðunum síðan 2015 , gert milli 350 - 400 þætti á ári, rætt við tugþúsundir, documenterað sögu íbúanna síðan 2008, fyrst eingöngu Akureyringa og nærsveitunga en frá 2012 og 2013 höfum við bætt öllum öðrum landsfjórðungum við. Áhorfsmælingar í október sl. sýna að tæplega **6 milljón** sinnum hefur verið náð í þætti N4 í tímaflakki , heimasíðu og á veitum Símans og Vodafone síðustu tæpu 2 árin, þá er ekki talið með áhorf í línulegri dagskrá. Eftirspurn eftir íslensku efni frá landsbyggðunum hefur margfaldast (282%) á þessu tímabili.

En tekjur og áhorf haldast ekki í hendur.

1. Skilyrði fyrir Covidstyrk/ rekstrarstyrk frá ríkinu hefur verið að N4 hefur þurft að framleiða og sýna 365 þætti á ári, að meðaltali einn nýjan þátt á dag. Kostnaður við það er að lágmarki um 200 milljónir króna. Styrkur síðasta árs nam 20 milljónum.

2. Mörg sveitarfélög hafa verið tilbúin að styrkja þáttagerð af sínum svæðum, ýmist með beinum styrkjum til þáttagerðar eða kaupum á þjónustu. Nú bregður svo við að aðalbaklandið, Norðurland allt, hvarf frá þessu 2022 en hélt okkur volgum fram eftir ári. Það komu að lokum rúmar 4 milljónir samtals í þjónustukaup frá 12 sveitarfélögum á Norðurlandi eystra nú í lok árs. (ca 26.000.- að meðaltali á mánuði frá hverju þeirra).

Þetta hefur sett rekstur stöðvarinnar í algjört uppnám.
Fara þarf eftir tekjum og efni langar leiðir en skal haldið til haga að öll sv.félög á Austurlandi, flest á Vesturlandi og nokkur á Suðurlandi hafa haldið tryggð við stöðina. En það dugar engan veginn til.

3. Auglýsingatekjur hafa stórminnkað á þessu ári. Kemur tvennt til; Um 55% auglýsingafjár fer til erlendra samfélagsmiðla í ár, var 40% fyrir tveimur árum. Stærstur hluti sem eftir verður á landinu fer til RÚV, þar sem meðallaun sölumanna eru 1,2 milljónir á mánuði.

4. Fyrirtæki eru eftir Covid ekki áfjáð í að kosta þætti af sama krafti og áður. Þar er mikill tekjusamdráttur einnig.

Til þess að N4 þurfi ekki að loka um áramótin og geti haldið starfseminni áfram næstu tvö árin amk. eðaá meðan verið er að undirbúa ný fjölmiðlalög, þarf að

koma stöðinni til hjálpar við að halda uppi merkjum landsbyggðarinnar af sama krafti og gert hefur verið.
Ríkisstyrkur þessi mun gefa okkur von um að það takist en ljóst að fleiri þurfa að koma að málinu, bæði sveitarfélögin og "Angels-investors" sem eiga stöðina í dag.

Rætt hefur verið um að leggja fram ný lög um fjölmiðla á næstu tveimur árum.
Ef ekki á kasta burt allri umfjöllun utan af landi þarf að grípa til úrræða eins og Danir framkvæmdu í þessari sömu stöðu og þeir voru í árið 1985.
Þá stóð til að loka einu landsbyggðastöð DR og reis upp gífurlega mikil mótmælaalda. Lagt var fram frumvarp 1986 þar sem ákveðið var að búa til TV2 sem að hluta yrði ríkisrekin og hluta til rekin á auglýsingafé en skilyrði að hún væri með höfuðstöðvar úti á landi.
DR er ekki á auglýsingamarkaði heldur sinnir sínu lögbundna hlutverki. TV2 og DR eru í hörku samkeppni um áhorf og gerð vandaðra frétta og fréttaskýringa sem að sögn þeirra gerir allt fjölmiðlastarf faglegra og betra.

Tillaga mín er þessi:

1. Skattleggja erlendar veitur um 6% líkt og Danir eru að fara að gera
2. Nota hluta þeirra tekna til að tryggja að RÚV framleiði enn meira íslenskt efni og vandaðri fréttir og fréttaskýringarþætti
3. Taka RÚV af auglýsingamarkaði og gera þannig frjálsum stöðvum kleift að lifa og vera í samkeppni við RÚV.
4. Stofna TV2 með höfuðstöðvar á Akureyri og sameina þar undir það litla sem er eftir af landsbyggðafréttafólki RÚV (Á Akureyri og Austurlandi) með **N4**. Bjóða öllum litlu fréttamiðlunum sem berjast fyrir lífi sínu og fer sífellt fækkandi að koma þarna inn undir hattinn.
5. Skipta útvarpsgjaldinu 70-30 milli RÚV og TV2 .

Kaupmannahöfn 1.desember 2022,

F.h. N4 ehf.

María Björk Ingvadóttir
framkvæmdastjóri.

Á samráðsfundi aðildarsveitarfélaga Náttúrustofu Vestfjarða fimmtudaginn 22. september 2022 var gerð eftirfarandi samþykkt um framlag ríkisins til náttúrustofa árið 2023.

Samráðsfundur aðildarsveitarfélaga Náttúrustofu Vestfjarða, haldinn í Bolungarvík 22. september 2002, óskar eftir því að framlag til náttúrustofa árið 2023 verði ekki lækkað frá því sem var á árinu 2022, samanber áform í fjárlagafrumvarpi, liður c í málaflokki *17.20 Rannsóknir og vöktun á náttúru Íslands.*

Tölvubréf þetta er sent til umhverfis- orku og loftslagsráðuneytis.
Afrit sent til forstöðumanns, stjórnar og varastjórnar Náttúrustofu Vestfjarða.
Hulið afrit (Bcc) sent til:

Aðildarsveitarfélaga Náttúrustofu Vestfjarða.
Vestfjarðastofu og Fjórðungssambands Vestfirðinga.
Þingmanna NV kjördæmis.
Fulltrúa í fjarlaganefnd.

Stjórn Náttúrustofu Vestfjarða óskar eftir að allir þessir aðilar leggi málinu lið.

Kveðja,
Smári Haraldsson
stjórnarformaður.

Ágæti viðtakandi.

Á samráðsfundi aðildarsveitarfélaga Náttúrustofu Vestfjarða fimmtudaginn 22. september 2022 var gerð eftirfarandi samþykkt um framlag ríkisins til náttúrustofa árið 2023.

Samráðsfundur aðildarsveitarfélaga Náttúrustofu Vestfjarða, haldinn í Bolungarvík 22. september 2002, óskar eftir því að framlag til náttúrustofa árið 2023 verði ekki lækkað frá því sem var á árinu 2022, samanber áform í fjárlagafrumvarpi, liður c í málaflokki *17.20 Rannsóknir og vöktun á náttúru Íslands.*

Tölvubréf þetta er sent til umhverfis- orku og loftslagsráðuneytis.
Afrit sent til forstöðumanns, stjórnar og varastjórnar Náttúrustofu Vestfjarða.
Hulið afrit (Bcc) sent til:

Aðildarsveitarfélaga Náttúrustofu Vestfjarða.
Vestfjarðastofu og Fjórðungssambands Vestfirðinga.
Þingmanna NV kjördæmis.
Fulltrúa í fjarlaganefnd.

Stjórn Náttúrustofu Vestfjarða óskar eftir að allir þessir aðilar leggi málinu lið.

Kveðja,
Smári Haraldsson
stjórnarformaður.

Neytendasamtökin

Nefndasvið Alþingis
b.t. fjárlaganefndar
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

7. október 2022

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um fjárlög 2023, 1. mál

Neytendasamtökin senda að öllu jöfnu ekki umsögn um frumvörp til fjárlaga, en gera undantekningu í þetta sinn til að gera athugasemd við verðtryggingu krónutölugjalda, nefskatta og aukatekna ríkissjóðs.

Í 2. mgr. bls. 116 í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2023 segir: „Í fjárlagafrumvarpinu er gert ráð fyrir að svokölluð krónutölugjöld, nefskattar og aukatekjur breytist í samræmi við áætlaða vísitölu neysluverðs í árslok... Breytingin nær til áfengis-, tóbaks-, bensín-, olíu-, kolefnis-, bifreiða- og kílómetragjalds ásamt gjaldi í Framkvæmdasjóð aldraðra, útvarpsgjaldi og gjöldum sem falla undir lög um aukatekjur ríkissjóðs...“

Áætlað er að þessi verðtrygging skili ríkissjóði 6,4 ma.kr. og að leiði til hækkunar verðbólgu um 0,2 prósentustig. Í frumvarpinu er þó ósagt látið að verðbólgutenging þessi leiðir til hækkunar verðtryggðra lána heimilanna (sem nema rúmum 1.000 ma.kr.) um það sem nemur rúmlega 2 ma.kr. eða um þriðjung ávinnings ríkissjóðs. Þannig er kostnaður neytenda ekki einvörðungu þær umframálögur sem verðtrygging gjaldanna leggur á herðar þeirra, heldur einnig kostnaður vegna hækkunar lána heimilanna sem og annar kostnaður sem hlýst af minnkandi verðgildi krónunnar.

Að því Neytendasamtökin fá best séð er þetta í fyrsta sinn á síðari tímum sem fjárlagafrumvarpið er verðtryggt, en undanfarin ár hafa þessi gjöld hækkað í takt við verðbólgumarkmið Seðlabankans. Vísitölutenging tekna ríkissjóðs er verðbólguhvetjandi aðgerð sem leiðir af sér kuðungsferil sífelldra hækkana og viðheldur vítahring verðbólgu. Ríkissjóður er þar með orðinn forkólfur í vexti og viðhaldi verðbólgunnar, þvert á það sem vera skyldi.

Það skýtur skökku við að stjórnvöld ausi olíu á verðbólgubálið. Neytendasamtökin telja þvert á móti að stjórnvöld ættu að leita allra leiða til að draga úr verðbólgu og lækka vöruverð á nauðsynjavöru svo sem matvælum. Þar liggur beinast við að draga úr og afnema tollvernd með öllu.

F. h Neytendasamtakanna

Breki Karlsson formaður

NPA MIÐSTÖÐIN
Urðarhvarf 8
203 Kópavogur
+354 5678270

Nefndasvið Alþingis
Fjárlaganefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Kópavogur, 7. október 2022

Umsögn NPA miðstöðvarinnar um fjárlagafrumvarpið 2023, 1. mál, 153. löggjafarþing 2022–2023.

Áherslur

Fjárframlög ríkisins til jöfnunar NPA samninga verði aukin og færð til samræmis við þann fjölda samninga sem fyrir liggur að þörf er á og sem rúmast innan ráðstöfunarákvæðis laga nr. 38/2018.

Heildarframlag ríkissjóðs til NPA þyrfti að minnsta kosti að vera tæplega 1.200 milljónir til þess að vinna verulega á þeim biðlistum sem eru til staðar um slíka þjónustu.

Krafa

Til þess að mæta þörf, sem staðfest er í opinberum gögnum varðandi biðlista fyrir NPA samningum, leggi ríkið fram 1.180 milljónir króna til NPA í stað 720 milljóna samkvæmt áætlun núverandi frumvarps.

Greinargerð

Í frumvarpinu felst tillaga að framlagi til NPA samninga að upphæð 720 milljónum. Að óbreyttu felur það framlag í sér skerðingu á fjárframlagi til NPA þjónustunnar og því **fækkun** á NPA samningum á landsvísu. Þetta er þvert á gefin fyrirheit og áætlanir stjórnvalda um verulega **fjölgun** NPA samninga og þvert á þau markmið og áætlanir sem sett eru í lögum nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir. Þannig felst í tillögunni skýr afturför á réttindum fatlaðs fólks sem nauðsynlegt er að leiðrétta.

Þrjár megin ástæður eru fyrir því að tillagan veldur slíkri afturför:

1. Um er að ræða lækkun á heildarframlagi ríkisins m.v. fjárlög síðasta árs sem kvað á um 321 milljón aukalega inn í þennan málaflokk sem fellur svo niður núna en kemur aftur inn sem 320 milljónir. Þannig hefur framlagið lækkað um eina milljón á milli ára skv. tillögunni. Ekki fæst séð að nokkuð tilefni sé til slíkrar lækkunar.

2. Þetta er í þriðja skipti sem sambærilegu fjármagni er bætt við með þessum hætti, þrátt fyrir skýr fyrirmæli fjárlaganefndar til ráðuneytis málaflokksins um að *„ráðuneytið forgangsraði framlagi þessu með þeim hætti að það verði gert varanlegt“* (Þingskjal nr. 530/2020-2021). Í sama nefndaráliti kemur fram eindreginn vilji fjárlaganefndar um að framlagið nýtist til þess að fjölga NPA samningum um 30-40 á komandi ári en fjöldi samninga hefur nokkurn veginn staðið í stað frá árslokum 2019. Því er ljóst að markmiði og fyrirmælum fjárlaganefndar hefur ekki verið fylgt af hálfu ráðuneytisins og Alþingi jafnvel ekki nægjanlega upplýst um raunverulega stöðu mála af ráðuneytinu hvað varðar fjárþörf og biðlista eftir NPA samningum í gegnum árin.

3. Framlög til NPA samninga miðast alfarið við launakostnað NPA aðstoðarfólks. Á liðnu ári hafa orðið talsverðar kjarasamningsbundnar hækkanir á launakostnaði og breytingar á starfsumhverfi NPA aðstoðarfólks, sem og öðrum sambærilegum störfum, þar á meðal stytting vinnuvikunnar. Að öllu óbreyttu er því ljóst að fækka verður samningum þar sem framlagið sem lagt er til nægir ekki til að mæta fjárþörf vegna þegar gerðra NPA samninga.

Nánar um framkvæmdina

Í bráðabirgðaákvæði laga nr. 38/2018 kemur fram að fjármögnun NPA samninga sé samstarfsverkefni milli ríkis og sveitarfélaga. Í ákvæðinu segir að á innleiðingartímabilinu frá 2018 til 2022 veiti ríkissjóður framlag til tiltekins fjölda NPA samninga og nemur framlag ríkissjóðs 25% af heildarkostnaði hvers samnings. Framlagi ríkisins er ráðstafað í gegnum Jöfnunarsjóð sveitarfélaga á grundvelli umsókna frá sveitarfélögum, en eftir árið 2022 er gert ráð fyrir að fjármögnun NPA samninga verði að fullu á höndum sveitarfélaga. Nú ríkir því veruleg óvissa hjá fötluðu fólki og aðstoðarfólki þess um hvað taki við eftir næstu áramót.

Alvarlegar brotalamir hafa orðið á framkvæmd þessa samstarfs sem hefur leitt til þess að mun færri NPA samningar hafa verið gerðir en ákvæðið segir til um. Sveitarfélög hafa sett það sem skilyrði fyrir því að NPA samningur taki gildi að framlag fáist fyrir samningnum úr ríkissjóði. Hins vegar hafa framlög ríkissjóðs til samninganna ekki verið nægjanleg til að fjármagna þann fjölda samninga sem sveitarfélög hafa sótt um. Sjá dóm Hæstaréttar í máli Erlings Smith gegn Mosfellsbæ nr. 50/2021.

Í dag eru NPA samningar rúmlega 90 talsins á landinu öllu, en samkvæmt bráðabirgðaákvæði laga nr. 38/2018 ættu þeir að vera allt að 172 í lok árs 2022. Í þessu sambandi skal jafnframt bent að í athugasemdum með frumvarpinu kemur vilji löggjafans skýrt fram. Þar segir að *„samningum verði fjölgað jafnt og þétt til ársins 2022“* og að *„fjármagn verði aukið í skrefum þar til rúmlega 170 samningar verði á landinu öllu.“* Mikilvægt er því að fjárlagagerð fyrir árið 2022 og 2023 taki mið af þessu markmiði.

Samkvæmt skýrslu starfshóps um heildarendurskoðun laga nr. 38/2018 (bls. 23) eru 44 einstaklingar á biðlista eftir NPA þjónustu. Þetta eru einstaklingar sem þegar hafa verið metnir af sveitarfélögum til að eiga rétt á NPA, en fá ekki sínum réttindum framgengt vegna skorts á fjármagni frá ríkinu. Mikilvægt er að árétta að lögin kveða á um fjölda samninga sem ríkið veiti framlag til en ekki tilteknar fjárhagslegar upphæðir. Í þessu ljósi er forkastanlegt að tugir fatlaðra einstaklinga séu á biðlista sem þó rúmist vel innan þess fjölda samninga sem bráðabirgðaákvæðið gerir áætlun um.

Vanfjármögnun af hálfu ríkisins sést berlega ef rýnt er í tölur frá stærsta sveitarfélagi landsins. Um þessar mundir eru 28 einstaklingar með NPA þjónustu í Reykjavík á meðan 34 einstaklingar þar eiga

samþykkta umsókn um NPA og bíða eftir að þjónusta geti hafist. Þverpólitísk samstaða var um bókun Velferðarráðs Reykjavíkur, dags. 21. september sl., sem segir að mikilvægt sé að NPA verði *„raunverulegur valkostur fyrir fatlað fólk"*. Samkvæmt minnisblaði Reykjavíkurborgar, dags. 21. september 2022, er ljóst að *„ríkið verður að koma að jöfnun NPA samninga með miklu sterkari hætti."*

Greining á ástæðum vanfjármögnunar á NPA samningum

Eins og komið hefur fram hefur ríkið ekki miðað 25% mótframlag sitt til NPA samninga við fjölda samninga, hvort sem litið er til fyrirliggjandi biðlista eða þess fjölda sem fram kemur í bráðabirgðaákvæði laga nr. 38/2018. Fyrir þessu eru fjölþættar ástæður en stærstu ástæðuna má rekja til upphaflegrar áætlunar sem birtist fyrst í frumvarpsdrögum að lögum nr. 38/2018 árið 2017. Sú áætlun var illa unnin og fyrir vikið var fjárþörfin gróflega vanáætluð. Þessi skekkja hefur svo undið markvisst upp á sig ár frá ári.

Í greinargerð sem fylgdi frumvarpi sem varð að lögum nr. 38/2018 segir:

> „Hér verður lagt mat á kostnaðarauka sem leiðir af innleiðingunni. Samkvæmt lokaskýrslu verkefnisstjórnar NPA, dags. 23. janúar 2017, er áætlað að þörf fyrir NPA-samninga til og með árinu 2019 verði samtals 172 samningar. Árið 2016 voru 53 samningar virkir, lægsti samningur var 1,3 millj. kr. og hæsti samningur 35,0 millj. kr. og hlutdeild ríkisins var 188 millj. kr.
>
> Grundvöllur kostnaðarmatsins er **að sett verði lágmark á NPA-samninga** sem svarar 4 klst. þjónustuþörf á dag og miðað við að ekki verði gerðir NPA-samningar fyrir lægri fjárhæð en 5,4 millj. kr. á ári. **Með 10% umsýslugjaldi yrði samningsfjárhæðin 6,0 millj. kr.** Þannig má gera ráð fyrir hægari fjölgun samninga en fram kemur í lokaskýrslu verkefnisstjórnar. Hér er gert ráð fyrir að innleiðing verkefnisins taki fimm ár eða árin 2018–2022 og heildarfjöldi samninga að lokinni innleiðingu verði 172 samningar á landsvísu. Reiknað er með að tilfærsla útgjalda hjá sveitarfélögum verði 15%, þ.e. að kostnaður við önnur þjónustuform lækki sem því svarar við upptöku á NPA-þjónustu. Gert er ráð fyrir að hagræðingunni verði skipt milli sveitarfélaga og ríkisins þannig að hlutdeild ríkisins verði 25%. Árleg kostnaðaraukning ríkissjóðs verður þannig 71–74 millj. kr. og samtals kostnaðaraukning á fimm árum er metin 360 millj. kr. **Árið 2022 verður framlag ríkisins á föstu verðlagi orðið samtals 560 millj. kr.** Gert er ráð fyrir að þegar innleiðingu lýkur árið 2022 verði samið um varanlegt fyrirkomulag, þ.e. kostnaðar- og verkaskipti vegna notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar til framtíðar. Umsamin fjárhæð þess samkomulags verði flutt varanlega frá ríki til sveitarfélaga með fjárlögum 2023 og að frá og með því ári verði verkefnið alfarið á ábyrgð sveitarfélaga." [feitletrun undirritaðra]

Samkvæmt þessari áætlun, sem var lögð fram óbreytt frá fyrra ári þegar frumvarpið var lagt fram fyrst, er reiknað með að 172 samningar verði samtals á landinu öllu við lok innleiðingartímabilsins og að samtals nemi framlög ríkisins (25% af heildarframlögum) alls 560 milljónum króna. Það þýðir að gert sé ráð fyrir að meðalsamningur sé að fá um **3,3 milljónir króna** í mótframlag.

Ekki þarf að leita lengra en í yfirlit Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga um framlög til fatlaðs fólk árið 2016 til að sjá að þessi tala er vanmat. Þessi tala er jafnframt vanmat skv. fyrirliggjandi gögnum snemma árs 2017 varðandi úthlutanir frá árinu 2016 þar sem 187,9 milljónum var úthlutað vegna 53 samninga. Einfaldir útreikningar sýna að á árinu 2016 hafi meðal mótframlag ríkisins til NPA-samnings numið **3,5 milljónum króna**. Fyrirliggjandi raunkostnaður við mótframlög, samkvæmt opinberum gögnum á þeim tíma sem verið var að vinna frumvarpið, var því um 9% hærri en áætlunin í greinargerð gerði ráð fyrir.

Hér sést strax að um er að ræða augljóst og grafalvarlega vanmat á fjárþörf. Ætla má að hluta af þessari skekkju megi rekja til þess að eingöngu er gert ráð fyrir 10% viðbótarframlagi vegna umsýslukostnaðar á hvern NPA samning, en ekki jafnframt viðbótarframlagi vegna 5% starfsmannakostnaðar, sem þó hefur verið hluti af NPA samningum frá upphafi og skilyrt eru í lögum nr. 38/2018 og svo síðar einnig í reglugerð nr. 1250/2018 um notendastýrða persónulega aðstoð. Við þetta bætist sú staðreynd að í greinargerðinni segir að lágmarksskilyrði þurfi til að fá NPA samning í fyrsta sinn sem þýðir að þróun meðaltals mótframlaga fer vaxandi.

Það sætir mikilli furðu að áætlunin hafi ekki verið uppfærð árið 2018 þegar frumvarpið var lagt fram í þriðja skipti og varð að lögum. Árið 2017 námu framlög ríkisins alls 198,6 milljónir vegna 53 NPA samninga, eða um **3,7 milljónir króna** að meðaltali fyrir hvern samning. Hefði áætlunin verið uppfærð miðað við þessa vitneskju (og sé aðeins miðað við fyrirliggjandi tölur og þar af leiðandi engar aðrar breytingar svo sem forgangsröðun stærri samninga) þá liggur fyrir að áætlun í greinargerð hefði átt að vera að lágmarki 15% hærri. Einungis þessi þáttur í vanáætluninni orsakar um 84 milljóna króna skekkju á föstu verðlagi.

Að síðustu er rétt að nefna að fram að gildistöku laga nr. 38/2018 miðuðu sveitarfélög ekki framlög sín til NPA samninga til kjarasamninga NPA aðstoðarfólks, heldur við útgefinn jafnaðartaxta á hverja klukkustund í aðstoð. Þessi jafnaðartaxti var í flestum tilvikum umtalsvert lægri en raunkostnaður við þjónustuna, þ.e. launakostnaður NPA aðstoðarfólks. Þessi brotalöm var leiðrétt með lagasetningunni og með reglugerð nr. 1250/2018 um NPA, en þar er skýrt kveðið á um að framlög sveitarfélaga til NPA samninga skuli taka mið af gildandi kjarasamningum NPA aðstoðarfólks hverju sinni. Dæmi eru um að fatlað fólk sem þurfti á sólarhringsþjónustu að halda hafi þurft að vera án þjónustu hátt í sólarhring á viku vegna þessarar brotalamar fyrir lögfestinguna. Með nýju og skýrara regluverki í lok árs 2018 komust sveitarfélög ekki undan því að miða framlög sín við kjarasamningsbundin réttindi aðstoðarfólks sem þýddi að framlög jukust umfram kjaraþróun.

Mögulega hefði mátt koma í veg fyrir þessa fjölmörgu vankanta við áætlanagerðina ef samráð hefði verið viðhaft við fatlað fólk við gerð áætlunarinnar. Afleiðing þessa er gróflega vanáætluð fjárþörf í verkefnið sem hefur þó verið höfð til hliðsjónar allar götur síðan.

Nánar um kröfu um viðbótarframlag til NPA

Þrátt fyrir að bráðabirgðaákvæði laga 38/2018 kveði á um að ríkið skuli fjármagna sinn hluti í allt að 172 NPA samninga leggur NPA miðstöðin að svo stöddu einungis fram þá sjálfsögðu kröfu að ríkið fjármagni umsvifalaust mótframlög vegna þeirra einstaklinga sem þegar eru á biðlista eftir þjónustunni skv. opinberum gögnum. Þetta eru sem fyrr segir 44 einstaklingar og yrði því heildarfjöldi samninga um 135 eftir að slíku markmiði yrði náð.

Samkvæmt gögnum frá Jöfnunarsjóði námu heildarframlög til alls 91 NPA samnings samtals 2.754 millj. kr. árið 2021. Á árinu 2022 tóku gildi taxtahækkanir á kjarasamningum NPA aðstoðarfólks ásamt því að vinnuvikan styttist frá 1. maí 2022. Kostnaðaraukning vegna þessara taxtahækkana og kjarabreytinga nemur að meðaltali um 15% yfir allt árið. Því má ætla að heildarframlög vegna þessara 91 NPA samninga þurfi að nema alls 3.180 milljóna, eða að meðaltali um 35 milljónir fyrir hvern NPA samning. Hlutdeild ríkisins í hverjum samningi fyrir árið 2022 má því áætla að nemi 8,7 miljónum á ársgrundvelli. Heildarframlag ríkisins þarf því að nema um 795 milljónum að lágmarki til að standa undir þeim NPA samningum sem þegar hafa verið gerðir.

Líkt og áður segir er hins vegar lágmarkskrafa að unnið verði verulega á þeim biðlista sem nú liggur fyrir vegna NPA samninga. Til þess að unnt verði að gera 135 NPA samninga verður 25% framlag ríkisins að nema um 1.180 milljónum króna fyrir árið 2023, með fyrirvara um mögulegar kjarahækkanir sem kunna að koma til framkvæmda á árinu 2023. Í ljósi þess að um er að ræða samþykktar umsóknir um NPA sem eru á biðlista hlýtur nákvæmari tala hins vegar að liggja fyrir hjá stjórnvöldum hvað varðar nauðsynleg framlög.

Þeir 44 einstaklingar sem þegar eru á biðlista eru ólíklega heildarfjöldi fatlaðs fólks sem þarf og vill NPA þjónustu og því afar mikilvægt að raunveruleg þörf sé metin og áætlanir gerðar í samræmi við hana. Sé miðað við stöðu mála í Noregi er líklegt að heildarfjöldi samninga muni svo eftir 1-2 áratugi liggja á bilinu 200-250.

Lokaorð

NPA er ein mikilvægasta réttarbót fyrir fatlað fólk sem lögfest hefur verið hér á landi. Réttur til þjónustunnar er tryggður í lögum og er ríkissjóður skuldbundinn til þess að fjármagna tiltekinn fjölda af samningum á meðan innleiðingu þjónustunnar stendur. Hins vegar ber frumvarp til fjárlaga því miður með sér að ætlunin sé að skerða framlög til NPA og fækka þar með NPA samningum á komandi ári. Slík niðurstaða gengur í berhögg við bráðabirgðaákvæði laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018. Þessi þróun er andstæð gildandi landslögum, fyrri fyrirheitum stjórnvalda sem og alþjóðlegum skuldbindingum Íslands. Um þessar mundir ber sífellt meira á stofnanavæðingu í úrræðum fatlaðs fólks á landsvísu, sem er þvert á áætlanir stjórnvalda um afstofnanavæðingu sem byggir m.a. á fyrirmælum Samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks (SSRFF), sjá leiðbeiningar dags. 9. september 2022 frá eftirlitsnefnd SSRFF um afstofnanavæðingu.

Nú þegar bíður fjöldi einstaklinga eftir tækifæri til þess að hefja sjálfstætt líf á eigin forsendum í stað þess að dvelja á stofnunum, þiggja þjónustu sem þeir vilja ekki eða vera upp á ölmusu ættingja sinna komnir.

NPA miðstöðin ætlast til þess að ríkissjóður standi við skuldbindingar sínar gagnvart einstaklingum sem bíða eftir NPA samningum og veiti fullnægjandi fjármagn til að gera fyrirliggjandi samninga við það fólk sem er á biðlista eftir þjónustunni á komandi ári.

NPA miðstöðin mun koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum ef þess gerist þörf eða þess er óskað.

Virðingarfyllst,
Fh. NPA miðstöðvarinnar,

Hjörtur Örn Eysteinsson
Framkvæmdastjóri

Rúnar B.H. Þorkelsson

Rúnar Björn Herrera Þorkelsson
Formaður

Fjallasalir ses (Pálshús)
Strandgötu 4, 625 Ólafsfjörður
kt: 480714-1480

Ólafsfirði, 22.10.2022

Fjárlaganefnd Alþingis.

Við hjá Pálshúsi Ólafsfirði þökkum kærlega fyrir áður veittan stuðning. Styrkirnir hafa gert okkur kleift að halda áfram uppbyggingu í „Safnahúsi Ólafsfjarðar“ Pálshúsi, sem nú er að mestu lokið nema nýja hugmyndin um kjallarann (sjá meðfylgjandi gögn). Við erum byrjuð á framkvæmdinni með ýmsum endurbótum og hefjum nú framkvæmdir við uppsetningu, smíði gripa og öllu því sem tilheyrir.

Nú leitum við aftur til fjárlaganefndar um stuðning fyrir árið 2023. Við óskum eftir styrk að upphæð kr. 5.000.000,- sem er töluvert lægra en áður. Við gerum okkur grein fyrir óvæntum útgjöldum ríkisins , en lítum á þetta verkefni að hluta til sem lið í atvinnuskapandi verkefni og aðdráttarafl í komandi ferðamannastraumi. Hér er um lokaverkefni Pálshúss að ræða og reiknum við ekki með að ónáða ykkur með styrkbeiðni til uppbyggingar í framtíðinni.

Meðfylgjandi eru hugmyndir okkar að sýningu í kjallara hússins ásamt kostnaðaráætlun. Bent skal á að öll árin frá 2016 hafa kostnaðaráætlanir okkar staðist og við sniðið okkur stakk eftir vexti. Vonandi sjáið þið ykkur fært að styrkja áfram gott uppbyggingarstarf í safnamálum Ólafsfjarðar. Eins og sést á meðfylgjandi gögnum er um að ræða svolítið spennandi og skemmtilega hugmynd sem snýr aðallega að yngri kynslóðinni en líka þeim eldri og fyllir betur upp í safnaflóru hússins og tengir saman allar hæðir.

En til þess þurfum við allan þann stuðning sem við mögulega getum fengið og treystum á velvilja fjárlaganefndar í þessu máli þrátt fyrir erfiða tíma í fjármálum ríkisins.

Með vinsemd og virðingu

f.h. Fjallasala ses (Pálshúss)

_____

Þorsteinn Ásgeirsson
formaður stjórnar

PERSÓNU VERND

Fjárlaganefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík, 20. október 2022
Tilvísun: 2022101657/HÞ

Efni: Ósk um endurskoðun á ráðstöfun fjármagns til handa Persónuvernd á fjárlögum 2023

1.

Með bréfi þessu óskar Persónuvernd eftir endurskoðun fjárlaganefndar á ráðstöfun fjármagns til handa Persónuvernd á fjárlögum 2023. Er sérstaklega óskað eftir að hætt verði við fjárframlagi vegna starfsemi stofnunarinnar á Húsavík sem og vegna fyrirhugaðs norræns fundar persónuverndarstofnana sem haldinn verður á Íslandi á næsta ári.

Þegar fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar fyrir árin 2023-2027 var kynnt var gert ráð fyrir að 66 millj. kr. aukið framlag myndi renna til Persónuverndar, strax við upphaf árs 2023 – til þess að styrkja starfsemi hennar. Var það m.a. gert til þess að koma til móts við þörf stofnunarinnar fyrir 10 nýja starfsmenn, sbr. beiðni þar um til dómsmálaráðuneytisins frá janúar 2020. Inni í þessari tölu var fjármagn ætlað til að standa straum af kostnaði við starfsemi Persónuverndar á Húsavík, þ.e. tæpar 25 millj. kr., sem þar með átti að gera að varanlegri starfsemi.

Þegar fjárlagafrumvarpið var lagt fram í síðasta mánuði kom í ljós að talan sem átti að skila sér til Persónuverndar hafði lækkað og er nú miðað við 39 millj. kr. aukið framlag, auk þess sem sérstaklega er tekið fram að tímabundið framlag fyrir starfsemi stofnunarinnar á Húsavík falli niður. Tveir starfsmenn Persónuverndar eru á starfsstöð stofnunarinnar á Húsavík.

Krefjandi aðstæðum Persónuverndar er ágætlega lýst í nýju frumvarpi dómsmálaráðherra að breytingu persónuverndarlaga, sem nú er í samráðsgátt stjórnvalda (sbr. mál nr. 182/2022 í samráðsgáttinni). Þar segir m.a.:

> *„Við gildistöku nýrra persónuverndarlaga (2018) voru Persónuvernd færð umfangsmikil og ný verkefni og valdheimildir. Mikið hefur mætt á stofnuninni undanfarin misseri og ár, ekki síst frá gildistöku laganna með hliðsjón af nýjum verkefnum og annarri þróun í samfélaginu, s.s. stafrænni þróun á ýmsum sviðum samfélagsins. Mikill þungi liggur í málafjölda stofnunarinnar sem hefur vaxið ár frá ári. Vegna mikillar*

fjölgunar mála hjá stofnuninni hefur afgreiðslutími mála lengst samhliða. Þá virðist verkefnaálag stofnunarinnar ekki tímabundið heldur viðvarandi.“

Áfram segir í frumvarpinu:

„Persónuvernd annast eftirlit með allri vinnslu persónuupplýsinga sem fellur undir lög nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, reglugerð (ESB) 2016/679 og lög nr. 75/2019 um vinnslu persónuupplýsinga í löggæslutilgangi. Þá er fjallað um vinnslu persónuupplýsinga í um og yfir 100 lagabálkum á Íslandi. Undir eftirlit Persónuverndar getur fallið vinnsla persónuupplýsinga hjá fyrirtækjum, stofnunum, sveitarfélögum og samtökum og ber stofnuninni að gæta hagsmuna alls almennings þannig að mannréttindi séu ekki brotin við vinnslu persónuupplýsinga. Á meðal verkefna stofnunarinnar sem eru tilgreind í persónuverndarlögum er að úrskurða í kvörtunarmálum og mæla fyrir um ráðstafanir að því er varðar tækni, öryggi og skipulag vinnslu persónuupplýsinga. Þá getur stofnunin fjallað um einstök mál og tekið í þeim ákvörðun að eigin frumkvæði.

Vinnsla persónuupplýsinga eykst stöðugt og óteljandi möguleikar eru á aukinni dreifingu og miðlun þeirra. Samhliða hraðri tækniþróun sækja bæði einstaklingar og þeir sem vinna með persónuupplýsingar í auknum mæli í ráðgjöf og leiðbeiningar frá Persónuvernd og berast stofnuninni daglega fjölmörg erindi s.s. frá einstaklingum, stofnunum, fyrirtækjum og samtökum í formi kvartana, fyrirspurna, álits- og umsagnarbeiðna, svo einhver dæmi séu nefnd. Þegar horft er til þróunar á fjölda mála sem berast Persónuvernd er ljóst að hann hefur aukist jafnt og þétt frá fyrstu árum stofnunarinnar. Nú berast Persónuvernd árlega um 2.500 mál, auk þess sem óafgreidd mál við árslok hafa verið á bilinu 500-1.100 talsins. Öðrum verkefnum Persónuverndar, en afgreiðslu mála sem berast stofnuninni, hefur að sama skapi fjölgað verulega undanfarin ár. Þá er vikið að persónuvernd og málefnum tengdum lögbundnu hlutverki Persónuverndar í ýmsum stefnum ríkisins, t.d. Menntastefnu 2021-2030, Stefnu Íslands um gervigreind, Netöryggisstefnu Íslands fyrir árin 2021-2036 og Stefnu um stafræna þjónustu hins opinbera.

Að einhverju marki hefur verið brugðist við álagi á Persónuvernd með því að auka fjárheimildir á síðustu árum. Þá hefur Persónuvernd gripið til ýmissa ráðstafana til að styrkja innviði stofnunarinnar. Stofnunin hefur tekið í notkun nýtt málaskrárkerfi og farið í rafræn skil, stytt alla málsmeðferð sem frekast er unnt, allt verklag hefur verið endurskoðað, einfaldað og stytt, skipurit hefur verið endurskoðað, málshraði eftir málategundum hefur verið skilgreindur og birtur á vefsíðu og unnið hefur verið rafrænt kvörtunareyðublað. Þessar aðgerðir hafa verið til bóta en hafa hins vegar ekki valdið straumhvörfum í umfangi þeirra verkefna sem hvíla á Persónuvernd, sérstaklega í ljósi þess að stofnunin hefur litla stjórn á ytri aðstæðum, svo sem kvörtunum sem berast eða beiðnum um álit eða umsagnir. Miklar tafir eru á málsmeðferð stofnunarinnar vegna málafjölda og málahala sem ekki hefur náðst að vinna á og er hætt við að svo verði áfram verði ekki gripið til frekari ráðstafana.“

Eins og fram kemur í frumvarpstextanum hefur átt sér stað alger naflaskoðun á rekstri Persónuverndar og reynt hefur verið að gera allt sem hægt er til þess að stytta afgreiðslutímann. Einn þáttur í því er framangreint frumvarp, en samþykkt þess myndi leiða til þess að stofnunin þurfi ekki að úrskurða um

allar þær kvartanir sem henni berast. Fleiri hugmyndir eru uppi hjá Persónuvernd um breytingar sem gætu létt á rekstrinum, en ljóst er að sumar þeirra kalla á breytingar á öðrum lögum. Þá er ætlunin að reyna að stytta verkferlana enn frekar með því að minnka rýni á málum áður en þau eru afgreidd – sem aftur gæti þó leitt til fjölgunar kvartana til umboðsmanns Alþingis vegna málsmeðferðar hjá Persónuvernd.

Staðan hjá Persónuvernd er samt sú í dag að fólk hendist á milli verkefna til að reyna að ná að gera það sem þarf að gera. Þetta hefur verið staðan hér ansi lengi og margir starfsmenn orðnir mjög lúnir. Það er slæmt til lengdar að ná ekki að sinna nema broti af því sem Persónuvernd ber að sinna. Í þessu sambandi má benda á að opin og óafgreidd mál hjá Persónuvernd eru nú 638 talsins. Þar af eru opin mál á eftirlitssviði Persónuverndar, sem sér um kvartanir til stofnunarinnar, nú 192 talsins, óafgreidd mál á öryggis- og úttektasviði eru 86 talsins og óafgreidd mál á sviði erlends samstarfs og fræðslu eru 253. Önnur opin mál eru 107.

Auk þessa hefur nær ekkert fjármagn verið til að sinna erlendri fundarsókn, sem nú þarf á ný að sinna, m.a. vegna lögbundins samstarfs á vettvangi Evrópska persónuverndarráðsins. Nær ekkert fjármagn hefur verið til þess að senda fólk á námskeið erlendis og ekkert fjármagn er fyrir hendi til þess að halda innlendar ráðstefnur eða fræðslufundi eða gera fræðslumyndbönd, t.d. til að auka meðvitund barna og annarra um persónuvernd og upplýsingaöryggi, til dæmis á Netinu. Hér athugast einnig að á næsta ári er komið að Persónuvernd að halda tvo fundi norrænna persónuverndarstofnana; annan að vori, með 50-60 þátttakendum, og hinn fyrir lok árs, með um 15 manns. Fundir þessir fara á milli norrænu stofnananna og hélt Persónuvernd þá síðast árið 2016. Áætlaður kostnaður við fundahaldið, sem Persónuvernd mun þurfa að standa straum af, er um 3,0 millj. kr.

2.

Persónuvernd minnir á að enn er til staðar rökstudd þörf fyrir varanlega fjölgun hjá stofnuninni um 10 stöðugildi, sbr. kröfu þar um til dómsmálaráðuneytis í ársbyrjun 2020. Er þar hafður í huga málafjöldi stofnunarinnar, en einnig það aukna hlutverk sem Persónuvernd er fengið í helstu stefnum stjórnvalda á tímum tæknibyltingar, m.a. sem ein af helstu stoðum í netöryggi landsins. Það að fjárlög nú geri ráð fyrir lækkun á auknu fjármagni til handa Persónuvernd – og að starfsemin á Húsavík sé strikuð út, er afleit staða og í raun ógerlegt annað en að brugðist sé við því mikla og stöðuga álagi sem hvílir á stofnuninni.

Sem fyrr segir gerir fyrirliggjandi fjárlagafrumvarp ráð fyrir 39 millj. kr. hækkun á fjárframlagi til Persónuverndar á árinu 2023 með það að markmiði að styrkja starfsemi stofnunarinnar. Verði niðurstaðan sú eru þó litlar líkur á að hægt verði að fjölga starfsfólki hjá Persónuvernd. Að teknu tilliti til alls framangreinds – þ.e. einkum kostnaðar vegna norrænna funda og erlendrar fundarsóknar, en einnig almennra launa- og verðlagshækkana – er útlit fyrir að einungis verði hægt að ráða tvo nýja starfsmenn, en samhliða því mun stofnunin hins vegar missa tvo starfsmenn á Húsavík. Ekki yrði því um að ræða fjölgun starfsfólks frá því sem nú er.

3.

Niðurstaða: Nauðsynlegt er að bregðast við viðvarandi auknu álagi hjá Persónuvernd. Því þarf að gera breytingar á fjárlagafrumvarpinu, til að mæta þeim áskorunum sem stofnunin stendur frammi fyrir. Persónuvernd hefur haft starfsemi á Húsavík frá því í maí 2021 og hefur hún sannað mikilvægi sitt, en hún hefur verið rekin á tímabundnu fjárframlagi samkvæmt fjárlögum 2021 og 2022. Nauðsynlegt er að starfsemin fái festu í stofnanakerfi ríkisins (25 millj. kr.). Jafnframt verður að gera Persónuvernd kleift að halda fund norrænna persónuverndarstofnana á Íslandi á næsta ári (3,0 millj.kr.).

Að því gefnu að einungis verði hér mætt allra brýnustu þörfum Persónuverndar, og að svo stöddu ekki tekið mið af þörf hennar fyrir 10 nýja starfsmenn, sbr. framangreint, þá þyrfti heildarauknin á fjárveitingu nú að vera 67 millj. kr.

F.h. Persónuverndar,

Helga Þórisdóttir

Vigdís Eva Líndal

Til: Fjárlaganefndar Alþingis
v/ formann Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir
101 Reykjavík

Sendandi: Hermundur Sigmundsson
Prófessor í líffræðileg sálfræði

Rannsóknarsetur um menntun og hugarfar, HÍ

Department of Psychology, Norwegian University of Science and Technology

Efni: Beiðni um stuðning til Rannsóknarseturs um menntun og hugarfar við HÍ

Rannsóknarsetur um menntun og hugarfar (rmh.is) var stofnað með það að markmiði að skilja betur hvernig börn og unglingar öðlast grunnfærni í lestri, ritun, stærðfræði og náttúrufræði. Við höfum áhuga á sambandi hreyfingar og náms sem og hlutverki hvatningarþátta eins og ástríðu, þrautseigju, hugarfars og tilgangs í skólasamhengi. Auk rannsókna er markmið okkar að nýta og miðla þekkingunni með þróun kennsluefnis sem miðar að börnum á leik- og grunnskólastigi auk inngripa fyrir uppeldisfræðinga. Við stefnum að því að efla samstarf atvinnulífs, sveitarfélaga og skóla, með því að færa þangað rannsóknir og verkefni.

Fyrsta verkefni Setursins, *Kveikjum neistann* við Grunnskóla Vestmannaeyja (GRV) er tíu ára áætlun í grunnskóla til að beita og meta inngrip sem byggja á leiðandi kenningum um nám. Árangur í því verkefni mun að öllum líkindum hafa langtíma jákvæð áhrif á lykil áskoranir í íslensku menntakerfi.

Tvö af helstu markmiðum *Kveikjum Neistann* rannsóknarverkefnisins er að stórefla lestrarkennslu og árangur ásamt því að efla námsárangur og vellíðan nemanda í gegnum tilgangsdrifnari nálgun á nám þeirra. Nú þegar liggja fyrir jákvæðar niðurstöður eftir fyrsta ár verkefnisins á lestrarárangri og líðan barna í 1. bekk.

Kostnaður Seturs fyrir næstu þrjú ár (2023-2025) er áætlaður um 150 milljónir og nú þegar eru komnar 30 milljónir frá Vestmanneyjabæ og 10 milljónir frá Menntamálaráðuneyti undir stjórn Lilju Alfreðsdóttur. Samtök atvinnulífsins lögðu til 4 milljónir til verkefnisins.

Rannsóknarsetrið sækir hér með um stuðning fjárlaganefndar upp á 120 milljónir svo unnt sé að reka Setrið og vinna að markmiðum þess.

a) Standa undir rannsóknum og geta útvíkkað þær.
b) Geta ráðið einstakling til starfa til að halda utan um öll gögn og skrá þau.
c) Geta sett aukna áherslu á að rannsaka áhrif aðferðarfræði *Kveikjum neistans* á innflytjendur.
d) Geta aukið starfshlutfall verkefnastjóra við Setrið
e) Geta ráðið upplýsingafulltrúa sem vinnur í að kynna verkefnið í sveitarfélögum með það að markmiði að bjóða þeim samstarf.
f) Geta boðið einstaklingum í doktorsnám tengdu verkefninu.
g) Geta eflt samstarf við erlenda sérfræðinga og háskóla.

Greinargerð með umsókn

Stuðningur Fjárlaganefndar getur haft mikilvæg áhrif

Til þess að geta tryggt starfsemi rannsóknarsetursins og verkefnisins *Kveikjum Neistann* í Vestmannaeyjum næstu 3 árin er óskað eftir 120 milljóna króna fjárframlagi Fjárlaganefndar. Aukið fjármagn yrði nýtt til að ráðast í verkefni og rannsóknir sem myndu gagnast í eftirfarandi áskorun sem við sem þjóð stöndum frammi fyrir.

Ísland sker sig úr meðal samanburðar ríkja okkar þegar kemur að skráningu karla til framhaldsnáms. Brottfall drengja er með því mesta sem mælist á Vesturlöndum og er 40% hærra en brotfall stúlkna. Innritunarstig karla hefur verið meðal þes lægsta sem mælist í OECD ríkjum undanfarin ár og er kynjahlutfall í Háskóla íslands núna 70/30 sem er eitt skarpasta kynjabil í veröldinni þar sem frjáls aðgangur er að háskólum. Ein af ástæðum þess (m.a. byggt á spurningalistum) er talin vera sú að íslenskir drengir skilja illa tilgang þess að fara í háskólanám. Önnur lykil breyta er talin vera mikil áskorun drengja gagnvart lestri en 34% þeirra geta ekki lesið sér til gagns að loknu grunnskólanámi. Jákvæðar niðurstöður á þessum sviðum kunna að hafa talsverð áhrif til langs tíma varðandi aðgengi og skráningu drengja inn í háskólanám á Íslandi.

Þetta skiptir miklu máli, ekki bara fyrir velferð samfélagsins heldur einnig starfsauð þjóðarinnar. Samkvæmt greiningu Samtaka Iðnaðarins frá maí á þessu ári stendur Ísland frammi fyrir stórkostlegum sérfræðingaskorti. Helstu niðurstöður greiningarinnar er að það mun vanta níu þúsund nýja sérfræðinga til starfa á Íslandi næstu fimm árin ef vaxtaáform fyrirtækja í hugverkaiðnaði eiga að ganga eftir. Ljóst er að Ísland er ekki að ná að mennta nóg af sérfræðingum nógu hratt. Eitt stærsta sárið í mannauðspípunni okkar er dræm þátttaka karlmanna í framhaldsnámi og slæmur árangur sem hefst í grunnskóla spilar þar eflaust veigamikla rullu.

Með meira fjármagni getum við einnig rannsakað áhrif verkefnisins *Kveikjum neistann* á nemendur með annað móðurmál en íslensku, lestrarnám þeirra, orðaforða og málskilning. Samkvæmt skýrslu innri endurskoðunar Reykjavíkurborgar (2019) eru 92.5% innflytjenda í grunnskóla á rauðu og gulu ljósi hvað íslenskukunnáttu varðar (kunna ekki íslensku). Á Íslandi er hátt brottfall nemenda úr framhaldsskóla eða 26% nemenda falla út þar af 31% drengja, 22% stúlkna og 62% innflytjenda.

Að lokum er það mikið áhyggjuefni að íslensk börn eiga erfitt með að eignast vini og skora lægst Evrópuþjóða í félagsfærni barna samkvæmt tölum UNICEF frá árinu 2020. Leiða má líkur af því að virkni og tilgangur barna í námi á Íslandi markist að einhverju leyti af þessari staðreynd. Við viljum hefja rannsóknir á þessu sviði einnig, hugsanlega sem síðari tíma viðbót inn í verkefni eins og *Kveikjum Neistann.*

Mælikvarðar

Markmið Setursins er að ná eftirfarandi árangri:

1. Lestrarskilningur og árangur allra nemenda í 2. bekk (árið 2024) eykst um a.m.k 10 % miðað við kvarða **FULLÆS**, þróað við GRV haustið 2022.
2. Hægt verður mælanlega að styrkja ástríðu og tilgang nemanda gagnvart námi sem mun hafa áhrif á vellíðan þeirra og námsárangur sem verður mælt með skori á kvarða **HUGARFAR** með árangurshlutfall 4 af 5 (80%) sem ásættanlegt.

3. Tengslamyndunarkannanir eru framkvæmdar í flestum skólum og má með lítilvægri viðbót nota sem viðmiðunarmælikvarða á hvort hægt sé að efla meðal styrk félagslegra tengsla inn í hverjum bekk verulega (20%+) með skipulagi, fræðslu og utanumhaldi sem snúa að því að stuðla að aðstæðum þar sem vinátta getur blómstrað, t.a.m. með svokallaðri vináttuformúlu og inngripi og stuðning við félagslega veik börn á lykil tímapunktum.

Aðferðafræði og nálgun

LESTU aðferðafræðin: Þróun fulllæs stöðumats + þróun lesskilningsverkefna fyrir þá sem hafa náð fullu læsi + þróun mats á skapanda skrifum. Bókstaf-hljóðaprófið var þróað í Noregi 1992 og er birt í þremur vísindagreinum og einu meistaraverkefni á Íslandi (Svava Þ. Hjaltalín). Fyrsta vísindagrein er send inn til alþjóðlegs tímarits.

STÆRÐFRÆÐI: Þróun stöðumats (vörðu) fyrir 2., 3. og 4. bekk. Varða 1 fyrir 1. bekk var þróuð vor 2022. Einnig verður unnið að mælingum á stærri hópum nemenda.

NÁTTÚRUFRÆÐI: Þróun stöðumats (vörðu) fyrir 1., 2., 3. og 4. bekk. Einnig verður unnið að mælingum á stærri hópum nemenda.

HUGARFAR: Þróuð verða verkefni sem hægt er að nota frá 1. – 4. bekk sem tengjast grósku hugarfari, þrautseigju, ástríðu og ´mestringstro.´ Einnig verður stöðumat um líðan notað á stærri hópa í 1. -10. bekk frá öllu landinu. Stöðumat líðan var þróað vorið 2021 (vísindagrein er send til alþjóðlegs tímarits).

HREYFING: Stöðumat um hreyfifærni og hreysti er þróað fyrir nokkru síðan og notað um allan heim. Notuð verða valin verkefni til að nota í stærri könnunum sem fókusera á hreysti og hreyfifærni.

ÁSTRÍÐUTÍMAR: Unnið verður með Grunnskóla Vestmannaeyja að þróun ástríðutíma fyrir 1. - 4. bekk. Mikilvægt er að geta tengt ástríðutíma bæði þeim skapandi fögum sem þegar eru í viðmiðunarstundaskrá og einnig að koma með nýja þætti inn eins og til dæmis skák, forritun, tjáning/leiklist. En ástríðutímar við Grunnskóla Vestmannaeyja er með í að skapa litla ´frumkvöðla,´ þar velja nemendur verkefni eftir áhuga og það eykur áhugahvöt. Þegar ofar dregur í aldri (5 bekk) er hægt að hugsa sér að börn séu með alveg klárt að þau vilja læra á hljóðfæri, mála o.s.frv.

Að hafa gott einfalt stöðumat sem tengist lykilfögum skapar betri grunn til að gefa börnum áskoranir miðað við færni sem er lykill árangurs og vellíðunar.

Með hverju ári sem líður munu gögn verða aðgengileg og vonandi árangur sýnilegur sem geta hjálpað varðandi kortlagningu í námi/kennslu barna og ungmenna. Gögn sem hjálpa til við að byggja upp vörður til að meta kunnáttu svo unnt sé að auka færni einstaklinga jafnt og þétt. Þegar á líður verður hægt að vinna heilbrigð markmið um samkeppnishæft háskólaumhverfi fyrir alla.

Ráðstöfun fjármuna

Fengi Setrið framangreint framlag (120 milljónir) gæfist meira svigrúm (3 ár) til að vinna að þróun stöðumats, könnunum, kynningum og miðlun þeirra vísinda sem byggt er á og fá fleiri bæjarfélög til samstarfs. Hægt væri að ráða 1-2 dr. nema til þriggja ára. Setrið gæti hæglega

fylgst með þróun barna með annað móðurmál en íslensku gegnum *Kveikjum neistann* verkefnið í Vestmannaeyjum. Fylgst yrði með bókstaf-hljóða kunnáttu og hvort læsi sé náð. Einnig mun setrið vilja vinna ad þróun stöðumats fyrir orðaforða 3 ára barna og félagsfærni barna.

Til að ná markmiði Setursins og tryggja viðunandi frágang á framkvæmd rannsóknarinnar *Kveikjum Neistann* út árið 2024 ásamt öllum þeim gögnum og rannsóknarniðurstöðum sem væntanlegar eru úr verkefninu skólakerfinu til góða. Til að halda utan um rannsóknargögn og að vinna úr þeim kallar á meiri mannskap en í dag er aðeins einn starfsmaður í 30% vinnu sem verkefnastjóri við Setrið. Nauðsynlegt er að hækka það starfshlutfall í 100% stöðu og mikilvægt að geta ráðið 4 aðstoðarmenn rannsókna og einn upplýsingafulltrúa/verkefnastjóra til eins árs sem hefði bækistöðvar í Eyjum og einnig í aðstöðu Setursins í Reykjavík. En verið er að skoða möguleika á húsnæði fyrir starfssemina.

Kær kveðja fyrir hönd Rannsóknarseturs fyrir menntun og hugarfar, HÍ

Helgi Rúnar Óskarsson, stjórnarformaður Seturs

Hermundur Sigmundsson, faglegur stjórnandi Seturs

Svava Þ. Hjaltalín, verkefnastjóri Seturs

Fjárlaganefnd Alþingis
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
Reykjavík

Reykjavík, 7. október 2022

Efni: Athugasemd ReykjavíkurAkademíunnar við frumvarp til fjárlaga 2023

ReykjavíkurAkademían er samvinnuvettvangur sjálfstætt starfandi fræðafólks sem vinnur að fjölbreyttum og fjölfaglegum verkefnum tengdum rannsóknum og fjölbreyttri menningarstarfsemi. Þar starfa m.a. rannsakendur, rithöfundar, ljóðskáld, þýðendur, prófarkalesarar og tónskáld. RA er skilgreind sem nýsköpunarmiðstöð hug- og félagsvísinda í styrktarsamningi við háskólaráðuneytið. Í Félagi ReykjavíkurAkademíunnar eru hátt á annað hundrað félagar.

17-297 Ýmis fræðastörf /Starfslaunasjóður sjálfstætt starfandi fræðimanna

Stjórn RA vill koma á framfæri ábendingu um alvarlega stöðu Starfslaunasjóðs sjálfstætt starfandi fræðimanna. Sjóðurinn er afar mikilvægur fyrir sjálfstætt starfandi fræðafólk sem er stór hópur en ósýnilegur í opinberum tölum og sinnir mikilvægu hlutverki við rannsóknir og nýsköpun í íslensku samfélagi. Rannsóknir þeirra beinast gjarnan að viðfangsefnum sem nýtast sem grunnur að hverskonar fræða- og listsköpun innan og utan hins opinbera menntakerfis. Niðurstöður þeirra eru oftast ritaðar á íslensku með íslenskan almenning í huga. Þá nýtast verk sjálfstætt starfandi fræðimanna gjarnan til nýsköpunar til dæmis í ferðaþjónustu og ýmiss konar afþreyingu.

Í fjárlagagerð fyrir árið 2023 er lítilega gengið á sjóðinn miðað við fyrra ár og fer hann úr 51,8 m.kr í 51,3 m.kr. Samdrátturinn virðist því 1% fyrir utan breytingu á vísitölunni sem hefur hækkað verulega undanfarið ár.

Lækkunin er þó umtalsvert meiri en þessar tölur gefa til kynna. Á árinu 2022 var mánaðarleg greiðsla úr sjóðnum hækkuð til samræmis við hækkun á starfslaunum listamanna, eða um tæplega 20%. Upphæðin fór úr 410.000 kr (verktakagreiðsla) í 490.920 kr. Til þess að koma til móts við þessa hækkun þá hefur starfslaunasjóður listamanna verið stækkaður. Á þessu ári er hann 812,0 m.kr. en fer í 846,2 m.kr. á árinu 2023.

Hins vegar hefur starfslaunasjóður sjálfstætt starfandi fræðimanna ekki tekið sömu hækkunum. Þessar breytingar leiddu til mikillar skerðingar á úthlutunum til sjálfstætt starfandi fræðafólks talið í mannmánuðum (sjá töflu). Á árinu 2022 fór fjöldi mannmánaða niður í 93 sem er mikil fækkun frá árunum á undan en þeir voru á bilinu 111 til 129 á árunum 2018 - 2021.

ÁR	2018	2019	2020	2021	2022
Styrkupphæð á mánuði (verktakagreiðsla)	377.000	393.000	405.000	410.000	490.920
Fjöldi úthlutaðra mánuði	120	111	117	129	93

Vegna þessa áréttar stjórn RA mikilvægi þess að framlög til Starfslaunasjóðs sjálfstætt starfandi fræðimanna verði hækkuð verulega á árinu 2023, til að bregðast við þessari stöðu.

Fyrir hönd stjórnar ReykjavíkurAkademíunnar

Anna Þorbjörg Þorgrímsdóttir framkvæmdastjóri

annath@akademia.is

Reykjavíkurborg

MSS22100001
Reykjavík, 7. október 2022

Umsögn

Efni: Frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2023, mál nr. 1/153
Viðtakandi: Fjárlaganefnd alþingis
Sendandi: Sviðstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs

Fyrir fjárlaganefnd alþingis liggur frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2023, mál nr. 1/153. Hefur fjármála- og áhættustýringarsviði verið falið að undirbúa umsögn um frumvarpið fyrir hönd Reykjavíkurborgar.

Meginhlutverk sveitarfélaga er að veita íbúum sínum þjónustu sem er skilgreind í lögum sem samþykkt eru á Alþingi og reglugerðum sem settar eru af ráðuneytum. Rekstur sveitarfélaga er fjármagnaður með eigin tekjustofnum, einkum útsvari og fasteignasköttum og fjárfestingar með lántökum á markaði þar sem skuldabréf Reykjavíkurborgar bera álag á kjör ríkisins. Aðaláhættan í rekstri sveitarfélaga raungerist þegar ríkið leggur þeim á herðar meiri skyldur en þau geta fjármagnað með lögbundnum tekjustofnum. Þetta ógnar um þessar mundir sjálfbærni sveitarfélaga á Íslandi þvert á markmið laga um opinber fjármál en þar ber vanfjármögnun á málaflokki fatlaðs fólks hæst.

Einn höfuðtilgangur laga um opinber fjármál er að leggja grunn að efnahagslegu jafnvægi til lengri tíma, sbr. 4. gr. laganna. Það kallar á ábyrga fjármálastjórn, bæði í fjármálastjórn ríkisins og fjárhagslegum samskiptum ríkisins við sveitarfélögin. Það ætti að fyrirbyggja að ríkið með lagasetningu, reglugerðum eða öðrum stjórnvaldsfyrirmælum, taki ákvarðanir sem skylda sveitarfélög til að veita þjónustu án þess að þeim sé tryggð full fjármögnun á auknum verkefnum. Þannig renna bæði sveitarstjórnarlög og lög um opinber fjármál styrkum stoðum undir þær leikreglur sem gilda um fjárhagsleg samskipti ríkis og sveitarfélaga. Framkvæmd ríkisins á þessum skýru lagaákvæðum hefur ekki verið í samræmi við lagaskyldur og hefur í mikilvægum ákvörðunum litið framhjá þeirri skyldu að meta fjárhagsleg áhrif lagafrumvarpa og annarra áforma ríkisins á fjárhag sveitarfélaga og tryggja þeim fjármuni til að mæta breyttum skyldum.

◊◊◊

Í eftirfarandi umfjöllun eru rakin þau verkefni sem eru og hafa verið um árabil til umræðu í samskiptum ríkis og borgar og eru van- eða ófjármögnuð. Vakin er athygli á því að hér er ekki um tæmandi yfirlit að ræða.

1. Þjónusta við fatlað fólk

Þjónusta við fatlað fólk var færð frá ríki til sveitarfélaga árið 2011 og fjármögnun endurskoðuð árið 2014 sem átti að tryggja fulla fjármögnun þjónustunnar með hækkun útsvars í 1,24% auk 0,235% af innheimtum skatttekjum ríkissjóðs frá og með árinu 2016. Þrátt fyrir mikið kostnaðaraðhald hefur þjónusta við málaflokkinn kostað mun meira frá yfirfærslunni heldur en framlög Jöfnunarsjóðs og viðbótarútsvar sveitarfélagsins hafa staðið undir eða allt að 25,7 ma.kr. umfram tekjur tímabilið 2011-2021. Árið 2020 námu gjöld umfram tekjur um 5,7 ma.kr. og ársuppgjör Reykjavíkurborgar fyrir árið 2021 sýnir að enn eykst hallinn sem nam um um 6,7 ma.kr.

Mismunur á milli tekna og gjalda hefur vaxið jafnt og þétt í gegnum árin einkum fyrir tilstilli aukinna krafna um þjónustu sem byggja á lögum, reglugerðum og alþjóðlegum samþykktum. Nú síðast með lögum nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir. Fyrir liggur að mikið vantar upp á að þjónustukröfur sem þessi lagasetning leggur á sveitarfélög hafi verið kostnaðarmetin eins og 129. gr. Sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 gerir ráð fyrir og 66. gr. laga um opinber fjármál nr. 123/2015.

Á síðasta ári skipaði félags- og barnamálaráðherra tvo starfshópa, annars vegar starfshóp um heildarendurskoðun á lögum nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir og hins vegar starfshóp um greiningu á kostnaðarþróun í málaflokknum árin 2018 til 2020. Hóparnir skiluðu niðurstöðum sínum í maí sl. og var það niðurstaða starfshóps um kostnaðargreiningu að halli málaflokksins árið 2020 hafi á landsvísu verið 8,9 ma.kr. Ætla má að hallinn nemi nú allt að 12 – 13 ma.kr.

Þar til viðbótar er mikil uppsöfnuð þörf fatlaðs fólks fyrir búsetuúrræði við hæfi. Samanlagt er talið að viðbótarútgjöld sveitarfélaganna vegna uppsafnaðrar þarfar fyrir búsetuúrræði geti varlega áætlað verið 10 ma.kr. í árlegan rekstrarkostnað til nánustu framtíðar. Þar af nemi rekstrarkostnaður vegna uppbyggingar á sértæku húsnæðisúrræði og niðurlagning herbergjasambýla í Reykjavík 3,7 ma.kr.

Hækkun útgjalda í málaflokki fatlaðs fólks frá því hann var fluttur frá ríki til sveitarfélaga er langt umfram það sem fjármögnun málaflokksins stendur undir. Niðurstöður starfshópanna sem að ofan greinir varpa skýru ljósi á vanfjármögnun málaflokksins og er það krafa Reykjavíkurborgar að tryggð verði full fjármögnun í samræmi við niðurstöður, enda ógnar staðan sjálfbærni sveitarfélaga verði ekki gerðar viðeigandi úrbætur.

1.1 Þjónusta við börn með alvarlegar þroska- og geðraskanir

Þjónusta við börn með alvarlegar þroska- og geðraskanir heyrir undir málaflokk fatlaðs fólks. Á síðustu árum hefur þjónustan vaxið mikið án þess að því hafi fylgt fjármagn og þurfti borgarsjóður að bera 850 m.kr. kostnað vegna málaflokksins á árinu 2020. Á árinu 2021 nam kostnaður um 1,7 ma.kr. og ljóst er að fjárhæðin sem eyrnamerkt hefur verið til málaflokksins af ríkinu, alls 500 m.kr. fyrir öll sveitarfélög landsins er óraunhæf.

Við endurskoðun á samkomulaginu um yfirfærslu málefna fatlaðs fólks frá ríki til sveitarfélaga frá árinu 2015 var þetta úrlausnarefni skilið eftir og gert ráð fyrir að samningsaðilar myndu semja síðar um fyrirkomulag og fjármögnun á þjónustu við börn með alvarlegar þroska- og geðraskanir. Frá því að skýrsla starfshóps velferðarráðuneytisins um þjónustu við börn með alvarlegar þroska- og geðraskanir var gefin út í nóvember 2013 hefur Reykjavíkurborg lagt sig fram um að nálgast málefni umræddra barna á grundvelli tillagna starfshóps ráðuneytisins með afar takmörkuðu fjármagni frá ríkinu. Þessi viðbótarkostnaður hefur því lent af miklum þunga á Reykjavíkurborg.

Samkvæmt nýjum lögum nr. 87/2021 um Barna- og fjölskyldustofu ber stofnunin ábyrgð á uppbyggingu og yfirstjórn heimila, stofnana og sérhæfða úrræða fyrir börn. Á undanförnum árum hefur Barnaverndarstofa, forveri Barna- og fjölskyldustofu, hins vegar markvisst lagt niður meðferðarheimili án þess að önnur úrræði hafi komið í staðinn. Takmarkað fjármagn fylgdi samþykkt frumvarpsins og ekkert sem eyrnamerkt er þessu hlutverki stofnunarinnar og er því erfitt að sjá skyldur hennar raungerast nema úr því verði bætt, annars er hætta á að áframhaldandi úrræðaleysi lendi af fullum þunga á sveitarfélögunum án þess að um það hafi verið samið.

Fjárhagslegt mat: 990 m.kr.

1.2 Frístund fatlaðra ungmenna

Kostnaður vegna lengdrar viðveru fatlaðra barna og ungmenna hefur farið sívaxandi á síðustu árum og nam kostnaður Reykjavíkurborgar samtals 738 m.kr. á árinu 2021. Framlag Jöfnunarsjóðs nam aðeins 74 m.kr. og nemur mismunurinn 664 m.kr. sem er ófjármagnað. Hér er enn og aftur um þjónustu að

ræða sem þar sem úrlausnarefni málaflokksins var skilið eftir við endurskoðun á samkomulaginu ríkis og sveitarfélaga frá árinu 2015 og gert ráð fyrir að samningsaðilar myndu semja síðar um fyrirkomulag og fjármögnun. Ný lög nr. 38/2018 kveða á um meiri þjónustu fyrir fötluð börn og ungmenni, en núverandi reglur um frístundaheimili og félagsmiðstöðvar kveða á um. Ekki hefur fengist fjármagn eða samtal við ríkið um hvernig eigi að standa undir því þjónustustigi sem lögin kveða á um.

Fjárhagslegt mat: 664 m.kr.

1.3 Uppbygging á sértæku húsnæði fyrir fatlað fólk og niðurlagning herbergjasambýla

Þrátt fyrir öfluga uppbyggingu húsnæðis fyrir fatlað fólk á umliðnum árum eru enn 135 einstaklingar á biðlista eftir búsetuúrræði í Reykjavík. Þá hafa kröfur um búsetuform og þjónustu aukist til muna með lögum og reglugerðum án þess að fylgt hafi fjármagn. Samkvæmt framkvæmdaáætlun í málaflokki fatlaðs fólks fyrir árin 2017 til 2021 og skv. bráðabirgðaákvæði II í lögum nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir er kveðið á um niðurlagningu herbergjasambýla. Í Reykjavík eru ennþá starfrækt 9 herbergjasambýli og mun breyting þess búsetuforms kalla á aukið fjármagn. Áætlaður rekstrarkostnaður á ári vegna úrræða fyrir einstaklinga á biðlista eftir sértæku húsnæði er um 3,7 ma.kr. skv. nýendurskoðaðri áætlun um uppbyggingu búsetuúrræða.

Fjárhagslegt mat: 3.700 m.kr.

1.4 Notendastýrð persónuleg aðstoð (NPA)

Notendastýrð persónuleg aðstoð (NPA) var lögfest á Íslandi með setningu laga nr. 38/2018 án þess að fjármögnun væri tryggð með varanlegum hætti. Við endurskoðun á samkomulaginu um yfirfærslu málefna fatlaðs fólks frá ríki til sveitarfélaga árið 2015 var þetta úrlausnarefni skilið eftir og gert ráð fyrir að samningsaðilar myndu semja síðar um fyrirkomulag og fjármögnun á notendastýrðri persónulegri aðstoð (NPA).

Alþingi samþykkti 9. maí 2018 lögum nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir en með þeim lögum var notendastýrð persónuleg aðstoð lögfest á Íslandi. Um er að ræða löggjöf um tímabær réttindi fatlaðs fólks en um fjármögnun þessara nýju réttinda segir í lögunum: *„Sveitarfélög skulu fjármagna þjónustu við fatlað fólk og annan rekstrarkostnað samkvæmt lögum þessum að því leyti sem annað er ekki tekið fram eða leiðir af öðrum lögum. Jafnframt skulu sveitarfélög standa að uppbyggingu á þjónustustofnunum fyrir fatlað fólk með framlögum til stofnkostnaðar eftir því sem nauðsyn krefur.“*

Í bráðabirgðaákvæði með lögunum kemur fram að á innleiðingartímabilinu 2018-2022 er gert ráð fyrir ákveðnum heildarfjölda NPA samninga sem nýtur ákveðins stuðnings frá Jöfnunarsjóði en þetta framlag mun nema rétt um fjórðungi útgjalda sveitarfélaganna byggt á því mati að kostnaðarauki við NPA væri 25%. Frá og með árinu 2023 er gert ráð fyrir því að sveitarfélögin beri ábyrgð á allri fjármögnun þessarar þjónustu án þess að til viðbótarfjármögnunar komi. Þetta stingur í stúf við þá meginreglu að öll þjónusta sveitarfélaga við fatlað fólk skuli að fullu fjármögnuð með auknum tekjustofnum og í þessu samhengi er minnt á að ráðherra skuli kostnaðarmeta lagafrumvörp sem hafa fjárhagsleg áhrif á sveitarfélögin og tryggja fjármögnun kostnaðaraukans.

Í reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 1250/2018 um NPA kemur fram að sveitarfélög, hagsmunasamtök og ráðuneytið skuli fyrir lok 2019 vinna tillögur til ráðherra um hvernig staðið verði að greiðslum vegna sérfræðikostnaðar við viðbótarþarfir þeirra sem fá NPA en ekki liggur enn fyrir hvernig staðið verður að þessum greiðslum.

Umsækjendur NPA eru þegar orðnir fleiri en unnt er að mæta m.t.t. til fjárheimilda ríkisins um endurgreiðslu og Reykjavíkurborg er komin með hóp fólks sem sótt hefur um lögbundna þjónustu sem ekki er unnt að veita án aukinna framlaga. M.v. núverandi samninga má ætla að kostnaðarauki nemi að

lágmarki 350 m.kr. frá árinu 2023, verði 25% mótframlag ríkisins fellt niður. Eru þá ekki teknar með væntingar um fjölgun NPA samninga. Það er afar mikilvægt í ljósi fjárhagslegrar stöðu málaflokksins að mótframlag ríkisins vegna samninganna verði ekki fellt niður.

Fjárhagslegt mat: 350 m.kr.

2. Rekstur grunnskóla

2.1. Rekstur grunnskóla - Krafa um framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga

Rekstur grunnskóla var fluttur frá ríki til sveitarfélaga árið 1996 og átti 2,33% hækkun útsvarsstofns að fjármagna rekstur hans að fullu hjá Reykjavíkurborg. Fyrir flutning báru sveitarfélögin kostnað sem metinn var á 1,43% af útsvarsstofni. Þar til viðbótar hækkaði útsvarsstofninn um 0,77% sem rennur til jöfnunar á rekstri grunnskóla allra sveitarfélaga annarra en Reykjavíkurborgar. Samanlagt nam fjármögnun því tæplega 4,5% stigum af útsvarsstofni, þó þannig að aðeins runnu 3,76% stig beint til sveitarfélaganna en restin (0,77%) til Jöfnunarsjóðs. Þessi fjármögnunaraðferð hefur ekki reynst vel fyrir borgina, í ljósi þess að Reykjavíkurborg nýtur ekki almennra jöfnunarframlaga svo neinu nemi og útgjöld í hlutfalli af útsvarsstofni hafa hækkað í 5,5% að jafnaði. Þetta hefur leitt til vanfjármögnunar sem hefur vaxið jafnt og þétt í gegnum árin m.a. vegna aukinna krafna sem rekja má til laga, reglugerða eða reglugerðabreytinga án fjármögnunar. Má hér nefna einsetningu grunnskóla, skóla án aðgreiningar og þjónustu við nemendur af erlendum uppruna.

Reykjavíkurborg hefur gert þá kröfu að borgin njóti framlaga úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til jafns við önnur sveitarfélög með málefnalegum hætti. Í dómsmáli því sem Reykjavíkurborg hefur höfðað gegn ríkinu og varðar almenn jöfnunarframlög vegna reksturs grunnskóla er gerð krafa um að borgin sé ekki útilokuð frá framlaginu á grundvelli stærðar borgarinnar (yfir 70 þús. íbúar). Krafa borgarinnar vegna þessa er samtals 5.418 m.kr.

Fjárhagslegt mat: 5.418 m.kr.

2.2. Íslenskukennsla barna af erlendum uppruna

Hluti af kröfu Reykjavíkurborgar varðar íslenskukennslu barna af erlendum uppruna sem er greitt af jöfnunarframlagi til grunnskóla. Greiddar eru um 150 þús.kr. með hverju barni til sveitarfélaga um land allt, utan Reykjavíkur. Hér er um að samfélagslega breytingu að ræða sem öll sveitarfélög þurfa að takast á við í rekstri sínum. Fyrsta áætlun ríkisins um framlög nemenda með íslensku sem annað tungumál 2023 sýnir þetta með skýrum hætti. Það að börn af erlendum uppruna í Reykjavík njóti ekki sömu jöfnunarframlaga og annarsstaðar á landinu er óásættanlegt og þess krafist að þetta verði leiðrétt.


Jöfnunarsjóður sveitarfélaga
27.09.2022

Sveitarfélag	Fyrsta áætlun 2023
0 Reykjavíkurborg	0
1000 Kópavogsbær	110 670 000
1100 Seltjarnarnesbær	4 930 000
1300 Garðabær	21 950 000
1400 Hafnarfjarðarkaupstaður	54 570 000
1604 Mosfellsbær	38 990 000
1606 Kjósarhreppur	0
2000 Reykjanesbær	65 240 000
2300 Grindavíkurbær	15 980 000

Fjárhagslegt mat: 412,5 m.kr.

3. Önnur mikilvæg mál sem snerta Reykjavíkurborg

3.1 Rekstur almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu

Fjárhagsstaða Strætó bs. hefur verið erfið á undanförnum misserum, en á tímum heimsfaraldurs kórónaveiru árið 2020 og 2021 fækkaði farþegum í Strætó umtalsvert sem dró verulega úr farþegatekjum. Engu að síður var, ekki síst að beiðni stjórnvalda og annarra ytri aðila, lögð áhersla á að halda úti óskertri þjónustu í almenningssamgöngum á erfiðum tímum heimsfaraldurs. Í ljósi þess bundu sveitarfélögin og stjórn Strætó vonir við að ríkið kæmi að rekstrinum með aukaframlag að fjárhæð allt að 990 m.kr. Niðurstaðan var hins vegar aðeins 120 m.kr. framlag eða aðeins brot af því tapi sem hefur

verið að raungerast hjá félaginu vegna samdráttar í farþegatekjum sem námu um 1,7 milljarði króna á tveggja ára tímabili. Félagið hefur sökum þess verið að ganga á eigið fé og uppsafnað handbært fé sem fyrirhugað var að nýta til fjárfestinga í vögnum. Árið 2022 hefur jafnframt verið félaginu erfitt vegna mikilla hækkana á olíu og kostnaðarhækkana vegna verðbólgu. Stjórn Strætó og stjórnendur standa nú frammi fyrir afar erfiðri stöðu fjárhagslega, sem ekki var fyrirséð fyrir rúmlega tveimur árum síðan.

Líkt og fram kemur í umsögn Sambands sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu og Strætó við drög að Grænbók um samgöngumál 2021 þá þarf ríkið að taka á sig veigameira hlutverk við fjármögnun almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu til framtíðar litið. Föst framlög sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu nema tæpum 4,2 milljarði króna á ári skv. áætlun ársins en fast framlag ríkisins er um 900 m.kr. Við fast framlag sveitarfélaganna bætist um 470 m.kr. framlag til niðurgreiðslu á fargjöldum aldraða, öryrkja og nemenda. Mikilvægt er að ríkið komi með afgerandi hætti að því að treysta fjárhagslegan grunn Strætó vegna þeirra fjárhagslega áfalla sem reksturinn hefur orðið fyrir á tímum heimsfaraldurs kórónaveiru og komi áfram að rekstri almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu með myndarlegum hætti.

Fjárhagslegt mat: 1,7 ma.kr. sökum tekjutaps.

3.2 Samningur um móttöku flóttafólks

Mikilvægt er að taka til skoðunar samning ríkisins við sveitarfélög um móttöku flóttafólks. Sér í lagi verða sveitarfélög að fá framlag til að styðja við börn og ungmenni sem þarfnast stuðnings, hvort sem er vegna áfalla eða við nám og tómstundir.

Þann 4. febrúar 2021 undirrituðu félagsmálaráðuneytið og Reykjavíkurborg samning þar sem Reykjavíkurborg samþykkti að taka á móti 500 flóttamönnum í samræmda móttöku flóttafólks og veita þjónustu samkvæmt kröfulýsingu samningsins þó með undantekningu frá því skilyrði að tryggja öllum húsnæði. Undantekningin lýtur að því að Reykjavíkurborg er eingöngu skuldbundin að tryggja barnafjölskyldum húsnæði.

Samningurinn hefur nú runnið sitt skeið en Reykjavíkurborg er þó áfram að veita yfir 714 manns þjónustu sem eru skráðir í samræmda móttöku og allt að 600 manns sem standa fyrir utan samninginn. Þessa miklu fjölgun flóttafólks má að mestu rekja til innrásarinnar í Úkraínu.

3.3 Samþætting þjónustu í þágu farsældar barna

Kostnaðarmat ríkisins á nýlega samþykktum lögum nr. 86/2021, *Lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna,* og áhrif á fjárhag sveitarfélaga beindist aðallega að útgjöldum vegna málstjóra og tengiliða en horft var framhjá kostnaði við að veita aukna þjónustu. Í fjárlögum fyrir árið 2022 var 1,1 ma.kr. veitt til Jöfnunarsjóðs til að auka snemmtæka íhlutun í málefnum barna sbr. lög um samþættingu velferðarþjónustu í þágu barna. Það er mat sveitarfélaganna að framlagið sé langt undir þörfum og telja þau fjárþörfina á landsvísu vera nær 3 – 4 ma.kr.

Fjárhagslegt mat f. Rvk.: 800 m.kr.

3.4 Heimilislausir með miklar og flóknar þjónustuþarfir

Reykjavíkurborg ber hitann og þungann af þjónustu við heimilislausa einstaklinga með miklar og flóknar þjónustuþarfir. Markvisst hefur verið unnið að bættri þjónustu við hópinn. Borið hefur á því að einstaklingar hafi flutt lögheimili sitt til Reykjavíkur til að fá viðeigandi þjónustu. Frá árinu 2019 hefur Reykjavíkurborg tvöfaldað úrræði fyrir þennan hóp, s.s. neyðarskýli og sérstök heimili fyrir fólk með mikinn og flókinn vímuefnavanda og farið úr 46 plássum í 99 pláss. Kostnaður við málaflokkinn árið 2019 var um 732 m.kr., árið 2020 var kostnaðurinn um 1 ma.kr. Samhliða uppbyggingu á þjónustu við þennan hóp í Reykjavík þarf að huga að öflugri heilbrigðisþjónustu, s.s. hjúkrunarrýmí fyrir þann hluta

hópsins sem glímir við mikinn heilsubrest. Það er eðlileg krafa Reykjavíkurborgar að ríkið komi með fjármagn inn í þennan viðkvæma málaflokk.

3.5 Hjúkrunarheimili

Reykjavíkurborg rekur hjúkrunarheimili á Droplaugarstöðum og í Seljahlíð fyrir ríkið á grunni daggjalda. Hallarekstur 2011-2020 nam samanlagt 2.684 mkr og á einkum rætur að rekja til þess að ríkið greiddi ekki hluta af stofnkostnaði en miðar daggjöld til borgarinnar við að ríkið hafi greitt 85% stofnkostnaðar. Árið 2021 nam mismunur tekna og útgjalda 337 m.kr. Tryggja verður fulla fjármögnun á rekstri hjúkrunarheimila.

Fjárhagslegt mat: 337 m.kr.

3.6 Stefnumörkun á sviði heilbrigðis- og velferðarmála

Stefnumörkun ríkis og borgar á sviði heilbrigðis- og velferðarmála hefur á síðustu árum tekið umtalsverðum breytingum, þar sem áhersla er lögð á afstofnanavæðingu í þjónustu við fólk, það er að í stað stofnanabundinna úrræða verði þörfum hvers og eins mætt með sveigjanlegri þjónustu úti í samfélaginu, gætt sé að samfellu í meðferð og notendur ílengist ekki inni á stofnunum. Með hliðsjón af þessu hafa stofnanir ríkisins markvisst verið lagðar niður eða þeim fækkað sem hefur bein áhrif á fjárhag sveitarfélagsins sem hefur þurft að veita þessum hópum þjónustu án þess að fjármagn hafi fylgt. Reykjavíkurborg styður hugmyndafræðina en kallar eftir samtali við ríkisstjórn og viðeigandi ráðuneyti um samninga sem takast á við fjármögnum viðeigandi úrræða.

3.7 Fjármagnstekjuskattur

Reykjavíkurborg leggur áherslu á að alþingi endurskoði lög um tekjuskatt með það fyrir augum að fella niður fjármagnstekjuskatt af lánsviðskiptum innan samstæðu borgarinnar. Í þessu samhengi er rétt að benda á að eitt af markmiðum fjármálaráðuneytisins er að endurlána ríkisfyrirtækjum í stað þess að heimila þeim lántökur með ríkisábyrgð. Eðlilegt væri að gera sveitarfélög jafnsett ríkinu og fyrirtækjum þess að þessu leyti.

3.8 Innheimtuþóknun útsvars

Sveitarfélög greiða 0,5% af útsvarsstofni í staðgreiðslu sem innheimtuþóknun til ríkisins. Í fyrra námu þóknunartekjur ríkissjóðs um 1,3 ma.kr. Margsinnis hefur verið bent á að aldrei hafi verið sýnt fram á raunkostnað við innheimtuna. Í samkomulagi milli ríkis og sveitarfélaga („LOF samkomulagi“) er kveðið á um að aðilar skoði þetta fyrirkomulag. Í samkomulaginu er m.a. vísað til álits efnahags- og viðskiptanefndar með breytingartillögu um frumvarp til laga um innheimtu opinberra skatta og gjalda (þskj. 673, 150. Löggjafarþing). Segir þar einfaldlega að „þóknun ríkisins endurspegli kostnað vegna innheimtunnar“. Einnig skal minnt á að ríkið innheimtir útsvar samhliða innheimtu tekjuskatts, enda um sama skattstofn að ræða.

3.9 Gistináttaskattur

Vegna stóraukins álags og viðhaldsþarfar á samgöngumannvirkjum, kostnaðar vegna hreinsunar gatna, gönguleiða og almenningsrýma í kjölfar mikillar fjölgunar ferðamanna gerir Reykjavíkurborg þá kröfu að tekjur af gistináttaskatti eða tekjur af brottfarargjaldi renni a.m.k. að stærstum hluta beint til sveitarfélaga. Ljóst er að án nýrra tekjustofna þá verður erfiðara fyrir borgina að styðja við ferðaþjónustu með sama hætti og gert hefur verið.

3.10 Skattfrjáls ráðstöfun séreignarsparnaðar

Gerð er krafa um að ríkið greiði sveitarfélögum með beinum hætti tap útsvarstekna vegna skattfrjáls úttektar á séreignasparnaði. Í því felst að sveitarfélögum verði bættur halli af ívilnunum sem rýra útsvarsstofn þeirra. Áætlað er að frá árinu 2014 hafi Íslendingar ráðstafað 110 ma.kr. af séreignarsparnaði sínum inn á húsnæðislán og hefur það fært þeim 26,8 ma.kr. skattaafslátt. Þar af er tekjutap sveitarfélaganna tæplega 16 ma.kr. að nafnvirði eða að meðaltali um 2 ma.kr. á ársgrundvelli.

Frá og með árinu 2014 hefur kaupendum húsnæðis verið heimilt að taka út skattfrjálst séreignasparnað, sem úrræði til að liðka fyrir kaupum og þá sérstaklega fyrstu kaupum þeirra sem eru að koma út á húsnæðismarkaðinn. Þessi heimild hefur nú verið fest í sessi en ekki hefur verið brugðist við af hálfu ríkisins um hvernig sveitarfélögunum skuli bætt það tekjutap sem í þessu felst.

4. Samantekt

Í eftirfarandi töflu er að finna samantekið fjárhagslegt mat á þeim málum sem hér hefur verið fjallað um. Ekki liggur fyrir fjárhagslegt mat á öllum liðum og eru þeir í töflunni merkt n/a. Að hluta til eru hér um árleg rekstrarútgjöld að ræða svo sem vegna málaflokks fatlaðs fólks, en jafnframt útgjöld sem þegar eru fallin til.

Samantekt		Mat á árlegum rekstrarútgjöldum	(m.kr.)
1	Vegna búsetu, vinnumiðaðrar stoðþjónustu og stuðningsúrræða	x	5.046
1.1.	Þjónusta við börn með alvarlegar þroska- og geðraskanir	x	990
1.2.	Frístund fatlaðra ungmenna	x	664
1.3.	Uppbygging á sértæku húsnæðisúrræði og niðurlagning herbergjasambýla	x	3.700
1.4.	Notendastýrð persónuleg aðstoð	x	350
Millisumma: Málaflokkur fatlaðs fólks		x	10.750
2.1.	Rekstur grunnskóla. Krafa um framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga		5.418
2.2.	Íslenskukennsla barna af erlendum uppruna	x	413
3.1.	Rekstur almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu		1.700
3.2.	Samningur um móttöku kvótaflóttafólks		n/a
3.3.	Samþætting þjónustu í þágu farsældar barna	x	800
3.4.	Heimilslausir með miklar og flóknar þjónustuþarfir		n/a
3.5.	Hjúkrunarheimili	x	337
3.6.	Stefnumörkun á sviði heilbrigðis- og velferðarmála		n/a
3.7.	Fjármagnstekjuskattur		n/a
3.8.	Innheimtuþóknun útsvars		n/a
3.9.	Gistináttaskattur		n/a
3.10.	Skattfrjáls ráðstöfun séreignasparnaðar		n/a
Samtals			**19.418**

◊◊◊

Ef frekari upplýsinga er óskað verða þær góðfúslega veittar. Jafnframt óskar Reykjavíkurborg eftir því að fulltrúar borgarinnar fái tækifæri til að koma fyrir fjárlaganefnd og gera betur grein fyrir efni umsagnarinnar.

Virðingarfyllst,

Halldóra Káradóttir,
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs
Reykjavíkurborgar

Reykjavíkurborg

Reykjavík, 14. október 2022
MSS22100001
HH

Alþingi - nefndasvið
Kirkjustræti
101 Reykjavík

Frumvarp til fjárlaga 2023 - umsögn Reykjavíkurborgar -

Á fundi borgarráðs þann 13. október 2022 var lögð fram og samþykkt uppfærð umsögn Reykjavíkurborgar, dags. 7. október 2022, um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2023, 1. mál, sbr. 12. lið fundargerðar borgarráðs frá 6. október 2022.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins sátu hjá við afgreiðslu málsins.

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Framsóknar, Pírata og Viðreisnar lögðu fram svohljóðandi bókun:

> Vanfjármögnun ríkisins á verkefnum sveitarfélaga er sláandi í fjárlagafrumvarpi næsta árs, einkum í ljósi þess að ríkið gerir sífellt meiri kröfur um þjónustu sveitarfélaga án þess að fjármagn fylgi með. Þetta er í mörgum tilfellum þjónusta sem krefst mikillar mönnunar. Til að mynda þjónusta við fatlað fólk, þjónusta við börn með alvarlegar þroska- og geðraskanir, frístund fatlaðra ungmenna, áframhaldandi uppbygging á húsnæði fyrir fatlað fólk, NPA, íslenskukennsla fyrir börn af erlendum uppruna, rekstur grunnskóla, samningar um móttöku flóttafólks og svo mætti lengi telja. Reykjavíkurborg og sveitarfélögin hafa lagt metnað sinn í að sinna þessum verkefnum í samræmi við lög og vinna að stöðugum umbótum í þjónustunni en það er fullkomið ábyrgðaleysi af ríkinu að leggja fram fjárlagafrumvarp án þess að bæta sveitarfélögunum upp það sem vantar í fjármögnun hennar sem hefur gríðarleg og alvarleg áhrif á fjárhag sveitarfélaga og verkefni um land allt.

Borgarráðsfulltrúi Sósíalistaflokks Íslands lagði fram svohljóðandi bókun:

> Fulltrúi sósíalista tekur heilshugar undir þær áherslur sem koma fram í umsögn Reykjavíkurborgar við frumvarp til fjárlaga. Hér er mikilvægt að taka fram að allt of lengi hefur ríkisvaldið komið verkefnum til sveitarfélaganna án þess að fjármagn eða tekjustofnar hafi fylgt. Sósíalistar leggja áherslu á að tekjustofnar sveitarfélaganna verði auknir og að aukið fjármagn fylgi verkefnum sem sett eru í hendur þeirra. Hér er augljóst að leiðrétta þarf fjárframlög ríkisins til borgarinnar, þannig að fjármagn verði veitt eftir því sem raunverulega kostar að veita þjónustuna. Íbúar eiga ekki að þurfa að finna fyrir deilum á milli ríkis og sveitarfélaga um fjármögnun á þjónustu sem þeir eiga lögbundinn rétt á. Ljóst er að stórauka þarf tekjur til borgarinnar og í

Reykjavíkurborg

því samhengi hafa sósíalistar lagt áherslu á útsvar á fjármagnstekjur og að hluti af áfengisgjaldi renni til sveitarfélaganna, svo dæmi séu nefnd.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins lagði fram svohljóðandi bókun:

> Fjölmörg verkefni eru sameiginleg ábyrgð ríkis og borgar. Það er þekktur vandi að ekki fylgi nægt fjármagn frá ríki til borgar vegna verkefna sem komið er inn á borð sveitarfélaga. Þetta er sagan endalausa og hefur bitnað alvarlega á þjónustuþegum. Leiðrétta þarf fjárframlög ríkisins til borgarinnar þannig að fjármagn verði veitt eftir því sem það kostar að veita þjónustuna. Flokkur fólksins vill nefna hér sérstaklega þjónustu við fatlað fólk og íslenskukennslu barna af erlendum uppruna. Flokkur fólksins bendir á að nú þegar eru langir biðlistar í íslenskuver borgarinnar en þar eru ungmennin í forgangi. Staðan er þannig núna að það eru eingöngu nemendur í unglingadeildum sem fá inni í íslenskuverum borgarinnar. Það verður að fjölga íslenskuverum sem hafa gefið góða raun. Þannig væri hægt aðstoða fleiri nemendur og yngri nemendur fengju þá kennslu líka. Því miður virðist ríkja ákveðið skilningsleysi á þörfum barna því þessu verkefni fylgir ekki nægjanlegur fjárhagslegur stuðningur frá ríkinu. Að þessu verkefni þurfa ríki og borg að vinna saman.

Helga Björk Laxdal
e.u.

Afrit:
Fjármála og áhættustýringarsvið Reykjavíkurborgar

Hjálagt:
Umsögn Reykjavíkurborgar, dags. 7.október 2022

Reykjavíkurborg

MSS22100001
Reykjavík, 7. október 2022

Umsögn

Efni: Frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2023, mál nr. 1/153
Viðtakandi: Fjárlaganefnd alþingis
Sendandi: Borgarstjórinn í Reykjavík og sviðstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs

Fyrir fjárlaganefnd alþingis liggur frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2023, mál nr. 1/153.

Meginhlutverk sveitarfélaga er að veita íbúum sínum þjónustu sem er skilgreind í lögum sem samþykkt eru á Alþingi og reglugerðum sem settar eru af ráðuneytum. Rekstur sveitarfélaga er fjármagnaður með eigin tekjustofnum, einkum útsvari og fasteignasköttum og fjárfestingar með lántökum á markaði þar sem skuldabréf Reykjavíkurborgar bera álag á kjör ríkisins. Aðaláhættan í rekstri sveitarfélaga raungerist þegar ríkið leggur þeim á herðar meiri skyldur en þau geta fjármagnað með lögbundnum tekjustofnum. Þetta ógnar um þessar mundir sjálfbærni sveitarfélaga á Íslandi þvert á markmið laga um opinber fjármál en þar ber vanfjármögnun á málaflokki fatlaðs fólks hæst.

Einn höfuðtilgangur laga um opinber fjármál er að leggja grunn að efnahagslegu jafnvægi til lengri tíma, sbr. 4. gr. laganna. Það kallar á ábyrga fjármálastjórn, bæði í fjármálastjórn ríkisins og fjárhagslegum samskiptum ríkisins við sveitarfélögin. Það ætti að fyrirbyggja að ríkið með lagasetningu, reglugerðum eða öðrum stjórnvaldsfyrirmælum, taki ákvarðanir sem skylda sveitarfélög til að veita þjónustu án þess að þeim sé tryggð full fjármögnun á auknum verkefnum. Þannig renna bæði sveitarstjórnarlög og lög um opinber fjármál styrkum stoðum undir þær leikreglur sem gilda um fjárhagsleg samskipti ríkis og sveitarfélaga. Framkvæmd ríkisins á þessum skýru lagaákvæðum hefur ekki verið í samræmi við lagaskyldur og hefur í mikilvægum ákvörðunum litið framhjá þeirri skyldu að meta fjárhagsleg áhrif lagafrumvarpa og annarra áforma ríkisins á fjárhag sveitarfélaga og tryggja þeim fjármuni til að mæta breyttum skyldum.

◊◊◊

Í eftirfarandi umfjöllun eru rakin þau verkefni sem eru og hafa verið um árabil til umræðu í samskiptum ríkis og borgar og eru van- eða ófjármögnuð. Vakin er athygli á því að hér er ekki um tæmandi yfirlit að ræða.

1. Þjónusta við fatlað fólk

Þjónusta við fatlað fólk var færð frá ríki til sveitarfélaga árið 2011 og fjármögnun endurskoðuð árið 2014 sem átti að tryggja fulla fjármögnun þjónustunnar með hækkun útsvars í 1,24% auk 0,235% af innheimtum skatttekjum ríkissjóðs frá og með árinu 2016. Þrátt fyrir mikið kostnaðaraðhald hefur þjónusta við málaflokkinn kostað mun meira frá yfirfærslunni heldur en framlög Jöfnunarsjóðs og viðbótarútsvar sveitarfélagsins hafa staðið undir eða allt að 25,7 ma.kr. umfram tekjur tímabilið 2011-2021. Árið 2020 námu gjöld umfram tekjur um 5,7 ma.kr. og ársuppgjör Reykjavíkurborgar fyrir árið 2021 sýnir að enn eykst hallinn sem nam um um 6,7 ma.kr.

Mismunur á milli tekna og gjalda hefur vaxið jafnt og þétt í gegnum árin einkum fyrir tilstilli aukinna krafna um þjónustu sem byggja á lögum, reglugerðum og alþjóðlegum samþykktum. Nú síðast með lögum nr.

38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir. Fyrir liggur að mikið vantar upp á að þjónustukröfur sem þessi lagasetning leggur á sveitarfélög hafi verið kostnaðarmetin eins og 129. gr. Sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 gerir ráð fyrir og 66. gr. laga um opinber fjármál nr. 123/2015.

Á síðasta ári skipaði félags- og barnamálaráðherra tvo starfshópa, annars vegar starfshóp um heildarendurskoðun á lögum nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir og hins vegar starfshóp um greiningu á kostnaðarþróun í málaflokknum árin 2018 til 2020. Hóparnir skiluðu niðurstöðum sínum í maí sl. og var það niðurstaða starfshóps um kostnaðargreiningu að halli málaflokksins árið 2020 hafi á landsvísu verið 8,9 ma.kr. Ætla má að hallinn nemi nú allt að 12 – 13 ma.kr.

Þar til viðbótar er mikil uppsöfnuð þörf fatlaðs fólks fyrir búsetuúrræði við hæfi. Samanlagt er talið að viðbótarútgjöld sveitarfélaganna vegna uppsafnaðrar þarfar fyrir búsetuúrræði geti varlega áætlað verið 10 ma.kr. í árlegan rekstrarkostnað til nánustu framtíðar. Þar af nemi rekstrarkostnaður vegna uppbyggingar á sértæku húsnæðisúrræði og niðurlagning herbergjasambýla í Reykjavík 3,7 ma.kr.

Hækkun útgjalda í málaflokki fatlaðs fólks frá því hann var fluttur frá ríki til sveitarfélaga er langt umfram það sem fjármögnun málaflokksins stendur undir. Niðurstöður starfshópanna sem að ofan greinir varpa skýru ljósi á vanfjármögnun málaflokksins og er það krafa Reykjavíkurborgar að tryggð verði full fjármögnun í samræmi við niðurstöður, enda ógnar staðan sjálfbærni sveitarfélaga verði ekki gerðar viðeigandi úrbætur.

1.1 Þjónusta við börn með alvarlegar þroska- og geðraskanir

Þjónusta við börn með alvarlegar þroska- og geðraskanir heyrir undir málaflokk fatlaðs fólks. Á síðustu árum hefur þjónustan vaxið mikið án þess að því hafi fylgt fjármagn og þurfti borgarsjóður að bera 850 m.kr. kostnað vegna málaflokksins á árinu 2020. Á árinu 2021 nam kostnaður um 1,7 ma.kr. og ljóst er að fjárhæðin sem eyrnamerkt hefur verið til málaflokksins af ríkinu, alls 500 m.kr. fyrir öll sveitarfélög landsins er óraunhæf.

Við endurskoðun á samkomulaginu um yfirfærslu málefna fatlaðs fólks frá ríki til sveitarfélaga frá árinu 2015 var þetta úrlausnarefni skilið eftir og gert ráð fyrir að samningsaðilar myndu semja síðar um fyrirkomulag og fjármögnun á þjónustu við börn með alvarlegar þroska- og geðraskanir. Frá því að skýrsla starfshóps velferðarráðuneytisins um þjónustu við börn með alvarlegar þroska- og geðraskanir var gefin út í nóvember 2013 hefur Reykjavíkurborg lagt sig fram um að nálgast málefni umræddra barna á grundvelli tillagna starfshóps ráðuneytisins með afar takmörkuðu fjármagni frá ríkinu. Þessi viðbótarkostnaður hefur því lent af miklum þunga á Reykjavíkurborg.

Samkvæmt nýjum lögum nr. 87/2021 um Barna- og fjölskyldustofu ber stofnunin ábyrgð á uppbyggingu og yfirstjórn heimila, stofnana og sérhæfðra úrræða fyrir börn. Á undanförnum árum hefur Barnaverndarstofa, forveri Barna- og fjölskyldustofu, hins vegar markvisst lagt niður meðferðarheimili án þess að önnur úrræði hafi komið í staðinn. Takmarkað fjármagn fylgdi samþykkt frumvarpsins og ekkert sem eyrnamerkt er þessu hlutverki stofnunarinnar og er því erfitt að sjá skyldur hennar raungerast nema úr því verði bætt, annars er hætta á að áframhaldandi úrræðaleysi lendi af fullum þunga á sveitarfélögunum án þess að um það hafi verið samið.

Fjárhagslegt mat: 990 m.kr.

1.2 Frístund fatlaðra ungmenna

Kostnaður vegna lengdrar viðveru fatlaðra barna og ungmenna hefur farið sívaxandi á síðustu árum og nam kostnaður Reykjavíkurborgar samtals 738 m.kr. á árinu 2021. Framlag Jöfnunarsjóðs nam aðeins 74 m.kr. og nemur mismunurinn 664 m.kr. sem er ófjármagnað. Hér er enn og aftur um þjónustu að ræða sem þar sem úrlausnarefni málaflokksins var skilið eftir við endurskoðun á samkomulaginu ríkis og sveitarfélaga frá árinu 2015 og gert ráð fyrir að samningsaðilar myndu semja síðar um fyrirkomulag

og fjármögnun. Ný lög nr. 38/2018 kveða á um meiri þjónustu fyrir fötluð börn og ungmenni, en núverandi reglur um frístundaheimili og félagsmiðstöðvar kveða á um. Ekki hefur fengist fjármagn eða samtal við ríkið um hvernig eigi að standa undir því þjónustustigi sem lögin kveða á um.

Fjárhagslegt mat: 664 m.kr.

1.3 Uppbygging á sértæku húsnæði fyrir fatlað fólk og niðurlagning herbergjasambýla

Þrátt fyrir öfluga uppbyggingu húsnæðis fyrir fatlað fólk á umliðnum árum eru enn 135 einstaklingar á biðlista eftir búsetuúrræði í Reykjavík. Þá hafa kröfur um búsetuform og þjónustu aukist til muna með lögum og reglugerðum án þess að fylgt hafi fjármagn. Samkvæmt framkvæmdaáætlun í málaflokki fatlaðs fólks fyrir árin 2017 til 2021 og skv. bráðabirgðaákvæði II í lögum nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir er kveðið á um niðurlagningu herbergjasambýla. Í Reykjavík eru ennþá starfrækt 9 herbergjasambýli og mun breyting þess búsetuforms kalla á aukið fjármagn. Áætlaður rekstrarkostnaður á ári vegna úrræða fyrir einstaklinga á biðlista eftir sértæku húsnæði er um 3,7 ma.kr. skv. nýendurskoðaðri áætlun um uppbyggingu búsetuúrræða.

Fjárhagslegt mat: 3.700 m.kr.

1.4 Notendastýrð persónuleg aðstoð (NPA)

Notendastýrð persónuleg aðstoð (NPA) var lögfest á Íslandi með setningu laga nr. 38/2018 án þess að fjármögnun væri tryggð með varanlegum hætti. Við endurskoðun á samkomulaginu um yfirfærslu málefna fatlaðs fólks frá ríki til sveitarfélaga árið 2015 var þetta úrlausnarefni skilið eftir og gert ráð fyrir að samningsaðilar myndu semja síðar um fyrirkomulag og fjármögnun á notendastýrðri persónulegri aðstoð (NPA).

Alþingi samþykkti 9. maí 2018 lögum nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir en með þeim lögum var notendastýrð persónuleg aðstoð lögfest á Íslandi. Um er að ræða löggjöf um tímabær réttindi fatlaðs fólks en um fjármögnun þessara nýju réttinda segir í lögunum: *„Sveitarfélög skulu fjármagna þjónustu við fatlað fólk og annan rekstrarkostnað samkvæmt lögum þessum að því leyti sem annað er ekki tekið fram eða leiðir af öðrum lögum. Jafnframt skulu sveitarfélög standa að uppbyggingu á þjónustustofnunum fyrir fatlað fólk með framlögum til stofnkostnaðar eftir því sem nauðsyn krefur."*

Í bráðabirgðaákvæði með lögunum kemur fram að á innleiðingartímabilinu 2018-2022 er gert ráð fyrir ákveðnum heildarfjölda NPA samninga sem nýtur ákveðins stuðnings frá Jöfnunarsjóði en þetta framlag mun nema rétt um fjórðungi útgjalda sveitarfélaganna byggt á því mati að kostnaðarauki við NPA væri 25%. Frá og með árinu 2023 er gert ráð fyrir því að sveitarfélögin beri ábyrgð á allri fjármögnun þessarar þjónustu án þess að til viðbótarfjármögnunar komi. Þetta stingur í stúf við þá meginreglu að öll þjónusta sveitarfélaga við fatlað fólk skuli að fullu fjármögnuð með auknum tekjustofnum og í þessu samhengi er minnt á að ráðherra skuli kostnaðarmeta lagafrumvörp sem hafa fjárhagsleg áhrif á sveitarfélögin og tryggja fjármögnun kostnaðaraukans.

Í reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 1250/2018 um NPA kemur fram að sveitarfélög, hagsmunasamtök og ráðuneytið skuli fyrir lok 2019 vinna tillögur til ráðherra um hvernig staðið verði að greiðslum vegna sérfræðikostnaðar við viðbótarþarfir þeirra sem fá NPA en ekki liggur enn fyrir hvernig staðið verður að þessum greiðslum.

Umsækjendur NPA eru þegar orðnir fleiri en unnt er að mæta m.t.t. til fjárheimilda ríkisins um endurgreiðslu og Reykjavíkurborg er komin með hóp fólks sem sótt hefur um lögbundna þjónustu sem ekki er unnt að veita án aukinna framlaga. M.v. núverandi samninga má ætla að kostnaðarauki nemi að lágmarki 350 m.kr. frá árinu 2023, verði 25% mótframlag ríkisins fellt niður. Eru þá ekki teknar með

væntingar um fjölgun NPA samninga. Það er afar mikilvægt í ljósi fjárhagslegrar stöðu málaflokksins að mótframlag ríkisins vegna samninganna verði ekki fellt niður.

Fjárhagslegt mat: 350 m.kr.

2. Rekstur grunnskóla

2.1. Rekstur grunnskóla - Krafa um framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga

Rekstur grunnskóla var fluttur frá ríki til sveitarfélaga árið 1996 og átti 2,33% hækkun útsvarsstofns að fjármagna rekstur hans að fullu hjá Reykjavíkurborg. Fyrir flutning báru sveitarfélögin kostnað sem metinn var á 1,43% af útsvarsstofni. Þar til viðbótar hækkaði útsvarsstofninn um 0,77% sem rennur til jöfnunar á rekstri grunnskóla allra sveitarfélaga annarra en Reykjavíkurborgar. Samanlagt nam fjármögnun því tæplega 4,5% stigum af útsvarsstofni, þó þannig að aðeins runnu 3,76% stig beint til sveitarfélaganna en restin (0,77%) til Jöfnunarsjóðs. Þessi fjármögnunaraðferð hefur ekki reynst vel fyrir borgina, í ljósi þess að Reykjavíkurborg nýtur ekki almennra jöfnunarframlaga svo neinu nemi og útgjöld í hlutfalli af útsvarsstofni hafa hækkað í 5,5% að jafnaði. Þetta hefur leitt til vanfjármögnunar sem hefur vaxið jafnt og þétt í gegnum árin m.a. vegna aukinna krafna sem rekja má til laga, reglugerða eða reglugerðabreytinga án fjármögnunar. Má hér nefna einsetningu grunnskóla, skóla án aðgreiningar og þjónustu við nemendur af erlendum uppruna.

Reykjavíkurborg hefur gert þá kröfu að borgin njóti framlaga úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til jafns við önnur sveitarfélög með málefnalegum hætti. Í dómsmáli því sem Reykjavíkurborg hefur höfðað gegn ríkinu og varðar almenn jöfnunarframlög vegna reksturs grunnskóla er gerð krafa um að borgin sé ekki útilokuð frá framlaginu á grundvelli stærðar borgarinnar (yfir 70 þús. íbúar). Krafa borgarinnar vegna þessa er samtals 5.418 m.kr.

Fjárhagslegt mat: 5.418 m.kr.

2.2. Íslenskukennsla barna af erlendum uppruna

Hluti af kröfu Reykjavíkurborgar varðar íslenskukennslu barna af erlendum uppruna sem er greitt af jöfnunarframlagi til grunnskóla. Greiddar eru um 150 þús.kr. með hverju barni til sveitarfélaga um land allt, utan Reykjavíkur. Hér er um að samfélagslega breytingu að ræða sem öll sveitarfélög þurfa að takast á við í rekstri sínum. Fyrsta áætlun ríkisins um framlög nemenda með íslensku sem annað tungumál 2023 sýnir þetta með skýrum hætti. Það að börn af erlendum uppruna í Reykjavík njóti ekki sömu jöfnunarframlaga og annarsstaðar á landinu er óásættanlegt og þess krafist að þetta verði leiðrétt.

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga
27.09.2022

Svf.nr.	Sveitarfélag	Fyrsta áætlun 2023
0	Reykjavíkurborg	0
1000	Kópavogsbær	110.670.000
1100	Seltjarnarnesbær	4.930.000
1300	Garðabær	22.950.000
1400	Hafnarfjarðarkaupstaður	54.570.000
1604	Mosfellsbær	38.930.000
1606	Kjósarhreppur	0
2000	Reykjanesbær	65.790.000
2300	Grindavíkurbær	15.980.000

Fjárhagslegt mat: 412,5 m.kr.

3. Önnur mikilvæg mál sem snerta Reykjavíkurborg

3.1 Rekstur almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu

Fjárhagsstaða Strætó bs. hefur verið erfið á undanförnum misserum, en á tímum heimsfaraldurs kórónaveiru árið 2020 og 2021 fækkaði farþegum í Strætó umtalsvert sem dró verulega úr farþegatekjum. Engu að síður var, ekki síst að beiðni stjórnvalda og annarra ytri aðila, lögð áhersla á að halda úti óskertri þjónustu í almenningssamgöngum á erfiðum tímum heimsfaraldurs. Í ljósi þess bundu sveitarfélögin og stjórn Strætó vonir við að ríkið kæmi að rekstrinum með aukaframlag að fjárhæð allt að 990 m.kr. Niðurstaðan var hins vegar aðeins 120 m.kr. framlag eða aðeins brot af því tapi sem hefur verið að raungerast hjá félaginu vegna samdráttar í farþegatekjum sem námu um 1,7 milljarði króna á

tveggja ára tímabili. Félagið hefur sökum þess verið að ganga á eigið fé og uppsafnað handbært fé sem fyrirhugað var að nýta til fjárfestinga í vögnum. Árið 2022 hefur jafnframt verið félaginu erfitt vegna mikilla hækkana á olíu og kostnaðarhækkana vegna verðbólgu. Stjórn Strætó og stjórnendur standa nú frammi fyrir afar erfiðri stöðu fjárhagslega, sem ekki var fyrirséð fyrir rúmlega tveimur árum síðan.

Líkt og fram kemur í umsögn Sambands sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu og Strætó við drög að Grænbók um samgöngumál 2021 þá þarf ríkið að taka á sig veigameira hlutverk við fjármögnun almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu til framtíðar litið. Föst framlög sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu nema tæpum 4,2 milljarði króna á ári skv. áætlun ársins en fast framlag ríkisins er um 900 m.kr. Við fast framlag sveitarfélaganna bætist um 470 m.kr. framlag til niðurgreiðslu á fargjöldum aldraðra, öryrkja og nemenda. Mikilvægt er að ríkið komi með afgerandi hætti að því að treysta fjárhagslegan grunn Strætó vegna þeirra fjárhagslega áfalla sem reksturinn hefur orðið fyrir á tímum heimsfaraldurs kórónaveiru og komi áfram að rekstri almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu með myndarlegum hætti.

Fjárhagslegt mat: 1,7 ma.kr. sökum tekjutaps.

3.2 Samningur um móttöku flóttafólks

Mikilvægt er að taka til skoðunar samning ríkisins við sveitarfélög um móttöku flóttafólks. Sér í lagi verða sveitarfélög að fá framlag til að styðja við börn og ungmenni sem þarfnast stuðnings, hvort sem er vegna áfalla eða við nám og tómstundir.

Þann 4. febrúar 2021 undirrituðu félagsmálaráðuneytið og Reykjavíkurborg samning þar sem Reykjavíkurborg samþykkti að taka á móti 500 flóttamönnum í samræmda móttöku flóttafólks og veita þjónustu samkvæmt kröfulýsingu samningsins þó með undantekningu frá því skilyrði að tryggja öllum húsnæði. Undantekningin lýtur að því að Reykjavíkurborg er eingöngu skuldbundin að tryggja barnafjölskyldum húsnæði.

Samningurinn hefur nú runnið sitt skeið en Reykjavíkurborg er þó áfram að veita yfir 714 manns þjónustu sem eru skráðir í samræmda móttöku og allt að 600 manns sem standa fyrir utan samninginn. Þessa miklu fjölgun flóttafólks má að mestu rekja til innrásarinnar í Úkraínu.

3.3 Samþætting þjónustu í þágu farsældar barna

Kostnaðarmat ríkisins á nýlega samþykktum lögum nr. 86/2021, *Lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna,* og áhrif á fjárhag sveitarfélaga beindist aðallega að útgjöldum vegna málstjóra og tengiliða en horft var framhjá kostnaði við að veita aukna þjónustu. Í fjárlögum fyrir árið 2022 var 1,1 ma.kr. veitt til Jöfnunarsjóðs til að auka snemmtæka íhlutun í málefnum barna sbr. lög um samþættingu velferðarþjónustu í þágu barna. Það er mat sveitarfélaganna að framlagið sé langt undir þörfum og telja þau fjárþörfina á landsvísu vera nær 3 – 4 ma.kr.

Fjárhagslegt mat f. Rvk.: 800 m.kr.

3.4 Heimilislausir með miklar og flóknar þjónustuþarfir

Reykjavíkurborg ber hitann og þungann af þjónustu við heimilislausa einstaklinga með miklar og flóknar þjónustuþarfir. Markvisst hefur verið unnið að bættri þjónustu við hópinn. Borið hefur á því að einstaklingar hafi flutt lögheimili sitt til Reykjavíkur til að fá viðeigandi þjónustu. Frá árinu 2019 hefur Reykjavíkurborg tvöfaldað úrræði fyrir þennan hóp, s.s. neyðarskýli og sérstök heimili fyrir fólk með mikinn og flókinn vímuefnavanda og farið úr 46 plássum í 99 pláss. Kostnaður við málaflokkinn árið 2019 var um 732 m.kr., árið 2020 var kostnaðurinn um 1 ma.kr. Samhliða uppbyggingu á þjónustu við þennan hóp í Reykjavík þarf að huga að öflugri heilbrigðisþjónustu, s.s. hjúkrunarrými fyrir þann hluta hópsins sem glímir við mikinn heilsubrest. Það er eðlileg krafa Reykjavíkurborgar að ríkið komi með fjármagn inn í þennan viðkvæma málaflokk.

3.5 Hjúkrunarheimili

Reykjavíkurborg rekur hjúkrunarheimili á Droplaugarstöðum og í Seljahlíð fyrir ríkið á grunni daggjalda. Hallarekstur 2011-2020 nam samanlagt 2.684 mkr og á einkum rætur að rekja til þess að ríkið greiddi ekki hluta af stofnkostnaði en miðar daggjöld til borgarinnar við að ríkið hafi greitt 85% stofnkostnaðar. Árið 2021 nam mismunur tekna og útgjalda 337 m.kr. Tryggja verður fulla fjármögnun á rekstri hjúkrunarheimila.

Fjárhagslegt mat: 337 m.kr.

3.6 Stefnumörkun á sviði heilbrigðis- og velferðarmála

Stefnumörkun ríkis og borgar á sviði heilbrigðis- og velferðarmála hefur á síðustu árum tekið umtalsverðum breytingum, þar sem áhersla er lögð á afstofnanavæðingu í þjónustu við fólk, það er að í stað stofnanabundinna úrræða verði þörfum hvers og eins mætt með sveigjanlegri þjónustu úti í samfélaginu, gætt sé að samfellu í meðferð og notendur ílengist ekki inni á stofnunum. Með hliðsjón af þessu hafa stofnanir ríkisins markvisst verið lagðar niður eða þeim fækkað sem hefur bein áhrif á fjárhag sveitarfélagsins sem hefur þurft að veita þessum hópum þjónustu án þess að fjármagn hafi fylgt. Reykjavíkurborg styður hugmyndafræðina en kallar eftir samtali við ríkisstjórn og viðeigandi ráðuneyti um samninga sem takast á við fjármögnum viðeigandi úrræða.

3.7 Fjármagnstekjuskattur

Reykjavíkurborg leggur áherslu á að alþingi endurskoði lög um tekjuskatt með það fyrir augum að fella niður fjármagnstekjuskatt af lánsviðskiptum innan samstæðu borgarinnar. Í þessu samhengi er rétt að benda á að eitt af markmiðum fjármálaráðuneytisins er að endurlána ríkisfyrirtækjum í stað þess að heimila þeim lántökur með ríkisábyrgð. Eðlilegt væri að gera sveitarfélög jafnsett ríkinu og fyrirtækjum þess að þessu leyti.

3.8 Innheimtuþóknun útsvars

Sveitarfélög greiða 0,5% af útsvarsstofni í staðgreiðslu sem innheimtuþóknun til ríkisins. Í fyrra námu þóknunartekjur ríkissjóðs um 1,3 ma.kr. Margsinnis hefur verið bent á að aldrei hafi verið sýnt fram á raunkostnað við innheimtuna. Í samkomulagi milli ríkis og sveitarfélaga („LOF samkomulagi") er kveðið á um að aðilar skoði þetta fyrirkomulag. Í samkomulaginu er m.a. vísað til álits efnahags- og viðskiptanefndar með breytingartillögu um frumvarp til laga um innheimtu opinberra skatta og gjalda (þskj. 673, 150. Löggjafarþing). Segir þar einfaldlega að „þóknun ríkisins endurspegli kostnað vegna innheimtunnar". Einnig skal minnt á að ríkið innheimtir útsvar samhliða innheimtu tekjuskatts, enda um sama skattstofn að ræða.

3.9 Gistináttaskattur

Vegna stóraukins álags og viðhaldsþarfar á samgöngumannvirkjum, kostnaðar vegna hreinsunar gatna, gönguleiða og almenningsrýma í kjölfar mikillar fjölgunar ferðamanna gerir Reykjavíkurborg þá kröfu að tekjur af gistináttaskatti eða tekjur af brottfarargjaldi renni a.m.k. að stærstum hluta beint til sveitarfélaga. Ljóst er að án nýrra tekjustofna þá verður erfiðara fyrir borgina að styðja við ferðaþjónustu með sama hætti og gert hefur verið.

3.10 Skattfrjáls ráðstöfun séreignarsparnaðar

Gerð er krafa um að ríkið greiði sveitarfélögum með beinum hætti tap útsvarstekna vegna skattfrjáls úttektar á séreignasparnaði. Í því felst að sveitarfélögum verði bættur halli af ívilnunum sem rýra útsvarsstofn þeirra. Áætlað er að frá árinu 2014 hafi Íslendingar ráðstafað 110 ma.kr. af séreignarsparnaði sínum inn á húsnæðislán og hefur það fært þeim 26,8 ma.kr. skattaafslátt. Þar af er tekjutap sveitarfélaganna tæplega 16 ma.kr. að nafnvirði eða að meðaltali um 2 ma.kr. á ársgrundvelli. Frá og með árinu 2014 hefur kaupendum húsnæðis verið heimilt að taka út skattfrjálst séreignasparnað, sem úrræði til að liðka fyrir kaupum og þá sérstaklega fyrstu kaupum þeirra sem eru að koma út á húsnæðismarkaðinn. Þessi heimild hefur nú verið fest í sessi en ekki hefur verið brugðist við af hálfu ríkisins um hvernig sveitarfélögunum skuli bætt það tekjutap sem í þessu felst.

4. Samantekt

Í eftirfarandi töflu er að finna samantekið fjárhagslegt mat á þeim málum sem hér hefur verið fjallað um. Ekki liggur fyrir fjárhagslegt mat á öllum liðum og eru þeir í töflunni merkt n/a. Að hluta til eru hér um árleg rekstrarútgjöld að ræða svo sem vegna málaflokks fatlaðs fólks, en jafnframt útgjöld sem þegar eru fallin til.

Samantekt		Mat á árlegum rekstrarútgjöldum	(m.kr.)
1	Vegna búsetu, vinnumiðaðrar stoðþjónustu og stuðningsúrræða	x	5.046
1.1.	Þjónusta við börn með alvarlegar þroska- og geðraskanir	x	990
1.2.	Frístund fatlaðra ungmenna	x	664
1.3.	Uppbygging á sértæku húsnæðisúrræði og niðurlagning herbergjasambýla	x	3.700
1.4.	Notendastýrð persónuleg aðstoð	x	350
Millisumma: Málaflokkur fatlaðs fólks		x	10.750
2.1.	Rekstur grunnskóla. Krafa um framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga		5.418
2.2.	Íslenskukennsla barna af erlendum uppruna	x	413
3.1.	Rekstur almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu		1.700
3.2.	Samningur um móttöku kvótaflóttafólks		n/a
3.3.	Samþætting þjónustu í þágu farsældar barna	x	800
3.4.	Heimilslausir með miklar og flóknar þjónustuþarfir		n/a
3.5.	Hjúkrunarheimili	x	337
3.6.	Stefnumörkun á sviði heilbrigðs- og velferðarmála		n/a
3.7.	Fjármagnstekjuskattur		n/a
3.8.	Innheimtuþóknun útsvars		n/a
3.9.	Gistináttaskattur		n/a
3.10.	Skattfrjáls ráðstöfun séreignasparnaðar		n/a
Samtals			**19.418**

◊◊◊

Ef frekari upplýsinga er óskað verða þær góðfúslega veittar. Jafnframt óskar Reykjavíkurborg eftir því að fulltrúar borgarinnar fái tækifæri til að koma fyrir fjárlaganefnd og gera betur grein fyrir efni umsagnarinnar.

Virðingarfyllst,

Dagur B. Eggertsson
borgarstjóri

Halldóra Káradóttir,
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs
Reykjavíkurborgar

Reykjavík, 12. september 2022

Erindi til Bjargkeyjar Olsen Gunnarsdóttur, formanns fjárlaganefndar, og Lilju D. Alfreðsdóttur menningarmálaráðherra. Ósk um fjárframlag vegna RIFF 2023.

Frá: Frá Hrönn Marinósdóttur f.h. hönd stjórnar Alþjóðlegrar kvikmyndahátíðar í Reykjavík (RIFF) en í henni sitja Baltasar Kormákur, kvikmyndaleikstjóri, Elísabet Ronaldsdóttir, kvikmyndaklippari, og Pétur Einarsson, kvikmyndagerðarmaður.

Efni: Beiðni um fjárveitingu að upphæð 20 milljónir króna svo starfsrækja megi Alþjóðlega kvikmyndahátíð í Reykjavík (RIFF).

Fyrir hönd stjórnar Alþjóðlegrar kvikmyndahátíðar í Reykjavík, þakkar undirrituð fjárlaganefnd og menningarmálaráðherra fyrir mikla velvild og veittan stuðning undanfarin ár. Jafnframt óskar stjórn RIFF, ráðherra og stjórnvöldum innilega til hamingju með glæsilega nýja kvikmyndastefnu en í henni er sérstaklega fjallað um hlutverk og gildi kvikmyndahátíða á borð við RIFF.

RIFF hefur ekki haft fastan samning frá því honum var sagt upp fyrirvaralaust af menntamálaráðuneytinu 2018 en ráðherra kom þá hátíðinni til bjargar**. Fyrir árið 2021 fékk hátíðin 15 mkr í gegnum Alþingi af fjárlögum og 10 mkr í gegnum Kvikmyndamiðstöð Íslands. Í ár, þrátt fyrir ótvírætt gildi kvikmyndahátíða á borð við RIFF, var fjármagn skorið niður í 15 mkr fyrir árið frá KMÍ**. Það hefur leitt til þess að sýningar á landsbyggð og sýningar fyrir börn og unglinga auk námskeiða á borð við Stelpur filma falla niður. Halli er fyrriséður á hátíðinni í ár en ekki var ljóst að minni framlög frá ríki væri að ræða fyrr en í vor en þó reynt að skera niður eins og unnt er.

Til þess að hátíð geti dafnað og nýtt tækifærin sem svo sannarlega eru til staðar, er óskað eftir auknu framlagi fyrir næsta ár sem yrði þá nýtt til að festa RIFF betur í sessi. 15 mkr styrkur í ár, þá 10 mkr lægra en árið á undan er ekki nægjanlegt. Styrkur frá menntamálaráðuneytinu og Reykjavíkurborg er grunnur undir starfsemina. Við gerum ráð fyrir að KMÍ geti áfram veitt 15mkr til RIFF á næsta ári, þótt það sé ekki í hendi. Því miður hefur ekki alltaf náðst samfella í rekstrinum en markmið okkar eru að geta haft starfsfólk á launum árið um kring. Von okkar er síðan sú að gerður verði sem fyrst samstarfs- og þjónustusamningur við hátíðina til nokkurra ára í senn, í takti við nýja stefnu.

RIFF er þekkt og nýtur alþjóðlegrar viðurkenningar umfram aðrar hátíðir hér á landi þar sem áhersla er meðal annars lögð á að kynna nýjar og framsæknar kvikmyndir og markvisst að kynna kvikmyndalandið Ísland. Reykjavíkurborg valdi RIFF sem eina af sex borgarhátíðum til ársins 2022. Hluti af starfsemi RIFF felst einnig í að vinna með skólum á öllu landinu og

bjóða myndir og námsefni til kennslu, reka Stelpur filma, stuttmyndanámskeið fyrir grunnskóla og halda málþing og smiðjur fyrir kvikmyndagerðarmenn en því miður hefur það ekki gengið upp fjárhagslega í ár vegna mikils samdráttar í styrkjum frá stjórnvöldum.

Markmiðið er að hátíðin verði meðal fremstu kvikmyndahátíða í norðanverðri Evrópu, og teljum við tækifæri vera til staðar, sem og innviðir, en fjármagn vantar. Hátíðin hefur fengið til liðs við sig afar færan dagskrárstjóra, Fredéric Boyer, sem hefur mikla þekkingu og reynslu og vill byggja upp hátíðina með okkur. Í ár er fjöldinn allur af sýningum mynda sem koma hingað beinustu leið frá Cannes og Feneyjum, sem er einstakt og gerir það að verkum að fagólk og ferðamenn sjá ástæðu líka til að sækja hátíðina. RIFF dreifir ekki myndum og selur heldur fær þær lánaðar eða leigðar eftir áralangt uppbyggingarstarf við erlenda sölu- og dreifingaraðila. Árlega koma tugir erlendra gesta á RIFF til þess að taka þátt í Bransadögum og kynna sér það sem vel er gert hér á landi. Það hlýtur að vera nauðsynlegt að hafa einn vettvang til þess að kynna Ísland sem kvikmyndaland fyrir alþjóðaheiminum og endurgreiðsluhlutfallið. RIFF er komin vel á veg með það starf og hefur alla burði til að halda áfram því starfi.
RIFF er þannig orðinn mikilvægur samstarfs- og samskiptavettvangur fyrir íslenska kvikmyndagerðarmenn við kollega sína um allan heim. Leikstjórar og framleiðendur, sem sótt hafa hátíðina heim hafa í kjölfarið efnt til samstarfs við íslenska kvikmyndagerðarmenn um verkefni sem hlaupa á hundruðum milljóna króna. Blaðamenn sem heimsótt hafa hátíðina hafa skilað góðri kynningu fyrir íslenskan kvikmyndaiðnað í fagfjölmiðlum erlendis svo sem í Variety, Screen, Indiewire auk annarra miðla á borð við Arte sjónvarpsstöðina, Le Monde, Politiken, Guardian og New York Times.

Virðingarfyllst og með kærri kveðju,

Hrönn Marinósdóttir

Hrönn Marinósdóttir
stjórnandi RIFF

Ríkisendurskoðun

Minnisblað

Frá Ríkisendurskoðun

Til Fjárlaganefndar Alþingis

Dags. 26. október 2022

Efni Notkun almenns varasjóðs skv. 24. gr. laga um opinber fjármál og framsetning hans í fjárlögum

Ríkisendurskoðun var boðið að skila umsögn um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2023 og var í því sambandi óskað eftir að stofnunin skoðaði sérstaklega fjárheimildir í almennum varasjóði en umræða mun hafa skapast í fjárlaganefnd um það mál. Í þessu minnisblaði er farið yfir notkun almenna varasjóðsins og viss álitamál honum tengdum. Ríkisendurskoðun telur ekki ástæðu til að fjalla að öðru leyti um frumvarpið.

Í 24. gr. laga um opinber fjármál nr. 123/2015 er ákvæði um að í fjárlögum skuli gera ráð fyrir óskiptum almennum varasjóði til að bregðast við útgjöldum sem eru tímabundin, ófyrirsjáanleg, óhjákvæmileg og ekki er unnt að bregðast við með öðrum hætti samkvæmt lögunum. Fjármála- og efnahagsráðherra tekur ákvarðanir um ráðstöfun fjár úr almennum varasjóði og gerir fjárlaganefnd Alþingis grein fyrir nýtingu þess þegar ákvörðun liggur fyrir. Varasjóðurinn skal nema að lágmarki 1% af fjárheimildum fjárlaga.

Gert er ráð fyrir að fjármála- og efnahagsráðherra mæli í reglugerð fyrir um ráðstöfun fjár úr varasjóði á grundvelli þeirra skilyrða sem fram koma í 1. mgr. 24. gr. laganna. Nokkuð hefur dregist að reglugerðin væri gefin út en drög að henni liggja núna fyrir í ráðuneytinu. Í reglugerðinn verður mælt nákvæmar fyrir um verklag í sambandi við ráðstöfun almenna varasjóðsins, s.s. um hvernig einstök ráðuneyti skuli sækja um varasjóðsframlög og skilyrði sem þurfa að vera uppfyllt.

Auk almenna varasjóðsins kveða lög um opinber fjármál á um varasjóði málaflokka en hverjum ráðherra er heimilt að nýta slíka varasjóði til að tryggja að útgjöld ríkisaðila innan hvers málaflokks verði ekki umfram fjárveitingar til þeirra. Fjárveiting í varasjóð fyrir hvern málaflokk skal að hámarki nema 2% af fjárheimildum til málaflokksins.

Í fjárlögum ársins 2021 var 19.976 m.kr. fjárveiting í almenna varasjóðinn (fjárlagaliður *09-989 Almennur varasjóður*). Á árinu voru 10.395 m.kr. af þeirri fjárhæð millifærðar á aðra fjárlagaliði og nam staða almenna varasjóðsins því 9.581 m.kr. í árslok. Fjárheimildastaða almenna varasjóðsins fellur niður í árslok og flyst því ekki til næsta árs ólíkt því sem tilfellið er með varasjóði málaflokka.

Millifærslur ársins 2021 tengjast að langmestu leyti kjarasamningsbundnum hækkunum umfram launaforsendur fjárlaga, launabótum og öðrum útgjöldum af því tagi en þær námu samtals 8.443 m.kr. Aðrar millifærslur voru vegna aurskriða á Austurlandi 833

m.kr., eldgosi á Reykjanesi 810 m.kr. auk annarra minni útgjaldatilefna sem telja má ófyrirséð.

Í fjárlögum ársins 2022 var 16.500 m.kr. fjárveiting til almenna varasjóðsins. Það sem af er árinu er búið að millifæra af honum 3.855,6 m.kr. Þar af eru 3.635,6 m.kr. vegna kjarasamningshækkana umfram forsendur fjárlaga, 125 m.kr. vegna skriðufalla, 60 m.kr. til Veðurstofu Íslands vegna náttúruhamfara og sértekjutaps og 35 m.kr. til Fjarskiptastofu vegna netöryggismála. Varasjóðir voru ýmist ekki til staðar vegna viðkomandi málaflokka eða þeir óburðugir til að mæta útgjöldunum. Tekið skal fram að þar sem árinu er ekki lokið má gera ráð fyrir frekari millifærslum af almenna varasjóðnum.

Millifærslur af almennum varasjóði 2021 (janúar-desember) og 2022 (janúar-sept.)

Tilefni	**Fjárhæð í m.kr.**
Árið 2021	
Aurskriður á Seyðisfirði	727,6
Betri vinnutími (stytting vinnuviku)	3.384,4
Breytingar á vinnustund vegna kjarasamninga	32,0
Eldsumbrot á Reykjanesi	809,7
Endurmat á launaforsendum fjárlaga 2021 vegna kjarasamningshækkana	4.076,8
Framlag til Árneshrepps og Grímseyjar vegna brothættra byggða	28,0
Kostnaður vegna Guðmundar- og Geirfinnsmálsins	20,1
Launabætur	937,5
Samhæfing Covid aðgerða	35,0
Samningar vegna Icelandair	57,3
Sérstakt framlag vegna ljósmæðrasamninga	20,7
Stuðningur við atvinnulíf á Seyðisfirði í kjölfar jarðskriða	105,0
Tekjufallsstyrkir almenningssamgangna.	142,0
Samtals 2021	**10.368,0**
Árið 2022	
Endurmat á launaforsendum fjárlaga 2022 vegna kjarasamningshækkana	3.635,6
Múlaþing vegna hamfaranna á Seyðisfirði	25,0
Þingeyjarsveit vegna skriðufalla í Út-Kinn haustið 2021	30,0
Bjargráðasjóður vegna hreinsunar og uppbyggingar eftir skriðuföll í Út-Kinn	70,0
Fjarskiptastofa vegna netöryggismála.	35,0
Veðurstofa Íslands vegna náttúruhamfara og sértekjutaps	60,0
Samtals 2022	**3.855,6**

Eins og fram hefur komið er varasjóðurinn ætlaður til að bregðast við tímabundnum, ófyrirsjáanlegum og óhjákvæmilegum útgjöldum sem ekki er unnt að bregðast við með öðrum hætti samkvæmt lög um opinber fjármál. Vissulega má velta upp spurningum um hvort að öll ofangreind skilyrði teljist í öllum tilvikum uppfyllt enda er hér iðulega um töluvert matskennda þætti að ræða sem ráðherra er treyst til þess að ganga úr skugga um. Ríkisendurskoðun fær að því sögðu ekki annað séð en að ofangreindar

millifærslur úr almenna varasjóðinum samrýmist hlutverki sjóðsins skv. lögum um opinber fjármál.

Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2023 er gert ráð fyrir 43.276 m.kr. fjárveitingu til almenna varasjóðsins eða sem nemur um 3,34% af heildarfjárheimildum fjárlaga. Þetta er mun hærra framlag en í fjárlögum 2022 þegar fjárveiting í sjóðinn nam 1,35% af heildarfjárveitingum. Í greinargerð frumvarpsins kemur fram að af fjárhæð frumvarpsins séu 15.450 m.kr. vegna launa- og verðlagsbreytinga, sem hingað til hafi dreifst á einstaka málaflokka en hafi í frumvarpinu verið færðar alfarið á almenna varasjóðinn vegna óvissu um framvindu kjarasamningagerðar. Að þessum lið frátöldum hækkar framlagið í almenna varasjóðinn um 11.326 m.kr. frá fjárlögum 2022 sem er um 69% aukning í krónum talið. Að mati Ríkisendurskoðunar ber að gjalda varhug við því að ekki sé til staðar hámark þess sem almenni varasjóður getur verið sem hlutfall af fjárheimildum eins og gildir um aðra varasjóði.

Þá kemur fram í greinargerðinni að fjárheimild almenna varasjóðsins hafi m.a. verið aukin um 2.000 m.kr. vegna fjölgunar umsækjenda um alþjóðlega vernd. Að mati Ríkisendurskoðunar er athyglisvert að fjárheimild almenna varasjóðsins skuli aukin með þessum hætti vegna tiltekinna útgjaldatilefna í stað þess að auka við fjárheimildir þeirra fjárlagaliða þar sem viðkomandi kostnaður er færður, en þeir falla undir tvo málaflokka, *10.50 Útlendingamál* og *29.70 Málefni innflytjenda og flóttamanna*. Þarna má segja að með vissum hætti sé verið að „skuldbinda" almenna varasjóðinn til að mæta umræddum viðbótarkostnaði um leið og fjárveitingar málaflokkanna eru hugsanlega vanmetnar í fjárlögum ársins.

Einn megintilgangur varasjóða skv. lögum um opinber fjármál er að draga úr þörfinni á aukafjárveitingum en ætlast er til að varasjóðir séu nýttir áður en aukafjárveitinga er aflað í fjáraukalögum. Draga má í efa að þetta markmið hafi að fullu náðst og má í því sambandi nefna að á árinu 2021 voru samþykkt 56,6 ma.kr. aukafjárveitingar vegna rekstrargjalda enda þótt fjárheimild almenna varasjóðsins hafi aðeins verið nýtt að hálfu. Ástæða sýnist til þess að huga betur að því hvenær tímabundnum, ófyrirsjáanlegum og óhjákvæmilegum útgjöldum er mætt með framlögum úr honum og hvenær með aukafjárveitingu skv. fjáraukalögum. Mætti til að mynda hugsa sér að í greinargerð með frumvarpi til fjáraukalaga kæmi fram hvers vegna ekki var unnt að mæta útgjaldaþörf sem sótt er um aukafjárveitingu vegna með framlagi úr varasjóði.



S A F N A S A F N I Ð – **Höfuðsafn íslenskrar alþýðulistar**
606 Akureyri, Svalbarðsströnd
Kt: 560895-2089 / safngeymsla@simnet.is / www.folkart.is / www.safnasafnid.is / www.facebook.com/Safnasafnid / S: 4614066

12. nóvember 2022

ALÞINGI ÍSLENDINGA
Fjárlaganefnd

Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir, formaður

Erindi:
Sótt er um **12.000.000 kr.** styrk á fjárlögum 2023 til þess að gera markaðsátak og taka á móti erlendum ferðahópum

Samkvæmt tölum frá Hagstofu Íslands fækkaði gestum safna á Norðurlandi Eystra um 79% á árunum 2019-20. Við það hurfu sértekjur safnanna og rekstrarkostnaður er í uppnámi hjá sjálfseignarstofnunum sem hafa ekki tryggt bakland. Söfn í eigu sveitarfélaga og/eða þau sem hafa sérsamning við viðkomandi ráðuneyti fá styrki í rekstur og laun og standa því betur að vígi. Tekjur Safnasafnsins eru afar lágar, það vantar tryggan rekstrargrunn og svigrúm til að fastráða sérfræðinga og fleira fólk til nauðsynlegra starfa.

Vaðlaheiðargöng hafa haft neikvæð áhrif á aðsókn, merkingar eru þannig að vegfarendum er ósjálfrátt beint inn í þau. Vegagerðin hefur fengið erindi þar sem óskað er eftir skiltum beggja vegna Vaðlaheiðargangna en óvíst er um árangur vegna kerfistregðu og mismunandi viðhorfa til merkinga eftir landshlutum. Boðaðar heimsóknir úr skemmtiferðaskipum féllu niður án skýringa og eldgosið sem hófst á Reykjanesi dró til sín erlenda ferðamenn af svæðinu. Handverkshátíðin á Hrafnagili féll niður og fjölskyldufólki fækkaði fyrr vegna tíðarfarsins. Loks má nefna að yfir 60-70.000 Íslendingar voru á ferðalagi erlendis.

Síðastliðið ár (2022) eyddi Safnasafnið umtalsverðu fé eytt til að auglýsa í ýmsum bæklingum, tímaritum og á netinu, sem skilaði svo til engu, en besta auglýsingin reynist ávallt hið góða orðspor sem fer af safninu. Reiknað hafði verið með 4.000.000 kr. tekjum af inngangseyri í ár og 800.000 kr. af útleigu á íbúð, auk samningsbundins styrks frá sveitarfélaginu, en segja má að aðeins um helmingur þeirrar innkomu hafi náðst, svo tekjufallið er mikið á mælikvarða safnsins.

Rekstrartekjur ársins eru samtals:

3.840.000
0.830.000 kr. Svalbarðsstrandarhreppur
2.600.000 kr. Inngangseyrir
0.410.000 kr. Tekjur af leigu íbúðar

Safnasafnið hefur aldrei getað fastráðið starfsmann svo stofnendur (f. 1947, 1950) hafa neyðst til að sinna daglegum störfum án launa í 27 ár og anna varla lengur vaxandi rekstri. Aldur sækir að, í ár varð Níels Hafstein 75 ára og Magnhildur Sigurðardóttir 72 ára, og er bæði tímabært og áríðandi að finna safninu tryggari fjárhagsgrundvöll en sjálfboðastarf þeirra og annars stjórnarfólks. Safnið hefur verið hornreka í kerfinu frá stofnun þess árið 1995, og er það nokkurt umhugsunarefni þegar haft er í huga að það tók við keflinu af Þjóðminjasafni Íslands þegar það hætti söfnun alþýðulistar á síðustu öld þegar notagildi gripanna hvarf. Brýnt er að safnið fá samning við menningarmálaráðuneytið um fast framlag á fjárlögum Alþingis til að þjóna alþýðulist þjóðarinnar sem hefur þróast í gegnum aldirnar, allt frá því að öndvegissúlurnar rak á land.

Með styrknum er ætlað að fara í öfluga markaðssókn, ráða starfsmann til verksins, heimsækja kaupstefnur og gera samninga við íslenskar og erlendar ferðaskrifstofur. Einnig að auka markvissar auglýsingar á netinu og á samfélagsmiðlum, greina markhópa og höfða til fleira fólks, einkum yngri kynslóða. Efla þarf fjárhagsgrundvöllinn fyrir komandi ár, með sérstakri áherslu á 30 ára afmælisárið 2025 og undirbúningi undir það.

Í von um jákvæðar undirtektir, með kveðju frá stjórn safnsins,

_____ /_____
Harpa Björnsdóttir (kt. 130755-4539), sími 8619142 Unnar Örn (kt. 070374-4639), sími 6995621

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Skrifstofa Alþingis - nefndasvið
b.t. fjárlaganefndar

Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 20. október 2022

2210005SA SAS
Málalykill: 00.63

Efni: Umsögn um fjárlagafrumvarp 2023

Vísað er til tölvupósts frá nefndarsviði Alþingis þar sem óskað er eftir umsögn sambandsins um frumvarp til fjárlaga 2023. Þakka ber nefndinni fyrir að gefa sambandinu frest til að skila umsögninni.
Það á að vera sameiginlegt keppikefli ríkis og sveitarfélaga að styðja við fjárhagslega sjálfbærni sveitarfélaga. Miklar efasemdir eru um hvort sveitarfélögin séu fjárhagslega sjálfbær í bráð og lengd miðað við núverandi tekjustofna og þau verkefni sem þeim hefur verið falið að sinna. Óbreytt fjármögnun þeirra er ávísun á að sveitarfélög sjái sig knúin til að draga úr þjónustu, í stað þess að bregðast við þörf um að bæta og nútímavæða þjónustu, með innleiðingu tæknilausna. Sambandið leggur höfuðáherslu á að fjárlaganefnd bregðist við eftirfarandi atriðum með nauðsynlegum breytingum á frumvarpinu:

- Sveitarfélögin vantar 12-13 ma.kr. til að fjármagna ***þjónustu við fatlað fólk***. Alþingi verður að grípa strax inn í þessa þróun enda ógnar staðan bæði fjárhagslegri sjálfbærni sveitarfélaga og gæðum og framþróun þjónustu við þennan hóp. Það er ekki tækt að samþykkja ný fjárlög án þess að taka á þessum vanda.

- Fjármagn til ***NPA samninga*** er verulega vanáætlað og innleiðing er langt frá þeirri áætlun sem lögfest var árið 2018. Nauðsynlegt er að hækka fjárframlög til málaflokksins og að samið verði um framtíðarfyrirkomulag á fjármögnun þessa þjónustuforms.

- ***Börnum með fjölþættan*** vanda er að fjölga. Á sama tíma hefur ríkið dregið úr þjónustu við þennan hóp sem bitnar fjárhagslega á sveitarfélögum. Þung áhersla er lögð á það af hálfu sambandsins að fyrir aðra umræðu um fjárlagafrumvarp komi fram tillaga um fjármögnun fyrir þennan hóp. Þá kalla sveitarfélögin eftir því að ríkið axli sína ábyrgð og að gengið verði frá skýrri kostnaðarskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga í þjónustu við þennan hóp.

- Auka þarf fjármagn til að styðja við ***menntun og velferð barna af erlendum uppruna***. Aðkallandi er að auka fjármagn til stuðnings til sveitarfélaga

vegna móttöku barna á flótta. Jafnframt þarf að skoða hvort nægilegt fjármagn renni til sveitarfélaga til að innleiða samræmda farsældarþjónustu í þágu barna.

- Óskiljanlegt er að í frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir fjármögnun samkomulags sem gert var á árinu um ***fjármögnun hjúkrunarheimila***.
- Tryggja þarf fjármögnun ***rammasamnings um húsnæðisuppbyggingu***. Rammasamningur ríkis og sveitarfélaga um aukið framboð íbúða 2023-2032 og sameiginlega stefnu í húsnæðismálum markar tímamót í þeim efnum. Fjármögnun stofnframlaga og hlutdeildarlána er lykilþáttur til að tryggja framgang verkefnisins.
- Augljóst er að fjármálaáætlun og fjárlög þurfa að endurspegla helstu áskoranir sem hið opinbera stendur frammi fyrir á hverjum tíma, þannig að fjárheimildir styðji við helstu umbótaverkefni ásamt því að stuðla að atvinnuuppbyggingu. Í þessu samhengi má sérstaklega nefna að á næsta ári þarf að ljúka ***innleiðingu hringrásarhagkerfis*** og að framundan er ***átak til að efla brunavarnir*** um allt land og að þörf er á að ráðstafa a.m.k. hluta af brunaöryggisgjaldi til sveitarfélaga. Á sama hátt er algerlega óviðunandi að ***ríkið stingi í eigin vasa stærstum hluta skipulagsgjalds***, á sama tíma og HMS og sveitarfélögin eru í sameiginlegu átaki til að fjölga íbúðarhúsnæði. Varðandi eflingu atvinnustarfsemi er tilefni til að ***lýsa óánægju sveitarfélaga með hlutdeild þeirra í fiskeldisgjaldi***.
- Í umsögnum landshlutasamtaka sveitarfélaga er lýst miklum áhyggjum af ***fjármögnun grunnþjónustu á borð við heilsugæslu og löggæslu*** um allt land. Einnig er lýst ***áhyggjum af framlögum til atvinnu- og byggðaþróunar***. Að ***draga úr fjármögnun til byggðamála*** gengur þvert gegn nýsamþykktri byggðaáætlun. Lögð er áhersla á að sú ***lækkun verði dregin til baka og að áfram verði haldið inni 100 m.kr. hækkun til sóknaráætlana landshlutanna***.

Nánari rökstuðning fyrir framangreindu og umfjöllun um fjárhagsstöðu sveitarfélaga og fleiri þætti frumvarpsins má finna hér að aftan.

Fjárhagsstaða sveitarfélaga

Athugun á rekstri 20 stærstu sveitarfélaga landsins á fyrri helmingi þessa árs leiðir í ljós að 18 þeirra voru rekin með tapi. Að meðaltali nam hallinn 8,7% af tekjum. Í fjárhagsáætlunum þessara sveitarfélaga gerðu þau ráð fyrir hallarekstri sem svarar 1,7% af tekjum. Allt útlit er fyrir að halli verði einnig á rekstri sveitarfélaga á næsta ári. Gangi það eftir blasir við fjögurra ára samfelldur rekstrarhalli og yrði það einsdæmi í sögunni.

Stærstu sveitarfélögin taka auk rekstrarreiknings saman efnahagsreikning og yfirlit um sjóðstreymi. Veltufé frá rekstri fimm stærstu sveitarfélaga landsins reyndist neikvætt um 1% af tekjum. Þar skiptir mestu að veltufé frá rekstri var verulega neikvætt hjá Reykjavíkurborg, um 4,6% af tekjum. Að

meðaltali var veltufé frá rekstri jákvætt um 3,8% í hinum fjórum sveitarfélögunum. Meginskýringin á fjárhagsvanda sveitarfélaga er ört vaxandi halli á þjónustu við fatlað fólk, en til viðbótar má nefna vaxandi verðbólgu og hækkun vaxta.

Á sama tíma standa sveitarfélögin frammi fyrir miklum áskorunum í sínum rekstri og innviðauppbyggingu. Mikil þörf er fyrir uppbyggingu húsnæðis, langir biðlistar eru eftir félagslegu húsnæði og sérhæfðum húsnæðisúrræðum fyrir fatlað fólk og aldraða. Krafa er um að fleiri sveitarfélög gangi inn í samkomulag um samræmda móttöku flóttamanna og þannig mætti áfram telja. Einnig þurfa sveitarfélög að laga sig að breyttum heimi með stafrænni umbreytingu og með aðgerðum á sviði loftslagsmála og úrgangsmála. Ljóst er að svigrúm sveitarfélaga til að mæta þessum áskorunum er skert vegna hallareksturs og aukinna skulda sem af því leiðir.

Tekjustofnar og sjálfbærni

Í samkomulagi ríkisins og sambandsins f.h. sveitarfélaga um afkomu og efnahag sveitarfélaga frá september 2020 var ákveðið að skipa tekjustofnanefnd til „að leita lausna til að auka fjárhagslega sjálfbærni sveitarfélaga þannig að þjónusta við íbúana verði sem best tryggð.“ Fulltrúar sveitarfélaga í nefndinni lögðu fram eftirfarandi tillögur um margvíslegar aðgerðir til að styrkja tekjustofna sveitarfélaga og draga varanlega úr útgjöldum þeirra. Lítil viðbrögð hafa komið af hálfu ríkisins við þessum tillögum. Ósætti í nefndinni leiddi til þess að hún var lögð niður án þess að skila niðurstöðu.

Auknar tekjur	Aðgerð	Lauslegt mat, ma.kr
Útsvar	Breyting á meðferð skattlagningu ehf	2,5
Innheimtuþóknun útsvars	Lækkuð niður í raunkostnað	0,7
Gistináttagjald	Færist til sveitarfélaga	2,5
Fasteignaskattur af orkumannvirkjum	Undanþágur afnumdar í áföngum	3,5
Fasteignaskattur	Mánaðarleg álagning fasteignaskatts	0,2
Auðlindagjald á fiskeldi	Tekjur færist til sveitarfélaga	0,3
Innheimtustofnun sveitarfélaga	Innheimtustofnun færist til ríkisins	0,6
Börn með fjölþættan vanda	Auknar tekjur Jöfnunarsjóðs, framlög til svf	2,0
Málefni fatlaðs fólks	Auknar tekjur Jöfnunarsjóðs, framlög til svf	9,0
Alls		**21,3**
Lækkun útgjalda		
Sérstakar húsnæðisbætur	Verkefnið flyst til ríkisins	2,4
Endurgjaldslausar lóðir	Kvöð um lóðir án endurgjalds afnumin	0,2
Bygging framhaldsskóla/hjúkrunarheimila	Afnám 15%/40% þátttöku í byggingarkostnaði	0,3
Alls		**2,6**
Samtals		**23,9**

Alls er hér um að ræða auknar tekjur sem lauslega má gera ráð fyrir gætu numið um 21 ma.kr. Hér má nefna tillögu að breytingu á skattlagningu einkahlutafélaga sem varðar mjög sveitarfélögin. Vakin er athygli á að skv. þingmálaskrá ráðgerir fjármálaráðherra að flytja frumvarp um breytingu á lögum um tekjuskatt í þessa veru. Lagt er til að undanþágur á fasteignamati á orkumannvirkjum verði afnumdar. Innheimtustofnun sveitarfélaga flytjist alfarið til ríkisins án þess að framlög jöfnunarsjóðs skerðist. Stóru fjárhæðirnar lúta að því bæta hallann á fjármögnun við þjónustu fatlaðs fólks. Þá leggur sambandið einnig til að ríkið taki að sér sérstakar húsnæðisbætur (án þess að á móti komi tekjulækkun hjá sveitarfélögum), að kvöð um að sveitarfélög láti ríkinu í té lóðir án endurgjalds verði afnumin og loks að ákvæði um að sveitarfélög taki þátt í byggingarkostnaði framhaldsskóla og hjúkrunarheimila verði felld úr gildi. Samanlagt myndu þessar tillögur bæta hag sveitarfélaga um sem svarar nær 24 ma.kr. Markmið þessara tillagna er að „auka fjárhagslega sjálfbærni sveitarfélaga þannig að þjónusta við íbúana verði sem best tryggð."

Með fjárhagslegu sjálfbærni er átt við að opinberar skuldbindingar séu viðráðanlegar og sanngjarnar gagnvart komandi kynslóðum – án þess að gengið sé á eignir eða gæði þjónustu. Það er lauslegt mat sambandsins að sveitarfélög þurfi að skila veltufé frá rekstri sem nemur 9% af tekjum þeirra til að fjárhagur þeirra geti talist sjálfbær. Þannig geti þau haldið skuldum í jafnvægi og lagt til fjármuni til framkvæmda. Rekstur undanfarinna ára hefur

skilað veltufé sem er langt undir þessu viðmiði. Í fyrra nam það þannig einungis 3,8% og 4,9% árið áður. Veltufé hefði þurft að vera 20 ma.kr. hærra til að ná 9% markinu. Athugun á rekstri fimm fjölmennustu sveitarfélaganna á fyrstu sex mánuðum ársins sýnir að veltufé frá rekstri þeirra var neikvætt eins og áður segir.

Í umræðu um fjárhagsvanda sveitarfélaga hafa verið nefndar ýmsar leiðir til þess að auka tekjur sveitarfélaga, svo sem með fullnýtingu tekjustofna og hækkun þjónustugjalda. Í slíkri umræðu verður ávallt að hafa í huga að sveitarfélögin starfa ekki í tómarúmi. Við gerð kjarasamninga kemur t.d. iðulega fram ákall um að sveitarfélög tempri gjaldskrárhækkanir. Ljóst er að sveitarfélögin hafa komið verulega til móts við slíkar kröfur sem sést líklega skýrast á því hve hlutdeild þjónustugjalda hefur lækkað hratt á undanförnum 20 árum sem hlutfall af rekstrarkostnaði leikskóla. Með því að hækka leikskólagjöld upp í það hlutfall sem tíðkaðist almennt í byrjun þessarar aldar væri mögulegt að auka heildartekjur sveitarfélaga um 10 ma.kr. En hætt er við að slík stefnubreyting myndi hleypa öllu í bál og brand á vinnumarkaði og valda kröfum um launahækkanir með tilheyrandi verðbólguáhrifum. Af þessum ástæðum, og í ljósi þess að leikskólar eru í lögum skilgreindir sem fyrsta skólastigið, er vaxandi ákall af hálfu sveitarfélaga og raunar fleiri aðila um að tekjustofnar sveitarfélaga þurfi að taka tillit til vaxandi krafna um faglega þjónustu við börn á aldrinum 0-6 ára.

Annað sem þarf að hafa í huga í umræðu um tekjustofna sveitarfélaga og tekjuskiptingu ríkis og sveitarfélaga er að aðstæður sveitarfélaga eru misjafnar. Viðræður um réttlátari tekjuskiptingu þurfa að taka mið af því og má segja að ákveðinn áfangi hafi náðst með tillögum undirnefndar tekjustofnanefndar sem fjallaði um breytingar á Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Frekari breytinga er samt augljóslega þörf og má m.a. nefna nauðsyn þess að styrkja tekjugrundvöll sveitarfélaga sem eru í örum vexti.

Í rammasamningi ríkis og sveitarfélaga um húsnæðismál er gert ráð fyrir að í viðræðum við einstök sveitarfélög geti komið til umræðu aðgerðir sem styðja við innviðaþörf auk þess að taka mið af sérstökum þörfum innan viðkomandi sveitarfélags eða svæðis. Ef vilji löggjafans er að ljá þessu ákvæði 4. gr. samningsins inntak verður það aðeins gert með beinum fjárheimildum.

Helstu áherslumál

Fjármögnun málefna fatlaðs fólks

Eins og fram hefur komið glíma sveitarfélögin við fjölmargar áskoranir í fjármálum. Sá vandi sem brýnast er að leysa varðar fjármögnun þjónustu við fatlað fólk. Ráða má af fyrirliggjandi umsögnum sveitarfélaga um fjárlagafrumvarpið hversu þungt hljóð er í sveitarstjórnum. Á landsþingi

Sambands íslenskra sveitarfélaga í september sl. var samþykkt svohljóðandi ályktun:

> *Fjárhagsstaða sveitarfélaga á Íslandi er grafalvarleg. Frá árinu 2019 hefur sveitarfélögum sem ekki uppfylla lágmarksviðmið um fjárhagslega sjálfbærni og eru undir eftirliti eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga fjölgað úr 12 í 30. Vanfjármögnun vegna þjónustu við fatlað fólk er ein megin orsök fjárhagsvanda margra sveitarfélaga. Ítarleg greining starfshóps félagsmálaráðherra um rekstur málaflokks fatlaðs fólks sýnir að hallinn á málaflokknum árið 2020 nam 8,9 milljörðum króna. Ætla má að hallinn nemi nú um 12 til 13 milljörðum króna.*
>
> *Í yfirstandandi viðræðum sveitarfélaga og ríkisins leggur sambandið þunga áherslu á að fá fjárhagslega leiðréttingu frá ríkinu til að standa undir útgjöldum sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk, en gríðarlegur vöxtur útgjalda er einkum til kominn vegna aukinna krafna í löggjöf og reglum um hærra þjónustustig. Mikilvægt er að niðurstaða viðræðna liggi fyrir eigi síðar en 1. desember 2022 og að sveitarfélögin fái þá strax leiðréttingu. Jafnframt lýsir sambandið þeim vilja að teknar verði upp viðræður við ríkið um framtíðarfyrirkomulag og fjármögnun þjónustu við fatlað fólk.*
>
> *Sveitarstjórnarlög kveða á um skyldu stjórnvalda að kostnaðarmeta þau verkefni sem sveitarfélögum er falið að sinna. Þjónusta við fatlað fólk er stórlega vanfjármögnuð af hálfu ríkisins og vegur að möguleikum sveitarfélaga til að ná sjálfbærni í rekstri. Enginn ávinningur er af því fyrir ríkið og samfélagið í heild að sveitarfélög reki verkefni með halla eða taki að sér ný verkefni sem ekki eru fjármögnuð.*

Eins og fram kemur í ályktuninni er lögð áhersla á að niðurstöður viðræðna við ríkið um kostnaðarskiptingu liggi fyrir 1. desember nk.

Á fjármálaráðstefnu sveitarfélaga 13. október sl. viðraði innviðaráðherra áform um að hækka útsvarsprósentu um 0,26 prósentustig og lækka öll skattþrep í tekjuskattsálagningu um sama hlutfall. Útsvarstekjur myndu við þetta aukast um rúmlega 5 ma.kr. og fara til útdeilingar í gegnum Jöfnunarsjóð sveitarfélaga til að mæta halla á rekstri þjónustu við fatlað fólk. Um væri að ræða uppígreiðslu þar til greining og fullnaðaruppgjör nefndar sem hefur málið til umfjöllunar liggur fyrir, en þess er vænst að nefndin skili af sér fyrir 1. desember nk.

Sambandið telur jákvætt að ráðherra hafi þannig viðurkennt að þennan vanda þurfi að leysa. En jafnframt er bent á að málið virðist ekki hafi verið rætt í ríkisstjórn og nokkur óvissa virðist vera um stöðu málsins. Sambandið

ítrekar jafnframt á að hallinn á þessu ári verður væntanlega um 12-13 ma.kr. og hugsanlega um 15 ma.kr. á næsta ári og 5 ma.kr. tekjuauki dugi því skammt þegar horft er til áskorana í málaflokknum.

Tilefni er jafnframt til að árétta að eingöngu er hægt að líta á þetta útspil innviðaráðherra sem fyrsta boð af hálfu ríkisins og að ganga þarf til formlegra viðræðna á jafnréttisgrundvelli til að ganga frá formlegri lausn vandans.

NPA samningar

Í umsögnum Reykjavíkurborgar og NPA miðstöðvarinnar er farið ítarlega yfir stöðuna varðandi NPA samninga og tekur sambandið undir það sem þar kemur fram um nauðsyn þess að ríkið veiti meira fjármagni til þessa þjónustuforms. Í bráðabirgðaákvæði í lögum nr. 38/2018 kemur fram að fjármögnun NPA samninga sé samstarfsverkefni milli ríkis og sveitarfélaga. Í ákvæðinu segir að á innleiðingartímabilinu frá 2018 til 2022 veiti ríkissjóður framlag til tiltekins fjölda NPA samninga og nemur framlag ríkissjóðs 25% af heildarkostnaði hvers samnings. Framlagi ríkisins er ráðstafað í gegnum Jöfnunarsjóð sveitarfélaga á grundvelli umsókna frá sveitarfélögum, en eftir árið 2022 er gert ráð fyrir að fjármögnun NPA samninga verði að fullu á höndum sveitarfélaga. Nú ríkir því veruleg óvissa hjá fötluðu fólki og aðstoðarfólki þess um hvað taki við eftir næstu áramót. Að áliti sambandsins er augljóst að innleiðingartímabili NPA er fjarri því lokið.

Afstaða sveitarfélaga er óbreytt um að það hafi staðið þessari þjónustu fyrir þrifum að ríkið hefur verið ófáanlegt til að hækka kostnaðarhlutdeild sínar úr 25% í 30%. Enn bagalegra er að aldrei hefur náðst niðurstaða um fjármagn frá ríkinu til að fjármagna hjúkrunarþátt þjónustunnar, en það var frá upphafi ein helsta krafa sveitarfélaga. Fyrir vikið hafa NPA samningar leitt til þess að sveitarfélög eru að axla kostnað sem að réttu ætti að falla undir heilbrigðiskerfið. Við þetta verður ekki unað.

Sambandið getur í meginatriðum tekið undir útreikninga sem fram koma í umsögn NPA-miðstöðvarinnar um að miðað við þær forsendur sem þar eru skilmerkilega raktar þyrfti framlag á fjárlögum til NPA þjónustu að lágmarki að hækka úr 720 m.kr. í 1.180 m.kr. á árinu 2023. Í raun er sú fjárhæð þó líklega of lág eins og rakið er í umsögninni.

Börn með fjölþættan vanda

Þjónusta við börn með flókinn og fjölþættan vanda hefur vaxið mikið án þess að því hafi fylgt fjármagn. Sveitarfélög hafa í auknum mæli nýtt sér einkarekinn búsetuúrræði til að koma á móts við vanda þessara barna og fjölskyldna þar sem úrræði Barnaverndarstofu, nú Barna- og fjölskyldustofu, hafa ekki verið tiltæk. Kostnaðurinn hefur að langmestu leyti lagst á heröar sveitarfélaga þó svo að um þriðja stigs þjónustu sé að ræða.

Í umsögn Reykjavíkurborgar er gerð ítarleg grein fyrir þörf á fjármögnun úrræða fyrir börn með fjölþættan vanda. Þessi vandi hefur einnig verið umfjöllunarefni í umsögnum sambandsins um fjárlagafrumvörp undangenginna ára en hann fer vaxandi og er heildarkostnaður nú á bilinu 2-3 ma.kr. Nú er að störfum starfshópur sem ætlað er að leggja fram tillögur á næstu vikum um lausnir. Þung áhersla er lögð á það af hálfu sambandsins að fyrir aðra umræðu um fjárlagafrumvarp komi fram tillaga um fjármögnun. Þá kalla sveitarfélögin eftir því að ríkið axli sína ábyrgð og að gengið verði frá skýrri kostnaðarskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga í þjónustu við þennan hóp.

Börn af erlendum uppruna

Síðustu misseri hefur fólki í leit að alþjóðlegri vernd fjölgað mjög mikið. Stríð í Sýrlandi og Úkraínu hafa m.a. aukið flóttamannastraum hingað til lands mjög verulega. Mikilvægt er að búa vel að þessu fólki en til þess að svo megi verða þarf að vera skýrt hvernig fjármögnun kostnaðar við móttöku flóttafólks og hælisleitenda er háttað. Þá er mikilvægt að álag vegna þessa, m.a. varðandi húsnæðisframboð og skólagöngu dreifist á sem flest sveitarfélög og landshluta. Í þeim tilgangi hafa ríkið og sambandið gert rammasamkomulag um samræmda móttöku flóttafólks. Við gerð þess samkomulags var gerður fyrirvari af hálfu samningsaðila um að koma þyrfti til sérstakt framlag vegna kostnaðar sem hlýst af skólagöngu barna.

Í september sl. tilkynnti mennta- og barnamálaráðherra að sveitarfélögum stæði nú til boða að sækja um fjárhagslegan stuðning vegna móttöku barna á flótta. Er þar miðað við 200.000 kr. fyrir hvert barn á aldrinum 6-18 ára og 125.000 kr. vegna barna 0-5 ára. Þessi stuðningur er jákvætt skref en því miður telja sveitarfélögin að fjárhæðin dugi engan veginn til að veita þessum börnum nauðsynlega þjónustu. Sambandið hvetur því fjárlaganefnd Alþingis til að tryggja hærri fjárframlög til þessa mikilvæga verkefnis.

Hjúkrunarheimili

Í apríl sl. var gerður þjónustusamningur um rekstur hjúkrunarheimila til næstu þriggja ára. Ástæða er til að benda á nokkra þætti í fyrirliggjandi frumvarpi til fjárlaga sem kollvarpa rekstrarforsendum í samningnum og nauðsynlegt er að fjárlaganefnd leiðrétti. Alls er hér um að ræða um 3 ma.kr.

- **Vinnutími í vaktavinnu.** Í meðförum fjárlaganefndar á fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2022 var 1.200 m.kr. bætt við vegna þessa. Ekki verður séð að nein framlög séu fyrirhuguð vegna þessa.
- **Verðlagsforsendur**. Í 9. gr. þjónustusamningsins eru ákvæði um verðlagsuppfærslu. Miðað við forsendur fjárlagafrumvarpsins ættu framlög til hjúkrunarheimila vegna verðlagshækkana að hækka um 1,8% eða 754 m. kr. Ekki er tekið tillit til þessa í fyrirliggjandi frumvarpi.

- **Útlagasjóður**. Ekki er gert ráð fyrir greiðslum í svokallaðan útlagasjóð hjúkrunarheimila. Í aðdraganda nýrra þjónustusamninga var því lýst yfir að heilbrigðisráðuneytið myndi beita sér fyrir framlögum í fjárlögum. Hér vantar 30 m. kr.
- **Hjúkrunarþyngd.** Það er mat sambandsins að hér þurfi að tryggja 500 m. kr. vegna hjúkrunarþyngdar árið 2023 til að tryggja að greiðslur séu í samræmi við raunverulegar þarfir og ástand heimilisfólks á hjúkrunarheimilum.
- **Smæðarálag.** Undanfarin ár hafa verið veittar viðbótargreiðslur til lítilla hjúkrunarheimila til að styðja þau í afar erfiðum rekstri, en mörg sveitarfélög á landsbyggðinni reka einmitt lítil heimili. Talið er að um 500. m.kr. vanti

Að öðru leyti tekur sambandið undir umsögn Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu.

Húsnæðis- og skipulagsmál

Líkt og rakið er að framan urðu þau tímamót á árinu að undirritaður var rammasamningur um húsnæðismál. Markmið samningsins er að tryggja nægilegt og stöðugt framboð íbúðarhúsnæðis um allt land í samræmi við þörf. Stafrænir innviðir, þ.e. mannvirkjaskrá og húsnæðisáætlanir, munu verða grunnur að stórauknum fyrirsjáanleika um stöðu uppbyggingarverkefna um allt land, á öllum stigum byggingarferils.

Viðræður eru hafnar á milli HMS og sveitarfélaga um útfærslu þeirra markmiða sem fram koma í rammasamningnum. Einnig er hafin vinna við framkvæmd margra þeirra aðgerða sem fram koma í viðauka við samkomulagið. Um er að ræða fjölmargar aðgerðir sem ætlað er að styðja við markmið samkomulagsins um aukna skilvirkni og fyrirsjáanleika, ásamt því að geta stuðlað að lækkun byggingarkostnaðar.

Lykilatriði er að í fjármálaáætlun og fjárlögum verði gert ráð fyrir fjárheimildum til þess að styðja við framkvæmd samkomulagsins. Það getur eftir atvikum átt við um framkvæmd einstakra aðgerða í viðauka og einnig við framkvæmd samninga við einstök sveitarfélög, svo sem um innviðaverkefni.

Ein helsta aðstoðin sem löggjafinn getur tryggt er að endurskoða ráðstöfun skipulagsgjalds. Innheimt skipulagsgjald árið 2020 nam 651 m.kr. Af þeirri fjárhæð rennur aðeins hluti til skipulagsgerðar sveitarfélaga og er fjárheimild svo naumt skömmtuð að Skipulagssjóður greiðir nú aðeins um 2/3 af þeim beiðnum sem berast frá sveitarfélögum, eða 76,5 m.kr. á þessu ári. Allir hljóta að sjá að þetta er óviðunandi og er skorað á fjárlaganefnd og innviðaráðuneyti að móta tillögur um úrbætur. Vert er að undirstrika að endurskoðun aðalskipulags mun víða hefjast á næstunni auk þess sem samningar við HMS um fjölgun íbúða munu kalla á breytingar á skipulagi.

Einnig er Skipulagssjóði ætlað að fjármagna þróunarverkefni, svo sem stafræna Skipulagsgátt, sem er mikilvægur þáttur í stafrænni þróun sveitarfélaga.

Byggðamál

Þann 15. júní sl. samþykkti Alþingi þingsályktun um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2022-2036 þar sem kveðið er á um fjölda mikilvægra verkefna sem ætlað er að jafna búsetuskilyrði um allt land. Í umsögn Byggðastofnunar er farið vel yfir byggðaáætlun og tengingu hennar við fjármálaáætlun.

Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að tímabundin 100 m.kr. hækkun til sóknaráætlana falli niður. Sóknaráætlanirnar gegna afar mikilvægu hlutverki fyrir alla landshluta og byggðaþróun í landinu. Mikilvægi þeirra er viðurkennt í stjórnarsáttmálanum en þar er sérstaklega tiltekið að áfram verði unnið að eflingu sóknaráætlana. Það skýtur því skökku við að ekki séu settir auknir fjármunir í verkefnið. Sambandið leggur mikla áherslu á að auknum fjármunum verði varið til sóknaráætlana landshlutanna. Best væri að föst framlög yrðu hækkuð varanlega en annars að lágmarki að tímabundið 100 m.kr aukafjármagn verði framlengt.

Hringrásarhagkerfið

Sveitarfélögin eru almennt komin vel á veg við að innleiða hringrásarhagkerfi en markmið þess er að bæta úrgangsmeðhöndlun hér á landi. Ljóst er að útgjöld sveitarfélaga munu aukast vegna hertra krafna um sérsöfnun ásamt því að möguleikar þeirra til að afsetja úrgang með urðun þrengjast. Hlutfallslega má vænta þess að útgjöld sveitarfélaga á landsbyggðinni aukist mest vegna hærri flutningskostnaðar úrgangs sem áður hefði farið í urðun nærri upprunastað. Þessum aukna kostnaði munu sveitarfélögin almennt mæta með því að hækka þjónustugjöld fyrir sorphirðu og meðhöndlun úrgangs. En einnig er gert ráð fyrir því að framleiðendur og innflytjendur vara sem falla undir kerfi framleiðendaábyrgðar greiði hærri hlutdeild en áður í framkvæmd laganna. Þetta gildir t.d. um kostnað við sérsöfnun tiltekinna úrgangsflokka og við sorphirðu á víðavangi, svo sem plastsöfnun á strandsvæðum.

Ein af lykilforsendum til að þessar breytingar takist farsællega er að hér takist að koma á sátt um skilvirkt og gegnsætt framleiðendaábyrgðarkerfi, en mikil umræða er um þörf fyrir úrbætur á starfsemi Úrvinnslusjóðs í kjölfar skýrslu Ríkisendurskoðunar um starfsemi hans. Lykil markmið þarf að vera að í kerfinu felist hvatar til þess að auka endurnýtingu og endurvinnslu úrgangsefna en á það skortir í dag.

Einnig þarf að bæta verulega allt utanumhald um tölfræði málaflokksins, svo unnt verði að gera áreiðanlegar áætlanir um magn úrgangs sem til fellur og sannreyna að úrgangsstraumar fari í réttan farveg, til meðhöndlunar eða

eftir atvikum förgunar. Fleiri verkefni þarf einnig að ráðast í á árinu 2023 til að ljúka innleiðingarvinnunni, en þegar á heildina er litið hefur tekist mjög gott samstarf um þessa vinnu. Ganga þarf úr skugga um að fjárheimildir nægi til nauðsynlegra verkefna.

Átak í brunavörnum

Skýrsla sem HMS birti í október um stöðu brunavarna leiðir berlega í ljós að mikil þörf er fyrir úrbætur í málaflokknum. Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga hefur fjallað um skýrsluna og óskað í framhaldi eftir samstarfi við innviðaráðuneytið og HMS um gerð aðgerðaáætlunar til að vinna með niðurstöður úttektarinnar ásamt því að vinna að frekari umbótum. Fyrirséð er að kostnaður sveitarfélaga verður verulegur og að verkefnið mun taka einhver ár. Einnig eru í skýrslunni tillögur sem snúa beint að ríkinu og má einkum benda á þörf fyrir færanlegan búnað til varna gegn gróðureldum.

Það er algerlega óviðunandi að ekki hafi enn fundist fjármagn til að kaupa slökkviskjólur fyrir þyrlur Landhelgisgæslunnar til að trygga stuðning úr lofti við slökkvistarf á víðavangi, en þessi búnaður mun kosta í kringum 100 m.kr.

Tilefni er til umræðu um til hvers allir húseigendur hér á landi borga byggingaröryggisgjald (áður brunaöryggisgjald) sem rennur í ríkissjóð. Eðlilegt væri að þessi tekjustofn rynni að öllu leyti eða a.m.k. að hluta til sveitarfélaga til að fjármagna rekstur slökkviliða. Lágmarkskrafa er að fundin verði leið til þess að nýta hluta þessara tekna til að fjármagna fyrrgreint átak.

Fiskeldisgjald

Aðeins þriðjungur innheimts fiskeldisgjalds rennur til sveitarfélaga í gegnum sérstakan sjóð, Fiskeldissjóð, sem úthlutar fjármagni til sveitarfélaga eftir umsóknum. Það er krafa þeirra sveitarfélaga sem málið varðar að sjóðurinn verði lagður niður og þau fái 80% af tekjum af fiskeldisgjaldi. Kemur þessi krafa skýrt fram í öðrum umsögnum. Hækkun fiskeldisgjalds úr 3,5% í 5% kemur á óvart og ekkert samráð verið haft við þau sveitarfélög sem málið varðar. Vísast í því sambandi til umsagnar Vestfjarðarstofu og Fjórðungssambands Vestfirðinga.

Menntamál og farsæld barna

Í fyrri umsögnum um fjárlagafrumvörp hefur sambandið ítrekað bent á að stjórnsýsla menntamála er fjársvelt og að þörf er á mun markvissari miðlægum stuðningi við grunnmenntun til að tryggja jafnrétti til náms um allt land. Námsefnisgerð hefur jafnframt verið verulega vanfjármögnuð. Jákvætt er að með stofnun mennta- og barnamálaráðuneytis færist aukin áhersla á að efla grunnmenntun. Þess sér að ákveðnu marki stað í fjárlagafrumvarpi að vilji er til þess að auka fjárheimildir til málefnasviða ráðuneytisins. En á sama tíma er þó gerð umtalsverð hagræðingarkrafa sem

hlýtur að vekja spurningar um hvort nauðsynlegar umbætur í menntamálum muni ná fram að ganga.

Í tengslum við samþykkt laga um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna samþykkti Alþingi 1,1 ma.kr. fjárframlag til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Fjármununum er ætlað að standa undir kostnaði við að koma upp tengiliðum og málstjórum í samræmi við ákvæði laganna. Ljóst er að um viðamikið verkefni er að ræða og fyrirséð að þetta fjárframlag muni ekki nægja. Mikill samhljómur er engu að síður um að hér er um mikið framfaramál að ræða sem sveitarfélög vilja að hljóti framgang.

Eftir stendur að fjármagna nauðsynlegar og fjölþættar aðgerðir í þágu barna svo að markmiði laganna um einstaklingsbundinn og markvissan stuðning nái fram að ganga. Fjölga þarf í starfsstéttum þeirra sérfræðinga sem vinna með börnum, tryggja úrræði fyrir öll börn óháð uppruna og búsetu sem þurfa á stuðningi að halda og stytta biðlista eftir þjónustu.


Lokaorð

Sambandið hefur oft í sínum umsögnum bent á hversu flókin framsetning fjárlagafrumvarpa er og hversu erfitt er að gera sér grein fyrir fjármögnun verkefna. Full ástæða er til að ítreka enn og aftur þessa ábendingu.

Sambandið væntir þess að fá tækifæri til að gera frekari grein fyrir þessari umsögn á fundi með fjárlaganefnd.

Virðingarfyllst

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Samband sveitarfélaga á Austurlandi
Tjarnarbraut 39e · 700 Egilsstaðir · Sími 470 3800 · ssa@ssa.is · www.ssa.is

Austurlandi, 11. október 2022

Skrifstofa Alþingis - nefndarsvið
b.t. fjárlaganefndar
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Efni: Frumvarp til fjárlaga 2023, 1. mál á 153. löggjafarþingi, umsögn SSA.

Samband sveitarfélaga á Austurlandi (SSA) þakkar fyrir tækifærið til þess að veita umsögn um ofangreint lagafrumvarp.

Í upphafi vill SSA benda fjárlaganefnd á ályktun haustþings SSA 2022, sjá hér. SSA beinir því til hagaðila að taka höndum saman um áframhaldandi uppbyggingu Austurlands, hvort sem það er á sviði innviða, atvinnu, menningar eða upplifunar. Þannig verður áfram gott að búa á og heimsækja Austurland og það eflist enn frekar sem sterk grunnstoð í hagkerfi Íslands.

Hér fara á eftir ábendingar í tengslum við fjárveitingar er tengjast brýnni uppbyggingu innviða, þróun starfsemi og þjónustu við samfélagið á Austurlandi á árinu 2023. Allnokkrar þeirra hafa áður komið á borð fjárlaganefndar án þess að varanleg úrlausn hafi fengist.

Sveitarfélögin

- SSA vill í upphafi brýna stjórnvöld að skapa sveitarfélögum svigrúm til að rækja hlutverk sitt með því að styrkja tekjustofna þeirra. Ljóst er af stefnu stjórnvalda að sveitarfélögin gegna veigamiklu hlutverki um áframhaldandi lífskjarasókn þar sem staðinn er vörður um heimilin á sama tíma og byggt er undir verðmætasköpun. Útgjöld sveitarfélaga halda hins vegar áfram að vaxa, sem og kröfur sem gerðar eru til þeirra í fjölmörgum málaflokkum. Sveitarfélögin verða að njóta hlutdeildar af nýtingu náttúruauðlinda, veiðigjöldum, gjöldum af fiskeldi, og skatttekjum af orkuframleiðslu, svo eitthvað sé nefnt, eigi þau að geta sinnt hlutverki sínu.

Samgöngumál

- SSA hvetur stjórnvöld til að halda áfram fjárfestingum í samgöngum og innviðum. Þó síðasta innspýting hafi verið viðbragð við heimsfaraldrinum, var í mörgum tilfellum um löngu tímabær verkefni að ræða og enn er af nógu að taka. Austurland gegnir þýðingarmiklu hlutverki í gjaldeyrisöflun þjóðarinnar og því skynsamlegt að styrkja innviði sem geta leitt til nýrra tækifæra og aukinna útflutningstekna þjóðarbúinu til heilla. Það borgar sig að fjárfesta í Austurlandi!
- SSA fagnar því að mikilvæg verkefni í landshlutanum séu tilgreind undir markmiði um greiðar samgöngur, þ.e. Fjarðarheiðargöng og Axarvegur. Á vettvangi SSA hefur undanfarin ár verið unnið að framgangi þessara framkvæmda og eru þær hluti af framtíðarsýn Austurlands um samtengingu byggða sem fram kemur í Svæðisskipulagi Austurlands. Biðin eftir að sú framtíðarsýn verði að veruleika tekur á, sérstaklega í ljósi þess að sóknarfæri svæðisins myndu nýtast mun betur ef framkvæmdum yrði hraðað eins og kostur er.

- Fjöldi verkefna í landshlutanum eru ekki á samgönguáætlun. Mikilvægt er að nýta tímann nú til undirbúnings og hönnunar verka svo finna megi þeim stað í samgönguáætlun. Þessi verkefni snúa m.a. að einbreiðum brúm, lagningu bundins slitlags, lagfæringum á hættulegum vegköflum s.s. í sunnanverðum Fáskrúðsfirði og víðar ásamt úrbótum á mikilvægum vegköflum, sem eru brýn öryggismál og styðja við þróun ferðaþjónustu á Austurlandi.
- SSA minnir á að víða er nauðsynlegt að uppfæra þjónustustig m.t.t. vetrarþjónustu í landshlutanum. Austurland er dreifkjarna samfélag þar sem íbúar fara á milli staða til vinnu og sækja þjónustu, oft um langan veg og yfir fjallvegi. Vetrarþjónusta er nauðsynleg öllu atvinnulífinu á svæðinu og er ein af grunnforsendum þróunar ferðaþjónustu yfir í heilsársstarfsemi.
- SSA ítrekar mikilvægi þess að hafin sé hönnun og skipulagning á uppbyggingu Egilsstaðaflugvallar. Samkvæmt Flugstefnu Íslands sem samþykkt var 2020 er uppbygging flugvallarins í forgangi við uppbyggingu innviða alþjóðaflugvalla landsins til að mæta þörfum flugrekenda fyrir varaflugvelli. Í ljósi eldsumbrota á Reykjanesi, mikilvægi ferðaþjónustu í gjaldeyrisöflun þjóðarinnar sem og framtíðarsýnar um hlutverk vallarins til eflingar atvinnulífs á Austurlandi, er nauðsynlegt að stjórnvöld slái tóninn um uppbyggingu Egilsstaðaflugvallar á árinu 2023 og að þess sjái stað í fjárlögum.
- SSA fagnar því að fjárheimild sé tryggð í rekstur Loftbrúar og væntir þess að verkefnið verði þróað áfram enda er flugið helsta samgöngutenging Austfirðinga við höfuðborgina.
- SSA leggur áherslu á að við fyrirhugaða endurskoðun á gjaldskrá almenningssamgangna á landi sé horft til byggðasjónarmiða sem og hvata til að nýta almenningssamgöngur. Þá er mikilvægt að þróa kerfið áfram á grunni stefnunnar – Ferðumst saman.

Heilbrigðismál

- Brýnt er að fjárveiting til reksturs hjúkrunarheimila á Austurlandi sé rétt og sanngjörn, hvort sem þau eru rekin af sveitarfélögum eins og Vopnafjarðarhreppi eða ríkisstofnunum eins og Heilbrigðisstofnun Austurlands, HSA.
- SSA hvetur stjórnvöld til að auka við fjármagn til HSA svo efla megi tækjakost í heilbrigðisþjónustunni í landshlutanum auk þess að styðja við þróun á ýmsum sviðum. Má þar nefna bæði nýtingu og þróun fjarheilbrigðisþjónustu sem og innleiðingu á hugmyndafræði um jákvæða heilsu í samstarfi við samfélögin á Austurlandi. Uppbygging á þessum sviðum nú, er líkleg til að draga úr útgjaldaþörf annarsstaðar í kerfinu til framtíðar.
- SSA telur mikilvægt að stjórnvöld styðji við HSA í reglulegu framboði á þjónustu sérfræðilækna í heimabyggð með samningi við Landspítala og Sjúkrahúsið á Akureyri. Mikilvægt er að við gerð samninga hjá Sjúkatryggingum Íslands sé hugað að framboði þjónustu sérfræðilækna á landsbyggðunum. Með því að bjóða þjónustuna á Austurlandi lækkar heildarkostnaður samfélagsins með minni fjarveru frá vinnu og fjölskyldu og lægri ferðakostnaði. Þá ítrekar SSA mikilvægi þess að stjórnvöld stuðli að úrræðum í húsnæðismálum HSA svo tryggja megi mönnun starfseminnar í landshlutanum.
- Verulegur skortur á fjármunum til sjúkraflutninga gæti leitt til breytinga á fyrirkomulaginu á Austurlandi og er mikilvægt að brugðist sé við því án tafar. Mikilvægt er að stjórnvöld sýni því skilning að sjúkraflutningar kosta töluvert í svona dreifðum byggðum og mikilvægt að þeir séu að fullu fjármagnaðir en verði ekki á kostnað annarrar almennrar heilbrigðisþjónustu. Jafnframt er minnt á að íbúar á Austurlandi þurfa að sækja ýmiskonar heilbrigðisþjónustu út fyrir fjórðunginn og undanfarið hefur

borið mikið á fréttum af úrræðaleysi fyrir þá sem þurfa að dvelja langdvölum fjarri sínu heimili til að sækja sér lífsnauðsynlega þjónustu.

Sóknaráætlanir og byggðaáætlun

- Áhuga vekur að í frumvarpi til fjárlaga er mikil áhersla á stuðning við nýsköpun, rannsóknir og þróun á sama tíma og ekki er staðið við markmið um eflingu sóknaráætlana landshluta. Austurland hefur lagt mikið upp úr faglegri vinnu við sóknaráætlanir og regluverk um Uppbyggingasjóð og hafa mörg þýðingarmikil framfaraverkefni verið unnin á þeim grunni. SSA skorar á stjórnvöld að efla sóknaráætlanirnar og standa við upphafleg markmið um mikilvægi þeirra sem hreyfiafl heima í héraði. Í þessu sambandi er vert að vekja athygli á að í fjárlagafrumvarpinu er gert ráð fyrir að auka fjármagn í ýmsa sjóði sem starfa á landsvísu á sama tíma og sérgreint fjármagn til sóknaráætlana hefur dregist saman um 50% frá árinu 2020. Reynslan sýnir að hlutfallslega renna mun færri styrkir úr landsdekkandi sjóðum út á land en til höfuðborgarsvæðisins og því er nauðsynlegt að rétta hlut landsbyggðarinnar t.d. í gegnum sóknaráætlunina.
- SSA ítrekar að verkefni byggðaáætlunar séu fjármögnuð svo áætlunin verði það hreyfiafl til umbóta sem að er stefnt. Staðan nú er hins vegar sú að sérgreindir fjármunir byggðaáætlunar á árinu 2023 eru aðeins 70% af því sem þeir voru árið 2020.

Húsnæðis og skipulagsmál

- Stórtækt átak er framundan við uppbyggingu húsnæðis um allt land. SSA leggur á það ríka áherslu að verkfæri til uppbyggingar á hagkvæmu húsnæði í almenna íbúðarkerfinu séu fjármögnuð svo markmið átaksins náist. Þá er brýnt að regluverk þessara verkfæra taki tillit til mismunandi aðstæðna í landshlutunum svo þau verði raunverulega aðgengileg til uppbyggingar húsnæðis.
- Það er dapurlegt að á sama tíma og hvatt er til mikillar húsnæðisuppbyggingar og samþættingu áætlana, dragist eyrnamerkt fjárveiting til skipulagsmála sveitarfélaga saman. SSA er að leggja lokahönd á Svæðisskipulag Austurlands 2022-2044 sem er þýðingarmikið verkefni sem mun styðja við samstarf ríkis og sveitarfélaga til framtíðar. Mikilvægt er að skipulagssjóður sé í stakk búinn til að standa við sinn hlut í svona verkefnum.

Umhverfismál, skógrækt og landbúnaður

- Varnir gegn náttúruvá sem og rannsóknir og vöktun eru samfélögunum á Austurlandi mikilvægar enda landshlutinn reglulega minntur á náttúruöflin með óvægnum hætti. Samfélögin eiga mikið undir því að skipulega og hratt sé unnið að ofanflóðavörnum í landshlutanum og að ávallt sé unnið með nýjustu þekkingu í vöktun og mælingum. SSA ítrekar að sá tekjustofn sem settur var á fót til uppbyggingar varnamannvirkja stöðvi sem styst hjá ríkinu en fari strax í uppbyggingu varnarmannvirkjanna. Mikilvægt er að haldið verði áfram með þær framkvæmdir og áfanga sem þegar eru á áætlun Ofanflóðasjóðs og sveitarfélaga, svo og undirbúning frekari framkvæmda á svæðinu.
- Ánægjulegt er að sjá aukningu á fjárveitingu til Vatnajökulsþjóðgarðs. Mikilvægt er að standa að áframhaldandi uppbyggingu á náttúruverndarsvæðum og að efla landvörslu til að bæta þjónustu á þeim. Víða á austursvæði þjóðgarðsins hefur skortur á fjármagni haft áhrif á opnun gestastofu, uppbyggingu og nauðsynlegt viðhald svæða. Nú þegar ferðamönnum fjölgar á ný eftir faraldurinn er mikilvægt að fjármögnun á vöktun og þjónustu vaxi samhliða fjölgun gesta.

- Í frumvarpinu er gert ráð fyrir lækkun á framlagi til skógræktar á lögbýlum. SSA bendir á að skógrækt er ein af sóknargreinum Austurlands og nauðsynlegt að fjárveitingar standi undir þeim verkefnum sem þeim er ætlað að fjármagna. Skógrækt styrkir og eykur fjölbreytni landbúnaðar og styður við markmið stjórnvalda í loftslagsmálum. Þá er unnið að fjölmörgum nýsköpunar- og þróunarverkefnum innan Skógræktarinnar sem styðja við þessi mikilvægu markmið.
- SSA minnir á að ýmiskonar sóknarfæri eru til frekari þróunar landbúnaðar á Austurlandi og mikilvægt að auka fjárhagslegan stuðning til að stuðla að nýsköpun, auknu samstarfi og þróun þvert á greinar.
- Náttúrustofa Austurlands er mikil þekkingarstofnun í austfirsku samfélagi og gegnir viðtæku hlutverki. Hjá Náttúrustofu Austurlands (NA) er unnið að rannsóknum á náttúrufari og m.a. má benda á að stofan annast rannsóknir á hreindýrum, sem einungis er að finna á Austurlandi og eru dýrmætur þáttur í lífríki svæðisins. Framlag til Náttúrustofa á landsvísu í fjárlögum 2023 lækkar töluvert á milli ára. SSA leggur á það áherslu að ekki sé skert fjárveiting til rannsókna á náttúrufari á Austurlandi.
- Í tengslum við umræðu um sóknaráætlanir, er í frumvarpinu gert ráð fyrir töluverðum fjárheimildum til grænna verkefna, svo sem til loftslagsmála, innleiðingar hringrásarhagkerfis og fleiri málefna sem gætu nýst í þágu landshlutanna. SSA ítrekar að Sóknaráætlanir landshluta eru góður farvegur fyrir slíkar fjárveitingar og mikilvægt að heimamenn komi að innleiðingu stefnumörkunar svo árangur náist um allt land.

Menntun og rannsóknir

- SSA fagnar þeim áfanga sem náðist í sumar í samstarfi HR og HA um aðgengi að háskólanámi á Austurlandi með tilkomu BS náms í tölvunarfræði sem og áframhaldandi þróun á aðferðafræði til að bjóða upp á fleiri greinar og víkka samstarfsnetið. Mikilvægt er að fjármögnunarumhverfi slíkra verkefna sé hvetjandi en jafnframt þolinmótt á meðan á uppbyggingu stendur. Framtíðarsýn svæðisins byggir á að efla tækifæri til menntunar í víðtæku samstarfi sem og að þétta samfélag nemenda á háskólastigi. Aðgengi að fjölbreyttum greinum á háskólastigi á Austurlandi er hluti af uppbyggingu mannauðs og þróun þekkingar svo grípa megi sóknarfærin sem í landshlutanum liggja.
- Á Austurlandi er einnig unnið að framgangi þekkingar- og vísindasamstarfs við skoska háskólann University of the Highlands and Islands. Veitt var fjármagni í verkefnið á fjárlögum 2022 með það í huga að sambærileg fjárhæð yrði veitt í fjárlögum 2023. Mikilvægt er að þetta verkefni fái áframhaldandi stuðning svo áætlanir gangi eftir.
- Áhyggjuefni er að enn einu sinni fellur niður viðbótarfjármagn til Austurbrúar en stofnunin þjónustar nemendur í fjarnámi á háskólastigi um allt Austurland og sinnir símenntun í landshlutanum. Stofnunin átti 10 ára afmæli í vor, en fjárveitingin í fjárlögum 2023 fyrir þessa þjónustu er um 40% að verðgildi launa af því sem hún var hjá fyrirrennurum Austurbrúar! Það segir sig sjálft að ekki er vænlegt að hvetja landshluta til umfangsmikilla breytinga á stofnanauppsetningu þegar þetta er raunin í fjárlögum ár eftir ár. Austurbrú hefur sýnt mikið frumkvæði í rannsóknum og greiningum í tengslum við samfélagið á Austurlandi og nauðsynlegt að fjármögnun þekkingarsetursins Austurbrúar taki mið af því, þar sem hún leiðir til markvissari aðgerða og ákvarðana. SSA hvetur til þess fjárveiting til Austurbrúar sé leiðrétt og framtíð hennar tryggð með því að gera samninga við stofnunina til 3-5 ára.
- Efla þarf sérstaklega fjárveitingar til íslenskukennslu nýbúa en grunnfjárveiting í þennan málaflokk hefur staðið í stað til fjölda ára. Samfélagið á Austurlandi er fjölbreytt og er mikilvægt að geta boðið upp á íslenskukennslu um allan fjórðunginn í takt við þarfir nemenda, svo þeir geti tekið virkan þátt í samfélaginu sem þeir búa í.

- Framhaldsskólar landshlutans, Menntaskólinn á Egilsstöðum og Verkmenntaskóli Austurlands hafa staðið sig gríðarlega vel á erfiðum Covid-19 tímum. Nauðsynlegt er að fjármögnun geri þeim kleift að standa undir þeim kröfum sem gerðar eru til fámennra skóla í dreifðum byggðum. Skólarnir hafa sýnt frumkvæði á sviði fjarnáms og mikilvægt er að fjárveiting vegna fjarnámsnemenda sem eru skráðir í dagskóla annarsstaðar sé ekki skert. Framhaldsskólarnir á Austurlandi sinna mikilvægu hlutverki við að auka aðgengi að námi í landshlutanum, þeir hafa sýnt útsjónarsemi og skapað sér sérstöðu og mikilvægt er að tryggja þeim fjármagn til áframhaldandi þróunar og styrkja þannig samkeppnisstöðu þeirra gagnvart skólum á höfuðborgarsvæðinu. Mikil eftirspurn er á svæðinu eftir fólki með ýmiskonar menntun í sviði starfsnám, verk- og iðnnáms í fjölmörgum greinum og því sérstakt að eina uppbyggingin á nýrri kennsluaðstöðu sé á höfuðborgarsvæðinu. ME og VA eru mikilvægir hlekkir í byggðaþróun landshlutans.
- Mikilvægt er að gæta að starfi Hallormsstaðaskóla og þeirri nýsköpun og þróun sem þar hefur átt sér stað á sviði menntunar byggðri á sjálfbærni. Skapa verður svigrúm fyrir skólann til að móta og þróa námsframboð.
- LungA-skólinn er frumkvöðull í lýðskólamenntun á Íslandi og gæta verður að starfi og þróun þessarar nýsköpunar í fræðsluúrræðum. LungA-skólinn er í erfiðri stöðu m.t.t. aðstöðumála í kjölfar skriðufallanna á Seyðisfirði og brýnt að skólinn fái stuðning til að leysa þann vanda.

Menningar- og safnamál

- SSA leggur áherslu á fjárveitingar til menningarmiðstöðva á Austurlandi verði auknar og rekstrargrundvöllur þeirra þannig styrktur. Núverandi fjárveiting hefur staðið í stað í nokkur ár á tímum launa- og kostnaðarverðshækkana og er farið að draga úr getu þeirra til að sinna hlutverki sínu. Menningarmiðstöðvarnar eru lykilstofnanir í austfirsku menningarlífi, ekki síst til að jafna aðgengi landsmanna að menningu og stuðla að samstarfsverkefnum sem efla grasrótarvinnu allra aldurshópa í landshlutanum.
- Sköpunarmiðstöðin á Stöðvarfirði hefur skapað sér sérstöðu í skapandi greinum með fjölþættu úrvali af vinnustofum sem nýtist breiðum hópi innlendra og erlendra listamanna og eflir og auðgar umhverfið í þessari brothættu byggð. SSA telur mikilvægt að varanlegur farvegur sé skilgreindur fyrir stuðning við það mikilvæga þróunarstarf sem þar er unnið.
- SSA ítrekar mikilvægi þess að auka fjármagn til safna sem og annarra rannsókna- og menningarstofnana á Austurlandi. Uppbygging í safnamálum og menningarstofnunum styður við þróun útflutningsatvinnugreina á borð við ferðaþjónustu í að verða heilsársatvinnugrein. SSA minnir ennfremur á áhugaverð verkefni tengd fornleifauppgreftri á Austurlandi og mikilvægi þess að auka stuðning við þau og þar með þá auknu þekkingu sem þau veita um sögu okkar. Miðlun sögunnar á að eiga sér stað á svæðinu svo það verði til þess að efla og styrkja þróun þess.

Byggðamál, ferðaþjónusta, markaðs- og kynningarmál

- SSA bendir á að fjármagn í samningum við landshlutana um atvinnuþróun hefur dregist saman undanfarin ár að raungildi og er svo komið að fjármagnið er aðeins um helmingur af því sem það var árið 2002. Ekki er hægt að sinna þessum verkefnum af sama krafti og vilji landshlutana stendur til. Það er miður að við niðurlagningu Nýsköpunarmiðstöðvar 2021 hafi tækifærið ekki verið nýtt til að efla landshlutana svo þeir mættu leiða og þróa nýsköpunarumhverfi, hver á sínum svæði. SSA ítrekar mikilvægi þess að verkefnunum fylgi fjármunir til landshlutanna svo samfélögin um allt land eigi jafnan möguleika á að nýta nýsköpun til viðspyrnu og styrkingar samfélaga til framtíðar.

- Fjármunum er veitt til áfangastaðastofa landshlutanna í gegnum Ferðamálastofu. Hlutverk áfangastaðastofa er þó annað og meira en markaðs- og kynningarmál og auka þarf fjármuni til þeirra svo þeim sé gert kleift að styðja við uppbyggingu og þróun ferðaþjónustu. Fjármögnun verkefnisins hefur staðið óbreytt í krónutölu í fjölda ára og hafa fjárhagslegar forsendur landshlutanna til að sinna verkefnunum rýrnað sem því nemur.
- Mikilvægt er að fjármunir sem eyrnamerktir eru í markaðs- og kynningarmál á landsvísu fari í verkefni sem stuðla að raunverulegri dreifingu ferðamanna um land allt. Austurland getur tekið við fjölda gesta og mikill vilji er í landshlutanum að þróa ferðaþjónustu yfir í heilsársatvinnugrein. Dreifing ferðamanna, stýring og innviðaþróun þarf að vera leiðarljós og með því að auka hlut Austurlands frekar en verið hefur í því markaðsstarfi sem fjármagnað er með opinberu fé, er líklegra að það markmið náist.
- SSA leggur ríka áherslu á að staðinn verði vörður um Flugþróunarsjóð og tengd verkefni í fjárlögum til næstu ára. Eftirspurn eftir Flugþróunarsjóði hefur aukist og mörg spennandi verkefni því tengt sem geta lagt grunn að straumhvörfum í þróun ferðaþjónustu á Íslandi. Reynsla annarra landa sýnir að það er langhlaup að opna nýjar gáttir fyrir ferðamenn inn í landið og til þess þarf verkfæri á borð við Flugþróunarsjóð. Huga þarf að samkeppnishæfni flugvallanna á Egilsstöðum og Akureyri varðandi nauðsynlega þjónustu á jörðu niðri s.s. kaup á eldsneyti og flugafgreiðsluþjónustu. Þá minnum við á að opnun nýrra gátta stendur ekki óstudd; hún tengist markaðssetningu, uppbyggingu áfangastaða, nýsköpun- og þróun o.s.frv. Sveitarfélögin á Austurlandi hafa veitt talsverðum fjármunum í markaðssetningu Egilsstaðaflugvallar og uppbyggingu áfangastaðarins Austurlands undanfarin ár og áframhaldandi stuðningur ríkisins er nauðsynlegur í þeim verkefnum sem framundan eru. Þar er skemmst að minnast að vorið 2023 hefst vikulegt beint flug frá Frankfurt til Egilsstaða en það kallar á mikla styrkingu innviða í ferðaþjónustu á svæðinu, eigi það að verða sú innspýting sem það hefur burði til.

Almanna- og réttaröryggi, sýslumenn

- Sýslumannsembættið á Austurlandi hefur ítrekað vakið athygli á að fjárveitingar til þess séu langt frá því að standa undir þeirri þjónustu sem embættinu er ætlað að veita. Ríkisendurskoðun benti í mars 2019 á að ekki hafi verið nægjanlega vel staðið að fjárhagslegum undirbúningi breytinganna sem tóku gildi 1. janúar 2015 þegar sýslumannsembættum var fækkað úr 24 í 9. Fjárveiting til sýslumannsins á Austurlandi er um 65 milljónum kr. lægri samanborið við þann landshluta sem næst kemur og ljóst að þetta hefur veruleg áhrif á hvaða starfsemi er hægt að halda úti í þeim landshluta sem er fjærst höfuðborgarsvæðinu. Ekki verður séð á hvaða forsendum þessi gríðarlegi munur er á fjárveitingu embættisins á Austurlandi samanborið við aðra landshluta.
- Lögregluumdæmið á Austurlandi telur um 16% af heildarstærð landsins. Undanfarin ár hafa verið sérstaklega erfið m.t.t. fjarlægðar frá höfuðborgarsvæðinu og of oft hafa komið upp atvik þar sem lögreglan á Austurlandi þarf ein að standa að baki fyrsta viðbragði. Því er brýnt að lögreglan á Austurlandi sé mönnuð menntuðu og vel þjálfuðu fólki svo hún sé í stakk búin til að bregðast við ein og óstudd hvort sem það er vegna náttúruvár, í landamæraeftirliti eða í erfiðum löggæsluverkefnum. SSA vill sérstaklega benda á aðstöðuleysi lögreglunnar á Seyðisfirði en þar eru landamæri og nauðsynlegt að ráðast tafarlaust í úrbætur enda hafa fjölmörg stór mál komið þar upp undanfarin ár í landamæraeftirliti og öðrum verkefnum.

Fiskeldissjóður

- SSA ítrekar mikilvægi þess að tekjur sem áætlaðar eru undir merkjum fiskeldissjóðs skili sér tafarlaust til þeirra sveitarfélaga á Austfjörðum og Vestfjörðum þar sem fiskeldi er stundað. Mikil innviðauppbygging á sér stað á vettvangi sveitarfélaganna vegna umsvifa tengdri þessari atvinnugrein og því sérstakt að 2/3 af þeim tekjum sem innheimtar eru af ríkinu af framleiðslu laxfiska í sjókvíum verði eftir hjá ríkinu skv. frumvarpi til fjárlaga, en skili sér ekki til sveitarfélaganna í gegnum úthlutun fiskeldissjóðs fyrir árið 2023.

Lokaorð

Fulltrúar Sambands sveitarfélaga á Austurlandi vænta þess að fá tækifæri til að hitta fjárlaganefnd og gera þar nánari grein fyrir áherslum í þessari umsögn.

Virðingarfyllst,
Samband sveitarfélaga á Austurlandi

_____	_____
Berglind Harpa Svavarsdóttir, formaður	Þuríður Lilly Sigurðardóttir, varaformaður

Undirritunarsíða

Umsögn um fjárlög 2023
Berglind Harpa Svavarsdóttir

Undirritað af:
Berglind Harpa Svavarsdóttir
2811753009
Dags: 11.10.2022
Tími: 15:11:00
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: f8a0f758-991e-4cb5-9b9b-d6ab4eae0faf

Umsögn um fjárlög 2023
Þuríður Lillý Sigurðardóttir

Undirritað af:
Þuríður Lillý Sigurðardóttir
1708952909
Dags: 11.10.2022
Tími: 15:59:13
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: f8a0f758-991e-4cb5-9b9b-d6ab4eae0faf

SAMBAND SVEITARFÉLAGA Á SUÐURNESJUM

Alþingi – nefndasvið
b.t. fjárlaganefndar
Austurstræti 8-10

101 REYKJAVÍK

Reykjanesbæ 5.október 2022

Efni: Umsögn um fjárlög 2023, 1. mál.

Þann 19. júní 2019 samþykkti Alþingi þingsályktunartillögu um stöðu sveitarfélaganna á Suðurnesjum. Með þingsályktuninni var ríkisstjórninni falið að skipa starfshóp fulltrúa sveitarfélaga á Suðurnesjum og fimm sérfræðinga úr forsætisráðuneyti, fjármála- og efnahagsráðuneyti, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti, mennta- og menningarmálaráðuneyti og velferðarráðuneyti (nú félagsmálaráðuneyti og heilbrigðisráðuneyti) til að vinna tímasetta aðgerðaáætlun um hvernig efla megi þjónustu ríkisins við íbúa á Suðurnesjum og mæta mikilli fólksfjölgun á svæðinu.

Í framhaldi af undirbúningsvinnu ráðuneytisins og með hliðsjón af ályktun Alþingis skipaði samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, í ágúst 2019, starfshóp til að vinna að framgangi verkefnisins og vera um leið formlegt samráðsteymi með vísan til byggðaáætlunar.

Starfshópurinn skilaði af sér niðurstöðu í maí 2020 í formi aðgerðaráætlun en þar segir m.a.

> **„Lagt er til að viðkomandi fagráðuneyti skoði og meti nánar fjárframlög til einstakra stofnana á Suðurnesjum við fjárlagagerð 2021 og vinnslu fjármálaáætlunar yfirstandandi árs. Þannig verði strax hægt að greina úrbótatækifæri af hálfu ríkisvaldsins m.a. í formi hærri fjárveitinga sem taki mið af íbúavexti og umfram allt hlutlægu mati á þjónustuþörf".**

Ekki er hægt að sjá að fjárlög 2023 taki tillit til tillagna starfshópsins.

Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum ítrekar þessa niðurstöðu og hvetur fjárlaganefnd til þess að hafa hana að leiðarljósi við gerð fjárlaga 2023.

Samkvæmt upplýsingum Hagstofunnar hefur íbúum á Suðurnesjum fjölgað um 23% á árunum 2016-2022 en landsmeðaltalið er 12%. Fjárveitingar til heilbrigðismála á Suðurnesjum hafa ekki endurspeglað þá þróun.

Í tölum hins opinbera kemur fram að heilbrigðisútgjöld vegna þeirra sem eru 65 ára og eldri eru um helmingur af öllum heilbrigðisútgjöldum hins opinbera. Fólk í þessum aldurshópi eru rúmlega 14% mannfjöldans. Í ljósi þess að fjöldi eldri borgara mun tvöfaldast á næstu 25 árum er ekki einungis þörf á auknum fjármunum í heilbrigðiskerfið heldur á stórauknu átaki í þjónustu við aldraða í heimahúsum.

Jafnframt er kallað eftir stefnumótun til framtíðar í hjúkrunar- og dagdvalarrýmum á Suðurnesjum og landinu öllu og að slík stefna feli í sér reglur um fjölda rýma miðað við íbúafjölda.

Langvarandi mönnunarvandi í heilbrigðiskerfinu er staðreynd, sem bregðast verður við af krafti. Meðal annars væri hægt að horfa til heilbrigðismenntunar á Suðurnesjum líkt og var áður. Það er í samræmi við helstu áherslur atvinnu og nýsköpunar í Sóknaráætlun Suðurnesja. Í fimm ára fjármálaáætlun kemur fram að árleg fjáraukning til heilbrigðismála til ársins 2026 verður einungis á bilinu 1,3% – 1,7% og á síðasta ári fjármálaáætlunarinnar lækka útgjöld til heilbrigðismála um 2% stig á milli ára. Það er því ljóst að framlög til hjúkrunar- og endurhæfingarþjónustu munu lækka á næstu árum þrátt fyrir fjölgun eldri borgara

Sveitarstjórnarfólk á Suðurnesjum bendir á að í Heilbrigðisstefnu ríkisins til ársins 2030, kemur fram að Heilsugæslunni er ætlað stórt hlutverk í heilbrigðisþjónustu við landsmenn samkvæmt lögum. Hún á að vera fyrsti viðkomustaður fólks í heilbrigðiskerfinu þar sem notendur eiga kost á almennum lækningum, hjúkrun, endurhæfingu, heilsuvernd og forvörnum. Viðmið heilsugæslu í þjónustu er 8.000-10.000 íbúar á heilsugæslu. Á Suðurnesjum ættu að vera þrjár heilsugæslur miðað við íbúafjölda. Samkvæmt fjármálaáætlun 2023 er dregið úr fjármögnun nýrrar heilsugæslu um 100 milljónir.

Byggja þarf upp þjónustu Heilbrigðisstofnunnar Suðurnesja í öllum þéttbýliskjörnum á Suðurnesjum svo hún geti tekist á við verkefnin sem henni er ætlað að sinna samkvæmt heilbrigðisstefnu ríkisins.

Sjávarútvegurinn hefur verið ein af grunnstoðum atvinnulífs á Suðurnesjum. Það er mikilvægt að styrkja tengsl atvinnulífs og menntunar. Sveitarstjórnarfólk á Suðurnesjum leggur til, að ríkið styrki til framtíðar og með myndarlegum hætti starfsgrundvöll Fisktækniskóla Íslands með verulegri aukningu fjárveitinga skólans til kennslu og þróunar og vinni jafnframt með sveitarfélögum á Suðurnesjum að því að skapa skólanum þá umgjörð, sem menntun í einni af undirstöðu atvinnugreinum þjóðarinnar sæmir.

Sveitarstjórnarfólk á Suðurnesjum lýsir yfir áhyggjum vegna aðgengi að iðnmenntun en það skýtur skökku við að á sama tíma og mikil vöntun er á iðnaðarmönnum er miklum fjölda ungmenna vísað frá skólum eða í aðra menntun. Fjölbrautaskóli Suðurnesja er hornsteinn menntunar á Suðurnesjum og er hvatt til þess að aðstaða til iðnnáms verði bætt til muna til að þjóna eftirspurn samfélagsins og að stoðir bóknáms verði ekki skertar eins og gert er ráð fyrir í fjárlagafrumvarpi.

Ferðamálastofa gaf í sumar út skýrslu um erlenda ferðamenn á Íslandi þar sem fram kemur að um 15% fjölgun hafi verið á gestum á Reykjanesi árið 2021 miðað við árið 2019. Áætlað er að þrír af hverjum fjórum gestum landsins hafi komið á Reykjanesið. Á sama tíma hefur gistinóttum fækkað en meðal dvalarlengd gesta er undir 1 nótt (0.7).

Markaðsstarf undanfarinna ára, uppbygging á ferðamannastöðum og aðrir innviðir í ferðaþjónustu auk eldgossins í Fagradalsfjalli útskýri að mestu þessa aukningu ferðamanna og breytta ferðahegðun um áfangastaðinn Reykjanes. Mun fleiri gestir eru að fara um svæðið daglega og heimsækja bæði þekkta og þróaða áningarstaði og einnig viðkvæm svæði sem eru ekki tilbúin að taka á móti ferðamönnum miðað við núverandi álag. Þessi athygli og umferð hefur leitt til viðsnúnings í ferðaþjónustu á svæðinu eftir Covid en á sama tíma hefur þetta leitt til mikils álags á ferðamannastaði á svæðinu sem margir hverjir hafa látið á sjá.

SAMBAND SVEITARFÉLAGA Á **SUÐURNESJUM**

Ljóst er að með áframhaldandi eldvirkni á Reykjanesi og aukins áhuga á Íslandi sem áfangastaðar mun gestum halda áfram að fjölga. Það er því mikilvægt að þróa áfangastaðinn með frekari uppbyggingu og viðhaldi á þeim stöðum sem hafa látið á sjá sem og dreifingu á álagi með uppbyggingu á nýjum áningarstöðum. Með þessu móti er áfram hægt að taka vel á móti gestum og veita þeim jákvæða upplifun á ferð sinni um svæðið.

Sveitarstjórnarfólk á Suðurnesjum hvetur því ríkisvaldið til að taka þátt í þeim verkefnum sem Reykjanes Geopark, sveitarfélög á svæðinu og landeigendur á Suðurnesjum þurfa að takast á við næstu árin. Mikilvægt er að tryggja fjármagn í Gestastofur á Reykjanesskaganum eins og gert var t.d. fyrir Svæðisgarðinn á Snæfellsnesi á fjárlögum 2021.

Byggðastofnun er með samninga við landshlutasamtökin, áður atvinnuþróunarfélögin, um að þau sinni atvinnuráðgjöf og byggðaþróun á landsbyggðinni. Fjárframlög til stofnunarinnar vegna samningsins hafa ekki fylgt verðlags- og launaþróun undanfarin ár sem hefur haft í för með sér að landshlutasamtökin hafa þurft að skerða þjónustu sína í nærumhverfinu. Á sama tíma hefur aukin ásókn verið í að ráðgjafar sinni stuðningi við nýsköpun og þá að skapa umgjörðina, handleiða og aðstoð við að sækja í sjóði. Eftirspurnin jókst t.a.m. eftir að NMÍ var lögð niður og með fjölgun sjóða sem í boði eru, svo sem Lóu og Matvælasjóð.

Þörfin fyrir atvinnuráðgjöf er til staðar rétt eins og árið 2011 en framlögin hafa lækkað um 37% sé tekið tillit til launavísitölu og halda því ekki í við þörfina.

Auk þess sem verkefnum sem snúa að byggðaþróun hefur fjölgað og þeim hafa fylgt nýjar áskoranir. Í gildandi byggðaáætlun eru landshlutasamtökin tilgreind sem framkvæmdaraðili eða samstarfsaðili í um 20 aðgerðum af 54. Til viðbótar við þau sem sérstaklega eru tilgreind hefur aðkoma landshlutasamtaka þróast í fjölmörgum öðrum. Eigi atvinnuráðgjöf og byggðaþróun að standa undir nafni er mikilvægt að hækka framlagið til Byggðastofnunar en ekki skera þau niður eins og gert er ráð fyrir í fjárlögum 2023 til að tryggja framgang byggðaáætlunar. Jafnframt er bent á mikilvægi þess að hækka framlög til Sóknaráætlun landshluta.

Reykjanesbraut er lífæð landsins en um hana fara nánast allir þeir ferðamenn sem koma til landsins með flugi. Það er því mikilvægt að klára tvöföldun hennar, bæði fyrir gesti sem fara þar um og ekki síður íbúa Suðurnesja.

Sveitarstjórnarfólk á Suðurnesjum krefst þess að kaflinn frá Krísuvíkurafleggjara að Hvassahrauni verði boðinn út um áramótin 2022-23.

Virðingarfyllst,
f.h. Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum

Berglind Kristinsdóttir

Berglind Kristinsdóttir
Framkvæmdastjóri.

SAMBAND SVEITARFÉLAGA Á SUÐURNESJUM

Alþingi – nefndasvið
b.t. fjárlaganefndar
Austurstræti 8-10
101 REYKJAVÍK

Reykjanesbæ, 6.október 2022

Efni: Fjármagn til stuðnings þróunar ferða- og umhverfismála á Suðurnesjum

Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum óskar eftir kr. 150.000.000 til suðnings verkefna á sviði ferða- og umhverfismála í landshlutanum.

Á Suðurnesjum hefur undanfarin áratug verið unnið sameiginlega að uppbyggingu og þróun ferðaþjónsutu í landshlutanum, annars vegar í gegnum Áfangastaðastofu Reykjaness (Markaðsstofu Reykjaness) og hins vegar í gegnum Reykjanes UNESCO Global Geopark. Með samhæfðu átaki þessara stofnana og samstarfi við sveitarfélög, fyrirtæki, stofnanir og íbúa svæðisins hefur verið unnið mikið verk í að styrkja ímynd svæðisins, í umhverfismálum, uppbyggingu áningarstaða, fræðslu, þróun ferðamála og markaðssetningu á áfangastaðnum, hvort sem er fyrir heimamenn eða erlenda gesti.

Mikið átak hefur verið gert í verkefnum sem snúa að hverskonar uppbyggingu og hvatningu til vöruþróun, nýsköpunar og þróun tækifæra fyrir fyrirtæki og einstaklinga á svæðinu. Öll verkefnin sem unnið hefur verið að miðað að því að styðja við og byggja upp svæðið í krísu og viðvarandi krísustjórnun hefur verið í gangi; frá árinu 2006 þegar herinn yfirgefur svæðið, 2008 þegar fjármálakreppan skellur á, 2014 þegar yfir 14% atvinnuleysi var á svæðinu, 2016 þegar starfsmenn vantar í flug og ferðaþjónustu en ímynd svæðisins í molum, 2019 þegar WOW fellur, 2020 og 2021 í Covid og nú síðast viðbrögð við eldgosi árið 2021 og 2022. Að baki liggja mörg verkefni, og enn fleiri liggja fyrir til að viðhalda góðu verki og frekari þróunar og uppbyggingu á svæðinu. Þessi verkefni er ekki unnt að ráðast í nema með auknu fjármagni til að tryggja að hægt sé að vinna þeim framgöngu.

Samkvæmt Fjárlögum sem lögð hafa verið fram er ekki reiknað með að auka framlög til áfangastaðastofa og ekki tryggt fjármagn til markaðssetningar erlendis sem komið hefur í gegnum Íslandsstofu. Samningar um áfangastaðastofur rennur út á næsta ári 2023. Ekki liggja fyrir áform um frekari samninga, þó líst hafi verið yfir vilja til áframhaldandi verka eða áætlun ríkisins til frekari þróunar í ferðamálum.

Þá hefur ráðuneyti menningar- og viðskipta ekki lagt til framtíðaráform um jarðvanga sem í dag eru eingöngu á forræði sveitarfélaganna án stuðnings ríkisins, en heyra þó undir stefnu UNESCO um verndun jarðminja líkt og Heimsminjasvæði UNESCO (Þingvellir, Vatnajökulsþjóðgarður og Surtsey) eða Maður og lífheimur (Man and Biosphere), en fjármagn hefur verið veitt til Svæðisgarðsins á Snæfellsnesi til að styðja þau við gerð umsóknar til þeirrar áherslu.

Samband sveitarfélaga hefur hingað til lagt til fjármagn við verkefnin og starfsmannahalds, auk fjármagns og stuðnings Ferðamálastofu, sveitarfélaga á svæðinu, fyrirtækja og fleiri aðila.

Með þessu erindi er óskað eftir fjármagni til:

- Áfangastaðastofu Reykjaness til að vinna að framgangi verkefna áfangastaðarins, bæði verkefna sem eru á skipulagi og hafa liðið fyrir viðbrögð við eldgosi og önnur verkefni til að tryggja örugga upplýsingagjöf til ferðamanna. Reykjanesið er að ganga í gegnum umbrotatímabil og fyrirséð að von er á frekari eldgosum í náinni framtíð sem bregðast þarf við. Lögreglustjórinn á Suðurnesjum og Safetravel hafa gefið það út að þátttaka áfangastaðastofunnar hefur skipt sköpum í þeim verkefnum sem upp hafa komið. Óskað er eftir kr. 15.000.000 eða sem samsvarar einum starfsmanni í eitt ár.

- Reykjanes Geopark til að vinna að framgangi verkefna jarðvangsins, bæði verkefna sem eru á skipulagi og hafa liðið fyrir viðbrögð við eldgosi og önnur verkefni til að vinna að fræðslu til íbúa og gesta, viðhaldi og verndun umhverfisins. Reykjanes jarðvangur fer í endurskoðun hjá UNESCO á árinu 2023 og mikilvægt að vinna vel að þeirri úttekt til að tryggja áframhaldandi starf stofnunarinnar. Starfsemi jarðvangsins hefur verið mikilvægur fyrir framgang umhverfis- og menningarverkefna í samstarfi við sveitarfélög, fyrirtæki og íbúa svæðisins. Jarðvangurinn hefur verið lykilþáttur í uppbyggingu á jákvæðri ímynd svæðisins og verkefnin sem hefur verið unnið að í gegnum þennan vettvang frá áriðnu 2012 hefur skilað meiri árangri til samfélagsins en önnur sambærileg verkefni eða friðlýst svæði á svæðinu. Óskað er eftir kr. 15.000.000 eða sem samsvarar einum starfsmanni til eins árs.

- Reykjanes Geopark til að vinna að framgangi gestastofa jarðvangsins í Kvikunni í Grindavík og Duushúsum í Reykjanesbæ. Unnið hefur verið að uppsetningu og endurgerð gestastofu í Duushúsum sem sýnir yfirlit yfir landshlutann og fjölbreytileika náttúrunnar og umhverfisins og eiginleika jarðvangsins og tengingu við UNESCO. Í Grindavík er unnið að uppsetningu og þróun gestastofu og samfélagsýningu vegna nálægðar við eldsumbrot. Sýningin og vinnan við hana endurspeglar starfsemi jarðvanga um allan heim, þar sem íbúar hafa beinan aðgang og vinna að þróun sýningarinnar. Sýningin kemur til vegna nýlegra eldsumbrota á svæðinu og á að enduspegla hvernig það er að búa nærri eldfjalli og hvernig samfélagið vinnur saman að því að fræða, bregðast við og vinna úr áföllum því tengdu. Gagarín vinnur báðar sýningarnar samhliða. Óskað er eftir kr. 120.000.000 til að vinna að framgöngu sýninganna, en nú þegar er búið að tryggja upphæð kr. 50.000.000 til þróunar og framkvæmda við sýningarnar, auk framlaga sveitarfélaganna sem leggja til húsnæði undir þær.

Virðingarfyllst,
f.h. Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum
Berglind Kristinsdóttir
Berglind Kristinsdóttir
Framkvæmdastjóri

Kirkjuhvoll – samkomuhús



Kirkjuhvoll - Líkan smíðað af Guðmundi M. Jónssyni

Samkomuhúsið Kirkjuhvoll á Vatnsleysuströnd var byggt árið 1933. Bygging þess var samstarfsverkefni Umf. Þróttar og kvenfélagsins Fjólu í Vatnsleysustrandarhreppi sem þurftu húsnæði fyrir starfsemi sína. Áður hafði allt samkomuhald í hreppnum farið fram í barnaskólanum. Ráðist var í smíðina á haustmánuðum 1933 og lokið við bygginguna aðeins þremur mánuðum seinna.

> *„Það var snjólítið og frostlaust fram eftir öllum vetri svo að steypan gekk vel. Húsið komst undir þak og var innréttað, og á aðfangadag jóla var meðal annars unnið að því að reka saman bekki svo að hægt yrði að vígja húsið um jólin. Á annan í jólum var svo haldin vígsluskemmtun fyrir innansveitarfólk. Húsið átti þá að heita fullgert og hafði öll vinna við það verið gefin af meðlimum félaganna nema vinna yfirsmiðsins."*
>
> *Úr Vitanum, tímariti Umf.Þróttar 5. árg. 4. tbl.*

Segja má að um þrekvirki hafi verið að ræða, enda ekki hægt að grípa til þeirra úrræða sem við höfum í dag. Steypa var m.a. hrærð á staðnum og grjóti safnað úr nágrenninu. Máltækið að margar hendur vinni létt verk birtist þarna í sinni tærustu mynd.

Um húsið

Samkomuhúsið Kirkjuhvoll er staðsett miðja vegu milli Brunnastaðahverfis og Kálfatjarnar, ofan vegar. Það hefur mjög látið á sjá á undanförnum árum og verið þyrnir í augum margra sem leið hafa átt um Vatnsleysuströnd. Saga þess var um það bil að falla í gleymskunnar dá þegar eignarhald færðist til Minja-og sögufélags Vatnsleysustrandar og líf fór að færast í húsið á nýjan leik.

Grunnflötur hússins er um 108m². Stærstur hluti þess, samkomusalurinn, er steinsteyptur en viðbygging sem hýsir inngang, fatahengi og miðasöluherbergi,


Frá þrettándaskemmtun í Kirkjuhvoli

er úr timbri. Þak er klætt bárujárni og timburklæðning utan á viðbyggingu. Inni er viðbygging panilklædd en veggir salarins með pappaklæddum striga. Neðst á veggjunum er brjóstþil, glanslakkað líkt og tíðkaðist með húsgögn fjórða áratugarins. Það sama á við um gerefti hurða, glugga og ramma sviðsins. Sviðið er innst í salnum. Í boga ofan við það var nafnið Kirkjuhvoll málað ásamt íslenskum fánum beggja vegna. Þar fyrir neðan voru nöfn félaganna tveggja sem byggðu húsið ásamt ártali. Sviðið er miðjusett og eru tvö sambærilega stór herbergi sitthvoru megin við það með inngöngudyrum. Í öðru herberginu er gluggi en hinu hurð út. Mjór gangur liggur baksviðs sem tengir herbergin tvö. Fánar eru málaðir við alla glugga og hurðir. Þeir eru tákn þjóðar sem berjast fyrir sjálfstæði og má segja að uppruni þeirra tengist hreyfingunni sem á sér stað í krafti Ungmennafélaganna í landinu og stofnun þeirra.

Útfrá byggingarlistarlegu sjónarhorni er Kirkjuhvoll á síðustu metrum steinsteypuklassíkur. Húsið er samhverft út frá miðjuás sem liggur frá innganginum að framan til brandgaflsins í andstæðum enda hússins. Gluggar liggja á móti hvorum öðrum eftir ásnum og eru afar fáar undantekningar þessarar reglu klassíkurinnar. Hlutföllinn 1:1,5 virðast stjórna flestu í húsinu; gluggunum, stærð viðbyggingarinnar, salarins o.s.frv.

Staða verkefnisins

Sótt er um styrk vegna áframhaldandi vinnu við 1. áfanga verkefnisins. Lokið hefur verið við viðgerð á þaki, tveir gluggar hafa verið smíðaðir auk útihurða. Gluggarnir hafa verið settir í. Ljúka þarf við smíði á öðrum gluggum og ísetningu. Viðbyggingu þarf að taka niður, steypa nýjan grunn með lögnum og


Tveir gluggar komnir í


Gert við þak

byggja upp að nýju. Viðbyggingin er mjög illa farin og farsælast að byggja hana upp í heild sinni. Þó má nýta heillegan panil við endurbygginguna.

Uppbygging hússins miðar að því að færa notkunargildið nær nútímanum. Það felur meðal annars í sér að koma fyrir snyrtingu og eldhúsi með tilheyrandi aðstöðu svo hægt sé að bjóða upp á sem fjölbreyttasta möguleika til nýtingar. Minjastofnun Íslands hefur verið félaginu innan handar með ýmislegt sem tekur til uppbyggingarinnar. M.a. nýtingu á gömlum innviðum og fyrirkomulag innanhúss í viðbyggingu svo koma megi öllum nýjungum haganlega fyrir.

Félagsmenn og aðrir sjálfboðaliðar hafa lagt fram mikla ólaunaða vinnu við uppbyggingu Kirkjuhvols. Auglýstir eru vinnudagar þar sem tekið er til hendinni við ýmis tilfallandi verk. Auk þess hafa félagsmenn unnið að teikningum og uppdráttum sem nauðsynlegir eru við uppbygginguna.

Framtíðaráform

Eftir að lokið verður við að færa Kirkjuhvol í upprunalegt horf verður húsið nýtt fyrir smærri samkomur á vegum Minjafélagsins og annarra. Merkri sögu hússins og félaganna sem það byggðu verður gerð skil í húsinu. Menningararfur svæðisins sem snýr að samkomuhaldi, félagsstarfi og menningarviðburðum verður varðveittur og um leið nýttur fyrir komandi kynslóðir, íbúa og velunnara svæðisins. Ekki er síður mikilvægt að notkun hússins eftir endurbætur verði ábatasöm fyrir samfélagið. Að þar verði hægt að koma saman og fræðast, gleðjast og miðla á fjölbreyttum viðburðum. Að af því spretti nýjir notkunar-möguleikar m.a. á sviði ferðamennsku og samvinnu ólíkra hópa. Staðsetning Kirkjuhvols býður einnig upp á möguleika á að nýta húsið fyrir þjónustu við ferðamenn sem leið munu eiga um svæðið með tilkomu nýs hjólreiðastígs sem tengja mun Suðurnes við Reykjavíkursvæðið.

Það verður af nægu að taka þegar endurbótum verður lokið og víst að möguleikar til nýtingar verða ófáir.

Styrkir

Verkefnið hefur verið styrkt af Sveitarfélaginu Vogum og Uppbyggingarsjóði Suðurnesja. Áfram verður sótt um styrki til þessara aðila. Auk þess hafa einstaklingar styrkt uppbygginguna.

Sótt er um 15 milljón króna styrk til Fjárlaganefndar vegna uppbyggningarinnar.

Viðhengi

Kirkjuhvoll – Ágrip af sögu félagslífs í Vatnsleysustrandarhreppi

Kirkjuhvoll – myndir frá vinnu við endurbætur

samtök atvinnulífsins

ILLA NÝTTUR MEÐBYR

Frumvarp til fjárlaga 2023

Umsögn Samtaka atvinnulífsins – 10. október 2022

Samtök atvinnulífsins leggja áherslu á eftirfarandi við fjárlög ársins 2023

Mikill meðbyr ríkisfjármála vegna hraðs efnahagsbata er ekki nýttur sem skyldi

Efnahagsframvindan hefur gjörbreytt horfum í ríkisfjármálum (bls. 3)

- Þrátt fyrir mikla verðbólgu hefur þróun hagkerfisins og ríkisfjármála verið mun jákvæðari en nokkur þorði að vona í miðjum faraldri.
- Tekjur vaxa um 165 ma.kr. frá fjárlögum 2022 til fjárlaga 2023. Horfur hafa batnað en samt versnar afkoman frá nýlegri fjármálaáætlun sem endurspeglar skort á aðhaldi. Það er afar óheppilegt þar sem aukin verðbólga, viðskiptahalli og hagvöxtur kalla á að ríkið auki aðhald.

Enn vaxa útgjöld (bls. 9)

- Þrátt fyrir skiljanlegar aðgerðir gegn þenslu leynast ýmiss konar þensluhvetjandi aðgerðir á útgjaldahlið, t.d. eru umsvif nýrra og aukinna verkefna þau sömu og umsvif aðgerða gegn þenslu.
- Reynsla síðustu missera og mikil þörf á innviðafjárfestingum sýnir að opinber fjárfesting er að óbreyttu slæm leið til sveiflujöfnunar.

Ekki allt sem sýnist í jákvæðri skuldaþróun (bls. 14)

- Skuldir ríkissjóðs þróast með jákvæðum hætti um þessar mundir en ekki er allt sem sýnist. Öldrun þjóðarinnar með auknum útgjöldum blasir við, ÍL-sjóður mun setja byrðar á skattgreiðendur í framtíðinni og horfur eru á að skuldir vaxi á ný frá og með 2024.
- Vaxtagjöld ríkissjóðs eru þau 4. hæstu meðal OECD ríkja og setja aukinni skuldsetningu skorður. Enn fremur hefur kostnaður vegna nýrrar lántöku ríkissjóðs aukist mikið síðustu mánuði.
- Samtökin hvetja til að staðið verði við áform um sölu Íslandsbanka, ellegar kallar það á lántöku sem því samsvarar með 4-5 milljarða króna árlegum vaxtakostnaði.

Tækifærin leynast víða (bls. 21)

- Launaþróun ríkisins síðustu ár hefur ekki verið í samræmi við almenna markaðinn. Gert er ráð fyrir 6,9% hækkun launakostnaðar sem þýðir hækkun launa umfram það sem stenst verðstöðugleika til lengdar og/eða töluverða fjölgun ríkisstarfsmanna sem samræmist ekki auknu aðhaldi. Ekkert ríki OECD ver hærra hlutfalli verðmætasköpunar í laun opinberra starfsmanna.

Samkeppnishæft atvinnulíf er allra hagur (bls. 30)

- Forsenda almennrar velmegunar er að hér vaxi og dafni blómlegt atvinnulíf. Mikilvægt er að stjórnvöld leggi sitt af mörkum til þess að styrkja starfsumhverfi íslenskra fyrirtækja. Sé vilji stjórnvalda að styðja við samkeppnishæft atvinnulíf, fjölgun starfa og aukinn hagvöxt ætti heldur að draga úr skattheimtu og reglubyrði en hitt.

Önnur atriði (bls. 36)


Efnahagsframvindan hefur gjörbreytt horfum í ríkisfjármálum

Hagkerfið stendur mun betur en nokkur þorði að vona við lok árs 2020…

Efnahagsástandið er á flestan hátt betra en búist var við þegar fjármálaáætlun fyrir árin 2021-2025 var lögð fram á seinni hluta ársins 2020, með tilheyrandi jákvæðum áhrifum á afkomu heimila, fyrirtækja og þannig ríkissjóðs.


Verðbólga reyndist umtalsvert meiri en spár gerðu ráð fyrir

Verðbólguspá í fjármálaáætlun '21-'25 og fjárlögum 2023




Og atvinnuleysi umtalsvert minna

Spá um atvinnuleysi % mannafla skv. fjármálaáætlun '21-'25 og fjárlögum 2023



Hagkerfið hefur nú þegar náð fyrri stærð

Landsframleiðsla (vísitala) skv. forsendum fjármálaáætlunar og fjárlaga




Heimildir: Hagstofa Íslands og Fjármála- og efnahagsráðuneytið

… þannig að staða ríkissjóðs er miklu betri en nokkur þorði að vona í miðjum faraldri

Horfum fram á þriðjungi lægra skuldahlutfall og ríflega helmingi minni halla en áður hafði verið reiknað með. Hraður viðsnúningur atvinnulífsins hefur útrýmt atvinnuleysi og aukið skatttekjur.

Öflugri viðspyrna hefur haft jákvæð áhrif á rekstur ríkissjóðs

Skuldahorfur hafa batnað
Skuldir ríkissjóðs skv. skuldareglu 2023 (% VLF)



Og afkomuhorfur sömuleiðis
Heildarjöfnuður ríkissjóðs 2023 (% VLF)



A1-hluti ríkissjóðs.
Heimildir: Hagstofa Íslands, Fjármála- og efnahagsráðuneytið og útreikningar SA

✓ Minni halli

Þegar fjármálaáætlun fyrir árin 2021-2025 var samþykkt í desember 2020 var gert ráð fyrir að uppsafnaður halli á rekstri ríkissjóðs yrði 1.000 ma.kr. árin 2020 til 2023. Annað hefur komið á daginn og niðurstaðan töluvert betri en á horfðist. Nú er útlit fyrir að uppsafnaður halli áranna 2020 til 2023 verði nær 800 milljörðum.

Í stað þess að horfa upp á nærri 170 milljarða króna halla á fjárlögum árið 2023 stendur ríkissjóður nú frammi fyrir 89 milljarða króna halla.

✓ Minni skuldasöfnun

Efnahagsframvindan hefur reynst betri en búist var við í upphafi heimsfaraldurs sem hefur skilað sér í meiri tekjum en vænst var og minni útgjöldum. Óttast mátti að skuldir upp á rúmlega helming landsframleiðunnar myndi vofa yfir ríkissjóði en það er ekki raunin. Þess í stað stefna þær í 33% af landsframleiðslu, sem er umtalsvert viðráðanlegra.


Það munar um minna þegar kemur að rekstri hins opinbera

Tekjuhorfur ríkissjóðs hafa batnað um 165 ma.kr. frá fjárlögum 2022 til fjárlaga 2023

Það eru engin nýmæli að aukinn hagvöxtur skapar auknar skatttekjur og veitir ríkinu aukið svigrúm. Því miður er reynslan hér á landi sú að slíkt svigrúm er frekar notað til aukinna útgjalda fremur en að búa í haginn. Engin breyting virðist vera þar á.


Tekjur ríkissjóðs 2022 stefna í að verða 79 ma.kr. umfram fjárlög

Heildartekjur ríkissjóðs frá fjárlögum 2022 til endurmats 2022 (A1-hluti, ma.kr.)



Tekjur ríkissjóðs 2023 stefna í að vera 87 ma.kr. umfram 2022

Heildartekjur ríkissjóðs frá endurmati 2022 til fjárlaga 2023 (A1-hluti, ma.kr.)




Heimild: Fjármála- og efnahagsráðuneytið

Þrátt fyrir allt eykst halli frá forsendum fjármálaáætlunar 2023-2027

Gert er ráð fyrir að afkoma ríkissjóðs á næsta ári verði lítillega lakari en áætlað var í fjármálaáætlun. Þetta skýtur afar skökku við í ljósi þess að efnahagshorfur í ár og á næsta ári hafa batnað frá forsendum fjármálaáætlunar.

Fjárlagahalli meiri en gert er ráð fyrir í fjármálaáætlun

Afkoma A1-hluta ríkissjóðs árið 2023



Heimild: Fjármála- og efnahagsráðuneytið

Í umsögn SA um fjármálaáætlun fyrir árin 2023-2027 kom fram að ekki væru færð nægilega sannfærandi rök fyrir því að opinber fjármál sporni gegn verðbólgu og dragi úr spennu. Ástæðan var áframhaldandi sögulega mikil samneysla auk mikils hallareksturs. Fjárlagafrumvarpið er enn frekari vísbending um að stjórnvöld séu ekki að beita ríkisfjármálunum með nægjanlegum hætti til að sporna gegn verðbólgunni.

Betri efnahagshorfur í ár og á því næsta eru til þess fallnar að auka tekjur og draga úr ýmsum kostnaði hins opinbera, s.s. vegna minnkaðs atvinnuleysis og aukinna umsvifa almennt. Bendir því margt til þess að afkoman sé töluvert lakari þegar horft er fram hjá slíkum hagsveiflutengdum þáttum, þ.e. aukning aðhalds ríkisfjármála er minna en áður var gert ráð fyrir.

Er það sérstaklega óheppilegt þegar aðstæður í hagkerfinu benda til þess að tilefni sé fyrir ríkissjóð að auka frekar aðhaldið:

1. Í fyrsta lagi eru nú horfur á viðskiptahalla á árinu 2023 og raunar um fyrirséða framtíð. Halli á ríkissjóði er til þess fallinn að stuðla að viðskiptahalla að óbreyttu sem síðar getur grafið undan gengi krónunnar og þannig aukið verðbólgu.
2. Í öðru lagi virðist almenn launaþróun enn síður en áður samræmast 2,5% verðbólgumarkmiði Seðlabankans og framleiðnivexti (sjá bls. 22). Síðast en ekki síst er gert ráð fyrir töluvert meiri verðbólgu en áður.

Til viðbótar minnkar aðhald frá því sem gert var ráð fyrir í fjármálaáætlun 2023-2027

Í ljósi efnahagsaðstæðna færi betur á því að aðhald myndi aukast í stað þess að hægja á jákvæðum viðsnúningi í rekstri ríkissjóðs en aðeins hálft ár er frá því að fjármálaáætlun var lögð fram.

Samkvæmt fyrirliggjandi frumvarpi mun aðhald ríkisfjármálanna aukast hægar milli áranna 2022 og 2023 en gert er ráð fyrir 2,6% hagsveifluleiðréttum afkomubata í ár og 1,2% á því næsta.


Athygli vekur að í maí sl. birti Seðlabankinn mat sitt á aðhaldsstigi ríkisfjármálanna, sem byggði á framlagðri fjármálaáætlun áranna 2023-2027, og taldi aðhaldið nema 3,1% í ár og 1,55% árið 2023. **Mat Seðlabankans gerði því ráð fyrir talsvert hærra aðhaldsstigi en birtist nú í fjárlögum.**

Ef gengið er út frá því að árið 2019 hafi ríkisfjármálin verið hlutlaus gagnvart hagsveiflunni má túlka mat Seðlabankans sem svo að alls slakni aðhald um ríflega 4% af landsframleiðslu milli áranna 2019 og 2023 og enn meira ef horft er til áranna 2017 eða 2018. **Ríkið er því enn að auka á þenslu í hagkerfinu á þann mælikvarða, þótt aðhald sé að aukast 2022 og 2023.** Meira aðhald þarf til.

Þessu til viðbótar gerði Seðlabankinn ráð fyrir halla á rekstri ríkissjóðs upp á 4,7% af vergri landsframleiðslu í ár. Frumvarpið gerir aftur á móti ráð fyrir 3,9% halla og því um töluverðan bata að ræða í afkomuhorfum frá því í maí. **Í ljósi þess að hallinn verður minni árið 2022 en talið var vekur furðu að afkoma ríkissjóðs árið 2023 sé ekki að batna samhliða, heldur þvert á móti versna,** og bendir enn frekar til þess að raunverulegt aðhald sé lítið.

Aðhald minnkar milli ára og frá áætlun til fjárlaga

Breyting í hagsveifluleiðréttum frumjöfnuði ríkissjóðs (% af framleiðslugetu)



Heimildir: Fjármála- og efnahagsráðuneytið og Seðlabanki Íslands


Enn vaxa útgjöld

Rekstur þegar í járnum árið 2019 – hvenær verður jafnvægi náð á ný?


Útgjöld ríkissjóðs hafa vaxið um 11% frá árinu 2019, að teknu tilliti til þróunar verðlags. Á sama tíma jukust tekjur aðeins um 6%. Undirliggjandi vandi sem tekinn var að myndast fyrir heimsfaraldur er því enn óleystur.

Rekstur ríkissjóðs var þegar í járnum áður en heimsfaraldurinn skall á sem rekja má til þeirrar tilhneigingar opinberra fjármála að eyða öllu því sem í kassann kemur. Því var ekkert svigrúm að finna í rekstrinum til að bregðast við efnahagslegri niðursveiflu þó svigrúm hafi verið til að auka við skuldsetningu. Allar aðgerðir grundvölluðust því á aukinni lántöku. Ef tekið hefði verið tímanlega á undirliggjandi rekstrarvanda hefði staða ríkissjóðs verið betri við áfallið og geta hans til að takast á við afleiðingar þess einnig. Ef lántaka er notuð til að fjármagna viðvarandi hallarekstur er sjálfbærni ríkisfjármála ógnað og því ætti það að vera kappsmál að taka á undirliggjandi vanda – að eytt sé um efni fram.


Heildarútgjöld ríkissjóðs 2019 og 2023
A-hluti, ma.kr. á verðlagi 2023



Heildartekjur ríkissjóðs 2019 og 2023
A-hluti, ma.kr. á verðlagi 2023



Frumjöfnuður ríkissjóðs 2019 og 2023
A-hluti, % VLF



Í umsögn um fjárlög fyrir árið 2020 fjölluðu SA t.a.m. um stöðu ríkisfjármálana eftir mikinn útgjaldavöxt árin á undan: https://cdn.nfp.is/sa/umsogn/001-mal-umsogn-sa-fjarlagafrumvarp-2019.pdf


Heimildir: Fjármála- og efnahagsráðuneytið, Hagstofa Íslands og útreikningar SA

Tugmilljarða aukin útgjöld en lítil viðleitni til aðhalds og endurmats á útgjöldum

Reynsla síðustu þensluskeiða sýnir glöggt að afkoma er ekki fullnægjandi mælikvarði á aðhald þegar óvæntur tekjuauki skapar ríkissjóði svigrúm til varasamrar útgjaldaaukningar. Útgjöld gefa þar mun betri vísbendingu.

Heildarútgjöld ríkissjóðs 2022 vs 2023

Breyting milli fjárlaga, ma.kr.



Heimild: Fjármála- og efnahagsráðuneytið

Þegar allt kemur til alls er lítið aðhald að sjá á útgjaldahlið

Í ljósi þess að í fjárlagafrumvarpinu segir að „*Nýjum verkefnum verði fundið svigrúm með því að tryggja umbætur í ríkisrekstrinum með markvissu endurmati útgjalda ….*“ þá skýtur skökku við að engin umfjöllun er um verkefni sem snúa að endurmati útgjalda. Það ber með sér lítinn metnað til að ná böndum á útgjaldavöxt og forgangsröðun fjármuna.

Ríflega 38 ma.kr. sjálfvirk aukning útgjalda, þ.e. sú aukning sem á sér stað í bundnum útgjöldum milli ára, umfram launa- og verðlagsbætur, ber enn á ný merki þess að umtalsverð tækifæri hljóti að liggja í endurmati útgjalda, enda getur slíkur vöxtur ekki verið sjálfbær til framtíðar.

Mikilvægt er að fyrri áform um endurmat útgjalda verði ekki lögð á hilluna, sér í lagi í árferði þar sem ábyrgð og festa í ríkisfjármálum skiptir höfuðmáli við að styðja við peningastefnuna í því að ná böndum á verðbólgu. Þá vekur athygli að það **aðhald sem nú birtist í frumvarpinu er einungis fjórðungur af þeim auknu og nýju útgjöldum sem áformuð eru** og er þá horft fram hjá hækkunum útgjalda sem leiða af launa- og verðlagsbótum.

Laun og verðlag eru stærsta ástæða aukinna útgjalda og setja má spurningamerki við þá fjárhæð þar sem í henni felst 7% aukinn launakostnaður. **Slík aukning samræmist ekki stöðugleika til lengdar nema um sé að ræða mikla fjölgun ríkisstarfsmanna, sem aftur gengur ekki upp þegar draga á úr þenslu í hagkerfinu.**

Máttlitlar verðbólguaðgerðir sem samsvara nýjum og auknum verkefnum

Aðgerðirnar draga úr halla ríkissjóðs um sem nemur 0,7% af landsframleiðslu en á móti koma samsvarandi ný verkefni sem jafngilda samanlagt öllum vegaframkvæmdum og rekstri ríkislögreglustjóra árið 2023.

Aðgerðir gegn verðbólgu skiljanlegar en umsvifalitlar


Jákvætt er að stjórnvöld ráðist í aðgerðir til þess að sporna gegn verðbólgunni sem nú geysar. Jafnvel þó að sumar boðaðar aðgerðir, eins og frestun framkvæmda, séu ekki góðar helgar tilgangurinn meðalið að einhverju leyti að sinni.

Veruleikinn er sá að boðaðar aðgerðir eru fremur smáar í sniðum í stóra samhenginu.

Samtals er umfang aðgerðanna 26 milljarðar króna, þar af eru 16 milljarðar á útgjaldahlið og tíu á tekjuhlið. Til samanburðar eru heildarútgjöld og –tekjur ríkissjóðs áætluð yfir þúsund milljarðar króna á næsta ári. Áhrifin eru því minniháttar en án þeirra hefði halli á heildarjöfnuði orðið 118 ma.kr., eða 3% af landsframleiðslu í stað 2,3%. Þá skýtur einnig skökku við að aukning útgjalda á öðrum sviðum nemur nánast aðgerðum sem boðaðar eru gegn þenslu. Svo vill líka til að fjárhæð aðgerða gegn þenslu er nánast sú sama og fjárhæð nýrra og aukinna verkefna. Það skýrir að hluta minnkandi aðhald þrátt fyrir sérstakar aðgerðir gegn þenslu.

Aðgerðir vegna verðbólgu og ný verkefni til samanburðar

Ma. kr.



Heimild: Fjármála- og efnahagsráðuneytið

Fjárfesting hins opinbera síður heppileg til sveiflujöfnunar

Fjárfestingar stuðla að framtíðarhagvexti og samkeppnishæfara atvinnulífi.

Að velja auðveldu leiðina út

Þegar aðstæður breytast skyndilega og draga þarf úr útgjöldum er auðveldara að slá afmörkuðum fjárfestingarverkefnum á frest fremur en að ráðast í nauðsynlegar, en pólitískt erfiðar umbætur á rekstri. Framtíðarhagvöxtur byggir hins vegar að hluta á fjárfestingum í innviðum og því er mikilvægt að tryggja nægt svigrúm í rekstri til nauðsynlegs viðhalds núverandi eigna sem og nýrra og arðbærra verkefna sem geta byggt undir framtíðar hagvaxtargetu. **Það ætti því að vera kappsmál að finna nauðsynlegum framkvæmdum og fjárfestingum rými í bókhaldi hins opinbera** og leita heldur tækifæra til hagræðingar og betri nýtingar á fjármunum hins opinbera í öðrum útgjaldaliðum.

Fjárfestingarstig hins opinbera dalaði í kjölfar fjármálahrunsins og hefur ekki náð sér á strik síðan og **uppsöfnuð fjárfestingarþörf er enn töluverð þrátt fyrir átak síðustu ára**. Skv. skýrslu Samtaka iðnaðarins sem kom út snemma árs 2021 er uppsöfnuð viðhaldsþörf innviða t.d. áætluð 14,5% af landsframleiðslu og ekki reiknað með bættu ástandi innviða næsta áratuginn. Þrátt fyrir uppsafnaða fjárfestingarþörf í innviðum stendur til að hliðra framkvæmdum ríkisins sem hluta af aðgerðum til að sporna gegn þenslu og verðbólgu. Erfitt er að sjá að ekki sé um nauðsynlegar framkvæmdir að ræða jafnvel þó aðeins sé um lágar fjárhæðir að ræða að þessu sinni.

Mjög vandasamt er að beita fjárfestingu hins opinbera í sveiflujöfnunarskyni. **Erfitt er að tímasetja áhrif þeirra á hagkerfið og getur niðurstaðan orðið sú að tilraunir til örvunar í niðursveiflu skili sér of seint og hvetji þannig heldur til þenslu þegar hið gagnstæða væri ákjósanlegra**. Þessi tilhneiging opinberra fjárfestinga birtist raunar nokkuð skýrt í tengslum við fjárfestingarátak stjórnvalda í kjölfar heimsfaraldursins þar sem fjárheimildir tengdar fjárfestingum söfnuðust upp þar sem ekki tókst að hrinda verkefnum tímanlega í framkvæmd.

Betur færi á því að ríkissjóður ynni markvisst að bættum innviðum yfir tíma enda öflugir innviðir forsenda samkeppnishæfs atvinnulífs, skapa verðmæti og auka möguleika almennings til atvinnu og bættra lífsgæða. Ef nýta á opinberar framkvæmdir og fjárfestingu til sveiflujöfnunar svo vel megi vera er t.a.m. nauðsynlegt halda úti skýrri útlistun á þeim fjárfestingarkostum sem ríkissjóður stendur frammi fyrir á hverjum tíma ásamt arðsemismati, forgangsröðun verkefna og hver þeirra eru þess eðlis að hægt er að ráðast í eða draga úr framkvæmdum með skömmum fyrirvara.

Skýrsla Samtaka iðnaðarins: https://www.si.is/media/_eplica-uppsetning/Innvidir-a-Islandi_skyrsla_opnur.pdf


Ekki allt sem sýnist í jákvæðri skuldaþróun

Skuldaþróun mun betri en bjartsýnustu spár gerðu ráð fyrir í kjölfar heimsfaraldurs

Þótt afkoma sé ekki að batna í samhengi við kröftugan hagvöxt eru það aftur á móti jákvæð tíðindi að gert sé ráð fyrir að því að skuldir dragist saman sem hlutfall af vergri landsframleiðslu.

Skuldir ríkissjóðs ekki langt frá viðmiðum laga um opinber fjármál

Skuldir ríkissjóðs skv. skuldareglur og skuldaregla laga um opinber fjármál




Heimild: Fjármála- og efnahagsráðuneytið

Framtíðarhorfur eru hins vegar ekki ýkja bjartar og auknar skuldir handan við hornið

Fullt tilefni er til að stjórnvöld leggi fram trúverðuga áætlun um hvernig ná skuli skuldaviðmiðum laga um opinber fjármál svo unnt sé að fjármálareglur þeirra taki gildi á ný árið 2026, líkt og stefnt er að.


Útlit er fyrir hækkun skuldahlutfalls á næstu árum

Skuldir ríkissjóðs skv. skuldareglu (% af VLF)



Hagvöxtur er meiri árið 2022 en gert var ráð fyrir

Hagvöxtur (raunbreyting landsframleiðslu, %)



1. **Lækkun skuldahlutfalls skammgóður vermir**
   Í nýjustu fjármálaáætlun var gert ráð fyrir að skuldahlutfall ríkissjóðs myndi halda áfram að vaxa til ársins 2026. Þó að skuldahlutfallið hafi nú batnað er í besta falli óvíst að það haldi áfram. Áður var gert ráð fyrir að árið 2023 myndi skuldahlutfallið aukast fremur lítið, hagvöxtur 2022 er meiri en spáð var og þá hefur verðbólga aukist tímabundið með tilheyrandi aukningu nafnviðis landsframleiðslu, er því **útlit fyrir að skuldahlutfallið geti tekið að hækka aftur á næstu árum.**

2. **Öldrun þjóðarinnar:**
   Samtök atvinnulífsins hafa í fyrri umsögnum sínum bent á að hækkandi meðalaldur muni þyngja rekstur hins opinbera á komandi árum og því sé fyrirséð að til lengdar muni skuldahlutfallið hækka sé ekkert að gert, jafnvel þó það kunni að það lækka tímabundið á næstu árum. **Öldrun þjóðar blasir enn við og með minna aðhaldi en áður var áætlað hafa skuldahorfurnar heldur versnað.**

3. **Vandi ÍL-sjóðs:**
   Ekkert tillit er tekið til vanda ÍL-sjóðs sem hangir yfir rekstri ríkissjóðs og mun að óbreyttu skella fyrr eða síðar af fullum þunga með hundruð milljarða skuld á skattgreiðendur. Niðurstaðan er óljós og er staða ÍL-sjóðs ekki tekin með við útreikning á skuldum skv. skuldareglu laga um opinber fjármál. Samkvæmt nýjasta ársuppgjöri ÍL-sjóðs var 16 ma.kr. tap á rekstri á fyrstu sex mánuðum ársins. Eigið fé ÍL-sjóðs er skv. sama uppgjöri neikvætt um 213 ma.kr.. **Lauslega má áætla að skuldir skv. skuldareglu væru 38,6% af landsframleiðslu ef tekið væri tillit til þessa, en ekki 33,4%.**

Heimildir: Fjármála- og efnahagsráðuneytið og Hagstofa Íslands. [1]Gert ráð fyrir að fjármálaáætlun og forsendur hennar haldi frá 2024. Miðað við að langtímaspár hafi ekki breyst verulega og halli ríkissjóðs í fjárlagafrumvarpinu í stóra samhenginu svipaður og fjármálaáætlun er sviðsmyndin fremur líkleg.

Vaxtakostnað væri ella hægt að nýta í brýn verkefni

Útlit er fyrir að vaxtakostnaður ríkissjóðs muni aukast talsvert á komandi mánuðum og misserum.

Það virðist stundum gleymast í umræðunni um skuldir ríkissjóðs að skuldum fylgi vaxtagjöld. Útgjöld sem færi jafnan betur á að nýta til grunnþjónustu en að þjónusta fjármagn.

Skuldasöfnun síðustu ára byggði á lægstu vöxtum Íslandssögunnar sem þýðir að vaxtakostnaður jókst minna en sem nam vexti skulda ríkissjóðs. Nú er staðan önnur. **Vextir hafa hækkað á síðustu misserum og eru þeir langtímavextir sem ríkinu standa til boða í dag allt að 3% hærri en fyrir ári síðan.** Hækkunin er enn meiri frá 2020.

Í ár og á næsta ári þarf ríkissjóður að endurfjármagna skuldir upp á ríflega 300 milljarða króna. **Útlit er fyrir að það verði 4 til 9 ma.kr. kostnaðarsamara en fyrir ári síðan.** Aðrar skuldir eru á gjalddaga og þarf að endurfjármagna frá og með 2024 og því ljóst að ríkið stendur frammi fyrir hærri vaxtakostnaði til framtíðar en áður var gert ráð fyrir. Haldist vaxtastig óbreytt er um að ræða tugi milljarða króna.

Hærri vextir eru bein afleiðing af viðbragði Seðlabankans við mikilli verðbólgu sem setur áframhaldandi skuldasöfnun ríkissjóðs í sérstakt samhengi enda er um 22% skulda ríkissjóðs verðtryggðar. **Fjármagnskostnaður þeirra eykst í beinu hlutfalli við verðbólgu en skv. frumvarpinu er gert ráð fyrir að verðbætur þessara skulda komi til með að verða 25 ma.kr. á næsta ári.** Kann sú áætlun að vera heldur hógvær þ.s. hún byggir á forsendu um 4,9% verðbólgu á næsta ári, minni verðbólgu en t.d. er gert ráð fyrir í nýrri spá Greiningar Íslandsbanka sem spáir 6,3% verðbólgu á næsta ári.

Ávöxtunarkrafa óverðtryggðra ríkisskuldabréfa

Til loka september 2022




Heimild: Hagvísar Seðlabanka Íslands

Vaxtakostnaður hins opinbera er hár í alþjóðlegum samanburði

Þó opinberar skuldir séu ekki miklar í alþjóðlegum samanburði segir það eitt og sér lítið til um sjálfbærni skuldaþróunar hér á landi.

Vaxtagjöld hins opinbera sem % af VLF árið 2020

Efstu 10 og nokkur valin ríki



Heimild: OECD

Hærri vextir og meiri verðbólga í landi mikils vaxtakostnaðar

Stundum er bent á að skuldir ríkissjóðs, og hins opinbera almennt, séu ekki svo miklar hér á landi í alþjóðlegu samhengi. Það er í sjálfu sér rétt, en segir lítið um sjálfbærni skuldaþróunar. Vandamálið hér á landi birtist heldur í háum vaxtakostnaði hins opinbera fremur en háu skuldahlutfalli.

Þegar að er gáð **bjuggu aðeins Bandaríkin, Grikkland og Ítalía við hærri vaxtakostnað hins opinbera sem hlutfall af landsframleiðslu árið 2020 en Ísland**.

Varast skal að bera Ísland saman við Bandaríkin enda eru þau ákveðið sértilfelli í þessu samhengi vegna hlutverks Bandaríkjadals í alþjóðahagkerfinu. Grikkland og Ítalía eru aftur á móti þekkt fyrir slæma stöðu opinberra fjármála. Sama má segja um sum ríkin sem fylgja fast á hæla Íslands. **Benda má á að vaxtabyrði Norðurlandanna er brot af því sem gerist hér á landi.**

Ekki eru til nýrri tölur og miklar sviptingar hafa verið á alþjóðlegum mörkuðum, ekki síst með skuldabréf, svo erfitt er að segja hvert Ísland stefnir í þessum samanburði, en líkt og áður segir er útlit fyrir að vaxtabyrðin fari vaxandi hér á landi á næstu árum.

Sterk rök hníga að sölu eignarhluta ríkisins í Íslandsbanka

Forsenda frumvarpsins er að af áframhaldandi sölu ÍSB verði. Án hennar vex vaxtakostnaður ríkissjóðs um 4 til 5 ma.kr. sem er álíka og rekstrarframlög ríkisins til skógræktar á fjórum árum eða Tækniskólans á einu ári.

Einn óvissuþátturinn í undirliggjandi forsendum fjárlaga ársins 2023 er áframhaldandi sala á hlutum ríkisins í Íslandsbanka. Í kjölfar annars hluta sölumeðferðar kom fram hávær gagnrýni á fyrirkomulag sölunnar og var Ríkisendurskoðun falið að rannsaka umgjörð og fyrirkomulag sölunnar auk þess sem Fjármálaeftirlitið tók hana til skoðunar.

Samtök atvinnulífsins vilja í senn hvetja eindregið til að horft verði til þeirra ábendinga sem fram koma frá báðum aðilum en jafnframt að hvetja til að áfram verði haldið með söluferli eignahluta ríkisins í Íslandsbanka. Eins og fram hefur komið í álitum SA um söluna á fyrri stigum eru sterk rök til þess að ríkið losi eignarhald á Íslandsbanka. Meðal annars þau að hvergi var opinbert eignarhald fjármálafyrirtækja jafn mikið og hér á landi og að verulegir fjármunir ríkissjóðs liggja í áhætturekstri sem varla getur talist ásættanlegt til lengdar.

Þá eru að auki sterk rök fyrir því að losa um þessa fjármuni til að minnka skuldasöfnun ríkisins sem hefur verið gríðarleg síðust ár eins og kunnugt er. Það er því ljóst að verði ekki af sölu bankans á árinu 2023 er ein meginforsenda fjárlaga í uppnámi. **Við það verður vart unað að 75 ma. kr. gat geti myndast á tekjuáætlun ríkissjóðs með tilheyrandi áhrifum á sjóðstreymi og skuldastöðu**, en heildarskuldir myndu við það aukast um tæplega 6% og verða 1.350 ma.kr. í stað 1.275 ma.kr. eins og nú er gert ráð fyrir. Um er að ræða fjárhæð sem er hærri en sem samsvarar fjárfestingarframlögum ríkisins til uppbyggingar Landspítalans og vegakerfisins árin 2022 og 2023 (73 ma.kr.).

Í þessu samhengi er mikilvægt að hafa í huga að vaxtakostnaður ríkissjóðs hefur farið ört vaxandi eins og áður hefur verið vikið að og því er til mikils að vinna að losa fremur um eignarhald í áhætturekstri en að taka lán í núverandi vaxtaumhverfi. **Því má varlega áætla að vaxtagjöld af líkri skuldaaukningu myndu nema um 4-5 ma.kr. árlega sem eru verulegir fjármunir.**

Rekstrarframlög fjárlaga og bankasala

Valdir fjárlagaliðir í samanburði við áætlaðan aukinn vaxtakostnað ef forsendur fjárlaga um eignasölu standast ekki (ma.kr.)



Sjá minnisblað SA: https://samtok-atvinnulifsins.cdn.prismic.io/samtok-atvinnulifsins/eb43f599-79c7-45b2-b94e-c24415caf5dc_minnisblad-vegna-solu-rikisins-i-islandsbanka.pdf
Heimildir: Fjármála- og efnahagsráðuneytið og útreikningar SA

Vaxtakostnaður er hærri en heildarútgjöld til sjúkratrygginga árið 2023

Til mikils að vinna með því að halda aftur af aukningu vaxtagjalda ríkissjóðs.

Til viðbótar við framangreint og til að undirstrika sjónarmið SA:

1. **Skuldir hins opinbera hér á landi eru þegar allt kemur til alls miklar að umfangi.** Skuldir hins opinbera eru meiri en skuldir heimila og vaxtagjöld ríkissjóðs slaga hátt í vaxtagjöld heimila. Svo háum fjárhæðum fylgir áhætta og mikið í húfi að stuðla að stöðugu vaxtaumhverfi og varfærnari skuldaþróun.
2. **Vaxtagjöld eru orðin einn af allra stærstu útgjaldaliðum ríkissjóðs** og stærri liður en útgjöld t.d. til Háskóla Íslands og barnabóta. Stjórnvöld standa ávallt frammi fyrir einhverskonar fórnarskiptum og því mikilvægt að halda aftur af vaxtakostnaði til að skapa svigrúm til annarra útgjalda og/eða skattalækkana.


Heildarskuldir hins opinbera

% af VLF á mælikvarða fjármálareikninga



Vaxtagjöld þriðji stærsti fjárlagaliðurinn

10 stærstu fjárlagaliðir frumvarps til fjárlaga 2023 m.v. heildarútgjöld [1] (ma.kr.)



1: Á rekstrargrunni. Skv. þjóðhagsgrunni er áætlað að heildarvaxtagjöld ríkissjóðs verði 81 ma.kr. árið 2023 samanborið við 96,5 ma.kr. árið 2022.
Heimildir: Fjármála- og efnahagsráðuneytið og Hagstofa Íslands.


Tækifærin leynast víða

Launaþróun er ríkinu þungur baggi

Launaþróun opinberra starfsmanna ekki í samræmi við það sem talist getur samræmast stöðugu verðlagi.

Þróun launa eftir stéttarfélögum og launþegahópum

Vöxtur reglulegs tímakaups í samanburði við vísitölu neysluverðs frá mars 2019 – janúar 2022



Ríkið hefur leitt launaþróun

Sem fyrr segir eru ýmsar vísbendingar um að aðhald ríkisfjármálanna verði ekki nægilegt til að sporna gegn verðbólgu og þenslu. Launaþróun opinberra starfsmanna er í því samhengi ein stærsta ástæða þess að afkoma ríkissjóðs er þrátt fyrir allt að versna frá því sem áætlað var.

Í fjárlagafrumvarpinu er gert ráð fyrir að launahækkanir verði áfram töluverðar. Stærstur hluti þeirrar útgjaldaaukningar, eða um 14 ma.kr., hefur verið ráðstafað í almennan varasjóð. Aðrar launaforsendur hafa verið endurmetnar og niðurstaðan að samtals eykst launakostnaður ríkissjóðs um 6,9% á næsta ári. Það felur í sér miklar launahækkanir umfram það sem samræmist 2,5% verðbólgu og/eða fjölgun opinberra starfsmanna. Hvað sem er að baki er **ljóst að slík hækkun launakostnaðar er þensluhvetjandi.**

Í þeirri kjaralotu sem nú er að ljúka hefur hið opinbera, og þá sérstaklega sveitarfélög, samið um launahækkanir sem eru langt umfram það sem samið var um á almennum vinnumarkaði. Með öðrum orðum, hefur hið opinbera stuðlað að höfrungahlaupi. Á því tapa allir.

Ósjálfbærar launahækkanir hafa og munu á endanum brenna upp í verðbólgu eða leiða til aukins atvinnuleysis.

Heimildir: Kjaratölfræðinefnd og Hagstofa Íslands.

Heimsmet í launum opinberra starfsmanna?

Launakostnaður hins opinbera vegur hvergi þyngra í verðmætasköpuninni heldur en hér á landi.

Hár launakostnaður hins opinbera í alþjóðlegu samhengi

Annað í þessu samhengi er að Ísland á met meðal OECD-ríkja í byrði launakostnaðar hins opinbera. Ekkert ríki ver hlutfallslega hærra hlutfalli af verðmætasköpun sinni í laun opinberra starfsmanna. Enn fremur hafa fá ríki séð viðlíka hækkun þessa hlutfalls á undanförnum árum.

Tölurnar eru enn ein vísbendingin um það sem SA hefur talað fyrir í langan tíma: Hlutur hins opinbera í hagkerfinu er of stór að þessu leyti með mikilli fjölgun opinberra starfsmanna og launaþróun hins opinbera er á ósjálfbærri leið með sífelldum hækkunum umfram svigrúm.


Þessi staða undirstrikar að:

1. **Hið opinbera gegnir stærra hlutverki hér á landi en í flestum þeim ríkjum sem við berum okkar saman við (sjá bls. 33)**

2. **Svigrúm til hækkunar launa í opinbera geiranum er afar takmarkað, sérstaklega í samhengi við skort á aðhaldi í opinberum fjármálum**

Hlutfall launakostnaðar hins opinbera í landsframleiðslu

10 efstu ríki OECD




Heimild: OECD

Fyrirtæki á almennum vinnumarkaði standa í samkeppni við hið opinbera um starfsfólk

Huga þarf að samsetningu vinnuafls á vegum hins opinbera og hvort hún endurspegli raunverulega þarfir nýrra tíma.

Starfandi fjölgar meira á opinberum en almennum vinnumarkaði

Starfandi skv. skrám (Vísitala = 100 í mars 2019[1])



Hið opinbera verður að gefa einkageiranum rými til að vaxa

Starfandi á opinberum vinnumarkaði hefur fjölgað umfram fólksfjölgun, náttúrulega fjölgun fólks á vinnufærum aldri og umfram þróunina á almennum vinnumarkaði á undanförnum árum. Fjölgunin er að mestu varanleg og ekki heimsfaraldri um að kenna. Þessi þróun er ekki sjálfbær til lengri tíma, enda leiðir fjölgun opinberra starfa og hækkandi launakostnaður að óbreyttu til þess að æ minna svigrúm er fyrir fjárfestingu og annan rekstur.

Vaxtargeta í atvinnulífinu veltur að miklu leyti á samkeppnishæfu rekstrarumhverfi einkageirans og getu hans til að ráða til sín starfsfólk, ótækt er því ef hið opinbera verður ofan á í samkeppni um sérhæft starfsfólk í stórum stíl.

Góð laun og önnur kjör umfram almennan vinnumarkað valda því að starfsfólk hefur valið að færa sig yfir til hins opinbera, ekki síst vegna þess að hið opinbera hefur leitt launaþróun á undanförnum árum. Ólíklegt er að einkageirinn nái þessu fólki til baka á næstunni, þó þörfin sé mikil, þar sem starfsfólk er ólíklegt til að flytja sig milli starfa nema talsvert betri kjör bjóðist.

Á sama tíma er náttúruleg fjölgun fólks á vinnualdri lítil sem engin. Til að manna stöður þarf atvinnulífið því að sækja starfsfólk erlendis frá en það er ekki auðvelt, sér í lagi þegar um er að ræða sérhæft starfsfólk.

1: Opinberi geirinn er hér skilgreint sem starfandi í atvinnugreinunum opinberri stjórnsýslu, fræðslustarfsemi og heilbrigðis- og félagsþjónustu.
Heimild: Hagstofa Íslands

Nýta þarf mögulegar umbætur í stofnanaumhverfi ríkisins

Stofnanir ríkisins eru fleiri en 160 talsins og sumar hverjar mjög fámennar. Hér eru augljós tækifæri til betri nýtingar á almannafé.

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar um stofnanir ríkisins sem kom út í desember 2021 kemur fram að fjöldi ríkisstofnana sé enn töluverður þrátt fyrir sameiningar síðustu ára og vinnu nokkurra starfshópa um hvernig megi einfalda stofnanakerfi ríkisins. Margar stofnanir eru litlar, en liðlega helmingur þeirra er með færri en 50 starfsmenn, sem ætla má að gætu rúmast innan stærri skipulagsheilda hins opinbera. Margvísleg tækifæri séu til umbóta.

Í fjármálaáætlun fyrir árin 2023-2027 má finna sérstakan kafla um umbætur í starfsemi hins opinbera og verkefni sem snúa m.a. að því að veitt sé betri og einfaldari opinber þjónusta með auknum árangri fyrir samfélagið allt. Þar er imprað á mikilvægi þess að skipulag hins opinbera verði að vera sveigjanlegt og það geti lagað sig að síbreytilegum aðstæðum. **Skoða þurfi skipulag stofnanakerfisins í ljósi þess hversu margir og ólíkir aðilar veiti opinbera þjónustu** með það að markmiði að tryggja það að kerfið stuðli að framþróun og árangri.

Í kaflanum er jafnframt að finna sérstaka umfjöllun um skipulag hins opinbera og stofnanafjölda og viðleitni til þess að fara að tillögum Ríkisendurskoðunar til einföldunar á kerfinu. Mikil tækifæri felist í því að fækka og stækka stofnanir, einfalda starfsemi og þjónustu og veita hana með hagkvæmari og skilvirkari hætti. **Litlar og fámennar stofnanir séu hvorki sjálfbærar né nægilega sterkar einingar.** Þá geti fjárhagslegur ávinningur þess að sameina stofnanir verið umtalsverður og stór þáttur í því að nýta betur þá fjármuni sem hið opinbera hefur úr að spila.

Samtök atvinnulífsins hafa lengið talað fyrir sameiningu stofnana hins opinbera, sem dæmi með sameiningu eftirlitsstofnana, og að kostir til þessa séu teknir til alvarlegrar skoðunar. Því er jákvætt að sjá áherslur í þá áttina viðraðar í fjármálaáætlun og í kynningu Fjármála- og efnahagsráðherra á fjárlagafrumvarpinu þó lítið virðist fara fyrir slíkri umfjöllun í frumvarpinu sjálfu.

SA leggja áherslu á að hagrætt verði í opinberum rekstri og leitast verði við að draga úr útgjöldum, sameiningar stofnana, og í sumum tilfellum aukin samlegð í rekstri, eru augljóst tækifæri til þess.



Leggja þarf áherslu á árangur, tilgang og markmið fjárveitinga

Vandi ríkisfjármálanna liggur á útgjaldahlið. Styrkja þarf tengsl milli útgjalda og árangurs og tryggja að endurmat útgjalda verði reglubundinn þáttur í fjárlagagerð.

Lítið fer fyrir áætlunum um árangurstengingu og endurmat útgjalda í fjárlögum

Samtök atvinnulífsins hafa ítrekað talað fyrir mikilvægi þess að við umbætur í ríkisrekstri séu árangurstengd fjárlagagerð og endurmat útgjalda í hávegum höfð, bæði svo hægt sé að hafa hemil á sífelldri útgjaldaaukningu en einnig svo hægt sé að taka gagnadrifnar ákvarðanir varðandi forgangsröðun opinberra útgjalda.

Þegar kemur að innleiðingu á árangurstengdri fjárlagagerð er Ísland eftirbátur annara OECD landa hvað varðar slíka stefnu. Árangurstenging felst í grundvallaratriðum í því að settir séu árangursmælikvarðar fyrir mikilvægustu málefni ráðuneyta með það fyrir augum að standa vörð um gæði opinberrar þjónustu á meðan dregið er úr sífelldri útþenslu ríkisútgjalda. Við ættum að horfa til þeirra landa þar sem góður árangur hefur náðst, s.s. Kanada, Frakklands og Bandaríkjanna, og keppast við að gera enn betur.

Þessu til viðbótar þarf að trygga að endurmat útgjalda verði reglubundinn þáttur í fjárlagagerð, enda mikilvægt tól til að halda aftur af útgjaldaaukningu og forgangsraða í rekstri. Ræða þarf niðurstöður endurmats útgjalda í samhengi við fjárlagagerð enda stuðlar það að samhengi markmiðasetningar og fjárveitinga og gagnadrifinni ákvarðanatöku. Í fjármálaáætlun 2023-2027 kemur fram að árið 2021 hafi verið hafist handa við endurmat útgjalda til örorkumála, þjónustu við aldraða og framhaldsfræðslu, en ekkert virðist minnst á framvindu þess verkefnis í fjárlögum nú.

Hér eru tæki sem ættu að skapa tækifæri til umbóta og hagræðingar í rekstri hins opinbera um langa hríð. Þeim þarf að beita í auknum mæli til að skapa rými til nauðsynlegra nýrra og aukinna útgjalda, hvort sem er í uppsveiflu eða niðursveiflu, svo tryggja megi sjálfbærni í rekstri hins opinbera.

Kostir árangurstengingar

- Aukið gagnsæi
- Skýrari ábyrgð
- Aukin hagkvæmni
- Gagnadrifin stefnumótun
- Bætt stjórnsýslumenning
- Markvissari dreifing á skattfé

Kostir endurmats útgjalda

- Betri forgangsröðun
- Skilvirkari nýting fjármuna
- Temprun útgjaldaaukningar


Heimild: OECD

Nýta þarf tækifæri til umbóta í almannatryggingakerfinu

Horfa þarf fremur til styrkleika en veikleika, með áherslu á virkni einstaklinganna.

Framlög til almannatrygginga, skatttekjur og tryggingagjöld

Aukning frá árinu 2013 til frumvarps 2023 (Breytilegt verðlag)[1]



Á undanförnum árum hefur OECD ítrekað bent á nauðsyn þess að gerðar séu umbætur í almannatryggingakerfinu, sér í lagi örorkukerfinu, samhliða fyrirsjáanlega auknum kostnaði vegna hækkandi lífaldurs þjóðarinnar. Í nýlegri skýrslu benti Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn einnig á að hægt væri að ná fram sparnaði í rekstri ríkisins með umbótum sem snúa að tilfærslukerfum hins opinbera.

Samkvæmt útreikningum OECD væri hægt að auka hagvöxt á mann um 3,5% á 10 árum og 7% til lengri tíma litið með því að auka útgjöld til fjárfestinga en draga til baka hluta af þeirri miklu aukningu sem orðið hefur í almannatryggingakerfinu á umliðnum árum. Að mati OECD myndu slíkar umbætur auka skilvirkni í þjóðarbúskapnum án þess að hafa neikvæð áhrif á jöfnuð. Fjárfesting í mikilvægum innviðum þjónar þannig hagsmunum allra landsmanna.

Umbótatillögur OECD felast einna helst í því að lögð sé áhersla á að styðja þá sem þiggja örorkubætur til aukinnar virkni á vinnumarkaði. Svo virðist sem lítið hafi verið aðhafst til að bregðast við þessum ábendingum.

Ósjálfbær þróun í almannatryggingakerfinu, rétt eins og öldrun þjóðar, mun þyngja skuldabyrði þegar fram líða stundir

Framlög til almannatrygginga hafa nærri þrefaldast frá árinu 2013.

1: Leiðrétt fyrir stöðugleikaframlögum árið 2016

Heimildir: Fjármála- og efnahagsráðuneytið, OECD Iceland Economis Survey og IMF Iceland: Staff Report 2022

Leggja þarf áherslu á virkni og horfa fremur til styrkleika en veikleika

Reglur almannatryggingakerfisins eru komnar til ára sinna og þarfnast endurskoðunar.

Samtök atvinnulífsins hafa talað fyrir endurskoðun almannatryggingakerfisins um árabil enda eru þær reglur sem kerfið byggir á komnar til ára sinna og margar gagnrýniverðar.

Kerfið eins og það er í dag metur skerðingar fólks í stað starfsgetu en eðlilegra væri að horfa fremur til styrkleika en veikleika, með áherslu á virkni.


Með starfsendurhæfingu, líkt og þeirri sem starfrækt er hjá VIRK starfsendurhæfingarsjóði, má sporna við auknu nýgengi örorku og auka líkur á að fólk eigi afturkvæmt á vinnumarkað eftir veikindi.

Ljóst er að til mikils er að vinna en skv. skýrslu sem unnin var af Talnakönnun fyrir stjórn VIRK, var meðalsparnaður, ávinningur samfélagsins af virkni einstaklinganna, á hvern útskrifaðan einstakling frá VIRK 16,2 milljónir króna á árinu 2021.

Þegar VIRK starfsendurhæfingarsjóður var settur á stofn með kjarasamningum árið 2008 lá fyrir að samhliða yrðu gerðar breytingar á almannatryggingakerfinu, þannig að saman mættu verkfærin stuðla að aukinni vinnufærni einstaklinga í stað þess að einblína á skerðingar. Þær breytingar urðu hins vegar aldrei.

Hlutfall öryrkja af fólki á vinnufærum aldri

Örorkulífeyrisþegar, örorkustyrkþegar og endurhæfingarlífeyrisþegar[1]



1: Mannfjöldi á aldrinum 18-67 ára, að undanskildum erlendum ríkisborgurum. Árin 2022 og 2023 er fjöldinn m.v. 2,5% kefislægan vöxt.
Heimild: Fjármála- og efnahagsráðuneytið

Nýta á samkeppni um veitingu sjúkraþjónustu að uppfylltum kröfum um magn, gæði og verð

Tryggja þarf að greiðslukerfi mismuni ekki rekstrarformum.

Eins og SA hafa fjallað um í nýlegri úttekt um heilbrigðismál þá felast margvíslegar áskoranir í heilbrigðismálum, tengdar lýðfræðilegri þróun og breyttri aldurssamsetningu sem og breyttum lifnaðarháttum og lýðheilsuógnum. Fyrirséð er að kostnaður við heilbrigðisþjónustu muni fara vaxandi og krafan um betri nýtingu fjárframlaga ríkisins brýn.

Óljóst er hvaða heilbrigðisþjónustu hið opinbera fjármagnar. Ósamræmi er í fjármögnun og samningagerð.

Óskýr markmið og viðmið hins opinbera um hvaða heilbrigðisþjónustu skuli niðurgreiða og hver megi veita þjónustuna koma niður á þjónustu við notendur. Kostnaður og fjárveitingar í heilbrigðiskerfinu eru oft ógagnsæjar og órökréttar. Ekki er samið um alla þjónustu og ósamræmi er í því hvernig fjármunum er úthlutað til ólíkra rekstraraðila. Þar sem gagnsæi er lítið er samanburður erfiður. Litlir hvatar eru til hagræðingar í starfsemi hjá opinberum aðilum sem ekki fá úthlutað fjármagni á verkefnabundnum grunni.

Mikilvægt er að heilbrigðisráðuneytið fylgi því eftir að veitendur heilbrigðisþjónustu uppfylli skýr viðmið um gæði og öryggi þjónustunnar og að sömu viðmið eigi við um alla rekstraraðila.

Óskilgreind viðmið leiða af sér óhagræði og sóun.

Óljós skilaboð og skortur á skilgreindum viðmiðum leiða of oft til þess heilbrigðisþjónusta er ekki veitt á viðeigandi þjónustustigi. Í því getur falist óhagræði og sóun auk þess sem hætta skapast á því að notendur þjónustu falli á milli í kerfinu. Eftirsóknarvert er að veita ætíð þjónustu við hæfi, á viðeigandi þjónustustigi, byggt á heilsufari, sjúkdómsástandi og réttindum.

Mikilvægt er að halda áfram að efla og bæta heilsugæsluna svo sjúklingar leiti til hennar fremur en bráðamóttökunnar (aðflæðisvandinn). Tryggja þarf að sjúklingur fái þjónustu við hæfi að lokinni sjúkrahúsvist til að endurhæfing geti hafist sem fyrst (fráflæðisvandinn).

Tillögur SA fela í sér fimm meginstef:

1. Notandinn í fyrsta sæti: skýr réttur og fjármögnun
2. Samningar um alla heilbrigðisþjónustu
3. Einstaklingsmiðuð heilbrigðis-þjónusta við hæfi
4. Stafræn heilbrigðisþjónusta
5. Forvarnir í fyrirrúmi

Sjá nánar um tillögur SA: https://samtok-atvinnulifsins.cdn.prismic.io/samtok-atvinnulifsins/2577eeb1-f3d1-4d39-81bc-657f75b4d74c_heilbrigdisthjonusta-a-timamotum.pdf

Samkeppnishæft atvinnulíf er allra hagur

Athugasemdir og umsagnir aðildarsamtaka SA

Samtök atvinnulífsins lýsa yfir stuðningi við umsagnir aðildarsamtaka sinna og vísa til nánari greininga sem þar má finna.

Sem dæmi má nefna neðangreind mál auk fleiri atriði sem einstaka aðildarsamtök fjalla um.

SI

- Nýsköpun er ein meginforsenda framleiðniaukningar, verðmætasköpunar, samkeppnishæfni og gjaldeyrisöflunar fyrirtækja og þjóða. Áherslum í fjárlögum á rannsóknir og nýsköpun er því fagnað. Samtökin leggja því ríka áherslu á að stjórnvöld leitist við að skapa stöðugt og fyrirsjáanlegt nýsköpunarumhverfi. Vaxandi vandamál meðal fyrirtækja er falið í skort á sérfræðiþekkingu.
- Mikilvægt er að efla menntakerfi hér á landi og fjölga útskrifuðum með tæknimenntun, og horfa á útgjöld til menntunar sem fjárfestingu sem mun skila sér í öflugu menntakerfi sem tengir saman færni mannauðsins og þarfir atvinnulífsins á hverjum tíma.

SAF

- Ætli stjórnvöld að ná markmiðum sínum um sjálfbæra uppbyggingu og stýringu ferðaþjónustunnar á næstu árum þurfa þau að vera leiðandi og sýna frumkvæði þegar kemur að orkuskiptum, ásamt því að efla rannsóknir í ferðaþjónustu, efla uppbyggingu innviða og stór auka markaðs- og kynningarstarf erlendis.

- Samtökin leggjast gegn boðuðum áformum á fyrirhugaðri gjaldhækkun vegna fiskeldis í sjó. Að mati samtakanna er ekki æskilegt að leggja til frekari gjaldhækkanir á atvinnugrein sem er í mótun og uppbyggingu, bæði lagalega og rekstrarlega, á meðan enn er ekki komið að fullri gjaldtöku samkvæmt núgildandi lögum.
- Það er mat samtakanna að það sé mikilvægt að efla og bæta verulega vöktun og rannsóknir á lífríki sjávar og að Hafrannsóknastofnun fái til þess fullnægjandi fjármagn. Auk þess að vera forsenda sjálfbærrar nýtingar á fiskistofnum mynda hafrannsóknir nauðsynlegan grunn að upplýsingum og kynningu á sjávarútvegi á erlendum mörkuðum, sem tryggir samkeppnishæfni atvinnugreinarinnar.

SVÞ

- Samtökin taka undir með Bílgreinasambandinu og SVÞ sem telja breytingar á vörugjöldum á ökutæki og bifreiðagjaldi ekki samræmast stefnu ríkisstjórnarinnar í loftslags- og orkuskiptamálum. Full ástæða er til að skattstefna ökutækja og eldsneytis verði útfærð í formi áætlunar þar sem tilgreind eru markmið, aðgerðir, mælikvarðar og viðmið endurmats sem taka mið af loftslags- og orkuskiptamarkmiðum annars vegar og tekjuöflunarmarkmiðum ríkisins hins vegar.

Gæta þarf að samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja

Forsenda almennrar velmegunar er að hér vaxi og dafni blómlegt atvinnulíf. Mikilvægt er að stjórnvöld leggi sitt af mörkum til þess að styrkja starfsumhverfi íslenskra fyrirtækja.

Þegar kemur að samkeppnishæfni fyrirtækja er að mörgu að huga. Þar á meðal má nefna kaup- og kjaraþróun, regluverk, opinbera gjald- og skattheimtu, aðgengi að mörkuðum, ásamt öðrum þáttum á borð við mannauð, í samanburði við önnur lönd.

Ef þessi atriði eru skoðuð hér á landi er kemur í fyrsta lagi í ljós að **Íslensk fyrirtæki greiða há laun í alþjóðlegum samanburði, en hærra hlutfall verðmætasköpunar rennur í vasa launþega hér á landi en víðast hvar annarsstaðar.** Í öðru lagi hafa alþjóðastofnanir bent á þunga reglubyrði sem íslenskar atvinnugreinar búa við, t.a.m. voru lagðar fram 438 tillögur til breytinga í samkeppnismati OECD á regluverki ferðaþjónustu og byggingariðnaðar árið 2020 sem eru til þess fallnar að skapa sveigjanlegra rekstrarumhverfi, skapa fleiri störf og auka framleiðni og vöxt í hagkerfinu. **Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn lagði einnig áherslu á tækifæri til þess að létta á regluverki** í kringum sprotafyrirtæki í nýlegri skýrslu sinni svo fjölga megi efnahagslegum undirstöðum íslenska hagkerfisins. Óljóst er hvort og þá hvernig stjórnvöld ætli að vinna með tillögur OECD. Í þriðja lagi tekur íslenska ríkið til sín meira en þriðjung þeirra verðmæta sem verða til hagkerfinu. **Nær hvergi meðal þróaðra ríkja dregur hið opinbera meira til sín í formi skattheimtu**. Þarf það raunar ekki að koma svo mjög á óvart í ljósi þess að skattheimtan stendur undir opinberum útgjöldum sem eru einnig með þeim hæstu sem þekkjast.

Það má vera ljóst að aukin atvinnusköpun stendur undir auknum tekjum ríkissjóðs. **Sé vilji stjórnvalda að styðja við samkeppnishæft atvinnulíf, fjölgun starfa og aukinn hagvöxt ætti heldur að draga úr skattheimtu og reglubyrði en hitt**. Mikil tækifæri eru til umbóta á þessu sviði hér á landi, þrátt fyrir það eru boðaðar auknar álögur á fólk og fyrirtæki í fyrirliggjandi fjárlaga frumvarpi. Það skýtur því skökku við á sama tíma og treyst er á að atvinnulífið dragi áfram vagninn.



Sjá niðurstöður OECD: https://www.stjornarradid.is/library/01--Frettatengt---myndir-og-skrar/ANR/ThKRG/Samkeppnismat%20OECD%20-%20helstu%20ni%C3%B0urst%C3%B6%C3%B0ur.pdf

Þrátt fyrir að skattheimta sé nú þegar með því mesta sem þekkist er stefnt að því að bæta í

Huga þarf að áhrifum þeirra skatta sem áætlað er að leggja á sem og boðaðar hækkanir ýmissa gjalda. Ekki er hlaupið að því að hærri skattar auki tekjur ríkissjóðs.

Líkt og komið hefur verið inn á er skattheimta með mesta móti hér á landi, þrátt fyrir það eru boðaðar ýmsar breytingar til hækkunar á sköttum og gjöldum.


Þar á meðal er **hækkun sk. krónutölugjalda** í samræmi við áætlaða hækkun vísutölu neysluverðs í árslok, eða 7,7%. Þar undir falla t.a.m. olíu- og bensín-, og kolefnisgjald, kílómetra- og bifreiðagjald, og áfengis- og tóbaksgjald. Þar að auki er lögð til samsvarandi hækkun á aukatekjum ríkissjóðs. Augljóst er að mörg hver þessara gjalda hafa áhrif á starfsemi fyrirtækja og auka kostnað, sem kann að skila sér í hærra vöruverði og draga úr samkeppnishæfni fyrirtækja.

Að auki stendur til að **hækka gjald vegna fiskeldis í sjó og fiskeldissjóð**. Lögð verður til hækkun á gjaldhlutfalli úr 3,5% í 5%, en hér er verið að hækka skatt sem er nú þegar með þeim hæstu sem fyrirfinnast á fiskeldi á heimsvísu. Óvarlegt er að hækka skatta með þessum hætti á atvinnugrein sem nú er í mótun og uppbyggingu. Gefa þarf nýjum, sem og rótgrónum, atvinnugreinum andrými til vaxtar.

Skert alþjóðleg samkeppnisstaða íslenskra fyrirtækja leiðir að endingu til minni fjárfestingar og þar með verðmætasköpunar, hægir á fjölgun starfa og minnkar skattstofn hins opinbera. Það er því ekki endilega svo að aukin skattheimta skili auknum tekjum í kassann.

Þriðjunugur verðmætasköpunar rennur til hins opinbera

10 efstu ríki OECD, skatttekjur hins opinbera 2020 (%VLF), leiðrétt fyrir greiðslum almannatrygginga



Leiðrétt fyrir almannatryggingum til að gera ríki með sjóðsöfnunar- og gegnumstreymiskerfi samanburðarhæf. Gögn fyrir Danmörku bjóða ekki upp á slíkt. Tölur fyrir Ástralíu eru frá árinu 2019.
Heimildir: OECD og útreikningar SA

Samkeppnishæfni Íslands sem áfangastaðar sett í hættu?

Afar varhugavert að leggja stein í götu ferðaþjónustu á meðan greinin nær fyrri styrk – Ísland er í harðri samkeppni um erlenda ferðamenn.

Varaflugvallagjald kann að skerða samkeppnishæfni Íslands

Áformað er að taka upp varaflugvallagjald til að standa undir uppbyggingu og rekstur flugvalla og veitingu flugleiðsöguþjónustu. Útfærsla gjaldsins liggur ekki fyrir en áætlað að það komi til með að skila 1,4 ma.kr. í ríkiskassann. SA fagna því að stefnt sé að því að bæta aðstöðu varaflugvalla hér á landi en varhugavert er ef slíka uppbyggingu á að fjármagna með frekari álögum á flugumferð.

Keflavíkurflugvöllur er rekinn á markaðsforsendum og í samkeppni við aðra flugvelli og því er mikilvægt að samkeppnisstöðu hans verði ekki raskað með því að leggja á kvaðir umfram það sem almennt gerist um flugvelli sem hann á í samkeppni við. Íslenskir flugrekendur eiga í harðri samkeppni um flug yfir Atlantshafið og liggur í augum uppi að auknar álögur á flugumferð til og frá Íslandi myndu skerða samkeppnishæfni þeirra á þeim markaði. Óhætt er að fullyrða að tengingar um Keflavíkurflugvöll spili lykilhlutverk í því að fjölga erlendum ferðamönnum sem sækja Ísland heim enda auka þær tíðni flugferða og gera flugfélögum kleift að auka fjölbreytileika áfangastaða. Gjaldheimta til þess að standa straum af innviðauppbyggingu má ekki leiða til þess að draga úr samkeppnishæfni Íslands sem áfangastaðar.

Við þetta má bæta að varaflugvallagjald var lagt af á sínum tíma með vísan til alþjóðlegra skuldbindinga Íslands skv. EES-samningnum.

Hækkun áfengisgjalda í Fríhöfn færir verslun til annarra landa

Til stendur að hækka hlutdeild áfengis- og tóbaksgjalds sem lagt er á í tollfrjálsum verslunum sem hluta af aðgerðum stjórnvalda gegn þenslu og verðbólgu.

Einfaldur servíettu útreikningur leiðir í ljós að áhrifin á verðlagningu í Fríhöfninni eru þó nokkur og jafnvel til þess fallin að gera fríhöfnina ósamkeppnishæfa við fríhafnarverslanir annarra flugvalla. Þannig leiðir breytingin til þess að verð á lítra af sterku áfengi hækkar um rúmlega þriðjung, að öðru óbreyttu, og yrði þá rúmlega 30% dýrari en t.d. í brottfararverslun á Gardemoen eða um tvöfalt dýrari en á flugvellinum á Alicante.

Ætla má að sala fríhafnarinnar muni dragast verulega saman ef af þessum breytingum verður og verslunin þess í stað færast til brottfararflugvallar. Tekjur Keflavíkurflugvallar myndu dragast saman sem því nemur sem komið gæti niður á frekari uppbyggingu flugvallarins, það myndi aftra frekari fjölgun flugtenginga og fjölgun ferðamanna.

Heimildir: Fjármála- og efnahagsráðuneytið, Skatturinn, heimasíður fríhafnarverslana og útreikningar SA

Tryggja þarf áframhald máltækniáætlunar

Mikilvægt er að gera fyrirtækjum og stofnunum kleift að nýta íslenskt mál í starfsemi sinni og afurðum og stuðla þannig að vernd íslenskrar tungu.

Frá árinu 2019 hafa innviðir máltækni fyrir íslensku verið byggðir upp undir fyrstu máltækniáætlun stjórnvalda. Á undanförnum þremur árum hefur mikið áunnist í breiðu samstarfi háskóla, stofnana, fyrirtækja og félagasamtaka við markvissa uppbyggingu þekkingar og lausna til að tryggja framtíð íslenskunnar í stafrænum heimi.

Að mati Samtaka atvinnulífsins er afar áríðandi að áfram sé haldið með þessa mikilvægu vinnu. Áhersla er lögð á fullfjármögnun markvissra aðgerða til að gera fyrirtækjum og stofnunum kleift að nýta íslenskt mál í starfsemi sinni og afurðum og stuðla þannig að vernd íslenskrar tungu.

Mikilvægt er að byggt verði ofan á þá fjárfestingu í innviðum máltækninnar sem þegar hefur átt sér stað. Áframhaldandi uppbygging er jafnframt lykilþáttur í áherslu ríkisstjórnarinnar hvað varðar þróun íslenskunnar á tímum örra breytinga, sem lögð er fram í fjármálaáætlun 2023-2027.

Samtök atvinnulífsins hvetja eindregið til þess að áframhald máltækniáætlunar verði tryggt með fullri fjármögnun í takt við áherslur ríkisstjórnarinnar um þróun og varðveislu íslenskrar tungu.



Önnur atriði

Ekki fæst betur séð en að gengið sé út frá því að verðlag lækki það sem eftir lifir árs

Haldist vísitala neysluverðs óbreytt það sem eftir lifir árs verður verðbólga 7,8% í árslok en ekki 7,7% líkt og forsendur frumvarpsins gera ráð fyrir. Slík þróun verður að teljast afar hæpin.

Lögum samkvæmt tekur fjárlagagerð mið af þjóðhagsspá Hagstofu Íslands. Í frumvarpi til fjárlaga að þessu sinni er miðað við uppfærða spá frá því í júní sl. Þar er t.d. gert ráð fyrir 5,1% hagvexti í ár, 7,5% meðalverðbólgu og 7,7% verðbólgu í árslok.

Ekki er lagt sérstakt mat á það hvort forsendan um hagvöxt og undirliði landsframleiðslu standist enda liggja aðeins fyrir þjóðhagsreikningar á fyrri árshelmingi. Hins vegar liggur fyrir verðlagsþróun til september og ef vísitala neysluverðs helst óbreytt það sem eftir lifir árs verður verðbólgan 7,8% í árslok og meðalársverðbólga 8%.

Með öðrum orðum þyrfti verðlag að lækka á næstu mánuðum til að forsendur endurmats á rekstri ríkissjóðs 2022 gangi upp og þar með forsendur fjárlaga 2023.


Þó hægt hafi á verðbólgu verður að teljast afar ólíklegt að verðhjöðnun eigi sér stað á næstu mánuðum eftir miklar hækkanir verðlags síðustu mánuði og er ekki gert ráð fyrir verðhjöðnun í neinum opinberum spám.

Forsendur um verðlagsþróun hafa áhrif á bæði tekjur, t.d. af virðisaukaskatti og tekjuskatti, og ýmiss konar kostnað sem ríkið stendur frammi fyrir, s.s. vöru- og þjónustukaup ríkisins.

Hver heildaráhrifin eru er erfitt að segja til um en ljóst er að fjárlagafrumvarpið byggir ekki fyllilega á nýjustu upplýsingum fyrir utan eðlilega óvissu.

Verður verðhjöðnun á síðustu mánuðum ársins?

Þróun verðlags (VNV) til og með september í samanburði við forsendur fjárlaga



Heimildir: Fjármála- og efnahagsráðuneytið og Hagstofa Íslands

Sviðsmyndir kalla ekki aðeins á útlistun áhrifa heldur einnig mögulegra viðbragða

Tilvist sviðsmynda um framvindu í efnahagsmálum og áhrif á ríkisfjármálin er jákvæð en vöntun er á að útlistuð séu möguleg viðbrögð við þeim.

Samtök atvinnulífsins kölluðu lengi vel eftir því að sviðsmyndagreining yrði hluti af undirbúningsvinnu opinberrar áætlunargerðar. Nú er það orðin raunin en samtökin telja skorta á umfjöllun um möguleg viðbrögð ríkissjóðs og opinberra fjármála komi til þess að sviðsmyndir raungerist. Að öðrum kosti hefur sviðsmyndagreiningin takmarkaða, ef einhverja, þýðingu. Á þetta hefur verið bent í fyrri umsögnum SA um opinber fjármál. Í nýjustu álitsgerð fjármálaráðs, um fjármálaáætlun fyrir árin 2023-2027, sem og öðrum eldri, er kallað eftir því sama. Slík vinnubrögð séu þar að auki í samræmi við grunngildi laga um opinber fjármál sem snúa að varfærni og gagnsæi.

Að þessu sinni er aðeins tiltekin ein frávikssviðsmynd, þ.e. svartsýn sviðsmynd, þar sem greind eru áhrif minni alþjóðahagvaxtar og meiri alþjóðlegrar verðbólgu á innlenda hagþróun. Raungerist frávikssviðsmyndin má gera ráð fyrir að afkoma ríkissjóðs verði 10-15 ma.kr. lakari eða sem samsvarar 0,3% af VLF. Að sama skapi myndu skuldir ríkissjóðs aukast um 0,5% af VLF vegna lakari afkomu og lægri vergrar landsframleiðslu en grunnsviðsmyndin gerir ráð fyrir.

Mikilvægt er að mörkuð sé ákveðin og skýr stefna um hvernig megi ná markmiðum opinberra fjármála komi til þess að sviðsmyndir raungerist og skilgreina viðbrögð eftir því hvernig málum vindur fram. Þó ekki ef aðeins til þess eins að um þær skapist nauðsynleg umræða og pólitísk samstaða. Með þessu móti er unnt að auka fyrirsjáanleika og festu opinberra fjármála.

Óhófleg bjartsýni til meðallangs tíma í ríkisfjármálum getur haft slæm áhrif á rekstrarniðurstöður og getur verið notuð sem réttlæting fyrir þenslu í ríkisfjármálum. Bjartsýni varðandi stöðu hagkerfisins að nokkrum árum liðnum leiðir að sama skapi til bjartsýnna útgjaldaáætlana. **Hættan er sú að ef þróun í efnahagsmálum leiðir til verri vegar getur reynst pólitískt erfitt að aðlaga ríkisfjármálin að breyttum veruleika ef ekki hefur verið tiltekið fyrir fram hvernig bregðast skuli við lakari framvindu.**

Augljóst er að lítil bjartsýni er fyrir efnahagsframvinu komandi missera enda enga bjartsýna sviðsmynd að finna í greinargerð frumvarpsins. Hlutirnir gætu þó þróast til betri vegar en búist er við. Í ljósi þess að tilhneiging hefur verið til þess að ráðstafa óvæntum tekjuauka til varanlegra útgjalda færi ekki síður vel á því að útfæra viðbrögð komi til þess að hlutir þróist með hagstæðari hætti en búist er við. Það er einkum þá sem reynir á hagstjórnarhlutverk hins opinbera, að halda að sér höndum, þvert á háværar kröfur samfélagsins um að nóg sé til sem gjarnan megi ráðstafa til misáríðandi nýrra eða aukinna verkefna.

Fjölbreytt og ábyrgt atvinnulíf
- sem bætir kjör allra.

samtök atvinnulífsins

ILLA NÝTTUR MEÐBYR

Frumvarp til fjárlaga 2023

Umsögn Samtaka atvinnulífsins – 10. október 2022

Samtök atvinnulífsins leggja áherslu á eftirfarandi við fjárlög ársins 2023

Mikill meðbyr ríkisfjármála vegna hraðs efnahagsbata er ekki nýttur sem skyldi

Efnahagsframvindan hefur gjörbreytt horfum í ríkisfjármálum (bls. 3)

- Þrátt fyrir mikla verðbólgu hefur þróun hagkerfisins og ríkisfjármála verið mun jákvæðari en nokkur þorði að vona í miðjum faraldri.
- Tekjur vaxa um 165 ma.kr. frá fjárlögum 2022 til fjárlaga 2023. Horfur hafa batnað en samt versnar afkoman frá nýlegri fjármálaáætlun sem endurspeglar skort á aðhaldi. Það er afar óheppilegt þar sem aukin verðbólga, viðskiptahalli og hagvöxtur kalla á að ríkið auki aðhald.

Enn vaxa útgjöld (bls. 9)

- Þrátt fyrir skiljanlegar aðgerðir gegn þenslu leynast ýmiss konar þensluhvetjandi aðgerðir á útgjaldahlið, t.d. eru umsvif nýrra og aukinna verkefna þau sömu og umsvif aðgerða gegn þenslu.
- Reynsla síðustu missera og mikil þörf á innviðafjárfestingum sýnir að opinber fjárfesting er að óbreyttu slæm leið til sveiflujöfnunar.

Ekki allt sem sýnist í jákvæðri skuldaþróun (bls. 14)

- Skuldir ríkissjóðs þróast með jákvæðum hætti um þessar mundir en ekki er allt sem sýnist. Öldrun þjóðarinnar með auknum útgjöldum blasir við, ÍL-sjóður mun setja byrðar á skattgreiðendur í framtíðinni og horfur eru á að skuldir vaxi á ný frá og með 2024.
- Vaxtagjöld ríkissjóðs eru þau 4. hæstu meðal OECD ríkja og setja aukinni skuldsetningu skorður. Enn fremur hefur kostnaður vegna nýrrar lántöku ríkissjóðs aukist mikið síðustu mánuði.
- Samtökin hvetja til að staðið verði við áform um sölu Íslandsbanka, ellegar kallar það á lántöku sem því samsvarar með 4-5 milljarða króna árlegum vaxtakostnaði.

Tækifærin leynast víða (bls. 21)

- Launaþróun ríkisins síðustu ár hefur ekki verið í samræmi við almenna markaðinn. Gert er ráð fyrir 6,9% hækkun launakostnaðar sem þýðir hækkun launa umfram það sem stenst verðstöðugleika til lengdar og/eða töluverða fjölgun ríkisstarfsmanna sem samræmist ekki auknu aðhaldi. Ekkert ríki OECD ver hærra hlutfalli verðmætasköpunar í laun opinberra starfsmanna.

Samkeppnishæft atvinnulíf er allra hagur (bls. 30)

- Forsenda almennrar velmegunar er að hér vaxi og dafni blómlegt atvinnulíf. Mikilvægt er að stjórnvöld leggi sitt af mörkum til þess að styrkja starfsumhverfi íslenskra fyrirtækja. Sé vilji stjórnvalda að styðja við samkeppnishæft atvinnulíf, fjölgun starfa og aukinn hagvöxt ætti heldur að draga úr skattheimtu og reglubyrði en hitt.

Önnur atriði (bls. 36)


Efnahagsframvindan hefur gjörbreytt horfum í ríkisfjármálum

Hagkerfið stendur mun betur en nokkur þorði að vona við lok árs 2020…

Efnahagsástandið er á flestan hátt betra en búist var við þegar fjármálaáætlun fyrir árin 2021-2025 var lögð fram á seinni hluta ársins 2020, með tilheyrandi jákvæðum áhrifum á afkomu heimila, fyrirtækja og þannig ríkissjóðs.


Verðbólga reyndist umtalsvert meiri en spár gerðu ráð fyrir

Verðbólguspá í fjármálaáætlun '21-'25 og fjárlögum 2023




Og atvinnuleysi umtalsvert minna

Spá um atvinnuleysi % mannafla skv. fjármálaáætlun '21-'25 og fjárlögum 2023



Hagkerfið hefur nú þegar náð fyrri stærð

Landsframleiðsla (vísitala) skv. forsendum fjármálaáætlunar og fjárlaga




Heimildir: Hagstofa Íslands og Fjármála- og efnahagsráðuneytið

… þannig að staða ríkissjóðs er miklu betri en nokkur þorði að vona í miðjum faraldri

Horfum fram á þriðjungi lægra skuldahlutfall og ríflega helmingi minni halla en áður hafði verið reiknað með. Hraður viðsnúningur atvinnulífsins hefur útrýmt atvinnuleysi og aukið skatttekjur.

Öflugri viðspyrna hefur haft jákvæð áhrif á rekstur ríkissjóðs

Skuldahorfur hafa batnað
Skuldir ríkissjóðs skv. skuldareglu 2023 (% VLF)



Og afkomuhorfur sömuleiðis
Heildarjöfnuður ríkissjóðs 2023 (% VLF)



A1-hluti ríkissjóðs.
Heimildir: Hagstofa Íslands, Fjármála- og efnahagsráðuneytið og útreikningar SA

✓ Minni halli

Þegar fjármálaáætlun fyrir árin 2021-2025 var samþykkt í desember 2020 var gert ráð fyrir að uppsafnaður halli á rekstri ríkissjóðs yrði 1.000 ma.kr. árin 2020 til 2023. Annað hefur komið á daginn og niðurstaðan töluvert betri en á horfðist. Nú er útlit fyrir að uppsafnaður halli áranna 2020 til 2023 verði nær 800 milljörðum.

Í stað þess að horfa upp á nærri 170 milljarða króna halla á fjárlögum árið 2023 stendur ríkissjóður nú frammi fyrir 89 milljarða króna halla.

✓ Minni skuldasöfnun

Efnahagsframvindan hefur reynst betri en búist var við í upphafi heimsfaraldurs sem hefur skilað sér í meiri tekjum en vænst var og minni útgjöldum. Óttast mátti að skuldir upp á rúmlega helming landsframleiðunnar myndi vofa yfir ríkissjóði en það er ekki raunin. Þess í stað stefna þær í 33% af landsframleiðslu, sem er umtalsvert viðráðanlegra.


Það munar um minna þegar kemur að rekstri hins opinbera

Tekjuhorfur ríkissjóðs hafa batnað um 165 ma.kr. frá fjárlögum 2022 til fjárlaga 2023

Það eru engin nýmæli að aukinn hagvöxtur skapar auknar skatttekjur og veitir ríkinu aukið svigrúm. Því miður er reynslan hér á landi sú að slíkt svigrúm er frekar notað til aukinna útgjalda fremur en að búa í haginn. Engin breyting virðist vera þar á.


Tekjur ríkissjóðs 2022 stefna í að verða 79 ma.kr. umfram fjárlög

Heildartekjur ríkissjóðs frá fjárlögum 2022 til endurmats 2022 (A1-hluti, ma.kr.)



Tekjur ríkissjóðs 2023 stefna í að vera 87 ma.kr. umfram 2022

Heildartekjur ríkissjóðs frá endurmati 2022 til fjárlaga 2023 (A1-hluti, ma.kr.)




Heimild: Fjármála- og efnahagsráðuneytið

Þrátt fyrir allt eykst halli frá forsendum fjármálaáætlunar 2023-2027

Gert er ráð fyrir að afkoma ríkissjóðs á næsta ári verði lítillega lakari en áætlað var í fjármálaáætlun. Þetta skýtur afar skökku við í ljósi þess að efnahagshorfur í ár og á næsta ári hafa batnað frá forsendum fjármálaáætlunar.

Fjárlagahalli meiri en gert er ráð fyrir í fjármálaáætlun

Afkoma A1-hluta ríkissjóðs árið 2023



Heimild: Fjármála- og efnahagsráðuneytið

Í umsögn SA um fjármálaáætlun fyrir árin 2023-2027 kom fram að ekki væru færð nægilega sannfærandi rök fyrir því að opinber fjármál sporni gegn verðbólgu og dragi úr spennu. Ástæðan var áframhaldandi sögulega mikil samneysla auk mikils hallareksturs. Fjárlagafrumvarpið er enn frekari vísbending um að stjórnvöld séu ekki að beita ríkisfjármálunum með nægjanlegum hætti til að sporna gegn verðbólgunni.

Betri efnahagshorfur í ár og á því næsta eru til þess fallnar að auka tekjur og draga úr ýmsum kostnaði hins opinbera, s.s. vegna minnkaðs atvinnuleysis og aukinna umsvifa almennt. Bendir því margt til þess að afkoman sé töluvert lakari þegar horft er fram hjá slíkum hagsveiflutengdum þáttum, þ.e. aukning aðhalds ríkisfjármála er minna en áður var gert ráð fyrir.

Er það sérstaklega óheppilegt þegar aðstæður í hagkerfinu benda til þess að tilefni sé fyrir ríkissjóð að auka frekar aðhaldið:

1. Í fyrsta lagi eru nú horfur á viðskiptahalla á árinu 2023 og raunar um fyrirséða framtíð. Halli á ríkissjóði er til þess fallinn að stuðla að viðskiptahalla að óbreyttu sem síðar getur grafið undan gengi krónunnar og þannig aukið verðbólgu.
2. Í öðru lagi virðist almenn launaþróun enn síður en áður samræmast 2,5% verðbólgumarkmiði Seðlabankans og framleiðnivexti (sjá bls. 22). Síðast en ekki síst er gert ráð fyrir töluvert meiri verðbólgu en áður.

Til viðbótar minnkar aðhald frá því sem gert var ráð fyrir í fjármálaáætlun 2023-2027

Í ljósi efnahagsaðstæðna færi betur á því að aðhald myndi aukast í stað þess að hægja á jákvæðum viðsnúningi í rekstri ríkissjóðs en aðeins hálft ár er frá því að fjármálaáætlun var lögð fram.

Samkvæmt fyrirliggjandi frumvarpi mun aðhald ríkisfjármálanna aukast hægar milli áranna 2022 og 2023 en gert er ráð fyrir 2,6% hagsveifluleiðréttum afkomubata í ár og 1,2% á því næsta.


Athygli vekur að í maí sl. birti Seðlabankinn mat sitt á aðhaldsstigi ríkisfjármálanna, sem byggði á framlagðri fjármálaáætlun áranna 2023-2027, og taldi aðhaldið nema 3,1% í ár og 1,55% árið 2023. **Mat Seðlabankans gerði því ráð fyrir talsvert hærra aðhaldsstigi en birtist nú í fjárlögum.**

Ef gengið er út frá því að árið 2019 hafi ríkisfjármálin verið hlutlaus gagnvart hagsveiflunni má túlka mat Seðlabankans sem svo að alls slakni aðhald um ríflega 4% af landsframleiðslu milli áranna 2019 og 2023 og enn meira ef horft er til áranna 2017 eða 2018. **Ríkið er því enn að auka á þenslu í hagkerfinu á þann mælikvarða, þótt aðhald sé að aukast 2022 og 2023.** Meira aðhald þarf til.

Þessu til viðbótar gerði Seðlabankinn ráð fyrir halla á rekstri ríkissjóðs upp á 4,7% af vergri landsframleiðslu í ár. Frumvarpið gerir aftur á móti ráð fyrir 3,9% halla og því um töluverðan bata að ræða í afkomuhorfum frá því í maí. **Í ljósi þess að hallinn verður minni árið 2022 en talið var vekur furðu að afkoma ríkissjóðs árið 2023 sé ekki að batna samhliða, heldur þvert á móti versna,** og bendir enn frekar til þess að raunverulegt aðhald sé lítið.

Aðhald minnkar milli ára og frá áætlun til fjárlaga

Breyting í hagsveifluleiðréttum frumjöfnuði ríkissjóðs (% af framleiðslugetu)



Heimildir: Fjármála- og efnahagsráðuneytið og Seðlabanki Íslands


Enn vaxa útgjöld

Rekstur þegar í járnum árið 2019 – hvenær verður jafnvægi náð á ný?


Útgjöld ríkissjóðs hafa vaxið um 11% frá árinu 2019, að teknu tilliti til þróunar verðlags. Á sama tíma jukust tekjur aðeins um 6%. Undirliggjandi vandi sem tekinn var að myndast fyrir heimsfaraldur er því enn óleystur.

Rekstur ríkissjóðs var þegar í járnum áður en heimsfaraldurinn skall á sem rekja má til þeirrar tilhneigingar opinberra fjármála að eyða öllu því sem í kassann kemur. Því var ekkert svigrúm að finna í rekstrinum til að bregðast við efnahagslegri niðursveiflu þó svigrúm hafi verið til að auka við skuldsetningu. Allar aðgerðir grundvölluðust því á aukinni lántöku. Ef tekið hefði verið tímanlega á undirliggjandi rekstrarvanda hefði staða ríkissjóðs verið betri við áfallið og geta hans til að takast á við afleiðingar þess einnig. Ef lántaka er notuð til að fjármagna viðvarandi hallarekstur er sjálfbærni ríkisfjármála ógnað og því ætti það að vera kappsmál að taka á undirliggjandi vanda – að eytt sé um efni fram.


Heildarútgjöld ríkissjóðs 2019 og 2023
A-hluti, ma.kr. á verðlagi 2023



Heildartekjur ríkissjóðs 2019 og 2023
A-hluti, ma.kr. á verðlagi 2023



Frumjöfnuður ríkissjóðs 2019 og 2023
A-hluti, % VLF



Í umsögn um fjárlög fyrir árið 2020 fjölluðu SA t.a.m. um stöðu ríkisfjármálana eftir mikinn útgjaldavöxt árin á undan: https://cdn.nfp.is/sa/umsogn/001-mal-umsogn-sa-fjarlagafrumvarp-2019.pdf


Heimildir: Fjármála- og efnahagsráðuneytið, Hagstofa Íslands og útreikningar SA

Tugmilljarða aukin útgjöld en lítil viðleitni til aðhalds og endurmats á útgjöldum

Reynsla síðustu þensluskeiða sýnir glöggt að afkoma er ekki fullnægjandi mælikvarði á aðhald þegar óvæntur tekjuauki skapar ríkissjóði svigrúm til varasamrar útgjaldaaukningar. Útgjöld gefa þar mun betri vísbendingu.

Heildarútgjöld ríkissjóðs 2022 vs 2023

Breyting milli fjárlaga, ma.kr.



Heimild: Fjármála- og efnahagsráðuneytið

Þegar allt kemur til alls er lítið aðhald að sjá á útgjaldahlið

Í ljósi þess að í fjárlagafrumvarpinu segir að „*Nýjum verkefnum verði fundið svigrúm með því að tryggja umbætur í ríkisrekstrinum með markvissu endurmati útgjalda ….*“ þá skýtur skökku við að engin umfjöllun er um verkefni sem snúa að endurmati útgjalda. Það ber með sér lítinn metnað til að ná böndum á útgjaldavöxt og forgangsröðun fjármuna.

Ríflega 38 ma.kr. sjálfvirk aukning útgjalda, þ.e. sú aukning sem á sér stað í bundnum útgjöldum milli ára, umfram launa- og verðlagsbætur, ber enn á ný merki þess að umtalsverð tækifæri hljóti að liggja í endurmati útgjalda, enda getur slíkur vöxtur ekki verið sjálfbær til framtíðar.

Mikilvægt er að fyrri áform um endurmat útgjalda verði ekki lögð á hilluna, sér í lagi í árferði þar sem ábyrgð og festa í ríkisfjármálum skiptir höfuðmáli við að styðja við peningastefnuna í því að ná böndum á verðbólgu. Þá vekur athygli að það **aðhald sem nú birtist í frumvarpinu er einungis fjórðungur af þeim auknu og nýju útgjöldum sem áformuð eru** og er þá horft fram hjá hækkunum útgjalda sem leiða af launa- og verðlagsbótum.

Laun og verðlag eru stærsta ástæða aukinna útgjalda og setja má spurningamerki við þá fjárhæð þar sem í henni felst 7% aukinn launakostnaður. **Slík aukning samræmist ekki stöðugleika til lengdar nema um sé að ræða mikla fjölgun ríkisstarfsmanna, sem aftur gengur ekki upp þegar draga á úr þenslu í hagkerfinu.**

Máttlitlar verðbólguaðgerðir sem samsvara nýjum og auknum verkefnum

Aðgerðirnar draga úr halla ríkissjóðs um sem nemur 0,7% af landsframleiðslu en á móti koma samsvarandi ný verkefni sem jafngilda samanlagt öllum vegaframkvæmdum og rekstri ríkislögreglustjóra árið 2023.

Aðgerðir gegn verðbólgu skiljanlegar en umsvifalitlar


Jákvætt er að stjórnvöld ráðist í aðgerðir til þess að sporna gegn verðbólgunni sem nú geysar. Jafnvel þó að sumar boðaðar aðgerðir, eins og frestun framkvæmda, séu ekki góðar helgar tilgangurinn meðalið að einhverju leyti að sinni.

Veruleikinn er sá að boðaðar aðgerðir eru fremur smáar í sniðum í stóra samhenginu.

Samtals er umfang aðgerðanna 26 milljarðar króna, þar af eru 16 milljarðar á útgjaldahlið og tíu á tekjuhlið. Til samanburðar eru heildarútgjöld og –tekjur ríkissjóðs áætluð yfir þúsund milljarðar króna á næsta ári. Áhrifin eru því minniháttar en án þeirra hefði halli á heildarjöfnuði orðið 118 ma.kr., eða 3% af landsframleiðslu í stað 2,3%. Þá skýtur einnig skökku við að aukning útgjalda á öðrum sviðum nemur nánast aðgerðum sem boðaðar eru gegn þenslu. Svo vill líka til að fjárhæð aðgerða gegn þenslu er nánast sú sama og fjárhæð nýrra og aukinna verkefna. Það skýrir að hluta minnkandi aðhald þrátt fyrir sérstakar aðgerðir gegn þenslu.

Aðgerðir vegna verðbólgu og ný verkefni til samanburðar

Ma. kr.



Heimild: Fjármála- og efnahagsráðuneytið

Fjárfesting hins opinbera síður heppileg til sveiflujöfnunar

Fjárfestingar stuðla að framtíðarhagvexti og samkeppnishæfara atvinnulífi.

Að velja auðveldu leiðina út

Þegar aðstæður breytast skyndilega og draga þarf úr útgjöldum er auðveldara að slá afmörkuðum fjárfestingarverkefnum á frest fremur en að ráðast í nauðsynlegar, en pólitískt erfiðar umbætur á rekstri. Framtíðarhagvöxtur byggir hins vegar að hluta á fjárfestingum í innviðum og því er mikilvægt að tryggja nægt svigrúm í rekstri til nauðsynlegs viðhalds núverandi eigna sem og nýrra og arðbærra verkefna sem geta byggt undir framtíðar hagvaxtargetu. **Það ætti því að vera kappsmál að finna nauðsynlegum framkvæmdum og fjárfestingum rými í bókhaldi hins opinbera** og leita heldur tækifæra til hagræðingar og betri nýtingar á fjármunum hins opinbera í öðrum útgjaldaliðum.

Fjárfestingarstig hins opinbera dalaði í kjölfar fjármálahrunsins og hefur ekki náð sér á strik síðan og **uppsöfnuð fjárfestingarþörf er enn töluverð þrátt fyrir átak síðustu ára**. Skv. skýrslu Samtaka iðnaðarins sem kom út snemma árs 2021 er uppsöfnuð viðhaldsþörf innviða t.d. áætluð 14,5% af landsframleiðslu og ekki reiknað með bættu ástandi innviða næsta áratuginn. Þrátt fyrir uppsafnaða fjárfestingarþörf í innviðum stendur til að hliðra framkvæmdum ríkisins sem hluta af aðgerðum til að sporna gegn þenslu og verðbólgu. Erfitt er að sjá að ekki sé um nauðsynlegar framkvæmdir að ræða jafnvel þó aðeins sé um lágar fjárhæðir að ræða að þessu sinni.

Mjög vandasamt er að beita fjárfestingu hins opinbera í sveiflujöfnunarskyni. **Erfitt er að tímasetja áhrif þeirra á hagkerfið og getur niðurstaðan orðið sú að tilraunir til örvunar í niðursveiflu skili sér of seint og hvetji þannig heldur til þenslu þegar hið gagnstæða væri ákjósanlegra**. Þessi tilhneiging opinberra fjárfestinga birtist raunar nokkuð skýrt í tengslum við fjárfestingarátak stjórnvalda í kjölfar heimsfaraldursins þar sem fjárheimildir tengdar fjárfestingum söfnuðust upp þar sem ekki tókst að hrinda verkefnum tímanlega í framkvæmd.

Betur færi á því að ríkissjóður ynni markvisst að bættum innviðum yfir tíma enda öflugir innviðir forsenda samkeppnishæfs atvinnulífs, skapa verðmæti og auka möguleika almennings til atvinnu og bættra lífsgæða. Ef nýta á opinberar framkvæmdir og fjárfestingu til sveiflujöfnunar svo vel megi vera er t.a.m. nauðsynlegt halda úti skýrri útlistun á þeim fjárfestingarkostum sem ríkissjóður stendur frammi fyrir á hverjum tíma ásamt arðsemismati, forgangsröðun verkefna og hver þeirra eru þess eðlis að hægt er að ráðast í eða draga úr framkvæmdum með skömmum fyrirvara.

Skýrsla Samtaka iðnaðarins: https://www.si.is/media/_eplica-uppsetning/Innvidir-a-Islandi_skyrsla_opnur.pdf


Ekki allt sem sýnist í jákvæðri skuldaþróun

Skuldaþróun mun betri en bjartsýnustu spár gerðu ráð fyrir í kjölfar heimsfaraldurs

Þótt afkoma sé ekki að batna í samhengi við kröftugan hagvöxt eru það aftur á móti jákvæð tíðindi að gert sé ráð fyrir að því að skuldir dragist saman sem hlutfall af vergri landsframleiðslu.

Skuldir ríkissjóðs ekki langt frá viðmiðum laga um opinber fjármál

Skuldir ríkissjóðs skv. skuldareglur og skuldaregla laga um opinber fjármál




Heimild: Fjármála- og efnahagsráðuneytið

Framtíðarhorfur eru hins vegar ekki ýkja bjartar og auknar skuldir handan við hornið

Fullt tilefni er til að stjórnvöld leggi fram trúverðuga áætlun um hvernig ná skuli skuldaviðmiðum laga um opinber fjármál svo unnt sé að fjármálareglur þeirra taki gildi á ný árið 2026, líkt og stefnt er að.


Útlit er fyrir hækkun skuldahlutfalls á næstu árum

Skuldir ríkissjóðs skv. skuldareglu (% af VLF)



Hagvöxtur er meiri árið 2022 en gert var ráð fyrir

Hagvöxtur (raunbreyting landsframleiðslu, %)



1. **Lækkun skuldahlutfalls skammgóður vermir**
   Í nýjustu fjármálaáætlun var gert ráð fyrir að skuldahlutfall ríkissjóðs myndi halda áfram að vaxa til ársins 2026. Þó að skuldahlutfallið hafi nú batnað er í besta falli óvíst að það haldi áfram. Áður var gert ráð fyrir að árið 2023 myndi skuldahlutfallið aukast fremur lítið, hagvöxtur 2022 er meiri en spáð var og þá hefur verðbólga aukist tímabundið með tilheyrandi aukningu nafnviðis landsframleiðslu, er því **útlit fyrir að skuldahlutfallið geti tekið að hækka aftur á næstu árum.**

2. **Öldrun þjóðarinnar:**
   Samtök atvinnulífsins hafa í fyrri umsögnum sínum bent á að hækkandi meðalaldur muni þyngja rekstur hins opinbera á komandi árum og því sé fyrirséð að til lengdar muni skuldahlutfallið hækka sé ekkert að gert, jafnvel þó það kunni að það lækka tímabundið á næstu árum. **Öldrun þjóðar blasir enn við og með minna aðhaldi en áður var áætlað hafa skuldahorfurnar heldur versnað.**

3. **Vandi ÍL-sjóðs:**
   Ekkert tillit er tekið til vanda ÍL-sjóðs sem hangir yfir rekstri ríkissjóðs og mun að óbreyttu skella fyrr eða síðar af fullum þunga með hundruð milljarða skuld á skattgreiðendur. Niðurstaðan er óljós og er staða ÍL-sjóðs ekki tekin með við útreikning á skuldum skv. skuldareglu laga um opinber fjármál. Samkvæmt nýjasta ársuppgjöri ÍL-sjóðs var 16 ma.kr. tap á rekstri á fyrstu sex mánuðum ársins. Eigið fé ÍL-sjóðs er skv. sama uppgjöri neikvætt um 213 ma.kr.. **Lauslega má áætla að skuldir skv. skuldareglu væru 38,6% af landsframleiðslu ef tekið væri tillit til þessa, en ekki 33,4%.**

Heimildir: Fjármála- og efnahagsráðuneytið og Hagstofa Íslands. [1]Gert ráð fyrir að fjármálaáætlun og forsendur hennar haldi frá 2024. Miðað við að langtímaspár hafi ekki breyst verulega og halli ríkissjóðs í fjárlagafrumvarpinu í stóra samhenginu svipaður og fjármálaáætlun er sviðsmyndin fremur líkleg.

Vaxtakostnað væri ella hægt að nýta í brýn verkefni

Útlit er fyrir að vaxtakostnaður ríkissjóðs muni aukast talsvert á komandi mánuðum og misserum.

Það virðist stundum gleymast í umræðunni um skuldir ríkissjóðs að skuldum fylgi vaxtagjöld. Útgjöld sem færi jafnan betur á að nýta til grunnþjónustu en að þjónusta fjármagn.

Skuldasöfnun síðustu ára byggði á lægstu vöxtum Íslandssögunnar sem þýðir að vaxtakostnaður jókst minna en sem nam vexti skulda ríkissjóðs. Nú er staðan önnur. **Vextir hafa hækkað á síðustu misserum og eru þeir langtímavextir sem ríkinu standa til boða í dag allt að 3% hærri en fyrir ári síðan.** Hækkunin er enn meiri frá 2020.

Í ár og á næsta ári þarf ríkissjóður að endurfjármagna skuldir upp á ríflega 300 milljarða króna. **Útlit er fyrir að það verði 4 til 9 ma.kr. kostnaðarsamara en fyrir ári síðan.** Aðrar skuldir eru á gjalddaga og þarf að endurfjármagna frá og með 2024 og því ljóst að ríkið stendur frammi fyrir hærri vaxtakostnaði til framtíðar en áður var gert ráð fyrir. Haldist vaxtastig óbreytt er um að ræða tugi milljarða króna.

Hærri vextir eru bein afleiðing af viðbragði Seðlabankans við mikilli verðbólgu sem setur áframhaldandi skuldasöfnun ríkissjóðs í sérstakt samhengi enda er um 22% skulda ríkissjóðs verðtryggðar. **Fjármagnskostnaður þeirra eykst í beinu hlutfalli við verðbólgu en skv. frumvarpinu er gert ráð fyrir að verðbætur þessara skulda komi til með að verða 25 ma.kr. á næsta ári.** Kann sú áætlun að vera heldur hógvær þ.s. hún byggir á forsendu um 4,9% verðbólgu á næsta ári, minni verðbólgu en t.d. er gert ráð fyrir í nýrri spá Greiningar Íslandsbanka sem spáir 6,3% verðbólgu á næsta ári.

Ávöxtunarkrafa óverðtryggðra ríkisskuldabréfa

Til loka september 2022




Heimild: Hagvísar Seðlabanka Íslands

Vaxtakostnaður hins opinbera er hár í alþjóðlegum samanburði

Þó opinberar skuldir séu ekki miklar í alþjóðlegum samanburði segir það eitt og sér lítið til um sjálfbærni skuldaþróunar hér á landi.

Vaxtagjöld hins opinbera sem % af VLF árið 2020

Efstu 10 og nokkur valin ríki



Heimild: OECD

Hærri vextir og meiri verðbólga í landi mikils vaxtakostnaðar

Stundum er bent á að skuldir ríkissjóðs, og hins opinbera almennt, séu ekki svo miklar hér á landi í alþjóðlegu samhengi. Það er í sjálfu sér rétt, en segir lítið um sjálfbærni skuldaþróunar. Vandamálið hér á landi birtist heldur í háum vaxtakostnaði hins opinbera fremur en háu skuldahlutfalli.

Þegar að er gáð **bjuggu aðeins Bandaríkin, Grikkland og Ítalía við hærri vaxtakostnað hins opinbera sem hlutfall af landsframleiðslu árið 2020 en Ísland**.

Varast skal að bera Ísland saman við Bandaríkin enda eru þau ákveðið sértilfelli í þessu samhengi vegna hlutverks Bandaríkjadals í alþjóðahagkerfinu. Grikkland og Ítalía eru aftur á móti þekkt fyrir slæma stöðu opinberra fjármála. Sama má segja um sum ríkin sem fylgja fast á hæla Íslands. **Benda má á að vaxtabyrði Norðurlandanna er brot af því sem gerist hér á landi.**

Ekki eru til nýrri tölur og miklar sviptingar hafa verið á alþjóðlegum mörkuðum, ekki síst með skuldabréf, svo erfitt er að segja hvert Ísland stefnir í þessum samanburði, en líkt og áður segir er útlit fyrir að vaxtabyrðin fari vaxandi hér á landi á næstu árum.

Sterk rök hníga að sölu eignarhluta ríkisins í Íslandsbanka

Forsenda frumvarpsins er að af áframhaldandi sölu ÍSB verði. Án hennar vex vaxtakostnaður ríkissjóðs um 4 til 5 ma.kr. sem er álíka og rekstrarframlög ríkisins til skógræktar á fjórum árum eða Tækniskólans á einu ári.

Einn óvissuþátturinn í undirliggjandi forsendum fjárlaga ársins 2023 er áframhaldandi sala á hlutum ríkisins í Íslandsbanka. Í kjölfar annars hluta sölumeðferðar kom fram hávær gagnrýni á fyrirkomulag sölunnar og var Ríkisendurskoðun falið að rannsaka umgjörð og fyrirkomulag sölunnar auk þess sem Fjármálaeftirlitið tók hana til skoðunar.

Samtök atvinnulífsins vilja í senn hvetja eindregið til að horft verði til þeirra ábendinga sem fram koma frá báðum aðilum en jafnframt að hvetja til að áfram verði haldið með söluferli eignahluta ríkisins í Íslandsbanka. Eins og fram hefur komið í álitum SA um söluna á fyrri stigum eru sterk rök til þess að ríkið losi eignarhald á Íslandsbanka. Meðal annars þau að hvergi var opinbert eignarhald fjármálafyrirtækja jafn mikið og hér á landi og að verulegir fjármunir ríkissjóðs liggja í áhætturekstri sem varla getur talist ásættanlegt til lengdar.

Þá eru að auki sterk rök fyrir því að losa um þessa fjármuni til að minnka skuldasöfnun ríkisins sem hefur verið gríðarleg síðust ár eins og kunnugt er. Það er því ljóst að verði ekki af sölu bankans á árinu 2023 er ein meginforsenda fjárlaga í uppnámi. **Við það verður vart unað að 75 ma. kr. gat geti myndast á tekjuáætlun ríkissjóðs með tilheyrandi áhrifum á sjóðstreymi og skuldastöðu**, en heildarskuldir myndu við það aukast um tæplega 6% og verða 1.350 ma.kr. í stað 1.275 ma.kr. eins og nú er gert ráð fyrir. Um er að ræða fjárhæð sem er hærri en sem samsvarar fjárfestingarframlögum ríkisins til uppbyggingar Landspítalans og vegakerfisins árin 2022 og 2023 (73 ma.kr.).

Í þessu samhengi er mikilvægt að hafa í huga að vaxtakostnaður ríkissjóðs hefur farið ört vaxandi eins og áður hefur verið vikið að og því er til mikils að vinna að losa fremur um eignarhald í áhætturekstri en að taka lán í núverandi vaxtaumhverfi. **Því má varlega áætla að vaxtagjöld af líkri skuldaaukningu myndu nema um 4-5 ma.kr. árlega sem eru verulegir fjármunir.**

Rekstrarframlög fjárlaga og bankasala

Valdir fjárlagaliðir í samanburði við áætlaðan aukinn vaxtakostnað ef forsendur fjárlaga um eignasölu standast ekki (ma.kr.)



Sjá minnisblað SA: https://samtok-atvinnulifsins.cdn.prismic.io/samtok-atvinnulifsins/eb43f599-79c7-45b2-b94e-c24415caf5dc_minnisblad-vegna-solu-rikisins-i-islandsbanka.pdf
Heimildir: Fjármála- og efnahagsráðuneytið og útreikningar SA

Vaxtakostnaður er hærri en heildarútgjöld til sjúkratrygginga árið 2023

Til mikils að vinna með því að halda aftur af aukningu vaxtagjalda ríkissjóðs.

Til viðbótar við framangreint og til að undirstrika sjónarmið SA:

1. **Skuldir hins opinbera hér á landi eru þegar allt kemur til alls miklar að umfangi.** Skuldir hins opinbera eru meiri en skuldir heimila og vaxtagjöld ríkissjóðs slaga hátt í vaxtagjöld heimila. Svo háum fjárhæðum fylgir áhætta og mikið í húfi að stuðla að stöðugu vaxtaumhverfi og varfærnari skuldaþróun.
2. **Vaxtagjöld eru orðin einn af allra stærstu útgjaldaliðum ríkissjóðs** og stærri liður en útgjöld t.d. til Háskóla Íslands og barnabóta. Stjórnvöld standa ávallt frammi fyrir einhverskonar fórnarskiptum og því mikilvægt að halda aftur af vaxtakostnaði til að skapa svigrúm til annarra útgjalda og/eða skattalækkana.


Heildarskuldir hins opinbera

% af VLF á mælikvarða fjármálareikninga



Vaxtagjöld þriðji stærsti fjárlagaliðurinn

10 stærstu fjárlagaliðir frumvarps til fjárlaga 2023 m.v. heildarútgjöld [1] (ma.kr.)



1: Á rekstrargrunni. Skv. þjóðhagsgrunni er áætlað að heildarvaxtagjöld ríkissjóðs verði 81 ma.kr. árið 2023 samanborið við 96,5 ma.kr. árið 2022.
Heimildir: Fjármála- og efnahagsráðuneytið og Hagstofa Íslands.


Tækifærin leynast víða

Launaþróun er ríkinu þungur baggi

Launaþróun opinberra starfsmanna ekki í samræmi við það sem talist getur samræmast stöðugu verðlagi.

Þróun launa eftir stéttarfélögum og launþegahópum

Vöxtur reglulegs tímakaups í samanburði við vísitölu neysluverðs frá mars 2019 – janúar 2022



Ríkið hefur leitt launaþróun

Sem fyrr segir eru ýmsar vísbendingar um að aðhald ríkisfjármálanna verði ekki nægilegt til að sporna gegn verðbólgu og þenslu. Launaþróun opinberra starfsmanna er í því samhengi ein stærsta ástæða þess að afkoma ríkissjóðs er þrátt fyrir allt að versna frá því sem áætlað var.

Í fjárlagafrumvarpinu er gert ráð fyrir að launahækkanir verði áfram töluverðar. Stærstur hluti þeirrar útgjaldaaukningar, eða um 14 ma.kr., hefur verið ráðstafað í almennan varasjóð. Aðrar launaforsendur hafa verið endurmetnar og niðurstaðan að samtals eykst launakostnaður ríkissjóðs um 6,9% á næsta ári. Það felur í sér miklar launahækkanir umfram það sem samræmist 2,5% verðbólgu og/eða fjölgun opinberra starfsmanna. Hvað sem er að baki er **ljóst að slík hækkun launakostnaðar er þensluhvetjandi.**

Í þeirri kjaralotu sem nú er að ljúka hefur hið opinbera, og þá sérstaklega sveitarfélög, samið um launahækkanir sem eru langt umfram það sem samið var um á almennum vinnumarkaði. Með öðrum orðum, hefur hið opinbera stuðlað að höfrungahlaupi. Á því tapa allir.

Ósjálfbærar launahækkanir hafa og munu á endanum brenna upp í verðbólgu eða leiða til aukins atvinnuleysis.

Heimildir: Kjaratölfræðinefnd og Hagstofa Íslands.

Heimsmet í launum opinberra starfsmanna?

Launakostnaður hins opinbera vegur hvergi þyngra í verðmætasköpuninni heldur en hér á landi.

Hár launakostnaður hins opinbera í alþjóðlegu samhengi

Annað í þessu samhengi er að Ísland á met meðal OECD-ríkja í byrði launakostnaðar hins opinbera. Ekkert ríki ver hlutfallslega hærra hlutfalli af verðmætasköpun sinni í laun opinberra starfsmanna. Enn fremur hafa fá ríki séð viðlíka hækkun þessa hlutfalls á undanförnum árum.

Tölurnar eru enn ein vísbendingin um það sem SA hefur talað fyrir í langan tíma: Hlutur hins opinbera í hagkerfinu er of stór að þessu leyti með mikilli fjölgun opinberra starfsmanna og launaþróun hins opinbera er á ósjálfbærri leið með sífelldum hækkunum umfram svigrúm.


Þessi staða undirstrikar að:

1. **Hið opinbera gegnir stærra hlutverki hér á landi en í flestum þeim ríkjum sem við berum okkar saman við (sjá bls. 33)**

2. **Svigrúm til hækkunar launa í opinbera geiranum er afar takmarkað, sérstaklega í samhengi við skort á aðhaldi í opinberum fjármálum**

Hlutfall launakostnaðar hins opinbera í landsframleiðslu

10 efstu ríki OECD




Heimild: OECD

Fyrirtæki á almennum vinnumarkaði standa í samkeppni við hið opinbera um starfsfólk

Huga þarf að samsetningu vinnuafls á vegum hins opinbera og hvort hún endurspegli raunverulega þarfir nýrra tíma.

Starfandi fjölgar meira á opinberum en almennum vinnumarkaði

Starfandi skv. skrám (Vísitala = 100 í mars 2019[1])



Hið opinbera verður að gefa einkageiranum rými til að vaxa

Starfandi á opinberum vinnumarkaði hefur fjölgað umfram fólksfjölgun, náttúrulega fjölgun fólks á vinnufærum aldri og umfram þróunina á almennum vinnumarkaði á undanförnum árum. Fjölgunin er að mestu varanleg og ekki heimsfaraldri um að kenna. Þessi þróun er ekki sjálfbær til lengri tíma, enda leiðir fjölgun opinberra starfa og hækkandi launakostnaður að óbreyttu til þess að æ minna svigrúm er fyrir fjárfestingu og annan rekstur.

Vaxtargeta í atvinnulífinu veltur að miklu leyti á samkeppnishæfu rekstrarumhverfi einkageirans og getu hans til að ráða til sín starfsfólk, ótækt er því ef hið opinbera verður ofan á í samkeppni um sérhæft starfsfólk í stórum stíl.

Góð laun og önnur kjör umfram almennan vinnumarkað valda því að starfsfólk hefur valið að færa sig yfir til hins opinbera, ekki síst vegna þess að hið opinbera hefur leitt launaþróun á undanförnum árum. Ólíklegt er að einkageirinn nái þessu fólki til baka á næstunni, þó þörfin sé mikil, þar sem starfsfólk er ólíklegt til að flytja sig milli starfa nema talsvert betri kjör bjóðist.

Á sama tíma er náttúruleg fjölgun fólks á vinnualdri lítil sem engin. Til að manna stöður þarf atvinnulífið því að sækja starfsfólk erlendis frá en það er ekki auðvelt, sér í lagi þegar um er að ræða sérhæft starfsfólk.

1: Opinberi geirinn er hér skilgreint sem starfandi í atvinnugreinunum opinberri stjórnsýslu, fræðslustarfsemi og heilbrigðis- og félagsþjónustu.
Heimild: Hagstofa Íslands

Nýta þarf mögulegar umbætur í stofnanaumhverfi ríkisins

Stofnanir ríkisins eru fleiri en 160 talsins og sumar hverjar mjög fámennar. Hér eru augljós tækifæri til betri nýtingar á almannafé.

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar um stofnanir ríkisins sem kom út í desember 2021 kemur fram að fjöldi ríkisstofnana sé enn töluverður þrátt fyrir sameiningar síðustu ára og vinnu nokkurra starfshópa um hvernig megi einfalda stofnanakerfi ríkisins. Margar stofnanir eru litlar, en liðlega helmingur þeirra er með færri en 50 starfsmenn, sem ætla má að gætu rúmast innan stærri skipulagsheilda hins opinbera. Margvísleg tækifæri séu til umbóta.

Í fjármálaáætlun fyrir árin 2023-2027 má finna sérstakan kafla um umbætur í starfsemi hins opinbera og verkefni sem snúa m.a. að því að veitt sé betri og einfaldari opinber þjónusta með auknum árangri fyrir samfélagið allt. Þar er imprað á mikilvægi þess að skipulag hins opinbera verði að vera sveigjanlegt og það geti lagað sig að síbreytilegum aðstæðum. **Skoða þurfi skipulag stofnanakerfisins í ljósi þess hversu margir og ólíkir aðilar veiti opinbera þjónustu** með það að markmiði að tryggja það að kerfið stuðli að framþróun og árangri.

Í kaflanum er jafnframt að finna sérstaka umfjöllun um skipulag hins opinbera og stofnanafjölda og viðleitni til þess að fara að tillögum Ríkisendurskoðunar til einföldunar á kerfinu. Mikil tækifæri felist í því að fækka og stækka stofnanir, einfalda starfsemi og þjónustu og veita hana með hagkvæmari og skilvirkari hætti. **Litlar og fámennar stofnanir séu hvorki sjálfbærar né nægilega sterkar einingar.** Þá geti fjárhagslegur ávinningur þess að sameina stofnanir verið umtalsverður og stór þáttur í því að nýta betur þá fjármuni sem hið opinbera hefur úr að spila.

Samtök atvinnulífsins hafa lengið talað fyrir sameiningu stofnana hins opinbera, sem dæmi með sameiningu eftirlitsstofnana, og að kostir til þessa séu teknir til alvarlegrar skoðunar. Því er jákvætt að sjá áherslur í þá áttina viðraðar í fjármálaáætlun og í kynningu Fjármála- og efnahagsráðherra á fjárlagafrumvarpinu þó lítið virðist fara fyrir slíkri umfjöllun í frumvarpinu sjálfu.

SA leggja áherslu á að hagrætt verði í opinberum rekstri og leitast verði við að draga úr útgjöldum, sameiningar stofnana, og í sumum tilfellum aukin samlegð í rekstri, eru augljóst tækifæri til þess.



Leggja þarf áherslu á árangur, tilgang og markmið fjárveitinga

Vandi ríkisfjármálanna liggur á útgjaldahlið. Styrkja þarf tengsl milli útgjalda og árangurs og tryggja að endurmat útgjalda verði reglubundinn þáttur í fjárlagagerð.

Lítið fer fyrir áætlunum um árangurstengingu og endurmat útgjalda í fjárlögum

Samtök atvinnulífsins hafa ítrekað talað fyrir mikilvægi þess að við umbætur í ríkisrekstri séu árangurstengd fjárlagagerð og endurmat útgjalda í hávegum höfð, bæði svo hægt sé að hafa hemil á sífelldri útgjaldaaukningu en einnig svo hægt sé að taka gagnadrifnar ákvarðanir varðandi forgangsröðun opinberra útgjalda.

Þegar kemur að innleiðingu á árangurstengdri fjárlagagerð er Ísland eftirbátur annara OECD landa hvað varðar slíka stefnu. Árangurstenging felst í grundvallaratriðum í því að settir séu árangursmælikvarðar fyrir mikilvægustu málefni ráðuneyta með það fyrir augum að standa vörð um gæði opinberrar þjónustu á meðan dregið er úr sífelldri útþenslu ríkisútgjalda. Við ættum að horfa til þeirra landa þar sem góður árangur hefur náðst, s.s. Kanada, Frakklands og Bandaríkjanna, og keppast við að gera enn betur.

Þessu til viðbótar þarf að trygga að endurmat útgjalda verði reglubundinn þáttur í fjárlagagerð, enda mikilvægt tól til að halda aftur af útgjaldaaukningu og forgangsraða í rekstri. Ræða þarf niðurstöður endurmats útgjalda í samhengi við fjárlagagerð enda stuðlar það að samhengi markmiðasetningar og fjárveitinga og gagnadrifinni ákvarðanatöku. Í fjármálaáætlun 2023-2027 kemur fram að árið 2021 hafi verið hafist handa við endurmat útgjalda til örorkumála, þjónustu við aldraða og framhaldsfræðslu, en ekkert virðist minnst á framvindu þess verkefnis í fjárlögum nú.

Hér eru tæki sem ættu að skapa tækifæri til umbóta og hagræðingar í rekstri hins opinbera um langa hríð. Þeim þarf að beita í auknum mæli til að skapa rými til nauðsynlegra nýrra og aukinna útgjalda, hvort sem er í uppsveiflu eða niðursveiflu, svo tryggja megi sjálfbærni í rekstri hins opinbera.

Kostir árangurstengingar

- Aukið gagnsæi
- Skýrari ábyrgð
- Aukin hagkvæmni
- Gagnadrifin stefnumótun
- Bætt stjórnsýslumenning
- Markvissari dreifing á skattfé

Kostir endurmats útgjalda

- Betri forgangsröðun
- Skilvirkari nýting fjármuna
- Temprun útgjaldaaukningar


Heimild: OECD

Nýta þarf tækifæri til umbóta í almannatryggingakerfinu

Horfa þarf fremur til styrkleika en veikleika, með áherslu á virkni einstaklinganna.

Framlög til almannatrygginga, skatttekjur og tryggingagjöld

Aukning frá árinu 2013 til frumvarps 2023 (Breytilegt verðlag)[1]



Á undanförnum árum hefur OECD ítrekað bent á nauðsyn þess að gerðar séu umbætur í almannatryggingakerfinu, sér í lagi örorkukerfinu, samhliða fyrirsjáanlega auknum kostnaði vegna hækkandi lífaldurs þjóðarinnar. Í nýlegri skýrslu benti Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn einnig á að hægt væri að ná fram sparnaði í rekstri ríkisins með umbótum sem snúa að tilfærslukerfum hins opinbera.

Samkvæmt útreikningum OECD væri hægt að auka hagvöxt á mann um 3,5% á 10 árum og 7% til lengri tíma litið með því að auka útgjöld til fjárfestinga en draga til baka hluta af þeirri miklu aukningu sem orðið hefur í almannatryggingakerfinu á umliðnum árum. Að mati OECD myndu slíkar umbætur auka skilvirkni í þjóðarbúskapnum án þess að hafa neikvæð áhrif á jöfnuð. Fjárfesting í mikilvægum innviðum þjónar þannig hagsmunum allra landsmanna.

Umbótatillögur OECD felast einna helst í því að lögð sé áhersla á að styðja þá sem þiggja örorkubætur til aukinnar virkni á vinnumarkaði. Svo virðist sem lítið hafi verið aðhafst til að bregðast við þessum ábendingum.

Ósjálfbær þróun í almannatryggingakerfinu, rétt eins og öldrun þjóðar, mun þyngja skuldabyrði þegar fram líða stundir

Framlög til almannatrygginga hafa nærri þrefaldast frá árinu 2013.

1: Leiðrétt fyrir stöðugleikaframlögum árið 2016

Heimildir: Fjármála- og efnahagsráðuneytið, OECD Iceland Economis Survey og IMF Iceland: Staff Report 2022

Leggja þarf áherslu á virkni og horfa fremur til styrkleika en veikleika

Reglur almannatryggingakerfisins eru komnar til ára sinna og þarfnast endurskoðunar.

Samtök atvinnulífsins hafa talað fyrir endurskoðun almannatryggingakerfisins um árabil enda eru þær reglur sem kerfið byggir á komnar til ára sinna og margar gagnrýniverðar.

Kerfið eins og það er í dag metur skerðingar fólks í stað starfsgetu en eðlilegra væri að horfa fremur til styrkleika en veikleika, með áherslu á virkni.


Með starfsendurhæfingu, líkt og þeirri sem starfrækt er hjá VIRK starfsendurhæfingarsjóði, má sporna við auknu nýgengi örorku og auka líkur á að fólk eigi afturkvæmt á vinnumarkað eftir veikindi.

Ljóst er að til mikils er að vinna en skv. skýrslu sem unnin var af Talnakönnun fyrir stjórn VIRK, var meðalsparnaður, ávinningur samfélagsins af virkni einstaklinganna, á hvern útskrifaðan einstakling frá VIRK 16,2 milljónir króna á árinu 2021.

Þegar VIRK starfsendurhæfingarsjóður var settur á stofn með kjarasamningum árið 2008 lá fyrir að samhliða yrðu gerðar breytingar á almannatryggingakerfinu, þannig að saman mættu verkfærin stuðla að aukinni vinnufærni einstaklinga í stað þess að einblína á skerðingar. Þær breytingar urðu hins vegar aldrei.

Hlutfall öryrkja af fólki á vinnufærum aldri

Örorkulífeyrisþegar, örorkustyrkþegar og endurhæfingarlífeyrisþegar[1]



1: Mannfjöldi á aldrinum 18-67 ára, að undanskildum erlendum ríkisborgurum. Árin 2022 og 2023 er fjöldinn m.v. 2,5% kefislægan vöxt.
Heimild: Fjármála- og efnahagsráðuneytið

Nýta á samkeppni um veitingu sjúkraþjónustu að uppfylltum kröfum um magn, gæði og verð

Tryggja þarf að greiðslukerfi mismuni ekki rekstrarformum.

Eins og SA hafa fjallað um í nýlegri úttekt um heilbrigðismál þá felast margvíslegar áskoranir í heilbrigðismálum, tengdar lýðfræðilegri þróun og breyttri aldurssamsetningu sem og breyttum lifnaðarháttum og lýðheilsuógnum. Fyrirséð er að kostnaður við heilbrigðisþjónustu muni fara vaxandi og krafan um betri nýtingu fjárframlaga ríkisins brýn.

Óljóst er hvaða heilbrigðisþjónustu hið opinbera fjármagnar. Ósamræmi er í fjármögnun og samningagerð.

Óskýr markmið og viðmið hins opinbera um hvaða heilbrigðisþjónustu skuli niðurgreiða og hver megi veita þjónustuna koma niður á þjónustu við notendur. Kostnaður og fjárveitingar í heilbrigðiskerfinu eru oft ógagnsæjar og órökréttar. Ekki er samið um alla þjónustu og ósamræmi er í því hvernig fjármunum er úthlutað til ólíkra rekstraraðila. Þar sem gagnsæi er lítið er samanburður erfiður. Litlir hvatar eru til hagræðingar í starfsemi hjá opinberum aðilum sem ekki fá úthlutað fjármagni á verkefnabundnum grunni.

Mikilvægt er að heilbrigðisráðuneytið fylgi því eftir að veitendur heilbrigðisþjónustu uppfylli skýr viðmið um gæði og öryggi þjónustunnar og að sömu viðmið eigi við um alla rekstraraðila.

Óskilgreind viðmið leiða af sér óhagræði og sóun.

Óljós skilaboð og skortur á skilgreindum viðmiðum leiða of oft til þess heilbrigðisþjónusta er ekki veitt á viðeigandi þjónustustigi. Í því getur falist óhagræði og sóun auk þess sem hætta skapast á því að notendur þjónustu falli á milli í kerfinu. Eftirsóknarvert er að veita ætíð þjónustu við hæfi, á viðeigandi þjónustustigi, byggt á heilsufari, sjúkdómsástandi og réttindum.

Mikilvægt er að halda áfram að efla og bæta heilsugæsluna svo sjúklingar leiti til hennar fremur en bráðamóttökunnar (aðflæðisvandinn). Tryggja þarf að sjúklingur fái þjónustu við hæfi að lokinni sjúkrahúsvist til að endurhæfing geti hafist sem fyrst (fráflæðisvandinn).

Tillögur SA fela í sér fimm meginstef:

1. Notandinn í fyrsta sæti: skýr réttur og fjármögnun
2. Samningar um alla heilbrigðisþjónustu
3. Einstaklingsmiðuð heilbrigðis-þjónusta við hæfi
4. Stafræn heilbrigðisþjónusta
5. Forvarnir í fyrirrúmi

Sjá nánar um tillögur SA: https://samtok-atvinnulifsins.cdn.prismic.io/samtok-atvinnulifsins/2577eeb1-f3d1-4d39-81bc-657f75b4d74c_heilbrigdisthjonusta-a-timamotum.pdf

Samkeppnishæft atvinnulíf er allra hagur

Athugasemdir og umsagnir aðildarsamtaka SA

Samtök atvinnulífsins lýsa yfir stuðningi við umsagnir aðildarsamtaka sinna og vísa til nánari greininga sem þar má finna.

Sem dæmi má nefna neðangreind mál auk fleiri atriði sem einstaka aðildarsamtök fjalla um.

SI

- Nýsköpun er ein meginforsenda framleiðniaukningar, verðmætasköpunar, samkeppnishæfni og gjaldeyrisöflunar fyrirtækja og þjóða. Áherslum í fjárlögum á rannsóknir og nýsköpun er því fagnað. Samtökin leggja því ríka áherslu á að stjórnvöld leitist við að skapa stöðugt og fyrirsjáanlegt nýsköpunarumhverfi. Vaxandi vandamál meðal fyrirtækja er falið í skort á sérfræðiþekkingu.
- Mikilvægt er að efla menntakerfi hér á landi og fjölga útskrifuðum með tæknimenntun, og horfa á útgjöld til menntunar sem fjárfestingu sem mun skila sér í öflugu menntakerfi sem tengir saman færni mannauðsins og þarfir atvinnulífsins á hverjum tíma.

SAF

- Ætli stjórnvöld að ná markmiðum sínum um sjálfbæra uppbyggingu og stýringu ferðaþjónustunnar á næstu árum þurfa þau að vera leiðandi og sýna frumkvæði þegar kemur að orkuskiptum, ásamt því að efla rannsóknir í ferðaþjónustu, efla uppbyggingu innviða og stór auka markaðs- og kynningarstarf erlendis.

- Samtökin leggjast gegn boðuðum áformum á fyrirhugaðri gjaldhækkun vegna fiskeldis í sjó. Að mati samtakanna er ekki æskilegt að leggja til frekari gjaldhækkanir á atvinnugrein sem er í mótun og uppbyggingu, bæði lagalega og rekstrarlega, á meðan enn er ekki komið að fullri gjaldtöku samkvæmt núgildandi lögum.
- Það er mat samtakanna að það sé mikilvægt að efla og bæta verulega vöktun og rannsóknir á lífríki sjávar og að Hafrannsóknastofnun fái til þess fullnægjandi fjármagn. Auk þess að vera forsenda sjálfbærrar nýtingar á fiskistofnum mynda hafrannsóknir nauðsynlegan grunn að upplýsingum og kynningu á sjávarútvegi á erlendum mörkuðum, sem tryggir samkeppnishæfni atvinnugreinarinnar.

SVÞ

- Samtökin taka undir með Bílgreinasambandinu og SVÞ sem telja breytingar á vörugjöldum á ökutæki og bifreiðagjaldi ekki samræmast stefnu ríkisstjórnarinnar í loftslags- og orkuskiptamálum. Full ástæða er til að skattstefna ökutækja og eldsneytis verði útfærð í formi áætlunar þar sem tilgreind eru markmið, aðgerðir, mælikvarðar og viðmið endurmats sem taka mið af loftslags- og orkuskiptamarkmiðum annars vegar og tekjuöflunarmarkmiðum ríkisins hins vegar.

Gæta þarf að samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja

Forsenda almennrar velmegunar er að hér vaxi og dafni blómlegt atvinnulíf. Mikilvægt er að stjórnvöld leggi sitt af mörkum til þess að styrkja starfsumhverfi íslenskra fyrirtækja.

Þegar kemur að samkeppnishæfni fyrirtækja er að mörgu að huga. Þar á meðal má nefna kaup- og kjaraþróun, regluverk, opinbera gjald- og skattheimtu, aðgengi að mörkuðum, ásamt öðrum þáttum á borð við mannauð, í samanburði við önnur lönd.

Ef þessi atriði eru skoðuð hér á landi er kemur í fyrsta lagi í ljós að **Íslensk fyrirtæki greiða há laun í alþjóðlegum samanburði, en hærra hlutfall verðmætasköpunar rennur í vasa launþega hér á landi en víðast hvar annarsstaðar.** Í öðru lagi hafa alþjóðastofnanir bent á þunga reglubyrði sem íslenskar atvinnugreinar búa við, t.a.m. voru lagðar fram 438 tillögur til breytinga í samkeppnismati OECD á regluverki ferðaþjónustu og byggingariðnaðar árið 2020 sem eru til þess fallnar að skapa sveigjanlegra rekstrarumhverfi, skapa fleiri störf og auka framleiðni og vöxt í hagkerfinu. **Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn lagði einnig áherslu á tækifæri til þess að létta á regluverki** í kringum sprotafyrirtæki í nýlegri skýrslu sinni svo fjölga megi efnahagslegum undirstöðum íslenska hagkerfisins. Óljóst er hvort og þá hvernig stjórnvöld ætli að vinna með tillögur OECD. Í þriðja lagi tekur íslenska ríkið til sín meira en þriðjung þeirra verðmæta sem verða til hagkerfinu. **Nær hvergi meðal þróaðra ríkja dregur hið opinbera meira til sín í formi skattheimtu**. Þarf það raunar ekki að koma svo mjög á óvart í ljósi þess að skattheimtan stendur undir opinberum útgjöldum sem eru einnig með þeim hæstu sem þekkjast.

Það má vera ljóst að aukin atvinnusköpun stendur undir auknum tekjum ríkissjóðs. **Sé vilji stjórnvalda að styðja við samkeppnishæft atvinnulíf, fjölgun starfa og aukinn hagvöxt ætti heldur að draga úr skattheimtu og reglubyrði en hitt**. Mikil tækifæri eru til umbóta á þessu sviði hér á landi, þrátt fyrir það eru boðaðar auknar álögur á fólk og fyrirtæki í fyrirliggjandi fjárlaga frumvarpi. Það skýtur því skökku við á sama tíma og treyst er á að atvinnulífið dragi áfram vagninn.



Sjá niðurstöður OECD: https://www.stjornarradid.is/library/01--Frettatengt---myndir-og-skrar/ANR/ThKRG/Samkeppnismat%20OECD%20-%20helstu%20ni%C3%B0urst%C3%B6%C3%B0ur.pdf

Þrátt fyrir að skattheimta sé nú þegar með því mesta sem þekkist er stefnt að því að bæta í

Huga þarf að áhrifum þeirra skatta sem áætlað er að leggja á sem og boðaðar hækkanir ýmissa gjalda. Ekki er hlaupið að því að hærri skattar auki tekjur ríkissjóðs.

Líkt og komið hefur verið inn á er skattheimta með mesta móti hér á landi, þrátt fyrir það eru boðaðar ýmsar breytingar til hækkunar á sköttum og gjöldum.


Þar á meðal er **hækkun sk. krónutölugjalda** í samræmi við áætlaða hækkun vísutölu neysluverðs í árslok, eða 7,7%. Þar undir falla t.a.m. olíu- og bensín-, og kolefnisgjald, kílómetra- og bifreiðagjald, og áfengis- og tóbaksgjald. Þar að auki er lögð til samsvarandi hækkun á aukatekjum ríkissjóðs. Augljóst er að mörg hver þessara gjalda hafa áhrif á starfsemi fyrirtækja og auka kostnað, sem kann að skila sér í hærra vöruverði og draga úr samkeppnishæfni fyrirtækja.

Að auki stendur til að **hækka gjald vegna fiskeldis í sjó og fiskeldissjóð**. Lögð verður til hækkun á gjaldhlutfalli úr 3,5% í 5%, en hér er verið að hækka skatt sem er nú þegar með þeim hæstu sem fyrirfinnast á fiskeldi á heimsvísu. Óvarlegt er að hækka skatta með þessum hætti á atvinnugrein sem nú er í mótun og uppbyggingu. Gefa þarf nýjum, sem og rótgrónum, atvinnugreinum andrými til vaxtar.

Skert alþjóðleg samkeppnisstaða íslenskra fyrirtækja leiðir að endingu til minni fjárfestingar og þar með verðmætasköpunar, hægir á fjölgun starfa og minnkar skattstofn hins opinbera. Það er því ekki endilega svo að aukin skattheimta skili auknum tekjum í kassann.

Þriðjunugur verðmætasköpunar rennur til hins opinbera

10 efstu ríki OECD, skatttekjur hins opinbera 2020 (%VLF), leiðrétt fyrir greiðslum almannatrygginga



Leiðrétt fyrir almannatryggingum til að gera ríki með sjóðsöfnunar- og gegnumstreymiskerfi samanburðarhæf. Gögn fyrir Danmörku bjóða ekki upp á slíkt. Tölur fyrir Ástralíu eru frá árinu 2019.
Heimildir: OECD og útreikningar SA

Samkeppnishæfni Íslands sem áfangastaðar sett í hættu?

Afar varhugavert að leggja stein í götu ferðaþjónustu á meðan greinin nær fyrri styrk – Ísland er í harðri samkeppni um erlenda ferðamenn.

Varaflugvallagjald kann að skerða samkeppnishæfni Íslands

Áformað er að taka upp varaflugvallagjald til að standa undir uppbyggingu og rekstur flugvalla og veitingu flugleiðsöguþjónustu. Útfærsla gjaldsins liggur ekki fyrir en áætlað að það komi til með að skila 1,4 ma.kr. í ríkiskassann. SA fagna því að stefnt sé að því að bæta aðstöðu varaflugvalla hér á landi en varhugavert er ef slíka uppbyggingu á að fjármagna með frekari álögum á flugumferð.

Keflavíkurflugvöllur er rekinn á markaðsforsendum og í samkeppni við aðra flugvelli og því er mikilvægt að samkeppnisstöðu hans verði ekki raskað með því að leggja á kvaðir umfram það sem almennt gerist um flugvelli sem hann á í samkeppni við. Íslenskir flugrekendur eiga í harðri samkeppni um flug yfir Atlantshafið og liggur í augum uppi að auknar álögur á flugumferð til og frá Íslandi myndu skerða samkeppnishæfni þeirra á þeim markaði. Óhætt er að fullyrða að tengingar um Keflavíkurflugvöll spili lykilhlutverk í því að fjölga erlendum ferðamönnum sem sækja Ísland heim enda auka þær tíðni flugferða og gera flugfélögum kleift að auka fjölbreytileika áfangastaða. Gjaldheimta til þess að standa straum af innviðauppbyggingu má ekki leiða til þess að draga úr samkeppnishæfni Íslands sem áfangastaðar.

Við þetta má bæta að varaflugvallagjald var lagt af á sínum tíma með vísan til alþjóðlegra skuldbindinga Íslands skv. EES-samningnum.

Hækkun áfengisgjalda í Fríhöfn færir verslun til annarra landa

Til stendur að hækka hlutdeild áfengis- og tóbaksgjalds sem lagt er á í tollfrjálsum verslunum sem hluta af aðgerðum stjórnvalda gegn þenslu og verðbólgu.

Einfaldur servíettu útreikningur leiðir í ljós að áhrifin á verðlagningu í Fríhöfninni eru þó nokkur og jafnvel til þess fallin að gera fríhöfnina ósamkeppnishæfa við fríhafnarverslanir annarra flugvalla. Þannig leiðir breytingin til þess að verð á lítra af sterku áfengi hækkar um rúmlega þriðjung, að öðru óbreyttu, og yrði þá rúmlega 30% dýrari en t.d. í brottfararverslun á Gardemoen eða um tvöfalt dýrari en á flugvellinum á Alicante.

Ætla má að sala fríhafnarinnar muni dragast verulega saman ef af þessum breytingum verður og verslunin þess í stað færast til brottfararflugvallar. Tekjur Keflavíkurflugvallar myndu dragast saman sem því nemur sem komið gæti niður á frekari uppbyggingu flugvallarins, það myndi aftra frekari fjölgun flugtenginga og fjölgun ferðamanna.

Heimildir: Fjármála- og efnahagsráðuneytið, Skatturinn, heimasíður fríhafnarverslana og útreikningar SA

Tryggja þarf áframhald máltækniáætlunar

Mikilvægt er að gera fyrirtækjum og stofnunum kleift að nýta íslenskt mál í starfsemi sinni og afurðum og stuðla þannig að vernd íslenskrar tungu.

Frá árinu 2019 hafa innviðir máltækni fyrir íslensku verið byggðir upp undir fyrstu máltækniáætlun stjórnvalda. Á undanförnum þremur árum hefur mikið áunnist í breiðu samstarfi háskóla, stofnana, fyrirtækja og félagasamtaka við markvissa uppbyggingu þekkingar og lausna til að tryggja framtíð íslenskunnar í stafrænum heimi.

Að mati Samtaka atvinnulífsins er afar áríðandi að áfram sé haldið með þessa mikilvægu vinnu. Áhersla er lögð á fullfjármögnun markvissra aðgerða til að gera fyrirtækjum og stofnunum kleift að nýta íslenskt mál í starfsemi sinni og afurðum og stuðla þannig að vernd íslenskrar tungu.

Mikilvægt er að byggt verði ofan á þá fjárfestingu í innviðum máltækninnar sem þegar hefur átt sér stað. Áframhaldandi uppbygging er jafnframt lykilþáttur í áherslu ríkisstjórnarinnar hvað varðar þróun íslenskunnar á tímum örra breytinga, sem lögð er fram í fjármálaáætlun 2023-2027.

Samtök atvinnulífsins hvetja eindregið til þess að áframhald máltækniáætlunar verði tryggt með fullri fjármögnun í takt við áherslur ríkisstjórnarinnar um þróun og varðveislu íslenskrar tungu.



Önnur atriði

Ekki fæst betur séð en að gengið sé út frá því að verðlag lækki það sem eftir lifir árs

Haldist vísitala neysluverðs óbreytt það sem eftir lifir árs verður verðbólga 7,8% í árslok en ekki 7,7% líkt og forsendur frumvarpsins gera ráð fyrir. Slík þróun verður að teljast afar hæpin.

Lögum samkvæmt tekur fjárlagagerð mið af þjóðhagsspá Hagstofu Íslands. Í frumvarpi til fjárlaga að þessu sinni er miðað við uppfærða spá frá því í júní sl. Þar er t.d. gert ráð fyrir 5,1% hagvexti í ár, 7,5% meðalverðbólgu og 7,7% verðbólgu í árslok.

Ekki er lagt sérstakt mat á það hvort forsendan um hagvöxt og undirliði landsframleiðslu standist enda liggja aðeins fyrir þjóðhagsreikningar á fyrri árshelmingi. Hins vegar liggur fyrir verðlagsþróun til september og ef vísitala neysluverðs helst óbreytt það sem eftir lifir árs verður verðbólgan 7,8% í árslok og meðalársverðbólga 8%.

Með öðrum orðum þyrfti verðlag að lækka á næstu mánuðum til að forsendur endurmats á rekstri ríkissjóðs 2022 gangi upp og þar með forsendur fjárlaga 2023.


Þó hægt hafi á verðbólgu verður að teljast afar ólíklegt að verðhjöðnun eigi sér stað á næstu mánuðum eftir miklar hækkanir verðlags síðustu mánuði og er ekki gert ráð fyrir verðhjöðnun í neinum opinberum spám.

Forsendur um verðlagsþróun hafa áhrif á bæði tekjur, t.d. af virðisaukaskatti og tekjuskatti, og ýmiss konar kostnað sem ríkið stendur frammi fyrir, s.s. vöru- og þjónustukaup ríkisins.

Hver heildaráhrifin eru er erfitt að segja til um en ljóst er að fjárlagafrumvarpið byggir ekki fyllilega á nýjustu upplýsingum fyrir utan eðlilega óvissu.

Verður verðhjöðnun á síðustu mánuðum ársins?

Þróun verðlags (VNV) til og með september í samanburði við forsendur fjárlaga



Heimildir: Fjármála- og efnahagsráðuneytið og Hagstofa Íslands

Sviðsmyndir kalla ekki aðeins á útlistun áhrifa heldur einnig mögulegra viðbragða

Tilvist sviðsmynda um framvindu í efnahagsmálum og áhrif á ríkisfjármálin er jákvæð en vöntun er á að útlistuð séu möguleg viðbrögð við þeim.

Samtök atvinnulífsins kölluðu lengi vel eftir því að sviðsmyndagreining yrði hluti af undirbúningsvinnu opinberrar áætlunargerðar. Nú er það orðin raunin en samtökin telja skorta á umfjöllun um möguleg viðbrögð ríkissjóðs og opinberra fjármála komi til þess að sviðsmyndir raungerist. Að öðrum kosti hefur sviðsmyndagreiningin takmarkaða, ef einhverja, þýðingu. Á þetta hefur verið bent í fyrri umsögnum SA um opinber fjármál. Í nýjustu álitsgerð fjármálaráðs, um fjármálaáætlun fyrir árin 2023-2027, sem og öðrum eldri, er kallað eftir því sama. Slík vinnubrögð séu þar að auki í samræmi við grunngildi laga um opinber fjármál sem snúa að varfærni og gagnsæi.

Að þessu sinni er aðeins tiltekin ein frávikssviðsmynd, þ.e. svartsýn sviðsmynd, þar sem greind eru áhrif minni alþjóðahagvaxtar og meiri alþjóðlegrar verðbólgu á innlenda hagþróun. Raungerist frávikssviðsmyndin má gera ráð fyrir að afkoma ríkissjóðs verði 10-15 ma.kr. lakari eða sem samsvarar 0,3% af VLF. Að sama skapi myndu skuldir ríkissjóðs aukast um 0,5% af VLF vegna lakari afkomu og lægri vergrar landsframleiðslu en grunnsviðsmyndin gerir ráð fyrir.

Mikilvægt er að mörkuð sé ákveðin og skýr stefna um hvernig megi ná markmiðum opinberra fjármála komi til þess að sviðsmyndir raungerist og skilgreina viðbrögð eftir því hvernig málum vindur fram. Þó ekki ef aðeins til þess eins að um þær skapist nauðsynleg umræða og pólitísk samstaða. Með þessu móti er unnt að auka fyrirsjáanleika og festu opinberra fjármála.

Óhófleg bjartsýni til meðallangs tíma í ríkisfjármálum getur haft slæm áhrif á rekstrarniðurstöður og getur verið notuð sem réttlæting fyrir þenslu í ríkisfjármálum. Bjartsýni varðandi stöðu hagkerfisins að nokkrum árum liðnum leiðir að sama skapi til bjartsýnna útgjaldaáætlana. **Hættan er sú að ef þróun í efnahagsmálum leiðir til verri vegar getur reynst pólitískt erfitt að aðlaga ríkisfjármálin að breyttum veruleika ef ekki hefur verið tiltekið fyrir fram hvernig bregðast skuli við lakari framvindu.**

Augljóst er að lítil bjartsýni er fyrir efnahagsframvinu komandi missera enda enga bjartsýna sviðsmynd að finna í greinargerð frumvarpsins. Hlutirnir gætu þó þróast til betri vegar en búist er við. Í ljósi þess að tilhneiging hefur verið til þess að ráðstafa óvæntum tekjuauka til varanlegra útgjalda færi ekki síður vel á því að útfæra viðbrögð komi til þess að hlutir þróist með hagstæðari hætti en búist er við. Það er einkum þá sem reynir á hagstjórnarhlutverk hins opinbera, að halda að sér höndum, þvert á háværar kröfur samfélagsins um að nóg sé til sem gjarnan megi ráðstafa til misáríðandi nýrra eða aukinna verkefna.

Fjölbreytt og ábyrgt atvinnulíf
- sem bætir kjör allra.

Alþingi
Fjárlaganefnd
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík, 7. október 2022

Efni: Umsögn um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2023, mál nr. 1

Hinn 13. september 2022 var frumvarpi til fjárlaga útbýtt á Alþingi og mælti fjármála- og efnahagsráðherra með frumvarpinu 15. september. Frumvarpinu var vísað til fjárlaganefndar daginn eftir og 19. september sl. barst SAF – Samtökum ferðaþjónustunnar beiðni um umsögn um frumvarp til fjárlaga 2023 frá Fjárlaganefnd Alþingis. Frestur til að skila umsögn var veittur til og með 7. október 2022. Á vettvangi SAF hefur frumvarpið verið yfirfarið og í umsögn þessari verður farið yfir helstu athugasemdir samtakanna.

Mikilvægi íslenskrar ferðaþjónustu

Mikilvægi ferðaþjónustunnar er óumdeilt og kemur það m.a. skýrt fram í fjárlagafrumvarpinu. Á bls. 91 í frumvarpinu og áfram kemur fram að hagkerfið hafi tekið við sér á ný eftir faraldur og að síðustu tvö ár hafa stjórnvöld, réttilega, þurft að örva hagkerfið og verja heimili og fyrirtæki, en þá er nefnt að staðan í dag sé gjörbreytt. Einkaneysla hafi aldrei verið sterkari, ferðamenn langtum fleiri en vonast var til og efnahagurinn hafi styrkst skref fyrir skref og atvinnuleysi skroppið saman undanfarna mánuði.

Á síðastliðnum fimm árum hefur ytri staða þjóðarbúsins orðið sterk og skuldsetning lægri en meðal margra nágrannaríkja. Ferðaþjónustan dreif áfram umbreytinguna um tíma og hefur nú orðið sterk útflutningsstoð við hlið sjávarútvegs og nýtingu orkuauðlinda líkt og kemur fram á bls. 99.

Hraður viðsnúningur hefur átt sér stað eftir faraldur og er það að mörgu leyti drifið áfram af hröðum viðsnúning í ferðaþjónustu. Ferðaþjónustan heldur því áfram að stuðla að lífskjarabót þjóðarinnar eins og síðastliðinn áratug.

Samtökin geta fullyrt að ferðaþjónustan er ein af mikilvægustu stoðum hagkerfisins, og sú fullyrðing er endurómuð í umfjöllun frumvarpsins. Hún hefur bætt lífskjör allra í landinu og er komin til að vera en til þess að hún geti áfram leikið þetta lykilhlutverk þá þurfa stjórnvöld að vera vakandi fyrir þeim áskorunum sem blasa við atvinnugreininni svo ferðaþjónustan geti haldið áfram að fjármagna íslenska velferðarríkið.

Slæmar efnahagshorfur út í heimi munu hafa áhrif

Í kafla um efnahagshorfur í frumvarpinu kemur fram að alþjóðlegar efnahagshorfur hafi versnað hratt og enn syrti í álinn, ekki síst í Evrópu og mörgum nýmarkaðsríkjum. Þá kemur fram að áhrifin séu takmörkuð hérlendis, verð á útflutningsvörum hafi hækkað og mikil eftirspurn sé eftir innlendri ferðaþjónustu. Þá kemur fram að erlendir ferðamenn séu hér nú jafn margir og fyrir faraldur. Gert er ráð fyrir að útflutningur vaxi um 6% árið 2023 í spá Hagstofnunar og þar vegi fjölgun ferðamanna þyngst. Útlitið er sem sagt gott.

Á bls. 103 í frumvarpinu er þó farið yfir nokkra óvissuþætti við núverandi aðstæður og lítið til tveggja meginóvissuþátta. Er þar helst að nefna ytri aðstæður þjóðarbúsins. Hækkun hrávöruverðs í kjölfar innrásar Rússa í Úkraínu og þess tjóns sem það hefur valdið á heimsvísu, í formi orkukrísu og truflana á framboði hrávöru. Það gæti orðið til þess að alþjóðleg verðbólga aukist enn. Í öðru lagi er óvissa um innri þætti hagkerfisins sem eru í meiri eða minni mæli á áhrifasviði hagstjórnaraðila. Þar ber helst að nefna óvissu um niðurstöðu kjaraviðræðna sem getur sett mark sitt á verðbólguþróun til skemmri og lengri tíma.

Báðir þessir óvissuþættir eru áhrifamiklir fyrir íslenska ferðaþjónustu. Orkukrísa og niðursveifla í helstu viðskiptalöndum okkar mun hafa neikvæð áhrif á íslenskan efnahag og þá sérstaklega ferðaþjónustu. Við það að ástand á helstu mörkuðum íslenskrar ferðaþjónustu fari versnandi gerir það að verkum að enn meiri samkeppni verður um þá ferðamenn sem ætla að ferðast og meira þarf að hafa fyrir því að sækja þá hingað til lands. Í frumvarpinu er ekkert rætt um samkeppni um ferðamenn, fremur er talað um að hagur ferðaþjónustunnar haldi áfram að vænkast, án sérstaks tillits til ofangreindra óvissuþátta. Ísland verður hins vegar að hafa augun opin svo markmið stjórnvalda um hinn betur borgandi ferðamann verði einhvern tímann að veruleika.

Ef ekkert er að gert þá er líklegt að niðursveifla í heimaríkjum þeirra ferðamanna sem hingað hafa komið muni hafa áhrif á komutíðni þeirra og neyslu hér á landi og aðeins er tímaspursmál hvenær tvísýnar efnahagshorfur í Bretlandi og meginlandi Evrópu hafi áhrif hér á landi. Undir þeim kringumstæðum getur samkeppnishæfni íslenskrar ferðaþjónustu skipt sköpum.

Krónutöluhækkanir

Í fjárlagafrumvarpinu er gert ráð fyrir að svokölluð krónutölugjöld, nefskattar og aukatekjur breytist í samræmi við áætlaða vísitölu neysluverðs í árslok eða sem nemur um 7,7% samkvæmt spá Hagstofunnar. Í fjárlagafrumvörpum síðustu ára eða alveg frá árinu 2019 hefur verið miðað við verðbólgumarkmið Seðlabanka Íslands. Samtökin telja nær að halda áfram að miða við verðbólgumarkmið SÍ. Það eru lítil rök að finna í frumvarpinu fyrir þessari breytingu. Er um umtalsverða skattahækkun að ræða. Hér er verið að hækka gjöld á áfengis-, tóbaks-, bensín-, olíu-, kolefnis-, bifreiða- og kílómetragjald ásamt gjaldi í framkvæmdasjóð aldraða, útvarpsgjaldi og gjöldum sem falla undir lög um aukatekjur ríkissjóðs. Líkt og kemur fram í frumvarpinu mun þetta hafa áhrif á verðlagsuppfærslu í ríkissjóð sem nemur 6,4 ma.kr. að meðtöldum hliðaráhrifum á vsk. Bein áhrif á vísitölu neysluverðs eru metin á 0,2% hækkunar.

Í stað þess að viðhalda þeim verðstöðugleika þá ýtir þetta almennu verðlagi upp sem hefur áhrif á atvinnulífið og heimilin. Skatthækkanir eins og þessi geta haft áhrif á neyslu og geta þannig unnið á móti verðbólgu. Samtökin draga það sumpart í efa enda að sumu leyti um að ræða gjöld sem eru ekki neysludrifin líkt og gjald í framkvæmdasjóð aldraða, útvarpsgjald og flest gjöld sem teljast til aukatekna ríkissjóðs. Þær neysluvenjur sem hækkun skattanna hafa helst áhrif á eru gjöld á nauðsynjavörur sem líkur eru á að almenningur dragi takmarkað úr þótt þau hækki. Fólk heldur áfram að keyra ökutækin sín og hjól atvinnulífsins halda áfram að snúast. Það mun hins vegar hægja á hjólum atvinnulífsins. Miðað við aðrar Evrópuþjóðir eru skattar á áfengi og tóbak með þeim hæstu hér á landi. Það hefur nú þegar ýmis neikvæð áhrif á eftirspurn í íslenskri ferðaþjónustu.

Það er ljóst að fyrirhuguð skattahækkun mun gera áfangastaðinn Ísland að enn dýrari áfangastað og munu ferðamenn líkt og landsmenn finna vel fyrir hækkuninni sem mun draga úr samkeppnishæfni íslenskrar ferðaþjónustu.

Samtökin leggja til að áfram verið miðað við verðbólgumarkmið Seðlabanka Íslands líkt og í fyrri fjárlagafrumvörpum en ekki við áætlaða vísitölu neysluverðs í árslok líkt og er gert í frumvarpinu nú.

Hækkun áfengis- og tóbaksgjalds í fríhöfninni er óskynsamleg aðgerð

Samtökin mótmæla fyrirhugaðri hækkun áfengis- og tóbaksgjaldi í tollfrjálsum verslunum í frumvarpinu. Frumvarpið gerir ráð fyrir allt að 150% hækkun á áfengisgjaldi í fríhafnarverslun sem á að skila um 700 m.kr. í ríkissjóð. Samtökin telja að ef fyrirhuguð hækkun standi þá muni verslun með þær vörur færast úr landi og sala í fríhöfn dragast saman og leiða til tekjuskerðingar hjá Isavia. Því munu fyrirhugaðar tekjur af hækkuninni skila sér að litlu leyti. Komufarþegar munu átta sig á því hvar Davíð getur keypt ódýrara öl og versla áfengið á brottfararflugvelli. Komi farþegar í flugvélarnar klyfjaðir af áfengi mun það þyngja vélarnar, auka óhagkvæmi og hækka kolefnisspor, þvert gegn viðleitni flugfélaga undanfarið til að létta vélarnar. Auk þess mun þetta bitna á innlendri framleiðslu sem er ekki til sölu erlendis.


Mikilvægi orkuskipta

Að mati samtakanna vinnur fyrirliggjandi fjárlagafrumvarp beinlínis gegn orkuskiptum í samgöngum. Undanfarin tvö ár hafa ökutækjaleigur og stjórnvöld staðið að samkomulagi sem byggir á að ef bílaleigur nýskrá ákveðinn hluta vistvænna bílaleigubíla af heildarfjölda nýskráninga, verði til hvati sem felur í sér að hluti vörugjalds er felldur niður af hefðbundnum ökutækjum. Markmiðið var 15% af nýskráningum árið 2021 og er 25% af nýskráningum árið 2022. Markmið beggja ára hafa náðst og vel það. Yfirmarkmið verkefnisins er að koma fleiri vistvænum ökutækjum á eftirmarkað þegar hlutverki þeirra sem bílaleigubíla er lokið.

Ljóst er að stór hluti nýskráðra vistvænna bílaleigubíla innan fyrrnefndra markmiða eru tengiltvinn bílar sem helgast af því að það er betra að bjóða slíka bíla í skammtímaleigu þar sem hleðsluinnviðir og kerfi eru vanþróuð og aðstæður víða á landsbyggðinni takmarkaðar fyrir hreina rafbíla. Sú þróun er þó í rétta átt. Tengiltvinn bílar með aukna rafmagnsdrægni eru eini raunhæfi kosturinn sem bílaleigur geta nýtt eins og sakir standa og mikilvægt að skoða samstarf um að fjölga þeim. Ef hreinir rafbílar eiga að vera raunhæfur kostur fyrir bílaleigur þarf einnig öflugt samstarf við stjórnvöld um að fjölga nýskráningum slíkra bíla.

Líklegt er að um 8.000 bílaleigubílar verði nýskráðir á næsta ári. Þar af verður einhver hluti hreinir rafbílar en hve mikill hluti ræðst af vilja stjórnvalda til að vinna með bílaleigum að hröðum orkuskiptum. Án hvata má reikna með að fjárfesting ökutækjaleiga í hreinum rafbílum verði minni en á þessu ári og líklegt að hraði í orkuskiptum takmarkist verulega. Það mun einnig hafa veruleg áhrif á markmið stjórnvalda í orkuskiptum og alþjóðleg markmið ársins 2030 í losun gróðurhúsalofttegunda. Auk þess er líklegt að framleiðendur muni frekar ýta hreinum rafbílum á markaði þar sem samkeppnishæft verð er í boði.

Í lok september voru 22.959 ökutæki skráð í umferð sem bílaleigubílar, þar af eru hreinir rafbílar 952. Það er um 4,1% af heildarfjölda bílaleigubíla. Fjármálaáætlun stjórnvalda hefur gert ráð fyrir að um 20% bílaleigubíla verði vistvænir árið 2025 og 2025-2026 verði um helmingur nýskráðra bíaleigubíla vistvænir **en á þessu ári eru um 5,6% nýskráðra bílaleigubíla hreinir rafbílar.** Ljóst er að þessi markmið nást ekki en mögulegt er að nálgast þau með samstilltu átaki. Samtökin lýsa því vonbrigðum með þær áherslur sem lagðar eru til í frumvarpinu.



Nýskráningar bílaleigubíla m.v. september 2022, Heimild: SVÞ/BGS

Á meðan unnið er að framtíðarfyrirkomulagi skjótra orkuskipta er einfalt að viðhalda niðurfellingu vörugjalda af bílaleigubílum, það er hins vegar ekki hentugasta leiðin til að ná fram hvötum til orkuskipta og markmiðum stjórnvalda en þessi leið er nú þegar til, og hægt að nýta hana út árið 2023 ef vilji stjórnvalda er til staðar. Forsendur til að njóta niðurfellinga á vörugjöldum árið 2023 getur þó að mati SAF aldrei orðið meira en 10% nýskráðra hreinna rafbíla af heildarfjölda nýskráninga þar sem framboð hreinna rafbíla í heiminum er takmarkað sem og eftirspurn ferðamanna og hleðsluinnviðir.

Fyrirsjáanleiki mikilvægari en ívilnanir

Ökutækjaleigur og Samtök ferðaþjónustunnar kalla eftir auknum fyrirsjáanleika þegar kemur að stefnu vegna orkuskipta. Hingað til hefur fyrirsjáanleiki verið takmarkaður og ökutækjaleigur hafa lent í skattheimtu við endursölu sem almenningur sleppur við. Mikilvægt er að forsendur og fyrirsjáanleiki núgildandi hvatakerfis miðist við að endursala bílaleigubíla eigi sér stað á sömu forsendum og giltu þegar ökutækið var nýskráð. Þá er mikilvægt að útleiga ökutækja, bæði tengiltvinn og rafmagn, sem hafa einhverntíma notið niðurfellingar á VSK verði án VSK að minnsta kosti í fimm ár eftir nýskráningu. Því eru fyrirsjáanleiki aðgerða ásamt jafnræði í sölu og útleigu mikilvægari en ívilnanir.

Samtökin lýsa sig reiðubúin að viðhalda því samkomulagi sem ökutækjaleigur og stjórnvöld gerðu um hröð orkuskipti svo markmið stjórnvalda í loftlagsmálum náist. Samtökin kalla eftir vilja stjórnvalda varðandi hröð orkuskipti og aukinn fyrirsjáanleika í þeim efnum.

Innviðauppbygging

Í febrúar 2021 gáfu Samtök iðnaðarins út skýrsluna „Innviðir á Íslandi – ástand og framtíðarhorfur“. Í skýrslunni er metið umfang, ástand og framtíðarhorfur helstu innviða á Íslandi, þ. á m. vegakerfið. Vegakerfið hlýtur *ástandseinkunina 2* og er uppsöfnuð viðhaldsþörf á þjóðvegum landsins metin 110 ma.kr. en viðhaldsþörf sveitarfélagsvega er metin 50 til 70 ma.kr. Í síðustu tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2023 til 2027 var tekið undir þessar tölur að einhverju leyti. Þar kom fram að Vegagerðin hefði sjálf metið uppsafnaða þörf fyrir fjárfestingu í viðhaldi vegakerfisins væri á bilinu 80 til 85 ma.kr. Ástæða alls þessa viðhaldsskorts er að einhverju leyti hægt að skrifa á takmarkað viðhald og fjárfestingar á árunum eftir fjármálahrunið.

Í frumvarpinu er talað um að áfram megi standa undir öflugu viðhaldi og uppbyggingu í samgöngukerfinu. Þegar slíku er haldið fram og að fjárþörf sé á vegakerfinu þá mætti halda að það ætti að stórauka fjármagn í samgöngur en svo er ekki. Þó eigi að hækka fjárframlag til aukningu á bundnu slitlagi á tengivegum, og 500 m.kr. til að mæta aukinni viðhaldsþörf á vegum þá er gert ráð fyrir að hliðra 3. ma.kr. vegna framkvæmda á vegakerfinu til ársins 2023 sem hluta að aðgerð stjórnvalda til að draga úr þenslu og verðbólgu. Samtökin hvetja stjórnvöld til að finna þessa fjármuni á öðrum stöðum og flýta viðhaldi á vegakerfinu.

Það er alveg ljóst að ef vegakerfið á að geta tekið við auknum ferðamannastraumi þá þarf að fjárfesta í því. Samgöngukerfið er það sem færir okkur að hluta til hina betur borgandi ferðamenn. Betur borgandi ferðamenn eru þeir sem dvelja lengur, ferðast lengra og neyta meira. Ef þeir eiga að dvelja lengur þá þurfa þeir að geta farið um landið. Allt ofangreint þarf að bæta svo landið sé vel í stakk búið til þess að taka við og dreifa ferðamönnum í meira mæli allt árið í kring og um allt land. Þá á ekki að þurfa að fjölyrða um mikilvægi betra viðhalds vegakerfisins gagnvart öryggi ferðamanna og íbúa landsins. Vegakerfið er lífæð atvinnulífs og byggðaþróunar í landinu.

Einnig mun áframhaldandi þungaflutningur með fisk hafa gríðarleg áhrif á vegakerfið og ef hann á að halda áfram með óbreyttu sniði þá þarf að bregðast við með einhverjum hætti. Slíkur þungaflutningur mun væntanlega aukast með auknu fiskeldi. Þá liggja einnig fyrir tillögur um umfangsmikla vikurflutninga um vegi á Suðurlandi vegna efnistöku í Þrengslunum og á Mýrdalssandi sem ljóst er að munu margfalda álag og viðhaldsþörf á viðkomandi vegum ef þær verða að veruleika.

Á bls. 162 í frumvarpinu er ráðherra veitt heimild til að leggja fé í nauðsynlega uppbyggingu á innviðum við Jökulsárslón í þágu náttúruverndar eða ferðamennsku. Bent er á að um sé að ræða einn af fjölsóttustu ferðamannastöðum landsins og að núverandi innviðir við lónið anni ekki þeim fjölda ferðamanna sem heimsækja svæðið. Unnið er að greiningu á því hvernig heppilegast verði staðið að uppbyggingu á svæðinu á grundvelli nýlegra laga um nýtingu á landi í eigu ríkisins í atvinnuskyni. Samtökin vona að þetta sé fyrsti ferðamannastaðurinn af mörgum sem fær nauðsynlega innviðauppbyggingu.

Samtökin fagna þeim fjármunum sem ætlað er að setja til uppbyggingar á Egilsstaða- og Akureyrarflugvelli og auknum fjárheimildum til rekstur Loftbrúar verkefnisins enda um jákvæða innviða

fjárfestingu að ræða. Loftbrúin stuðlar að auknu aðgengi að innanlandsflugi og þar með aukna eftirspurn eftir þjónustunni. Samtökin benda einnig á að það þarf að leggja til frekari fjármuni í innviðauppbygging til málaflokksins 14 *Ferðaþjónusta* líkt og framþróun og uppbygging Vörðu verkefnisins og stuðning við uppbyggingu áfangastaða á landsbyggðinni. Samtökunum þykir því miður að sjá að fjárheimildir til málaflokks séu lækkaðar, m.a. til innviða fjárfestinga og ekkert aukið fjármagn til nauðsynlegra rannsókna í ferðaþjónustu.

Stöðugar endurbætur í samgöngukerfinu eru mikilvægar sem og aðrar innviðauppbyggingar og hvetja samtökin stjórnvöld til að frekari fjárfestinga í innviðum.

Óljós innheimta varaflugvallagjalds

Samtökin benda á að óljóst er hvernig fyrirkomulag innheimtu varaflugvallagjalds verði háttað. Því gjalda samtökin varhug við því að sett sé fram upphæðin 1,4 ma.kr. í slíka innheimtu án þess að búið sé að ganga úr skugga um fyrirkomulagið og hvort það sé yfirhöfuð löglegt. Fyrirhugað er að leggja fram frumvarp um málið í haust og ekki er tryggt að það verði afgreitt. Að mati samtakanna er eðlilegt að ákveða upphaf innheimtu samhliða slíku lagafrumvarpi en ekki áður. Hafa ber í huga að bókanir í ferðaþjónustu fara að jafnaði fram með 18 til 24 mánaða fyrirvara. Öll skattheimta með skemmri fyrirvara leggst því á söluaðila en ekki neytanda. Það verður til þess að skaða samkeppnishæfni flugfélaga sem koma með farþega til landsins og þeirra sem nýta Keflavíkurflugvöll sem viðkomustað farþega áleið yfir Atlantshafið.

Skattastyrkir

Í frumvarpinu á bls. 119 og áfram er umfjöllun um skattastyrki. Tilgangur umfjöllunarinnar er að draga fram aðkomu ríkisins að ýmsum málefnum í formi fjárhagslegs stuðning sem ríkið veitir í gegnum skattkerfið fremur en með fjárframlögum sem færast á gjaldahliðina. Framsetning „skattastyrkja" í frumvarpinu er eins og svo oft áður villandi, því ríkið er ekki að leggja þessa fjármuni til ferðaþjónustunnar heldur er um að ræða væntar tekjur eða mögulegar tekjur ef hluti ferðaþjónustunnar væri í hærra skattþrepi.

Á síðastliðnum árum hafa SAF ítrekað bent á að hærra skattþrep virðisaukaskatts á ferðaþjónustu myndi lækka tekjur ríkisins af ferðaþjónustu. Ferðaþjónustan á í beinni og harðri alþjóðlegri verðsamkeppni við erlenda vöru og þjónustu þegar kemur að vali á áfangastað. SAF hafa áður bent á að einfalt er að líta til reynslu nágrannaþjóða í þessum efnum. Fremur hefur farið fram umræða víða í Evrópu um að lækka VSK á ferðaþjónustu til að örva viðspyrnu greinarinnar og jákvæð áhrif hennar á efnahagslíf. Útreikningur á skattastyrkjum til ferðaþjónustu er því augljóslega rangur og hefur verið rangur í mörg ár.

SAF benda því á að réttast er að umfjöllun um skattastyrki í frumvarpinu með þessum hætti verði hætt. Telji fjármála- og efnahagsráðuneytið þessa umfjöllun hafa einhvern tilgang **leggja samtökin til að útreikningar á skattastyrkjum ferðaþjónustu verði í það minnsta leiðréttir svo þeir taki mið af raunverulegum áhrifum þess ef ferðaþjónusta væri í hæsta VSK þrepi.**

Markaðssetning skilar árangri

Á bls. 53 í stjórnarsáttmála núverandi ríkisstjórnar kemur fram að horft verði til þess að framlengja „Saman í sókn", markaðsátak stjórnvalda, greinarinnar og Íslandsstofu, til að stuðla að nauðsynlegri viðspyrnu ferðaþjónustunnar í kjölfar Covid-19.

Nú virðast stjórnvöld halda að þessu sé lokið því í frumvarpinu eru engir fjármunir settir í markaðs- og kynningarmál erlendis. Til þess að markmið stjórnvalda og greinarinnar náist þá þarf að leggja fjármuni í markaðsmál. Verkefnið *Saman í sókn* hefur nú þegar skilað sér. En til þess að það haldi áfram að skila sér þá þarf að leggja áfram fjármuni í markaðsmál því okkar helstu samkeppnislönd munu ekkert hætta að vera samkeppnislönd og þau munu sjálf setja fjármuni í markaðsmál og sækja með þeim þá ferðamenn sem við viljum fá. Með þessari hugsun stjórnvalda mun Ísland verða undir í harðri baráttu um verðmæta ferðamenn því þetta snýst um að fá verðmætari ferðamenn en ekki fleiri ferðamenn. Því er ekki nóg að opna fyrir möguleika til að ferðast til landsins heldur þarf að finna þá ferðamenn sem við

viljum fá. Þegar kaupmáttur íbúa okkar helstu markaðssvæða fer að minnka þá fækkar þeim stöðum sem þeir geta ferðast til. Við viljum halda okkar stöðu en verða ekki undir í alþjóðlegri samkeppni.

Markvissar aðgerðir í markaðsmálum í gegnum *Saman í sókn* geta haldið áfram að verja samkeppnisstöðu landsins á okkar helstu mörkuðum ferðaþjónustunnar og halda áfram að styrkja ímynd Íslands sem áfangastaðar. Ef við gerum það ekki sjálf þá gerir það enginn. Í faraldrinum og eftir hann höfum við einmitt gert það. Við höfum nýtt tímann vel og sáð ríkulega. Til þess að koma uppskerunni í hús er þó þörf á frekari aðgerðum. Markaðssetning er eitthvað sem við þurfum að gera á hverju ári. Svo árangur náist þá má ekki slaka á enda munu okkar samkeppnislönd ekki slaka á. Verkefnið Ísland – Saman í sókn hefur hingað til náð góðum árangri og viðbrögð við markaðsefninu hefur verið gott. Verkefnið hefur m.a. hlotið alþjóðleg verðlaun. Markaðsverkefni líkt og það er mikilvægt svo við náum hinu verðuga verkefni um aukin verðmæti frekar en fjölda ferðamanna. Stefnurammi um að ferðaþjónustu til 2030 byggir á auknum verðmætum og svo það náist þarf markvissa og árangursríka neytendamarkaðssetningu fyrir ferðaþjónustu.

Markaðssetning fyrir ferðaþjónustu er ekki átaksverkefni heldur þarf árangursríkt markaðsstarf að byggja á langtímahugsun og skipulagi fram í tímann. Þetta á sérstaklega við í samhengi við eðli ferðaþjónustunnar sem atvinnugreinar sem vinnur langt fram fyrir sig í tíma. Samtökin hvetja eindregið til þess að stjórnvöld skipti því algerlega um kúrs varðandi neytendamarkaðssetningu ferðaþjónustu, hætti að líta á hana sem tímabundin átaksverkefni og taki þess í stað að fjármagna markaðssetninguna sem langtímafjárfestingu fyrir samfélagið.

Rannsóknir sýna enda ótvírætt að fjárfesting í markaðssetningu fyrir ferðaþjónustu er ein allra arðbærasta fjárfesting sem ríkissjóður getur lagt í, hún skilar um 26 földum ávinningi fyrir samfélagið, eða ROI 26:1 (útreikningar Íslandsstofu).

Samanburður við önnur lönd sem Ísland ber sig gjarnan saman við sýnir ótvírætt að við höfum varið töluvert minna fé til markaðssetningar á hvern ferðamann hér á landi en annarsstaðar. Á Norðurlöndunum eru Finnland og Noregur um margt sambærilegir áfangastaðir og Ísland og sækja á svipaða markaði og markhópa. Í Noregi og Finnlandi hafa stjórnvöld varið um einum milljarði íslenskra króna í markaðssetningu fyrir hverjar tvær milljónir ferðamanna, sem er svipaður fjöldi sem heimsótti Ísland árið 2019. Önnur lönd sem skoðuð voru sérstaklega voru Danmörk, Svíþjóð, Kanada og Nýja Sjáland. Kananda og Nýja Sjáland verja umtalsvert meiri fjármunum til markaðssetningar en hér eru til umræðu. Á ári hverju sækja tæplega 4 milljónir ferðamanna Nýja Sjáland heim en stjórnvöld þar í landi verja um 9 milljörðum ISK til markaðssetningar á ári.

Samtök ferðaþjónustunnar skora því eindregið á stjórnvöld að taka ofangreindar staðreyndir alvarlega og auka verulega við framlag ríkisins til neytendamarkaðssetningar Íslandsstofu á ferðaþjónustu erlendis. Framlagið þarf að vera um 350 – 700 m.kr. árlega,til að halda í við samanburðarlönd og þarf að vera varanleg skuldbinding en ekki tímabundið átaksverkefni. Án þessara breytinga mun ísland óhjákvæmilega dragast aftur úr samkeppnislöndum gagnvart eftirspurn og ímynd áfangastaðarins á næstu árum, þvert á áætlanir stjórnvalda út frá efnahagslegu mikilvægi, og mun erfiðara og tímafrekara verður að stýra þróun verðamætasköpunar í greininni í átt til þeirra markmiða sem sett eru fram í Stefnuramma til 2030.

Ferðaþjónustureikningar og Jafnvægisás ferðamála

Rannsóknir í ferðaþjónustu eiga að bæta áætlanagerð stjórnvalda og auðvelda fyrirtækjum að auka virðisauka í greininni. Ábatinn af rannsóknum í atvinnugreininni er gríðarlegur fyrir samfélagið og atvinnugreinina í heild og því þurfa rannsóknir í ferðaþjónustu að byggja á góðum grunni. Almennt telja SAF að um þessar mundir sé mikilvægara að beina meiri kröftum að betri gagnaöflun og rannsóknum á efnahagslegum þáttum og áhrifum greinarinnar en rannsóknum á þolmörkum.

Samtökin ítreka fyrri ábendingar um mikilvægi þess að stjórnvöld samræmi markmið og mælikvarða fyrir málefnasvið ferðaþjónustunnar við niðurstöður ferðaþjónustureikninga (e. Tourism Satellite Acccount). Ferðaþjónustureikningar eru hliðarreikningar við alþjóðlegt kerfi þjóðhagsreikninga, samræmd

aðferðafræði sem alþjóðasamtök og -stofnanir leggja til að notaðir séu til að tryggja sameiginlegan skilning á ferðaþjónustu landa.

Samþætting markmiða og viðmiða við alþjóðlega hagskýrslustaðla og þar með við stefnumörkun í opinberum fjármálum getur aukið samtal og samstarf milli ráðuneyta, stofnana hins opinbera og annarra aðila og bætt stefnumótun og eftirfylgni stefnumiða. SAF leggja enn og aftur þunga áherslu á að stjórnvöld bæti úr og taki upp mælikvarða á grunni niðurstaðna úr ferðaþjónustureikningum. Markmið um aukna verðmætasköpun og arðsemi umfram fjölda ferðamanna byggir t.a.m. á niðurstöðum reikninganna en eitt af meginmarkmiðum þeirra er að leggja mat á neyslu/útgjöld innlendra sem erlendra ferðamanna á áfangastað.

SAF telja mikilvægt að neysla erlendra og innlendra ferðamanna sé nýtt sem mælikvarði á eftirspurn ferðamanna hér á landi. SAF leggur þunga áherslu á að sá mælikvarði byggi á niðurstöðum í greiðslujöfnuði og ferðaþjónustureikningum. Mælikvarðinn er þekktur og hefur tilvísun í safn annarra alþjóðlegra staðla sem gefur færi á yfirsýn sem hjálpar til við alstefnumótun.

Vert er að benda á að hjá Ferðamálastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNWTO) og meðal alþjóðastofnana hefur átt sér stað mikil vinna við að tengja niðurstöður ferðaþjónustureikninga við aðra mikilvæga þjóðhagsreikninga, svokallaða umhverfisreikninga (e. System of Environmental Economic Accounting – SEEA) og heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna, en slík tenging er grundvöllur mælinga á sjálfbærni ferðaþjónustu.

Að mati SAF er afar mikilvægt að nýta markvisst ofangreinda reikninga ekki síst til að meta ávinninginn eða virðisaukann af því að styðja við greinina. Framtíðarsýn íslenskrar ferðaþjónustu til 2030 ber yfirskriftina „Leiðandi í sjálfbærni“ og með öflugu greiningatæki ferðaþjónustureikninga, hliðarreikninga við þjóðhagsreikninga verður mun auðveldara að fylgjast með árangri af markmiðum stefnurammans.

Óljós opinber stefna stjórnvalda í rannsóknum

Undanfarin ár hefur opinber stefna í rannsóknum í ferðaþjónustu verið óljós og illa fjármögnuð sem hefur skilað sér í því að markmið í stjórnarsáttmálum hafa ekki náðst fram. Þá eru gagnaöflun og rannsóknir enn ekki komnar á þann stað að styðja nægilega vel við áætlanagerð stjórnvalda og atvinnugreinarinnar.

Það hefur ítrekað komið fram í stefnuskjölum stjórnvalda að efla skuli rannsóknir og gagnavinnslu en það hefur verið minna um efndir. Afar litlu fjármagni hefur verið varið til rannsókna í ferðaþjónustu í samanburði við aðrar atvinnugreinar, til að mynda um tífalt lægri en framlög til rannsókna í sjávarútvegi og landbúnaði þrátt fyrir að verðmætasköpun ferðaþjónustu hafi verið meiri um árabil. Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar er lögð sérstök áhersla á að efla skuli rannsóknir, nýsköpun og menntun í ferðaþjónustu.

Samtökin telja augljóst að fjármagn til rannsókna í ferðaþjónustu sé allt of lítið og að því sé ekki nægilega markvisst varið. Þetta hafa samtökin bent fjárlaganefnd á aftur og aftur með skýrum hætti um nokkurra ára skeið án árangurs. Það er því von samtakanna að fjárlaganefnd taki mark á þessum ábendingum að þessu sinni.

Samtökin leggja því til að fjárveiting til málefnasviðs 14 verði hækkuð um 150 m.kr. til að auka og bæta rannsóknir í ferðaþjónustu, sbr. markmið í stjórnarsáttmála um eflingu rannsókna, nýsköpunar og menntunar í ferðaþjónustu.

Skýr stefna til framtíðar

Eigi ferðaþjónustan að spila stórt hlutverk í framtíðarverðmætasköpun hér á landi liggur fyrir að feta þarf ótroðnar slóðir og efla greinina á grundvelli skýrra markmiða. Atvinnugreinin þarf að sníða sér stakk eftir vexti með áherslu á arðsemi fremur en fjölda þannig að verðmætasköpun ferðaþjónustu verði drifin áfram af auknum verðmætum á hvern ferðamann í stað aukins fjölda. Í þessu felst meðal annars að fjölga sérhæfðum störfum í ferðaþjónustu og að dreifa álagi yfir árið og landið og ná þannig fram betri nýtingu framleiðsluþátta.

Áhersla á gæði umfram magn mun koma til með að skipta sköpum fyrir framtíð íslenskrar ferðaþjónustu. Í janúar árið 2019 mótuðu Samtök ferðaþjónustunnar í samvinnu við atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, Samband íslenskra sveitarfélaga og Stjórnstöð ferðamála stefnu um framtíðarsýn og leiðarljós íslenskrar ferðaþjónustu til ársins 2030 þar sem arðsemi, ávinningur, einstök upplifun og umhverfisvernd leiða veginn. Þessari stefnu þarf að fylgja eftir með markvissri aðgerðaáætlun til þess að áfangastaðurinn Ísland geti tekið á móti þeim gestum er hingað koma með sjálfbærum og hagkvæmum hætti. Tryggja þarf að atvinnugreinin verði áfram einn af burðarstólpum verðmætasköpunar þjóðarinnar til framtíðar. Grundvöllur þess að markmiðin framtíðarsýninni geti orðið að veruleika er að stjórnvöld setji fram aðgerðaáætlun í samstarfi við greinina sem tilgreinir hvaða verkefni þarf að leysa, hver beri ábyrgð á þeim, hvað þau muni kosta og innan hvaða tímaramma þurfi að leysa þau. Augljóst er að lykilþáttur í slíkri aðgerðabindingu er að tryggja fjármagn til viðkomandi verkefna, enda muni þau skila þjóðarbúinu mikilli verðmætasköpun til framtíðar.

Flest bendir til þess að þjóðhagslegur ábati við hvern þann gest sem ratar hingað til lands sé mjög mismunandi eftir því hvar hann kemur og hvar hann dvelst. Í þessu efni er því mikil nauðsyn að stilla saman bætta arðsemi, byggðastefnu og náttúruvernd með þeim hætti að efla enn frekar þá viðleitni að dreifa ferðamannastraumnum um landið og yfir árið. Það gæti ef til verið verjandi fyrir hagkvæmnissakir að stjórnvöld myndu aðstoða við markaðssetningu þeirra landsvæða hérlendis sem hafa verið síður vinsælli meðal ferðamanna og niðurgreiða ferðamannastraum til landsins utan háannar þegar fjárfestingar í greininni eru vannýttar. Þá einkum að beina ferðamannastraumnum frá Reykjavík og til landsbyggðarinnar.

Stjórnvöld óska eftir því að ferðamenn komi utan háannatíma, dreifist um landið og skili eftir sig meiri verðmæti hér á landi. Stjórnvöld virðast þó vera treg til að leggja til nægjanlega og varanlega fjármuni í rannsóknir, innviðauppbyggingu og markaðssetningu til þess að það verði að veruleika. Góð átaksverkefni í markaðssetningu hafa t.d. skilað miklum árangri sem ætti að vera stjórnvöldum skýr rökstuðningur fyrir nauðsyn varanlegrar fjárfestingar í slíkum verkefnum. Stjórnvöld þurfa að vera leiðandi í þessum efnum, láta sér málin varða, sýna forystu og setja frekari fjármuni í rannsóknir, innviðuppbyggingu og markaðs- og kynningarmál erlendis svo að verði að veruleika að fá ferðamenn til að vera lengur, fara víðar um landið og koma utan háannar. Sú nálgun sem ræður ferðinni gagnvart þessum þáttum í frumvarpinu mun því miður ekki leiða til þess að markmið stjórnvalda um sjálfbæra uppbyggingu og stýringu atvinnugreinarinnar á næstu árum verði að veruleika.

Virðingarfyllst

Jóhannes Þór Skúlason

Jóhannes Þór Skúlason
framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar

Samtök frumkvöðla og hugvitsmanna

Fjárlaganefnd Alþingis
c/o Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir, formaður

21.10.2022

Háttvirt fjárlaganefnd Alþingis

Samtök frumkvöðla og hugvitsmanna, og KVENN – Félag kvenna í nýsköpun, leita hér með til Alþingis um nauðsynlegan fjárstuðning við áframhaldandi rekstur og þau brýnu verkefni í þjóðarþágu sem hér verða nefnd.

Félögin hafa ítrekað leitað til ráðuneytis málaflokksins; háskóla- iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytisins með erindið, enda er okkur ljóst að reglur um opinber fjármál gera ráð fyrir að allajafna þarf ráðherra málaflokks að gera tillögur um fjárveitingar á sínu verksviði. Þar sem ráðuneytið hefur ekki virt félögin svars við ítrekuðum erindum, en verkefnin eru brýn og sum þeirra lögbundin, er okkur nauðugur sá kostur að leita eftir ásjá fjárlaganefndar, en Alþingi fer með endanlegt fjárveitingavald.

Rétt er að rekja hér stuttlega hvernig til hefur tekist um opinberan stuðning við hið mikilvæga starf sem félögin vinna á frumstigum nýsköpunar, áður en lýst er verkefnum og fjárþörf.

- Félögin hafa unnið mikið starf í áratugi að eflingu nýsköpunar. Kostnaður við það hefur að mestu lent á þeim sem valist hafa til stjórnunar hverju sinni, enda útilokað að innheimta félagsgjöld af einstaklingum sem vinna að nýsköpunarverkefnum á frumstigi. Þrátt fyrir fjölmargar beiðnir til stjórnvalda er stuðningur þeirra einungis þessi:
- 1.000.000 fékkst af fjárlögum árið 2011; fyrsti stuðningur frá stofnun SFH árið 2008.
- 1.500.000 fékkst af safnliðum atvinnuvega- og nýsk.ráðuneytis árið 2013.
- Þá hófst niðurskurður ráðuneytisins; 750.000 fengust af sama lið 2014.
- Enn skar ráðuneytið niður; veitti 500.000 árið 2016
- Áfram þrengdi ráðuneytið að samtökunum árið 2017; veitti 300.000.
- Með bréfi dags 27.02.2019 lýsti ráðuneytið því yfir án rökstuðnings að þaðan væri ekki lengur styrkja að vænta fyrir þessi einu hagsmunasamtök hugvitsfólks á landinu.
- Fyrir atbeina góðra þingmanna fengu SFH og KVENN úthlutað kr 5.000.000 af fjárlögum ársins 2021, þrátt fyrir að ráðuneytið hefði þá, líkt og nú, hundsað beiðni félaganna.
- Félögin lögðu fram samhljóða beiðni til ráðuneytisins og fjárlaganefndar Alþingis 06.08.2021. Ráðuneytið virti hana að vettugi eins og oft áður, en einstakir alþingismenn vildu beita sér í málinu. Það virðist þó hafa valdið misskilningi að á sama tíma var sótt um framlag til verkefnis sem SFH og KVENN koma að, og lýtur að því að auka möguleika fatlaðs fólks til starfa í nýsköpun. Fór svo að það verkefni fékk 10 milljónir til undirbúnings af fjárliðum félagsmálaráðuneytis, en SFH og KVENN fengu ekkert til síns rekstrar og annarra verkefna.
- Félögin lögðu fram erindi til háskóla- iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytisins hinn 12.02.2022; lýstu þar hinum miklu verkefnum sem félögin vinna að í þjóðarþágu; sem sum eru lögbundin, og fóru fram á þjónustusamning við ráðuneytið vegna þeirra. Erindinu var fylgt eftir með fundi hjá ráðherra hinn 18.03.2022, en því hefur ekki verið svarað.

Af þessu má ljóst vera að hugvitsmenn geta ekki vænst stuðnings frá sínu ráðuneyti við sitt félagsstarf, ráðgjafastarf og mikilvæg sameiginleg verkefni í þágu nýsköpunar. Því er nauðsynlegt að Alþingi taki af skarið, og að fjárlaganefnd geri tillögur um framlög; með eða án atbeina ráðuneytisins.

Verði Alþingi ekki við því, er nauðsynlegt að þingið taki sérstaka umræðu um málefni hugvitsfólks og hvernig staðið er að hvatningu til nýsköpunar og stuðningi við hana á frumstigum.

Hér verður lýst þeim verkefnum sem SFH og KVENN vinna sameiginlega að á sviði nýsköpunar. Fyrst er lýst grunnstarfi og síðan hinum stóru verkefnum sem félögin vinna í þágu nýsköpunarmála:

A. **Reglulegt starf:** Félögin standa fyrir umfangsmikilli reglulegri starfsemi sem styður á öflugan hátt við markmið stjórnvalda um eflingu nýsköpunar. Helstu liðir þess eru þessir:
   a) Tengslanet fólks sem vill vinna að nýsköpun eða er með nýsköpunarverkefni í gangi.
   b) Jafningjaráðgjöf á sviði nýsköpunar. Í þessu felst að þeir sem reynslu og þekkingu hafa styðja við þá sem eru að hefja nýsköpunarverkefni eða skortir sérþekkingu í tilteknum efnum. Innan félagsins er fólk með margvíslega reynslu og menntun. Mikilvægi þessa starfs jókst mjög við niðurlagningu Nýsköpunarmiðstöðvar. Sjá hér síðar.
   c) Fræðslustarf og áhugaefling. Félögin standa fyrir mánaðarlegum fræðslufundum alla vetrarmánuðina. Oft eru þessir fræðslufundir í fundasal félagsins að Sigtúni 42, og þá fengnir fyrirlesarar á hinum ýmsu sviðum sem gagnast frumkvöðlum; t.d. um styrkjaumhverfið; umsóknaraðstoð; um stofnun og rekstur fyrirtækja; um einkaleyfamál, markaðssetningu og fleira. Þá eru einnig fengnir frumkvöðlar til að kynna sín verkefni og sína reynslu; ýmist með fyrirlestrum eða með því að þeir bjóða í kynnisheimsóknir. Nýlega gaf Elinóra Inga Sigurðardóttir út „Hugmyndabókina“, sem kemur þeim að góðu gagni sem eru með hugmyndir á byrjunarstigi.
   d) Hagsmunagæsla hugvitsfólks og frumkvöðla, einkum þeirra sem starfa á byrjunarstigum. Enginn veit betur en félagsmenn SFH og KVENN hvar skórinn kreppir að í nýsköpunarmálum; hvaða veggir hindra framgang hugmynda á fyrstu stigum og hvar óeðlileg hagsmunagæsla hindrar nýsköpun. Félögin leggja fram umsagnir við lagafrumvörp á sviði nýsköpunar og beita sér í stefnumótun á ýmsan hátt.
   e) Kynning á frumkvöðlum. Félögin starfa ötullega að í kynningarmálum frumkvöðla. Hefur Elinóra Inga Sigurðardóttir, formaður KVENN og ritari SFH, unnið mikið starf á því sviði. Hún hefur t.d. farið í fjölda ferða með frumkvöðla á kynningar og ráðstefnur erlendis, þar sem þeir hafa kynnt sín verkefni og unnið til fjölda verðlauna; haldið úti þáttagerð o.fl.
   f) Alþjóðasamvinna. Félögin eru aðilar að IFIA (Alþjóðasamtökum hugvitsfélaga) og eiga fulltrúa í framkvæmdastjórn samtakanna. Félögin hafa einnig sterk tengsl við félög hugvitsfólks á Norðurlöndum. Unnið er að því að efla norrænt samstarf á þessu sviði, og hafa íslensku og sænsku félögin forgöngu um það. Auk þess er KVENN aðili að alþjóðasamtökum og Evrópusamtökum kvenna í nýsköpun.
   Formaður KVENN, Elinóra I. Sigurðardóttir fer nú með formennsku Evrópudeildar Globalwiin; alþjóðasamtaka kvenna í nýsköpun, og mun KVENN standa fyrir stórri alþjóðlegri ráðstefnu Globalwiin hérlendis hinn 6.-7. september 2023.

B. **Nýsköpunarvirkni fatlaðra.** Um er að ræða verkefni sem SFH og KVENN hafa undirbúið í samvinnu við Öryrkjabandalag Íslands, Þroskahjálp og önnur samtök fatlaðs fólks, og kynnt hefur verið fyrir ráðherrum og Alþingi. Verkefnið hófst fyrir hvatningu SFH og aðild frumkvöðlafélaganna er forsenda fyrir framgangi þess. Markmið þess er að auka möguleika fatlaðs fólks á atvinnuþátttöku á sviði nýsköpunar, með því m.a. að koma á fót miðlun starfa og með öflugu átaki í fræðslu og hvatningu. Samtök á sviði fötlunar munu koma að verkefninu á virkan hátt og leggja fram þekkingu á sínu sviði, en SFH og KVENN munu sjá um ráðgjöf og fræðslu á sviði nýsköpunar og samskipti við nýsköpunaraðila. Stofnað hefur verið

félag um undirbúningsstarfið, sem fékk 10 milljóna kr fjárveitingu félagsmálaráðuneytisins (sjá framar) til undirbúnings 2022. Stofnaður hefur verið lögaðili um undirbúningsstarfið sem heldur utan um þá fjárveitingu. Hinsvegar fékk starf SFH enga fjárveitingu til síns starfs gegnum ráðuneyti nýsköpunar, sem skýtur skökku við. Ljóst er að þessu verkefni er stefnt í hættu ef félögunum verða ekki tryggð skilyrði til áframhaldandi starfs með fjárveitingum. Verkefni þetta er í samræmi við sáttmála SÞ um réttindi fatlaðs fólks; það styður á öflugan hátt við stefnumið núverandi ríkisstjórnar um aukna atvinnuþátttöku fatlaðs fólks, og styður um leið við markmið um eflingu nýsköpunar.

C. **Söguritun; Íslenskir hugvitsmenn.** SFH og KVENN hafa ráðist í umfangsmikla söguritun sem er einstök í íslenskri menningarsögu. Hún miðar að því að taka saman nokkuð heildstæða skrá um íslenska hugvitsmenn og íslenskar uppfinningar; frá fyrstu tíð til samtímans. Þessi mikilvægi þáttur íslenskrar menningarsögu hefur ekki áður verið skráður á heildstæðan hátt. Skýtur það verulega skökku við að á sama tíma og stjórnvöld hvetja þjóðina til framtaks og nýsköpunar og verja háum upphæðum almannafjár til reksturs stofnana á þessu sviði skuli verkum og minningu hugvitsmanna vera sýnd slík lítilsvirðing. SFH og KVENN hafa þegar hafið vinnu við úrbætur í þessum efnum og furða sig á að ráðuneyti nýsköpunar hafi virt að vettugi beiðni um lítilsháttar stuðning við þá miklu vinnu. Með þessari vinnu skapast um leið grundvöllur þess að hérlendis verði opnað „frumgerðasafn", þar sem sýndar eru íslensksar uppfinningar; öðrum til hvatningar, skólanemendum til fræðslu og ferðafólki til skoðunar. Slík söfn eru þjóðarstolt annarra ríkja, en hérlendis eru frumgerðir núna lítils virtar.

D. **Ráðgjöf til frumkvöðla.** Félögin hafa rekið öflugt ráðgjafastarf eins og lýst var hér áður. Með niðurlagningu Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands lagðist niður sú gjaldfrjálsa ráðgjöf sem hugvitsmenn og frumkvöðlar hafa notið þar. SFH og KVENN gerðu athugasemd við þetta til Alþingis og fylgdu henni eftir á fundum með atvinnuveganefnd þingsins. Þetta varð til þess að í lög nr 25/2021 um „opinberan stuðning við nýsköpun" var í 9.gr sett ákvæði um að „ráðherra skal setja á fót stafræna nýsköpunargátt fyrir upplýsingagjöf um stuðning við nýsköpun og tryggja að ráðgjöf á fyrstu stigum nýsköpunarverkefna sé gjaldfrjáls og aðgengileg hvar sem er á landinu, m.a. leiðsögn við umsóknarferli innan stuðningsumhverfis nýsköpunar".
SFH og KVENN bjóðast til þess að taka að sér þessa gjaldfrjálsu ráðgjöf til frumkvöðla og gera um það þjónustusamning við ráðuneyti nýsköpunar. Félögin eru vel í stakk búin til að sinna þessu verkefni á öflugan hátt og það fellur mjög vel að starfsemi þeirra. Félögin hafa á að skipa færum ráðgjöfum með reynslu og menntun á þessu sviði, auk þess sem þau geta nýtt fjölbreytta reynslu félagsmanna. Félögin reka nú þegar skrifstofu að Sigtúni 42 í Reykjavík og munu nýta hana í þessum tilgangi. Þessi þáttur fellur einnig mjög vel að öðrum verkefnum félaganna, einkum verkefninu „nýsköpunarvirkni fatlaðra" sem lýst var hér að ofan. Hugsanlegt er að gagnagrunn þess verkefnis megi aðlaga þessari ráðgjöf. Félögin munu efna til samstarfs við þá aðila sem verkefnið útheimtir og t.d. leita eftir samstarfi við hið nýja Tæknisetur og frumkvöðlasmiðjur víðs vegar um landið.

Fleiri verkefni eru á döfinni til eflingar nýsköpunar, fái félögin stuðning til þess. T.d. hafa þau hug á að bjóða skólum upp á fræðslu og heimsóknir starfandi frumkvöðla. Einnig vilja félögin vinna að undirbúningi þess að hérlendis komist á fót áðurnefnt uppfinninga- eða frumgerðasafn, sem bæði myndi varðveita einstæðan menningararf og hvetja til nýsköpunar.

Áætluð fjárþörf árið 2023:

Regluleg starfsemi:

Félagsstarf, fundir, ferðir	800.000	
Frædslustarf, kynningar og sýningar	1.000.000	
Húsaleiga og rekstur skrifstofu	1.500.000	
Aðild IFIA - Alþjóðasamtaka hugvitsfélaga	200.000	3.500.000

Stærri verkefni:

Nýsk.virkni fatlads fólks (kostn.hluti)	2.000.000	
Söguritun; íslenskt hugvit	2.000.000	
Ráðgiafaþjónusta	5.000.000	
Alþjóðleg ráðstefna Globalwiin 2023	2.500.000	11.500.000
	Samtals.	15.000.000

Félögin SFH og KVENN hafa enga eigin tekjustofna sem unnt er að benda á til mótframlags. Félagsgjöld hafa iðulega komið til umræðu í félögunum, en jafnan hafa menn komist að þeirri niðurstöðu að með þeim væri vegið að þeim tilgangi samtakanna að vera opinn vettvangur allra einstaklinga sem vinna að nýsköpun og vilja efla hana. Einstaklingar sem eru að hefja nýsköpun eru jafnan með tvær hendur tómar og myndu ekki fórna fé í félagsgjöld; jafnvel þó lág væru. Öll ofangreind verkefni eru í þágu samfélagsins, og þeirra markmiða sem stjórnvöld segjast vilja ná. Því er fullkomlega eðlilegt að stuðningur við þau komi út sameiginlegum sjóði landsmanna.

Félögin leggja því þessa beiðni fyrir fjárlaganefnd og óska eftir stuðningi við sín verkefni á fjárlögum ársins 2023. Verði það niðurstaða fjárlaganefndar að vísa beiðninni til ráðuneytis er þess óskað, í ljósi framangreinds, að Alþingi og einstakir þingmenn beiti sér í því að ráðuneytið verði við þessum erindum. Alþingi getur ekki vikið sér undan ábyrgð sem fjárveitingarvald með því að beiðnir séu svæfðar hjá framkvæmdavaldinu.

Við erum að sjálfsögðu reiðubúin til að svara þeim spurningum sem upp kunna að koma vegna þessa erindis, og að mæta fyrir nefndina ef eftir því er óskað.

Með von um jákvæðar undirtektir og
virðingarfyllst

Valdimar Össurarson, formaður SFH (s. 8622345)

Elinóra Inga Sigurðardóttir, formaður KVENN

Samtök fyrirtækja
í sjávarútvegi

Gjaldaumhverfi fiskeldis

Fundur með fjárlaganefnd

21. október 2022

Fiskeldisgjald

Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi

- Fiskeldisgjald fyrir sjókvíaeldi á Íslandi er byggt á aðferðafræði við útreikning sem nú eru í gildi í Færeyjum, þ.e. þrjú mismunandi gjaldhlutföll þar sem gjaldstofninn er alþjóðlegt markaðsverð á laxi

- Fjárhæð gjalds á hvert kílógramm slátraðs lax:
  a. **3,5%** þegar verð er **4,8** evrur á kílógramm eða hærra,
  b. **2%** þegar verð er **4,3** evrur á kílógramm eða hærra en þó lægra en 4,8 evrur á kílógramm,
  c. **0,5%** þegar verð er lægra en **4,3** evrur á kílógramm.

- Fjárhæð gjalds á hvert kílógramm regnbogasilungs, ófrjós lax og lax sem alinn er með lokuðum eldisbúnaði er helmingur af framangreindu gjaldi.

Boðuð hækkun fiskeldisgjalds

Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi

- Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2023 er boðuð eftirfarandi breyting á gjaldhlutfalli:

  *„Lögð verður til hækkun á gjaldhlutfalli **úr 3,5% í 5%** og að **viðmiðunartímabili verði breytt í almanaksár.** Miðað verði áfram við að 1/3 af gjaldinu fari sem framlag til Fiskeldissjóðs sem er í samræmi við það sem kemur fram í greinargerð með gildandi lögum.“*

- SFS skilaði umsögn vegna tillögunnar þann 6. október sl.

  „Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi (SFS) leggjast gegn boðuðum áformum um gjaldhækkun vegna fiskeldis í sjó með vísan til þess að þau séu bæði ótímabær og óhófleg. Samtökin lýsa sig þó tilbúin til samtals og samráðs um breytta tilhögun gjaldtöku.”

Fiskeldi á krossgötum

Október/ nóvember

Stjórnsýsluúttekt Ríkisendurskoðunar

Nóvember

Skýrsla Boston Consulting Group

2022-2023

Vinna starfshópa um sjúkdóma og sleppingar

Mitt ár 2023

Endurskoðun áhættumats erfðablöndunar

2023 - 2024

Stefnumótun og endurskoðun lagaumhverfis

BOSTON CONSULTING GROUP


Stjórnarráð Íslands
Matvælaráðuneytið

HAFRANNSÓKNASTOFNUN
Rannsókna- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna

ALÞINGI


Magn lífmassa sem heimilt er að ala
Í þúsundum tonna

Heimild: Matvælaráðuneytið




Fjárfesting í fiskeldi

Í milljörðum króna á föstu verðlagi ársins 2021
Heimild: Hagstofa Íslands



Fiskeldi – Í þúsundum tonna

Heimild: Matvælastofnun



Tax incentives and special taxes and levies for aquaculture - summary table

Country	Special tax incentives	Special taxes and levies
Australia		
Canada		
Chile		
China*	X	
Denmark		
Faroe Islands**		X
Greece		
Iceland***		X
Ireland		
Japan	X	
New Zealand		
Norway****		X
Spain		
UK		
USA		

* Aquaculture companies (marine and inland aquaculture) may benefit from CIT exemption or be subject to tax on only 50% of their taxable income.

** Special harvest tax.

*** Levy for the production of salmon and rainbow trout through fish farming in the sea.

**** Excise duty on production of salmon, trout and rainbow trout farmed in the sea.

Samtök fyrirtækja
í sjávarútvegi

KPMG

Staðan í dag

Ísland



- **20% tekjuskattur**
- **Aflagjald (hafnargjald)**
  - ca. 0,7-0,8% af verðmætum
- **Umhverfissjóður sjókvíeldis**

  Gjald per heimild tonn til framleiðslu:
  - 20 SDR – Frjór lax í kvíum (3700)
  - 10 SDR – Ófrjór lax/silungur
  - 5 SDR – Eldi með lokuðum eldisbúnaði
- **Fiskeldisgjald**

  Gjald per slátrað kíló í sjókvíaeldi. Ákvarðast af FishPool verði ágúst-október fyrra árs
  - 3,5% þegar verð er hærra en 4,8 EUR/kg
  - 2% þegar verð er hærra en 4,3 EUR/kg en lægra en 4,8 EUR/kg
  - 0,5% þegar verð er lægra en 4,3 EUR/kg

Noregur



- **22% tekjuskattur**
- **Framleiðslugjald**
  - 0,4 NOK per framleitt kíló af laxi, silungi eða regnbogasilungi
- **(Markaðs- og rannsóknargjald)**
  - 0,3% - 1,05% af FOB virði

Færeyjar



- **18% tekjuskattur**
- **Slátrunarskattur**

  Sambærilegt auðlindagjaldi á Íslandi. Ákvarðast af FishPool verði hvers mánaðar. Er frádráttarbær kostnaður við útreikning skattskyldra tekna.
  - 5% þegar verð er hærra en 36 DKK/kg
  - 2,5% þegar verð er hærra en 32 DKK/kg og lægra en 36 DKK/kg
  - 0,5% þegar verð er lægra en 32 DKK/kg


Opinber gjöld og launatengd gjöld [1)]

	Ein.	Ísland Vinnsla og aðrir stm	Noregur Vinnsla og aðrir stm	Færeyjar Vinnsla og aðrir stm
Lífeyrissjóður	%	8,00%	2,00%	18,00%
Lífeyrissparnaður	%	2,00%		
Orlof	%	11,59%	10,20%	1,50%
Framlag vinnuveitenda vegna félagslega kerfisins	%	6,35%	7,05%	2,96%
Sérstök trygging vegna sjómanna	%	0,65%		
Stéttarfélagsgjald	%	1,55%		
Launatengd gjöld samtals	%	**32,99%**	**19,25%**	**22,46%**

Source: 2021 Deloitte assessment for SFS

Samanborið við Noreg á Ísland talsverðan möguleika á að ná fram aukinni hagkvæmni

Sundurliðun rekstrarreiknings 2019,
% af tekjum á kg



Heimild: Hagstofa Íslands, upplýsingar úr skýrslum Mowi, greining McKinsey

Faculty of Biosciences, Fisheries and Economics

Current and future competitiveness of the Icelandic and Norwegian salmon farming industries: A comparison of economic performance, productivity, and characteristics of the national environments in which the salmon farming companies operate.

Sverre Vormedal

Master's thesis in International Fisheries Management FSK-3910 (30 ECTS) May 2021



Figure 17 Production cost in EUR per kg gutted salmon for 2018-2018, including harvesting and packing cost. (Source: Norwegian fisheries directorate and company data)

Áform í Færeyjum og Noregi

- Norska ríkisstjórnin tilkynnti 28. september síðastliðinn um þau áform sín að leggja 40% auðlindaskatt á sjókvíaeldi í Noregi
  - Undanþágur:
    - Virðisauki í vinnslu og fjármagnskostnaður er undanskilinn
    - Draga má frá hagnaði sem samsvarar 4-5 þúsund tonna framleiðslu fyrir skattlagningu (einskoanr „persónuafsláttur“)
      - Áætlað að u.þ.b. 20-30% stærstu fyrirtækin af 150 greiði auðlindaskattinn. 2/3 af áætlaðri skattheimtu mun lenda á 5 stærstu fyrirtækjunum.
  - Tillagan er í samráðsferli.


- Á færeyska Lögþinginu hefur verið lagt fram frumvarp til breytinga á lögum um leyfisgjald af fiskeldi:
  1. Gjaldþrepum fjölgað úr þremur í fimm
  2. Þröskuldar gjaldþrepanna eru hækkaðir
  3. Gjaldþrepin tengd við framleiðslukostnað

Færeyska tillagan

Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi

Núverandi gjald			Ný tillaga		
Gjaldhlutfall:	Gildir þegar meðaltal alþjóðlegs markaðsverð nemur:		Gjaldhlutfall:	Gildir þegar meðaltal alþjóðlegs markaðsverð er	
				Hærra en...	... og lægra en
0,5%	<32 DKK/kg		0,5%		Framleiðslukostnaður
2,5%	33 - 36 DKK/kg		2,5%	Framleiðslukostnaður	Framleiðsluk. + 5 DKK/kg
5,0%	>36 DKK/kg		5,0%	Framleiðsluk. + 5 DKK/kg	Framleiðsluk. + 15 DKK/kg
			7,5%	Framleiðsluk. + 15 DKK/kg	Framleiðsluk. + 30 DKK/kg
			10.00%	Framleiðsluk. + 30 DKK/kg	

Breytingartillögur




Ísland — Hækkun á gjaldahlutfalli úr 3,5% í 5% og viðmiðunartímabili breytt í almanaksár


Noregur — 40% auðlindaskattur lagður á.
Skatthlutfall hækkar þá úr 22% í 62%

Færeyjar
- Mögulegum skatthlutföllum fjölgað úr þremur í fimm
- Viðmiðunarverð hækkuð
- Framleiðslukostnaði bætt í jöfnu útreiknings

Dæmi: Fyrirtæki rekin undir sömu forsendum á Íslandi og í Noregi


10% hagnaður fyrir fiskeldisgjöld og skatta






Dæmi: Fyrirtæki rekin undir sömu forsendum á Íslandi og í Noregi

20% hagnaður fyrir fiskeldisgjöld og skatta





200 mílur | mbl | 28.9.2022 | 15:14 | Uppfært 15:38

Yfir 600 milljarða verðmæti hafa þurrkast út



Hluthafar tapa milljörðum

Strax og tilkynnt var um áformin hóf gengi hlutabréfa fiskeldisfyrirtækjanna að lækka og hafa þau lækkað mikið í norsku kauphöllinni. Aðeins Bakkafrost er undanskilið þar sem framleiðsla þess er í Færeyjum.

Klukkan 14 að staðartíma í dag höfðu þurrkast út um 45 milljarðar norskra króna að því er Dagens Næringsliv, áætlar. Það er jafnvirði rúmlega 607 milljarða íslenskra króna.

Gengisbreyting hlutabréfa frá síðasta lokunarverði:

Fyrirtæki	Breyting
Mowi	-19,55%
Norway Royal Salmon	-24,37%
Salmar	-30,20%
Lerøy Seafood Group	-26,39%
Grieg Seafood	-26,91%
Austevoll Seafood	-22,14%
Måsøval	-21,43%

Heimild: Oslo Børs

mbl.is

Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi

With Norway salmon license auction impending, tax plan sees investments of over $1bn frozen

Norway's salmon farmers have now reneged on a total of NOK 800m worth of previously committed salmon license purchases, looking for cheaper deals at October's auction

Lerøy suspends investment in Norway

Proposed 40% salmon tax changes the scope and incentives, says company

Spectre of salmon tax causes Cermaq to freeze Norwegian investments

Mowi scraps $17.5 million biomass increase, saying new tax is biggest setback in Norwegian aquaculture's history

The company advised the Norwegian government to rethink its position.

Måsøval

Norway tax hike puts stop on SalMar's £20m salmon investment

Måsøval AS cancels its acquisition of production capacity (MAB) following resource tax proposal

'We risk throttling a major growth engine': Salmon farmer Nordlaks puts $460 million of investments on hold following tax proposals

Nordlaks had identified possible investments totaling NOK 7 billion - but these will now need to be re-examined as the very strong possibility of a 40% tax looms.

Grieg shelves 'new investment' plans after Norway proposes 40% tax




Mowi scraps $17.5 million biomass increase, saying new tax is biggest setback in Norwegian aquaculture's history

The company advised the Norwegian government to rethink its position.

4 October 2022 5:57 GMT UPDATED 4 October 2022 13:47 GMT

By Rachel Mutter

In light of the Norwegian government's proposal for a 40 percent resource tax on Norwegian aquaculture, the world's biggest salmon farmer, Mowi, is canceling its acquisition of 914 metric tons of maximum allowable biomass (MAB) worth NOK 183 million (€17.5 million/$17.2 million).



NRS says the proposed 40% resource rent tax would reduce its ability to invest in projects such Arctic Offshore Farming. Image: NRS

Norway Royal Salmon joins backlash against 40% tax proposal

Fish farmer scraps biomass allowance purchase and postpones £33m smolt facility expansion



'We risk throttling a major growth engine': Salmon farmer Nordlaks puts $460 million of investments on hold following tax proposals

Nordlaks had identified possible investments totaling NOK 7 billion - but these will now need to be re-examined as the very strong possibility of a 40% tax looms.

3 October 2022 4:31 GMT *UPDATED 3 October 2022 13:22 GMT*

By **Robert Nedrejord** in **Bergen**

Norwegian salmon farmer Nordlaks is putting several large investments on hold as a direct consequence of the government's proposal to introduce a new 40 percent tax on salmon production.

Spectre of salmon tax causes Cermaq to freeze Norwegian investments

REGULATIONS · ECONOMICS · POST-HARVEST

by The Fish Site
4 October 2022, at 7:45am

Cermaq has decided to put any investments into its Norwegian operations on hold, following concerns that the salmon sector might face a new 40 percent licence tax burden in 2023.




Steven Rafferty, CEO of Cermaq

Grieg shelves ‘new investment’ plans after Norway proposes 40% tax

'Grieg will assess how the proposal will impact the group's business and strategy, should it be adopted in its current form', the company said

By Jason Smith | Sept. 28, 2022 20:18 BST



Related

‘Traffic light’ scheme, costs force Norwegian firm to drop plans for $60m smolt unit



Grieg Seafood’s share price dips 13% on high cost outlook



Mowi hopes salmon farming input inflation has peaked



Mowi retains 460,000t



Norway tax hike puts stop on SalMar's £20m salmon investment

By Vince McDonagh - 3rd October 2022



SalMar has halted the planned purchase of 1,223 tonnes of salmon biomass worth around NOK 245 million (£20m) in protest against the Norwegian government's land tax proposal.

The purchase was part of a capacity adjustment following the introduction of the traffic light system.

SalMar said the tax move, which will be announced in the budget later this week, meant the government is planning to acquire 40% of all cash flows in the company adding: "This is expressed by the fact that the total tax for aquaculture companies in Norway increases from 22% to 62%."

The statement added: "If the proposals were to be adopted, there would be major consequences for the company's investment decisions and capital allocation in the future.

"This has created a situation which means that the company does not find it justifiable to pay the aforementioned remuneration.

"The government's surprising proposal, without waiting for the recommendation from the government-appointed tax committee, has also led to an unpredictability on the part of the

Måsøval

Måsøval AS cancels its acquisition of production capacity (MAB) following resource tax proposal

5.10.2022 19:42:04 CEST | Måsøval AS | Additional regulated information required to be disclosed under the laws of a member state

The Norwegian governments proposal to introduce a resource tax on production of salmon in Norway of 40% is a special tax on aquaculture companies that today create value and employment in many small coastal societies in Norway.

In the light of this, Måsøval has decided to cancel its acquisition of 116 tonnes MAB in production area 6.

The company will untill further notice postpone planned investments in excess of MNOK 1,000.

This will have significant negative repercussions for our suppliers and the coastal societies where we operate our business.

Lerøy suspends investment in Norway

Proposed 40% salmon tax changes the scope and incentives, says company

Editorial team

PUBLISERT Monday 03. October 2022 - 18:20 SIST OPPDATERT Monday 03. October 2022 - 18:23


Scottish Sea Farms co-owner Lerøy Seafood Group today became the latest fish farmer to freeze investment in its Norwegian operations in response to a planned 40% salmon tax announced by Norway's government last week.

If approved by parliament, the proposed "resource rent" tax will be added on top of the 22% corporation tax already paid on profits.

"Increasing the tax rate from 22% to 62% creates unreasonable framework conditions for the industry in Norway, changing the scope and incentives for investments in areas other than maintenance capex," said Lerøy in a market announcement.

"All major new investments in the Group's value chain

ADVERTISEMENT



With Norway salmon license auction impending, tax plan sees investments of over $1bn frozen

Norway's salmon farmers have now reneged on a total of NOK 800m worth of previously committed salmon license purchases, looking for cheaper deals at October's auction

By Neil Ramsden | Oct. 6, 2022 10:24 BST



Related

Firda calls off NOK 1bn investment plan, puts its tax burden at 85%



'We don't dare': NRS calls off growth, smolt investments



Cermaq terminates $13m license purchase in Norway, freezes $380m plan



Mowi cancels $17m aquaculture license purchase in Norway



Scrap Norway's salmon permit auction, says industry



Two major employer organisations, Seafood Norway and Seafood Companies, have called on the government to scrap the upcoming salmon permit auction in the wake of last week's budget tax shock.

The auction, which is held every two years and normally attracts strong interest, is due to be held on Wednesday this week. This time there appears to be little enthusiasm for it from the industry.

The last auction in 2020 netted NOK 7bn (£600m) for state coffers and local municipalities and this month's event was expected to bring in NOK 10bn (£840m) – but that was before the budget tax blow.

Both organisations say there are a number of unresolved issues to which need to be clarified.

The Seafood Companies spokesman Robert Eriksson said it would be irresponsible to hold such a sale now because the sector does not know how the new 40% land tax will impact on the industry.

He said the situation had become somewhat chaotic, adding investment plans had come to a standstill.

Seafood Norway CEO Geir Ove Ystmark added: " The value of aquaculture licences has fallen dramatically in recent days, and just hours after the ground rent taxation became known, the drop in value for the listed companies was NOK 56 billion [£4.7bn].

"The companies in the industry have the opportunity to buy growth at a fixed price ahead of the auction. It has been considered a bargain. Now we see that almost the entire industry has withdrawn these purchases. Simply because it is no longer profitable to buy at the price that has been set."

A reply from the government is awaited.



Norway's rural communities lose millions as major salmon farmers stayed clear of auction, association says

Based on the figures, state and municipalities may have missed out on as much as NOK 4.7 billion (€454 million/$422 million) from the auction.

19 October 2022 7:00 BST *UPDATED 18 October 2022 8:18 BST*

By **Hanna Gezelius** and **Bent-Are Jensen**

A major auction of salmon farming licenses was held by the Norwegian Ministry of Trade, Industry and Fisheries last week, but with major companies sitting out the round, hundreds of millions of dollars of tax revenue to rural communities will be lost, one industry association says.

With a total of 32,887 metric tons up for grabs in the auction, just 24,644 metric tons of capacity was sold for a value of NOK 3.8 billion (€367 million/$ 357 million), leaving 8,243

Alþingi
Fjárlaganefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 6. október 2022

Efni: Athugasemdir Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi við fjárlagafrumvarp fyrir árið 2023

Samantekt:

Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi (SFS) leggjast gegn boðuðum áformum um gjaldhækkun vegna fiskeldis í sjó með vísan til þess að þau séu bæði ótímabær og óhófleg. Samtökin lýsa sig þó tilbúin til samtals og samráðs um breytta tilhögun gjaldtöku.

Að mati samtakanna er einnig nauðsynlegt að gera bragarbót á hafrannsóknum. Mikilvægt er að stjórnvöld skilgreini með viðtækari hætti hvaða hafrannsóknir eru nauðsynlegar til að hámarka verðmætasköpun sjávarauðlindarinnar og að Hafrannsóknastofnun sé tryggð fullnægjandi fjármögnun til verksins. Einnig þarf stuðningur við fjárfestingu í nýsköpun og innleiðingu nýrrar tækni í framleiðslu að vera markviss svo hægt sé að ná markmiðum um minnkun á losun gróðurhúsalofttegunda. Að lokum er mikilvægt að efla grænar fjárfestingar og styðja við nýsköpunarverkefni með fjármagni og skattalegu hagræði, t.a.m. niðurfellingu eða lækkun á opinberum gjöldum.

* * *

Vísað er til fyrirliggjandi frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2023. Með umsögn þessari vilja samtökin koma á framfæri nokkrum athugasemdum og ábendingum við frumvarpið:

I. Yfirlit yfir lagabreytingar kafli 12 - um töku gjalds vegna fiskeldis í sjó

Í 12. kafla fjárlagafrumvarpsins, *Yfirlit yfir lagabreytingar,* er boðuð eftirfarandi breyting á lögum nr. 89/2019 um töku gjalds vegna fiskeldis í sjó og fiskeldissjóð:

> *„Lögð verður til hækkun á gjaldhlutfalli úr 3,5% í 5% og að viðmiðunartímabili verði breytt í almanaksár. Miðað verði áfram við að 1/3 af gjaldinu fari sem framlag til Fiskeldissjóðs sem er í samræmi við það sem kemur fram í greinargerð með gildandi lögum.“*

SFS mótmæla fyrirhugaðri gjaldhækkun á þeim grunni að hún sé bæði ótímabær og óhófleg. Því til stuðnings ber fyrst að horfa til þess að yfirstandandi er heildstæð úttekt á ýmsum sviðum fiskeldis sem liður í fyrirhugaðri stefnumótun matvælaráðuneytisins í málaflokknum:

- Í fyrsta lagi hefur matvælaráðherra falið Ríkisendurskoðun að ráðast í heildstæða úttekt á stjórnsýslu atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis og undirstofnana þess á sviði fiskeldis. Er ætlunin að úttektin nái yfir alla stjórnsýslu málaflokksins, allt frá

undirbúningi löggjafar og setningu afleiddra reglna til eftirlits með starfsemi fyrirtækja í greininni.

- Í öðru lagi hefur matvælaráðherra falið ráðgjafarfyrirtækinu Boston Consulting Group að annast skýrslugerð um stöðu fiskeldis á Íslandi. Í skýrslunni verða greindir framtíðarmöguleikar og áskoranir greinarinnar og er ætlunin að sú vinna muni nýtast við stefnumótun matvælaráðherra. Tekið verður mið af umhverfismálum, verðmætasköpun og regluverki. Til samræmis við stjórnarsáttmála verður áhersla lögð á að kortleggja tækifæri til sjálfbærs vaxtar greinarinnar með vísindalega þekkingu að leiðarljósi. Höfð verður hliðsjón af samanburðargreiningu við þau lönd sem helst stunda lagareldi.
- Í þriðja lagi hefur matvælaráðherra skipað starfshóp til að skoða smitvarnir og sjúkdóma í fiskeldi. Hópnum hefur m.a. verið falið að yfirfara lög og reglugerðir um laxeldi og framkvæmd á þeim og vinna að tillögum um breytingar ef þörf þykir.

Afurð lýstrar vinnu og fyrirhugaðrar stefnumótunar um fiskeldi er óljós á þessu stigi. Ljóst er þó að ekki er loku fyrir það skotið að ráðist verði í viðamiklar breytingar á lagaumhverfi fiskeldis með ófyrirsjánlegum afleiðingum fyrir rekstrarumhverfi fiskeldisfyrirtækja. Að mati samtakanna er verulega óábyrgt og ótímabært að boða áform um **verulega gjaldhækkun** á sama tíma og atvinnugreinin stendur frammi fyrir heildstæðri úttekt og stefnumótunarvinnu.

Til þess er einnig að líta að hækkun gjaldhlutfalls úr 3,5% í 5% jafngildir **tæplega 43%** hækkun á skatti sem er nú þegar með þeim hæstu á fiskeldi á heimsvísu. Samkvæmt samantekt KPMG á skattheimtu fiskeldis í 16 stærstu fiskeldislöndum heims er Ísland eitt af aðeins þremur ríkjum sem leggja sérstakan auðlindaskatt á fiskeldi, ásamt Noregi og Færeyjum.[1] Þess má geta að Norðmenn voru búnir að stunda arðbært fiskeldi í um 40 ár áður en umræða um auðlindaskatt hófst þar í landi. Að sama skapi hófst laxeldi í Færeyjum laust fyrir árið 1980 en skattheimtu í núverandi mynd var ekki komið á fyrr en fyrir 9 árum. Færeyskum og norskum eldisfyrirtækjum var því veitt áratugalangt svigrúm til fjárfestinga, uppbyggingar og markaðssetningar áður en ráðist var í sértæka skattheimtu. Hefur sú ákvörðun verið þjóðunum til heilla og skilað sér í yfirburðastöðu þeirra í laxeldi á heimsvísu og stórauknum gjaldeyristekjum.

Eins og samtökin hafa löngum lagt áherslu á er óhófleg skattheimta á fiskeldi í uppbyggingarfasa til þess fallin að skekkja samkeppnishæfni íslensks fiskeldis á alþjóðlegum vettvangi. Uppbygging fiskeldis hér á landi er enda bæði kostnaðarsöm og tímafrek. Þannig getur langur tími liðið frá því sótt er um rekstrarleyfi og þar til tekjur geta myndast í starfseminni, sem geta þá staðið undir greiðslu gjaldsins. Einnig verður að hafa í huga að eftir að framleiðsla hefst geta margvíslegar ástæður ráðið því að hún er undir leyfðu hámarki. Minnt er á að þegar gildandi lög nr. 89/2019 um töku gjalds vegna fiskeldis voru sett árið 2019 var af þessum sökum ákveðið að veita 7 ára aðlögun í átt að fullri gjaldtöku. Að öllu óbreyttu munu því sjókvíaeldisfyrirtæki greiða á næsta ári 4/7 af því hlutfalli reiknistofnsins sem þeim mun frá árinu 2026 vera gert að greiða að fullu. Ekki er æskilegt að leggja til frekari gjaldhækkanir á atvinnugrein sem er í mótun og uppbyggingu, bæði lagalega og rekstrarlega, á meðan enn er ekki komið að fullri gjaldtöku samkvæmt gildandi lögum.

[1] KPMG Law, *Taxation of Aquaculture 2021,* júní 2021

Í þessu samhengi má nefna dæmi um íslenskt fiskeldisfyrirtæki sem hóf starfsemi sína í laxeldi með útsetningu seiða fyrr á þessu ári og fyrirhugar fyrstu slátrun á árunum 2023 og 2024. Fyrirtækið mun að öllu óbreyttu greiða 4/7 og 5/7 af hlutfalli reiknistofns fyrir fyrstu slátrun eldislaxa, samhliða því að standa undir mikilli fjárfestingarþörf á frumstigi uppbyggingar. Aukin skattheimta á þessu stigi mun fyrirsjáanlega hægja verulega á uppbyggingu og frekari verðmætasköpun.

Það vekur jafnframt athygli að ef efsta þrep gjaldhlutfallsins er hækkað í 5% verður hlutfallið það sama og í Færeyjum. Í því samhengi er vert að rifja upp umfjöllun um samanburð á forsendum til gjaldtöku hér á landi og í Færeyjum úr athugasemdum við frumvarp til gildandi laga nr. 89/2019 um töku gjalds vegna fiskeldis í sjó og fiskeldissjóð:

> *„Sex ár eru síðan gjaldtaka var tekin upp á framleiðslu á laxi í sjókvíum í Færeyjum. Með frumvarpi þessu er lagt til að efnislega samskonar ákvæði um reiknistofn gjaldtöku vegna laxeldis í sjókvíum verði tekið upp hér á landi. Þó þykir rétt að hafa heldur lægra gjaldhlutfall heldur en í Færeyjum [innsk. 3,5% í stað 5%]. Þar hefur þýðingu að tekjuskattur er lægri í Færeyjum en hér á landi auk þess sem íslensk eldisfyrirtæki greiða þegar gjald í Umhverfissjóð sjókvíaeldis. Þá má nefna að hafnargjöld eru hér á landi lögð á samkvæmt verðmætisreikningi, sem þekkist ekki í Færeyjum. Þá hefur færeyskum eldisfyrirtækjum gengið óvenjulega vel í rekstri á undanförnum misserum, m.a. vegna aðgangs að Rússlandsmarkaði."*

> *„Það er lýðum ljóst að íslenskt fiskeldi sem atvinnugrein er komið skemmra á veg heldur en fiskeldi í Færeyjum og aðstæður kunna að vera um sumt aðrar. Því er ótvírætt að ekki verður borin saman rekstrarafkoma íslenskra og færeyskra fiskeldisfyrirtækja svo sem nú standa sakir. Það er ástæðan fyrir því að lagt er til að sjö ára aðlögun verði að fullu gjaldi svo sem mælt er fyrir um í ákvæði I. til bráðabirgða við frumvarpið. Jafnframt er ljóst að komi til þess að uppbygging fiskeldis verði ekki slík, sem að er stefnt ákveðnum skrefum af fiskeldisfyrirtækjunum, þá getur það kallað á endurskoðun gjaldtöku samkvæmt frumvarpi þessu."*

> *„Aukin gjaldtaka eða skattheimta getur dregið úr samkeppnishæfni útflutningsfyrirtækja á mörkuðum. Að auki getur hún dregið úr vilja til fjárfestinga og uppbyggingar, sem getur komið niður á fjárfestingum sem annars yrði ráðist í og gætu reynst fjárhagslega ábatasamar fyrir þjóðfélagið eða smærri samfélög. Hafa verður í huga að laxeldisfyrirtæki greiða auk þess þegar skatta með venjulegum hætti sem hlutafélög. Því verður að gæta þess að gjaldtaka sé hófleg, en ólíkt t.d. tekjuskatti þá leggst gjald samkvæmt frumvarpi þessu á fyrirtæki án tillits til þess hvort rekstur þeirra skilar hagnaði. Fyrirhuguð gjaldtaka leggst á fyrirtæki sem starfa á landsbyggðinni. Ef gjaldið kæmi ekki til er auk þess mögulegt að viðkomandi fjármunir yrðu notaðir til fjárfestinga eða aukins rekstrar í nærumhverfi."*

Við þetta má bæta að í Færeyjum eru aðstæður til laxeldis einkar ákjósanlegar og er framleiðslukostnaður á eldisafurðum þar einn sá lægsti í heiminum. Þessu til viðbótar selst eldislax frá Færeyjum á talsvert hærra verði en frá öðrum löndum og fiskeldi í Færeyjum hefur

af þeim sökum m.a. skilað verulegum hagnaði á undanförnum árum og er greinin nánast skuldlaus. Búa Færeyingar þar með nú þegar yfir augljósu samkeppnisforskoti.

Ekki verður heldur ráðið af boðuðum áformum annað en að áfram eigi að styðjast við meðaltal alþjóðlegs markaðsverðs á laxi (Fish Pool Index) við útreikning skattsins. Rétt er að halda því til haga að verðvísitala *Fish Pool* byggir á norskum viðmiðum, þ.e. upplýsingum frá Nasdaq Salmon Index verðvísitölu fyrir lax (85%), *European Buyers Index* (10%) og norskum tollskýrslum (5%). Stærsti liðurinn, *Nasdaq Salmon Index,* verður til með framlögum verðgagna frá ellefu norskum fyrirtækjum sem standa að baki um 55–60% af útflutning af laxi með landflutningum til Evrópu frá Noregi. Framleiðendur í Færeyjum fá, líkt og áður segir, töluvert hærra verð fyrir sinn eldislax en Norðmenn. Skatturinn í Færeyjum, þaðan sem íslenska fiskeldisgjaldið sækir fyrirmynd sína, reiknast því af lægra verði en raunverulegu söluvirði færeyskra afurða. Þessu er öfugt farið hér á landi þar sem íslenskir framleiðendur fá alla jafna lægra verð fyrir sína vöru en bæði Norðmenn og Færeyingar. Þannig reiknast skatturinn hér á landi af hærra verði en íslenskir framleiðendur fá í sinn hlut, þrátt fyrir síðri rekstrarskilyrði og gjaldaumhverfi.

* * *

Auknar álögur á fiskeldi munu mögulega auka tekjur ríkissjóðs til skamms tíma, en til lengri tíma mun hægja á vexti fyrirtækjanna og draga úr þeim tekjum sem samfélagið fær frá starfseminni. Stjórnvöld verða að horfa til samkeppnisstöðu íslenskra fiskeldisfyrirtækja og hafa að leiðarljósi að ekki sé verið að leggja þyngri byrðar á þau en samkeppnisfyrirtæki í öðrum löndum. Nú þegar eru launatengd gjöld og framleiðslukostnaður fiskeldisfyrirtækja hærri hér á landi en í helstu samkeppnislöndum. Skert alþjóðleg samkeppnisstaða atvinnugreinarinnar dregur úr fjárfestingu og þar með verðmætasköpun, hægir á hjólum efnahagslífsins og þar með fjölgun starfa og veikir skattstofna til lengri tíma, bæði fyrir sveitarfélögin og ríkið.

SFS telja að fyrirhuguð áform stjórnvalda beri þess því miður vitni að ekki hafi verið hugað nægilega vel að áhrifum aukinnar gjaldtöku. Hér er hið minnsta ástæða til að staldra við og huga betur að forsendum og áhrifum aukinnar gjaldtöku samhliða markmiði um uppbyggingu nýrrar atvinnugreinar. Ekki þarf að fjölyrða um mikilvægi aukinna útflutningaverðmæta, þannig að tryggja megi hagvöxt til framtíðar. Ábyrgð á því að skapa slík verðmæti hvílir sameiginlega á herðum stjórnvalda og atvinnulífs.

Að lokum verður ekki hjá því komist að benda á að ekkert samráð var haft við SFS við undirbúning boðaðrar skattahækkunar. Þá er samtökunum heldur ekki kunnugt um að fyrir liggi sérstök greining á áhrifum hækkunarinnar á uppbyggingu atvinnugreinarinnar. Til þess að sátt geti ríkt um gjaldtöku af fiskeldi er mikilvægt að samráð sé haft við hagaðila í viðkomandi atvinnugrein áður en áform af þessu tagi eru kynnt opinberlega.

II. Viðauki kafli 13.2 - Rannsóknir, þróun og nýsköpun í sjávarútvegi

Í júní á þessu ári birti Hafrannsóknastofnun ráðgjöf fyrir yfirstandandi fiskveiðiár, sem stendur frá 1. september 2022 til 1. september 2023. Stjórnvöld styðjast við þessa úttekt þegar ákvörðun er tekin um útgefið aflamark. Ráðgjöf Hafrannsóknastofnunar er að dregið verði úr

veiðum á þorski um 6% úr tæpum 223 þúsund tonnum í tæp 209 þúsund tonn. Meira kemur til, því frá fiskveiðiárinu 2019/20 er samdrátturinn í þorski 23%, en þá var ráðlögð heildarveiði rúm 272 þúsund tonn. Enn fremur hefur orðið verulegur niðurskurður í ráðlagðri veiði á karfa. Þá liggur aukinheldur fyrir, samkvæmt nýbirtri veiðiráðgjöf Hafrannsóknastofnunar, að loðnuafli verði ekki meiri en ríflega 281.000 tonn á komandi vetri. Þar er um að ræða verulega minni afla en væntingar stóðu til, enda lá þegar fyrir þriðja hæsta ungloðnumæling frá 1980. Liðinn vetur veiddust alls 688.500 tonn af loðnu. Niðurskurðurinn er því verulegur. Allar þessar áskoranir eru þungur baggi fyrir mörg fyrirtæki og ekki síður fyrir þjóðarhag, enda um að ræða verðmætustu nytjastofna í íslenskri lögsögu

Áskoranir á næstu árum í sjávarútvegi tengjast breytingum í umhverfi, svo sem breytingum á loftslagi, vistkerfi sjávar og útbreiðslu fiskstofna. Þá eru öflugar rannsóknir og aukin vöktun á vistkerfi sjávar nauðsynlegar til að fylgjast með þeim breytingum sem eiga sér stað á íslenskum hafsvæðum. Svo þetta sé möguleiki þurfa stjórnvöld að gera bragarbót. Þess sér því miður ekki stað í frumvarpi til fjárlaga, þar sem hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefnasviðsins nemur 76,4 milljónum króna.

Hafrannsóknastofnun hefur á undanförnum árum verið gert að hlíta 2% hagræðingarkröfu líkt og margar aðrar ríkisstofnanir. Á sama tíma eru gerðar auknar kröfur til stofnunarinnar í formi ráðgjafar nytjastofna og vöktunar umhverfis. Jafnframt er þrýstingur á stofnunina að flytja störf út á land sem erfitt er að manna, eykur kostnað í formi leigu og ferða og dregur úr skilvirkni. Það er rétt að taka undir það almenna sjónarmið að gæta skuli aðhalds í útgjöldum úr sameiginlegum sjóðum. En í tilfelli Hafrannsóknastofnunar skal á það bent, að vandaðar rannsóknir eru forsenda þess að auðlindin í hafinu verði nýtt á ábyrgan og sjálfbæran hátt. Þá má bæta því við að fiskveiðistjórnunarkerfið hvílir á vísindalegri nálgun við nýtingu. Útgjöld til hafrannsókna geta því skilað margföldum ávinningi - og um það eru mörg dæmi.

Hafrannsóknastofnun hefur fyrst og fremst brugðist við hagræðingarkröfu með samdrætti í úthaldi rannsóknaskipa og mönnun leiðangra. Fyrir nokkrum árum var vöktun á rækjustofnum norðanlands og á hörpudiski í Breiðafirði hætt, úthafsrækja er nú einungis mæld annað hvert ár og óvissa er um áframhaldandi vöktun á humarstofninum. Jafnframt hefur verið dregið úr fjölda rannsóknafólks um borð í leiðöngrum. Þetta á sérstaklega við um stofnmælinga-leiðangra botnfiska (röllum) sem hefur leitt til þess að færri gögnum er nú safnað um okkar mikilvægustu nytjastofna, þ.m.t. þorsk.

Í fjárlagafrumvarpinu er tekið fram að fjárheimildir til loðnurannsókna falli niður. Slíkt er með öllu óásættanlegt, þar sem eitt besta dæmið um áhrif óvissu á ráðgjöf eru í aflareglu loðnu. Ljóst er að ef verðmæti eiga ekki hreinlega að glatast þarf í það minnsta að viðhalda áþekku átaki í loðnumælingum og helst að bæta í.

Eina viðbótarfjármagn til Hafrannsóknastofnunar er til hvalatalninga, sem vissulega er góðra gjalda vert. Það hlýtur þó að teljast undarleg forgangsröðun í ljósi þess að alþjóðlegar hvalatalningar eru ekki fyrirhugaðar á næsta ári.

Á síðasta ári fékk Hafrannsóknastofnun um 100 milljónir króna til að hefja aftur rannsóknir á þorski en markmið þeirra var að rannsaka tengsl við Grænland, afdrif nýliðunnar og erfðir. Ekki er að sjá merki um að þessar rannsóknir verði fjármagnaðar á næsta ári. Í ljósi minnkandi

aflaheimilda í þorski, umhverfisbreytinga og endurtekinna krafna Grænlendinga um viðurkenningu á sameiginlegum þorskstofni milli Íslands og Grænlands telja samtökin mikilvægt að veitt verði fé til þessara rannsókna.

Íslensk stjórnvöld vilja vera leiðandi í málefnum hafsins á alþjóðavettvangi, m.a. í verndun búsvæða utan lögsögu. Lítið hefur gerst í slíkum málum innan lögsögunnar og hafa rannsóknir á búsvæðum á hafsbotni verið í skötulíki undanfarin ár og engar áætlanir um að bæta þar úr. Til þess að ná skynsamlegri lendingu í verndun viðkvæmra búsvæða er nauðsynlegt að fyrir liggi vandaðar rannsóknir til að byggja ákvarðanir á. Því er brýnt að forgangsraðað sé í þágu slíkra rannsókna.

Samkvæmt ofanrituðu er það mat samtakanna að það sé sérstaklega mikilvægt að efla og bæta verulega vöktun og rannsóknir á lífríki sjávar og að Hafrannsóknastofnun fái til þess fullnægjandi fjármagn. Til áréttingar verður að hafa í huga að samdráttur í vöktun þýðir meiri óvissu. Meiri óvissa þýðir almennt lægri veiðiráðgjöf. Og lægri veiðiráðgjöf leiðir til minni útflutningstekna. Sú vegferð sem stjórnvöld hafa farið á umliðnum árum – og boða enn – er því allra tap.

Ljóst er því að niðurskurður á vöktun nytjastofna er skaðlegur. Vinda þarf ofan af þeirri þróun og rannsóknum á þorski þarf að halda áfram. Tryggja þarf fjármagn til loðnurannsókna og kortlagningu viðkvæmra búsvæða í hafi. Auk þess að vera forsenda sjálfbærrar nýtingar á fiskistofnum mynda hafrannsóknir nauðsynlegan grunn að upplýsingum og kynningu á sjávarútvegi á erlendum mörkuðum, sem tryggir samkeppnishæfni atvinnugreinarinnar.

Viðauki kafli 17 - umhverfismál

Samkvæmt fjárlagafrumvarpinu munu framlög til umhverfismála hækka um 2,2 ma.kr. frá fjárlögum fyrra árs, eða sem nemur 8,6%. Hækkunin samanstendur af mörgum aðgerðum, meðal annars aukast fjárheimildir um 500 m.kr. sem sem ætlaðar eru til bindingar og samdráttar í losun gróðurhúsalofttegunda og annarra loftslagsaðgerða. Auk þess er fjárheimild aukin til að bæta ástand áfangastaða innan náttúruverndarsvæða og þjónustu á þeim. Þessi framlög hvetja hinsvegar ekki til samdráttar í losun gróðurhúsalofttegunda í sjávarútvegi.

Samkvæmt fyrirliggjandi frumvarpi er því einungis 500 m.kr aukning til verkefna sem stuðla að samdrætti og bindingu í losun gróðurhúsalofttegunda. Tækifæri til að ná markmiðum stjórnvalda í loftslagsmálum snúast að miklu leyti um fjárfestingar í orkuskiptum og nýsköpun. Í mörgum tilvikum eru slíkar fjárfestingar áhættusamar og dýrar, án þess að hægt sé að treysta því að þær séu arðbærar. Stjórnvöld hafa ýmis ráð til að flýta og auðvelda fyrirtækjum að ráðast í nauðsynlega umhverfisvæna fjárfestingu, m.a. með því að taka sérstakt fjárhagslegt tillit til umhverfisvænna fjárfestinga og fyrirtækja. Þótt slíkar aðgerðir hafi í för með sér einhvern kostnað í upphafi, er ávinningurinn til langframa miklu meiri.

III. Yfirlit yfir lagabreytingar kafli 12 - kolefnisgjald

Í 12. kafla fjárlagafrumvarpsins, *Yfirlit yfir lagabreytingar,* er jafnframt boðuð breyting er varðar fjárhæðir kolefnisgjalds. Þannig er áætlað að gjaldið hækki um 7,7% til samræmis við forsendur fjárlagafrumvarps fyrir árið 2023. Kolefnisgjald er nú 11,75 krónur en mun hækka um 7,7%. Kolefnisgjald var fyrst lagt á í janúar 2010 og var þá 2,9 krónur á lítra af gas- og

dísilolíu. Kolefnisgjaldið hefur því rúmlega fjórfaldast frá árinu 2010. Sjávarútvegurinn greiðir um 2.000 milljónir í kolefnisgjald. Það skýtur skökku við að lagt skuli á atvinnugrein, sem hefur tekið stórstigum framförum í því að draga úr umhverfisáhrifum, verulega aukin gjöld í formi grænna skatta.

Markmið gjaldsins er að hvetja til orkusparnaðar, notkunar á vistvænni ökutækjum, minni losunar á gróðurhúsalofttegundum og aukinnar notkunar á innlendum orkugjöfum. Kolefnisgjaldið hefur hins vegar þveröfug áhrif á sjávarútveg, eins og staðan er núna. Að mati samtakanna er rétt að staldra við og skoða hvaða áhrif og hvata kolefnisgjaldið hefur á íslensk sjávarútvegsfyrirtæki. Gjaldið dregur úr samkeppnishæfni fyrirtækja á alþjóðlegum markaði og rýrir afkomu. Svigrúm þeirra til fjárfestinga verður þar af leiðandi minna, erfiðara verður að skipta eldri skipum út fyrir nýrri, sparneytnari og afkastameiri eða skipta yfir í vistvænni búnað líkt og kælikerfi án HFC miðla. Þannig getur gjaldið gert fyrirtækjunum erfiðara fyrir að draga úr losun koltvísýrings. Að mati samtakana er kolefnisgjaldið ekkert annað en tekjuöflun fyrir ríkissjóð og vandséð er að skatturinn sé sérstaklega í þágu umhverfismála.

* * *

Er framangreindum athugasemdum SFS hér með komið á framfæri við fjárlaganefnd Alþingis.

SFS áskilja sér rétt til að koma á framfæri frekari athugasemdum á síðari stigum.

Virðingarfyllst,

f.h. SFS



Heiðrún Lind Marteinsdóttir, framkvæmdastjóri

SAMTÖK FYRIRTÆKJA
Í VELFERÐARÞJÓNUSTU

Alþingi
Fjárlaganefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 7. október 2022

Málefni: Umsögn Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu um fjárlagafrumvarp fyrir árið 2023

Helstu áherslur í umsögn Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu (SFV):

- Í nefndaráliti meirihluta fjárlaganefndar um tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2023–2027 kemur eftirfarandi fram um fjármagn til hjúkrunarheimila:

  „Meiri hlutinn fagnar nýgerðum samningum vegna reksturs hjúkrunarheimila. Afar mikilvægt er að fylgja þeim samningum eftir og halda áfram að þróa og bæta rekstur heimilanna. Með samningunum er ljóst að staða þeirra hefur batnað til mikilla muna og nauðsynlegt er að halda vel á málum þannig að ekki myndist aftur sá vandi sem var í rekstri heimilanna á undanförnum árum“

  Sá vilji meirihluta fjárlaganefndar sem þarna er settur fram, um að samningunum verði fylgt eftir og staða hjúkrunarheimilanna styrkt áfram **virðist því miður ekki ná fram að ganga í fjárlagafrumvarpi þessu**. Það er mikið áfall og byggja SFV það álit sitt á eftirfarandi:
  Inn í frumvarpið vantar fjármuni í fjárlagalið 25.1 hjúkrunar- og dvalarrými til ríkið geti staðið við þjónustusamninga við hjúkrunarheimili sem gerðir voru í apríl síðastliðnum. **Ef fjárlagafrumvarpið yrði samþykkt eins og það er lagt fram núna myndu þeir samningar ekki ná að standa** og þannig yrði gríðarleg óvissa um þjónustu við ýmsa af viðkvæmustu einstaklingum samfélagsins. Það sem vantar í fjárlögin til hjúkrunarheimilanna er:
  - 1.200 m.kr. upp í þann aukakostnað sem varð vegna breytingu á vinnutíma í vaktavinnu. Í meðförum fjárlaganefndar á fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2022 var 1.200 m.kr. bætt við. Það fjármagn vantar í frumvarp þetta. **Í nýjum þjónustusamningum hjúkrunarheimila sem undirritaðir voru í apríl síðastliðnum var samið um einingarverð sem innihélt þetta fjármagn, og engir fyrirvarar gerðir um það af hálfu ríkisins.** Það er því ákaflega mikilvægt að því sé bætt við svo að ríkið geti staðið við þjónustusamningana.
  - Fjármagn til hjúkrunarheimila vegna verðlagshækkana. Fjárveitingar til hjúkrunarheimila á samningi við SÍ hefðu átt að hækka um 750 milljónir skv. almennum forsendum frumvarpsins um verðlagshækkanir.
  - Svo virðist sem að í frumvarpinu sé ekki að finna 96. m.kr. vegna svokallaðs útlagasjóðs hjúkrunarheimila, sem lýst var yfir að heilbrigðisráðuneytið myndi beita sér fyrir að yrðu í fjárlögunum, í aðdraganda nýrra þjónustusamninga. Það fjármagn virðist vera lægra.
- Í nýjum þjónustusamningum hjúkrunarheimila var samið um að ef ekki væri veitt nægu fjármagni til hjúkrunarheimila vegna eftirfarandi þátta, þá kæmi til þjónustuskerðingar, sem hjúkrunarheimilin meta sem ómögulegt. Ekki er ljóst í frumvarpinu hvort þar sé að finna nægilegt fjármagn í fjárlagalið 25.1 vegna:

- **Hjúkrunarþyngdar** – Sem er mælikvarði á hversu mikla þjónustu íbúar hjúkrunarheimila þarf. Hér myndi þurfa 500 m.kr. til að greiðslur ríkisins séu í samræmi við raunverulega hjúkrunarþörf íbúa hjúkrunarheimila – þ.e. svo hægt sé að veita þeim þá umönnun sem þau þurfa að lágmarki.

- **Smæðarálag** – Síðustu þrjú ár hefur verið veittar viðbótargreiðslur til lítilla hjúkrunarheimila til að styðja þau í afar erfiðum rekstri. Ef þetta verður lækkað þá myndi það þýða gífurlega erfiðleika í rekstri og þjónustu lítilla hjúkrunarheimila, sem flest eru á landsbyggðinni. Hér þarf einnig til um 500. m.kr.

- **Alzheimersamtökin** og Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu kalla eftir því að bætt verði við fjárlögin 85 m.kr. árlegu fjárframlagi vegna þjónustumiðstöðvar Alzheimersamtakanna fyrir fólk sem greinist ungt með heilabilum eða er á fyrri stigum sjúkdómsins, auk aðstandenda þeirra. Í síðustu fjárlagavinnu bætti fjárlaganefnd við 50 milljónum vegna þessa máls, en það fjármagn er ekki í fjárlagafrumvarpi þessu. Fjallað er um nauðsyn þess að koma á slíkri þjónustu í áætlun heilbrigðisráðuneytisins frá 2020 í málefnum fólks með heilabilun. Nú hefur fjárlaganefnd og Alþingi tækifæri til að styðja þau fyrirheit.
- Kallað er eftir því að hætt verði við stórfelldan niðurskurð fjárveitinga til **SÁÁ** og rekstargrunnur samtakanna leiðréttur. Að óbreyttu þýðir fjárlagafrumvarpið mikinn niðurskurð á þjónustu SÁÁ sem myndi t.d fela í sér að sumarlokanir verði teknar upp að nýju, 270 færri innlagnir á Sjúkrahúsið Vogi og að minnst 160 sjúklingar fá ekki lyfjameðferð á göngudeild við ópíóíðafíkn.
- Fjárveitingar til **endurhæfingarþjónustu** minnka milli ára og mikið vantar upp á fjármagn vegna hækkandi verðlags. Í ljósi aukinnar áherslu á endurhæfingu í heilbrigðisþjónustu er ákaflega mikilvægt að þessari þróun verði snúið við.
- Framlög til **Reykjalundar** þurfa að hækka til að þau séu í samræmi við forsendur frumvarpsins um hækkandi verðlag.

Athugasemdir um einstaka málefnasvið

Málefnasvið 25 Hjúkrunar og endurhæfingarþjónusta

25.1 Hjúkrunar-, dvalar- og dagdvalarrými.

Í fylgiriti fjárlagafrumvarpsins kemur fram að fjárveitingar vegna samninga SÍ við hjúkrunarheimilin fara úr 41.143 m.kr í 41.541 m.kr. í frumvarpinu fyrir 2023. Hér er einungis um að ræða 0.97% hækkun á þessum fjárlagalið, sem er töluvert langt frá því að ná utan um raunverulegan kostnaðarauka hjúkrunarheimila á næsta ári. Það er töluvert sem vantar upp á og er nánar fjallað um það hér að neðan.

<u>Breyting á vinnutíma í vaktavinnu (BVV)</u>

Inn í frumvarpið vantar fjármuni til að bæta kostnað hjúkrunarheimila og fyrirtækja í velferðarþjónustu vegna styttingu vinnuvikunnar. Í meðförum fjárlaganefndar á fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2022 var 1.200 m.kr. bætt við. Það fjármagn vantar í frumvarp þetta.

SAMTÖK FYRIRTÆKJA
Í VELFERÐARÞJÓNUSTU

Samtökin gera sérlega athugasemd við þetta þar sem í nýjum þjónustusamningum hjúkrunarheimila var samið um greiðslur til hjúkrunarheimilanna sem innifela þetta fjármagn. Hér að neðan má sjá fyrsta hluta samnings eins hjúkrunarheimilanna við ríkið:

Samkomulag um framlengingu á samningi

Sjúkratryggingar Íslands (SÍ), kt. 650309-0220 og Hrafnista Garðabæ - Ísafold (verksali), kt. 600117-1300, gera með sér svofellt samkomulag um framlengingu á samningi um rekstur og þjónustu hjúkrunarheimilis að Strikinu 3, Garðabæ, dags. 20. desember 2019, sbr. síðari breytingar.

Með samkomulagi þessu er ofangreindur samningur framlengdur til og með 31. mars 2025.

Við gildistöku samkomulags þessa er:

- Einingarverð, sbr. 3. mgr. 8. gr. samningsins, er kr. 144,43 á verðlagi ársins 2022.

SFV vekur sérstaklega athygli á því að einingarverðið sem þarna er samið um kr. 144,43 var reiknað út frá því fjármagni sem finna mátti í samþykktum fjárlögum fyrir árið 2022, og innifelur þannig í sér þær 1.200 m.kr vegna kostnaðar hjúkrunarheimilanna vegna styttingu vinnuvikunnar. Það fjármagn vantar í fjárlagafrumvarp 2023 og **myndi samþykkt þessa frumvarps óbreytt þannig þýða að ríkið standi ekki við nýja þjónustusamninga hjúkrunarheimila, aðeins nokkrum mánuðum eftir að skrifað var undir þá. Slíkt myndi þýða mikla óvissu um þjónustu hjúkrunarheimilanna.**

Er raunverulegur kostnaður vegna Breytingu á vinnutíma í vaktavinnu (BVV) hærri en kostnaðarmat sýnir?

Á hjúkrunarheimilum er sólarhringsþjónusta alla daga vikunnar, allt árið. Vísbendingar eru um að hvert stöðugildi skili nú að meðaltali 34,4 klst á viku vegna styttingar og vægis vinnuskyldustunda. Þess vegna þarf 16,27% fleiri stöðugildi ((40-34,3)/34,4) til að manna vaktirnar eftir BVV miðað við sömu mönnun og sama þjónustustig, þ.e. umönnunarklukkustundir per íbúa.

Ef vilji stjórnvalda liggur til þess að BVV verkefnið valdi ekki skerðingu á þjónustu hjúkrunarheimila og fyrirtækja í velferðarþjónustu, sem myndi lýsa sér í því að umönnunarklukkustundum á hvern heimilismann hjúkrunarheimila myndi fækka sem mótvægi við aukinn launakostnað, þá þurfa stjórnvöld að horfa til þessa við fjárveitingar til hjúkrunarheimila og annarra fyrirtækja í velferðarþjónustu.

Eins og fjallað er um hér að neðan eru umönnunarklukkustundir þegar undir þeim mörkum sem Embætti landlæknis hefur skilgreint sem viðmið um mönnun og umönnun á hjúkrunarheimilum. Ef stuðst væri við 34,4 stunda vinnuviku væri kostnaður hjúkrunarheimila um 4-5% hærri heldur en ef miðað er við 36 stunda vinnuviku, sem er viðmiðið sem stjórnvöld hafa notað við kostnaðarmat verkefnisins og það sem horft er til í mati á kostnaði á vettvangi matshóps, stýrihóps og verkefnisstjórnar BVV verkefnisins.

Þetta þýðir að 1,2 milljarðurinn sem vantar í fjárlagafrumvarp þetta, nær ekki utan um raunverulegan kostnað við BVV. Staðan er því miður þannig að mönnun er enn skert frá því fyrir BVV og það þrátt fyrir að launakostnaður hjúkrunarheimila sé yfir þeim mörkum sem fjallað er um í þjónustusamningum (80%).

SAMTÖK FYRIRTÆKJA
Í VELFERÐARÞJÓNUSTU

Hjúkrunarþyngd

Ekki er skýrt í frumvarpinu hversu miklu fjármagni er veitt vegna hjúkrunarþyngdar hjúkrunarheimila (sem er fjármagn sem til kemur vegna mats á því hversu mikla þjónustu íbúar hjúkrunarheimila þurfa). Í síðustu fjárlögum var að finna 361.8 milljónir vegna hjúkrunarþyngdar og er það okkar mat að bætt verði við hana.

Ein af stóru breytingunum sem kom inn með nýjum þjónustusamningum hjúkrunarheimila er að inn í þá var sett ferli til að ákvarða niðurskurð á þjónustu ef fjármagn vantar í fjárlögum. Það er ógerningur að sjá hvernig hægt er að draga úr þjónustu sem nú þegar hefur verið skert vegna BVV en á sama tíma eru settar auknar kröfur á hjúkrunarheimilin að taka við öllum þeim sem þurfa á sólarhringsþjónustu að halda án þess að greiðslur fylgi þjónustuþörf einstaklings. Við hjá hjúkrunarheimilunum viljum fyrir alla muni forðast þetta og hvetjum fjárlaganefnd eindregið til að tryggja fjármagn vegna þessa.

Eftirfarandi er bókun í nýjum þjónustusamningum hjúkrunarheimila sem fjallar um ferlið sem fer af stað við niðurskurð á þjónustu, ef ekki er tryggt nægt fjármagn í fjárlögum

Bókun 1:

Við undirbúning fjárlaga hvers árs munu Sjúkratryggingar Íslands upplýsa heilbrigðisráðuneytið og samstarfsnefnd, um breytingar á hjúkrunarþyngdarmælingum (RUG stuðull). Sýni mælingar aukna þörf fyrir fjármagn vegna þessa, munu SÍ koma upplýsingum um áætlaða fjárþörf á framfæri við heilbrigðisráðuneytið.

Komi til þess að niðurstaða RUG stuðuls beri með sér kostnað umfram fjárveitingu vegna hjúkrunarþyngdar samkvæmt fjárlögum skal aðlaga greiðslur vegna hans (skala niður) að fjárveitingunni jafnt hjá öllum rekstraraðilum hjúkrunarheimila sem fá greitt samkvæmt gjaldið 3.00, sbr. 8. gr. samningsins. Þá geta viðkomandi hjúkrunarheimili lagt fram tillögur til samstarfsnefndar um hvaða kröfum í kröfulýsingu verði veittar undanþágur frá, eða mögulegar leiðir ef niðurskurður á þjónustu/kröfum í kröfulýsingu er ekki mögulegur. Í samræmi við 3. mgr. 4. gr. taka SÍ ákvörðun um hvort undanþága sé veitt frá kröfulýsingu.

Í framhaldi af samþykkt þjónustusamninganna hefur heilbrigðisráðherra sett af stað starfshóp um nýtt mats- og greiðslukerfi fyrir hjúkrunarheimili, sem er ákaflega mikilvægt og þarft framfaraskref.

- Starfshópnum setti ráðherra það markmið að "greiðslur séu í samræmi við raunverulega þjónustu hverju sinni, en ekki meðaltal aftur í tímann". Ef að það markmið á að nást fram er ljóst að bæta þarf verulega í fjármagn vegna hjúkrunarþyngdar.
- Sá starfshópur skilar sínum niðurstöðum á næsta ári og það er ljóst að það mun fela kostnað í sér að ná þessu markmiði fram.
- Til er mat á kostnaði við að færa greiðslurnar á réttan stað m.t.t núverandi hjúkrunarþyngdar. Það var m.a reiknað af Sjúkratryggingum Íslands í aðdraganda nýrra þjónustusamninga.
- Við hjá SFV myndum leggja áherslu á að til staðar verði fjármagn til að starfshópurinn hafi svigrúm til að koma með með lausnir. Okkar mat er að **bæta þurfi a.m.k. 150 milljónum við þær**

362 milljónir sem var að finna í síðustu fjárlögum til að markmið um að greiðslur séu í samræmi við núverandi hjúkrunarþyngd, náist fram.

- Þá þarf líka að taka tillit til þess að undanfarið ár hefur hjúkrunarþyngd aukist um tæp 3% sem kallar væntanlega á enn frekari hækkun á þessum lið. SFV hefur ekki nýjar tölur um hversu mikið þarf að auka greiðslur vegna hækkandi hjúkrunarþyngdar, en hvetur nefndina til að vera í sambandi við heilbrigðisráðuneytið og Sjúkratryggingar til að tryggja að veitt sé nægu fjármagni í þennan mikilvæga þátt fjárveitinga til hjúkrunarheimila.

Smæðarálag

Í nýjum þjónustusamningum hjúkrunarheimila kom fram að "tímabundið viðbótarsmæðarálag árin 2020 og 2021 mun gilda árið 2022. Að okkar mati er gríðarlega mikilvægt að svo verði áfram og að bætt verði við. Ef þetta fjármagn verður ekki áfram mun það leggjast gríðarlega hart á, og ógna rekstrarhæfi minnstu hjúkrunarheimilanna.

Þau hjúkrunarheimili eru flest staðsett í minni sveitarfélögum á landsbyggðinni og þess vegna gríðarlega stórt byggðamál að þessir fjármunir verði áfram tryggðir. Og að okkar mati í mjög góðu samræmi við pólitískar áherslur ríkisstjórnarinnar að svo verði.

Eins og fyrir hjúkrunarþyngdina var samið um ferli til að ákvarða þjónustuskerðingu ef ekki eru nægilegir fjármunir í fjárlögum vegna smæðarálags. Sjá bókunina hér að neðan:

Bókun 2:

Aðilar eru sammála um mikilvægi þess að gætt sé að rekstrarhæfi smærri hjúkrunarheimila. Komi í ljós við undirbúning fjárlaga hvers árs að viðbótarsmæðarálag eða ígildi þess verði ekki tryggt á komandi ári, verður samstarfsnefnd upplýst um það. Verði niðurstaða fjárlaga að viðbótarsmæðarálagi er ekki til að dreifa, þá geta viðkomandi hjúkrunarheimili lagt fram tillögur til samstarfsnefndar um hvaða kröfum í kröfulýsingu verði veittar undanþágur frá, eða mögulegar leiðir ef niðurskurður á þjónustu/kröfum í kröfulýsingu er ekki mögulegur. Í samræmi við 3. mgr. 4. gr. taka SÍ ákvörðun um hvort undanþága sé veitt frá kröfulýsingu.

Á síðasta ári var veitt um 500 milljónum til hjúkrunarheimila vegna smæðarálags, og leggjum við hjá SFV áherslu um að svo verði gert áfram, til að koma í veg fyrir niðurskurð á þjónustu. Okkar mat er einnig að bæta þurfi í smæðarálagið a.m.k. 150 milljónum árlega til að tryggja rekstrarhæfi lítilla hjúkrunarheimila (sem flest eru á landsbyggðinni.

Útlagasjóður

Í aðdraganda nýrra þjónustusamninga hjúkrunarheimila gaf heilbrigðisráðherra út yfirlýsingu til að liðka fyrir samningum, þar sem eftirfarandi kom fram:

3. Útlagasjóður.
Heilbrigðisráðuneytið lýsir yfir vilja til að beita sér fyrir stækkun útlagasjóðs á árinu 2023 um 30 m.kr.

Þetta myndi þýða að útlagasjóður fyrir árið 2023 verði tæplega 100 m.kr. Við hjá SFV fáum ekki betur séð en að þessi hækkun hafi ekki náð fram að ganga og hvetjum fjárlaganefnd til að gera breytingar þar á.

Aðhaldskrafa

Í 1. kafla fjárlaganna kemur fram um aðhaldskröfu að: „Engin aðhaldskrafa er hins vegar gerð á bótakerfi almannatrygginga og atvinnuleysis, dómstóla, sjúkratryggingar, heilbrigðis- og öldrunarstofnanir." Þetta er ákaflega mikilvægt og fagna SFV þessari ákvörðun.

Í umfjöllun um málefnasvið 25.1 hjúkrunar- og endurhæfingarþjónustu kemur þó fram að gert sé ráð fyrir aðhaldi á málefnasviðið upp á 131 m.kr. og vildum við hjá SFV því forvitnast um hvers vegna svo er og hvetja til þess að þetta verði dregið til baka ef það stangast við þessa meginlínu fjárlaganna um aðhaldskröfu.

Launaforsendur

Í fjárlagafrumvarpinu kemur fram í kafla 5.5 að það:

> „eru jafnan reiknaðar inn launahækkanir fyrir komandi ár samkvæmt fyrirliggjandi kjarasamningum. Kjarasamningar opinberra starfsmanna renna flestir út í lok mars 2023 og ekki eru ákvæði um frekari kjarasamningsbundnar hækkanir á árinu 2023. Því er mikil óvissa uppi um hvenær verður samið og hver niðurstaða komandi kjarasamninga verður. Í ljósi þeirrar óvissu verður stofnunum ekki úthlutað viðbótarfjárveitingum byggt á áætlunum um mögulegar hækkanir. Í stað þess er gert ráð fyrir fjárheimild miðað við forsendur fjármálaáætlunar um launahækkanir opinberra starfsmanna á málefnasviði 34 Almennur varasjóður og sértækar fjárráðstafanir og eftir því sem niðurstöður kjarasamninga"

Ekki er algerlega ljóst af ofangreindri umfjöllun hvort að gert sé ráð fyrir hjúkrunarheimilum, dagdvölum og velferðarfyrirtækjum (málefnasvið 25.1 og 25.2) í þessum varasjóð. SFV hvetja fjárlaganefnd til að ganga úr skugga um það og tryggja að nægt fjármagn sé til að mæta komandi kjarahækkunum hjá þessum aðilum.

Almennar verðlagsforsendur

Fram kemur í kafla 5.5 í frumvarpinu um almennar verðlagsforsendur að:

> „Í þjóðhagsspá Hagstofu Íslands var jafnframt gert ráð fyrir að verðbólga yrði 7,5% á árinu 2022 sem er 4,2 prósentustigum hærra en var í forsendum fjárlaga ársins 2022. Ríkisstjórnin hefur því að þessu sinni tekið ákvörðun um að bæta þann mismun sem er á verðbólgu samkvæmt forsendu fjárlaga 2022 og samkvæmt nýjustu þjóðhagsspá Hagstofunnar. Áætluð útgjöld vegna þeirrar viðbótarhækkunar eru 9,6 ma.kr. Heildarhækkun rekstrargjalda í frumvarpinu er því um 9,17%."

Í þjónustusamningum hjúkrunarheimila er umfjöllun um hvernig greiðslur til hjúkrunarheimila eigi að uppfærast vegna verðlags:

9. gr.
Verðlagsuppfærsla

Einingarverð skv. gjaldskrá í 8. gr. samnings þessa er á verðlagi fjárlaga ársins 2020 og breytist 1. janúar ár hvert í samræmi við launa- og verðlagsforsendur fjárlaga fyrir viðkomandi ár, í fyrsta sinn 1. janúar 2021. 80% einingarverðsins telst vegna launakostnaðar, að meðtöldum verktakagreiðslum heilbrigðisstarfsmanna, og 20% vegna annars rekstrarkostnaðar.

Rekstrarhluti einingarverðs skal breytast samkvæmt forsendum fjárlaga um almennar verðlagsbreytingar vegna sambærilegs kostnaðar og hjá heilbrigðisstofnunum.

Ef notast er við forsendu rekstrargjalda í frumvarpinu til að uppfæra greiðslur til hjúkrunarheimila frá 2022 til 2023 (skipt 80/20 eins og fjallað er um) myndi það þýða að greiðslur til hjúkrunarheimila hefðu átt að hækka um 1,8% eða 754 milljónir króna. Liður 25.1 – Samningar SÍ við hjúkrunarheimilin hækkar úr 41.143 m.kr. í 41.541 m.kr. eða 0.97%. Þar inni ættu að vera allar hækkanir til hjúkrunarheimila. Þetta sýnir að það vantar klárlega inn fjármagn til hjúkrunarheimila vegna verðlagsuppfærslu.

Húsnæðiskostnaður hjúkrunarheimila

Ekki er fjallað sérstaklega í frumvarpinu um húsnæðiskostnað hjúkrunarheimila. SFV hafa árum saman vakið athygli stjórnvalda og Alþingis á því að ýmis hjúkrunarheimili fá ekki greidda leigu frá ríkinu vegna húsnæðis þess sem þau útvega undir þjónustuna, og ekki heldur nægilegar greiðslur til að ná utan um kostnað vegna rekstur húsnæðisins. Afleiðingar þessa er augljósar og alvarlegar fyrir ástand húsnæðis hjúkrunarheimila til framtíðar.

Nú er að störfum nefnd á vettvangi heilbrigðisráðuneytisins og fjármála- og efnahagsráðuneytisins sem hefur húsnæðiskostnað hjúkrunarheimila til skoðunar. Von SFV stendur til þess að afleiðing þeirrar vinnu verði að loks tryggi ríkið nægt fjármagn til utanumhalds húsnæði hjúkrunarheimila. SFV hvetja fjárlaganefnd til að fjalla um þetta og vinna að því að til framtíðar verði hjúkrunarheimilum (og þannig íbúum þeirra) ekki mismunað þegar kemur að húsnæðisgreiðslum.

Málaflokkur 25.2 endurhæfingarþjónusta

Samkvæmt fylgiriti fjárlagafrumvarpsins lækka fjárveitingar til þessa málaflokks um 1.8% eða úr 6.572 m.kr. í 6.458 m.kr. Þrátt fyrir að upp á vanti fjármagn vegna komandi kjarasamninga, þá er ljóst að töluvert vantar hér upp á og ákaflega neikvætt að fjármagn til endurhæfingarþjónustu minnki.

Eins og fjallað var um hér að ofan er heildarhækkun rekstrargjalda í frumvarpinu „um 9,17%." Það ætti að þýða auknar fjárveitingar til þessa endurhæfingarþjónustu um 120 m.kr. sem passar illa við þá lækkun sem hér er boðuð. SFV hvetja til þess að fjárveitingar til málaflokksins verði endurskoðaðar og auknar, enda passa niðurskurður hér illa við boðaða aukna áherslu á endurhæfingu í heilbrigðisþjónustu.

Ekki er ljóst af frumvarpinu hvort að gert sé ráð fyrir þeim stofnunum sem fjalla undir málaflokk 25.2 í þessum almennum varasjóði vegna kjarahækkana, eins og fjallað var um hér að ofan í umfjöllun um málaflokk 25.1. SFV hvetja fjárlaganefnd til að ganga úr skugga um það og tryggja að nægt fjármagn sé til að mæta komandi kjarahækkunum hjá þessum stofnunum.

SÁÁ

Í fjárlagafrumvarpinu eru fjárveitingar til SÁÁ umtalsvert skertar miðað við síðasta ár. Í umsögn SÁÁ um fjárlögin er fjallað um áhrif þess á þjónustu SÁÁ. Niðurskurður fjárlagafrumvarpsins til SÁÁ myndi þýða:

- "270 færri innlagnir á Sjúkrahúsið Vogi
- Minnst 160 sjúklingar fá ekki lyfjameðferð í göngudeild við ópíóíðafíkn
- Sumarlokanir að nýju (sumarið 2022 voru í göngudeild 2800 komur í 14 mismunandi meðferðarúrræði auk 752 viðtala; og 193 einstaklingar fengu inniliggjandi sálfélagslega meðferð á Vík)"

Ennfremur kemur fram frá SÁÁ að með skerðingu á framlögum 2023 stefni halli á rekstri meðferðarsviðs SÁÁ í að vera 450 m.kr. SFV hvetja fjárlaganefnd til að styrkja rekstrargrunn SÁÁ sem nemur þessum halla, enda getur það valla talist boðlegt að vanfjármagna svo mikilvæga þjónustu á svo afgerandi hátt.

SFV hvetja fjárlaganefnd til að horfa til þessara mikilvægu verkefna, sem og þeirrar nauðsynlegu heilbrigðisþjónustu sem veitt er hjá SÁÁ. Styrking rekstrargrunns SÁÁ er tækifæri til að taka risastórt stökk í þjónustu við fólk með fíknsjúkdóm og fjölskyldur þeirra, fyrir lítinn tilkostnað.

Framlög til Alzheimersamtakanna – Seiglan

Í fjárlögum ársins 2022 voru veittar 50 m.kr. til reksturs þjónustumiðstöðvar Alzheimersamtakanna Seiglunnar. Það var ákaflega mikilvægt skref hjá fjárlaganefnd og ráðherra að bæta því framlagi við í meðförum nefndarinnar á fjárlagafrumvarpinu, sem réttilega hlaut töluverða athygli.

Hér er um að ræða þjónustu sem getið er um í áætlun heilbrigðisyfirvalda í málefnum fólks með heilabilun og er í raun það stærsta sem framkvæmt hefur verið af þeirri áætlun. Starfsemin hefur farið mjög vel af stað og sýndi sig hversu brýn þörfin er fyrir þjónustuna. Í dag eru að jafnaði um 30 manns innskráðir í Seigluna svo ljóst er að Alzheimersamtökin geta ekki staðið ein undir þeim rekstri. Þörfin fyrir þjónustuna er gríðarleg og það væri mikið áfall ef rof verður á henni. Þjónustan hefur ekki verið til staðar áður og er ekki veitt annars staðar. Því hvetjum við fjárlaganefnd og stjórnvöld til að sýna áfram sömu framsýni og þau gerðu þegar framlaginu var komið á. Alzheimersamtökin hafa metið sem svo að fjárþörf reksturs Seiglunnar **sé aðeins 85 m.kr árlega, þrátt fyrir aðstoð sjálfboðaliða, sem við óskum virðingarfyllst að verði gert ráð fyrir í fjárlagafrumvarpi ársins 2023.**

SAMTÖK FYRIRTÆKJA
Í VELFERÐARÞJÓNUSTU

Reykjalundur

Framlög til Reykjalundar fara úr 2.270 m.kr. í 2.294 m.kr. milli ára sem er einungis hækkun um 1%. Eins og fjallað var um hér að ofan um endurhæfingarþjónustuna almennt, þá þýðir það að greiðslur til Reykjalundar eru ekki að ná að fylgja verðlagi. Ef miðað er við forsendur frumvarpsins um 9.14% hækkun vegna verðlags er ljóst að það vantar amk. 13 m.kr. í fjárveitingar til Reykjalundar.

Þá er hefur Reykjalundur einnig gert það ljóst að þau eru tilbúin að auka við endurhæfingarþjónustu þeirra ef vilji er til þess hjá stjórnvöldum, sem er í góðu samræmi við stefnumótun stjórnvalda um aukna áherslu á því sviði.

Almennar athugasemdir

Gegnsæi fjárheimilda til hjúkrunarheimila í fjárlögum

Í ljósi áherslna nýrrar ríkisstjórnar um gegnsæi í opinberri stjórnsýslu, aukningu gæða í heilbrigðisþjónustu og almennt í lýðræðismálum, þá eru samtökin bjartsýn á að farið verði í það verkefni að auka gegnsæi fjárheimilda í fjárlögum til velferðarþjónustunnar. Undanfarin ár hafa samtökin gert athugasemdir við að fjárlagafrumvörp séu töluvert ógegnsæ varðandi fjárveitingar til hjúkrunar –, dvalar – og dagdvalarrýma landsins. Ekki er t.d hægt að sjá hvaða rýmafjöldi eða legudagafjöldi liggur að baki fjárlagalið 08-403 Öldrunarstofnanir, daggjöld. Ekki er hægt að gera sér grein fyrir því hvort fullnægjandi hækkun sé á liðnum með hliðsjón af kostnaði vegna betri vinnutíma í vaktavinnu verkefnisins, kostnaði vegna verðlagshækkana eða hvernig greiðslur munu skila sér til einstakra hjúkrunarheimila.

Að lokum þá þakka SFV fyrir tækifærið til að veita málinu umsögn og óska virðingarfyllst eftir því að fá að koma til fundar með fjárlaganefnd til að fara betur yfir og ræða umsögn samtakanna.

Að öðru leyti vísast til umsagna aðildarfyrirtækja Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu.

F.h Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu

Sigurjón Norberg Kjærnested, framkvæmdastjóri

Samtök iðnaðarins
Ár grænnar iðnbyltingar 2022

Nefndasvið Alþingis
B.t. fjárlaganefndar
nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 10. október 2022

Efni: Umsögn um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2023, 1. mál

Fjárlaganefnd hefur óskað eftir umsögn Samtaka iðnaðarins (hér eftir **„SI“** eða **„samtökin“**) um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2023, 1. mál.

Hér fyrir neðan er samantekt yfir helstu athugasemdir SI:

- Beita á ríkisfjármálum með virkum hætti til að renna stoðum undir stöðugleika og tryggja skuldastöðu sem er sjálfbær og gefur svigrúm til að nýta þetta tæki hagstjórnar til að draga úr efnahagsniðursveiflum framtíðar.
- Forgangsraða þarf í fjármálum ríkissjóðs með áherslu á þá þætti sem styrkja framboðshlið hagkerfisins og styðja við vöxt nýrra útflutningsstoða.
- Með áherslu á menntun, innviði, nýsköpun og fleiri þætti sem skapa samkeppnishæfara starfsumhverfi fyrirtækja má auka framleiðni og verðmætasköpun.
- Álögur ríkissjóðs á íslensk fyrirtæki eru íþyngjandi fyrir atvinnulífið. Háir skattar og gjöld eru byrði fyrir fyrirtækin að bera í samkeppni. Með lækkun tryggingagjalds og fasteignaskatta á atvinnuhúsnæði má skapa samkeppnisforskot. Einnig skiptir miklu að eftirlits- og þjónustugjöld séu lág. Með lækkun á þessum álögum má efla fyrirtækin til aukinnar verðmætasköpunar.
- Samtökin fagna áherslum í frumvarpinu á nýsköpun og eflingu hugverkaiðnaðar og sérstaklega þeim fyrirætlunum stjórnvalda að viðhalda endurgreiðslukerfi vegna rannsókna- og þróunarkostnaðar. Útgjöld til málaflokksins munu bera ríkulegan ávöxt eins og fram kemur í frumvarpinu.
- Gæta þarf hófs við álagningu umhverfisgjalda og um leið tryggja að þau skili sér í umhverfis- og loftlagsaðgerðir. Þannig verði komið á grænum hvötum í samræmi við þau umhverfisgjöld sem atvinnulíf er að greiða og þau stuðli að umbótaverkefnum hjá atvinnulífi, sér í lagi nýsköpun og grænna fjárfestinga.
- Öflugir innviðir styrkja framboðshlið hagkerfisins. Samtökin lýsa áhyggjum af því að dregið sé úr fjárfestingum ríkisins í frumvarpinu. Samdráttur í innviðafjárfestingum ríkisins, m.a. í vegakerfinu skv. frumvarpinu, vekur ugg um að framundan sé tímabil þar sem þörf efnahagslífsins og samfélagsins fyrir innviðauppbyggingu verði ekki mætt með fullnægjandi hætti. Mikilvægt er að mati SI að fallið sé frá þessum niðurskurði.
- Fjölgun iðnmenntaðra á vinnumarkaði styrkir framboðshlið hagkerfisins. Það eru vonbrigði að hvergi er minnst á nýjan Tækniskóla í fjármálafrumvarpinu. SI hvetja stjórnvöld til þess að setja nýjan Tækniskóla á dagskrá enda rímar það við helstu áherslur fjármálaáætlunar um nám í takti við þarfir samfélags og fjölgun útskrifaðra úr starfs- og tækninámi. SI hvetja stjórnvöld til þess að auka framlög í Vinnustaðanámssjóð, en við blasir að framlög þyrftu að vera allt að 50% hærri en þau eru, ef miðað er við þá fjölgun sem orðið hefur á starfsnámsnemum.

Áherslur og forgangsmál í ríkisfjármálum

Niðursveiflan í efnahagslífinu 2019 reyndist ríkissjóði kostnaðarsöm. Jukust skuldir ríkissjóðs hratt á tíma samdráttarins. Lögðu samtökin áherslu á að leið vaxtar – að veita atvinnulífinu svigrúm til að skapa aukin verðmæti – væri farsælasta leiðin út úr skuldasöfnuninni. Bentu samtökin á að leið skattlagningar myndi hefta vöxt atvinnulífs og tefja endurreisnina.


Eftir hraðan vöxt hagkerfisins undanfarið hefur staða ríkissjóðs batnað. Hallinn á ríkissjóði hefur minnkað umtalsvert og skuldahorfur ríkissjóðs batnað líkt og fram kemur í fjárlagafrumvarpinu. Gert er ráð fyrir að hlutfall skulda ríkissjóðs af landsframleiðslu lækki á milli ára og fari í 33% í lok næsta árs. Einnig er áætlað að hallinn á ríkissjóði verði 89 ma.kr. á næsta ári sem er um 95 mö.kr. minni en á gert var ráð fyrir í fjárlögum fyrir yfirstandandi ár 2022. Staða ríkisins er því að batna verulega. Til að bæta stöðu ríkisfjármála enn frekar er leið vaxtar áfram farsælasta leiðin.

Verkefni hagstjórnar er um þessar mundir ekki síst að leggjast á árar með Seðlabanka Íslands og aðilum vinnumarkaðarins í því að skapa stöðugleika. Við þessar aðstæður þarf að draga úr halla ríkissjóðs umfram það sem leiðir af auknum efnahagsumsvifum líkt og segir í frumvarpinu. Verðbólgan er mikil og slakinn horfinn úr hagkerfinu. Horfur eru hins vegar á því að úr verðbólgunni dragi nokkuð hratt á næstunni og að hagvöxtur hægi á sér umtalsvert. Raunar er sú þróun þegar hafin en verðbólgan hefur hjaðnað nokkuð undanfarið og vísbendingar eru um að spennan í þjóðarbúskapnum hafi náð hámarki.

Mikilvægt er að stjórnvöld gæti að því við þessar aðstæður að styrkja vaxtargetu hagkerfisins og byggja áfram undir nýjar stoðir með tilheyrandi hagvexti og fjölgun starfa líkt og kemur fram í frumvarpinu. Segja má að í þessu felist fyrst og fremst að tryggja að mannauður, innviðir, nýsköpun og aðrir þættir sem hagkerfið þarf til vaxtar mæti þörfum atvinnulífisins. Með aðgerðum sem styðja þannig við framboðshlið hagkerfisins og efla samkeppnishæfni fyrirtækjanna í landinu má renna styrkari stoðum undir framleiðni, stöðugleika og hagvöxt litið til framtíðar.

Verðmætasköpun sem byggir á öflugu, fjölbreyttu og samkeppnishæfu atvinnulífi er forsenda góðra lífskjara. Samkeppnishæfni íslensks iðnaðar ræðst að miklu leyti af þeirri umgjörð sem stjórnvöld skapa. Með réttum aðgerðum má auka samkeppnishæfnina líkt og með röngum aðgerðum má draga úr henni.

Hagvöxtur, verg landsframleiðsla, magnbreyting frá fyrra ári (%)



Nýleg niðursveifla í íslensku hagkerfi undirstrikar mikilvægi fjölbreytts efnahagslífs og vaxtar nýrra atvinnugreina fyrir stöðugleika og hagvöxt. Hagkerfi sem byggir á fáum atvinnugreinum er líklegra til að verða fyrir höggi með tilheyrandi sveiflum og því þarf að fjölga stoðum útflutnings. Í því ljósi er mjög jákvætt að sjá vöxt hugverkaiðnaðar á síðustu misserum en hugverkaiðnaður er nú fjórða stoð útflutnings á Íslandi og gæti orðið sú stærsta ef rétt er á málum haldið. Drifkraftur frumkvöðla hefur þar farið saman við veigamiklar umbætur stjórnvalda í þágu nýsköpunar.

Hagkerfið tók við sér á öðrum ársfjórðungi síðastliðins árs og hefur vaxið nokkuð síðan. Mældist hraður hagvöxtur á fyrri hluta þessa árs eða 6,8%. Þjóðhagsspá sú sem liggur til grundvallar fjárlagafrumvarpinu gerir ráð fyrir það hægi á hagvextinum á næstunni og að hann verði um 2,7% á næsta ári. Í ljósi efnahagsþróunar í helstu viðskiptalöndum Íslands er hættan sú að vöxturinn verði enn minni. Má í því sambandi nefna að Seðlabankinn spáir 1,9% hagvexti á næsta ári og atvinnuleysi fari þá að aukast á ný. Við þurfum og eigum að geta gert betur en það. Með aukinni samkeppnishæfni má skapa aukinn vöxt, heimilum og fyrirtækjum landsins til aukinnar hagsældar.

Græn iðnbylting

SI vekja athygli á að iðnaðurinn vinnur nú hörðum höndum að því að draga úr losun og leita nýrra leiða til að ná þeim markmiðum með því að skoða og innleiða aðra orkugjafa. Þannig er græn iðnbylting nú þegar hafin. Árið 2040 á Ísland að verða óháð jarðefnaeldsneyti og kolefnishlutlaust samkvæmt markmiðum stjórnvalda. Stjórnvöld og atvinnulíf þurfa að taka höndum saman til að ná þeim markmiðum sem sett hafa verið og það gæti orðið kostnaðarsamt ef ekki verður staðið við þær skuldbindingar sem fylgja Parísar-sáttmálanum. Íslensk iðnfyrirtæki eru miðpunkturinn í grænni iðnbyltingu sem er hafin og ætla ekki að láta sitt eftir liggja.

Starfsumhverfi fyrirtækja mun ráða miklu um það hvort markmið stjórnvalda náist en það þarf fjárfestingar og nýjar lausnir til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Með stöðugu, hagkvæmu og skilvirku starfsumhverfi er líklegra að markmiðin náist. Í fyrirsjáanlegu umhverfi verða fjárfestingar meiri og þess vegna ýtir stöðugleiki undir fjárfestingar, hvort heldur er efnahagslegur stöðugleiki, pólitískur stöðugleiki eða stöðugleiki á vinnumarkaði. Hagkvæmni er lykillinn að breytingum sem þessum. Beita þarf opinberum fjármálum með gjaldtöku en ekki síður með jákvæðum efnahagslegum hvötum til að flýta fjárfestingu í nýrri tækni sem dregur úr losun gróðurhúsalofttegunda. Tryggja þarf að fjármunir sem fyrirtæki greiða fyrir losun skili sér aftur til málaflokksins í formi ívilnana eða styrkja til fjárfestinga. Skilvirkt starfsumhverfi, sér í lagi þar sem hindrunum er rutt úr vegi og opinberum innkaupum beitt í þágu loftslagsmála, mun þurfa til að ná settum markmiðum. Stjórnvöld geta þannig haft mikil áhrif á þróunina.


SI benda á að samkvæmt könnun sem Outcome framkvæmdi fyrir samtökin meðal stjórnenda íslenskra iðnfyrirtækja í febrúar 2022 segja 67% stjórnenda iðnfyrirtækja að sjálfbærni skipti miklu máli fyrir þeirra fyrirtæki og ekki nema 6% að það skipti litlu eða engu máli fyrir reksturinn. Með sjálfbærni er átt við að þörfum samtímans sé mætt án þess að dregið sé úr möguleikum komandi kynslóða til að mæta sínum þörfum. Meirihluti iðnfyrirtækja hefur sett sér markmið á sviði loftslagsmála. Úr sömu könnun má lesa að stjórnvöld geta stutt við aðgerðir fyrirtækja í loftslagsmálum, m.a. með eflingu innviða, s.s. uppbyggingu raforkukerfa, meðhöndlun úrgangs og með skattalegu hagræði eða ívilnunum. Aðspurðir að því hvernig hið opinbera, ríki og sveitarfélög, geti stutt við aðgerðir fyrirtækja í loftslagsmálum svara flestir eða 62% með eflingu innviða, s.s. uppbyggingu raforkukerfa og meðhöndlun úrgangs. Um helmingur segja með skattalegu hagræði eða ívilnunum eða með fjárhagslegum hvötum.

Íslenskur iðnaður leikur stórt hlutverk þegar kemur að tækniþróun, nýsköpun, hönnun og umhverfisvænum lausnum og hefur þegar stigið stór skref fram á við í þeirri vegferð að ná fram nauðsynlegum umbreytingum í sinni starfsemi. Framtakssemi fyrirtækja og virkur stuðningur stjórnvalda í þágu nýsköpunar og fjárfestinga mun varða leiðina að tæknilausnum og umbreytingum í þágu bættrar heilsu jarðar. Til að metnaðarfull markmið stjórnvalda verði að veruleika þarf virka aðkomu íslensks iðnaðar og mikilvægt er að réttir hvatar séu til staðar til að sú umbreyting sem þarf að eigi sér stað raungerist.

Þá benda SI á að hér á landi hafa verið innleiddar fjölmargar tegundir umhverfisgjalda í iðnaði og á öðrum sviðum atvinnulífs. Má nefna gjöld vegna meðhöndlunar úrgangs eða notkunar á tilteknum efnum sem og skila- eða kolefnisgjöld. Í grunninn er tilgangur umhverfisgjalda að tryggja að sá sem mengar eða hefur áhrif á umhverfi sitt standi undir þeim kostnaði sem til fellur að bregðast við slíkum áhrifum. Gjöldin geta annaðhvort verið í formi skatts eða þjónustugjalds og eru þessir gjaldstofnar farnir að skila talsverðum tekjum í ríkissjóð. Í einhverjum tilvikum vantar fyrirsjáanleika auk þess sem gagnsæi þarf að ríkja um ákvörðun þessara gjaldstofna og hvort að ávinningurinn sé sannarlega nýttur í þágu umhverfisaðgerða en að ekki sé um að ræða nýja tekjustofna í þágu almennrar tekjuöflunar hins opinbera. Frá árinu 2010 og til ársins 2023 m.v. fjárlagafrumvarpið mun ríkissjóður innheimta samtals 68 ma.kr., á verðlagi þessa árs.

Tryggja þarf að gjaldtakan sé ekki án takmarkana og að hún sé ekki fram úr hófi. Í því skyni má nefna gífurlegar kostnaðarhækkanir á vettvangi sveitarfélaga, s.s. Sorpu, vegna meðhöndlunar úrgangs þar sem gjaldtaka á einstaka liði hefur meira en þrefaldast á undanförnum tveimur árum. Möguleikar fyrirtækja og almennings til að mæta umræddum hækkunum eru takmarkaðir.

Árlegar tekjur ríkisins af kolefnisgjaldi frá því að innheimta hófst
Í miljörðum kr.



Tryggja þarf eðlilegt aðhald með gjaldheimtu vegna meðhöndlunar úrgangs á sama tíma og leitað er allra leiða til að auka endurvinnsluhlutfall úrgangs. Tryggja þarf að umhverfisgjöld hér á landi skili sér aftur í stuðning við aðgerðir á sviði umhverfis- og loftslagsmála, s.s. gjöld vegna ETS kerfisins og kolefnisgjöld svo fáein dæmi séu nefnd. Verði slíkum fjármunum ekki beint aftur í aðgerðir á þessu sviði er slík gjaldtaka bara eins og hver önnur skattheimta, nema hún vinnur í raun gegn markmiðum um árangur í umhverfis- og loftslagsmálum, m.a. í ljósi þess að slíkar álögur grafa undan samkeppnishæfni íslensks iðnaðar sem notar mestmegnis endurnýjanlega orku.

Ísland er þátttakandi í grænni iðnbyltingu þar sem ríki heims hafa tekið sig saman um að skipta út orkugjöfum og bæta framleiðsluferla í þágu bættrar heilsu jarðar, enda er áskorun í loftslagsmálum sameiginlegt hagsmunamál allra þjóða. SI ítreka í því skyni að beita þarf opinberum fjármálum með gjaldtöku en ekki síður með jákvæðum efnahagslegum hvötum til að flýta fjárfestingu í nýrri tækni sem dregur úr losun gróðurhúsalofttegunda og tryggja þarf að fjármunir sem fyrirtæki greiða fyrir losun skili sér aftur til málaflokksins í formi ívilnana eða styrkja til fjárfestinga.

Mikilvægt er því að skapa traust til þess að umhverfisgjöld séu sannarlega nýtt í græn verkefni. Nýir umhverfisskattar eða frekari hækkanir á fyrirliggjandi gjöldum skerða verulega samkeppnishæfni íslenskra fyrirtæki í alþjóðlegri samkeppni gagnvart keppinautum í nálægum löndum sem þurfa ekki að standa undir sambærilegum gjöldum. Með álagningu slíkra gjalda, s.s. kolefnisgjalda af ýmsum toga, þá er sú hætta til staðar að verið sé að hygla fyrirtækjum í þeim ríkjum sem ekki er krafa um greiðslu slíkra gjalda en eru að jafnaði með mun óhagstæðara kolefnisfótspor.

Stöðugt, hagkvæmt og skilvirkt starfsumhverfi
Framtíðarhorfur í opinberum fjármálum velta á hagvexti sem er á herðum atvinnulífsins að skapa. Starfsumhverfi fyrirtækja þarf að vera skilvirkt, hagkvæmt og stöðugt eigi það að efla samkeppnishæfni atvinnulífsins og vera rót aukinnar verðmætasköpunar og fjölgunar starfa.

Í lok september síðastliðnum gáfu Samtök iðnaðarins út skýrslu um starfsumhverfi fyrirtækja þar sem er að finna 26 umbótatillögur til að efla samkeppnishæfni og stuðla að aukinni verðmætasköpun. Meðal þess sem þar kemur fram er að stöðugt starfsumhverfi skapar skilyrði fyrir samkeppnishæft atvinnu- og efnahagslíf en með stöðugleika er lagður grunnur að fjárfestingum í hagvexti framtíðarinnar. Einnig kemur fram í skýrslunni að hagkvæmt starfsumhverfi skapar samkeppnisforskot þegar álögur skatta og gjalda eru lágar í alþjóðlegum samanburði. Slíkt umhverfi fyrirtækja gefur fyrirtækjunum sterkari stöðu í samkeppni við erlenda keppinauta og eykur þannig verðmæta- og atvinnusköpun. Auk þessa kemur fram í skýrslunni að skilvirkt starfsumhverfi dregur úr sóun og kostnaði, efnahagslífinu til heilla, með einföldu regluverki og eftirliti sem er fyrirsjáanlegt og ekki óhóflega íþyngjandi. Það skiptir fyrirtækin máli að fá hæft fólk til vinnu og launakostnaður er gjarnan stór útgjaldaliður.

Vísað er til skýrslunnar varðandi tillögurnar í heild og umræðu um þær en hér fyrir neðan eru þær helstu sem varða frumvarp til fjárlaga fyrir næsta ár. Ráðast þarf í þær til að ná fram samkeppnishæfara starfsumhverfi þannig að íslensk fyrirtæki fái tækifæri til að skapa fleiri störf og meiri verðmæti.[1]

Verkefnið er að tryggja stöðugleika
Verkefnið nú snýr að því að skapa jafnvægi í uppsveiflunni, þ.e. að draga úr þeirri miklu verðbólgu sem hefur fylgt ójafnvægi á framboðs- og eftirspurnarhlið efnahagslífsins samhliða því að hagkerfið hefur tekið við sér á ný eftir niðursveiflu síðustu ára. Stjórnvöld þurfa að ráðist í aðgerðir til að auka framboð og skapa þannig greiðari leið fyrir hagkerfið til að vaxa.


[1] Ný skýrsla SI með 26 umbótatillögum | Fréttasafn | Samtök iðnaðarins - íslenskur iðnaður

Hvað varðar fjármál ríkis og sveitarfélaga er mikilvægt að þeim sé beitt með virkari hætti en verið hefur til að skapa stöðugleika. Verkefnið nú er að beita aðhaldi í opinberum rekstri og skapa skuldastöðu sem er sjálfbær og gefur möguleika til að nýta þetta tæki hagstjórnar til að draga úr efnahagsniðursveiflum framtíðar. Stjórnvöld eiga að leggja áherslu á þá þætti sem styðja við framboðshlið hagkerfisins og auka þannig verðmætasköpun litið til lengri tíma. Má þar nefna aðgerðir á sviði mannauðs, innviða og nýsköpunar.

Í peningamálum er mikilvægt að beita tækjum Seðlabankans með virkum hætti til að halda verðbólgu lágri og tryggja fjármálastöðugleika. Verkefnið nú er að ná verðbólgu og verðbólguvæntingum niður í markmið peningastefnunnar án þess þó að hægja of mikið á ferðinni.

Verðbólga og hærri vextir bitna á fyrirtækjum og heimilum landsins. Sú staðreynd að stýrivextir eru hærri hér en í þeim löndum sem við berum okkur helst saman við endurspeglar að hluta að Seðlabankinn hefur farið hraðar í hækkun stýrivaxta en flestir erlendir seðlabankar. Það hefur vakið upp spurningar um hvort bankinn sé að stíga of hart á bremsuna. Líkur eru á að hjöðnun verðbólgunnar á næstu mánuðum verði mun hraðari en bankinn reiknaði með í síðustu verðbólguspá sinni. Hóflegri hækkun stýrivaxta nú í byrjun október en undanfarna mánuði er til vitnis um að peningastefnunefnd bankans sé að viðurkenna þetta auk þess að áhyggjur nefndarinnar af hagvaxtarþróuninni litið til næstu missera hafi aukist.

Verðbólga á Íslandi, %
2012-2022



Verðbólgan nú er helst af tvennum toga. Annars vegar er um að ræða verðbólgu vegna mikillar erlendrar verðbólgu og ekki síst vegna hækkunar á verði hrávara og olíu tengt bæði heimsfaraldri Covid-19 og innrásar Rússa í Úkraínu. Sá hluti verðbólgunnar er innfluttur og utan áhrifasviðs Seðlabankans og ætti því peningastefnunefnd Seðlabankans að horfa framhjá þeim þætti við vaxtaákvarðanir sínar. Hrávöruverð og olía hafa lækkað nokkuð á heimsmarkaði undanfarið og gefur það vonir um að þessi þáttur verðbólgunnar fari minnkandi. Áhrifa vegna röskunar á aðfangakeðjum heimsins mun þó gæta eitthvað áfram.

Hins vegar er um að ræða verðbólgu sem er til komin vegna mikillar hækkunar á húsnæðisverði. Húsnæðisverð hefur hækkað hratt síðustu misseri vegna misvægis í framboði og eftirspurn á þeim markaði um margra ára skeið. Stór þáttur í því er að of fáar íbúðir hafa verið byggðar undanfarin 15 ár eða svo. Stjórnvöld þurfa að ráðist að rótum þess vanda með aðgerðum sem draga úr takmörkunum og töfum s.s. með auknu lóðaframboði. Skref í þá átt er rammasamningur ríkis og sveitarfélaga um uppbyggingu 35 þúsund íbúða á næstu tíu árum. Sammælast þessir aðilar þar með í fyrsta sinn um stefnu og aðgerðir til að tryggja húsnæðisuppbyggingu í samræmi við þörf.

Til að skapa stöðugleika á húsnæðismarkaði skiptir mestu máli að öll sveitarfélögin fylgi samkomulaginu eftir og verði þannig hluti af lausn vandans. Því fylgir að breyta skipulagi í þágu aukinnar uppbyggingar, taka stjórnsýslu húsnæðisuppbyggingar til gagngerrar endurskoðunar í þágu skilvirkni, gera lóðir tilbúnar og aðgengilegar og byggja nauðsynlega innviði.

Hið opinbera á ekki að leiða launaþróunina
Kjarasamningar sem undirritaðir voru í apríl 2019 og ná til meirihluta alls almenna vinnumarkaðarins á Íslandi renna út í byrjun nóvember 2022. Það eru ríflega 300 kjarasamningar stéttarfélaga sem semja fyrir meginþorra launþega. Farsæl niðurstaða nýrra kjarasamninga er lykilþáttur í því að ná tökum á verðbólgu og vaxtastigi. Meginmarkmiðið ætti að vera að viðhalda stöðugleika á vinnumarkaði og varðveita þann árangur sem náðst hefur á síðustu árum en frá árinu 2012 hefur kaupmáttur launa aukist um 55-57% á sama tíma og kaupmáttur hefur aukist um 2-10% á hinum Norðurlöndunum. Þrátt fyrir áföll á núverandi samningstímabili jókst kaupmáttur launa skv. launavísitölu Hagstofu frá apríl 2019 til apríl 2022 um 8,6% og kaupmáttur lægsta umsamda launataxta um 9,7%.

Hið opinbera, ríkið en einkum sveitarfélögin, hefur á síðustu árum leitt launaþróun hér á landi. Tölur um launahækkanir síðustu ára tala sínu máli. Á tíma Lífskjarasamningsins frá mars 2019 hafa laun hjá opinberum starfsmönnum hækkað um 18,7% samanborið við 14% á almenna markaðinum. Á þessum tíma hefur opinberum starfsmönnum líka fjölgað umtalsvert eða um 12% á sama tíma og starfsmönnum á almennum vinnumarkaði fækkaði um 2%. Nú eru opinberir starfsmenn rétt ríflega 77 þúsund eða um 32% af heildarfjölda starfandi hér á landi.


Lækka þarf íþyngjandi álögur
Um 40% verðmætasköpunar íslenska hagkerfisins rennur til stjórnvalda í formi skatta og gjalda. Hlutfallið er hátt í alþjóðlegum samanburði. Álögur hins opinbera á fyrirtæki og heimili í landinu í formi skatta og gjalda eru því miklar í samanburði við flest önnur ríki. Álögur á íslensk fyrirtæki eru af ýmsum toga og margar mjög íþyngjandi fyrir atvinnulífið. Háir skattar og gjöld eru byrði fyrir fyrirtækin að bera í samkeppni. Með lækkun tryggingagjalds og fasteignaskatta á atvinnuhúsnæði má skapa samkeppnisforskot. Einnig skiptir miklu að eftirlits- og þjónustugjöld séu lág. Með lækkun á þessum álögum má efla fyrirtækin til aukinnar verðmætasköpunar.

Líkt og kemur fram í fjárlagafrumvarpinu er mikilvægt að umgjörð efnahagslífsins sé samkeppnishæf og skattbyrðin er hófleg en með slíkri hagstjórn getur hagkerfið dafnað og skilað aukinni verðmætasköpun. Stjórnvöld þurfa að setji stefnu í skattamálum þar sem horft er til þess að efla samkeppnishæfni atvinnulífs. Skattaumhverfið þarf að vera stöðugt, álögur lágar, reglur einfaldar og skýrar og skattframkvæmdin fyrirsjáanleg. Stefna stjórnvalda þar sem leiðarljósið er lágir skattar og gjöld í samanburði við helstu samkeppnislönd skapar mikilvægan þátt í samkeppnishæfni fyrirtækja.

Tryggingagjald lækkað

Samtök iðnaðarins lýsa vonbrigðum sínum með að ekki sé gert ráð fyrir lækkun tryggingagjalda í fjárlagafrumvarpinu. Tryggingagjald er skattur sem launagreiðendur bera af greiddum launum og er stór kostnaðarliður fyrir íslenskan vinnumarkað. Gjaldið eykur kostnað fyrirtækja við hvern starfsmann á launaskrá og dregur með því úr svigrúmi til launahækkana, ráðninga, fjárfestinga og annarra umsvifa. Gjaldtakan er áætluð yfir 118 ma.kr. árið 2022 og tæplega 127 ma.kr. á árinu 2023. Hækkar gjaldið sem hlutfall af landsframleiðslu úr 3,0% í 3,3% á milli ára. Hátt tryggingagjald kemur verst niður á þeim fyrirtækjum þar sem launahlutfallið er hátt, þ.e. þar sem kostnaður einskorðast fyrst og fremst við laun og launatengd gjöld. Það á við um mörg iðnfyrirtæki líkt og verkfræðistofur, arkitektastofur og ýmis fyrirtæki í hugverkaiðnaði. Tryggingagjaldið veikir samkeppnishæfni innlendra fyrirtækja gagnvart erlendum keppinautum og dregur úr getu fyrirtækjanna að ráða til sín starfsmenn og þar með er dregið úr tekjugrunni tryggingagjaldsins.

Laun á Íslandi eru há í sögulegu og alþjóðlegu ljósi. Hlutfall launa í landsframleiðslu er einnig hátt. Það er áskorun fyrir atvinnulífið að skapa hagvöxt við þessi skilyrði. Leiðin í átt að aukinni velsæld og sterkari ríkisfjármálum er vöxtur en ekki aukin skattlagning. Nú þegar efla þarf verðmætasköpun og fjölga störfum í einkageiranum þarf tryggingagjaldið að lækka. Lækkun gjaldsins þarf ekki að þýða minni tekjur til ríkissjóðs aukist atvinnusköpun á móti.



Sveiflujöfnun atvinnutryggingagjaldsins, þ.e. sá hluti tryggingagjaldsins sem ætlað er að fjármagna atvinnuleysistryggingar, er best tryggð með ákvörðun hlutfalls þess til langs tíma sem tekur tillit til áætlaðs jafnvægis atvinnuleysis og gildandi bótaréttar. Fjármögnunarvandi blasir við varðandi lífeyri almannatrygginga til framtíðar. Aukin réttindi og fjölgun lífeyrisþega hefur aukið kostnað sem að hluta er fjármagnaður með tryggingagjaldinu. Litið til framtíðar er augljóst að kostnaði ríkisins vegna þessara lýðfræðilegu breytinga verður ekki varpað yfir á tryggingagjaldið án neikvæðra afleiðinga á atvinnusköpun og samkeppnisstöðu atvinnulífsins.


Samtökin fagna því sem fram kemur í frumvarpi til fjárlaga að framundan er endurskoðun tryggingagjalds, m.a. með tilliti til samspils atvinnutryggingagjalds og almenna tryggingargjaldsins. Telja samtökin að heildarendurskoðun þurfi að fara fram á fyrirkomulagi tryggingagjalds svo unnt sé að standa vörð um markmið tryggingakerfisins til framtíðar. Breyta þarf kerfinu til að auka fyrirsjáanleika, gagnsæi, trúverðugleika og sjálfbærni tryggingakerfisins til framtíðar.

Lækka fasteignaskatta á atvinnuhúsnæði

Fasteignaskattar eru álögur sem greiddar eru samkvæmt árlegu mati á verðmæti húsnæðis. Álagningarhlutfall fasteignaskatta á atvinnuhúsnæði er margfalt hærra en af íbúðarhúsnæði og hefur orðið sífellt meira íþyngjandi fyrir atvinnurekendur á Íslandi á síðustu árum. Það skýtur skökku við að skattar á atvinnuhúsnæði séu í hækkunartakti sem er mun hraðari en verðmætasköpun í hagkerfinu. Auk þess eru reglur um útreikninga fasteignaskatta afar óheppilegar og ósanngjarnar. Skattstofn fasteignaskatta ræðst af markaðs- eða leiguverði. Álagning fasteignaskatta er beintengd við þróun fasteignamats sem aftur þróast í takt við mat Þjóðskrár um þróun verðs atvinnuhúsnæðis en það mat er háð mikilli óvissu. Í kerfinu felst hvati fyrir sveitarfélög að takmarka lóðaframboð því þannig geta þau þrýst verði íbúða upp og sínum tekjum af fasteignasköttum. Það er því hvati í kerfinu til að skapa lóðaskort. Fyrirkomulagið sem er við lýði veldur ófyrirsjáanleika sem er afar óhentugt fyrir atvinnustarfsemi í landinu. Þessi háa skattlagning dregur úr samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs og þar með getu fyrirtækja til að skapa störf og verðmæti.

Fasteignaskattar á atvinnuhúsnæði hafa hækkað mikið á síðustu árum. Í ár eru þeir áætlaðir tæpir 31 ma.kr., um 17 mö.kr. hærri en fyrir áratug síðan. Álagðir fasteignaskattar á íslensk fyrirtæki eru mjög háir í alþjóðlegum samanburði. Þeir eru t.d. mun hærri hér en á hinum Norðurlöndunum. Fasteignaskattar á atvinnuhúsnæði voru um 0,9% af landsframleiðslu í fyrra samanborið við 0,2% í Noregi og um 0,4% í Finnlandi og Svíþjóð.

Fasteignaskattar á atvinnulíf árið 2020,
% af VLF



Álagningarprósenta fasteignaskatta á atvinnuhúsnæði er almennt lægri í Skandinavíu en hér. Einnig er álagningarstofninn almennt lægra hlutfall af metnu markaðsvirði eignanna. Í Noregi má skatthlutfallið fara í hámark 0,7% og skattstofninn að hámarki 70% af markaðsvirði. Hér á landi má skatthlutfallið fara í 1,65% og er skattstofninn 100% af markaðsvirði. Aðferð við útreikning skattstofns er einnig önnur og hafa takmörk verið sett í undanförnum hækkunum á húsnæðisverði. Í Danmörku hefur t.d. verið sett bann eða miklar takmarkanir á hversu mikið grunnur skattlagningarinnar hefur mátt hækka árlega. Þannig hefur verið takmarkað eða komið í veg fyrir að mikil hækkun á húsnæðisverði hafi skilað verulega aukinni skattlagningu á tíma niðursveiflu í efnahagslífinu.

Virðisaukaskattskerfið samræmt

Virðisaukaskattur skilar þremur af hverjum fjórum krónum sem hið opinbera fær í tekjur af neysluskattum.

Álagning virðisaukaskatts á vörur og þjónustu fyrirtækja hefur því veruleg áhrif á starfsumhverfi þeirra og því mikilvægt að tryggja aukna skilvirkni og fyrirsjáanleika í framkvæmd skatteftirlits með virðisaukaskatti. Lögin eru komin til ára sinna og þörf á heildarendurskoðun þeirra með það að markmiði að einfalda þau og auka skilvirkni og fyrirsjáanleika í framkvæmd skatteftirlits. Ennfremur er mikilvægt að endurskoðun endurspegli atvinnu- og skattastefnu stjórnvalda þar sem tryggt er að skattheimtan hygli ekki erlendum keppinautum á kostnað innlendrar framleiðslu en jafnframt horft til þess að skapa jákvæða hvata sem styðja við markmið stjórnvalda, m.a. í umhverfismálum og uppbyggingu innviða og mannvirkja. Málsmeðferðartími Skattsins í virðisaukaskattsmálum er óhóflega langur og afgreiðsla mála á tíðum ekki í samræmi við meginreglur stjórnsýsluréttar. Þörf er á að hægt sé að sækja áreiðanlegar leiðbeiningar til skattayfirvalda og koma í veg fyrir að sambærileg viðskipti séu skattlögð með ólíkum hætti milli gjaldára án þess að breytingar hafi orðið á regluverki.

Mikilvægt er að virðisaukaskattur veiki ekki samkeppnisstöðu innlendra fyrirtækja gegn erlendum keppinautum. Til að mynda býr íslenskur prentiðnaður við skerta samkeppnisstöðu vegna þess að lagður er lægri virðisaukaskattur á innflutt prentverk (11%) en á innlenda prentþjónustu (24%). Þetta misræmi stuðlar að því að hagkvæmara er láta prenta íslensk verk erlendis og flytja þau til landsins frekar en prenta þau hérlendis. Með aðgerðum sínum hygla stjórnvöld beinlínis erlendum fyrirtækjum á kostnað innlendra. Um 80% íslenskra verka eru prentuð erlendis.

Það skýtur skökku við að stjórnvöld skapi slíka hvata þvert á önnur markmið en íslensk framleiðsla styður við atvinnusköpun í landinu og er einnig umhverfisvænni valkostur. Annað dæmi um ósamræmi í virðisaukaskattskerfinu er að einkareknar húðmeðferðarstofur bjóða í auknum mæli upp á þjónustu sambærilega við meðferðir á snyrtistofum. Þjónusta snyrtifræðinga ber almennan virðisaukaskatt 24% en enginn virðisaukaskattur er lagður á þjónustu heilbrigðisstarfsfólks sem skekkir verulega samkeppnisstöðu snyrtifræðinga. Með þessu hygla stjórnvöld tiltekinni starfsemi á kostnað annarrar.

Þjónustugjöld gagnsærri
Fyrir utan skatta sem lagðir eru á til almennrar tekjuöflunar innheimta ríki og sveitarfélög margvísleg þjónustugjöld sem ætlað er að standa undir kostnaði við sértæka þjónustu. Almenna krafan er sú að þjónustugjöld styðjist við lagaheimild og að ákvörðun um fjárhæð þjónustugjalds verði að byggja á traustum útreikningi á þeim kostnaði sem hlýst af því að veita umrædda þjónustu. Iðnfyrirtæki greiða þannig margvísleg gjöld til eftirlitsstofnana og sveitarfélaga vegna starfsleyfa, vinnuvélaskoðana, stöðuleyfa fyrir gáma, eftirlits og vegna ýmissa annarra kvaða sem fyrirtækjum er gert að sæta.

Heimildum til innheimtu á gjöldum fyrir opinbera þjónustu hefur fjölgað verulega undanfarin ár. Víðtækar heimildir stjórnvalda til að velta kostnaði af framkvæmd stjórnarathafna yfir á fyrirtæki leiðir til skorts á aðhaldi í rekstri þeirra. Þá vantar skýrari umgjörð og aukið gagnsæi um hvernig ákvarðað er hvenær rétt er að leggja á þjónustugjöld og með hvaða hætti. Fyrirtæki sem þurfa starfsemi sinnar vegna að greiða gjöld til að tryggja lögmæti hennar eiga að geta gert þá sanngjörnu kröfu að kostnaður við eftirlit sé skýr, afmarkaður og fyrirsjáanlegur. Takmarkanir þurfa að vera á því hvaða kostnaðarliði megi leggja til grundvallar og tryggja þarf aðhald.

Álagning sveitarfélaga á gjaldi fyrir útgáfu stöðuleyfa fyrir gáma hefur borið þau merki að vera fremur skattur en þjónustugjald. Mörg sveitarfélög miða ekki við þann kostnað sem hlýst af útgáfu stöðuleyfa heldur stærð eða fjölda gáma.

Samtök iðnaðarins
Ár grænnar iðnbyltingar 2022

Í þeim tilvikum þegar eitt gjald er tekið, án tillits til stærðar gáma, er fjárhæð gjaldanna mjög ólík á milli sveitarfélaga. Gjaldtaka byggð á stærð og fjölda gáma hefur ekki rúmast innan laga um mannvirki nr. 160/2010 og byggingarreglugerðar samkvæmt úrskurðum úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Samtök iðnaðarins hafa skorað á sveitarfélög að breyta gjaldskrám sínum til samræmis við úrskurði úrskurðarnefndar, en í mörgum tilvikum án aðgerða sveitarfélaga. Eðlilegt er að sveitarfélög láti af innheimtu gjalda fyrir útgáfu stöðuleyfa fyrir gáma sem bera fremur einkenni skatts en þjónustugjalda, í trássi við lög.

Gefin var út skýrsla vinnuhóps um eftirlitsstofnanir á vettvangi forsætisráðuneytisins árið 2014 þar sem kemur fram að hinar ýmsu sértekjur og eftirlitsgjöld kunni að skapa óæskilegan hvata fyrir eftirlitsstofnanir að beina aðgerðum sínum að atriðum sem skapi slíkar tekjur. Sú staða er óheppileg bæði varðandi hvernig fjármunum til eftirlits sé ráðstafað af eftirlitsstofnun og einnig þegar komi að trúverðugleika eftirlitsaðgerðanna. Vinnuhópurinn lagði til að gerð væri breyting á fjármögnun þeirra eftirlitsstofnana sem á þeim tíma sóttu sér sértekjur á grundvelli eftirlitsaðgerða.


Lagði vinnuhópurinn jafnframt til að eftirlitsstofnanir væru nær eingöngu fjármagnaðar af framlögum úr ríkissjóði á fjárlögum og sértekjur eftirlitsstofnana rynnu óskiptar í ríkissjóð. Á undanförnum árum hafa ekki verið gerðar breytingar til að koma til móts við umrædd sjónarmið eða gerð breyting á fjármögnunarfyrirkomulagi eftirlitsstofnana, að öðru leyti en að takmarka svokallaða markaða tekjustofna.

Mótmælum mikilli hækkun krónutölugjalda
Í fjárlagafrumvarpinu er gert ráð fyrir að svokölluð krónutölugjöld á olíugjaldi, bensíngjaldi, kílómetragjaldi, bifreiðagjald og áfengis- og tóbaksgjaldi hækki í samræmi við áætlaða vísitölu neysluverðs í árslok eða sem nemur um 7,7%. SI gagnrýna harðlega áform um hækkun krónutölugjalda. Síðustu ár hafa þessi gjöld árlega hækkað umtalsvert sem hefur komið mjög niður á íslenskum framleiðendum. Bent er á að áfengisgjald á Íslandi er langhæst í Evrópu og hefur gjaldið óhjákvæmilega gríðarlega mikil áhrif starfsumhverfi íslenskra áfengisframleiðenda og komið verulega niður á samkeppnishæfni þeirra.

Til að auka samkeppnishæfni fyrirtækja eða hið minnsta draga ekki úr henni er mikilvægt að halda aftur af hækkunum á sköttum og gjöldum. Ljóst er að slíkar hækkanir munu einnig bitna hart á neytendum enda koma slíkar hækkanir til með að hækka vöruverð og neysluverðsvísitölu. Stjórnvöld ættu öðru fremur að draga úr hömlum og álögum á þessum tímapunkti til að styrkja íslenskt atvinnulíf sem skilar sér síðan í aukinni hagsæld. Leggja samtökin því til að hækkun áðurnefndra gjalda verið dregin til baka.

Nýsköpun – forsenda framleiðniaukningar og verðmætasköpunar
SI hafa lagt ríka áherslu á eflingu nýsköpunar undanfarin ár sem er að mati samtakanna lykillinn að öflugu og fjölbreyttu hagkerfi til framtíðar. Fjárfesting í rannsóknum og þróun, nýsköpun. og hugverk eru auðlind nýrrar útflutningsstoðar í hagkerfinu, hugverkaiðnaðar. Samtökin taka undir með því sem fram kemur í umfjöllun um frumvarpið að útgjöld til málaflokksins muni bera ríkulegan ávöxt. Nýsköpun er ein meginforsenda framleiðniaukningar, verðmætasköpunar, samkeppnishæfni og gjaldeyrisöflunar fyrirtækja og þjóða. Vöxtur hugverkaiðnaðar skapar verðmæt og eftirsótt störf. Útgjöldin ríkisins til málaflokks nýsköpunar skila sér í auknum útflutningstekjum Íslands til framtíðar, stærri skattstofni og auknum stöðugleika íslenska hagkerfisins. Áherslum í fjárlögum á rannsóknir og nýsköpun er því fagnað.

Útflutningstekjur hugverkaiðnaðar, ma.kr.



Samtökin fagna sérstaklega þeim fyrirætlunum stjórnvalda að viðhalda hækkunum á endurgreiðslum vegna rannsókna- og þróunarkostnaðar fyrirtækja en hækkun árið 2018 og aftur árið 2020 hefur skipt sköpum fyrir hugverkaiðnað. Endurgreiðslurnar hafa leitt til fjölgunar starfa og aukinna fjárfestinga í rannsóknum og þróun, til að mynda í líf-, lyfja- og heilbrigðistækni og tölvuleikjaiðnaði, á síðustu tveimur árum. Þetta hefur leitt til vaxtar í útflutningstekjum hugverkaiðnaðar sem námu 192 ma.kr. árið 2021 sem er um 91 mö.kr meiri útflutningstekjur en árið 2013.

SI vilja í þessu samhengi koma því á framfæri að mikilvægt er að líta á skattahvata á borð við endurgreiðslur vegna rannsóknar og þróunar sem fjárfestingu. Samtökin leggja því til að horfið verði frá því að tala um fjárfestingu í rannsóknum og þróun sem styrki og að frekar verði notast við orðalag á borð við fjárfestingu, skattahvata eða framlag.

Skattfrádráttur vegna rannsókna og þróunar er öflugasta tól stjórnvalda til þess að efla nýsköpun hér á landi og hvetja íslensk fyrirtæki og frumkvöðla til þess að leggja áfram stund á að finna nýjar lausnir og búa til ný verðmæti. Öflugt, samkeppnishæft skattahvatakerfi stuðlar að því að íslensk fyrirtæki haldi áfram starfsemi sinni hér á landi, íslenskir frumkvöðlar stofni fyrirtæki hér og innlendir og erlendir fjárfestar sjái hag sinn í að fjárfesta í íslenskum nýsköpunarfyrirtækjum. Samtökin leggja því ríka áherslu á að stjórnvöld leitist við að skapa stöðugt og fyrirsjáanlegt nýsköpunarumhverfi enda gera fyrirtæki í rannsóknum og þróun áætlanir til margra ára í senn auk þess sem fjárfestar gera kröfu um samfellu í stuðningi stjórnvalda. Samtökin leggja af þessum sökum áherslu á að áform stjórnvalda um að endurgreiðsluhlutfall og þak vegna kostnaðar sem fellur til við rannsóknir og þróun hjá nýsköpunarfyrirtækjum verði gert varanlegt nái fram að ganga og að útgjöld til málaflokksins haldist í hendur við þau áform.

Samkeppnissjóðir á borð við Tækniþróunarsjóð og Rannsóknarsjóð gegna veigamiklu hlutverki á fyrstu stigum sprotafyrirtækja en fjölmörg öflug nýsköpunarfyrirtæki hefðu aldrei orðið að veruleika ef þessara styrkja hefði ekki notið við. Því fagna SI því að hækkun á framlagi til þessara sjóða verði gerð varanleg. Þetta er fjárfesting til framtíðar sem hefur sýnt sig að skilar sér margfalt til baka til samfélagsins.

Helsta vaxtahindrun hugverkaiðnaðar í dag er skortur á sérfræðiþekkingu en samkvæmt greiningu SI er áætlað að um 9.000 sérfræðinga þurfi til að anna eftirspurn og vaxtaráformum í hugverkaiðnaði heilt yfir á næstu 5 árum. Mikilvægt er að efla menntakerfi hér á landi og fjölga útskrifuðum með tæknimenntun eins og nánar verður vikið að hér síðar í umfjöllun um menntamál.

Ljóst er að stór hluti þess mannauðs mun koma erlendis frá og hvetja SI því stjórnvöld til að liðka fyrir komu erlendra sérfræðinga hingað til lands. Það er hægt að gera með einföldun ferla, markaðssetningu og eftirfylgni. Ísland á í samkeppni um hæfileikaríkt fólk við önnur lönd og þarf því að efla hvatakerfi með áframhaldandi skattfrádrætti á tekjum erlendra sérfræðinga auk þess sem markvisst þarf að skapa góða umgjörð um erlenda sérfræðinga og fjölskyldur þeirra.

Mannauður sem mætir þörfum atvinnulífsins

Ef efla á framleiðni og samkeppnishæfni þjóðarinnar þarf að forgangsraða fjármunum til að tryggja framúrskarandi menntun landsmanna. SI horfa m.a. sérstaklega til þess markmiðs stjórnvalda að fjölga útskrifuðum úr starfs- og tækninámi, en eins og margoft hefur komið fram þá hefur OECD bent á að misræmi gæti milli þeirrar menntunar sem í boði er og þarfa atvinnulífsins, sem í auknum mæli sækist eftir starfsfólki með sérhæfða færni í verk og tæknigreinum.

Fram kemur hjá stjórnendum fyrirtækja sem tóku þátt í könnun sem Outcome gerði fyrir SI að þeir telji að framboð af sérmenntuðu vinnuafli verði takmarkandi þáttur fyrir vöxt fyrirtækisins litið til næstu 12 mánaða. 75% eða þrír af hverjum fjórum svara því játandi. Nei segja ríflega 8%. Það stefnir því í óefni. Nú þegar er farið að bera á skorti á sérmenntuðu starfsfólki og hefur framboðið minnkað jafnt og þétt frá því síðasta vetur og vor. Brýn þörf er að bregðast skjótt við og mennta fleira fólk til starfa og þar þarf að leggja sérstaka áherslu á iðn- og starfs- og tæknimenntun.

Það eru ákveðin vonbrigði að sjá að fyrirhuguð framlög til fjárfestinga á framhaldsskólastiginu fylgja ekki fögrum fyrirheitum í stjórnarsáttmála en hvergi er minnst á nýjan Tækniskóla í fjármálafrumvarpinu. Samtök iðnaðarins hvetja stjórnvöld til þess að setja nýjan Tækniskóla raunverulega á dagskrá enda rímar það við helstu áherslur fjármálaáætlunar um nám í takt við þarfir samfélags og fjölgun útskrifaðra úr starfs- og tækninámi.

Nýstofnuð Nemastofa atvinnulífsins mun halda utan um það átak að fjölga vinnustaðanámsplássum í samvinnu við starfsnámsskóla og mennta- og barnamálaráðuneytið. Samtök iðnaðarins hvetja stjórnvöld til þess að auka framlög í Vinnustaðanámssjóð í þessu sambandi en við blasir að framlög þyrftu að vera allt að 50% hærri en þau eru, ef miðað er við þá fjölgun sem orðið hefur á starfsnámsnemum. Mikilvægt er að endurskoða lög um vinnustaðanámssjóð hið fyrsta. Samtökin fagna því að til standi að fylgjast með áhrifum rafrænnar ferilbókar á starfsþjálfun og tímalengd hennar en hvetja enn fremur til þess að rafrænar ferilbækur verði lögleiddar í öllum greinum starfsnáms. Með tilkomu Nemastofu atvinnulífsins eykst yfirsýn yfir fjölda nemenda í vinnustaðanámi auk þess sem aðgengi nemenda að starfsnámi verður bætt og einfaldað. Þannig verður hægt að mæta þörfum atvinnulífsins og hægt að tryggja að mannauðurinn búi yfir færni sem stenst samanburð við það sem best gerist.

Hlutfall fullorðinna sem ekki hafa lokið námi á framhaldsskólastigi hefur farið lækkandi- var 27% árið 2012 og komið niður í 21,2% árið 2020. Margir skólar og fræðsluaðilar eiga þátt í þessum árangri, ekki hvað síst framkvæmdaraðilar framhaldsfræðslunnar, símenntunarmiðstöðvar og aðrir viðurkenndir fræðsluaðilar.

SI fagna því að til standi að endurskoða löggjöf um framhaldsfræðslu í breiðu samráði til að tryggja að framhaldsfræðslukerfið sé í stakk búið til að takast á við samfélagsþróun, m.a. vegna loftslagsbreytinga og tæknivæðingar á vinnumarkaði. Framhaldsfræðslan nýtur dyggilegrar aðstoðar raunfærnimats til þess að meta hæfni fólks í áframhaldandi nám. Með aðferðum raunfærnimats fær fólk fyrri reynslu, s.s. þátttöku á vinnumarkaði, metna á móti námskrám eða hæfnikröfum starfa og getur þannig flýtt fyrir námslokum.

Háskólar og rannsóknarstofnanir gegna viðamiklu hlutverki í að ná fram áherslum stjórnvalda í gildandi stjórnarsáttmála. Eitt af mikilvægustu verkefnunum á háskólastiginu er endurskoðun reglna nr. 646/1999 um fjárveitingar til háskóla. Það skiptir miklu máli að vel takist til hér og standa vonir til að fjárhagslegir hvatar verði nýttir til að auka hlutfall brautskráðra í svokölluðum STEM fögum en það er 20% á Íslandi en yfir 25% að meðaltali í löndum OECD.

SI geta tekið undir markmið og helstu verkefni í menntamálum sem koma fram í fjármálafrumvarpinu og leggja áherslu á að stjórnvöld líti á útgjöld til menntunar sem fjárfestingu sem mun skila sér í öflugu menntakerfi sem tengir saman færni mannauðsins og þarfir atvinnulífsins á hverjum tíma.


Traustir innviðir undirstaða verðmætasköpunar

Fjárfesting í efnislegum innviðum leggur grunn að hagvexti framtíðarinnar. Fjárfesting í innviðum, s.s. í höfnum, flugvöllum, vegum og brúm, eykur samkeppnishæfni og afkastagetu þjóðarbúsins sem skilar sér í aukinni verðmætasköpun og auknum gjaldeyristekjum. Með fjárfestingum í innviðum er búinn til grunnur aukinna tekna ríkissjóðs sem leiðir til þess að ná jöfnuði að nýju í ríkisfjármálum. Fjárfesting á þessu sviði sparar einnig kostnað, fjölgar störfum og dregur úr sóuðum tíma í töfum fyrir heimili og fyrirtæki. Aukin framleiðni skilar sér síðan í lægri vöxtum og minna atvinnuleysi. Síðast en ekki síst er fjárfesting í innviðum til þess fallin að auka öryggi, draga úr slysum og bjarga mannslífum.

Fjárfesting hins opinbera í innviðum þarf ávallt að mæta þörfum atvinnulífsins og heimila. Áhersla þarf að vera lögð á fjárfestingu í innviðum sem skapa mestan þjóðhagslegan ávinning. Mikil uppsöfnuð viðhalds- og nýfjárfestingarþörf er nú í innviðakerfinu hér á landi, líkt og kemur fram í skýrslu Samtaka iðnaðarins og Félags ráðgjafarverkfræðinga Innviðir á Íslandi 2021 – ástand og framtíðarhorfur.[2] Mikilvægt er að unnið sé markvisst á því að mæta þeirri þörf á næstu árum.

Mikilvæg áhersla ríkisstjórnarinnar er á að stöðva hækkun á skuldum hins opinbera. Ánægjulegt er í því sambandi að m.v. áætlun fjárlaga mun draga úr hlutfalli skulda ríkisins af landsframleiðslu á næsta ári. Hins vegar þarf að gæta að því að markmiði um lægri skuldir sé ekki náð með því að skapa viðlíka ástand og á árunum eftir efnahagsáfallið 2008 þar sem of litlum fjármunum var varið í fjárfestingar og viðhald innviða. Mikil skuldasöfnun varð þá í formi vaxandi þarfar fyrir viðhald og nýfjárfestingar í innviðakerfinu sem var velt yfir á framtíðarkynslóðir og kom niður á samkeppnishæfni og verðmætasköpun hagkerfisins.

[2] https://www.si.is/starfsemi/innvidir-a-islandi-astand-og-framtidarhorfur/



Í þessu sambandi lýsa SI áhyggjum sínum af því að dregið sé úr fjárfestingum ríkisins í frumvarpinu. Hér ber til þess að líta að frumvarpið gerir ráð fyrir lækkun fjárheimilda til samgönguinnviða nemi rúmum 2.8 ma.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum verðlagsbreytingum en þær nema samkvæmt frumvarpinu um rúman 1 ma.kr. Er samkvæmt frumvarpinu gert ráð fyrir því að hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu stjórnvalda nemi 690 m.kr. og svo er gert ráð fyrir því að 3 ma.kr. hliðrist frá árinu 2023 til ársins 2024. Fer hlutfall fjárfestinga af landsframleiðslu niður í 2,2% eftir að hafa staðið í rétt um 2,7% af landsframleiðslu árið 2021. Samdráttur í fjárfestingum ríkisins m.a. í vegakerfinu skv. frumvarpinu vekur upp ugg um að framundan sé tímabil þar sem þörf efnahagslífsins fyrir innviðauppbyggingu verði ekki mætt með fullnægjandi hætti. Hliðrun fjármuna á milli ára, sem leið til að draga úr þenslu og stemma stigu við verðbólgu, skapar ennfremur óstöðugt starfsumhverfi fyrir fyrirtækin en samfella í verkefnum og stöðugt, hæfilegt álag í uppbyggingu innviða á þessum tímum er mikilvægt. Sér í lagi þar sem fyrirtækin eru að huga að fjárfestingum, m.a. í umhverfisvænni tækjabúnaði, til að mæta loftlagsmarkmiðum stjórnvalda. Þá mun umræddur niðurskurður leiða til þess að mikilvæg samgönguverkefni á stofnvegum kringum höfuðborgarsvæðið, til að mynda framkvæmdir á Reykjanesbraut, verði frestað áfram. Mikilvægt er að fallið sé frá þessum niðurskurði í fjárfestingum.

Íbúðafjárfesting – átak stjórnvalda

Með gerð rammasamnings ríkisins við sveitarfélög um aukið framboð íbúða 2023-2032 voru mörkuð skil í stefnumörkun stjórnvalda á sviði húsnæðismála þar sem ríki og sveitarfélög skuldbinda sig með skýrum hætti til að skapa stöðugan húsnæðismarkað og styðja við þróun og uppbyggingu fjölbreytts íbúðarhúsnæðis um land allt. Ljóst er af nýlegri greiningu SI og Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar um íbúðir í byggingu að grípa þarf til markvissra og fjármagnaðra aðgerða til að mæta íbúðaþörf landsmanna núna í dag og næstu árin.[3] SI eru því ánægð með það markmið stjórnvalda sem kemur fram í frumvarpinu að framboð af fjölbreyttu íbúðarhúsnæði verði tryggt á svæðum þar sem skortur hamlar þróun og uppbyggingu atvinnulífs. Er markmiðið að stuðla að sjálfbærri þróun byggða um allt land.

Það er hins vegar óhjákvæmilegur hluti íbúðauppbyggingu komandi ára að taka mið af loftlagsmarkmiðum stjórnvalda og vísa SI í því skyni til vegvísis að vistvænni mannvirkjagerð 2030.

[3] https://www.si.is/media/_eplica-uppsetning/Talning-September-2022-Greining.pdf

Þar hafa verið sett fram metnaðarfull markmið um samdrátt í kolefnislosun íslenskra bygginga. Í vegvísinum er að finna aðgerðaráætlun þar sem skilgreindar hafa verið 74 aðgerðir í sex flokkum sem stuðla að vistvænni mannvirkjagerð. Gera samtökin við það athugasemd að í fjárlagafrumvarpinu er hvergi minnst á umræddan vegvísi. Tryggja þarf fulla fjármögnun þeirra aðgerða sem þar er að finna svo unnt sé að styðja við og tryggja að þau markmið sem sett hafa verið fram náist.

Fjármögnun staðlavinnu mikilvæg
Í umsögn SI um fjárlagafrumvarp ársins 2022 gerðu samtökin athugasemdir við vanfjármögnun staðlavinnu á Íslandi. Voru þá ítrekaðar fyrri athugasemdir og beiðni samtakanna um breytingar án árangurs. Samtökin vilja vekja því, enn á ný, athygli á vandamálinu og telja mikilvægt að stjórnvöld bregðist við og fullfjármagni þá staðlagerð sem nauðsynleg er fyrir íslenskt atvinnulíf og samfélag.

Staðlar eru afleiddur en órjúfanlegur hluti löggjafar um húsnæðis- og mannvirkjamál og eru notaðir af löggjafanum til að segja m.a. til um kröfur til mannvirkja og byggingarvara. Skv. ákvæðum EES samningsins ber einnig að staðfesta evrópska þolhönnunarstaðla sem íslenska og skrifa við þá íslenska þjóðarviðauka sem segja til um kröfur til þolhönnunar íslenskra mannvirkja. Þau verkefni eru unnin á vettvangi Staðlaráðs Íslands þar sem bestu sérfræðingar á sínu sviði leggja sitt af mörkum til að tryggja heildstæða löggjöf um þolhönnun. Því til viðbótar er vísað í á þriðja hundrað staðla í íslenskri byggingarreglugerð og að baki lögum um byggingarvörur liggja á sjötta hundrað staðlar til viðbótar sem segja m.a. til um framleiðslu, prófanir og CE merkingar byggingarvara.

Ljóst er að löggjöf um mannvirki er með formlegum hætti vörðuð þeim mikilvægu viðmiðum og kröfum sem hagaðilar á hverju sviði hafa komið sér saman um í stöðlum. Án fjármögnunar til stöðlunar og stöðlunarstarfs verður þessi hluti löggjafarinnar hins vegar ekki til. Afleiðing afskiptaleysis stjórnvalda er að framkvæmd þolhönnunar mannvirkja í landinu er veruleg hætta búin því kröfur um þolhönnun hvað varðar m.a. jarðskjálftaálag, snjóálag og vindálag, svo eitthvað sé nefnt, verða ekki til af sjálfu sér. Fjárhagsleg aðkoma ríkisins er nauðsynlegur og eðlilegur þáttur við vinnu slíkra staðla í ljósi þess að um afleidda og mikilvæga löggjöf sé að ræða. Tryggja verður Staðlaráði Íslands fjármagn til áframhaldandi vinnu í þessum efnum. Leggja Samtök iðnaðarins því ríka áherslu á að í fjárlögum ársins 2023 sé komið til móts við framangreind sjónarmið og staðlagerð tryggt nægt fjármagn.

Viðhald húsnæðis
Allir vinna, með endurgreiðslu virðisaukaskatts af vinnu iðnaðarmanna hefur skapað störf, aukið viðhald og verðmæti eigna og dregið úr svartri atvinnustarfsemi. Þegar virðisaukaskattur var lagður á í stað söluskatts á níunda áratug síðustu aldar þá var söluskattur ekki lagður á vinnu iðnaðarmanna. Við breytinguna var virðisaukaskattur vegna vinnu iðnaðarmanna endurgreiddur að fullu næstu árin en í efnahagsþrengingum á tíunda áratug síðustu aldar var endurgreiðsluhlutfallið lækkað niður í 60%. Hlutfallið var aftur hækkað í 100% árið 2009 og lækkað aftur árið 2013. Árið 2020 var hlutfallið aftur hækkað í 100% út september 2022. Þetta fyrirkomulag á sér því eðlilegar skýringar og hefur í gegnum tíðina skilað miklum árangri. Samtökin telja því eðlilegt að endurgreiðsluhlutfallið hækki á ný í 100% .

Nauðsyn þess að efla Ask – mannvirkjarannsóknarsjóð.
Áskoranir byggingar- og mannvirkjagerðar eru margvíslegar á komandi árum, ekki síst þegar kemur að hlutverki byggingariðnaðarins í loftlagsmálum.

Skortur á rannsóknum stendur í vegi fyrir hraðari uppbyggingu á vistvænu húsnæði sem og skortur á rannsóknum á vistvænu byggingarefni við íslenskar aðstæður. Ljóst er að hinn nýstofnaði samkeppnissjóður, Askur – mannvirkjarannsóknarsjóður, er mikilvægur farvegur til eflingar á rannsóknum á þessu sviði. Árið 2021 veitti sjóðurinn 95 milljónir í styrki til nýsköpunar og rannsókna á þessu sviði og mun sjóðurinn veita styrki að sömu upphæð vegna ársins 2022. Þær fjárhæðir teljast mjög lágar ef litið er til umfangs mannvirkjageirans og þess að nú er búið er að leggja Rannsóknarstofu byggingariðnaðarins niður. Því til stuðnings má benda á að heildarfjárhæðir umsókna vegna síðasta árs námu tæpum hálfum milljarði. Samtökin benda á að afar mikilvægt sé að tryggja frekara fjármagn til sjóðsins svo unnt sé að stuðla að markvissari rannsóknum og nýsköpun á sviði mannvirkjagerðar til framtíðar, þar á meðal vistvænum byggingarefnum.

Efling stafrænna innviða
Áhersla á frekari fjárfestingu í stafrænum innviðum og stafrænni þjónustu er mikilvæg. Að mati SI hefur vel tekist til með verkefnið Stafrænt Ísland og hvetja SI stjórnvöld til að halda áfram á þeirri braut. Útboð og samstarf við upplýsingatækniiðnað við uppbyggingu stafrænnar þjónustu hins opinbera hefur verið til fyrirmyndar.

Vinnsla og hýsing gagna verða sífellt mikilvægari í viðskiptum og daglegu lífi vegna stóraukinnar notkunar á upplýsingatækni á öllum sviðum samfélagsins. Mikilvægt er að huga að samkeppnishæfni Íslands á þessu sviði, meðal annars samkeppnishæfni gagnaversiðnaðar. Í því sambandi er mikilvægt að greiða úr óvissu sem verið hefur uppi í tengslum við virðisaukaskattsmál í gagnaversiðnaði. Þá þarf stöðugt að huga að því að Ísland standist alþjóðlegan samanburð á sviði stafrænna innviða og þjónustu. SI fagna því lagningu nýs fjarskiptasæstrengs til Írlands sem fyrirhugað er að taka í notkun á síðari hluta ársins 2022.

Ákall um að fjárveiting vegna endurgreiðslna til kvikmyndagerðar endurspegli útgefin vilyrði
Kvikmynda- og sjónvarpsiðnaður á Íslandi hefur verið í miklum blóma og vexti undanfarin ár. Leikur enginn vafi á að öflugt endurgreiðslukerfi vegna kvikmyndaframleiðslu hefur skipt sköpum. Endurgreiðslukerfið hefur stutt við aukna verðmætasköpun hérlendis, áhrif kerfisins á greiðslujöfnuð ríkissjóðs hafa ávallt verið jákvæð og eru þá ótalin önnur afleidd áhrif af kvikmyndaframleiðslu svo sem gjaldeyrisöflun, sköpun beinna og óbeinna starfa og jákvæð áhrif á ferðaþjónustuna.

Í þessu samhengi vilja samtökin árétta að undanfarin ár hefur fjárhæð áætlaðra endurgreiðslna vegna kvikmyndagerðar verið vanáætluð í fjárlögum. Þannig hafa útgefin vilyrði stjórnvalda vegna endurgreiðslna á kvikmyndaframleiðslu verið mun hærri en fjárlög kveða á um og endurgreiðslur vegna útgefinna vilyrða stöðvast tímabundið þegar fjárhæð útgefinna vilyrða fer yfir fjárhæð í fjárlögum. Vegna vanáætlunar stjórnvalda tefjast endurgreiðslur ítrekað.

Hefur þetta skapað mikla óvissu fyrir kvikmyndaframleiðendur sem standa frammi fyrir því að þurfa að fjármagna framleiðslu með aukinni lántöku með tilheyrandi kostnaði allt þar til endurgreiðslur berast á ný. Samkvæmt svörum Endurgreiðslunefndar til umsækjenda nú í ár voru fjármunir samkvæmt fjárlögum uppurnir í júlímánuði og því ekki unnt að greiða út fyrr en með fjáraukalögum eða nýju fjárhagsári. Er þessi staða að koma upp fyrr á árinu miðað við greiðslustöðvun fyrri ára.

Eykur það alvarleika málsins að þann 14. júní 2022 voru samþykkt lög nr. 76/2022 um breytingu á lögum um tímabundnar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi (hækkun hlutfalls endurgreiðslu) sem heimila 35% endurgreiðslu vegna stærri verkefna hér á landi. Þann 11. september síðastliðinn birti menningar- og viðskiptaráðuneytið umfjöllun um að stærsta kvikmyndaverkefni Íslandssögunar yrði tekið upp á Íslandi og umfang verkefnisins væri áætlað um 9 milljarðar. Gert er ráð fyrir að endurgreiðslur þessa tiltekna verkefnis telji rúmlega 3 milljarða og eru þá ótalin öll önnur framleiðsluverkefni.

Að mati samtakanna er ljóst að fjárveiting til endurgreiðslna vegna kvikmyndagerðar stenst ekki skoðun. Skýtur það skökku við að stjórnvöld auki ekki fjárveitingu í samræmi við lagabreytingar á kerfinu og vöxt greinarinnar en kjósi fremur að viðhalda vítahring sem skapar óstöðugleika og grefur undan skilvirkni endurgreiðslukerfisins. Að mati samtakanna er með öllu óásættanlegt að kvikmyndaframleiðendur þurfi að bíða milli vonar og ótta eftir aukinni fjárveitingu í fjáraukalögum eða öllu verra til næsta fjárhagsárs.

Samtökin leggja til að áætluð fjárhæð vegna endurgreiðslna verði hækkuð með tilliti til raunfjárhæðar endurgreiðslna fyrra árs. Þannig myndu stjórnvöld stuðla að fyrirsjáanleika fyrir kvikmyndaframleiðendur og tryggja skilvirkni endurgreiðslukerfisins.

Niðurskurður til kvikmyndasjóða

Hagaðilar í kvikmyndaiðnaði í samráði við stjórnvöld hafa lagt mikla vinnu í gerð heildstæðrar stefnu fyrir íslenska kvikmyndagerð sem ætlað er að styrkja íslenska menningu, tungu og samfélag. Niðurskurður sem boðaður er til kvikmyndasjóða í frumvarpi þessu nemur 433 milljónum króna sé litið til fjárframlaga síðasta árs. Að mati SI mun slíkur niðurskurður hafa alvarlegar afleiðingar fyrir framleiðslu verkefna sem eru þýðingarmikil í listrænu og menningarlegu samhengi. Aðgerðirnar ganga í berhöggi við Kvikmyndastefnu til ársins 2030 þar sem lögð er áhersla á varðveislu íslenskrar tungu, menningu, sjálfsmynd þjóðarinnar, eflingu íslensks atvinnulífs og sterkt orðspor Íslands. Það er ljóst að sterkara sjóðakerfi sem styður við fjölbreytt íslensk kvikmyndaverk og setning nýs styrkjaflokks fyrir sjónvarpsþáttargerð er forgangsverkefni innan Kvikmyndastefnu stjórnvalda enda tilgreint sem fyrsta aðgerð í annars metnaðarfullri áætlun. Sá niðurskurður sem boðaður er í frumvarpi þessu mun þvert á móti hafa þær afleiðingar í för með sér að færri íslensk kvikmyndaverk verða framleidd. Er þá ótalin sú röskun sem niðurskurðurinn mun hafa á framleiðslu verka sem eru á byrjunarstigum og í vinnslu.

Fyrirsjáanleiki í stuðningsumhverfi kvikmyndaiðnaðar skiptir sköpum. Ákvarðanir um fjárfestingu í verkefnum eru teknar á grundvelli opinberra vilyrða og áætlana. Um er að ræða verulegar fjárfestingar í hverju verkefni en ferli kvikmyndaverkefna frá hugmynd til sýningar telur oft á tíðum í fjölda ára. Það skiptir því sköpum að samræmi sé í opinberum yfirlýsingum og stefnum og svo aðgerðum, til að mynda fjárlögum. Mikilvægt er að framgangur þeirra verkefna sem eru í bígerð ásamt þeirri framleiðslu sem þegar er hafin verði tryggð. SI leggur áherslu á að umræddur fjárlagaliður verði endurskoðaður með tilliti til fjárveitingar síðasta árs og eftirfylgni Kvikmyndastefnu stjórnvalda til ársins 2030.

Fyrirkomulag greiðslu á háu áfengisgjaldi skapar óhagræði

Áfengisgjald á Íslandi er það langhæsta í Evrópu og hefur gjaldið óhjákvæmilega gríðarlega mikil áhrif starfsumhverfi íslenskra áfengisframleiðenda. Áfengisgjöld á Íslandi taka mið af víninnihaldi, það er hvort er um að ræða öl, léttvín eða sterkt áfengi. Hæstu gjöldin eru lögð á flokk sterkra vína en athygli vekur að áfengisgjöld eru hlutfallslega hærri af bjór, með minna víninnihaldi en léttvíni.

Samtök iðnaðarins
Ár grænnar iðnbyltingar 2022

Núgildandi fyrirkomulag greiðslu áfengisgjalds felur í sér umtalsvert óhagræði fyrir framleiðendur. Óhagræðið er ekki síst fólgið í því að mikil fjárbinding er fólgin í greiðslu áfengisgjaldsins en framleiðendum bera að skila gjaldinu iðulega áður en vara hefur fengist greidd frá smásala. Verði viðskiptavinir framleiðenda gjaldþrota fæst áfengisgjaldið ekki endurgreitt. Færa þarf álagningu áfengisgjaldsins frá framleiðendum til smásöluaðila eða að framleiðandi hafi tök á því að fá áfengisgjald endurgreitt vegna gjaldþrota viðskiptavina sinna, eins og fordæmi eru fyrir með virðisaukaskattinn.

Þá er greiðslufyrirkomulagið einnig verulega bagalegt fyrir framleiðendur sem útvista framleiðslu sinni til annars aðila. Lögin virðast ekki gera ráð fyrir þeim möguleika að vörur minni framleiðenda séu framleiddar í verksmiðjum annarra, og hafa slíkir aðilar, þ.e. minni aðilar sem hafa ekki framleiðsluleyfi og útvista framleiðslu annað, í raun verið álitnir „kaupendur" í skilningi 2. mgr. 5. gr. laga um gjald af áfengi og tóbaki. Þeir þurfa þá að leggja út fyrir áfengisgjaldinu, til framleiðsluaðilans, strax við afhendingu vörunnar án þess að eiga möguleika á að sækja um greiðslufrest. Þessu þarf að breyta með þeim hætti að allir þeir sem stunda sölu á áfengi sitji við sama borð hvað greiðslu áfengisgjalds varðar.

Virðingarfyllst,

Ingólfur Bender

Ingólfur Bender,
aðalhagfræðingur SI

Sigurður Hannesson

Sigurður Hannesson,
framkvæmdastjóri SI

Samtök náttúrustofa
sns@sns.is
kt. 660802-2580

Ágæti alþingismaður
Alþingi
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

7. nóvember 2022


Samtök náttúrustofa (SNS) hvetja Alþingi til að auka framlag til hverrar náttúrustofu um 6 milljónir á fjárlögum ársins 2023, líkt og gert var tímabundið í fjárlögum árin 2021 og 2022. Framlag til náttúrustofa er fjármunum vel varið, enda ávaxtast það strax um 30%, þar sem rekstrarsamningur sem gerður er við sveitarfélög kveður á um 30% mótframlag þeirra. Einnig bætir þetta aðstöðu stofanna til að taka að sér fleiri verkefni á sínum starfssvæðum, sem annars væru líklegri til að renna til stofnana á höfuðborgarsvæðinu. Náttúrustofur hafa með störfum sínum sýnt að þær stuðla að auknum rannsóknum á náttúru og umhverfi í nærumhverfi sínu, þær auka atvinnutækifæri háskólamenntaðra, fjölga kvennastörfum á landsbyggðinni og stuðla að staðarvitund og náttúruvernd.

Mikill mannauður

Alþingi veitti hverri náttúrustofu 6 m.kr. aukafjárveitingu sl. tvö rekstrarár vegna COVID-19, m.a. til að ráða háskólamenntað starfsfólk til rannsókna á landsbyggðinni. Við þessa hækkun fjölgaði ársverkum verulega. Samkvæmt ársreikningum voru 38 stöðugildi á náttúrustofum árið 2021 og fjöldi starfsmanna var 53. Það er sambærilegur fjöldi og starfar á Náttúrufræðistofnun Íslands.

Framlag í sögulegu lágmarki

Í fjárlögum ársins 2023 er gert ráð fyrir að þessi mikilvæga tímabundna fjárheimild falli niður. Þar með er gert ráð fyrir að framlag til náttúrustofa verði það lægsta frá upphafi! Þetta skýtur skökku við nú þegar loftslagsváin ógnar lífríki og mikilvægi náttúru- og umhverfisrannsókna hefur aldrei verið meira.



Mannauður náttúrustofa getur hjálpað til að við að ná markmiðum frumvarpsins

Markmið fjárlagafrumvarpsins 2023 er m.a. að efla rannsóknir á áhrifum loftslagsbreytinga, en klárt er að mannauður náttúrustofanna gæti vel nýst í verkefni sem snúa að slíkum rannsóknum. Náttúrustofurnar eru líka mjög virkar í ýmsum rannsóknum sem snúa að líffræðilegri fjölbreytni en vinna við stefnumótun stjórnvalda í þeim efnum er nú hafin með birtingu Grænbókar um líffræðilega fjölbreytni.

Fjárveitingar til náttúrustofa eru góð fjárfesting

Náttúrustofurnar eru átta og dreifðar um land allt. Þær eru allar tilbúnar að taka áfram þátt í því verkefni að halda uppi atvinnustigi og auka fjölbreytni í atvinnulífi á landsbyggðinni – bæði með því að verja núverandi störf og eins að bæta við starfsfólki til að takast á við þörf nútímans um auknar upplýsingar um náttúru og umhverfi.

Helstu kostir þess að styrkja rekstrargrunn náttúrustofa eru:

1) *Áhrifin ná til landsins alls og háskólamenntuðum fjölgar á landsbyggðinni*

Náttúrustofur starfa í samfélögum þar sem fjölbreytni atvinnutækifæra er almennt lítil. Styrking náttúrustofa er jafnframt styrking fjölmargra samfélaga og veitir háskólamenntuðum tækifæri til starfa víða um land með tilheyrandi lífskjarasókn.

2) *Fjárfesting í atvinnu og náttúrurannsóknum*

Styrking náttúrustofanna er fjárfesting í atvinnutækifærum sem stuðla að auknum rannsóknum á náttúru landsins, sem aldrei hefur verið mikilvægara. Nær allt viðbótarfjármagn fer í launagreiðslur til vísindamanna.

3) *Hagstætt kynjahlutfall*

Kynjahalli hefur lengi verið ein helsta áskorun í byggðamálum. Hlutföll kynja hafa verið nokkuð jöfn á náttúrustofum undanfarin ár.

4) *Þekking nýtt til atvinnuuppbyggingar og auðlindastýringar*

Aflað verður þekkingar sem getur í sumum tilfellum nýst til atvinnuuppbyggingar, t.d. í ferðaþjónustu, landnotkun og auðlindanýtingu, sem og ákvarðanatöku þegar kemur að vernd og nýtingu náttúrunnar.

Virðingarfyllst, f.h. Samtaka náttúrustofa,



Kristín Ágústsdóttir, formaður SNS 2022

Alþingi
Fjárlaganefnd
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Selfossi, 9. október 2022

Efni: Umsögn Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga (SASS) um fjárlagafrumvarp ríkisins 2023

SASS áréttar að mikilvægi þess að farið verði yfir eftirfarandi atriði sem skipta miklu um fjárhagslega sjálfbærni sveitarfélaga:

- Tekjustofnar sveitarfélaga og regluverk Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga verði tekin til endurskoðunar.
- Endurmat verði gert á útgjöldum til hjúkrunarþjónustu og annarrar þjónustu við aldraða.
- Þóknun til ríkisins vegna innheimtu útsvars á staðgreiðslu verði skoðuð.
- Kostnaðar tengdur þjónustu við fatlað fólk verði fullfjármagnaður og lagt mat á kostnaðaráhrif laga- og reglugerðabreytinga.

Samtökin undirstrika nokkra málaflokka sem skipta sveitarfélög á Suðurlandi töluverðu máli en nokkir þeirra voru til umfjöllunar í nýliðinni kjördæmaviku sveitarstjórna í landshlutanum með þingmönnum Suðurkjördæmis.

Áríðandi er að þau **verkefni og ábyrgð sem sveitarfélögum eru falin af hálfu ríkisins verði fjármögnuð með fullnægjandi hætti**. Má þar t.d. nefna breytingar á lögum og reglugerðum vegna málefna fatlaðs fólks og innleiðingu farsældarlaganna en dæmin eru fjölmörg.

Mikilvægt er að **styrkja tekjustofna sveitarfélaga og tryggja fjárhagslega sjálfbærni** þeirra enda standa núverandi tekjur ekki undir þeim lögboðnu verkefnum sem ríkið hefur falið þeim. Áfram skal vinna að **endurskoðun á reglum Jöfnunarsjóðs**. Þess er krafist að ríkið bregðist við ákalli sveitarfélaganna um að þeim verði markaður aukinn tekjustofn en með því má tryggja fjárhagslega sjálfbærni þeirra.

Ráðuneyti hafa haldið áfram að marka sér stefnu í veigamiklum málaflokkum og fer þeim fjölgandi. Með mörkun stefnu og því að birta viðeigandi aðgerðaáætlun má sjá hvaða áherslur eru raunverulega í starfi og hvernig fjármunir styðja við það. Ríkið er enn að slípa til verklagið við **gerð og framlagningu fjárlaga**. **Framsetningin er þó enn flókin og ógegnsæ.** Það er talsverður ágalli hversu erfitt er að rekja einstakar fjárheimildir en þær geta skipt einstaka stofnanir í landshlutunum verulegu máli en hafa til þess að gera lítil áhrif á endanlega afkomu ríkissjóðs.

Austurvegi 56 | 800 Selfossi | Sími 480 8200 | sass.is

Grunnþjónusta

Löggæsla:

SASS gerir alvarlega athugasemd við að gert sé ráð fyrir 2% niðurskurði á fjárframlögum frá fyrra ári til lögreglunnar á Suðurlandi og bendir á að nauðsynlegt sé að gefa frekar í og **auka fjárframlög til löggæslu**. **Íbúafjölgun og stóraukinn fjöldi ferðamanna** sem heimsækir vinsæla ferðamannastaði á Suðurlandi, auka verulega álag á lögregluna með fjölbreyttum verkefnum.

Fjölgun er á tilkynntum kynferðisbrotum, ofbeldisbrotum og heimilisofbeldismálum á milli ára og á sama tíma eru auknar kröfur um styttri málsmeðferðartíma sem eykur álag á rannsóknardeild lögreglunnar.

Umferðaþungi hefur aukist aftur eftir COVID með auknum fjölda ferðamanna. Frá Vík austur að Höfn í Hornafirði eru lögreglumenn oftar en ekki einir við störf og langt í aðstoð auk þess sem innviðir á því svæði eru veikir. Fjölga þarf lögreglumönnum og auka eftirlit á þessu svæði svo tryggja megi fullnægjandi löggæslu, draga úr álagi og bæta starfsumhverfi. Aukið umferðareftirlit skilar marktækum árangri við að fækka slysum og auka umferðaröryggi.

Á sama tíma og lögreglan stendur frammi fyrir þessum áskorunum er samkvæmt fumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2023 gert ráð fyrir 2% niðurskurði. Þar sem launakostnaður er um 83% af rekstrarkostnaði lögreglunnar blasir við að óbreyttu að segja þarf upp lögreglumönnum til að koma til móts við boðaðan niðurskurð sem er óásættanlegt.

HSU, heilsugæsla, rekstur hjúkrunarheimili, heilsuefling aldraðra og sjúkraþyrla:

Tryggja þarf fjármagn til reksturs HSU. Umfang starfseminnar hefur aukist árlega og er gríðarlega vaxandi **álag á bráðamóttöku** eða um 12% á milli ára, voru 16.000 komur árið 2021 og eru áætlaðar 18.000 komur árið 2022. Nauðsynlegt er að fullfjármagna verkefnið svo hægt sé að tryggja þar nauðsynlegan mannafla sem starfsemin krefst. Annars stigs heilbrigðisþjónusta skiptir nærsamfélagið miklu máli, þ.m.t sérfræðiþjónusta í heimabyggð bæði göngudeildarþjónusta hinna ýmsu sérgreina (HNE, augu, hjarta, lungu, meltingarfæri, krabbamein, kvensjúkdómar, barnalækningar og öldrun). Einnig er vakin athygli á þörfinni fyrir auknum legudeildarrýmum á lyflækningadeildinni á Selfossi.

Áréttað er **mikilvægi öflugrar heilsugæslu og réttinda íbúa Suðurlands til aðgengis að þeirri þjónustu**. Tryggja þarf fjármagn til mönnunar fagfólks á starfsstöðvum HSU og við utanspítalaþjónustu s.s. sjúkraflutninga á starfssvæði stofnunarinnar. Veita þarf fjármagni til kvöld- og helgarþjónusta í heimahjúkrun þar sem hún er ekki til staðar, sem er grunnforsenda þess að hægt sé að mæta áherslu stjórnvalda um sjálfstæða búsetu eldri borgara eins lengi og kostur er. **Fjarheilbrigðisþjónusta** hefur skapað ný tækifæri m.a. til aukinnar sérfræðiþjónustu í dreifðari byggðum sem ætti að nýta enn frekar. Til að heilsugæslustöðvar geti mætt þessari þjónustu þarf að tryggja að nægt fjármagn sé til staðar.

Við gerð fjárlaga síðustu ár hefur **rekstrargrunnur hjúkrunarheimila** verið skorinn niður og það hefur haft í för með sér mikinn taprekstur. Nauðsynlegt er **tryggja rekstrargrundvöll hjúkrunarheimila í landshlutanum með hækkun á framlögum til reksturs heimilanna samkvæmt** tillögum starfshóps. Sérstök ánægja er með að bygging á nýju hjúkrunarheimili er að hefjast á Höfn í Hornafirði en undrun sætir að rekstur sé ekki hafinn á Móbergi, nýja hjúkrunarheimilinu á Selfossi.

Austurvegi 56 | 800 Selfossi | Sími 480 8200 | sass.is

Áréttuð er nauðsyn **reksturs sérhæfðrar sjúkraþyrlu**, en brýnt er að slík þyrla verði staðsett á Suðurlandi og sé hluti af starfsemi HSU. Breytingar á þjónustu heilbrigðisstofnana á landsbyggðinni hefur leitt til þess að í fleiri tilfellum en áður þarf að flytja íbúa dreifbýlis til höfuðborgarsvæðisins ef alvarleg veikindi og slys ber að garði. Flutningur yfir Hellisheiði er háður færð og tíðar lokanir á síðustu árum eru áhyggjuefni. Bæta mætti öryggi íbúa og vegfarenda með sjúkraþyrlu.

Málefni fatlaðra:

Rekstur málaflokks fatlaðs fólks á Suðurlandi er líkt og í öðrum landshlutum mjög fjársveltur og ekki hefur náðst að byggja upp búsetuúrræði í samræmi við þörf, sbr. ályktun á nýafstöðnu landsþingi sambandsins. Aukin eftirspurn eftir NPA samningum er auk þess fjárfrekur þáttur sem nauðsynlegt er að mæta, enda hafa með þeim auknar skyldur verið lagðar á sveitarfélögin án þess að nægt fjármagn fylgi.

Málefni barna:

Samtökin fagna þeim framfararskrefum sem stigin hafa verið í málefnum barna og þjónustu við þau, en leggur einnig áherslu á mikilvægi þess að **stuðningur og nægt fjármagn sé tryggt til að kerfisbreytingar gangi farsællega fram**. Þar er náið samstarf milli sveitarfélaga og ríkis nauðsynlegt.

Samgöngur og fjarskipti:

Áhyggjuefni er að ekki sé veitt meiri fjámunum í málaflokkinn **samgöngu- og fjarskiptamála.** Það veldur því að ekki er hægt að ráðist í mikilvægar nýframkvæmdir s.s. með fækkun einbreiðra brúa (eru hátt í tuttugu á Suðurlandi), viðhaldi er ekki sinnt með þeim hætti sem þörf er á og bæta þarf vetrarþjónustu. Allt eru þetta atriðið sem hafa áhrif umferðaröryggi.

Tryggja þarf **nægt fjármagn til viðhalds, rannsókna og uppbyggingar hafna á Suðurlandi**. Lögð er áhersla á að stjórnvöld tryggi fjármagn til eflingar og uppbyggingar hafnar í Vestmannaeyjum og Þorlákshöfn. Einnig að tryggt verði fé til rannsókna á **Grynnslunum** í innsiglingunni á Hornafirði svo hægt sé að fylgjast með árangri af þeim aðgerðum sem ráðist hefur verið í til að hefta sandburð og auka dýpi.

Ákall er um fá fjámuni á fjárlög til að hægt sé að ljúka rannsóknum á jarðlögum **milli lands og Vestmannaeyja** og kanna fýsileika þess að **gera og reka jarðgöng** milli lands og eyja.

Flugsamgöngur þarf að tryggja áfram til Hornafjarðar og Vestmannaeyja með opinberum stuðningi og að staðinn verði vörður um Loftbrúarverkefnið.

Loks er ítrekuð áskorun á ríkisvaldið að **standa vörð um almenningssamgöngur í landinu**.

Ísland fulltengt - ljósleiðaravæðing byggðakjarna:

Samtökin fagna þeim áföngum sem náðst hafa í verkefninu Ísland ljóstengt en áfram þarf að halda á þessari braut og verja fjármunum til að **tengja byggðakjarna í dreifbýli. Háhraðatenging** er forsenda búsetu og uppbyggingar atvinnulífs í landinu. Skorað er á stjórnvöld að það sé tryggð samkeppni á fjarskiptamarkaði en jafnframt að félögin geri með sér reikisamninga þannig að gott fjarskiptasamband sé í öllu landinu. Öryggi íbúa skiptir höfuðmáli.

Austurvegi 56 | 800 Selfossi | Sími 480 8200 | sass.is

Byggðamál

Atvinnuráðgjöf og byggðaþróun:

Byggðastofnun er með samninga við landshlutasamtökin, áður atvinnuþróunarfélögin, um að þau sinni **atvinnuráðgjöf og byggðaþróun á landsbyggðinni**. Fjárframlög til stofnunarinnar vegna samningsins hafa ekki fylgt verðlags- og launaþróun undanfarin ár sem hefur haft í för með sér að landshlutasamtökin hafa þurft að skerða þjónustu sína í nærumhverfinu. Á sama tíma hefur eftirspurn eftir aðstoð ráðgjafa aukist til að sinna stuðningi við nýsköpun og þá að skapa umgjörðina, handleiða og aðstoð við að sækja í sjóði. Eftirspurnin jókst t.a.m. eftir að NMÍ var lögð niður og með fjölgun sjóða sem í boði eru, svo sem Lóu og Matvælasjóð. Þörfin fyrir atvinnuráðgjöf er til staðar rétt eins og árið 2009 en framlögin hafa lækkað um 50% sé tekið tillit til breytingar á launavísitölu, m.ö.o. má segja að framlagið **2009** hafi dugað til að hafa **33 ráðgjafa í vinnu en 2022 einungis 17**. Verkefnum sem snúa að byggðaþróun hefur fjölgað og þeim hafa fylgt nýjar áskoranir. Í gildandi byggðaáætlun eru landshlutasamtökin tilgreind sem framkvæmdaraðili eða samstarfsaðili í um 20 aðgerðum af 54. Til viðbótar við þau sem sérstaklega eru tilgreind hefur aðkoma landshlutasamtaka þróast í fjölmörgum öðrum. Eigi atvinnuráðgjöf og byggðaþróun að standa undir nafni er **mikilvægt að hækka framlagið til Byggðastofnunar** en ekki lækka eins og gert er ráð fyrir í fjárlögum 2023. Með hækkun má tryggja framgang byggðaáætlunar.

Sóknaráætlun:

Í fjárlögum er gert ráð fyrir að **framlög til Sóknaráætlana landshluta lækki** en þemað hjá ríkinu hefur verið að auka nýsköpun og því fylgir að **hækka þarf framlagið** enda hafa sóknaráætlanir sannað sig sem öflugt verkfæri til byggðaþróunar. SASS telur að verkefnið Sóknaráætlun landshlutanna og þ.m.t. uppbyggingarsjóðir sem tengjast verkefninu hafa sjaldan verið mikilvægari en einmitt nú. **Samtökin hvetja til þess að framlög til Sóknaráætlana verði aukin líkt og gert var 2020 og 2021** en sú viðbót kom sér vel fyrir samfélögin í landshlutunum.

Umhverfismál

Mikilvægt er að **tryggt sé fjármagn til verkefna á sviði loftslagsmála**. Að ríkið komi myndarlega að stuðningi við innleiðingu hringrásarhagkerfisins í úrgangsmálum sem er að stóru leyti útfært og framkvæmt af sveitarfélögunum í landinu. Þá verði styrkir til endurgreiðslu vegna fráveituframkvæmda sveitarfélaga tryggðir þó án vafa myndi **endurgreiðsla á virðisaukaskatti tengt fráveituframkvæmdum** vera líklegri til að styðja betur við og hvetja sveitarfélögin frekar til löngu tímabærra framkvæmda.

Öflun og örugg afhending raforku

Staða mála er alvarleg er varða afhendingaröryggi orku og aðgengi að þriggja fasa rafmagni. Krafa um úrbætur var lögð fram á ársþingi SASS árið 2018 en sums staðar á Suðurlandi er staðan enn óbreytt og **stendur í vegi fyrir atvinnuuppbyggingu** í landshlutanum. Eins og sjá má í nýútkominni Grændbók umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins er miklvægt að afla sem fyrst grænnar orku til að hægt verði að hrinda í framkvæmd áhugaverðum nýsköpunarverkefnum.

Austurvegi 56 | 800 Selfossi | Sími 480 8200 | sass.is

Nýsköpun

SASS **fagnar aðgerðum ríkisins tengdum nýsköpun úti á landi, s.s. með tilkomu Lóu sjóðs** sem veitir nýsköpunarstyrki fyrir landsbyggðina. Hækka þyrfti þó heildarfjárhæð sjóðsins.

Menntun

Mikilvægt er að háskólastofnanir bjóði upp á **aukið fjarnám** þannig að allir landsmenn geti stundað háskólanám. Ljóst er að framboð af námi á háskólastigi sem kennt er í fjarnámi er afar breytilegt milli skóla. Þannig er einungis lítill hluti náms innan Háskóla Íslands, stærsta háskóla landsins, í boði í fjarnámi. **Þörf er á hugarfarsbreytingu**. Samtökin leggja til að þær menntastofnanir sem leggja metnað sinn í framboð á fjar- og dreifnámi um land allt fái auknar fjárheimildir umfram þær sem ekki bjóði upp á slíkt nám. Enda sé það **fjármagn nýtt til að nútímavæða kennsluhætti og auka framboð fjarnámsleiða**. Tveggja milljarða samstarfssjóður háskóla sem nýlega var settur á laggir ætti að stuðla að nánara samstarfi háskólanna. Ný undirrituð viljayfirlýsing um fagháskólanám í leikskólafræðum lofar einnig góðu.

Sigurhæðir

Sigurhæðir sinna mikilvægri þjónustu við þolendur kynbundins ofbeldis á Suðurlandi. Markmið verkefnisins eru að bjóða konum búsettum á Suðurlandi sem orðið hafa fyrir kynbundnu ofbeldi öruggan vettvang og aðstoð fagfólks til að vinna úr áföllum, að efla samstarf milli aðila sem veita þolendum kynbundins ofbeldis þjónustu á Suðurlandi og að auka vitund og þekkingu á kynbundnu ofbeldi meðal almennings, fagaðila og samstarfsaðila í verkefninu með þjálfun og fræðslu.

Því er **beint til til ríkisvaldsins** að nauðsynlegt sé að **fjármagn fáist til lengri** tíma svo hægt verði að **bregðast við aukinni þörf, tryggja starfseminni eðlilegt starfsumhverfi og þolendum kynbundins ofbeldis öruggt aðgengi** að þjónustunni.

Samtökin mæla eindregið með að fyrir afgreiðslu fjárlagafrumvarpsins á Alþingi verði bætt úr framangreindum vanköntum.

Fyrirsvarsmenn samtakanna áskilja sér rétt til að koma með frekari ábendingar á síðari stigum og óska jafnframt eftir að koma á fund fjárlaganefndar.

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar

Bjarni Guðmundsson

Bjarni Guðmundsson,
framkvæmdastjóri

Austurvegi 56 | 800 Selfossi | Sími 480 8200 | sass.is

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Kópavogi, 6. október 2022.

Nefndasvið Alþingis
Fjárlaganefnd

Efni: Umsögn Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu við frumvarp til fjárlaga, 1. mál.

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) vilja með umsögn þessari um fjárlagafrumvarp Alþingis leggja sérstaka áherslu á eftirfarandi þætti:

Þjónusta við fatlað fólk

Hinn 30. september 2020 var undirritað samkomulag milli ríkisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga um markmið um afkomu og efnahag sveitarfélaga árin 2021–2025 á grundvelli 11. gr. laga um opinber fjármál nr. 123/2015. Í 8. tl. 4. gr. samkomulagsins segir eftirfarandi: „Unnin verði samantekt um kostnaðarþróun í þjónustu við fatlað fólk og sérstak mat lagt á kostnaðaráhrif laga- og reglugerðarbreytinga og stjórnvaldsfyrirmæla í þessum málaflokki undanfarin ár. Að fengnum þessum niðurstöðum verði teknar upp viðræður um hvernig bregðast megi við þessari þróun og hvernig best verði staðið að fjármögnun hennar."

Á grundvelli þessa starfaði starfshópur félags- og barnamálaráðherra um greiningu á kostnaðarþróun í þjónustu við fatlað fólk. Starfshópurinn hafði það hlutverk að vinna að samantekt um raunkostnað áranna 2018, 2019 og 2020 og kostnaðarþróun í þjónustu við fatlað fólk og að leggja sérstakt mat á kostnaðaráhrif laga- og reglugerðarbreytinga og stjórnvaldsfyrirmæla í þessum málaflokki undanfarin ár í samvinnu við starfshóp um heildarendurskoðun laga nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.

Niðurstaðan lá fyrir í aprílmánuði 2022 og leiddi í ljós að halli málaflokksins hjá öllum sveitarfélögum landsins er um 8,9 milljarðar kr. m.v. árið 2020 og hefur verið áætlaður um 12 til 13 milljarða kr. á árinu 2021. Ljóst er að stærsti hluti hallans fellur til hjá sveitarfélögunum á höfuðborgarsvæðinu eða um 87% miðað við árið 2020.

Í umsögn SSH vegna fjárlaga ársins 2022 var lögð áhersla á að fjármagn yrði tryggt frá ríkinu til þess að koma til móts við fyrirsjáanlegan halla hjá sveitarfélögunum í málaflokknum strax á árinu 2022. Ekkert hefur komið fram, hvorki á árinu 2022 eða í frumvarpi til fjárlaga 2023 sem gefur til kynna að frekara fjármagn sé væntanlegt til sveitarfélaganna vegna hallans. Vart þarf að ítreka mikilvægi þess að fyrirliggjandi halli verði bættur sveitarfélögunum með skýrum fjárheimildum í fjárlögum, enda um afar

mikilvæga grunnþjónustu að ræða og brýnt að fjármagn til hennar sé tryggt. Framangreind vanfjármögnun vegna þjónustu við fatlað fólk er ein meginorsök þess fjárhagshalla sem nú birtist í árshlutauppgjörum sveitarfélaganna og ástæðu þess má einkum rekja til aukinna krafna í löggjöf og reglum um hærra þjónustustig. Á landsþingi sveitarfélaganna sem haldið var á Akureyri 29 og 30 september sl. samþykkti þingið ályktun er varðar ofangreint og lagði þunga áherslu á að sveitarfélögin fengju fjárhagslega leiðréttingu frá ríkinu til að standa undir útgjöldum sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk. SSH tekur undir ályktunina í heild sinni en í henni kemur m.a. eftirfarandi fram:

„ Sveitarstjórnarlög kveða á um skyldu stjórnvalda að kostnaðarmeta þau verkefni sem sveitarfélögum er falið að sinna. Þjónusta við fatlað fólk er stórlega vanfjármögnuð af hálfu ríkisins og vegur að möguleikum sveitarfélaga til að ná sjálfbærni í rekstri. *Enginn ávinningur er af því fyrir ríkið og samfélagið í heild að sveitarfélög reki verkefni með halla eða taki að sér ný verkefni sem ekki eru fjármögnuð.*“

Þá er rétta að benda á að óvissa ríkir með framlag ríkisins vegna NPA samninga sem fellur að óbreyttu niður um áramót. Frá og með árinu 2023 er gert ráð fyrir því að sveitarfélögin beri ábyrgð á allri fjármögnun NPA samninga án þess að til viðbótarfjármögnunar komi. Tryggja þarf fjármögnun kostnaðaraukans frá ríkinu og er mikilvægt að málið verði leitt til lykta í fjárlögum ársins 2023.

Almenningssamgöngur á höfuðborgarsvæðinu - fjárhagsstaða Strætó bs. vegna Covid-19.

Fjárhagsstaða Strætó bs. er óviðunandi og skv. nýrri fjárhagsgreiningu KPMG þarf um 1,5 milljarð kr. inn í rekstur Strætó bs. til að félagið sé fjárhagslega sjálfbært. Eins og fram hefur komið í umræðum um málið hafði Covid-19 mikil áhrif á reksturinn. Er áætlað að ef tekjustreymi Strætó hefði verið sambærilegt og fyrir heimsfaraldurinn væru uppsafnaðar tekjur um 1,7 til 2,0 milljörðum hærri vegna áranna 2020 til 2022 en raunin er.

Eigendavettvangur Strætó bs. fundaði m.a. 26. september 2020 þar sem farið var yfir fjárhagslega stöðu Strætó bs. Á fundinum var lagt fram minnisblað fjármálastjóra sveitarfélaganna sem standa straum af rekstri Strætó með tillögum að lausnum. Niðurstaða fundarins var í stuttu máli sú að leggja til við aðildarsveitarfélögin að þau greiddu viðbótarrekstrarframlag að upphæð 520 millj. kr á næstu vikum til Strætó bs. Þá var staðfest sú ákvörðun stjórnar Strætó bs. að hækka gjaldskrár um 12.5%.

Þá lagði eigendavettvangur Strætó bs. áherslu á að ríkið myndi leggja fram sérstakt fjárframlag vegna áhrifa Covid-19 á rekstur félagsins, til viðbótar því 120 millj. kr. framlagi sem ríkið lagði fram á árinu 2020. Var formönnum stjórnar SSH og Strætó bs. ásamt framkvæmdastjórum falið að ítreka framangreint og bjóða upp á frekari kynningar og umræðu um stöðu Strætó bs. væri þess talin þörf. Var m.a. haldinn fundur með innviðaráðherra 22. september 2022 vegna ofangreindrar bókunar eigendavettvangsins.

Þess ber að geta að ítarleg erindi um áhrif af Covid-19 á rekstur Strætó bs. voru send fjárlaganefnd með bréfum í október og desember 2020. Var erindunum fylgt eftir með fundum m.a. með samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra. Þó fjárhagsleg staða Strætó bs. hafi á þeim tímapunkti þótt ásættanleg, lá ljóst fyrir að áhrif af faraldrinum myndu hafa skaðleg fjárhagsleg áhrif á fjárhag félagsins, sem nú hefur raungerst. Í bréfi til ríkisins 13. janúar 2021 kom m.a. eftirfarandi fram:

„ Líkt og fram hefur komið er afleitt tekjutap vegna áhrifa Covid 19 umtalsvert og getur óhjákvæmilega haft afleiðingar í för með sér m.a. í skertri þjónustu og minni fjárfestingu í umhverfisvænum farartækjum til reksturs almenningssamgangna. Slíkar ráðstafanir væru þvert á vilja sveitarfélaganna enda myndi það vinna á móti sameiginlegum markmiðum ríkis og sveitarfélaga í því verkefni að efla almenningssamgöngur á höfuðborgarsvæðinu og þeim markmiðum sem unnið er að í þeim efnum m.a. er varðar loftslags- og lýðheilsumál. Eins og fram hefur komið hefur Strætó bs. staðið vaktina í Covid faraldrinum og haldið uppi svo til fullri þjónustu við farþega þó eftirspurnin eftir þjónustu hafi minnkað og þá til að gera farþegum kleift að viðhalda fjarlægðarmörkum í strætisvögnunum og stuðla þannig að því að íbúar höfuðborgarsvæðisins þ.m.t framlínustarfsmenn gætu komist til og frá vinnu á öruggan hátt.“

Almenningssamgöngur á höfuðborgarsvæðinu - framlag til almenningssamgangna til framtíðar.

Hinn 7.maí 2012 var undirritað samkomulag til tíu ára á milli ríkisins og sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu um eflingu almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu með 1.000 millj. kr. árlegum framlögum á föstu verðlagi úr ríkissjóði, þar af skyldu 900 millj. kr. ganga til eflingar almenningssamgangna innan höfuðborgarsvæðisins og 100 millj. kr. vegna tengingar þess við nálæg atvinnusóknarsvæði. Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu skuldbundu sig á móti til að leggja fram a.m.k. sömu fjárhæð að raunvirði og gert var á árinu 2012. Framlögin gengu beint til Strætó bs. sem hefur haldið utan um verkefnið.

Sömu aðilar gerðu með sér sérstakt samkomulag um þetta efni í tengslum við undirritun *Samgöngusáttmálans* 26. september 2019 þar sem annars vegar var ákveðið að framlengja samkomulagið um 12 ár eftir endurskoðun þess til 2034 og hins vegar ákveðið að miða við að árleg framlög til verkefnisins í tillögu ráðherra til þingsályktunar um samgönguáætlun yrðu að lágmarki óbreytt að raunvirði út tímabilið.

Að störfum hefur verið sérstakur starfshópur sem hefur það hlutverk að vinna tillögur að endurskoðuðu samkomulagi ríkisins og sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu um eflingu almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu, til samræmis við framangreint. Eru samningaviðræður nú í fullum gangi.

Ekki þarf að fjölyrða um mikilvægi öflugra almenningssamgangna í þróun mannvænni svæða og til að ná fram ábata af minni umferðatöfum og lægri samfélagslegum kostnaði vegna samgangna. Ef markmið um breyttar ferðavenjur eiga að ná fram að ganga þá verður ríkið að koma með auknum krafti að rekstri almenningssamgangna enda eru skilvirkar og góðar almenningssamgöngur forsenda þess að fólk nýti sér þær.

Mikilvægt er að horfa á almenningssamgöngur út frá markmiðum og stefnu í loftslagsmálum ríksins. Í markmiðum samkomulags um skipulag og fjármögnun uppbyggingar á samgönguinnviðum (Samgöngusáttmálinn) kemur skýrt fram að stuðla eigi að því að loftslagsverkefnum stjórnvalda um sjálfbært, kolefnislaust borgarsamfélag verði náð m.a. með **eflingu almenningssamgangna**. Í aðgerðaáætlun íslenskra stjórnvalda til að stuðla að samdrætti í losun gróðurhúsaloftegunda til 2030 er þáttur almenningssamgangna stór og settar fram aðgerðir um að fjölga hlutfalli fólks sem notar almenningssamgöngur. Í aðgerðakafla A.3 – efling almenningssamgangna kemur fram að aðgerðirnar fela

í sér að styrkja almenningssamgöngur m.a. með framlögum til uppbyggingar Borgarlínu. Í aðgerðaráætluninni er komið inn á breytingar á ferðavenjum og markmið er varðar fjárfestingar í hreinorkuvögnum. *"Mat á áhrifum breytinga á ferðahegðun vegna aukinna ívilnana vegna virkra ferðamáta sem og innviða vegna virkra ferðamáta, og ívilnana til að efla almenningssamgöngur, speglast í væntum samdrætti í fjölda ferða með einkabílnum (fólksbifreið). Gert er ráð fyrir að fjöldi ferða með einkabílnum vegna efldra almenningssamgangna og hjólreiða samanlagt minnki úr 76% í um 69% til 2030 og vagnar sem notaðir eru í almenningssamgöngum hjá Strætó verði orðnir hreinorkuvagnar á árinu 2030".* Aðgerðaáætlunin endurspeglar því vilja stjórnvalda til þess að efla almenningssamgöngur, ekki bara í fjárfestingu heldur líka í rekstri.

Þá ber að geta þess að 33% uppruna kolefnislosunar á Íslandi kemur frá vegasamgöngum og í því samhengi eru skilvirkar og öflugar almenningssamgöngur mjög mikilvægar.

Í núgildandi samgönguáætlunum endurspeglast vilji ríkisvaldsins í því að efla almenningssamgöngur. Þar kemur m.a. fram að stuðlað verði að því að ná loftslagsmarkmiðum stjórnvalda um sjálfbært, kolefnishlutlaust borgarsamfélag með eflingu almenningssamgangna, deilihagkerfi í samgöngum og bættum innviðum fyrir aðra vistvæna samgöngumáta auk þess að hvetja til breyttra ferðavenja. Í því efni verði greindar leiðir til þess að styrkja lagaumhverfi almenningssamgangna svo það styðji við eflingu þjónustunnar og þróun hennar. Þá verði greindar leiðir til að auka samkeppnishæfni almenningssamgangna gagnvart ferðum í bíl þ.m.t. upphæðir fargjalda á móti kostnaði við að reka bifreið. Hvað varðar fjárfestingar felur samgönguáætlun það í sér að stuðlað verði að því að farartæki sem veljast til notkunar í almenningssamgöngukerfinu séu eins vistvæn og kostur er ásamt því að kannaðir verði möguleikar á notkun vistvænna, innlendra orkugjafa.

SSH leggur því ríka áherslu á að fullnægjandi framlög frá ríkinu til eflingar almenningssamgangna séu tryggð og að þeirra sé skýrt getið í fjárlögum. Ekki síst úr frá því meginsjónarmiði að ríkið ber mikla ábyrgð á því að vel takist til í þeim verkefnum sem framundan eru m.a. úr frá markmiðum um sjálfbært og kolefnislaust borgarsamfélag.

Yfirfærsla vega frá ríki til sveitarfélaga

Samkvæmt ákvæði til bráðabirgða í vegalögum nr. 80/2007 var Vegagerðinni heimilt að semja við sveitarfélög um yfirfærslu vega frá Vegagerðinni til sveitarfélaga sem færðust úr flokki stofnvega við gildistöku laganna. Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu undirrituðu samninga við Vegagerðina í árslok 2021 en með fyrirvara m.a. um rekstur þeirra til framtíðar.

Í almennum athugasemdum við frumvarp til laga um breytingu á vegalögum nr. 14/2015, segir m.a., í 6. kafla um mat á áhrifum frumvarpsins: *„Varðandi heimild til samningagerðar fyrir Vegagerðina, vegna yfirfærslu vega til sveitarfélaga, er ekki gert ráð fyrir að í yfirfærslunni felist aukinn kostnaður fyrir sveitarfélögin. Sveitarfélögin hafa ekki tekið við þessum vegum, þrátt fyrir lagabreytinguna 2008, og hefur því kostnaður við veghald verið alfarið hjá Vegagerðinni. Gert er ráð fyrir að það fjármagn sem nú er á*

hendi Vegagerðarinnar vegna veghalds þessara vega færist yfir til sveitarfélaganna samhliða yfirfærslunni á grundvelli samninga."

Er því ljóst að vilji og ætlan löggjafans stóð ekki til þess að sveitarfélögin bæru aukinn kostnað af völdum yfirfærslu vega frá ríki til sveitarfélaga. SSH vilja árétta þetta sérstaklega og mikilvægi þess að tekið sé tillit til þessa í fjárlögum, þ.e. að tryggt sé að það fjármagn sem ríkið hefur hingað til úthlutað til Vegagerðarinnar vegna viðhalds og þjónustu umræddra vega verði til framtíðar greitt sveitarfélögunum.

Sóknaráætlanir landshluta.

SSH leggur áherslu á að framlag ríkisins til sóknaráætlunar landshlutanna verði ekki skert eins og boðað hefur verið. Framlagið hefur skipt höfuðborgarsvæðið miklu máli í áhersluverkefnum sóknaráætlunar höfuðborgarsvæðisins m.a. í undirbúningi stórra verkefna sbr. samræmda flokkun úrgangs, loftlagsáætlun og stofnun áfangastaðastofu til stuðnings við ferðamál svo fátt eitt sé nefnt.

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar SSH

Páll Björgvin Guðmundsson
Framkvæmdastjóri SSH

SAMTÖK SVEITARFÉLAGA Á VESTURLANDI

Skrifstofa Alþingis – nefndasvið
b.t. fjárlaganefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Borgarnesi 12.10 2023

Efni; Umsögn Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi (SSV) um frumvarp til fjárlaga 2023, 1 mál á 153 löggjafarþingi.

Inngangur
Í þessari umsögn SSV um fjárlög 2023 er farið yfir helstu þætti í frumvarpinu sem hafa áhrif á stöðu mála hjá sveitarfélögum og opinberum stofnunum á Vesturlandi.

Samgöngur
Frá árinu 2004 hafa Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi með reglubundnum hætti lagt kannanir fyrir íbúa um viðhorf þeirra til ýmissa búsetuþátta í landshlutanum. Þar má glöggt sjá að íbúarnir verða sífellt óánægðari með vegakerfið. Á sama tíma er ljóst að vegakerfið skiptir miklu máli varðandi byggðaþróun á svæðinu og í könnun meðal fyrirtækja á Vesturlandi sem KPMG vann árið 2019 kemur fram að vegakerfið muni hafa mest áhrif á hvernig atvinnulíf á Vesturlandi þróist næstu 20 árin. Þetta kemur heim og saman við það sem segir í fjármálaáætlun ríkisins 2023-2027 að „góðar samgöngur eru ein af forsendum þess að á Íslandi búi sjálfstæð nútímaþjóð. Samgöngur hafa mikil áhrif á þróun byggðar og atvinnumála."

Haustið 2021 samþykktu sveitarfélögin á Vesturlandi nýja samgöngu- og innviðaáætlun fyrir Vesturland. Sveitarfélögin hafa undanfarin ár talað einum rómi varðandi forgangsröðun verkefna og ný áætlun tryggir að svo verði áfram. Í nýrri samgönguáætlun Vesturlands sem og ályktun frá Haustþingi SSV 2022 er komið inn helstu framkvæmdir sem nauðsynlegt er að ráðast í á næstu árum. Flestar þessar framkvæmdir eru á samgönguáætlun ríkisins á árunum 2025-2034. Því hefur stjórn SSV þungar áhyggjur af því að lækkun fjárveitinga til nýframkvæmda við vegakerfið muni seinka enn frekar brýnum framkvæmdum á Vesturlandi sem hafa beðið alltof lengi. Þar má nefni framkvæmdir við Skógarstrandarveg, Uxahryggi og Laxárdalsheiði, vegir sem ennþá hafa ekki verið lagðir bundnu slitlagi. Því hvetur SSV til þess að skoðaðar verði nýjar fjármögnunarleiðir til þess að flýta megi framkvæmdum við vegi eins og þessa sem eru mikilvægar tengingar á milli héraða og landshluta og skipta íbúa, atvinnulíf og ekki hvað síst ferðaþjónustu miklu máli.

Það er afar brýnt að alþingi hækki fjárveitingar til nýframkvæmda og viðhalds á vegakerfinu og skoðaðar verði nýjar fjármögnunarleiðir til þess að flýta megi framkvæmdum við mikilvæga stofn- og tengivegi þar sem ennþá vantar bundið slitlag.

Orkumál og fjarskipti

Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi taka undir áherslur ríkisstjórnarinnar um kolefnishlutleysi og full orkuskipti fyrir árið 2040 og að dregið verði úr notkun jarðefnaeldsneytis með orkuskiptum. Því er mikilvægt að styðja við rannsóknir og uppbyggingu vetnis- og rafeldsneytisframleiðslu sem einn af næstu áföngum í innlendum orkuskiptum og í þessu samhengi má benda á mikilvægi verkefna sem verið er að vinna á Grundartanga um nýtingu glatvarma og framleiðslu rafeldsneytis.

Á Vesturlandi er mjög brýn þörf á því að auka afhendingaröryggi rafmagns, en víða eru löngu úreltar loftlínur sem leggja þarf í jörð og hraða þarf þrífösun á rafmagni eins og kostur er. Þá skiptir það íbúa á Vesturlandi miklu máli að jafna frekar dreifkostnað á rafmagni og auka niðurgreiðslur rafmagns á köldum svæðum. Mikilvægt er að ríkið verji fjármunum til þessara verkefna.

Háhraða nettengingar eru einn mikilvægasti hlekkurinn í viðskiptaháttum nútímans og hluti af grunngerð samfélagsins. Þær eru ein af meginforsendum ákvörðunar um búsetu og úrslitaatriði um þróun byggðar. Samkeppnishæfni svæða og íbúabyggða má því, ásamt annarri grunngerð, mæla út frá ástandi fjarskipta. Mikilvægt er að sami árangur náist í ljósleiðaravæðingu á minni þéttbýlisstöðum og við ljósleiðaravæðingu í dreifbýli sem hefur heppnast afar vel. Stjórnvöld þurfa að skapa þau skilyrði, að ljósleiðaravæðing á minni þéttbýlisstöðum gangi hraðar fyrir sig.

Málefni fatlaðra

Á Haustþingi SSV í ár kom glöggt fram að sveitarstjórnarfólk hefur þungar áhyggjur af fjárvöntun á rekstri þjónustu við fatlað fólk og stöðu sveitarfélaganna eftir að ábyrgð málaflokksins færðist á þau frá ríkinu fyrir rúmum áratug.

Lögbundið framlag til sveitarfélaganna og fjárframlög Jöfnunarsjóðs standa engan veginn undir rekstri málaflokksins og hefur svo verið um nokkurra ára skeið. Greining starfshóps ráðherra á kostnaðarþróun á þjónustu við fatlað fólk árin 2018-2020 leiðir í ljós að rekstrarniðurstaða sveitarfélaga landsins vegna málaflokksins var neikvæð um 8,9 milljarða króna og hafði þá þrefaldast á þremur árum frá 2018. Brýnt er að grípa til aðgerða og stöðva þennan hallarekstur.

Það er nauðsynlegt að alþingi tryggi sveitarfélögunum aukið fjármagn til að standa undir þjónustu við fatlað fólk og stöðva þar með langvarandi hallarekstur í málaflokknum

Heilbrigðisþjónusta

Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi árétta mikilvægi þess að tryggja fjárveitingar til heilbrigðisþjónustu og efla hana frekar. Rétt er að benda á þau tækifæri sem felast í því að byggja upp sérhæfða þjónustu á sjúkrahúsum utan höfuðborgarinnar, en góð reynsla af

bakdeild á sjúkrahúsinu í Stykkishólmi og nýstofnaðri deild fyrir liðskiptaaðgerðir á Akranesi sýna þetta.

Brýnt er efla frekar þjónustu heilsugæslustöðva, en þær gegna mjög mikilvægu hlutverki í öllum byggðarlögum. Þær þurfa að vera vel í stakk búnar til að mæta þörfum íbúa svæðisins á hverjum tíma, auk þess að sinna stórauknum fjölda ferðafólks og sumarhúsafólks sem sækir Vesturland heim og þarf á heilbrigðis- og slysaþjónustu að halda. Nauðsynlegt er að skapa heilsugæslustöðvunum þá umgjörð að hægt sé að tryggja stöðugleika og samfellu í viðveru lækna og annars menntaðs heilbrigðisstarfsfólks alla daga á heilsugæslustöðvum umdæmisins.

Hjúkrunar- og dvalarheimili
Á Vesturlandi eru rekin sjö hjúkrunar- og dvalarheimili; í Ólafsvík, Grundarfirði, Stykkishólmi, Búðardal, Borgarnesi og á Akranesi. Síðan er heimili á Fellsenda í Dalabyggð sem er sérstakt heimili fyrir eldra fólk sem glímir við heilabilun. Rekstur þessara heimila hefur gengið misjafnlega og hjá sumum þeirra hefur verið lagvarandi hallarekstur undanfarin ár. Þær breytingar sem gerðar voru á framlögum til hjúkrunarheimila, í kjölfar "Gylfaskýrslunar" svokölluðu, árið 2021 og áfram í fjárlögum 2022 voru mjög jákvæð skref í þá átt að framlög ríkisins standi undir rekstri hjúkrunarheimila. **Mikilvægt er að halda áfram á þessari braut og hækka framlög til reksturs hjúkrunar- og dvalarheimila og ekki síst húsnæðisframlagið**

Málefni innflytjenda
Innflytjendur eru ört vaxandi hópur á Vesturlandi og í dag eru þeir um 13% íbúa. Vífill Karlsson hagfræðingar hjá SSV vann nýverið rannsókn á stöðu þeirra á vinnumarkaði. https://ssv.is/wp-content/uploads/2022/08/Innflytjendur-vinnumarkadur-Covid-Skyrsla.pdf. Þar kom glöggt fram að nauðsynlegt er að efla færni þeirra í íslensku til þess að bæta stöðu þeirra á vinnumarkaði. Því er afar brýnt að hækka verulega framlög ríkisins til íslenskukennslu innflytjenda.

Löggæsla
Fjölgun íbúa á suðursvæði Vesturlands, dulin búseta vegna fjölda sumarhúsa og stóraukin fjöldi ferðamanna kallar á aukna löggæslu á starfssvæðinu. Aukin umferð kallar jafnframt á aukna löggæslu á vegum úti og fjárveitingar þurfa að taka mið af þessu. Mikilvægt er að hækka fjárveitingar til löggæslu á Vesturlandi svo mögulegt sé að halda úti viðunandi fjölda lögreglufólks á vakt á hverjum tíma, tryggja öryggi lögreglunnar, íbúa og gesta landshlutans.

Lögreglustjórinn á Vesturlandi hefur haft umsjón með úrvinnslu og afgreiðslu gagna úr löggæslumyndavélum á landinu. Myndavélum hefur fjölgað umtalsvert á liðnum árum og ljóst er að aukið fjármagn þarf að koma frá ríkisvaldinu svo embættið geti sinnt þessu hlutverki sínu og að viðunandi lausn sé fundin á því máli hið fyrsta.

Aðstaða lögreglunnar í Búðardal er afar bágborin. Í dag er einn lögreglubíll staðsettur í Búðardal sem sinnir verkefnum og eftirliti á svæðinu. Aðstaða fyrir starfsmann lögreglunnar á svæðinu er léleg og engin bílageymsla fyrir bifreiðina. Það er brýnt að bæta úr þessu með því að veita fjármagni til að bæta aðstöðu lögreglunnar í Dalabyggð.

Nýsköpun
Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi fagna því að samkvæmt fjárlögum á að verja auknu fjármagni til nýsköpunar. Vestlendingar hafa á undanförnum tveimur árum byggt upp öfluga umgjörð varðandi stuðning til nýsköpunar. Nýsköpunarsetur og samvinnurými hafa orðið til í flestum þéttbýlisstöðum og Gleipnir nýtt nýsköpunar- og þróunarsetur háskólanna á Vesturlandi, Bifrastar og LBHÍ, og fleiri aðila hóf störf á þessu ári. Þá hafa Vestlendingar nýverið stofnað Nýsköpunarnet Vesturlands NýVest. Mikilvægt er að stjórnvöld styðji sérstaklega við nýsköpun á landsbyggðinni með því að efla Lóuna nýsköpunarsjóð fyrir landsbyggðina.

Byggðamál
Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi eru samstíga öðrum landshlutasamtökum um mikilvægi þess að hækka framlög til sóknaráætlana landshlutanna sem og til atvinnuráðgjafar á landsbyggðinni.

Í fjárlögum er gert ráð fyrir að framlög til Sóknaráætlana landshluta lækki sem er óviðunandi, enda hafa sóknaráætlanir sannað sig sem öflugt verkfæri til byggðaþróunar. SSV telur að sóknaráætlanir landshlutanna hafa sjaldan verið mikilvægari en einmitt nú. Mikilvægt er að framlög til sóknaráætlana verði aukin líkt og gert var 2020 og 2021 en sú viðbót kom sér vel fyrir sveitarfélögin á Vesturlandi.

Byggðastofnun er með samninga við landshlutasamtökin um að þau sinni atvinnuráðgjöf og byggðaþróun í sínum landshlutum. Fjárframlög til stofnunarinnar vegna samningsins hafa ekki fylgt verðlags- og launaþróun undanfarin ár sem hefur haft í för með sér að landshlutasamtökin hafa þurft að skerða þjónustu sína í nærumhverfinu. Á sama tíma hefur eftirspurn eftir aðstoð ráðgjafa aukist til að sinna stuðningi við nýsköpun, ýmis konar handleiðslu og aðstoð við að sækja í sjóði. Eftirspurnin jókst t.a.m. eftir að NMÍ var lögð niður og með fjölgun sjóða sem í boði eru, svo sem Lóu og Matvælasjóð. Þörfin fyrir atvinnuráðgjöf er til staðar rétt eins og árið 2009 en framlögin hafa lækkað um 50% sé tekið tillit til breytingar á launavísitölu, m.ö.o. má segja að framlagið 2009 hafi dugað til að hafa 33 ráðgjafa í vinnu en 2022 einungis 17. Verkefnum sem snúa að byggðaþróun hefur fjölgað og þeim hafa fylgt nýjar áskoranir. Í gildandi byggðaáætlun eru landshlutasamtökin tilgreind sem framkvæmdaraðili eða samstarfsaðili í um 20 aðgerðum af 54. Til viðbótar við þau sem sérstaklega eru tilgreind hefur aðkoma landshlutasamtaka þróast í fjölmörgum öðrum. Eigi atvinnuráðgjöf og byggðaþróun að standa undir nafni er mikilvægt að hækka framlagið til Byggðastofnunar en ekki lækka eins og gert er ráð fyrir í fjárlögum 2023. Með hækkun má tryggja framgang byggðaáætlunar.

Virðingarfyllst
f.h. stjórnar Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi

Páll S. Brynjarsson
framkvæmdastjóri

Sent með tölvupósti

Bakkafjörður, 17. nóvember 2022

Alþingi
Fjárlaganefnd
b.t. Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir, formaður

EFNI: Beiðni um framlag að upphæð kr. 3-5 millj. til að koma á samstarfi um náttúrurannsóknir við Bakkaflóann

Þegar Bakkafjörður hóf göngu sína í verkefninu Brothættar byggðir árið 2019 var ljóst að byggðarlagið var í bráðum og alvarlegum vanda. Í ljósi viðkvæmrar stöðu skipaði samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra nefnd um eflingu byggðar við Bakkaflóa en í henni sátu fulltrúar fimm ráðuneyta. Lauk starfi þeirrar nefndar með því að hún skilaði af sér fimm tillögum sem samþykktar voru á fundi ríkisstjórnar 23. nóvember 2018.

Þar var m.a. lagt til að skoðað verði að koma á fót starfsstöð í náttúrurannsóknum á Bakkafirði sem hefði það hlutverk að rannsaka lífríki Bakkaflóa, þar með talið lífríki Finnafjarðar og nágrennis. Með hliðsjón af því hefur Náttúrustofa Norðausturlands tekið saman upplýsingar um náttúrufar og náttúrufarsrannsóknir við Bakkaflóa, ásamt tillögu að útfærslu starfsstöðvar í náttúrurannsóknum við Bakkaflóa.

Sjá frekari upplýsingar í meðfylgjandi minnisblaði.

Ýmislegt hefur áunnist síðan 2019 og góður árangur náðst miðað við krefjandi aðstæður. Það stingur þó óneitanlega í stúf að þetta tiltekna verkefni sé enn ekki hafið og væri það bagalegt ef ekki næst að koma því í góðan farveg áður en verkefnistími Betri Bakkafjarðar er útrunninn.

Verkefnisstjórn Betri Bakkafjarðar telur að ekki sé vanþörf á að þoka málinu betur áfram og óskar því eftir framlagi að upphæð kr. 3-5 millj. til að koma á samstarfi um náttúrurannsóknir við Bakkaflóann.

Fyrir hönd verkefnisstjórnar Betri Bakkafjarðar,
Gunnar Már Gunnarsson, verkefnisstjóri

Fjárlaganefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Norðurlandi eystra, 11. október 2022

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um fjárlög, 1. mál.

Samtök sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra, SSNE, þakkar fyrir tækifæri til að veita umsögn um fjárlagafrumvarp 2022, 1. mál.

Stjórn SSNE lýsir yfir miklum áhyggjum af stöðu heilbrigðisstofnanna í landshlutanum, en ljóst er að vegna gríðarlega erfiðrar rekstrarstöðu eftir covid-19 faraldurinn þá mun sú viðbót sem boðuð er í fjárlagafrumvarpi 2023 ekki duga til.

Stjórn SSNE telur það verulegt áhyggjuefni að ekki sé tillaga í þessum fjárlögum um að bæta gríðarlega erfiða rekstrarstöðu Sjúkrahússins á Akureyri (SAk) þó þessi aukning sem lögð er til í frumvarpinu muni vissulega vega aðeins upp á móti þeim umfram launakostnaði og viðbótum sem þegar voru umfram í fjárheimildum þessa ár. Þessi staða þýðir þó að það verða litlir möguleikar til þróunar þjónustu sjúkrahússins á næsta ári. Þetta þýðir einnig að áfram mun vera verulegur halli á rekstri SAk í árslok, miðað við eðlilegt viðhald sem þó hefur verið dregið verulega úr sem ekki er æskileg staða. Uppsafnaður rekstrarhalli frá þessu ári mun fylgja rekstrinum inn í næsta ár og fyrirséð að fjárheimildir munu ekki duga fyrir þeirri þjónustu sem SAk er að veita og talin er brýn þörf fyrir.

Þá er einnig áhyggjuefni að svo virðist sem Heilbrigðisstofnun Norðurlands (HSN) vanti rúmlega 200 milljónir króna í rekstur næsta árs miðað við áætlað framlag stofnunarinnar. Stofnun gegnir sérstaklega mikilvægu hlutverki á starfssvæðinu og er óboðlegt að skilja stofnunina eftir í slíkum rekstrarvanda.

Stjórn SSNE leggur einnig ríka áherslu á að tryggt verði aukið fjármagn til málefna fatlaðs fólks til að stöðva langvarandi halla á rekstri hans.

Stjórn SSNE lýsir yfir miklum áhyggjum yfir því að til standi enn og aftur að skerða framlög til embættis Lögreglustjórans á Norðurlandi eystra. Ef áfram heldur sem horfir er hætta á að lögreglan á Norðurlandi eystra hafi ekki þann styrk sem þarf ef koma upp alvarlegri mál og hætta á að ekki verði hægt að tryggja öryggi borgara. Ljóst er að verkefnum embættisins hefur jafnframt fjölgað mikið á síðasta ári og árum, en sem dæmi má nefna almennt aukið álag vegna fjölgunar íbúa og ferðafólks innan landshlutans, en jafnframt er mikil aukning á millilandaflugi um Akureyrarflugvöll sem þýðir umtalsvert aukning á álagi vegna landamæraeftirlits á flugvellinum.

Stjórn SSNE hvetur til þess að sett verði fjármagn til þess að efla vetrarþjónustu Vegagerðarinnar innan landshlutans. Sérstaklega er mikilvægt að tryggja vetrarþjónustu á þeirri verðmætu fjárfestingu sem Dettifossvegur er. Fyrirsjáanleiki í þjónustu skiptir sérstaklega miklu í því samhengi til að tryggja bæði aðgengi fyrir flutningsaðila sem í auknum mæli nýta veginn til að koma dýrmætum útflutningsvörum

til hafnar á Austfjörðum, auk þess að tryggja mikilvægt öryggi fyrir ferðamenn sem eru í síauknum mæli að ferðast um svæðið allt árið um kring.

Með vísan í ályktun aukaþings SSNE frá 23. september 2022 mótmælir stjórn SSNE harðlega fyrirhugaðri gjaldtöku í öllum jarðgögnum landsins, óháð staðsetningu og ástandi, til að standa undir kostnaði við auknar framkvæmdir í vegakerfinu. Stjórn SSNE hvetur stjórnvöld til að skoða aðrar og sanngjarnari leiðir til fjármögnunar á samgöngumannvirkjum. Með innheimtu veggjalda á þá sem fara um jarðgöng er verið að leggja gjald á notendur einnar tegundar samgöngumannvirkja þ.e. jarðgöng og láta notendur þeirra greiða fyrir samgöngubætur annars staðar á landinu. Nái þessar fyrirætlanir fram að ganga er gjaldtakan að leggjast afar þungt á nokkur byggðalög þar sem íbúar eiga verulega erfitt með að komast hjá því að nota þessi samgöngumannvirki. Þannig er þeim íbúum ætlað að greiða hærri hlutfallslegan kostnað fyrir eina tegund samgöngumannvirkja á meðan að ekki er verið að leggja gjald t.d. á brýr, mislæg gatnamót, tvöföldun vega, flugvelli, hafnir eða önnur kostnaðarsöm samgöngumannvirki.

Það er þekkt að öflugir framhaldsskólar og háskólar skipta miklu máli er varðar byggða- og atvinnuþróun. Það veldur því áhyggjum að í fjárlagafrumvarpi 2023 virðist vera falin lækkun til framhaldsskólanna sem allir virðast vera að fá töluverða hækkun á sértekjum en ekki er ljóst hvaðan þær tekjur eiga að koma. Ef verið er að gera ráð fyrir hækkun innritunargjalda er ljóst að sú hækkun væri umtalsverð og langt umfram allt sem eðlilegt hefur talist hingað til. Þá er mjög sérstakt að enn og aftur er verið að fækka ársnemendum á Akureyri (20 nemendur við VMA og 20 nemendur við MA) en sú fækkun er engan veginn í takti við raunveruleikann, en MA hefur til að mynda aðeins einu sinni áður í sögunni innritað fleiri nemendur en nú haustið 2022. Er þetta misræmi mikið áhyggjuefni.

Það er gleðilegt að sjá hækkun á framlögum til Háskólans á Akureyri á fjárlögum 2023, en hins vegar er mikið áhyggju efni sú boðað lækkun á framlögum árið 2024 og eftir það. Mikilvægt er að brugðist verði við því, en nemendum við Háskólann á Akureyri hefur aðeins verið að fjölga síðustu ár og mikilvægt að halda áfram að byggja upp þekkingarsamfélag skólans til að mynda með uppbyggingu tæknifræðikennslu við skólann og fleira.

Þá lýsir stjórn SSNE yfir áhyggjum af umtalsverðri lækkun á framlögum til Stofnunar Vilhjálms Stefánssonar. Er þessi lækkun hrópandi ósamræmi við Norðurslóðastefnu ríkisins en á rúmlega áratug hefur framlag til stofnunarinnar lækkað um helming að raunvirði. Þessi stofnun hefur verið til mikillar fyrirmyndar hvað varðar það að ná inn erlendum styrkjum og öðrum sértekjum sem ekki er sanngjarnt að refsa henni fyrir á þennan hátt. Sama má segja um stöðu Náttúrustofu Norðurlands eystra, en enn einu sinni er gert ráð fyrir umtalsverðri lækkun á framlögun til náttúrustofanna sem er áhyggjuefni, ekki síst í dag þegar rannsóknir á umhverfinu hafa sjaldan verið mikilvægari.

Þá vill stjórn SSNE hvetja til þess að gerðir verði langtímasamningar um áframhaldandi eflingu Þekkingarnets Þingeyinga og Símey en báðar stofnanir sinna mjög mikilvægum samfélagslegum verkefnum.

Stjórn SSNE hefur einnig áhyggjur af samdrætti á framlögum til mikilvægra stofnanna eins og Fiskistofu og Jafnréttisstofu og fleira mætti nefna. Þá er áhyggjuefni að framlög til Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða dragast töluvert saman á milli ára og gert ráð fyrir áframhaldandi lækkun árin 2024 og 2025. Framkvæmdasjóðurinn er mikilvægt verkfæri til uppbyggingar og viðhalds ferðamannastaða um allt land, auk þess að verja náttúruna fyrir ágangi ferðamanna sem skiptir miklu máli fyrir landið allt.

Eitt af megin verkefnum landshlutasamtaka er atvinnu- og byggðaþróun sem byggir á samningi við Byggðastofnun þar um. Eins og kemur fram í sameiginlegri umsögn landshlutasamtakanna þá hafa

fjárframlög til stofnunarinnar vegna samningsins ekki fylgt verðlag- og launaþróun undanfarin ár sem hefur haft þær afleiðingar að landshlutasamtökin hafa þurft að skerða þjónustu sína í nærumhverfinu. Á sama tíma hefur verið aukin ásókn í ráðgjöf og stuðning vegna nýsköpunar og frumkvöðlastarfs, auk þess sem mikið er leitað eftir handleiðslu og aðstoð við að sækja í sjóði. Eftirspurn jókst umtalsvert eftir að NMÍ var lögð niður, sem og með fjölgun sjóða sem í boði eru, svo sem Lóu og Matvælasjóð. Þörfin fyrir atvinnuráðgjöf er því sannarlega til staðar, en framlögin hafa hins vegar lækkað um 37% frá árinu 2011 sé tekið tillit til launavísitölu og halda því engan veginn við í þörfina.

Hlutverk landshlutasamtakanna þegar kemur að framkvæmd byggðaáætlunar er stórt og hefur farið mjög vaxandi á síðustu árum. Í aðgerðaáætlun þessarar nýju byggðaáætlun eru landshlutasamtök nefnd sem dæmi um samstarfsaðila í 21 aðgerð en áður voru þau tilgreind sem samstarfstarfsaðili í 16 verkefnum. Þá eru landshlutasamtökin nefnd sem framkvæmdaaðili í 9 aðgerðum en voru áður nefnd í 5 verkefnum. Að auki eru sveitarfélögin sjálf nefnd sem framkvæmdar- og samstarfsaðili í fjölmörgum aðgerðum. Það er því ljóst að ríkisvaldið gerir ráð fyrir auknu og mun stærra hlutverki landshlutasamtakanna en áður. Eigi atvinnuráðgjöf og byggðaþróun raunverulega að ná árangri þarf að hækka framlagið til Byggðastofnunar en ekki skera þau niður eins og gert er ráð fyrir í fjárlögum 2023.

Þá er gert ráð fyrir að framlög til Sóknaráætlana landshluta lækki umtalsvert í fjárlögum 2023 sem er mjög óheppilegt enda eru sóknaráætlanirnar hryggjastykkið í öflugri, byggða- og atvinnuþróun landshlutanna. Þetta gerir það að verkum að fjármagn til sóknaráætlana verður minna en það var árið 2017. Þessi þróun er sérstaklega óskiljanleg í því ljósi að í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarflokkanna árið 2021, kemur skýrt fram að efla eigi sóknaráætlanir landshlutanna. Sóknaráætlanir hafa verið öflugt tæki sem heimafólk hefur fengið að beita til að ná fram betri nýtingu fjármuna og færa ákvarðanatöku til þeirra sem þekkja best til aðstæðna. Sóknaráætlanir eru mikilvægur farvegur fyrir beinan stuðning til nýsköpunarverkefna, svæðisbundinna sprota og frumkvöðla í gegnum Uppbyggingarsjóð Norðurlands eystra.

Stjórn SSNE áskilur sér rétt til að veita umsögn um málið á seinni stigum og lýsir sig jafnframt tilbúna til samtals við fjárlaganefnd vegna málsins.

Virðingarfyllst,

f.h. SSNE

Albertína Fr. Elíasdóttir

Albertína Friðbjörg Elíasdóttir,
Framkvæmdastjóri

Norðurþing 30. nóvember 2022

Efni: Heimskautsgerðið á Raufarhöfn, verkefnið klárað með áhlaupi.

Heimskautsgerðið á Raufarhöfn hefur verið í byggingu í vel á annan áratug. Mikið verk er að baki en miklu verki er enn ólokið. Verkefnið hefur fengið styrki úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða, frá sveitarfélaginu Norðurþingi (Raufarhafnarhreppi) úr Uppbyggingarsjóði og einhverja minni styrki gegnum tíðina. Einnig einhverja fjármuni í gegnum fjárlög í byrjun verks. Hugmyndin að verkinu er einstök og kostnaðarsöm. Helst er hægt að líka því við Stonehenge í Wiltshire, Englandi, nema að saga og hugmyndin á bak við Heimskautsgerðið er þekkt, enda stórbrotið nútímaverk.

Heimskautsgerðið hefur mikið aðdráttarafl og skiptir sköpum fyrir staðinn Raufarhöfn. Aðrar byggðir kringum Melrakkasléttu og Langanes njóta góðs af. Fjöldi ferðamanna, sem kemur gagngert til að skoða verkið, eykst ár frá ári og stefnir í að um 26 þúsund gestir komi til Raufarhafnar á árinu 2022 í þeim tilgangi að njóta Heimskautsgerðisins og töfra þess. Þannig er staðan núna þrátt fyrir að verkefnið sé óklárað.

Áætla má að ríflega 200 milljónir króna vanti til að ljúka verkinu. Sjá nánar í *meðfylgjandi greinagerð um Heimskautsgerðið*. Miðað við stigagjöf til úthlutunar úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða er ólíklegt að verkið hljóti áheyrn þar. Þá eru góð ráð dýr og leita þarf annarra leiða til að ljúka framkvæmdum þannig að sómi sé að.

Hugmyndir áhugafólks um að ljúka framkvæmdum ganga út að að verkið fari inn á sérstök fjárlög/fjárframlög og sé skipt á þrjú ár, sbr. skiptingu í fjárhags- og framkvæmdaáætlun. Það sem mælir helst með því að gengið sé þannig til verks er m.a. eftirfarandi:

- Mjög dýrt er að koma tækjum á staðinn vegna fjarlægða. Því þarf að nýta tækifærið þegar slíkt færi gefst og framkvæma eins mikið og hægt er.
- Að ljúka verkinu skiptir sköpum fyrir baráttu fyrir líflegri byggð í landshlutanum, sérstaklega svæðið Húsavík-Vopnafjörður. Margir aðrir einstakir ferðamannastaðir í nágrenninu styðja við ferðamannastraum um svæðið. Heimskautsgerðið myndi tryggja umferð um Melrakkasléttu og Raufarhöfn, um landshluta sem er fáfarinn og á undir högg að sækja.
- Heimskautsgerðið hefur aðdráttarafl út fyrir landssteinana nú þegar, klárlega það fullklárað, eingöngu auka þann hróður verulega.
- Ef ekki tekst að ljúka verkinu er líklegt að það standi næstu áratugi hálfklárað og sú fjárfesting sem nú þegar hefur verið lögð í verkið nýtist þá ekki sem skyldi.

Með þessu bréfi viljum við vekja athygli ykkar á stöðu mála og mikilvægi þess að ljúka framkvæmdum við Heimskautsgerðið. Við sjáum ekki hvernig hægt verður að klára verkið nema til þess komi átak af hálfu ríkisins.

Því óskum við eftir aðkomu Ríkissjóðs til að klára verkið og þeim framkvæmdum komið inn á fjárlög áranna 2023-2026.

Virðingarfyllst,
Nanna Steina Höskuldsdóttir, verkefnastjóri atvinnu og samfélagsþróunar á Raufarhöfn
Katrín Sigurjónsdóttir, sveitarstjóri í Norðurþingi

Hvað er Heimskautsgerðið ?



Heimskautsgerðið á Raufarhöfn er sprottið upp úr vangaveltum Erlings Thoroddsen um hvernig hægt er að virkja endalausa víðáttu, þar sem ekkert skyggir á sjóndeildarhringinn, heimskautsbirtuna og miðnætursólina. Inn í þessum vangaveltum kom hugmyndin að nota dvergatal Völuspár og Snorra Eddu og dusta rykið af fornum sagnaheimi og færa til nútíðar. Utan um þennan hugarheim rís Heimskautsgerðið á Melrakkaási við Raufarhöfn. Haukur Halldórsson listamaður tók þátt í hugmyndavinnu með Erlingi, gerði skissur og líkan sem stuðst er við.

Heimskautsgerðið er um 50 metrar í þvermál, 6 metra há hlið vísa til höfuðáttanna.
Í miðju hringsins er 10 metra há súla á fjórum stöplum, sem áform eru uppi um að skarti kristaltoppi sem brýtur sólarljósið og varpar geislum sólar um allt Gerðið. Fjórir skúlptúrar eru inní Gerðinu hvert með sínu sniði. Pólstjörnubendir sem vísar á Pólstjörnuna. Hásæti sólar þar sem birtan í ákveðinni stöðu boðar sumarkomu. Geislakór er rými á milli hárra stöpla þar sem hægt verður að setjast niður, tæma hugann og endurnýja orku sína. Altari elds og vatns sem virkjar frumkraftana.



Inni Gerðinu verður árhringur dverga, steinar sem hver um sig tákna ákveðinn dverg. Þessir dvergar eru alls 72 talsins og er getið í íslenskum fornbókmenntum. Með þeim fjölda á hver dvergur sitt „vik“ í árinu, ef miðað er við 5 daga viku. Með því að tengja nöfn dverganna við árstíðir, eins og til dæmis nafnið Vetrarfaðir á fyrsta vetrardag þá ganga nöfnin upp eftir því hvar í árinu þeir lenda sem myndar 72 vikur. Árhringur dverga er þannig orðinn einskonar almanak, þar sem hver dvergur ræður 5 dögum. Til dæmis Várkaldur í viku vors, Bjartur í viku sumars þegar nætur eru bjartar og Dvalinn í haustviku þegar allt leggst í dvala fyrir veturinn. Enginn hefur getað útskýrt tilurð eða hlutverk dverganna í Völuspá nema þeirra Austra, Vestra, Norðra og Suðra, sem halda uppi himninum.
Í hugmyndafræði Heimskautsgerðisins hefur öllum dvergum verið gefið hlutverk og þeir verið persónugerðir. Þannig er hægt að tengja dvergana við afmælisdaga og mynda tengsl við þá.
Dvergarnir eru svo hluti af tímabilum goðanna sem eru gömlu mánuðirnir. Þegar á árið er litið sést að það eru 6 dvergar sem tilheyra hverjum (gamla) mánuði og hver mánuður tilheyrir ákveðnu goði.
Hliðin, Austri, Vestri, Norðri og Suðri, á milli stöplanna vísa mót höfuðáttunum, þannig að miðnætursólin sést frá suðurhliði gegnum miðsúlu og norðurhlið, á sama hátt og sólarupprás sést frá vesturhliði í gegn um miðsúlu og austurhlið.



Kostnaðaráætlun hvað þarf til að klára ?



2023		
4x skúlptúrar, verktakavinna (4x10m)	46.000.000	
Efni, búnaður, tækni ofl	5.750.000	
Undirbúningur, eftirlit og verkumsjón	9.600.000	
Annað ófyrirséð	6.135.000	
Samtals kostnaður 2023	**67.485.000**	
Sótt um til Framkvæmdasjóðs	**53.988.000**	**80,0%**
Norðurþing	12.997.000	19,3%
Heimskautsgerði, samstarfsaðilar ofl	500.000	0,7%
	67.485.000	
2024		
Grjótvinna í námu, undirbúningur, sögun/meitlu	30.000.000	
Flutningur og frágangur fyrri áfangi	30.000.000	
Flutningur og frágangur síðari áfangi	30.000.000	
Hönnun og módelgerð	7.000.000	
Undirbúningur, eftirlit og verkumsjón	9.600.000	
Merkingar, ýmislegt, ófyrirséð	11.300.000	
Samtals kostnaður 2024	**117.900.000**	
Sótt um til Framkvæmdasjóðs	**94.320.000**	**80,0%**
Norðurþing	20.580.000	17,5%
Heimskautsgerði, samstarfsaðilar ofl	3.000.000	2,5%
	117.900.000	
2025		
Frágangur innan og utan gerðis, yfirlag	7.000.000	
Lýsing	7.000.000	
Merkingar, ýmislegur lokafrágangur, ófyrirséð	2.500.000	
Verkumsjón	3.000.000	
Frágangur vinnuvegar/öryggisleiðar ofl	500.000	
Samtals kostnaður 2025	**20.000.000**	
Sótt um til Framkvæmdasjóðs	**16.000.000**	**80,0%**
Norðurþing ofl samstarfsaðilar	3.000.000	15,0%
Heimskautsgerði, samstarfsaðilar ofl	2.000.000	10,0%
	20.000.000	
Samtals 2023-2024-2025		
Sótt um til Framkvæmdasjóðs	**164.308.000**	**80,0%**
Norðurþing ofl	**36.577.000**	**17,8%**
Heimskautsgerði ofl	**5.500.000**	**2,7%**
	205.385.000	

Ósk um tímabundið fjárframlag

27. október, 2022

Virðulega nefndarmanneskja í fjárlaganefnd

Undirritaður vill fyrst og fremst þakka háttvirtri fjárlaganefnd fyrir afar gott samtal og samstarf síðustu árin. Það er ekki launungarmál að sá fjárstyrkur sem komið hefur frá nefndinni hafi gert það að verkum að Samtökin '78 geta sinnt hlutverki sínu, og jafnframt margfaldað umfang sitt þegar kemur að fjölbreyttri þjónustu – hinsegin fólki, og samfélaginu öllu til heilla. Sá fjárstyrkur sem fjárlaganefnd hefur látið okkur í té hefur ekki einungis runnið beint inn í stærstu þjónustuhluta Samtakanna, þ.e. ráðgjafaþjónustu, stuðningshópa, fræðslustarf og ungmennastarf, heldur veitt okkur tækifæri til að fjárfesta í framtíðinni.

Samtökin '78 tóku hluta fjármagns frá fjárlaganefnd og hófu vegferð að safna mánaðarlegum styrktaraðilum. Það er ekki frásögu færandi nema að nú er þessi fjárfesting að skila sér til baka því á árinu 2022 má gera ráð fyrir að rúmar 15 milljónir renna til Samtakanna í gegnum verkefnið, og á árinu 2023 er hægt að gera ráð fyrir yfir 20 milljónum. Því má með sanni segja að því fé sem fjárlaganefnd veitti Samtökunum hefur bæði farið í mikilvæga þjónustu og margfaldast.

Í raun má segja að Samtökin '78 standi á ákveðnum krossgötum. Á aðeins sex árum höfum við sjöfaldað umfang okkar, þjónustu og rekstur. Með betri samningum við hið opinbera, aukið sjálfsaflafé og góðvild nokkurra fyrirtækja höfum við rétt náð að halda í við verkefnin, sem verða fleiri með hverjum degi. Það er vert að taka fram að Samtökin '78 fá enga opinbera styrki, nema þann frá fjárlaganefnd, heldur er allt fé sem kemur frá opinberum aðilum til Samtakanna bundið í samningum. Vegna þessa þurftu Samtökin að bregðast hratt við og ná að safna lausafé til að vera í stakk búin fyrir fleiri og fjölbreyttari verkefni.

Það dapurlega er þó að þrátt fyrir að við höfum skipulagt okkur vel til að bregðast við ófyrirséðum aðstæðum, og þrátt fyrir að hafa fjölgað starfsfólki og verktökum, þá höfum við ekki verið undirbúin fyrir það bakslag sem á sér stað í hinsegin baráttunni um þessar mundir. Undirritaður telur að hann þurfi ekki að telja upp öll þau mýmörgu dæmi um bakslagið, en mörg þeirra hafa komið fram í fjölmiðlum – þó alls ekki öll.

Á Íslandi í dag eru trans börn hrædd, hinsegin fólk er óöruggara og á hverjum degi fáum við fréttir af ofbeldi í garð hinsegin fólks. Ofbeldið er í öllum formum. Það sem er alvarlegast við þetta bakslag er að ofbeldinu er í miklum mæli beint gegn börnum, og ekki aðeins börnum heldur börnum sem eru í afar viðkvæmri stöðu. Þetta þarf að stöðva.

Samtökin '78 vilja taka fjölda skrefa til að bregðast við þessu bakslagi og eru vel í stakk búin þegar kemur að sérfræðiþekkingu og því innsæi sem við höfum í hinsegin samfélagið. Það eina sem stendur út af er starfsfólk. Samtökin '78 verða að bregðast við bakslaginu, strax. Til þess þurfum við fjármagn til að ráða starfsmann í tímabundna stöðu í eitt ár. Samtökin hafa manneskju í huga sem er með sérfræðiþekkingu á þessu sviði. Við teljum að 15 milljóna tímabundið fjármagn frá fjárlaganefnd kæmi okkur langt í því að svara bakslaginu af krafti.



Daníel E. Arnarsson, framkvæmdastjóri

Umsögn um frumvarpi til laga um fjárlög 2023, 1. mál

Veruleg skerðing er í fjárlagafrumvarpi til starfsemi SÁÁ frá því sem er 2022

Það þýðir verulega minni meðferð við áfengis- og vímuefnafíkn

Meðferðir SÁÁ, innan og utan sjúkrahúss, eru gríðarlega mikilvægar og nú í hættu

- **270 færri innlagnir á Sjúkrahúsið Vogi**
- **Minnst 160 sjúklingar fá ekki lyfjameðferð í göngudeild við ópíóíðafíkn**
- **Sumarlokanir að nýju (sumarið 2022 voru í göngudeild 2800 komur í 14 mismunandi meðferðarúrræði auk 752 viðtala; og 193 einstaklingar fengu inniliggjandi sálfélagslega meðferð á Vík)**
-

Meðferðarsvið SÁÁ hefur áður sent inn erindi er varðar beiðni um leiðréttingu á rekstrargrunni samninga um heilbrigðisþjónustu sem meðferðarsvið SÁÁ sinnir. Rekstrargrunnurinn hefur verið um vanfjármagnaður um **300 mkr** og stefnir í að verða **350 mkr**. fyrir árið 2022. Með skerðingu á framlögum árið 2023 stefnir hallinn á rekstri meðferðarsviðs SÁÁ í að verða **450 mkr**. Að óbreyttu getur slíkur halli ekki annað en leitt til umfangsmikillar skerðingar á þjónustu.

SÁÁ hefur gripið til ýmissa aðgerða til að vernda núverandi þjónustu og mæta sívaxandi þjónustuþörf fólks með fíknsjúkdóm. Þar má nefna:

Inniliggjandi meðferð á Sjúkrahúsinu Vogi og á meðferðarstöðinni á Vík. Að afeitrun lokinni er mjög mikilvægt að til sé inniliggjandi meðferðarúrræði fyrir fólk í annars stigs heilbrigðisþjónustu til að ná jafnvægi og bata frá fíknsjúkdómnum. Þetta er ekki síður mikilvægt fyrir fólk sem kemur til meðferðar utan af landi og / eða fyrir fólk sem býr við slæmar félagslegar aðstæður sem þarf næði og öruggt húsaskjól í meðferð. Í núverandi samningum um meðferðarstöðina Vík er ekki greitt fyrir þá sólarhringsþjónustu sem er veitt og er nauðsynlegt, heldur samið um þjónustuna eins og um dagdeild sé að ræða. Sérstaklega var safnað fyrir því að geta haldið meðferðarstöðinni Vík opinni s.l sumar til að tryggja meðferðarsamfellu allt árið og bætist það við núverandi samningsbundna skekkju.

Lyfjameðferð við ópíóíðafíkn. Ópíóíðafíkn hefur aukist mjög síðustu ár og er stækkandi vandi meðal Íslendinga. Gagnreyndar meðferðir skila góðum árangri og er mikilvægt að tryggja að allir Íslendingar sem þurfa slíka meðferð fái hana. Núgildandi samningur um lyfjameðferð við ópíóíðafíkn er takmarkaður við 90 einstaklinga og því er nú nauðsynlegt að bregðast við meðferðarþörfinni sem telur um 250 einstaklinga. Einnig þyrfti að styrkja göngudeildarþjónustu við þennan hóp og eftirfylgni við hann. Mikilvægt er að þróa samstarf við heilsugæslu þegar dregur úr meðferðarþörf til að sinna vel langtímameðferð þessa hóps. Lyfjameðferðin er í dag veitt frá sjúkrahúsinu Vogi og hefur þannig samnýttt aðstöðu og starfsfólk. Vegna sívaxandi umfangs hennar er nauðsynlegt að þróa hana sem sérstakt göngudeildarúrræði með sérhæfðu starfsfólki.

Efling göngudeildarþjónustu SÁÁ sem fyrsti viðkomustaður í meðferð við fíknsjúkdómum. Með því að efla göngudeild SÁÁ má tryggja gott aðgengi að þjónustu um leið og kostnaði er haldið í skefjum. Nú er boðið upp á sambærilega meðferð og fram fer á Vogi á göngudeild fyrir þá sem það hentar, þannig má draga úr biðlista og kostnaði við innlögn. Göngudeild gegnir einnig mikilvægu hlutverki í eftirfylgni og getur stórleg bætt batalíkur og dregið úr endurinnlögnum. Þróa þarf úrræði sem miða að því að mæta betur þörfum einstaklinga eftir fyrsta mánuð í meðferð. Einnig er mikilvægt að hægt sé að sinna fjölbreyttari þjónustu í göngudeild sem stuðlar að betri geðheilsu og heildrænum bakslagsvörnum með fjölbreyttu teymi heilbrigðisstarfsmanna. Auk þess eru góð tengsl við aðra heilbrigðis- og félagsþjónustu er mikilvæg til að tryggja samfellu í þjónustu Tilvísanir í úrræði SÁÁ en einnig vísanir til og frá öðrum úrræðum/þjónustuaðilum í heilbrigðiskerfinu. Á s.l sumri var meðferðarsamfella tryggð með sérstakri fjáröflun til að tryggja heilsárs opnun göngudeildar, en núgildandi samningar duga ekki til þess.

F.h. SÁÁ

Anna Hildur Guðmundsdóttir
formaður

Fjárlaganefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík 9. desember 2022

Efni: *Breytingartillögur á fjárlagafrumvarpi 2023 vegna framlags til SÁÁ*

Samkvæmt breytingartillögum á fjárlagafrumvarpinu verða framlög til SÁÁ aukin um 120 milljónir til viðbótar við upprunalega tillögu í fjárlagafrumvarpi. SÁÁ vilja í fyrsta lagi koma á framfæri þökkum til fjárlaganefndar fyrir velvilja þann sem hún hefur sýnt starfsemi SÁÁ, það er afar verðmætt að finna velvilja og stuðning nefndarinnar.

Þrátt fyrir að það sé jákvætt að framlög til SÁÁ verða að hluta til lagfærð, þá vantar því miður ennþá mikið upp á framlög til SÁÁ. Eins og kom fram í innsendu erindi til fjárlaganefndar dugar þetta því miður ekki til að halda úti viðunandi heilbrigðisþjónustu hjá SÁÁ sem mun hafa áhrif á marga veika einstaklinga sem þurfa sárlega á henni að halda. SÁÁ þarf samt sem áður að skera niður um 200 milljónir króna á árinu 2023 sem jafngildir:

- Að minnsta kosti 270 færri innlögnum á Sjúkrahúsið Vog
- Að minnsta kosti 160 sjúklingar fái ekki meðferð við ópíóðafíkn
- Sumarlokun á Vík og göngudeild
- Sumarlokun á Sjúkrahúsinu Vogi í fyrsta sinn

Ef að niðurstöður fjárlaga verða óbreyttar frá því sem birtist í breyttu fjárlagafrumvarpi, þá gerum við okkur vonir um að næsta skref af hálfu yfirvalda verði að fara í gerð þjónustusamninga við SÁÁ til lengri framtíðar. Það er að okkar mati eina leiðin til að koma í veg fyrir að óvissa ríki árlega um þjónustuna og að það þurfi ekki að fara í björgunaraðgerðir á hverju ári.

Virðingarfyllst,

Anna Hildur Guðmundsdóttir
Formaður SÁÁ

7. október 2022
Tilv.: 2209103

Nefndasvið Alþingis
nefndasvid@althingi.is
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Efni: Fjárlagafrumvarp ársins 2023

Með tölvupósti dags. 19. september sl. óskaði fjárlaganefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um fjárlög 2023, 1. mál.

Með frumvarpi þessu eru lagðar til fjárheimildir fyrir útgjöld ríkissjóðs árið 2023 og tekjur ársins áætlaðar. Seðlabankinn horfir fyrst og fremst til aðhaldsstigs ríkisfjármála þar sem aðhaldsstigið hefur áhrif á heildareftirspurn í hagkerfinu og þar með á verðbólguhorfur. Í þessu tilliti horfir Seðlabankinn helst til þess hvernig frumjöfnuður ríkissjóðs breytist á milli ára að teknu tilliti til hagsveiflunnar. Seðlabanki Íslands tekur ekki beina afstöðu til einstakra tekju- eða útgjaldaliða þessa frumvarps enda þar um að ræða stefnumarkandi ákvörðun ríkisfjármála. Í frumvarpinu kemur fram að halli á frumjöfnuði ríkissjóðs í ár verði minni sem hlutfall af landsframleiðslu en áætlað var í Fjármálaáætlun 2023-2027 sem lögð var fram sl. vor og munar þar um 0,7 prósentum. Skýrist það að miklu leyti af þróun innlendra efnahagsumsvifa en kröftugur hagvöxtur og skilar ríkissjóði miklum tekjuauka ásamt því að létta á útgjaldaþrýstingi. Brottfall tímabundinna aðgerða vegna farsóttarinnar skýra umtalsverðan hluta afkomubata ársins í ár og svo verður að nokkur leyti áfram á næsta ári. Samkvæmt frumvarpinu dregur áfram úr frumhalla ríkissjóðs á næsta ári þrátt fyrir að áætlað sé að framleiðsluspenna minnki. Fyrir vikið felur frumvarpið í sér aukið aðhald ríkisfjármála. Í ljósi nýlegrar þróunar verðbólgu telur Seðlabankinn brýnt að ekki verði vikið frá því að aðhaldi í ríkisfjármálum verði beitt á næstu misserum. Með því geta ríkisfjármálin lagst á sveif með Seðlabankanum í baráttunni við verðbólgu og dregið úr þörf vaxtahækkunar.

Að öðru leyti gerir Seðlabanki Íslands ekki athugasemdir við frumvarp þetta.

Virðingarfyllst,

SEÐLABANKI ÍSLANDS

Ásgeir Jónsson

seðlabankastjóri

Rafræn skilríki

Undirritað af: Ásgeir Jónsson
Kennitala: 2106705999
Tími: 07.10.2022 15:52
Samþykkt

Undirritað með OneSign

Góðan daginn

Ég vísa í tölvupóst sem ég sendi fjárlaganefnd 14. júlí sl, þar sem ég gerði nokkuð ítarlega grein fyrir stöðu SIGURHÆÐA - þjónustu við þolendur kynbundins ofbeldis á Suðurlandi. Erindi mitt er að óska eftir fundi með fjárlaganefnd fyrir hönd SIGURHÆÐA og óska eftir fjárveitingu til SIGURHÆÐA fyrir árið 2023.

Nú liggur kostnaðaráætlun vegna ársins 2023 fyrir og er hún um 48 mkr. Ég hef sett fram líkan að fjármögnun SIGURHÆÐA þar sem gert er ráð fyrir að þriðjungur komi frá sveitarstjórnarstiginu á Suðurlandi, helmingur frá ríkinu (geta verið t.d. Alþingi og félagsmálaráðuneyti sameiginlega) og að Soroptimistaklúbbur Suðurlands, rekstraraðili SIGURHÆÐA, afli þess sem út af stendur með öðrum styrkjum og eigin framlagi. Þetta módel hefur gengið upp hvað sunnlenska sveitarstjórnarstigið snertir, en ekki hvað ríkið snertir. Í fyrra nam kostnaðaráætlun 34,5 mkr. og var því sótt um rúmar 17 mkr. til félagsmálaráðuneytis. Síðar nutum við þess að fjárveitinganefnd Alþingis veitti 6 mkr. til SIGURHÆÐA af fjárlögum 2022 sem við erum djúpt þakklátar fyrir, en ekkert framlag kom úr reglulegri úthlutun félagsmálaráðuneytis af safnlið. Nú hefur verið bætt um, því nýverið kynnti félagsmálaráðuneytið að okkur muni hlotnast fjárveiting upp á 5 mkr. núna fyrir áramót. Það framlag bjargar okkur alveg, því við sáum fram á ekki bara sjóðþurrð heldur skuldir núna um áramótin.

Nú hefur verið sótt um 50% kostnaðaráætlunar 2023 til félagsmálaráðuneytis, um 24 mkr., og enn sjáum við fyrir okkur að framlag að þessari upphæð geti skipst á milli fleiri aðila. Verði af fjárveitingu Alþingis til SIGURHÆÐA fyrir árið 2023 myndi því styrkumsóknin til félagsmálaráðuneytis lækka sem henni nemur.

Hækkun kostnaðaráætlunar milli ára stafar nær einvörðungu af fjölgun skjólstæðinga sem er stöðug frá mánuði til mánaðar. SIGURHÆÐIR hafa fest sig í sessi, bæði sem verkfæri samstarfsaðilanna 22 sem nýta úrræðið mjög vel og einnig meðal sunnlenskra kvenna sem æ oftar koma að eigin frumkvæði. Samstarfsaðilar eru öll sunnlensku sveitarfélögin, Heilbrigðisstofnun Suðurlands, lögregluembættin á Suðurlandi og í Vestmannaeyjum, sýslumannsembættin á Suðurlandi og i Vestmannaeyjum, Kvennaráðgjöfin og Mannréttindaskrifstofa Íslands.

SIGURHÆÐIR hafa mikla sérstöðu, sé miðað við önnur úrræði á þessu sviði á landinu. Hún felst einkum i fernu:
1. SIGURHÆÐIR eru fyrsta og eina úrræðið fyrir þolendur kynbundins ofbeldis á Suðurlandi og þar er tekist á við allar tegundir ofbeldis. Því er ekki í önnur úrræði á þessu sviði að vísa eins og gert er annars staðar.
2. Að baki SIGURHÆÐA er víðtækasta og virkasta net samstarfsaðila sem þekkist á þessu sviði á Íslandi. Þessir samstarfsaðilar eiga sæti í verkefnisstjórn. Óhætt er að fullyrða að SIGURHÆÐIR eru samfélagslegt tæki fyrir þessa samstarfsaðila, úrræði í þeirra verkfærakistu til að þeir geti betur uppfyllt eigin markmið á sviði þjónustu við þolendur kynbundins ofbeldis. Til marks um þetta má geta þess að 60% skjólstæðinga koma eftir tilvísun frá félagsþjónustum sveitarfélaganna og geðheilsuteymi Heilbrigðisstofnunar Suðurlands.
3. Þjónustustigið innan SIGURHÆÐA er það hæsta sem þekkist á landinu - einkum vegna tveggja þátta, en þeir eru annars vegar djúptæk hópameðferð í þremur meðferðarlotum og

hins vegar EMDR-áfallameðferð. Þetta þjónustuframboð helgast í fyrsta lagi af stöðu þekkingar í dag á tengslum áfallareynslu og kynbundins ofbeldis og í öðru lagi af hraðri þróun sérhæfðrar áfallameðferðar. Einnig skiptir hér miklu að ekki er hægt að vísa skjólstæðingum SIGURHÆÐA til annarra meðferðarúrræða í fjórðungnum og Soroptimistaklúbbur Suðurlands leggur höfuðáherslu á að þjónusta skjólstæðinga sem allra best í heimabyggð.
4. Mál skjólstæðinga eru almennt þyngri en hjá öðrum úrræðum, einmitt af þeim ástæðum sem greinir hér að ofan. Hlutfall öryrkja og skjólstæðinga á starfsendurhæfingarlífeyri er 40%, sem er tvöfalt til þrefalt hærra en hjá öðrum úrræðum. Birta/VIRK starfsendurhæfingarsjóður eru meðal tilvisunaraðila til SIGURHÆÐA. Nú þegar eru dæmi um að skjólstæðingar úr þessum hópi hafi farið aftur inn á vinnumarkaðinn.

Það er almennt mat allra sem að starfsemi SIGURHÆÐA koma, staðfest í óháðri úttekt Háskóla Íslands á SIGURHÆÐUM

Í einlægri von um að erindið fái jákvæðar undirtektir.
f.h. Soroptimistaklúbbs Suðurlands og SIGURHÆÐA
Hildur Jónsdóttir
verkefnisstjóri

Menningarhús í Sigurhæðum - umsókn um fjárveitingu frá Alþingi

Menningarhús - culture house Sigurhæðir var opnað formlega á Akureyri í júní 2022 og er ætlað bæði gestum víða að sem og heimafólki.

Húsið var upphaflega reist fyrir Guðrúnu Runólfsdóttur og Matthías Jochumsson skáld og hefur nú verið gert aðgengilegt almenningi. Starfsemin er ekki eiginlegt skáldahús, heldur menningarhús með fjölbreytta starfsemi. Hér er dreginn er fram lífsmáti, lífsleiðir, vinnuaðferðir og verk listafólks - í nútíð og fortíð.

Heildarstarfsemi staðarins er í nokkrum liðum:

1. Örsýningar í Sigurhæðum og á interneti, þar sem unnið er með menningararf Sigurhæða tengdum Guðrúnu og Matthíasi Jochumssyni ofl listafólki og menningarfrömuðum;

2. Eigin menningarviðburðir hússins með áherslu á listafólk sem vinna með textíl og texta;

3. Hýsing smærri utanaðkomandi viðburða s.s. stofutónleika, sýninga, upplestra;

4. Móttaka og miðlun á menningararfi staðarins - móttaka nemendahópa og annarra hópa;

5. Opnar Sigurhæðir fyrir almenning að njóta ró, næðis og fegurðar hússins og umhverfisins í gróðurvin í miðbæ Akureyrar, rölta um, forvitnast, fræðast...;

6. Vinnuaðstaða fyrir listamenn, hönnuði, hugsuði og aðila í hugmyndavinnu og verkefnaþróun á sviðum lista- og menningar;

7. Miðlun á verkum og vörum frá listafólki og skapandi aðilum.

8. Rannsóknarvinna, varðveisla, miðlun og samvinna við eistaklinga og stofnanir er varða menningararf Sigurhæða í frásögnum, heimildum, myndum og munum.

Mikilvægur hluti af starfinu og því sem miðlað er til almennings er í formi örsýningar tengdri arfleifð staðarins, frá þeim Guðrúnu og Matthíasi. Þær eru nú þegar í formi innsetninga á staðnum og er fyrirhugað að setja þær einnig upp á internetinu. Í innsetningum þessum gerum við hliðranir á þeirri mynd og ímynd sem staðurinn hefur og þar erum við með þessar grunn áherslur:

*drögum fram listamanninn Matthías, rithöfundinn og skáldið, hinn frjálslynda, umburðarlynda og leitandi mann og einn helsta listamann og menningarfrömuð Íslendinga,

*þar koma þá allar konurnar fram í sviðsljósið - dæturnar, húsfrúin, systirin, fósturdóttirin, ritarinn, kvenrithöfundarnir - kvenfrelsið;

*allt lífið í húsinu, börnin, samræðurnar, öll listsköpunin og menningarlífið, tíðarandinn um 1900;

*tengja húsið og staðinn Sigurhæðir meira við bæjarlífið og aftur inn í bæjarmyndina, skapa dýpri þekkingu á sérstöðu þessa svæðis;

*Guðrún, Matthías og fjölskylda sem samborgarar og góðborgarar á Akureyri, samkennd og aðkoma að mannlífinu, samfélags- og þjóðfélagsþróun;

*það að hafa rödd og áhrif í þjóðfélaginu og mótandi áhrif á samfélagið;

*alþjóðlegt lista- og menningarsamstarf.

Staðurinn er þó mun fjölbreyttari og í anda Guðrúnar og Matthíasar er - meðal örsýninganna - á aðalhæð og í garði hýstir viðburðir eins og stofutónleikar, leiklestrar, fundir, upplestrar, frásagnir, garðsöngur. Vinnustofur listamanna, hönnuða og hugmyndasmiða eru á efri hæð hússins. Þar starfa að staðaldri átta ólíkir aðilar.

Þórarinn Blöndal myndlistarmaður hefur komið að uppsetningu, gerð sýningagripa og hönnun fjölda menningarstaða og sýninga, til að mynda fyrir Borgarsögusafn í Aðalstræti 10, sýninguna "Fiskur og fólk" í Sjóminjasafninu og í Jónshúsi í Kaupmannahöfn. Hann hefur umsjón með gerð og þróun örsýninganna í Sigurhæðum, kemur að miðlun efnis á netinu og að hugmyndaþróun og heildarhönnun staðarins. Listrænn ráðgjafi er Hlynur Hallsson myndlistarmaður og safnstjóri. Kristín María Hreinsdóttir safnfræðingur hefur verið í fullu starfi hjá okkur á árinu 2022. Að þróun staðarins, rannsóknum og framsetningu menningararfsins kemur auk þess fjöldi annarra, svo sem starfsfólk Minjasafnsins á Akureyri, Listasafnsins og Amtsbókasafnsins. Leitað er til Þjóðminjasafn og Þjóðarbókhlöðu, hönnuða og listafólks. Sölvi Halldórsson, ungur nýútskrifaður íslenskufræðingur og rithöfundur var í hlutastarfi á staðnum sumarið 2022, ásamt menntskólastúlkunni Þorbjörgu Þoroddsdóttur. Eins er þjóðfræðingurinn Heiða Björk Vilhjálmsdóttir fengin til verktakastarfa vegna leiðsagna skólahópa og annarra hópa, þar sem fólk getur komist í snertingu við og fundið tengingar, lærdóm og innblástur í arfleifð staðarins þeirri, sem þar birtist - og hitt listafólkið okkar.

Ábyrgðaraðili og staðarhaldari Menningarhúss í Sigurhæðum er Kristín Þóra Kjartansdóttir. Hún er með M.A. próf í sagnfræði, hefur verið verkefnisstjóri og staðarhaldari á menningarsviði, fyrst í AkureyrarAkademíu 2005-2011, svo í Flóru - verslun, viðburðir, vinnustofur 2011-2021, en frá 2021 í Menningarhúsi í Sigurhæðum. Hún vann við kennslu og rannsóknir við Leibniz

Universität Hannover og International Womens University í Þýskalandi, en einnig sem verkefnisstjóri hjá Félagsmálaráðuneyti og hjá Akureyrarbæ. Kristín hefur öðlast fjölþætta reynslu af verkefnastjórnun og framkvæmd menningartengdra verkefna, auk þess sem hún býr að góðu tengslaneti í fræða, lista- og menningargeiranum.

Sjö manna fagráð ólíkra aðila veitir starfsemi Menningarhúss í Sigurhæðum innblástur og aðhald. Starfsemin er fjármögnuð með tekjum og fjárframlögum.

Hér með er sótt um fjármagn frá Alþingi til starfsemi Menningarhúss í Sigurhæðum á árinu 2023, að upphæð kr 7.800.000.

Akureyri 17. október 2022

f.h. Flóru menningarhúss, Kristín Þóra Kjartansdóttir
flora.akureyri@gmail.com

Minnisblað

Til: **Fjárlaganefndar Alþingis**
Frá: Sjúkrahúsið á Akureyri
Dags.: 7. október 2022
Efni: Fjárlög ársins 2023 og rekstrarstaða Sjúkrahússins á Akureyri

Eins og fram hefur komið í viðræðum og minnisblöðum er fjárhagsstaða SAk slæm sem hefur áhrif á rekstur og möguleika til þróunar starfsemi en mikill metnaður er hjá starfsfólki við að efla og þróa þjónustuna. Mikið álag hefur verið á starfsfólki og greinileg hættumerki hjá öllum faghópum sem bregðast þarf við (langþreyta, veikindi og mannekla). SAk, sem varasjúkrahús LSH, er með mikilvægt hlutverk og þörf á að styðja og styrkja getu sjúkrahússins til að bregðast við álagi og aukinni þjónustuþörf. Hér fyrir neðan eru helstu atriði sem brýnt er að vinna með áfram til að styrkja rekstrargrunn SAk, viðhalda þjónustu og bæta starfsumhverfi.

1. Þjónusta á SAk

a) Þrátt fyrir rekstrarerfiðleika hefur engri þjónustu verið hætt á árinu vegna þess að talin er þörf á allri þeirri þjónustu sem í boði er. Skerðing var þó á starfsemi Kristnesspítala og tímabundin lokun á dag- og göngudeild geðdeildar. Greina þarf áhrifin á legudeildir því lokanir á þjónustu auka álag á öðrum starfseiningum þar sem þörfin fyrir þjónustuna hverfur ekki. Til viðbótar kom til mikilla skerðinga á valaðgerðum vegna Covid-19 og manneklu sem leiddi af sér tekjufall.

b) Göngudeildarþjónusta hefur aukist um tæp 30% á sl. fimm árum. Þetta hefur þrengt verulega húsnæði deildarinnar og kallað á fjölgun starfsfólks. Áfram er gert ráð fyrir frekari aukningu göngudeildarþjónustu í takt við nútíma þarfir. Huga þarf að úrbótum m.t.t. starfsmanna og brýn þörf er á stærra og hentugra húsnæði til að mæta þörfum sjúklinga.

c) Stefna SAk er að sinna sjúklingum í heimabyggð eins og kostur er í stað þess að senda suður með tilheyrandi kostnaði fyrir bæði samfélagið og einstaklingana.

d) Sérhæfðum bakaðgerðum á sjúklingum sem ella hefðu verið sendir erlendis fer fjölgandi. Hluti er fjármagnaður með sérstökum samningi við SÍ en hluti er kostnaðarauki SAk.

e) Veikari sjúklingar og aukin hjúkrunarþyngd krefst aukins mannafla og er manneklan okkar stærsta áskorun. Með öldrun þjóðarinnar á þessi hópur eftir að stækka enn frekar.

2. Vanfjármögnun SAk í fjárlagafrumvarpi fyrir 2023

a) Stjórnendur SAk fagna því að ekki sé aðhaldskrafa og nú sé gert ráð fyrir útgjaldasvigrúmi til að mæta raunvexti en betur má ef duga skal eins og bent hefur verið á í fjölmörgum minnisblöðum og mikilvægt að styrkja rekstrargrunninn enn frekar. Stjórnendur SAk hafa bent á að um 500 mkr. vanti inn í rekstrargrunninn (fyrir utan viðhald) til þess að geta haldið áfram að veita sömu þjónustu.

b) Helstu ástæður rekstrarvandans eru þessar:

- ✓ Aukning í veikindum sem veldur því að stöðugildum vegna veikinda lengur en viku fjölgaði um 9,9 frá 2015 - kostnaður **151 mkr**. á verðlagi ársins 2022.

Heimilisfang / address
Eyrarlandsvegi,
IS 600 Akureyri
Ísland / Iceland

Sími / Telephone 463 0100 / +354 463 0100
Póstfax / Telefax 462 4621 / +354 462 4621
www.sak.is
sak@sak.is
Kennitala // ID: 580269-2229

Viðskiptabanki / Bank
Íslandsbanki Akureyri
Reikningur / Account number 0566 26 3100
IBAN IS660566 2600 3100 5802 6922 29
SWIFT (BIC) GLITISRE

- ✓ Aukning í stöðugildum læknanema, sérnámsgrunnslækna og sérnámslækna hefur fjölgað um 10,1 frá 2015 og er það tilkomið vegna breytinga á fyrirkomulagi sérnámslækna - kostnaður **219 mkr**. á verðlagi ársins 2022.
- ✓ Lyfjakostnaður, annar en leyfisskyld lyf, hefur aukist (verðhækkanir, aukin starfsemi) umfram hækkanir rekstrarframlaga frá árinu 2018 og stefnir í um **30 mkr**. á árinu 2022.
- ✓ Kostnaður SAk við flugvélaleigu (sjúkraflug) hefur vaxið umtalsvert samhliða auknum fjölda sjúkrafluga allt frá árinu 2016 þegar hann var 13,2 mkr. Árið 2021 var kostnaðurinn 41,7 mkr og stefnir í að verða **45 mkr**. umfram fjárveitingar 2022.
- ✓ Kostnaður vegna M365 leyfisgjalda hefur aukist gífurlega frá árinu 2017. Leyfiskostnaður var 34 mkr. umfram fjárveitingar árið 2021 og stefnir í **67 mkr.** umfram fjárveitingar árið 2022.
- ✓ Í fjárveitingum ársins 2022 var gerð **47 mkr** aðhaldskrafa á stofnunina.

c) Núverandi fyrirkomulag læknisfræðilegrar þjónustu við sjúkraflug er 20 ára gamalt. Umfangið hefur margfaldast og er svo komið að þetta er orðin ein erilsamasta vaktalínan sem sinnt er af læknum við sjúkrahúsið. Hvíldartímaákvæði og vinnuaðstæður kalla á aukningu í stöðugildum. Þá er nauðsynlegt að gerður verði samningur við sjúkrahúsið um læknisfræðilega þjónustu við sjúkraflug og tæki og búnað sem þarf í þá þjónustu.

d) Athugasemdir eru gerðar við það að kostnaður vegna ferðakostnaðar sé dregin til baka þar sem ferðakostnaður er mjög íþyngjandi og fer hækkandi. Stjórnendur og starfsmenn þurfa að sækja fundi og námskeið í Reykjavík auk þess sem umtalsverður fjöldi sérfræðinga búa á höfuðborgarsvæðinu og koma með flugi til vinnu á SAk.

3. Starfsemi árið 2023

a) Rekstarvandi SAk er eins og áður segir um 500 mkr. á ársgrundvelli og þá höfum við hagrætt og haldið að okkur höndum með viðhald um 130 mkr. Undanfarin ár hefur verið dregið úr og frestað meiriháttar viðhaldi til að vinna upp á móti hallarekstri. Það er mjög óskynsamlegt að halda því áfram á næsta fjárlagaári vegna þeirrar gríðarlegu viðhaldsskuldar sem SAk er komið í.

b) Eftir hagræðingu tengt betri vinnutíma dagvinnufólks er sífellt erfiðara að hagræða frekar en áfram verður unnið að því að greina starfsemi, sameina og eða leggja niður stöður þar sem það er hægt og viðhafa ábyrga stjórnsýslu.

c) Ekki verður skorið niður í klínískri þjónustu nema ákvörðun verði tekin með að hætta með einhverja þjónustueiningu. Hvaða þjónustueining yrði lögð niður eða flutt til telja stjórnendur SAk vera stefnumarkandi ákvörðun stjórnvalda.

Virðingarfyllst,
Hildigunnur Svavarsdóttir,
forstjóri

Minnisblað vegna fundar með Fjárlaganefnd Alþingis

Dags.: 2. nóvember 2022
Efni: Þættir sem þarfnast skoðunar vegna rekstrarvanda sjúkrahússins

Eins og fram hefur komið í viðræðum og minnisblöðum er fjárhagsstaða SAk slæm sem hefur áhrif á rekstur og möguleika til þróunar starfsemi. Mikið álag hefur verið á starfsfólki og greinileg hættumerki hjá öllum faghópum sem bregðast þarf við (langþreyta, veikindi og mannekla). SAk, sem varasjúkrahús LSH, er með mikilvægt hlutverk og mikilvægt að styrkja getu sjúkrahússins til að bregðast við álagi og aukinni þjónustuþörf.
Þörf er á fjármagni til leiðréttingar rekstrargrunns að upphæð **560 mkr.** sem skýrist með því að útkomuspá 2022 gerir ráð fyrir neikvæðum frávikum frá fjárheimildum að upphæð 457 mkr. (þegar búið er að bæta Covid-19 kostnað) og auka þarf viðhaldsframkvæmdir um liðlega 100 mkr. en sökum rekstrarvandans hefur stofnunin dregið úr viðhaldi um rösklega 100 mkr. undanfarin ár. Til samanburðar var rekstrarvandi SAk árið 2021 um 500 mkr. Helstu ástæður rekstrarvandans eru eftirfarandi:

- ✓ Aukning í veikindum sem veldur því að stöðugildum vegna veikinda lengur en viku fjölgaði um 9,9 frá 2015 - kostnaður **151 mkr**. á verðlagi ársins 2022.
- ✓ Aukning í stöðugildum læknanema, sérnámsgrunnslækna og sérnámslækna en þeim hefur fjölgað um 10,1 frá 2015 og er það tilkomið vegna breytinga á fyrirkomulagi sérnámslækna - kostnaður **219 mkr**. á verðlagi ársins 2022.
- ✓ Lyfjakostnaður, annar en leyfisskyld lyf, hefur aukist (verðhækkanir, aukin starfsemi) umfram hækkanir rekstrarframlaga frá árinu 2018 og stefnir í um **30 mkr**. á árinu 2022.
- ✓ Kostnaður SAk við flugvélaleigu (sjúkraflug) hefur vaxið umtalsvert samhliða auknum fjölda sjúkrafluga allt frá árinu 2016 þegar hann var 13,2 mkr. Árið 2021 var kostnaðurinn 41,7 mkr og stefnir í að verða **45 mkr**. umfram fjárveitingar 2022.
- ✓ Kostnaður vegna M365 leyfisgjalda hefur aukist gífurlega frá árinu 2017. Leyfiskostnaður var 34 mkr. umfram fjárveitingar árið 2021 og stefnir í **67 mkr.** umfram fjárveitingar árið 2022.
- ✓ Í fjárveitingum ársins 2022 var gerð **47 mkr** aðhaldskrafa á stofnunina.

Mikilvægt er að koma á jafnvægi í rekstrargrunninum til að viðhalda þjónustu og bæta starfsumhverfi en brýnt er að leiðrétta uppsafnaðan rekstrarhalla sem stefnir í að vera 714 mkr. í árslok 2022 m.t.t. 200 mkr. fjárveitingar upp í hallann 2022. Þjónustuþörfin vex áfram og mikilvægt að horfa til eftirfarandi þátta varðandi raunaukningu tengt þróun þjónustu næstu misserin:

- ✓ **Þróun þjónustu / almenn aukning á starfsemi** hefur verið í starfsemi bráðalegudeilda og stoðdeilda undanfarin ár m.a. vegna öldrun þjóðarinnar, aukinna meðferðarmöguleika og fleiri ferðamanna sem kallar á aukin aðföng, aukin stöðugildi og bætt húsnæði. Fjöldi ferðamanna sem þarfnast þjónustu eða innlagnar hefur nánast tvöfaldast frá því árið 2021.

Heimilisfang / address
Eyrarlandsvegi
IS 600 Akureyr
Ísland / Iceland

Sími / Telephone 463 0100 / -354 463 0100
Póstfax / Telefax 462 4621 / -354 462 4621
www.sak.is
sak@sak.is
Kennitala // ID 580269-2229

Viðskiptabanki / Bank
Íslandsbanki Akureyri
Reikningur / Account number 0566 26 3100
IBAN IS660566 2600 3100 5802 6922 29
SWIFT (BIC) GLITISRE

Bregðast þarf við með auknum mannafla til að koma í veg fyrir aukavaktir (yfirvinnu) og álag sem leitt getur til veikinda og þar með aukins kostnaðar. Þróun stöðugilda hefur verið vaxandi undanfarið án þess að gert sé ráð fyrir því í fjárheimildum.

- ✓ **Þjónusta göngudeilda** hefur vaxið um 30% á sl. fimm árum og þjónar nú æ fleiri sjúklingahópum skv. vaxandi þörf í samfélaginu. Þjónusta við krabbameinsveika hefur hvað mest vaxið tengt auknum meðferðarmöguleikum. Brýn þörf er á að styrkja mönnun í dag- og göngudeildarþjónustu en með eflingu þjónustunnar má stytta biðtíma og draga úr innlögnum. Að öðrum kosti flyst hluti af þessari þjónustu annað með tilheyrandi óþægindum og kostnaði fyrir sjúklinga og samfélag.
- ✓ Bæta verður þjónustu við veika aldraða einstaklinga enda fer sá hópur ört stækkandi. Þörf er á **bráðaöldrunardeild** með a.m.k. 10 rýmum. Á sama tíma þarf að tryggja a.m.k. **4 líknarrými** innan SAk svo hægt verði að uppfylla aðgerðaáætlun stjórnvalda um líknarþjónustu á landsvísu.
- ✓ Til þess að viðhalda áætlunum um fjölda gerviliðaaðgerða og vaxandi þarfa í samfélaginu fyrir meiri fjölbreytni í skurðþjónustu þarf að **efla skurðstofuþjónustu**, bæta húsnæði og styrkja mönnun. Opna þarf fjórðu skurðstofuna og koma upp dagdeild skurðstofu til að auka skilvirkni.
- ✓ Ekki hefur enn verið gerður samningur við SAk varðandi læknisfræðilega þjónustu sjúkraflugs. Tryggja þarf mönnun og **styrkingu vaktlínu í sjúkraflugi**, ábyrgð á kaupum búnaðar og aðstöðu starfsmanna.
- ✓ Áframhaldandi þátttaka í **sérnámi fagstétta** en SAk er gert að taka þátt í sérnámi annarra fagstétta s.s. geðhjúkrunarfræðinga (2 x 80% stöður til tveggja ára án fjárframlags).

Viðurkenna þarf aukinn ferðakostnað stofnana fyrir utan höfuðborgarsvæðið en þar er mismunun á getu stofnana til þátttöku í sí- og endurmenntun auk þess sem greiða þarf miklar upphæðir fyrir flugferðir sérfræðinga sem sem búa utan Akureyrar en sinna þjónustu á SAk. Ríkið ætti að semja um bætt kjör stofnana utan höfuðborgarsvæðisins og/eða taka tillit til þessa í fjárlagafrumvarpi.

Leitað hefur verið allra leiða til að skera niður / hagræða með sérhæfðum aðgerðum en eftir hagræðingu tengt betri vinnutíma dagvinnufólks er sífellt erfiðara að hagræða frekar. Mikilvægt er að fá leiðréttan rekstrargrunninn, uppsafnaðan rekstrarhalla og í framhaldi af því tryggja eðlilega raunaukningu til að mæta klínískri þjónustuþörf. Fáist rekstrargrunnur ekki leiðréttur og krafa verður gerð um að greiða upp rekstrarhalla sem og að vera innan fjárheimilda 2023 þá sjá stjórnendur ekki annað í stöðunni en að hætta með heilar klínískar þjónustueiningar og það yrði þá að vera stefnumarkandi ákvörðun stjórnvalda hvaða þjónusta það yrði.

Virðingarfyllst,

Hildigunnur Sv.

Hildigunnur Svavarsdóttir,
forstjóri SAk

Heimilisfang / address
Eyrarlandsvegi
IS 600 Akureyri
Ísland / Iceland

Sími / Telephone 463 0100 / +354 463 0100
Postfax / Telefax 462 4621 / +354 462 4621
www.sak.is
sak@sak.is
Kennitala // ID 580269-2229

Viðskiptabanki / Bank
Íslandsbanki Akureyri
Reikningur / Account number 0566 26 3100
IBAN IS660566 2600 3100 5802 6922 29
SWIFT (BIC) GLITISRE

12. október 2022

Umsögn Sjúkraliðafélags Íslands um fjárlagafrumvarp 2023

1. Í fjárlagafrumvarpinu eru **framlög til heilbrigðismála** einungis hækkuð um 1,2% milli ára, án launa- og verðlagsbreytinga (sjá bls. 127). Í þessu ljósi ber að hafa í huga að landsmönnum fjölgar að jafnaði um 2% á milli ára (eldri borgurum fjölgar um 3%) og er því um að ræða **raunlækkun á hvern landsmann um 0,8%.**
    - Slík raunlækkun er í litlu samræmi við fyrirheit stjórnvalda um aukið fjármagn í heilbrigðisþjónustu fyrir alla.
    - Fjárlaganefnd Alþingis er því hvött til að bæta fjármagni til heilbrigðismála, ekki síst þegar kemur að Landspítalanum, heilbrigðisstofnunum út á landi, heilsugæslu og heimahjúkrun.
    - Nýjasta fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar sýnir að skuldastaða ríkisins er betri en búist var við og afkoman sömuleiðis. Því verður að telja að svigrúm sé fyrir hendi að bæta í heilbrigðismálin.
    - Óbreytt staða í heilbrigðiskerfinu mun kosta hið opinbera meira á morgun heldur aðgerðir dagsins í dag kosta.
    - Sjúkraliðafélag Íslands minnir fjárlaganefnd á, að nefndin hefur fullan stuðning þjóðarinnar þegar kemur að bæta fjármagni í heilbrigðiskerfið.

2. Ítrekað berast fréttir af **"neyðarástandi" meðal annars á bráðamóttöku Landspítalans** en fjárlaganefnd hlýtur að vilja bregðast við því í meðförum sínum á fjárlagafrumvarpinu.
    - Hins vegar er **sjúkrahúsþjónusta í landinu að fá raunlækkun** á krónutölu á milli ára. Lækkunin nemur 741 mkr (sjá lykiltöflu fjárlagafrumvarpsins á bls. 129). Það hlýtur að koma þingmönnum á óvart miðað við umræðuna að undanförnu.
    - Sjúkraliðafélag Íslands hvetur þingmenn fjárlaganefndar til að snúa þessari þróun við. Fjárveitingarvaldið liggur hjá þingmönnum.

3. Stjórnvöldum er tíðrætt um að **mönnunarvanda** í heilbrigðiskerfinu og er hægt að taka undir þær áhyggjur. Sjúkraliðafélag Íslands minnir þó á í því sambandi að allt að helmingur útskrifaðra sjúkraliða kýs ekki að vinna við fagið. Skýringa á því má m.a. rekja til þeirra kjara sem stéttinni er búið að, ásamt vinnuálagi og vinnuaðstæðum. Mönnunarvandinn er því jafnframt fjármagnsvandi. Hið menntaða starfsfólk er því til en það stendur á stjórnvöldum að standa við sitt.
    - Í fjárlagafrumvarpinu er eitt af markmiðum stjórnvalda sagt vera að greina mannaflaþörf fyrir fjölmennustu heilbrigðisstéttirnar. Þá stendur einnig í frumvarpinu að vinna skuli áfram með tillögur fjögurra vinnuhópa frá árinu 2020, m.a. í samstarfi með Landsráði um mönnun og menntun í heilbrigðisþjónustu.
    - Sjúkraliðafélagið minnir því fjárlaganefndina á að tryggja eftirfylgni þessara mikilvægu markmiða.

4. **Hjúkrunar- og endurhæfingarþjónusta** fá einungis 1,7% raunhækkun á milli ára og dugar það skammt miðað við 3% fjölgun eldri borgara sem stjórnvöld sjálf gera ráð fyrir í fjármálaáætlun sinni. Þessi vandi **hjúkrunarheimilanna** er því sérstakt áhyggjuefni sem ætti ekki að koma neinum þingmanni á óvart.
    - Í fjáraukalögum 2021 viðurkenndi þáverandi Alþingi að rekstrargrunnur hjúkrunarheimila vantaði um einn milljarð kr. Alþingismenn hljóta að komast að sömu niðurstöðu núna.

5. Í fjárlagafrumvarpinu segir að vinna skuli áfram að eflingu fjölþættra úrræða fyrir **sjúklinga utan sérgreinasjúkrahúsa**. Þá segir í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar að það eigi að "auðvelda eldra fólki að búa sem lengst heima með viðeigandi stuðningi og þjónustu" og að "**heilsugæslan** verði styrkt enn frekar sem fyrsti viðkomustaður notenda og byggð upp þverfagleg teymisvinna þar sem unnið er að stöðugum umbótum".
    - Heilbrigðisþjónuta utan sjúkrahúsa (s.s. heilsugæslan) fær 5% raunhækkun í þessu fjárlagafrumvarpi og þurfa alþingismenn að svara þeirri spurningu hvort það dugi til.
    - Eitt er víst að sjúkraliðar taka öflugan þátt í heimaþjónustu og -hjúkrun ásamt því að vera hluti af margvíslegri þverfaglegri vinnu innan fjölmargra stofnana. Öflug heimahjúkrun sparar fé til lengri tíma og mætir breyttri aldursdreifingu þjóðarinnar. Sjúkraliðafélag Íslands minnir því fjárlaganefndina á að hér þarf að tryggja nauðsynlegt fjármagn. Það getur kostað peninga að spara peninga.

6. **Lýðheilsa og stjórnsýsla velferðarmála** fær umfangsmikla raunlækkun, upp á tæp 10% (sjá bls. 129).
    - Fjárlaganefnd er hvött til að skýra þá lækkun fyrir almenningi.

7. Þar sem **kjarasamningar** við fjölmargar opinberar stéttir og þar með talið sjúkraliða, eru lausir á næsta ári, er ekki að finna sérstaka upphæð eyrnamerkta hugsanlegum launabreytingum í fjárlagafrumvarpinu en sé litið á fjármálaáætlunina sem var samþykkt síðastliðið vor, kemur fram að gert er ráð fyrir 1,5% kaupmáttaraukningu.
    - Sjúkraliðafélag Íslands hvetur alþingismenn til að verja kaupmátt almennings í landinu en það verður m.a. gert í næstu kjarasamningum en einnig í þeim aðgerðum sem stjórnvöld standa iðulega fyrir til að liðka fyrir þeim samningum.
    - Sjúkraliðafélag Íslands minnir sömuleiðis á að 98% sjúkraliða eru konur og er því vandfundin meiri "kvennastétt". Sé stjórnvöldum alvara að rétta af kynbundinn launamun milli starfstétta þá er augljóst hvar ætti að byrja.
    - Þann 24. október 2012, undirrituðu stjórnvöld og aðilar vinnumarkaðarins viljayfirlýsingu um samstarf til að eyða kynbundnum launamun: Núna eru 10 ár liðin frá þessari yfirlýsingu!
    - Nú er lag að næstu kjarasamningar verði **kvenna-kjarasamningar!**

8. Sjúkraliðafélag Íslands **óskar eftir að koma á fund fjárlaganefndar** til að fylgja eftir þessari umsögn.

Virðingarfyllst,

Sandra B. Franks

Sandra B. Franks, formaður Sjúkraliðafélags Íslands

Sjúkratryggingar

Áætlun 2023	Drög 1	Drög 2
Tekjur		
Framlag ríkissjóðs	1.903,9	1.903,9
Tekjur	9,6	9,6
Samtals tekjur	**1.913,5**	**1.913,5**
Gjöld		
Laun (að meðtöldum kostnaði v/lagabr)	1.497,9	1.497,9
Viðbót vegna DRG ofl.		120,0
Stofnanasamningar		50,0
Annar rekst.kostn. að meðt. kostn. v/lagabr	609,0	629,0
Samtals gjöld	**2.106,9**	**2.296,9**
Rekstrarhalli	**-193,4**	**-383,4**

Fjárvöntun 2023 - Skýringar	
Undirliggjandi rekstrarvandi	95
Lækkun höfuðstóls	11
	106
Lagabreytingar	43
	149
Lágmarks rekstrarviðbót	5
Niðurskurðarkrafa 2023	39,4
Samtals lágmarks fjárvöntun	**193,4**
Svigrúm til viðh. húsn. og í aðk. þjón.	20
Stofnanasamningar	50
Fjárvöntun vegna DRG og fl. (sjá memo)	120
Samtals heildar fjárvöntun	**383,4**

Sjúkratryggingar Íslands
Vínlandsleið 16
113 Reykjavík
Sími: 515 0000
sjukra@sjukra.is

Sjúkratryggingar

Fjárlaganefnd Alþingis
V Austurvöll
101 Reykjavík

Reykjavík 24.10.2022

Efni: Yfirlit um fjárþörf Sjúkratrygginga Íslands mv fjárlagafrumvarp 2022 og 2023

Fjárvöntun 2022	**Upphæð**	
Fjárvöntun (mat nóv. 2021)	140,8	
Lr. vegna mistaka í launaforsendum	-14,1	
Fjárvöntun skv. endurskoðuðu mati SÍ	**126,7**	
Lagabr. (bólusetn., slysatr.)	43,0	
Alls ófjármagnað	**169,7**	
Á móti fjárvöntun		
Viðbótarframlag 2022	95,0	
Jákv. Höfuðstóll	11,3	
Rekstrarvandi árið 2022	**63,4**	
Þar af		
Lagabreytingar	43,0	
Annað	20,4	
Lausn rekstrarvanda 2022	**63,4**	
Verkefnum frestað til að skapa rými f verkefni tengd lagabreytingum	43,0	
Aðhaldsaðgerðir, birgjar og covid	21,1	Einskiptis
Áætlaður afgangur 2022	**0,7**	

Sjúkratryggingar Íslands
Vínlandsleið 16
113 Reykjavík
Sími: 515 0000
sjukra@sjukra.is

Sjúkratryggingar

10. okt. 2022

Fjárlaganefnd Alþingis
Bt. Bjarkeyjar Olsen Gunnarsdóttur, formanns
Nefndasvið Alþingis
V. Austurvöll
101 Reykjavík

Efni: Fjárlagafrumvarp 2023 – áhrif á þjónustu Sjúkratrygginga

Með bréfi þessu leggja Sjúkratryggingar Íslands (SÍ) fram athugasemdir stofnunarinnar við fjárlagafrumvarp ársins 2023 sem lagt hefur verið fram á Alþingi. Í ljósi alvarleika stöðunnar óskar stofnunin eftir að fá að gera fjárlaganefnd nánari grein fyrir athugasemdum sínum og áhrifum frumvarpsins, verði það að lögum, á þjónustu SÍ á fundi með nefndinni.

Hér á eftir fara meginatriði athugasemda SÍ:

- Verkefni stofnunarinnar hafa stóraukist síðustu ár (fjöldi gerðra samninga, velta sjúkratrygginga, úrvinnsla erinda, ný verkefni og kröfur til stofnunarinnar).
- Fastur rekstrargrunnur hennar (án tímabundinna fjárveitinga) hefur á sama tíma rýrnað sem nemur 5,7% á síðustu 5 árum.
- Velta sjúkratrygginga sem stofnunin afgreiðir hefur aukist um 21% á sama tímabili eða um 22,5 milljarða króna á föstu verðlagi.
- Hlutfall rekstrarfjár af veltu (hlutfallslegur kostnaður hins opinbera af því að koma sjúkratryggingum til landsmanna) hefur á tímabilinu lækkað um 22,1%.
- Ráðist hefur verið í fjölþættar aðgerðir til að bæta verklag, ferla og skipulag stofnunarinnar þannig að hún sé betur fær til að sinna sínu hlutverki.
- Framleiðni hefur stóraukist hvort sem litið er til samningagerðar eða annarra verkefna.
- Ríkisendurskoðun hefur nýlega fylgt eftir stjórnsýsluúttekt sinni frá 2018 og komist að þeirri niðurstöðu að stofnunin hafi að flestu leyti bætt úr þeim veikleikum sem þá voru til staðar.
- Ofangreindar umbætur hafa að mestu verið fjármagnaðar með innri hagræðingu.
- Ekki verður lengra gengið hvað hagræðingu varðar að sinni.
- Fjárlagafrumvarpið boðar óhjákvæmilega lækkun rekstrarkostnaðar um 193,4 m.kr. á árinu 2023 með fækkun starfsmanna Sjúkratrygginga og stórskerðingu á þjónustu við landsmenn.
- Sjúkratryggingum er treyst fyrir því hlutverki að tryggja framboð á heilbrigðisþjónustu og umsýslu verulegs hluta fjárlaga eða skattfjár almennings. Það er í þágu landsmanna og ríkissjóðs að þessi verkefni standi á traustum rekstrargrunni. Öflug samningagerð byggð á vönduðum gagnagreiningum og sem fylgt er eftir með vönduðu eftirliti og yfirsýn er ein forsenda þess að efla heilbrigðisþjónustu en á sama tíma fara vel með fjármuni ríkissjóðs. Tiltölulega takmörkuð styrking á rekstri SÍ getur haft umtalsverð jákvæð áhrif á afkomu ríkissjóðs.

Nánari grein er gerð fyrir þessum athugasemdum hér á eftir.

Sjúkratryggingar
Vínlandsleið 16
113 Reykjavík
515 0000
sjukra@sjukra.is

Verkefni Sjúkratrygginga Íslands, nýir stjórnendur og úttekt Ríkisendurskoðunar

Hlutverk Sjúkratrygginga er í meginatriðum þríþætt (sbr. lög nr. 112/2008). Í fyrsta lagi útvegar stofnunin heilbrigðisþjónustu með því að semja, samkvæmt samningsfyrirmælum heilbrigðisráðherra, um þjónustu bæði við einka- og opinbera aðila. Í öðru lagi annast stofnunin afgreiðslu sjúkratrygginga, þ.e. að greiða veitendum fyrir þá heilbrigðisþjónustu sem þeir veita. Greiðslurnar byggjast á mati á réttindum notenda til greiðsluþátttöku hins opinbera í kostnaði við þjónustu, lyf eða hjálpartæki. Undir þetta fellur einnig umsýsla um slysa- og sjúklingatryggingar, þ.e. bótagreiðslur til sjúklinga, s.s. vegna skaða er tengist heilbrigðisþjónustu. Í þriðja lagi annast stofnunin umsýslu (innkaup, vörustýringu, réttindaafgreiðslu hjálpartækja), bæði vegna búnaðar á borð við hjólastóla og tjáskiptatölvur, svo og vörur s.s. sykursýkisbúnað (t.d. strimla til að mæla blóðsykur).
Verkefni Sjúkratrygginga hafa almennt vaxið verulega á þeim rúma áratug sem stofnunin hefur verið við lýði. Aukningin er annars vegar vegna skipulagsbreytinga, t.d. voru samningar við hjúkrunarheimili fluttir frá heilbrigðisráðuneyti til Sjúkratrygginga árið 2016 og hlutverk stofnunarinnar aukið og skýrt í Heilbrigðisstefnu sem Alþingi setti árið 2019. Hins vegar hafa verkefni stofnunarinnar vaxið í takt við aukið heildarumfang heilbrigðisþjónustu sem stofnunin semur um og greiðir fyrir. Fjárframlög til heilbrigðisþjónustu, og framboð á þjónustu þar með, hafa vaxið síðustu ár til að bregðast við aukinni eftirspurn, s.s. vegna fjölgunar landsmanna, hækkandi meðalaldurs, aukinnar byrði langvinnra sjúkdóma og nýrrar þekkingar og tækni.

Stjórnsýsluúttekt Ríkisendurskoðunar og fleiri skýrslur um starfsemi Sjúkratrygginga

Sjúkratryggingar Íslands hafa, allt frá stofnun árið 2008, verið viðfangsefni fjölmargra skýrslna og úttekta sem flestar hafa verið gerðar af eftirlitsstofnunum hins opinbera eða á vegum þeirra. Yfirlit yfir umræddar úttektir, ásamt helstu stefnuskjölum er varða stofnunina má finna í fylgiskjali 1. Rauði þráðurinn í þessum úttektum og skýrslum hefur því miður verið sá að stofnunin hafi ekki sinnt skyldum sínum með fullnægjandi hætti, m.a. vegna takmarkaðs rekstrarsvigrúms. Ítrekað er nefnt að styrkja þurfi rekstur Sjúkratrygginga ef tryggja eigi að stofnunin geti starfað í samræmi við lög, einkum lög um sjúkratryggingar. Skýrsla Ríkisendurskoðunar sem gefin var út í febrúar 2018 (*Sjúkratryggingar Íslands sem kaupandi heilbrigðisþjónustu*) er líklega kunnust þessara skýrslna en þar var farið hörðum orðum um samningagerð stofnunarinnar, m.a. skort á gagnagreiningu og eftirliti með gerðum samningum, svo og skort á fagþekkingu á heilbrigðisþjónustu sem hamlaði stofnuninni við samningagerð. Ríkisendurskoðun beindi nokkrum tilmælum annars vegar til SÍ og hins vegar til heilbrigðisráðuneytis, m.a. var lögð áhersla á að stofnunin yrði styrkt og henni þannig gert kleift að rækja starfsskyldur sínar með viðeigandi hætti.
Í endurskoðunarskýrslu fyrir árið 2016 (útg. feb. 2018) gerði Ríkisendurskoðun einnig alvarlegar athugasemdir við stöðu SÍ hvað upplýsingatækni varðar og taldi stöðu málaflokksins ábótavant. Haustið 2018 kom svo út úttekt Fjármála- og efnahagsráðuneytis á stöðu upplýsingatæknimála innan stofnunarinnar og voru þar sömuleiðis gerðar alvarlegar athugasemdir við stöðu upplýsingatækni, m.a. hvað gagnaöryggi varðaði.

Þróun á starfsemi og skipulagi SÍ 2018-2022

Miklar breytingar hafa orðið á stjórnendahópi stofnunarinnar eftir þessar ítrekuðu ábendingar um veikleika í starfsemi hennar. Núverandi forstjóri SÍ tók við starfi sínu í nóvember 2018. Fljótlega vöknuðu hjá nýjum forstjóra og samstarfsfólki verulegar áhyggjur af rekstri og ferlum innan stofnunar-

Sjúkratryggingar
Vínlandsleið 16
113 Reykjavík
515 0000
sjukra@sjukra.is

innar og urðu þær áhyggjur til þess að forstjóri Sjúkratrygginga sendi Ríkisendurskoðun bréf um áramótin 2018 og 2019 og óskaði eftir að gerð yrði önnur stjórnsýsluúttekt á stofnuninni (sjá fylgiskjal 2). Helstu áhyggjuefnin sem gerð var grein fyrir í bréfinu til Ríkisendurskoðunar voru staða innleiðingar nýrrar löggjafar um persónuvernd hjá stofnuninni, upplýsingatæknimál, fjármál, greiningarmál og mannauðsmál. Ríkisendurskoðun svaraði og taldi sig ekki geta farið í slíka úttekt fyrr en síðar á árinu vegna anna. Ekki hefur enn orðið af þeirri úttekt því miður. Hins vegar gerði Ríkisendurskoðun eftirfylgniúttekt sem kom út árið 2022 þar sem fylgt var eftir fyrri úttekt frá 2018.
Auk brotalama sem Ríkisendurskoðun benti á í sinni úttekt og annarra sem forstjóri benti á í erindi sínu til Ríkisendurskoðunar voru ýmsir fleiri veikleikar sem komu fram í starfsemi stofnunarinnar. Sjúkratryggingar hafa ítrekað fengið ófullnægjandi einkunnir í notendakönnunum. Jafnframt hefur stofnunin ítrekað vermt botnsætin í árlegri könnun um *Stofnun ársins*.
Frá því í árslok 2018 hefur verið ráðist í fjölþættar aðgerðir innan SÍ til að koma innra og ytra starfi stofnunarinnar í viðunandi horf þannig að hún geti almennilega uppfyllt hlutverk sitt. Hér á eftir verður gerð nánari grein fyrir þessu breytingarferli sem er vel á veg komið, en er þó hvergi nærri lokið.

Bætt þjónusta, bætt öryggi, hagkvæmari rekstur og betri líðan starfsmanna

Hér verður gerð grein fyrir helstu umbótum sem átt hafa sér stað innan SÍ frá árslokum 2018:

Stefnumótun:

- Stefnumótunarvinna árið 2019 með aðkomu allra starfsmanna SÍ
- Fyrsta langtímastefna í sögu SÍ staðfest af stjórn vorið 2020
- Stefnan felur í sér níu meginstoðir, m.a. öfluga uppbyggingu upplýsingatækni og öryggismála
- Árangur: Til staðar er skýr stefna sem styður við þróun þjónustu og verkefna og skapar grundvöll til forgangsröðunar, betri þjónustu og aukinnar starfsánægju.

Skipulagsbreytingar:

- Nýtt skipurit innleitt í janúar 2021 á grundvelli ofangreindrar stefnu og ítarlegra greininga
- Stærri, sterkari og sveigjanlegri stjórnunareiningar
- Fækkun stjórnenda (voru áður 5% starfsmanna)
- Skýrt umboð og ábyrgð stjórnenda
- Aðskilnaður verkefna (e. segregation of duties)
- Sameining skyldra verkefna frá mismunandi deildum
- Nýtt UT svið (upplýsingatækni var áður á 2 stöðum)
- Ný hagdeild til að byggja upp greiningar og ný eftirlitsdeild til að efla eftirlit
- Mannauðsmál og öll þjónusta við starfsmenn sameinuð á einn stað
- Árangur: Skýrt skipulag, ábyrgð og umboð. Sterkari einingar – aukin afköst. Lægri stjórnunarkostnaður. Starfsmenn segja stjórnun hafi batnað eftir breytinguna skv. könnun

Persónuverndarmál:

- Persónuverndarfulltrúi ráðinn til stofnunarinnar
- Unnið skipulega að innleiðingu og viðhaldi nýrra laga um persónuvernd (GDPR), m.a. með aðkomu ytri ráðgjafa
- Þjálfun og fræðsla til starfsmanna um GDPR innleidd
- Fjölmargar tæknilegar úrlausnir og breytingar á verklagi innleiddar til að tryggja heldni við löggjöf um persónuvernd

Sjúkratryggingar
Vínlandsleið 16
113 Reykjavík
515 0000
sjukra@sjukra.is

- Árangur: stóraukin þekking og vitund starfsmanna um GDPR og skyldur stofnunarinnar í því sambandi. Skýr árangur hvað varðar atvik tengd persónuvernd.

Endurskoðun samningamála:

- Samningadeild styrkt, m.a. með ráðningu lögfræðings
- Þekking á innkaupum og samningatækni efld, m.a. með námskeiðum og teymisvinnu
- Lokadrög að innkaupastefnu liggja fyrir
- Staðlaðir samningsskilmálar SÍ liggja fyrir og stuðla að jafnræði og gegnsæi í samningagerð og spara einnig verulega vinnu
- Árangur: Stóraukin framleiðni og vandaðri samningagerð

Endurskoðun upplýsingatæknimála:

- Verkefni á sviði upplýsingatækni (UT) sameinuð með ábyrgð hjá einum aðila
- Sett UT stefna og einnig stefna um upplýsingaöryggi
- Samstarf við Stafrænt Ísland um nýjan vef innan island.is og rafræna þjónustu við notendur og veitendur heilbrigðisþjónustu
- Ytri vefur endurgerður m.t.t. þarfa notenda (m.a. vegna færniskerðingar) og snjalltækni
- Markviss endurskoðun á hlutverki birgja í þjónustu við SÍ (t.d. verkefnastjórn) á grundvelli úttekta Ríkisendurskoðunar og ábendinga fjármálaráðuneytis
- Aukin innleiðing rafrænna ferla til að lágmarka innslátt gagna
- Innleiðing stjórnkerfis upplýsingaöryggis (stendur nú yfir)
- Fjölþættar aðgerðir til að auka öryggi og hagræða í UT rekstri í samstarfi við birgja
- Árangur: Veruleg hagræðing í rekstri málaflokksins, stóraukið öryggi, bætt þjónusta við notendur, veitendur og starfsmenn og aukin framleiðni.

Þjónusta við notendur:

- Ferlar við afgreiðslu umsókna endurskoðaðir og samræmdir
- Umsóknir afgreiddar til lengri tíma ef mögulegt (t.d. sykursýkibúnaður)
- Innleiddar upplýsingatæknilausnir til að geta veitt þjónustu á öruggan hátt í gegnum síma
- Vefþróun til að auka rafræn samskipti og sjálfsafgreiðslu
- Endurskoðun á kröfum um gagnaskil (t.d. vottorð) til að lágmarka fyrirhöfn notenda
- Komið hefur verið á reglulegu samráði við ÖBÍ, Kraft og fleiri hagsmunasamtök sjúklinga
- Árangur: Afköst hafa stóraukist og afgreiðsla er vandaðri en áður. Hagsmunamál notenda eiga sér nú skýran farveg og hefur það leitt til ýmissa úrbóta í þjónustu. Ný þjónustukönnun í undirbúningi

Mannauðsmál:

- Mannauðsmál og öll þjónusta við starfsmenn sameinuð á einn stað
- Dreifstýring í stað miðstýringar – raunverulegt umboð til athafna
- Hlutverk stjórnenda skýrt og stjórnendaþjálfun innleidd
- Aðkoma stjórnenda að áætlanagerð, rekstri og ákvarðanatöku styrkt
- Aðkoma starfsmanna að mótun verkefna styrkt
- Upplýsingaflæði markvisst aukið t.d. með reglulegum starfsmannafundum og pistlum forstjóra
- Vinnuaðstaða bætt eftir því sem hægt hefur verið
- Árangur: Árið 2020 fékk SÍ hæstu einkunn í sögu stofnunarinnar í *Stofnun ársins* en lækkaði örlítið árið 2021 í kjölfar skipulagsbreytinga. Hækkun starfsánægju 2018-2020 var fimmföld m.v. aðrar stofnanir. Teymisvinna, samstarf þvert á einingar og á milli stjórnenda ólíkra eininga hefur aukist verulega.

Sjúkratryggingar
Vínlandsleið 16
113 Reykjavík
515 0000
sjukra@sjukra.is

Hjálpartæki:

- Innleitt umboðsmannakerfi víða um land og dreifingu búnaðar á landsvísu útvistað
- Afgreiðsla búnaðar sameinuð eftir því sem við á (t.d. lyfjaskírteini og búnaður til lyfjagjafa)
- Árangur: Betri og sveigjanlegri þjónusta. Hagræðing í rekstri og aukinn fókus á kjarnaverkefni. Einfaldara viðmót gagnvart notendum.

Rekstur:

- Verklag við gerð rekstraráætlunar stofnunarinnar endurskoðað og ábyrgð stjórnenda skýrð
- Rekstur til umræðu á öllum fundum framkvæmdastjórnar
- Samningar við verktaka og birgja endurskoðaðir
- Útvistun nýtt eftir því sem við á
- Skipulag og verkferlar endurskoðað m.a. til að lækka stjórnunarkostnað og auka skilvirkni
- Árangur: Veruleg hagræðing hefur náðst með endurskoðun skipulags, verkferla og verktakasamninga með útrýmingu sóunar að leiðarljósi

Gagnagreining:

- Gagnagreiningar (tölfræði, kostnaðargreiningar, o.s.frv.) sameinaðar í nýrri hagdeild
- Fyrsti áfangi vöruhúss gagna tekinn í notkun
- Árangur: Innviðir fyrir gagnagreiningar eru að byggjast upp

Eftirlit:

- Brugðist við ábendingum Ríkisendurskoðunar m.a. með því að stofna sérstaka eftirlitsdeild
- Verklagsreglur um framkvæmd eftirlits gefnar út
- Árangur: Eftirlit styður alla samningsaðila við að framfylgja samningum í þágu sjúklinga. Eftirlit skilar margföldum ávinningi til ríkissjóðs. Talið er að a.m.k 3% útgjalda í heilbrigðisþjónustu sé vegna einhvers konar brota/frávika frá samningum. Þá er ekki tekið tillit til frávika í gæðum þjónustu, einungis fjárhagslegra þátta

Samstarf við aðrar stofnanir:

- Byggt hefur verið upp samráð við helstu stofnanir á heilbrigðissviði, svo sem Embætti landlæknis, Landspítala og Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins. Þetta samráð er ómetanlegt og auðveldar verkefni allra sem að því koma.
- Árangur: Bætt samstarf og þar með betri framgangur verkefna, bætt ímynd, stoltari starfsmenn

Eftirfylgniúttekt Ríkisendurskoðunar 2021 – 2022

Í október 2021 hóf Ríkisendurskoðun úttekt á SÍ til að fylgja eftir stjórnsýsluúttekt sinni frá árinu 2018. Niðurstaða þeirrar úttektar barst SÍ í apríl 2022 (fylgiskjal 3). Niðurstaða Ríkisendurskoðunar var að SÍ hefðu brugðist við flestum úrbótatillögum Ríkisendurskoðunar frá 2018 og stofnunin hefði styrkt starfsemi sína hvað snýr að undirbúningi, gerð og eftirfylgni með samningum. Hvað varðar ábendingar Ríkisendurskoðunar um innleiðingu DRG samnings á Landspítala yrði að fylgja því verkefni betur eftir. Loks segir í niðurstöðum Ríkisendurskoðunar:

> *„Í einu tilviki er brýnt að Sjúkratryggingar Íslands vinni áfram að úrbótum með hliðsjón af tillögu Ríkisendurskoðunar þar sem enn er ósamið um heilbrigðisþjónustu sérgreinalækna og sjúkraþjálfara. Samningaviðræður hafa reynst afar erfiðar en Sjúkratryggingar hafa leitast við að bæta undirbúning og gerð samninga sinna í samræmi við þær áherslur sem komu fram í skýrslu Ríkisendurskoðunar.“*

Ríkisendurskoðun hefur því staðfest að SÍ hafi stóreflt sína starfsemi á síðustu árum í takt við tillögur Ríkisendurskoðunar - þrátt fyrir að ekki hafi verið bætt við rekstrarfé í samræmi við vöxt verkefna.

Sjúkratryggingar
Vínlandsleið 16
113 Reykjavík
515 0000
sjukra@sjukra.is

Þvert á móti er fast rekstrarfé í dag mun minna á föstu verðlagi og miðað við verkefni, hvort sem þau eru mæld sem t.d. fjöldi gerðra samninga, fjöldi afgreiddra umsókna, umfang þjónustu vegna hjálpartækja eða heildarvelta afgreiddra sjúkratrygginga í gegnum stofnunina.
SÍ taka undir áherslur Ríkisendurskoðunar hvað varðar eftirfylgni við innleiðingu DRG samnings og nauðsyn þess að semja um þjónustu sérgreinalækna og sjúkraþjálfara skv. þeim ábendingum sem fram hafa komið frá Ríkisendurskoðun um ágalla eldri samninga um þessa þjónustu. SÍ telja innleiðingu DRG samninga í góðum farvegi, miðað við fjárhagslegar forsendur, og vinnur sérstakt teymi að því verkefni innan stofnunarinnar í góðu samstarfi við Landspítala, Sjúkrahúsið á Akureyri, Embætti landlæknis og fleiri. Hvað varðar samninga um þjónustu sérgreinalækna og sjúkraþjálfara liggur fyrir að yfirvöld hafa sannarlega tekið ábendingar Ríkisendurskoðunar um meginforsendur samningagerðar til greina með því að fella þær inn í samningsfyrirmæli sín til SÍ. Líklegt má telja að þessi stefnubreyting sé meginástæða þess að samningar hafa ekki náðst enda virðast umræddir viðsemjendur SÍ telja að gamla samningsformið hafi verið mun ákjósanlegra fyrir þá og ekki sé ástæða til breytingar þar á.

Aukning í öllum helstu verkefnum Sjúkratrygginga Íslands
Umfang meginverkefna stofnunarinnar hefur aukist bæði í fjölda og innihaldi síðustu ár.

I. Fjöldi samninga og annarra samningsskjala

SÍ hefur stóraukið framleiðni sína við samningagerð til að mæta kröfum heilbrigðisstefnu og auknum framlögum til heilbrigðisþjónustu eins og meðfylgjandi tafla sýnir.
Árið 2021 voru gerðir nánast þrefalt fleiri nýir samningar en árið 2018 og það sem af er ári 2022 hafa verið gerðir ríflega þriðjungi fleiri samningar en allt árið 2018. Heildarfjöldi samningsskjala (þ.e.a.s. samningar ásamt viðaminni samkomulögum, undirrituðum breytingum, viðaukum, framlengingum o.s.frv.) hefur ríflega tvöfaldast milli áranna 2018 og 2021. Þessi mikla aukning er þrátt fyrir að ekki hafi enn náðst samningar um þjónustu sjúkraþjálfara og sérgreinalækna. Sú gríðarmikla vinna sem lögð hefur verið í þær samningaviðræður af hálfu SÍ kemur því ekki fram í þessum tölum.

Ár	Nýir samningar	Önnur undirrituð samningsskjöl*	Heild
2018	25	135 **	160
2021	72	269	341
2022 jan-sept	34	222	256
Br. 2018-21	188%	99%	113%
Br. 2018 - sept. 2022	36%	64%	60%

** Viðaukar, breytingar, framlengingar o.þ.h.*

*** Skráning ófullkomin*

Sjúkratryggingar
Vínlandsleið 16
113 Reykjavík
515 0000
sjukra@sjukra.is

Af þeim 72 samningum sem gerðir voru árið 2021 voru 4 við ríkisstofnanir, 8 við sveitarfélög en 60 við einkaaðila, sjálfseignarstofnanir, hlutafélög o.s.frv.
Af þeim 34 samningum sem gerðir hafa verið á fyrstu 9 mánuðum ársins 2022 voru 3 við ríkisstofnanir, 6 við sveitarfélög og 25 við einkaaðila, sjálfseignarstofnanir, hlutafélög o.s.frv.

II. Fjöldi umsókna og afgreiðsla erinda um sjúkratryggingar

Sjá töflu hér á eftir þar sem borinn er saman fjöldi helstu erinda milli áranna 2018 og 2022 (tölur fyrir árið 2022 uppreiknaðar til heils árs). Veruleg aukning hefur orðið í nær öllum málaflokkum, allt upp í 270% (umsóknir um meðferð erlendis vegna langrar biðar hérlendis). Í þeim örfáu tilvikum þar sem um samdrátt er að ræða er hann mun minni en aukningin í öðrum tilvikum.
Veruleg aukning er í flóknari málum sem krefjast aðkomu lækna, tannlækna, iðjuþjálfa, sjúkraþjálfara eða lyfjafræðinga. Umsóknum um brýna meðferð erlendis hefur fjölgað um tæplega 50%. Umsóknum um hjálpartæki og næringu hefur fjölgað um 20-30% á tímabilinu en notendum hjálpartækja hefur fjölgað verulega af margvíslegum ástæðum. Umsóknir um lyfjaskírteini hafa tvöfaldast á tímabilinu; nú eru afgreiddar um 150 umsóknir á hverjum virkum degi.
Áhugavert er að skoða breytingu á formi samskipta við notendur, bæði með aukinni nýtingu rafrænna gátta en ekki síður með opnun nýrrar og notendavænni vefsíðu. Augljóst er að viðskiptavinir SÍ kunna vel að meta þessa nýju samskiptamöguleika: heimsóknum á vefsíðu SÍ hefur fjölgað um 55% á tímabilinu. Heimsóknum í þjónustuver og símtölum hefur fækkað og bendir það til þess að viðskiptavinir finni viðeigandi upplýsingar á vefsíðunni og nýti gáttir til að koma erindum til skila. Öflugt þjónustuver er þó áfram lykilþáttur í þjónustu SÍ, ekki síst fyrir þá sem ekki eiga íslensku að móðurmáli. Sama gildir um símaþjónustu – einkum fyrir eldri borgara.

Sjúkratryggingar
Vínlandsleið 16
113 Reykjavík
515 0000
sjukra@sjukra.is

Tegund þjónustu	2018	2019	2020	2021	2022*	Breyting 2018 - 2022
Hjálpartæki og næring						
Tæknileg s.s. hjólastólar, hjálpartæki á heimili, aksturs- og tjáningarhjálpartæki.	12.216	12.742	11.527	13.642	14.580	19,4%
Spelkur, gervilimir o.fl.	4.724	4.734	4.038	4.476	4.611	-2,4%
Einnota búnaður	5.901	6.549	6.316	9.700	7.833	32,7%
Heyrnartæki	762	781	693	895	871	14,3%
Næring- umsóknir	964	1.042	970	1.118	1.222	26,8%
Hjálpartæki- greiddir reikningar	4.324	4.588	3.995	4.785	5.443	25,9%
Umsóknir með aðkomu lækna, tannlækna						
Lýtaaðgerðir- umsóknir	43	57	79	141	122	183,7%
Tannlækningar- umsóknir	6.478	7.061	7.677	8.484	8.888	37,2%
Brýn meðferð erlendis (siglinganefnd)	420	301	220	311	622	48,1%
Meðferð erlendis - biðtímamál	89	185	110	164	328	268,5%
Ákvarðanir um örorku v. slyss	502	472	434	519	615	22,5%
Nýjar umsóknir/tilkynningar um slys	2.026	1.938	1.760	1.744	2.110	4,1%
Sjúklingatrygging- fjöldi umsókna	192	153	180	233	240	25,0%
Sjúklingatrygging- fjöldi afgreiddra mála	197	156	141	176	130	-34,0%
Umsóknir um greiðsluþátttöku						
Sjúkraþjálfun- frh.meðferð	14.967	20.995	23.201	26.683	23.679	58,2%
Talþjálfun	1.031	1.092	1.077	1.273	2.051	98,9%
ES kort	21.926	19.920	16.663	5.277	39.863	81,8%
Ferðakostnaður innanlands	2.367	2.872	2.234	2.595	2.811	18,8%
Sjúkradagpeningar- nýjar umsóknir	1.558	1.669	1.485	1.296	1.501	-3,7%
Lyf- umsóknir um lyfjaskírteini	8.918	12.871	15.169	18.300	17.929	101,0%
Rafræn samskipti, komur, símtöl**						
Heimasíða	798.534	1.166.529	1.189.190	1.199.791	1.239.009	55,2%
Réttindagátt	755.599	824.404	757.902	875.093	1.084.894	43,6%
Gagnagátt	456.634	524.522	500.732	567.822	559.378	22,5%
Komur í þjónustuver	9.039	9.417	5.582	3.243	3.708	-59,0%
Símtöl í þjónustuver	62.234	58.371	46.843	48.214	47.523	-23,6%

** Fjöldatölur uppreiknaðar til heils árs (í einstaka tilvikum er um 6 eða 8 mánaða tölur að ræða fyrir allt tímabilið)*

**Hér eru EKKI talin öll erindi, svo sem í formi bréfa og tölvupósta*

Réttindagátt er rafræn gátt fyrir notendur

Gagnagátt er rafræn gátt fyrir veitendur þjónustu og aðra samstarfsaðila

III. Velta sjúkratrygginga með afgreiðslu SÍ

Taflan hér fyrir neðan sýnir fjárveltu (í milljörðum króna, á föstu verðlagi) í gegnum SÍ í formi greiðslna til veitenda og notenda þjónustu. Greiðslum er komið til skila með yfir 22.000 færslum á hverjum virkum degi. Viðmiðunarár er 2017 þar sem það ár lá til grundvallar þeirri niðurstöðu Ríkis-endurskoðunar að styrkja þyrfti stofnunina. Frá þeim tíma hafa fjármunir í umsjón stofnunarinnar aukist um 21 % (22,5 milljarða) á föstu verðlagi. Væru borin saman árin 2017 og 2021 væri aukningin enn meiri vegna COVID-tengdra greiðslna.

Sjúkratryggingar
Vínlandsleið 16
113 Reykjavík
515 0000
sjukra@sjukra.is

Fjárlagaliðir í umsjón SÍ, verðlag 2022	2017	2018	2019	2020	2021	2022	Breyting 2017 - 2022
Heildarvelta allra fjárlagaliða	106.922,0	116.505,8	113.790,6	117.304,6	137.208,8	129.388,0 *	22.466,0
							21,0%

**Fjárhæð fyrir árið 2022 er uppreiknuð til heils árs mv fyrirliggjandi forsendur*

IV. Auknar kröfur til starfsemi Sjúkratrygginga Íslands almennt

Hér verður gerð grein fyrir helstu viðbótarverkefnum sem stofnunin hefur tekið við síðustu ár. Umfjöllunin er langt frá því að vera tæmandi og felur ekki í sér almenna aukningu á umfangi samninga, veltu eða afgreiðslu sjúkratrygginga sem gerð hefur verið grein fyrir hér að framan.

Heilbrigðisstefna: Alþingi samþykkti Heilbrigðisstefnu vorið 2019 en með setningu hennar og innleiðingu síðustu ár hafa ýmis ný verkefni flust til SÍ og verulega auknar kröfur gerðar til stofnunarinnar t.d. við undirbúning og gerð samninga. Helstu verkefni sem SÍ eru ætluð samkvæmt Heilbrigðisstefnu eru:

- Sjúkratryggingar Íslands skulu semja um öll kaup á heilbrigðisþjónustu fyrir hönd ríkisins, hvort sem hún er veitt af opinberum aðilum eða einkaaðilum
- Þarfagreining skal liggja til grundvallar öllum samningum
- Kveða skal á um öryggis- og gæðaviðmið í öllum samningum
- Tryggja skal aðgengi óháð búsetu að allri þjónustu sem samið er um

SÍ hafa þegar samið um þjónustutengda fjármögnun LSH og Sjúkrahússins á Akureyri. Unnið er að innleiðingu þeirra samninga en verkefnið krefst verulegs mannafla og fjölbreyttrar sérþekkingar auk sérhæfðra upplýsingatæknilausna.
Mikið verk er fyrir höndum við að samningsbinda þá þjónustu sem veitt er án samninga í dag, t.d. er þar meðtalinn stærsti hluti þjónustu Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og heilbrigðisstofnana um land allt (að undanskildum Landspítala og SAk). Sama má segja um önnur verkefni: Í fæstum tilvikum liggja fyrir þarfagreiningar né heldur viðmið um öryggi og gæði þjónustu. Krafa um þjónustu óháð búsetu kallar m.a. á stórtæka innleiðingu fjarheilbrigðisþjónustu sem aftur kallar á uppbyggingu þekkingar og færni innan SÍ.
COVID: Stofnunin sinnti fjölmörgum viðbótarverkefnum vegna COVID síðustu ár, eins og aðrar stofnanir á heilbrigðissviði. Bar þar hæst samninga um fjölbreytta þjónustu og úrræði á borð við sóttvarnarhótel og farsóttarhús.
Lagabreytingar: Ýmsar nýlegar lagabreytingar hafa áhrif á verkefni SÍ. Til dæmis bættust nýlega við umfangsmikil verkefni með lagasetningu um bótarétt einstaklinga í tengslum við bólusetningar vegna COVID 19 auk breytinga á slysatryggingum. Að mati stjórnvalda leiða þessar breytingar til kostnaðarauka innan SÍ sem nemur 43 m.kr., þar af 6 m.kr einskiptis vegna hugbúnaðar en 37 m.kr. í rekstrargrunn vegna stöðugilda tveggja lögfræðinga og tveggja stöðugilda fulltrúa. Frumvarp um svipaða löggjöf vegna bólusetninga við apabólu hefur verið lagt fram en SÍ er ekki kunnugt um kostnaðarmat vegna þess.

Þróun fjárveitinga til rekstrar Sjúkratrygginga Íslands

Taflan hér fyrir neðan sýnir þróun fjárveitinga til rekstrar Sjúkratrygginga Íslands. Eins og sjá má hefur rekstrargrunnur stofnunarinnar veikst sem nemur 5,7% (73,3 m.kr. á föstu verðlagi) á árunum 2017-2022. Lögð er áhersla á að hér er horft til rekstrargrunns, varanlegra fjárveitinga, en ekki tímabundinna fjárveitinga vegna afmarkaðra og tímabundinna verkefna.

Sjúkratryggingar
Vínlandsleið 16
113 Reykjavík
515 0000
sjukra@sjukra.is

	Fjárlög - grunnur í m.kr.						Breyting 2017-2022
	2017	2018	2019	2020	2021	2022	
Framlög til SÍ á fjárlögum á verðlagi hvers árs	974,7	1.029,5	1.087,8	1.204,9	1.824,6	1.876,8	
Millifært af 08206 vegna umsýslu hjálpartækja					-630,0	-672,5	
Framlög til SÍ á fjárlögum ásamt millif. á verðlagi hvers árs	974,7	1.029,5	1.087,8	1.204,9	1.194,6	1.204,3	
Rekstrargrunnur SÍ á verðlagi 2022	1.277,5	1.281,7	1.311,3	1.371,5	1.275,6	1.204,3	-73,3
							-5,7%

Kostnaður við að koma sjúkratryggingum til landsmanna


Líta má á fjárveitingar til rekstrar Sjúkratrygginga sjálfra sem afgreiðslu- eða umsýslukostnað (e. overhead) við að koma þeim fjármunum sem veittir eru til heilbrigðisþjónustu til þeirra sem eiga að njóta þjónustunnar. Þetta er, í meginatriðum, gert með því að semja um þjónustu, afgreiða sjúkratryggingar og afgreiða hjálpartæki.
Rekstrarkostnaður Sjúkratrygginga sem hlutfall af því heildarfjármagni (veltu) sem stofnunin afgreiðir vegna áðurnefndra verkefna hefur lækkað verulega frá árinu 2017 eins og meðfylgjandi tafla og mynd sýna. Eins og áður segir er miðað við árið 2017 þar sem það ár gerði Ríkisendurskoðun stjórnsýsluúttekt og komst að þeirri niðurstöðu að þörf væri á að styrkja stofnunina.
Árið 2017 nam hlutfall rekstrarkostnaðar af veltu 1,19% en árið 2022 nam hlutfallið 0,93% af veltu. Þessi lækkun nemur ríflega 22%. Vert er að taka fram að tímabundin fjárveiting sem stofnuninni var veitt fyrir árið 2022 og er hvorki inni í rekstrargrunni né fjárlagafrumvarpi er ekki tekin með í þessum tölum. Væri tekið tillit til hennar árið 2022 næmi hlutfall rekstrarfjár af veltu rétt um 1% og lækkun þess hlutfalls frá árinu 2022 næmi þá 19% en ekki 22%.
Svo virðist sem rekstrarfjárveitingar til stofnunarinnar miðað við verkefni hennar séu miklum mun lægri en hjá sambærilegum stofnunum erlendis. Til dæmis má nefna að kostnaður hinnar dönsku stofnunar sem fer með sjúklingatryggingar er nálægt 20% af útgreiddum sjúklingatryggingum. Sé horft til íslenskra heilbrigðisstofnana þá er ljóst að stjórnunarkostaður við að koma sjúkratryggingum til landsmanna (0,93%) er miklum mun lægri en stjórnunarkostnaður þeirra stofnana en hann nemur allt að 14% af heildarútgjöldum þeirra (veltu).

	2017	2018	2019	2020	2021	2022	Breyting 2017-2022
Framlög til SÍ á fjárlögum á verðlagi hvers árs	974,7	1.029,5	1.087,8	1.204,9	1.824,6	1.876,8	
Millifært af 08206 vegna umsýslu hjálpartækja					-630,0	-672,5	
Framlög til SÍ á fjárlögum ásamt millif. á verðlagi hvers árs	974,7	1.029,5	1.087,8	1.204,9	1.194,6	1.204,3	
Rekstrargrunnur SÍ á verðlagi 2022	1.277,5	1.281,7	1.311,3	1.371,5	1.275,6	1.204,3	**-73,3**
							-5,7%
Heildarvelta allra fjárlagaliða í umsjón SÍ	**106.922,0**	**116.505,8**	**113.790,6**	**117.304,6**	**137.208,8**	**129.388,0 ***	**22.466,0**
							21,0%

**Í járhæð fyrir árið 2022 er uppreiknuð til heils árs mv fyrirliggjandi forsendur*

	2017	2018	2019	2020	2021	2022	
Hlutfall rek.fjár af heildarveltu SÍ	**1,19%**	**1,10%**	**1,15%**	**1,17%**	**0,93%**	**0,93%**	**-22,1%**

Sjúkratryggingar
Vínlandsleið 16
113 Reykjavík
515 0000
sjukra@sjukra.is



Áhrif fjárlagafrumvarps fyrir árið 2023 á þjónustu og rekstur SÍ

Hér hafa verið raktar þær umfangsmiklu breytingar sem orðið hafa á Sjúkratryggingum síðustu ár hvað varðar umfang verkefna og ekki síður hvað varðar úrbætur í þjónustu, skipulagi og rekstri. Eins og sjá má af tölum um þróun rekstrargrunns (fastra fjárveitinga) hefur þetta umbótastarf verið fjármagnað með innri hagræðingu að nær öllu leyti (ef frá er talin tímabundin styrking um 95 m.kr. árið 2022, sjá síðar). Þrátt fyrir þetta hefur stjórnendum stofnunarinnar tekist að reka starfsemina hallalaust á tímabilinu. Áhersla á hallalausan rekstur við þessar aðstæður hefur því miður orðið til þess að stofnunin hefur ekki getað sinnt tilteknum verkefnum með þeim hætti sem æskilegt væri. Þetta á til dæmis við um uppbyggingu þekkingar og innviða til að sinna gagnagreiningum, gæða- og öryggiskröfum í samningum, svo og eftirliti og innleiðingu DRG.

Vert er að vekja sérstaka athygli á því að takmarkaðar fjárveitingar til stofnunarinnar um árabil hafa valdið því að launakjör starfsmanna samkvæmt stofnanasamningum eru því miður ekki samkeppnishæf við aðrar sambærilegar stofnanir. Sem dæmi má nefna að allmargir starfsmenn SÍ hafa á síðustu misserum flutt sig til ráðuneyta þar sem mun betri kjör bjóðast. Þessar aðstæður eru augljós ógn við getu stofnunarinnar til að sinna sínum lögbundnu verkefnum. Brýnt er að stofnunin geti endurnýjað stofnanasamninga og fært þá til svipaðs horfs og gerist í sambærilegum stofnunum hins opinbera.

Þó svo rekstrargrunnur stofnunarinnar (fastar fjárveitingar) hafi veikst síðustu 5 ár verður að geta þess að tímabundin viðbót (95 m.kr.) fékkst inn á árið 2022 í meðferð fjárlagafrumvarps. Forsaga þess er sú að stofnunin sendi fjárlaganefnd erindi um horfur í rekstri m.v. fjárlagafrumvarp og óskaði eftir því að rekstrargrunnur stofnunarinnar yrði styrktur á árinu 2022 sem næmi 140,8 m.kr til að viðhalda óbreyttum rekstri og hindra halla eða niðurskurð. Jafnframt minnti stofnunin á að til viðbótar yrði að fjármagna nýlegar lagabreytingar sem leiddu til viðbótarverkefna hjá SÍ og voru kostnaðarmetnar á 43 m.kr. (þar af 6 m.kr. einskiptis vegna hugbúnaðargerðar). Niðurstaðan varð tímabundin 95 m.kr. viðbótarfjárveiting fyrir árið 2022 sem fylgt var eftir með fjárveitingarbréfi heilbrigðisráðuneytis þar sem fram kom að þessa fjárveitingu skyldi nýta til að efla eftirlit og greiningarvinnu auk þess að innleiða DRG samninga. Ekki var minnst á almenna fjárvöntun né áðurnefnd verkefni tengd lagabreytingum og þau því enn ófjármögnuð.

Þar sem ný verkefni fylgdu hinni tímabundnu fjárveitingu (95 m.kr.) virtist hún ekki ætluð til að brúa það bil sem gert var grein fyrir í erindi til fjárlaganefndar. Hin nýju verkefni (eftirlit, gagnagreiningar,

Sjúkratryggingar
Vínlandsleið 16
113 Reykjavík
515 0000
sjukra@sjukra.is

DRG) krefjast öll mikillar sérfræðiþekkingar og verulegrar þjálfunar innan SÍ. Í ljósi þess að fjárveitingin var tímabundin lá fyrir að ekki væri skynsamlegt að ráða nýja starfsmenn til að sinna þeim heldur var farin sú leið að flytja reynda starfsmenn úr öðrum verkefnum og dregin saman vinna við þau verkefni. Með slíkri endurskipulagningu innanhúss var hægt að leysa rekstrarvandann tímabundið og að hluta (þ.e. sem nam 95 m.kr. af umbeðnum 140,8 m.kr.). Með þessari endurskipulagningu mátti því líta svo á að komið hefði verið til móts við fjárþörf stofnunarinnar tímabundið um 95 m.kr. (þó svo það þyddi tímabundinn samdrátt í ákveðnum verkefnum) þannig að eftir stæðu þá 46 m.kr. Yfirvöld tóku síðan þá ákvörðun að stofnunin fengi að njóta jákvæðs höfuðstóls fyrra tímabils (11,3 m.kr.) og við lokafrágang rekstraráætlunar kom í ljós að fjárþörf hafði fyrir mistök verið ofreiknuð um 14,1 m.kr. þar sem það fórst fyrir að fella niður launakostnað í tengslum við niðurfellingu starfs. Að teknu tilliti til þessa stóð fjárvöntun við upphaf árs 2022 í 20,4 m.kr.

Til að halda rekstri ársins 2022 innan fjárheimilda hefur því verið frestað ráðningum og ekki ráðið í laus störf nema að mjög litlu leyti. Mönnun verkefna hefur ekki verið aukin í takt við umfang þeirra og því hefur afgreiðsla erinda í sumum tilvikum tekið of langan tíma. Úrskurðarnefnd velferðarmála hefur gert athugasemd við óviðunandi afgreiðslutíma tiltekinna mála og því miður er hætta á að afgreiðsla umsókna um bætur vegna COVID bólusetninga tefjist óhóflega. Álag á starfsmenn er iðulega langt umfram það sem telja má æskilegt eða mögulegt til lengri tíma.

Á hinn bóginn reyndist árið 2022 að sumu leyti hagfellt í rekstri. COVID faraldur í upphafi árs lækkaði rekstrarkostnað og tafir hjá hugbúnaðarbirgjum sömuleiðis. Að vanda gættu Sjúkratryggingar þess að efna ekki til kostnaðar umfram fjárveitingar til að geta skilað rekstri í árslok „réttum megin við núllið“.

Öðru máli gegnir um árið 2023 í ljósi þess fjárlagafrumvarps sem liggur fyrir. Þar er hin tímabundna 95 m.kr. fjárveiting felld út auk þess sem gerð er aðhaldskrafa að fjárhæð 39,4 m.kr. Ekki hefur heldur verið gert ráð fyrir fjármagni vegna lagabreytinga sem áhrif hafa á stofnunina og yfirvöld hafa metið sem 43 m.kr. (þar af 6 m.kr. einskiptis vegna hugbúnaðargerðar). Undirliggjandi rekstrarvandi sem gerð var grein fyrir við fjárlagagerð 2022 er því óleystur auk þess sem ekkert nýtt fjármagn er til staðar til að efla greiningar og eftirlit eða innleiða DRG samninga. SÍ minntu á þá stöðu með minnisblaði til stjórnar stofnunarinnar í ágúst 2022 (sjá fylgiskjal 4) þar sem lögð var áhersla á að styrkja þyrfti stofnunina um 120 m.kr. á ársgrunni til að hefja uppbyggingu hennar eins og gert er ráð fyrir í stjórnarsáttmála. Sjá bókun í fundargerð stjórnar (fylgiskjal 5).

Taflan hér fyrir neðan sýnir þessa stöðu, þ.e. fjárvöntun fyrir árið 2023 m.v. fyrirliggjandi fjárlagafrumvarp og drög að rekstraráætlun ársins 2023. Eins og sjá má nemur lágmarksvöntun alls 193,4 m.kr. Þá er gert ráð fyrir að áhrifa COVID gæti ekki í rekstri og að birgjar stofnunarinnar geti skilað umsömdum verkefnum innan ársins. Jafnframt að stofnunin fái fjármagn til að mæta auknum verkefnum vegna margnefndra lagabreytinga (bólusetningar, slysatryggingar).

Eigi að stíga raunveruleg en hófleg skref til styrkingar stofnunarinnar, m.a. með því að gera henni kleift að gera lágmarksúrbætur á launakjörum þannig að þau nálgist það sem tíðkast hjá sambærilegum stofnunum, nemur fjárvöntun á árinu 2023, miðað við fjárlagafrumvarp, 383,4 m.kr.

Sjúkratryggingar
Vínlandsleið 16
113 Reykjavík
515 0000
sjukra@sjukra.is

Rekstraráætlun 2023 m.v. fjárlagafrumvarp	Drög 1	Drög 2
Tekjur		
Framlag ríkissjóðs	1.903,9	1.903,9
Tekjur	9,6	9,6
	1.913,5	**1.913,5**
Laun (að meðtöldum kostnaði v/lagabr)	1.497,9	1.497,9
Viðbót vegna DRG ofl.		120,0
Stofnanasamningar		50,0
Annar rekstrarkostnaður að meðtöldum kostn. v/lagab	609,0	629,0
	2.106,9	**2.296,9**
Rekstrarhalli	**-193,4**	**-383,4**
Óskir um br. á fjárl.frumv, til að koma til móts við rekstrarvanda		
Styrking hefðbundins rekstrar	193,4	213,4
Styrking samningagerðar, gagnagreininga og eftirlits almennt og í tengslum við innleiðingu DRG		120
Stofnanasamningar - styrking samkeppnishæfni SI við aðrar opinberar stofnanir		50
Alls óskir um styrkingu	**193,4**	**383,4**

Lokaorð

Hagkvæmur rekstur ætti að vera keppikefli allra opinberra stofnana og telja Sjúkratryggingar að stofnunin hafi nú þegar lagt talsvert af mörkum hvað það varðar. Að sama skapi verður að telja að rekstrargrunnur sem nemur innan við 1% af veltu fjármuna í gegnum stofnunina hljóti að teljast óraunhæfur og ekki til þess fallinn að skapa starfseminni trausta umgjörð. Sú staða verður að teljast áhyggjuefni í ljósi þess að stofnunin ber ábyrgð á umsýslu verulegs hluta fjárlaga og útvegun heilbrigðisþjónustu fyrir landsmenn. Brýnt er að ráðast nú þegar í þá styrkingu stofnunarinnar sem boðuð var í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar ef takast á að viðhalda og byggja upp þjónustu við landsmenn. Stjórn SÍ hefur tekið undir áhyggjur forstjóra af þessari stöðu, sjá minnisblað forstjóra og bókun í fundargerð stjórnar (fylgiskjal 4 og 5).

Sjúkratryggingar Íslands þakka fyrir þann gaum sem fjárlaganefnd hefur gefið þessu erindi og óska eftir að fá að gera nánari grein fyrir því á fundi með nefndinni.

Fh. Sjúkratrygginga Íslands

María Heimisdóttir, forstjóri

Anna María Bjarnadóttir, sviðsstjóri fjármálasviðs

Sjúkratryggingar
Vínlandsleið 16
113 Reykjavík
515 0000
sjukra@sjukra.is

Fylgiskjöl:

1. Yfirlit um helstu úttektir, stefnuskjöl og skýrslur er varða starfsemi SÍ
2. Bréf forstjóra til Ríkisendurskoðunar, dags. 30. des. 2018
3. Sjúkratryggingar Íslands sem kaupandi heilbrigðisþjónustu. Eftirfylgni 2021
4. Minnisblað forstjóra SÍ til stjórnar, dags. 19. ágúst 2022
5. Fundargerð stjórnar SÍ með bókun, dags. 24. ágúst 2022

Afrit:

- Willum Þór Þórsson, heilbrigðisráðherra
- Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra
- Vilborg Hauksdóttir, formaður stjórnar Sjúkratrygginga Íslands

Sjúkratryggingar
Vínlandsleið 16
113 Reykjavík
515 0000
sjukra@sjukra.is

Yfirlit um helstu úttektir, stefnuskjöl og skýrslur er varða starfsemi SÍ

Ágúst 2022

Sáttmáli ríkisstjórnar, heilbrigðisstefna til 2030 og fimm ára aðgerðaáætlun 2022-2026 - Texti varðandi sjúkratryggingar

Nr.	Tegund skjals	Texti varðandi Sjúkratryggingar
I	**Sáttmáli um ríkisstjórnarsamstarf Framsóknarflokks, Sjálfstæðisflokks og Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs**	• Ný heilbrigðisstefna til 2030 markar stefnu fyrir heilbrigðiskerfið á komandi árum. • Sjúkratryggingar Íslands verða efldar sem kaupandi og kostnaðargreinandi heilbrigðisþjónustu fyrir hönd ríkisins. • Þjónustutengd fjármögnun verður innleidd í auknum mæli í heilbrigðiskerfið, settir upp miðlægir biðlistar og tryggt að þjónusta sé veitt innan tiltekins ásættanlegs biðtíma. • Aðgengi allra landsmanna að sérfræðiþjónustu verður bætt í samráði við heilbrigðisstofnanir í öllum umdæmum. • Unnið verður að innleiðingu stafrænna lausna í heilbrigðisþjónustu og ný tækni nýtt til að auka gæði þjónustu og hagkvæmni. Stuðlað verður að nýsköpun og ýtt undir samstarf opinberra aðila og einkaaðila á sviði tæknilausna. Fjarheilbrigðisþjónusta verður sérstaklega efld.
II	**Heilbrigðisstefna- Stefna fyrir íslenska heilbrigðisþjónustu til ársins 2030.** **Samþykkt á Alþingi í júní 2019.** **Samkvæmt sáttmála ríkisstjórnarinnar skal heilbrigðisstefna til 2030 marka stefnu fyrir heilbrigðiskerfið á komandi árum.**	• Kaup á heilbrigðisþjónustu eru ein af áskorununum fram undan. Með lögum um sjúkratryggingar, nr. 112/2008, var ætlunin að færa kaup ríkisins á heilbrigðisþjónustu í svipað form og almennt tíðkast í nágrannalöndunum. Sjúkratryggingum Íslands var falið þetta verkefni. Samkvæmt skýrslu Ríkisendurskoðunar frá árinu 2016 um reynslu af framkvæmd laga um sjúkratryggingar bendir margt til þess að markmið laganna um kaup á heilbrigðisþjónustu hafi ekki náðst. Ríkisendurskoðun bendir á að samningar um kaup á þjónustu byggist ekki á ítarlegum kostnaðargreiningum og að kaupunum sé ekki nægilega forgangsraðað út frá þörfum sjúklinga sem geti leitt til óhagkvæmni. Í skýrslu Ríkisendurskoðunar er jafnframt bent á að gera þurfi auknar kröfur um gæði þjónustunnar og að ríkið hafi ávallt frumkvæði að kaupum á heilbrigðisþjónustu. Þá segir einnig í skýrslunni að brýnt sé að innleiða þjónustutengda fjármögnun á Landspítala til að hámarka skilvirkni og hagkvæmni í rekstri spítalans. • Að sama skapi verður einnig að gera kröfu um að það fjármagn sem nú þegar er veitt í heilbrigðisþjónustuna verði sem best nýtt, til dæmis með breytingum tengdum vinnulagi, þjónustukaupum og almennu skipulagi heilbrigðiskerfisins. • Öllum landsmönnum skal tryggður nauðsynlegur aðgangur að annars stigs heilbrigðisþjónustu og þar hafa Sjúkratryggingar Íslands haft veigamiklu hlutverki að gegna sem kaupandi þjónustunnar fyrir hönd ríkisins. Í lögum um sjúkratryggingar segir að við samningsgerð

		skuli tryggja aðgengi sjúkratryggðra að þeirri heilbrigðisþjónustu sem samið er um óháð efnahag. Enn fremur skuli leitast við að tryggja þjónustu við sjúkratryggða hvar á landinu sem þeir búa og að veitendur þjónustunnar gæti þess að sjúkratryggðir njóti jafnræðis. Í samningum skal einnig kveðið á um magn, tegund og gæði þjónustunnar, hvar hún skuli veitt og af hverjum. • Eins og dæmin sanna hefur framkvæmd laganna varðandi aðgengi landsmanna að sérhæfðri heilbrigðisþjónustu ekki alltaf verið í samræmi við ákvæði laga um sjúkratryggingar. • Skilgreina þarf hvaða þjónustu ríkið ætlar að kaupa af sérgreinalæknum og hvaða þjónustu eigi eingöngu að veita á fyrsta stigi heilbrigðisþjónustunnar. Einnig þarf að skilgreina hvaða þjónusta sérgreinalækna skuli veitt inni á háskólasjúkrahúsi. Varðandi hið síðastnefnda má nefna ábendingu McKinsey í áðurnefndri skýrslu frá 2016 um það hvernig þjónusta sérgreinalækna hefur færst frá Landspítala án tillits til þess hvort hún sé betur komin þar eða utan sjúkrahúsa. • Skipuleggja þarf sérfræðiþjónustu hvers heilbrigðisumdæmis út frá þörfum íbúanna. Í því sambandi þarf að skilgreina hvaða þjónustu sérgreinalækna er enn hægt að veita á þeim sjúkrahúsum sem í dag eiga í vök að verjast vegna erfiðleika við að manna stöður sérgreinalækna og annars heilbrigðisstarfsfólks. • Hver verður staðan 2030? ○ Umfang annars stigs þjónustu utan sjúkrahúsa er á hverjum tíma ákveðið í samningum við Sjúkratryggingar Íslands í samræmi við þarfir þeirra sem þurfa á þjónustu að halda. ○ Skýrar reglur gilda um aukastörf heilbrigðisstarfsfólks. ○ Allir notendur heilbrigðisþjónustunnar geta hvenær sem er séð stöðu sína í greiðsluþátttökukerfinu. ○ Sjúkratryggingar Íslands annast alla samningagerð um kaup á heilbrigðisþjónustu fyrir hönd ríkisins, hvort sem um er að ræða þjónustu opinberra eða einkaaðila. ○ Kaup á heilbrigðisþjónustu byggjast á þarfagreiningu og miðast við þarfir íbúanna í landinu. ○ Ef forgangsröðun er nauðsynleg eru sjúklingar með mesta þörf settir í forgang. ○ Við kaup á heilbrigðisþjónustu eru ávallt gerðar nauðsynlegar kröfur um aðgengi, gæði þjónustunnar og öryggi sjúklinga.

		○ Þjónustutengt fjármögnunarkerfi sem byggist á alþjóðlega flokkunarkerfinu DRG hefur verið innleitt við kaup á allri sjúkrahúsþjónustu og sambærilegri þjónustu sem veitt er í einkarekstri utan sjúkrahúsa. ○ Fjármögnunarkerfi heilbrigðisþjónustu hvetja til aukinna gæða, betri heilsu notenda, góðs aðgengis þeirra að þjónustu og kostnaði er haldið í skefjum.
III	**Skýrsla heilbrigðisráðherra – fimm ára aðgerðaáætlun heilbrigðisstefnu 2022-2026.** **Lögð fram á 151. löggjafarþingi 2020-2021.**	Markmið til eins árs: • Umfang annars stigs þjónustu utan sjúkrahúsa verði á hverjum tíma ákveðið í samningum við Sjúkratryggingar Íslands í samræmi við þarfir þeirra sem þurfa á þjónustu að halda. • Skýrar reglur gildi um aukastörf heilbrigðisstarfsfólks sem starfar hjá opinberum stofnunum. Markmið til tveggja ára: • Allir notendur heilbrigðisþjónustunnar geti hvenær sem er séð stöðu sína í greiðsluþátttökukerfinu. Staða greiðsluþátttöku verði sjúklingum aðgengileg í Heilsuveru. Kaup á heilbrigðisþjónustu byggist á þarfagreiningu og miðist við þarfir íbúanna í landinu. Við kaup á heilbrigðisþjónustu verði ávallt gerðar nauðsynlegar kröfur um aðgengi, gæði þjónustunnar og öryggi sjúklinga. Greiðslur til þjónustuveitenda taki tillit til niðurstöðu gæðavísa. Markmið til þriggja ára: • Fjármögnunarkerfi heilbrigðisþjónustu hvetji til aukinna gæða, betri heilsu notenda, góðs aðgengis að þjónustu og stemmt verði stigu við kostnaði. Þarfagreining verði gerð um þjónustu sérgreinalækninga í heild og þjónusta sérfræðilækna utan sjúkrahúsa verði endurskipulögð til að tryggja aðgang allra landsmanna að þjónustunni. Gögn um árangur einstakra þátta í heilbrigðisþjónustunni verði samanburðarhæf milli landsvæða og við árangur annarra þjóða. Samanburður verði gerður reglulega. Skil þjónustuveitenda á árlegu gæðauppgjöri sem sýni niðurstöður umsaminna gæðavísa verði forsenda þess að fullar greiðslur fyrir veitta þjónustu séu inntar af hendi. Markmið til fimm ára: • Gerðar verði skýrar kröfur í samningum við þjónustuveitendur um gæðavísa og hvaða árangri skuli náð. Áætlun embættis landlæknis um gæðaþróun í heilbrigðisþjónustu innleidd í skrefum. Gæðavísar skilgreindir, birtir og gerðar kröfur til veitenda heilbrigðisþjónustu um gæðauppgjör.

Skýrslur, kannanir, úttektir, álitsgerðir o.fl. – texti varðandi sjúkratryggingar

Nr.	Tegund skjals	Texti varðandi Sjúkratryggingar
I	**Ráðgjafafyrirtækið McKinsey & Co**	
a)	Aukin framleiðni og gæði heilbrigðisþjónustu með nýju fjármögnunarkerfi og leiðbeinandi viðmiðum (2020). Skýrsla unnin fyrir heilbrigðisráðuneytið.	• Landspítali hefur hærra hlutfall dag- og göngudeildarsjúklinga með einfaldari heilsufarsvanda (94%) en sjúkrahúsin sem voru til viðmiðunar (um 90%), sem skýrist bæði af fleiri dag- og göngudeildarsjúklingum með einfaldari vandamál sem sækja bráðaþjónustu og einnig fleiri skipulögðum heimsóknum dag- og göngudeildarsjúklinga. Með því að veita þessum sjúklingum úrræði á lægra þjónustustigi, svo sem í heilsugæslu og hjá sérfræðingum, myndi afkastageta spítalans aukast. • Hins vegar virðast um 40% sérfræðilækna á Landspítala vinna í hlutastarfi og um 15% hópsins í minna en hálfu starfshlutfalli. Þessi staðreynd, þ.e. að læknar skipti tíma sínum á milli einkaþjónustu og opinberrar þjónustu, er líkleg til að draga úr skilvirkni og stöðugleika á opinberu sjúkrahúsunum. • Framleiðsla er að aukast hjá sérfræðingum í einkageiranum, eða um 0,5% á ári, mælt í einingum á hvern lækni, en sá mælikvarði tekur bæði tillit til heimsókna og umfangs þjónustunnar.
b)	Lykill að fullnýtingu tækifæra Landspítala – Íslenska heilbrigðiskerfið á krossgötum (2016). Skýrsla unnin fyrir velferðarráðuneytið.	• Í fyrsta lagi skortir heildarstefnu og stýringu á veitingu heilbrigðisþjónustu innan kerfisins. Þjónusta sem áður var veitt á legudeildum hefur færst á einkareknar göngudeildir sjálfstætt starfandi sérfræðinga, einnig á sviðum þar sem samþætt heilbrigðisþjónusta, líkt og veitt er á háskólasjúkrahúsi, er besti kosturinn. • Íslenska heilbrigðiskerfið þarfnast skýrari stefnu með tilliti til hvar og í hvaða magni skuli veita þjónustu. • Tilfærsla heilbrigðisþjónustu frá Landspítalanum á einkastofur sérfræðilækna getur verið jákvæð fyrir kerfið í heild (t.d. með því að tryggja greiðari aðgengi að sérfræðiþjónustu og gera um leið mögulegt að nýta starfsmenn, fjármagn og önnur aðföng á Landspítalanum á annan hátt). Þessi þróun virðist þó ekki hafa átt sér stað með skipulögðum hætti. Engin heildaráætlun er til um dreifingu þjónustu í kerfinu eða innan Landspítalans. Hvorki Landspítalinn eða heilbrigðisyfirvöld hafa sett fram skýra framtíðaráætlun um afköst og stjórnun þeirra. Flutningur þjónustu frá Landspítalanum hefur átt sér stað í flestum sérgreinum, einnig á þeim sviðum þar sem betur færi á því að þungi þjónustunnar væri veittur í samhæfðu umhverfi háskólasjúkrahúss.

		• Þá þarf að sjá til þess að jafnvægi sé milli tekjumöguleika sérfræðilækna innan heilbrigðiskerfisins þannig að ekki sé mikill munur milli tekna á einkastofum og hjá hinu opinbera. Landspítalinn þarf að hafa fleiri sérfræðilækna í fullu starfi. • Landspítalinn og heilbrigðiskerfið allt þarf að fjölga gæðavísum, nota alþjóðlega gæðavísa í auknum mæli og greina frá niðurstöðum gæðamælinga á gagnsæjan hátt. • Umfang starfsemi sérfræðilækna á einkastofum hefur aukist hratt á síðustu árum án skýrrar stefnu, stjórnunar, stýringar verkefna eða eftirlits með gæðum þjónustunnar. Með réttri skiptingu ábyrgðar gæti einkarekstur og Landspítali sameiginlega tryggt sjúklingum samfellda þjónustu af miklum gæðum gegn hóflegum kostnaði. Á hinn bóginn hefur umfang þjónustu færst til á síðustu árum án skýrrar stefnumörkunar. Þannig virðast verkefni hafa færst af Landspítalanum inn á einkastofur án þess að fyrir hafi legið stefna eða ákvarðanir stjórnvalda. Þetta gerist vegna þess hvernig hvatarnir í kerfinu eru settir upp en án þess að slíkt samræmist stefnu stjórnvalda. Undanfarin ár hafa sérfræðilæknar haft fullt frelsi til þess að hefja rekstur og fá greitt frá Sjúkratryggingum Íslands fyrir veitta þjónustu í samræmi við magn. Þá hefur verið lítil sem engin stjórn á umfangi þjónustunnar eða eftirlit með gæðum hennar. Framleiðni virðist mikil á einkastofunum en af framangreindum ástæðum er óljóst hvort veitt þjónusta sé af réttri tegund, miklum gæðum eða nái til réttra sjúklingahópa. • Einkarekstur sérfræðilækna á Íslandi hefur vaxið umtalsvert á síðustu árum, bæði með tilliti til magns og tegundar veittrar þjónustu. Þótt umfang þjónustunnar og gróf flokkun hennar sé skráð (eftir sérfræðigrein og tegund aðgerða) er ekki unnt að greina jafn ítarlega þá starfsemi sem fram fer á einkastofum og mögulegt er á Landspítalanum. Einkastofur nota hvorki DRG-skráningu né beita öðrum ítarlegum skráningaraðferðum. • Þegar þróunin á einkastofunum er skoðuð í samhengi við þróunina á Landspítalanum sést að það er tenging milli minnkandi afkasta á Landspítalanum og aukinna afkasta á einkastofunum. • Á þessu tímabili hefur kostnaður við þjónustu sem veitt er á einkastofum aukist umtalsvert. • Í ljósi þess skorts sem er á ítarlegum gögnum um afköst í einkageiranum er ekki mögulegt að greina skilvirkni sérfræðilækna á einkastofum en hlutfall sjúklinga sem þangað leita er hlutfallslega hátt á Íslandi. Þá er fyrirkomulag einkastofukerfisins þannig að stofurnar hafa hvata til þess að ýta undir mikla notkun á þjónustunni sem þær bjóða. Meðal þessara hvata er fullt frelsi til að hefja rekstur einkastofu, að fá greiðslu fyrir unnin verk án magnstýringar af hálfu kaupandans, skortur á eftirliti og

		auðvelt aðgengi sjúklinga að sérfræðilæknum þar sem engin hliðvarsla/tilvísanaskylda er af hálfu heilsugæslunnar. Þegar ekki liggja fyrir samræmd gögn um veitta þjónustu innan kerfisins er erfitt að meta hvort einkastofurnar veiti rétta tegund þjónustu og í réttu magni. • Það að taka upp sams konar skráningu á þjónustu á Landspítalanum og á einkastofum er ein leið til þess að ná heildstæðri yfirsýn yfir þróun kerfisins. Með samræmdi skráningu væri mögulegt að skilgreina markmið um umfang þjónustu og stýra greiðslum á grundvelli skilgreindra markmiða. • Auk þess þarf að efla notkun gæðavísa til að auka gagnsæi upplýsinga um gæði þjónustunnar innan heilbrigðiskerfisins. Allir veitendur heilbrigðisþjónustu ættu að hafa skýra og vel skilgreinda staðla um hvað, hvernig og hvenær eigi að upplýsa og birta niðurstöður gæðamælinga og setja sér markmið byggð á þeim.Með þessu fyrirkomulagi er hægt að tengja greiðslur gæðum þjónustunnar, t.d. með aukagreiðslum fyrir gæðaþjónustu eða takmörkun á greiðslum vegna endurinnlagna. • Taka skal meðvitaða ákvörðun byggða á staðreyndum um skipulag einkastofa sérfræðilækna. Einkastofur ættu að veita sérfræðilæknisþjónustu einungis á þeim sviðum þar sem kostir þess eru augljósir. Þetta á ekki við um allar sérgreinar því sjónarmið um lágmarksgæði og kostnaðarhagkvæmni leiða til þeirrar niðurstöðu að best sé að veita sumar tegundir sérfræðilæknisþjónustu einungis á háskólasjúkrahúsinu. • Setja skal reglur um samræmda skráningu og innleiða nýtt fjármögnunarkerfi. Setja ætti reglur um samræmda skráningu (byggða á DRG-kerfinu) heilbrigðisþjónustu sem ná jafnt til opinberra aðila og einkaaðila, allt frá heilsugæslu til sérfræðiþjónustu. Í kjölfarið skal nýta þá yfirsýn sem þá fæst til að verðleggja þjónustuna með gagnsæjum hætti á grundvelli DRG-mælinga, sjúklingafjölda og fastra samninga. Þá skulu greiðslur tengdar við skilgreindar gæðakröfur.
II	**Úttekt ráðgjafa-fyrirtækisins Intenta ehf. unnin fyrir fjármála- og efnahagsráðuneytið og Sjúkratryggingar Íslands í samráði við heilbrigðisráðuneytið (2020). Stafræn þróun Sjúkratrygginga Ísland. Stöðumat og tillaga að**	Aðlögun á skipulagi upplýsingatæknimála (UT), innleiðing stjórnkerfis, úrbætur: • Ljóst er á yfirferð þeirra fjölmörgu verkefna sem SÍ stendur frammi fyrir í dag, að þau eru ærin til framtíðar og verkefnið stórt. Umtalsverðar breytingar hafa orðið undanfarin tvö ár sem snúa að bættu skipulagi, betri yfirsýn varðandi úthýsingu verkefna, aukinni aðkomu stjórnenda fagsviða að forgangsröðun og þróun og öruggari gagnarekstri (t.d. GDPR) en betur má ef duga skal. • Verkefnastjórnun af hálfu SÍ hefur verið ágæt en mætti styrkja (svo sem forgangsröðun, gerð kröfulýsinga, annarri skjölun og skipulagi samskipta við birgja). Töluverð vinna

	tæknistefnu og aðgerðum. **Í stýrihópi sátu:** **Frá fjármála- og efnahagsráðuneytinu:** **Einar Birkir Einarsson, sérfræðingur** **Frá Sjúkratryggingum Íslands:** **María Heimisdóttir, forstjóri** **Benedikt Benediktsson, deildarstjóri** **Frá heilbrigðisráðuneytinu:** **Unnur Ágústsdóttir, sérfræðingur** **Arnar Bergþórsson, sérfræðingur** **Frá Intenta ehf.:** **Indriði Freyr Indriðason, verkefnisstjóri** **Arnar Pálsson, ráðgjafi**	hefur verið lögð í gerð svokallaðra botta eða regluvéla en lítil yfirsýn er yfir viðskiptavirkni þeirra. • Staða fjölmargra kerfa er komið í erfiða stöðu, heildarmyndin á köflum óskýr, eftirlit með reikningum sem og greiðslum þyrfti að skoða og bæta, skipulag nokkuð brotið, öryggi gagna ábótavant (t.d. lítið um öryggisúttektir) og framtíðarsýn skortir. • Rekstur og viðhald kerfanna er orðið fyrirferðarmikið þannig að nýþróun á undir högg að sækja. Það þrengist um sóknartækifærin. • Vegna mikilvægi kerfa, hlutverk þeirra meðal starfsfólks, veltu þeirra og flækjustigs er ljóst að lykillinn í því að ná tökum á stöðunni til framtíðar, er að styrkja og byggja upp upplýsingatækni innan stofnunarinnar þannig að markvissari skref séu tekin. • Byggja þarf betur upp stjórnun á upplýsingatækniöryggi með vísan í staðla og aðferða eins og ISO-27001 og ITIL. Huga þarf að því að innhýsa störfum og þeirri ábyrgð sem hefur verið úthýst í núverandi fyrirkomulagi. Byggja þarf upp þekkingu innandyra á kerfum, virkni þeirra og rekstri. • Nauðsynlegt er að búa til öfluga einingu utan um upplýsingatæknimál stofnunarinnar sem mótar og byggir upp betri heildarsýn, vinnur að styrkari rekstri, öflugri þróun, áherslu á öryggismál og skilvirkari upplýsingatækni-verkefnastýringu innan stofnunarinnar. Þessari einingu þarf að vera stjórnað af stjórnanda með skýra stefnu til framtíðar og getu til að fylgja henni áfram í samráði við aðra stjórnendur stofnunarinnar. Stuðningur yfirstjórnar er lykilatriði í árangri. Sérhæfingu innan einingar þarf að styrkja í hlutverkum eins og tæknihögun (e. enterprise architect), rekstrar- og kerfismálum, verkefnastýringu, aðgangsmálum og öryggismálum (öryggisstjóri). • Styrkari stoð hjálpar til við að nýta almennilega þau tækifæri sem felast í upplýsingatækni. Það eitt og sér dugar skammt ef skipulag stofnunarinnar breytist ekki í þá átt að auka ábyrgð og samstarf í vinnulagi. • Einnig er mjög mikilvægt að auka á samstarf upplýsingatæknimála með fagráðuneytinu ásamt því lausnamengi sem að verið er að vinna í og bjóða ríkisstofnunum hjá fjármála- og efnahagsráðuneytinu. Alþjóðlegt samstarf er einnig mikilvægt m.t.t. hugsanlegra lausna og þróunar. • Stefnt er að því að fjárfesting til þriggja ára sé um 56 m.ISK. Meðal fjárfestinga er talinn til kostnaður vegna aukningar starfsfólks hjá SÍ á fyrsta ári sem nemur um 40,4 m.ISK. • Næstu ár er stefnt að því að fjölga starfsmönnum þannig að þeir verði 10,5 talsins á ári 3. Að sama skapi er stefnt að innhýsingu frá þjónustuaðila sem gerist jafnt og þétt næstu ár. Óhjákvæmilega skapast tvöfaldur kostnaður á

		innhýsingartíma sem er talinn vera um 31 m.ISK á ári tvö og 33 m.ISK á ári þrjú. Stefnt er að því að jafnvægi gæti myndast á ári fjögur í samsetningu á milli starfsfólks SÍ og þjónustuaðila og yrði þá áætlaður starfsmannafjöldi um 14. Framgreindar tölur eru settar fram með mikilli óvissu um framkvæmd og kostnaðaráhrif. Uppbygging á stjórnenda- og eftirlitsupplýsingum: • Upplýsingakerfið er komið til ára sinna og hefur lengi verið áætlað að gera nýtt upplýsingakerfi í nýju umhverfi. • Mikil þörf er á að bæta aðgengi að upplýsingum skv. samtölum við sviðs- og deildarstjóra. Meginávinningur slíkra vinnu er að gera gögn að upplýsingum og tölur að tölfræði. • Markviss uppbygging er nauðsynleg m.t.t. að byggja upp gott eftirlitskerfi og auka sýnileika til ákvörðunartöku. • Efla þarf tvennt í stjórnskipulagi SÍ: a) Uppbygging á gagnalagi fyrir innleiðingu á gagnagreiningartólum eins og Microsoft Power BI. Þetta krefst tæknilegrar uppbyggingar sem nú þegar er hafin að einhverju leyti sem þarf rýna. b) Að koma upp greiningaraðilum („hagdeild“) innan SÍ sem þjónustar helstu svið stofnunarinnar sem hefur frumkvæði af því að sinna upplýsingagjöf. Þjónustugáttir, ábyrgð og samræmd uppbygging, samvinna: • Á verkefnaskrá er verkefni við að uppfæra útlit og virkni gáttanna til að þær þjóni betur tilgangi sínum. Ljóst er að skoða þarf þessi mál í ljósi ýmissa annarra verkefna innan fagráðuneytisins (Heilsuvera) og fjármála- og efnahagsráðuneytisins þar sem að island.is hefur verið í þróun sem og Straumurinn (X-road) sem er gagnaflutningslag fyrir upplýsingakerfi og er vistkerfi sem er í senn tæknilegt umhverfi og skipulag og tryggir örugg gagnasamskipti á milli upplýsingakerfa. Á þessi atriði þarf að einblína til að samræma til framtíðar. • Efla þarf skilning á þessu verkefni innan stofnunarinnar og ná tökum á sýninni. Verkefnið krefst utanaðkomandi vinnu verktaka og ráðgjafa, samvinnu við ráðuneytin og uppbyggingar innan SÍ. Verkefnið þarf að vinnast náið með núverandi þjónustuaðila en þó á þann hátt að innhýsa meginvinnunni. Stefnumörkun varðandi greiðsluvirkni, aðlögun í kerfum og eftirlit: • Kerfi SÍ eru lítið sem ekkert sveigjanleg í dag varðandi stýringar á greiðslum vegna reikninga. Virknin er yfirleitt á þann hátt að innsendur reikningur sem stenst formkröfur og eftirlit í gáttum stofnunarinnar er greiddur fljótt. Krafan um rauntímasamskipti varðandi uppfærð réttindi þarf því að skoða m.t.t. þeirrar kröfu sem gerð er til greiðslna til þjónustuveitenda. Í samtölum við

		deildarstjóra kom fram að þeir treysta mikið á þær regluprófanir sem eru gerðar í upphafi en eiga síðan erfitt með að hafa yfirsýn og eftirlit með öðrum þáttum í því eftirliti sem þeim er ætlað að sinna. • Skoða þyrfti alvarlega vinnulag SÍ um hvernig eftirliti er háð á seinni stigum. Tiltölulega einfalt er að stýra greiðslum eftir kerfum og viðskiptamanni en ekki samningum. Stýring eftir samningum kallar á mikla greiningu þar sem reikningsupplýsingar / greiðslur eru ekki tengdar samningi. Einstök kerfi eru að afgeiða greiðslur sem eiga sér uppruna í mörgum samningum. • Ljóst er að markmiðið með breytingum á greiðslum hangir mikið á þeirri staðreynd að bæta þurfi eftirlit með útgreiðslum til þjónustuveitenda. Þótt að tæknilega sé þetta framkvæmanlegt þá þarf að huga vel að öðrum þáttum sem snúa þá aðallega að skipulagi í áhættustýringu, eftirliti á greiðslum, stöðu samninga og aðrar þarfir til eftirlits. • Þessar auknu eftirlitsþarfir og frestun greiðslna kallar einnig á virkari þjónustu og upplýsingagjöf til þjónustuveitenda. Skýra þarf eflaust hluti betur um hvað sé greitt í hverjum bunka, hvað veldur því að greiðslu sé haldið eftir og almennt vinnulag í kringum þessa breytingu. • Markmið með breytingum á greiðslum til þjónustu-veitenda er að bæta skilvirkni í eftirliti auk þess sem að hafa betri yfirsýn yfir fjárflæði SÍ auk betri nýtingu á fjármagni. Alþjóðadeild, úrbætur vinnuferla og aðlögun kerfa: • Talsvert mörg verkefni bíða úrlausnar innan Alþjóðadeildar sem þarf að vinna á næstunni, bæði til að uppfylla alþjóðlegar kröfur og koma öðrum verkefnum til betri vegar kerfislega. Stærsta verkefnið í dag snýr að EESSI (Electronic Exchange of Social Security Information) vegna alþjóðlegra krafna. • Markmið með verkefninu snýr aðallega að því að leysa þarfir EESSI-verkefnisins sem er viðamikið verkefni. En einnig þarf að líta til annarra verkefna innan Alþjóðadeildar sem snúa að því að halda utan um erlenda reikninga og hvernig þeir eru bæði skráðir inn og hvernig eftirliti er háð. • Aukning í umfangi og upphæðum hjá Alþjóðadeild hefur verið mikil undanfarið. Þörfin til utanumhalds hefur að sama skapi aukist samfara og virðist talsvert vera um rekstur „excel-kerfa“ sem bjóða upp á villuhættu, samræmingarleysis við grunnkerfi og talsverða handavinnu. Í raun væri gagnlegast að skoða þarfir deildarinnar m.t.t. nýtingu á upplýsingatækni m.t.t. fólks og ferla. Áætlun tekur mið af því að leysa EESSI-verkefnið en skoða þarf fjárhagsleg áhrif af annarri vinnu sem

		nauðsynlegt er að ráðast í sem snýr að umbótastarfi innan deildarinnar. Stefnumörkun Greiðsluþátttökukerfis, val kerfa og ferlatiltekt: • Greiðsluþátttökukerfið (GTK) var sett í gagnið 1. maí 2017. Kerfið reiknar út sjúklingshluta vegna þjónustu á heilsugæslu, hjá sérfræðingum, þjálfurum, sálfræðingum auk nokkurra annarra aðila að kerfinu. Kerfið byggir talsvert á rauntímasamskiptum, svokölluðum B2B (e. Business to Business) samskiptum. Fyrir liggur að halda áfram þeirri vegferð að koma fleiri kerfum í rauntímasamskipti með það að markmiði að lágmarka handavinnu starfsmanna, koma á betra vinnulagi og koma í veg fyrir leiðréttingar. • Markmið og ávinningur af þessari vinnu virðist vera augljós. Helst ber að nefna það verkefni að koma reikningum sérfræðilækna inn stafrænt. Velta þeirra reikninga árið 2019 var um 11 ma.ISK fyrir um 187 þ. einstaklinga. • Efla þarf innra skipulag UT á þann hátt að vörustjóri innan SÍ sé skipaður og ábyrgð á kerfinu og framþróun ljós. Huga þarf vel að framtíðarskipulagi varðandi gáttir og samskipti út á við, kröfur til reksturs varðandi álag og rekstur, samspil við eftirlit og ekki síst samvinnu við svið stofnunarinnar um framkvæmd. Endurskrift og sameining kerfa: • Flest upplýsingakerfi SÍ er forrituð í Delphi en forritunarmálið er ekki kennt lengur í námi í tölvunarfræðiskólum. • Sífellt erfiðara verður því fyrir þjónustuaðila SÍ að fá nýja forritara til starfa sem hafa gott vald á Delphi þar sem að forritunarmálið er á útleið. Gömlu Delphi forritin þarf að fara að endurnýja sem allra fyrst þótt núverandi virkni sé ekki í hættu. Þetta mun kalla á að talsverða endurskrift sem verður mikið verk sem ekki má vanmeta. • Sjúkratryggingar Íslands reka umfangsmikið upplýsingatækniumhverfi, sem saman stendur af um 60 mismunandi tölvukerfum. Markmið þessa verkefnis virðist í fyrstu snúast um að nútímavæða forritunarmálið en hafa skal það hugfast að samhliða endurskrift þarf að líta til þess að fækka kerfum, einfalda sýnir fyrir notendum, skoða leiðir til að hjúpa helstu virkni í samþættingarlag einhverskonar fyrir stærstu kerfin með framþróun í huga. • Jafnvel þyrfti að skoða leiðir við að aðskilja kerfin á þann hátt að fá nýja þjónustuaðila til að skrifa kerfi eða líta til Norðurlandanna með upptöku á hugsanlega stöðluðum kerfum sem þar eru í rekstri. • Eins og gefið er í skyn hér að ofan verður að leita allra leiða við að einfalda kerfissýn SÍ þar sem að fjöldi kerfa ásamt flækjustigi þeirra eykur í sífellu á rekstur og viðhald

		þeirra. Þróun nýrra leiða og lausna víkur því fyrir sífellt þyngri rekstri innan UT.
III	**Úttekt Capacent á upplýsingakerfum hjá Sjúkratryggingum Íslands. Unnin fyrir fjármála- og efnahagsráðu-neytið (2018).**	• **Skýra þarf ábyrgð og hlutverk** í upplýsingatæknimálum. • **Rekstraráhætta og flækjustig** upplýsingakerfa hefur aukist á síðustu árum með innleiðingu á flóknum reglugerðum og lögum um greiðsluþátttöku, fjölgun kerfa og aukinnar kröfu um rauntímasamskipti við veitendur heilbrigðisþjónustu. • **Styrkja þarf innra starf** varðandi upplýsingatæknimál og að það verði haft að leiðarljósi að byggja upp þekkingu og skapa sterkari stöðu gagnvart birgjum í tengslum við rekstur upplýsingatækniumhverfis, hugbúnaðarþróun og viðhald upplýsingakerfa. • **Auka þarf slagkraft** í tengslum við hugbúnaðarþróun, viðhald og prófana á kerfum stofnunarinnar. • Óskýr hlutverk og ábyrgð í tengslum við upplýsingatæknimál. • Fá stöðugildi beintengd upplýsingatæknimálum. • Stöðugildum við hugbúnaðarþróun og viðhald kerfa fer fækkandi þrátt fyrir að kerfum fer fjölgandi. • Veik staða SÍ gagnvart birgjum, vegna of lítillar þekkingar á virkni kerfa og gögnum sem þau innihalda. • Tæknileg skuld og áhætta í rekstri er að aukast. • Mikið álag er á hugbúnaðarþróunaraðilum/verktökum. • Flóknari regluverk setur meiri kröfur á upplýsingatæknikerfi. • Fjármagn hefur ekki aukist til upplýsingatæknimála þrátt fyrir auknar kröfur. • Mörg verkefni bíða og verkbeiðnir að safnast upp. • Skilgreina þarf eigendur eða ábyrgðaraðilar á gögnum. • Skilgreina þarf upplýsingatæknistefnu. • Skilgreina þarf öryggistefnu. • Engin neyðaráætlun fyrir samfellu í rekstri. • Þörf á að bæta eftirlit með rafrænum kerfum – prófunum og úttektum. • Huga þarf að öryggi gagna og vinnslu upplýsinga í tengslum við persónuverndarlöggjöf (GDPR). • Skjölun og upplýsingum um upplýsingakerfi er ábótavant.
IV	**Embætti landlæknis**	
a)	Könnun Embættis landlæknis (2017) á tíðni aðgerða í einkarekinni þjónustu 2007-2016.	• Niðurstöður þessarar könnunar Embættis landlæknis benda til þess að tíðni þeirra aðgerða sem kannaðar voru sé há miðað við nágrannalöndin og hafi í sumum tilvikum farið vaxandi á síðustu árum. Sú spurning vaknar hvort fjöldi aðgerða sé mögulega tengdur fjölda viðkomandi sérgreinalækna á samningi við SÍ sem framkvæma þessar aðgerðir frekar en að hann sé tengdur þörfum sjúklinga. Þetta hefur einnig komið fram í nýlegri B.Sc. ritgerð frá Læknadeild Háskóla Íslands þar sem línulegt samband var á milli fjölda HNE lækna sem fengu greitt frá SÍ og ársnýgengis hálskirtlataka. Liðspeglanir á hné eru mun

		algengari hér á landi en á Norðurlöndunum og u.þ.b. helmingur þeirra er gerður á einstaklingum eldri en 50 ára þar sem ætla má að um sé að ræða byrjandi slitgigt og þrátt fyrir að vísindagreinar síðustu ára bendi til þess að ávinningurinn af þessum aðgerðum sé vafasamur og geri sennilega meira ógagn en gagn. • Samantekið benda þessar niðurstöður til þess að tíðni þessara fjögurra aðgerða, ristilspeglana, liðspeglana á hné, rörísetninga í miðeyru barna og hálskirtlataka, sé mun hærri hér á landi en í nágrannalöndunum. Embætti landlæknis hefur ekki reynt að meta kostnað við þessar aðgerðir en ætla má að hann skipti hundruðum milljóna. Á sama tíma benda biðlistar hér á landi til þess að hér sé gert of lítið af aðgerðum eins og liðskiptum í mjöðmum og hnjám og e.t.v. öðrum aðgerðum sem fyrst og fremst eru gerðar á opinberum stofnunum. Ástæða er til að ætla að þessi mynd tengist að einhverju leyti ólíkum greiðslukerfum í opinberri og einkarekinni þjónustu eins og bent var á í skýrslu McKinsey. Sérstaklega er þetta umhugsunarvert þar sem raunútgjöld ríkisins til einkarekinnar þjónustu hafa aukist um 40% frá árinu 2010 meðan þau hafa dregist saman til opinberrar þjónustu um 10% samkvæmt nýútkominni skýrslu Ríkisendurskoðunar.
b)	Úttekt landlæknis – Sjálfstætt starfandi geðlæknar. Mat á gæðum og öryggi þjónustu (2016).	• Aðgengi að þjónustu geðlækna er almennt ábótavant. Hjá flestum sjálfstætt starfandi geðlæknum eru langir biðlistar fyrir nýja sjúklinga og sumir eru hættir að taka við þeim, a.m.k. tímabundið nema sérstakar aðstæður séu fyrir hendi og þá einungis eftir tilvísunum frá heimilislækni eða öðrum sérfræðingum. Hjá einum geðlæknanna sem heimsóttur var átti þetta þó ekki við, hvorki var langur biðlisti né krafist tilvísana. Við bætist að vegna eðli þjónustunnar eru endurkomur sjúklinga mun fleiri en hjá öðrum sérgreinalæknum og dæmi eru um að sjúklingar séu í meðferð í allt að tuttugu ár hjá sama sérfræðingi. • Í viðtölunum kom fram að styrkja þyrfti þjónustu heilsugæslunnar við þá sem þjást af geðrænum vanda en það myndi létta á þeirri þjónustu sem veitt er á stofu og þeirri sérhæfðu þjónustu sem LSH og SAk veita. • Geðlæknarnir bentu á að margir einstaklinganna sem þeir sinntu hefðu ekki sérstakan heimilislækni heldur væru einungis skráðir á heilsugæslustöð og nokkrir töldu sig þess vegna ekki geta sent upplýsingar um viðkomandi sjúkling þangað. Það var samdóma álit þeirra að það kæmi niður á meðferðarheldni og eftirfylgd ef viðkomandi sjúklingur hefði ekki fastan heimilislækni. • Varðandi bataferli þá nefndu þeir að annar meðferðarkostnaður gæti verið hindrun, t.d. væri sálfræðiþjónusta ekki greidd af Sjúkratryggingum Íslands (SÍ). • Einnig lýstu þeir áhyggjum sínum af sjúklingum sem búsettir eru utan höfuðborgarsvæðisins en mjög

		takmarkað aðgengi er að sérfræðiþjónustu geðlækna á landsbyggðinni. Fáir geðlæknar eru með stofurekstur utan Reykjavíkur, nema tveir á Akureyri, hins vegar sinna sérfræðingar frá BUGL og geðsviði Landspítalans ráðgjöf varðandi geðheilbrigðismál á ákveðnum stöðum. • Geðlæknar sem rætt var við höfðu ekki gert þjónustukannanir og enginn þeirra var með formlega gæðahandbók og í fæstum tilfellum voru skráðar viðurkenndar faglegar leiðbeiningar varðandi greiningar og meðferð fyrir hendi. Nánast allir notuðu rafræn skráningarkerfisem þó voru mismunandi og nokkrir höfðu aðgang að SÖGU. Mjög mismunandi var hversu mikil áhersla var lögð á að senda læknabréf, sumum fannst það nauðsynlegt en öðrum fannst heppilegra að hringja og ræða við viðkomandi lækni. Sammerkt öllum skráningaformum sem úttektin náði til er að einungis viðkomandi læknir hefur aðgang að færslum sínum í þessu kerfum, ekki aðrir. Það á einnig við um þá sem nota SÖGU. Aðrir meðferðaraðilar geta einungis séð sjúkdóms-greiningar og lyfjaávísanir en ekki skráðar færslur. • Allir geðlæknarnir sem rætt var við eru einyrkjar en sumir þeirra starfa þó í samvinnu við aðra sérfræðinga, svo sem aðra geðlækna, sálfræðinga og heimilislækna. Lítil nýliðun er í hópi sérfræðinga í geðlækningum og meðalaldur þeirra lækna sem eingöngu starfa á stofu er hár. Líklegt er að nokkrir hætti með stofurekstur innan fárra ára og fáir ungir geðlæknar eru sjálfstætt starfandi. Á flestum starfsstofum eru móttökuritarar sem taka á móti sjúklingum, taka skilaboð og gefa stundum nýjan tíma. Fulltrúar Embættis landlæknis gerðu athugasemdir við að í nokkrum tilfellum var ekki krafist undirritunar þagnarheits við ráðningu nýrra starfsmanna. • Meðferðin er hins vegar lítt samhæfð annarri þjónustu og virðist í mörgum tilvikum skorta samfellu og samvinnu við aðrar fagstéttir og heilbrigðisstofnanir. Það helgast meðal annars af því að þeir eru einyrkjar og einnig því að þeir telja að heilsugæslan geti ekki sinnt þeim sem þjást af geðrænum vanda í þeim mæli sem æskilegt er. Skráningarkerfi eru oft ekki samhæfð eða samtengjanleg við önnur sjúkraskrárkerfi og aðrir meðferðaraðilar geta því sjaldnast séð skráðar færslur þeirra og oft á tíðum ekki heldur sjúkdómsgreiningar og lyfjaávísanir sem getur ógnað öryggi sjúklinga. Áhyggjuefni er hve biðtími nýrra sjúklinga eftir meðferð er almennt langur og að ekki er unnt að komast í meðferð án tilvísunar nema hjá einum geðlækni. Einnig er áberandi hversu hátt hlutfall sjúklinga kemur endurtekið til þeirra geðlækna sem heimsóttir voru og er það hlutfall miklu hærra en hjá öðrum sérgreinalæknum.

		• Í fæstum tilfellum voru fyrirliggjandi skráðar viðurkenndar faglegar leiðbeiningar varðandi greiningar og meðferð og gæðahandbók var ekki fyrir hendi. Ábendingar Embættis landlæknis: ○ Auka aðgengi sjúklinga að sérfræðilæknum í geðlækningum. ○ Skrá heilbrigðisupplýsingar á rafrænu formi. ○ Tryggja að rauntíma upplýsingar um sjúklinga séu öðrum meðferðaraðilum aðgengilegar, svo sem með samtengjanlegum skráningarkerfum. ○ Endurskoða meðferðarlengd og skoða möguleika á að útskrifa sjúklinga til annarra meðferðaraðila, svo sem heilsugæslu. ○ Takmarka ekki aðgengi með tilvísunum þar sem þær eru óheimilar samkvæmt samningi sjálfstætt starfandi sérfræðilækna og Sjúkratrygginga Íslands. ○ Taka mið af viðurkenndum faglegum leiðbeiningum um vinnulag við greiningu og meðferð athygilsbrests með ofvirkni. ○ Hafa skráðar viðurkenndar faglegar leiðbeiningar varðandi greiningar og meðferð, t.d. í gæðahandbók. ○ Fylgjast reglubundið með upplýsingum um notkun á ávanabindandi lyfjum í lyfjagagnagrunni Embættis landlæknis og bregðast við eftir þörfum. ○ Ávísa lyfjum rafrænt. Slíkur ávísanamáti er öllum læknum aðgengilegur í gegnum lyfjagagnagrunn Embættis landlæknis. ○ Skrá atvik með formlegum hætti skv. lögum nr. 41/2007 um landlækni og lýðheilsu. ○ Tryggja að starfsfólk skrifi undir þagnarheit við ráðningu. ○ Setja hvatningu til sjúklinga á biðstofum um að ræða ekki það sem þeir verða áskynja varðandi aðra sjúklinga.
V	**Skýrsla starfshóps velferðarráðuneytisins um reynslu af framkvæmd laga um sjúkratryggingar, nr. 112/2008 (2016).** **Í starfshópnum sátu:** **Ragnhildur Helgadóttir, prófessor** **Ása Þórhildur Þórðardóttir, lögfræðingur** **Birgir Jakobsson, landlæknir** **Björn Zoega, læknir og stjórnarformaður SÍ**	Tillögur starfshópsins voru eftirfarandi: • Sama tegund heilbrigðisþjónustu, heilsugæsla, sérfræðiþjónusta og sjúkrahúsþjónusta, verði eftir fremsta megni fjármögnuð með sama hætti, hvort heldur sem hún er í opinberum rekstri eða einkarekstri. • Sjúkratryggingastofnun geri að meginstefnu samninga við heilbrigðisstofnanir, sveitarfélög, sjálfseignarstofnanir og fyrirtæki um veitingu heilbrigðisþjónustu. Samningar við einstaklinga heyri til undantekninga. Fagfélög komi ekki að samningagerð. • Ríkið skilgreini með skýrari hætti hvaða þjónustu er þörf á að kaupa. Þetta er í samræmi við markmið núgildandi laga. Meginstefnan verði að sú þjónusta verði síðan boðin út þar sem skilgreint er magn, gæðakröfur og þau skilyrði sem þjónustuveitandi þarf að uppfylla. • Embætti landlæknis yfirfari kröfulýsingar fyrir útboð. • Í samningum verði hluti greiðslna tengdur við gæðavísa.

		• SÍ og velferðarráðuneytið aðstoði heilbrigðisstofnanir og aðra veitendur heilbrigðisþjónustu við kostnaðargreiningu heilbrigðisþjónustu þar sem tekið er mið af öllum hagrænum kostnaði. • Stjórn SÍ verði annað hvort afnumin eða hlutverk stjórnarinnar og skipting ábyrgðar og boðvalds verði skýrt. Þetta krefst lagabreytinga.
VI	**Skýrsla ráðgjafafyrirtækisins Boston Consulting Group unnin fyrir velferðarráðuneytið (2011). Health Care System reform and short term savings opportunities Iceland Health Care System Project.** **Í stýrihópi sátu:** **Anna Lilja Gunnarsdóttir** **Anna Sigrún Baldursdóttir** **Björn Zoega** **María Heimisdóttir** **Þorvaldur Ingvarsson** **Stefán Þórarinsson** **Steinunn Sigurðardóttir** **Kristján Guðmundsson** **Sveinn Magnússon** **Fjóla Ágústsdóttir**	• Current market rules & gatekeeping: The current reimbursement system for private specialists is fee-for-service and for public providers there is a fixed budget. In combination with no gatekeeping this is causing a continuous increase in private specialist care visits and risks for overconsumption e.g. cataract surgery. Primary care has similar incentives challenges with fee-for-service for private after hours GP´s while the public primary care organization has a large number of organization has a large number of internal challenges (focus has been on the capital region). • The whole private provision model needs to be reviewed and market rules put in place which will secure an optimal provision of the right volume of care. • Current reimbursement model gives the wrong incentives. • Privatization strategy not thought through. • Levers for adjusting competition between providers through adjusting rules of the market; demand, supply etc.
VII	**Ríkisendurskoðun**	
a)	Sjúkratryggingar Íslands sem kaupandi heilbrigðisþjónustu (febrúar 2018). Eftirfylgni 2021 (mars 2022)	• Styrkja verður sjúkratryggingar Íslands sem kaupanda heilbrigðisjónustu. • Sjúkratryggingar Íslands þurfa í samstarfi við velferðarráðuneyti að efla samninga- og greiningadeildir sínar og styrkja fagþekkingu starfsmanna sinna á samningum og kaupum á heilbrigðisþjónustu. Að mati Ríkisendurskoðunar er það forsenda þess að stofnunin geti samið um og keypt heilbrigðisþjónustu í umboði ráðherra á markvissan hátt. • Mikilvægt er að samningar Sjúkratrygginga Íslands um heilbrigðisþjónustu byggi á ítarlegum greiningum á þörfum landsmanna fyrir heilbrigðisþjónustu og tryggi hæfilegt þjónustumagn af viðunandi gæðum. Brýnt er að stofnunin forgangsraði þjónustukaupum sínum til að koma í veg fyrir óhóflegan biðtíma og óhagkvæma nýtingu þess fjár sem varið er til kaupanna. Í þessu skyni

		þarf stofnunin að hafa virkt eftirlit með raunkostnaði þjónustuveitenda og greina ábata og kostnað ólíkra þjónustuleiða í samhengi við heildarhagsmuni sjúkratryggðra og ríkisins. • Ríkisendurskoðun hvetur Sjúkratryggingar Íslands til að þróa og innleiða leiðir til að tryggja gæði og mæla árangur þeirrar þjónustu sem stofnunin semur um kaup á, t.d. í formi gæðavísa. Í þessu augnamiði þarf stofnunin að taka til skoðunar hvort styðjast megi í auknum mæli við klínískar leiðbeiningar og læknisfræðilegar ábendingar þegar teknar eru ákvarðanir um samninga og greiðsluþátttöku. Brýnt er að stofnunin efli eftirlit með þeirri þjónustu sem keypt er og tryggi endurskoðun samninga ef tilefni er til. • Mikilvægt er að Sjúkratryggingar Íslands tryggi markviss og þjóðhagslega hagkvæm kaup á heilbrigðisþjónustu með samningum sínum. Í því sambandi þarf að endurskoða rammasamningsfyrirkomulag vegna kaupa á þjónustu sérgreinalækna utan sjúkrahúsa. Ríkisendurskoðun hvetur stofnunina til að kanna hvort mögulegt sé að semja um þjónustu hverrar sérgreinar fyrir sig með ítarlegum kröfulýsingum sem taka mið af þörfum sjúkratryggðra, markmiðum laga og viðmiðum Embættis landlæknis. • Ríkisendurskoðun telur brýnt að Sjúkratryggingar Íslands þrói áfram samning stofnunarinnar við Landspítala um framleiðslutengda fjármögnun klínískrar þjónustu í góðu samstarfi við spítalann og velferðarráðuneyti. Til mikils er að vinna að samningurinn verði nýttur til að hámarka skilvirkni og hagvæmni spítalans sem einnar af meginstoðum íslensks heilbrigðiskerfis. Að mati Ríkisendurskoðunar er mikilvægt að útboðsleiðir séu nýttar þar sem líklegt er að þær stuðli að aukinni hagkvæmni við kaup á heilbrigðisþjónustu, jafnvel þegar kaupin eru undir viðmiðunarfjárhæðum. Þá stuðla útboð að jafnræði milli þjónustuveitenda. Þó verður að halda til haga að útboðsleiðin gæti reynst erfið vegna fákeppni á sumum sviðum heilbrigðisþjónustu. Samkvæmt 33. gr. laga um opinber innkaup geta stjórnvöld uppfyllt útboðsskyldu sína með gerð rammasamninga. Sjúkratryggingar Íslands hafa nýtt slíkt samningsform, m.a. vegna samninga um þjónustu sérgreinalækna og sjúkraþjálfara utan sjúkrahúsa og vegna tannlækninga barna. Ríkisendurskoðun vekur í því sambandi athygli á að þótt ákvæði laga um opinber innkaup séu uppfyllt með rammasamningum er ekki sjálfgefið að slíkt samningsform nái markmiðum laga um sjúkratryggingar þar sem mikil áhersla er lögð á hagkvæmni og gæði þeirrar þjónustu sem veitt er og aðgengi að henni. • Að mati Ríkisendurskoðunar verður að tryggja að aðkoma heilbrigðisráðherra og velferðarráðuneytis að einstökum

		samningum og samningsgerð Sjúkratrygginga Íslands vinni ekki gegn faglegu sjálfstæði stofnunarinnar og getu hennar til að sinna hlutverki sínu sem sérhæfð stjórnsýslustofnun. Ráðherra getur og ber að hafa áhrif á forsendur samninganna með stefnumörkun sinni á sviði heilbrigðisþjónustu. Þá skipar hann bæði stjórn stofnunarinnar og forstjóra hennar og setur þeim erindisbréf. Innan þessa ramma hefur ráðherra tök á að marka þær forsendur sem stofnunin þarf að haga samningagerð sinni í samræmi við. • Gera þarf úttekt á samningum fyrir lok gildistíma þeirra. • Tryggja þarf faglegt sjálfstæði Sjúkratrygginga Íslands. Ríkisendurskoðun bendir á að fyrrnefnd reglugerð um samninga um heilbrigðisþjónustu kveður í raun ekki bara á um forsendur þeirra heldur líka um verklag við samningsgerð og endurskoðun samninga. Í því samhengi má benda á ónýtta heimild í 3. mgr. 39. gr. laga um sjúkratryggingar um að ráðherra geti sett nánari ákvæði um gerð samninga í reglugerð. Ríkisendurskoðun hvetur velferðarráðuneyti til að endurskoða gildandi reglugerð um forsendur samninga um heilbrigðisþjónustu í þessu ljósi. • Samkvæmt þessu hafa þær breytingar sem lög um sjúkratryggingar áttu að kynna til sögunnar aldrei náð fram að ganga. Sjúkratryggingar Íslands hafa ekki orðið sú stofnun sem tryggt getur markvissa samninga ríkisins um kaup á heilbrigðisþjónustu. Í því sambandi telur Ríkisendurskoðun brýnast að samningarnir fari fram á grundvelli skýrrar heildarstefnu um heilbrigðisþjónustu og ítarlegra þarfa- og kostnaðargreininga. Tryggja verður bæði gæði þjónustunnar og jafnt aðgengi sjúkratryggðra að henni og sjá til þess að þeir séu þjóðhagslega hagkvæmir. • Að mati Ríkisendurskoðunar þarf ráðuneytið að grípa til aðgerða svo að Sjúkratryggingar Íslands geti staðið undir því hlutverki sem stofnuninni er ætlað. Embætti landlæknis ætti t.d. ekki að þurfa að yfirfara kröfulýsingar fyrir útboð á heilbrigðisþjónustu eins og starfshópurinn lagði til þar sem sú þekking ætti að vera til staðar hjá stofnuninni sjálfri. Sé sú ekki raunin þarf að efla faglega getu stofnunarinnar til að takast á við hlutverk sitt á sjálfstæðan hátt. Í þessu sambandi mætti einnig taka til skoðunar hlutverk stjórnar stofnunarinnar og tryggja að hún geti leitt og haft eftirlit með faglegu starfi. • Ríkisendurskoðun minnir á að í athugasemdum við 39. gr. þess frumvarps sem síðar varð að lögum nr. 112/2008 um sjúkratryggingar var gert ráð fyrir því að horfið yrði frá þeirri tilhögun að semja við fagfélög eða stéttarfélög um heilbrigðisþjónustu eins og tíðkast hafði. Slík félög eru enda ekki talin meðal mögulegra viðsemjenda í 39. gr. laganna. Hafa verður í huga að sá þríþætti vandi sem lög

		um sjúkratryggingar áttu að taka á var fólginn í sjálfvirkri aukningu útgjalda, takmörkuðum hvötum til kostnaðaraðhalds og vangetu heilbrigðiskerfisins til að bregðast tímanlega við þörfum notenda. Enginn vafi leikur á vilja löggjafans til að breyta því hvernig væri staðið að samningum um heilbrigðisþjónustu. • Að mati Ríkisendurskoðunar er ljóst að gildandi rammasamningur nær ekki nema að forminu til að uppfylla þær breytingar sem koma átti í kring með lögum um sjúkratryggingar. Hafa verður í huga að mikið vatn hefur runnið til sjávar frá þeim tíma þegar Læknafélag Reykjavíkur var beinn aðili að samningi um þjónustu sérgreinalækna. Sérgreinalæknar voru að mestu einyrkjar og samningur um þjónustu þeirra tók mið af því. Síðan þá hefur starfsemi hluta þeirra þróast sífellt nær því að vera rekstur sérhæfðra heilbrigðisfyrirtækja þar sem margt fagfólk vinnur saman við að veita skjólstæðingum sínum þjónustu. • Ríkisendurskoðun telur að ef gera á gangskör að því að stytta bið eftir þjónustu sérgreinalækna gæti komið til greina að gera þá kröfu í samningum Sjúkratrygginga Íslands að læknar á samningi taki við tilteknu hlutfalli af nýjum skjólstæðingum árlega. • Að mati Ríkisendurskoðunar hefur rammasamningur um lækningar utan sjúkrahúsa ekki verið nýttur til að stuðla að því að sérhæfð heilbrigðisþjónusta standi sjúkratryggðum til boða óháð búsetu. • Óháð því hvort rammasamningur Sjúkratrygginga Íslands um lækningar utan sjúkrahúsa uppfylli einungis að forminu til það skilyrði að ekki sé samið við fag- eða stéttarfélag um heilbrigðisþjónustu telur Ríkisendurskoðun að efast megi um hvort markviss kaup á heilbrigðisþjónustu séu möguleg á grundvelli þess rammasamnings sem er í gildi. Gera verður betur hvað snýr að ákvæðum um magn, gæði og árangur umsamdrar þjónustu. Að teknu tillit til þeirra þátta telur Ríkisendurskoðun óvíst hvort markviss kaup séu möguleg með einum samningi sem tekur til 26 ólíkra sérgreina. • Að mati Ríkisendurskoðunar er mikilvægt að fullnægjandi fagþekking sé til innan Sjúkratrygginga Íslands til að stofnunin geti tekið ákvarðanir um samninga og kaup á heilbrigðisþjónustu án þess að reiða sig um of á fagþekkingu hagsmunaaðila. • Ríkisendurskoðun telur m.a. vandséð hvernig mögulegt er að gera viðhlítandi gæðakröfur um sérhæfða sjúkrahúsþjónustu ef hún er keypt á grundvelli rammasamnings um lækningar utan sjúkrahúsa. • Að mati Ríkisendurskoðunar er mikilvægt að greiðslur Sjúkratrygginga endurspegli raunverulegan rekstrarkostnað og séu í auknum mæli nýttar til að hvetja til gæða og árangurs með innleiðingu á gæðavísum.

		Hvatarnir ættu með öðrum orðum ekki að vera til þess að veita kostnaðarsama þjónustu heldur góða og viðeigandi þjónustu. • Ríkisendurskoðun gagnrýnir það aðhaldsleysi sem ríkt hefur með þennan útgjaldalið (lækniskostnaður SÍ) árum saman og ekkert lát virðist á. • Að mati Ríkisendurskoðunar hefði verið hægt að taka á ýmsum þeim atriðum sem Embætti landlæknis benti á (í úttekt á þjónustu sjálfstætt starfandi geðlækna) með viðeigandi ákvæðum í samningi Sjúkratrygginga Íslands um þjónustuna. Þetta undirstrikar ágalla þess að gera einn rammasamning um þjónustu sérgreinalækna sem starfa á 26 ólíkum lækningasviðum. Með markvissum samningum má setja fram markvissar kröfur. • Ríkisendurskoðun tekur undir þetta mat og telur að niðurstöður landlæknis bendi til að samningar Sjúkratrygginga Íslands séu í þessu tilfelli ekki nægilega markvissir og hagkvæmir. Fjárhagslegur hvati er fyrir sérgreinalækna að framkvæma aðgerðir innan rammasamnings þeirra við Sjúkratryggingar Íslands en engir sambærilegir hvatar eru vegna liðskiptaaðgerða innan sjúkrahúsa. Í þessu tilfelli togast ólík greiðslukerfi innan heilbrigðiskerfisins á um sama starfsaflið sem getur bæði leitt til óvenju mikillar notkunar heilbrigðisþjónustu og óásættanlegra biðlista. Sjúkratryggingar Íslands geta með öðrum orðum ekki treyst því að fjármunum sé vel varið þótt læknar hafi áhuga á að veita tiltekna heilbrigðisþjónustu og einstaklingar að þiggja hana. • Engu að síður verður að huga að þeirri staðreynd að með rammasamningi Sjúkratrygginga Íslands um lækningar utan sjúkrahúsa geti sú staða komið upp að ríkið keppi við sjálft sig, þ.e. sjúkrahús og heilbrigðisstofnanir, um starfskrafta sérgreinalækna. Því er afar mikilvægt að greiðslukerfi, fjárhagslegir hvatar, faglegar kröfur og eftirlit séu samanburðarhæf óháð því hvort um sé að ræða þjónustu ríkisrekinna heilbrigðisstofnana eða þjónustu sem er aflað með samningum Sjúkratrygginga Íslands. Í því tilliti má ætla að samningur Sjúkratrygginga Íslands um framleiðslutengda fjármögnun Landspítala verði jákvætt skref. Eftirfylgni 2021: • Bæði heilbrigðisráðuneyti og Sjúkratryggingar Íslands hafa brugðist við flestum úrbótatillögum Ríkisendurskoðunar. Ýmsum lykilatriðum þarf þó að fylgja betur eftir t.a.m. nýjum samningi um framleiðslutengda fjármögnun Landspítala. • Í einu tilviki er brýnt að Sjúkratryggingar Íslands vinni áfram að úrbótum með hliðsjón af tillögu Ríkisendurskoðunar þar sem enn er ósamið um heilbrigðisþjónustu sérgreinalækna og sjúkraþjálfara.

		Samningaviðræður hafa reynst afar erfiðar en Sjúkratryggingar hafa leitast við að bæta undirbúning og gerð samninga sinna í samræmi við þær áherslur sem komu fram í skýrslu Ríkisendurskoðunar.
b)	Úttekt á upplýsinga-kerfum Sjúkratrygginga Íslands (2018).	Ábendingar: • Sett verði formleg upplýsingatæknistefna. • Þjónustusamningar verði gerðir við rekstaraðila. • Eigandi gagna verði skilgreindur og ábyrgð á gögnum skýr. • Formlegt áhættumat verði gert og endurskoðað reglulega. • Lágmarkskröfur verði settar til þeirra upplýsingakerfa sem senda inn rafræna reikninga. • Lotun í upplýsingakerfum verði fyrir hendi. • Aðgangsheimildir takmarkaðar í raunumhverfi. • Hugað verði betur að staðfestingu á móttöku vöru og þjónustu í rafrænu umhverfi. • Einstök kerfi verði vottuð. Áhættuþættir: • Nýjar reglur innleiddar með stuttum fyrirvara. • Flóknar reglur settar í reglugerðir eða samninga, sem þarf svo að útfæra í upplýsingakerfum. • Hlutverk SÍ í upplýsingatæknimálum innan heilbrigðiskerfisins er óskýrt. • Sérsniðnar tengingar að upplýsingakerfum SÍ. • Fáir starfsmenn innan SÍ að framkvæma viðtökuprófanir á upplýsingakerfum. • Vöntun á skriflegum lýsingum vegna upplýsingakerfa. • Gamalt forritunarmál. • Þörf á endurskrift kerfa á næstu árum. • Óskráð verkefni – nýtt greiðsluþátttökukerfi ekki fullútfært. • Rekstraráhætta upplýsingakerfa hefur aukist með tilkomu rafrænnar þjónustu og svörun í rauntíma. • Vöktun á upplýsingakerfum ófullnægjandi. • Hætta á að SÍ sé ekki upplýstur kaupandi að upplýsingatækniþjónustu. • Treyst á fáa lykilstarfsmenn hjá þjónustuaðilum. • Samhæfð neyðaráætlun ekki til staðar. • Tvöfalt rekstrarumhverfi ekki til staðar. • Hluti upplýsingakerfa ekki í ISO27001 vottuðu rekstrarumhverfi. • Þörf á því að bæta innri eftirlitsaðgerðir með upplýsingakerfum.
c)	Stjórnsýsluúttekt: Geðheilbrigðisþjónusta (mars 2022). Stefna-skipulag-kostnaður-árangur.	• Einnig má benda á að annað stig heilbrigðisþjónustu er tiltölulega lítt skilgreint í lögum um heilbrigðisþjónustu. Þar starfa t.d. sjálfstætt starfandi geðlæknar og sálfræðingar. Fyrrnefndi hópurinn starfar án samnings við Sjúkratryggingar Íslands en almennt er um einyrkja að ræða sem eru í litlu samstarfi sín á milli og við önnur

		þjónustustig og heilbrigðisstéttir. Ekki hefur heldur náðst að semja við sálfræðinga um niðurgreidda sálfræðiþjónustu, líkt og Alþingi hefur samþykkt. Samningar eru þó í gildi um afmarkaða þjónustu gagnvart börnum. Aðgengi að annars stigs geðþjónustu á Íslandi er því skert, bæði vegna kostnaðar sem gerir hana illa aðgengilega efnaminna fólki og vegna langs biðtíma. • Með betri samhæfingu þjónustustiganna þriggja, samræmdu sjúkraskrárkerfi og heildstæðari skilgreiningum á ferlum mætti auka samfellu í þjónustu og skilvirkni. Þannig gætu sjálfstætt starfandi sérfræðingar létt álagi á 1. og 3. stigs þjónustu og stuðlað að aukinni skilvirkni væru samningar við þá í gildi og hlutverk þeirra betur skilgreint. • Því miður er það svo að það nota ekki allir þjónustu-veitendur miðlæga sjúkraskrá, meðal annars sjálfstætt starfandi geðlæknar og sálfræðingar. • Bæta þarf aðgengi að geðheilbrigðisþjónustu. Tryggja þarf tímanlegt aðgengi fólks að geðheilbrigðisþjónustu við hæfi samkvæmt skilgreindum viðmiðum um biðtíma. Mikilvægt er að áfram sé unnið að því að auðvelda og jafna aðgengi fólks að geðheilbrigðisþjónustu, m.a. með því að ljúka samningum við sjálfstætt starfandi geðlækna og sálfræðinga. • Samningaviðræður Sjúkratrygginga Íslands við sérgreinalækna, þar á meðal geðlækna, hafa ekki skilað árangri síðustu þrjú ár. Sérgreinalæknar vilja áframhaldandi rammasamninga og því hefur ekki tekist að semja við eina sérfræðingastétt. Enn er unnið að samningum og ráðuneytið tekur undir athugasemdir Ríkisenduskoðunar um að það sé alls ekki ásættanlegt að vera ekki með samninga við geðlækna. • Samningsleysi fer gegn markmiði laga nr. 112/2008 um sjúkratryggingar, en meginreglan er sú að í öllum tilvikum þurfi að liggja fyrir samningur milli Sjúkratrygginga Íslands og veitenda þjónustu ef til þess á að koma að ríkið greiði hlutdeild í kostnaði við heilbrigðisþjónustu. Greiðsluþátttaka ríkisins samkvæmt reglugerð og gjaldskrá er byggð á undantekningarheimild í 38. gr. laga um sjúkratryggingar til að bregðast við tímabundnu samningaleysi. Ráðuneytið tekur hins vegar einnig undir það með Sjúkratryggingum Íslands að mikilvægt sé að samningar stofnunarinnar um heilbrigðisþjónustu byggi á ítarlegum greiningum á þörfum landsmanna fyrir þjónustunni og tryggi hæfilegt þjónustumagn af viðunandi gæðum. • Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar er fjallað um nauðsyn þess að efla Sjúkratryggingar Íslands sem kaupanda og kostnaðargreinanda heilbrigðisþjónustu. Ráðuneytið er því að beita sér eins og hægt er til að styrkja Sjúkratryggingar Íslands, t.a.m. með auknu fjármagni til

		að efla m.a. samningadeild, eftirlitsdeild og hagdeild stofnunarinnar, svo að hún geti samið og keypt heilbrigðisþjónustu í umboði ráðherra á markvissan hátt líkt og lög um sjúkratryggingar eiga að ná fram. • Embætti landlæknis er sammála því að það skorti betri yfirsýn yfir geðheilsuvanda, aðgengi að og notkun geðheilbrigðisþjónustu. Þá er embættið svo sannarlega sammála því að eyða þurfi lagalegri óvissu um skil á gögnum frá sjálfstætt starfandi sérfræðilæknum til embættisins. Eins og fram kemur í skýrslu Ríkisendurskoðunar stendur yfir endurskoðun á ákvæðum í eftirlitskafla laga um landlækni og lýðheilsu nr. 41/2007. Þessi endurskoðun tekur m.a. til 8. gr. kaflans þar sem fjallað er um heilbrigðisskár, heimildir embættisins til þess að halda slíkar skrár og skyldu heilbrigðisstarfsmanna til þess að skila gögnum í skrárnar og er eitt af markmiðum endurskoðunarinnar að eyða lagalegri óvissu um skil gagna. Vinnunni miðar hægt en er ráðgert að leggja fram frumvarp til breytinga á ofangreindum lögum haustið 2022. • Embætti landlæknis er sammála Ríkisendurskoðun um að til að tryggja samfellda og samþætta þjónustu þarf að auka samvinnu og samhæfingu þjónustuveitenda. Embættið tekur undir að skoða þyrfti hvort æskilegt sé að formbinda skyldur stofnana og þjónustuveitenda til að vinna saman. Slíkt yrði hins vegar að gerast undir forystu þeirra ráðuneyta sem fara með málaflokkana. • Embætti landlæknis tekur undir ábendingar Ríkisendurskoðunar og bendir á mikilvægi þess að þegar samið er er við sérfræðilækna séu settar fram skýrar kröfur um t.d. gæðavísa, innleiðingu gæðaþróunaráætlunar, skráningu í sjúkraskrárkerfi, skil gagna til embættis landlæknis og nauðsynlegt aðgengi annarra að þeim, þar með talið varðandi rannsóknarniðurstöður. • Tengsl sjálfstætt starfandi sérfræðinga við aðra aðila innan geðheilbrigðiskerfisins eru takmörkuð. Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins er t.d. ekki í formlegu samstarfi við sjálfstætt starfandi sálfræðinga eða geðlækna. Ástæðan er sú að erfitt hefur reynst að koma fólki að, þeir sinni almennt ekki bráðatilfellum og eins sé það sjúklingum fjárhagslega þungbært að greiða fyrir þjónustu þeirra sé viðkomandi sérfræðingur ekki á samningi hjá Sjúkratryggingum Íslands varðandi niðurgreiðslu á þjónustu. Samskipti milli heilsugæslu og sjálfstætt starfandi sérfræðinga eru þó oftast tiltæk og aðgengi að gögnum þokkalegt. • Ríkisendurskoðun bendir á að auka megi skilvirkni með samræmdri notkun sjúkraskrárkerfa og betra utanumhaldi með upplýsingum um biðtíma og þjónustuþörf. Sjúkratryggingar Íslands telja sig hvorki geta sett skilyrði

		um notkun samtengdrar sjúkraskrár né þátttöku í miðlægu biðlistakerfi í samningum við sjálfstætt starfandi lækna. Slíkar kröfur falli undir embætti landlæknis. • Að mati Ríkisendurskoðunar hefur Alþingi stigið mikilvægt skref í þá átt að jafna aðgengi fólks að sálfræðiþjónustu. Niðurgreiðsla þessarar þjónustu mun jafnframt styðja við þjónustu heilsugæslustöðva og annarra sjúkrastofnana þar sem álag er mikið og biðlistar viðvarandi. Því er til mikils að vinna að umbæturnar komist sem fyrst til framkvæmda. • Samkvæmt upplýsingum frá heilbrigðisráðuneyti í mars 2022 voru framlög til samninga Sjúkratrygginga Íslands um sálfræðiþjónustu aukin um 150 m.kr. á fjárlögum 2022. Því væru 250 m.kr. sérgreind framlög í fjárlögum til að semja um sálfræðiþjónustu, auk þeirra ca. 45 m.kr. sem þegar renna til samnings um sálfræðiþjónustu barna og ungmenna. Er vonandi að þetta flýti fyrir samningum. • Þjónusta sjálfstætt starfandi sálfræðinga gæti, líkt og þjónusta sjálfstætt starfandi geðlækna, flutt til álag í kerfinu og létt á bæði 1. og 3. stigs þjónustu. Ríkisendurskoðun telur að með betri og heildstæðari skilgreiningum á ferlum hvað snýr að vegferð skjólstæðinga milli þjónustustiga og þjónustuaðila megi tryggja aukna samfellu, samhæfingu og skilvirkni. Færsla sjúklinga á milli stiga yrði fyrir vikið gagnsærri og auðveldari. Þá myndi það þjóna markmiðum stjórnvalda um að rétta þjónustu eigi að veita á réttum stað ef samningar við sjálfstætt starfandi sérfræðinga væru í gildi og hlutverk þeirra í geðheilbrigðiskerfinu vel skilgreint.
d)	Skuldbindandi samningar 2 – velferðarráðuneyti (2011) Eftirfylgni 2015. Eftirfylgni 2018.	• Mikilvægt er að skýrar verklagsreglur gildi um gerð samninga og umsjón og eftirlit með þeim. • Skilgreina þarf hver fer með eftirlit með skuldbindandi samningum, hvað felst í því og hvernig því skuli sinnt. • Skýra þarf eftirlitshlutverk Sjúkratrygginga Íslands og ákveða hvernig samstarfi eftirlitsaðila, þ.e. ráðuneytis, landlæknis, Sjúkratrygginga Íslands og aðkeyptra sérfræðinga, skal háttað. • Samræma þarf upplýsingar um eftirlit og setja því viðeigandi umgjörð. • Jafnframt verður að ákveða hvernig ráðuneytið fylgist með því að eftirlitsaðilar vinni í samræmi við ákvæði samninga og gildandi reglur. • Þá þarf að skilgreina með hvaða hætti ráðuneytið kemur að skuldbindandi samningum stofnana sinna og hvernig það hefur eftirlit með skuldbindingum þeirra Samkvæmt svari velferðarráðuneytis hefur það í samstarfi við Sjúkratryggingar Íslands, sem annast meginhluta þeirra skuldbindandi samninga sem heyra undir málefnasvið þess, unnið að úrbótum á gerð, framkvæmd og eftirliti með samningum um heilbrigðisþjónustu.

		• Sjúkratryggingum Íslands ber að hafa eftirlit með framkvæmd og árangri samninga sinna í samráði við landlækni, sbr. ákvæði 45. gr. laga nr. 112/2008 um sjúkratryggingar. Nánar er kveðið á um eftirlit með samningum um heilbrigðisþjónustu í reglugerð nr. 510/2010. • Í svari ráðuneytisins var tekið fram að í auknum mæli væri einungis greitt fyrir veitta þjónustu af umsömdum gæðum á grundvelli mánaðarlegra greinargerða frá þjónustuveitendum. Markmið þess væri að allir samningar yrðu með þessum hætti eftir því sem fram yndi við endurnýjun þeirra. Að auki væri farið yfir stöðu mála eftir því sem þurfa þætti á mánaðarlegum fundum Sjúkratrygginga Íslands og ráðuneytisins. • Benda má á að í skýrslu Ríkisendurskoðunar Sjúkratryggingar Íslands sem kaupandi heilbrigðisþjónustu (2018) var fjallað um samninga Sjúkratrygginga Íslands um heilbrigðisþjónustu og m.a. bent á tækifæri til úrbóta við framkvæmd, eftirfylgni og eftirlit. Eftirfylgni 2018: • Samkvæmt svari velferðarráðuneytis hefur það í samstarfi við Sjúkratryggingar Íslands, sem annast meginhluta þeirra skuldbindandi samninga sem heyra undir málefnasvið þess, unnið að úrbótum á gerð, framkvæmd og eftirliti með samningum um heilbrigðisþjónustu. Sjúkratryggingum Íslands ber að hafa eftirlit með framkvæmd og árangri samninga sinna í samráði við landlækni, sbr. ákvæði 45. gr. laga nr. 112/2008 um sjúkratryggingar. Nánar er kveðið á um eftirlit með samningum um heilbrigðisþjónustu í reglugerð nr. 510/2010. • Í svari ráðuneytisins var tekið fram að í auknum mæli væri einungis greitt fyrir veitta þjónustu af umsömdum gæðum á grundvelli mánaðarlegra greinargerða frá þjónustuveitendum. Markmið þess væri að allir samningar yrðu með þessum hætti eftir því sem fram yndi við endurnýjun þeirra. Að auki væri farið yfir stöðu mála eftir því sem þurfa þætti á mánaðarlegum fundum Sjúkratrygginga Íslands og ráðuneytisins. • Benda má á að í skýrslu Ríkisendurskoðunar Sjúkratryggingar Íslands sem kaupandi heilbrigðisþjónustu (2018) var fjallað um samninga Sjúkratrygginga Íslands um heilbrigðisþjónustu og m.a. bent á tækifæri til úrbóta við framkvæmd, eftirfylgni og eftirlit.
e)	Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins (apríl 2017)	• Að mati Ríkisendurskoðunar hefur stýring fjárveitinga innan heilbrigðiskerfisins ekki stuðlað að því að Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins sé fyrsti viðkomustaður sjúklinga. Á tímabilinu 2007–16 jukust fjárframlög til hennar einungis um 3% að raunvirði þótt íbúum svæðisins fjölgaði um 11%. Á sama tíma jukust

		útgjöld vegna sérgreinalækninga um 57% að raunvirði vegna aukinnar þjónustu þeirra. • Úttekt Ríkisendurskoðunar leiddi í ljós tiltekinn umboðsvanda vegna ákvarðana um heilbrigðisþjónustu sem geta dregið úr útgjöldum heilsugæslustöðva en auka um leið kostnað annars staðar. Í sumum tilvikum verður heildarkostnaður ríkisins jafnvel hærri fyrir vikið en ella. Dæmi um slíkt eru sérhæfðar rannsóknir sem Sjúkratryggingar Íslands greiða ef sérgreinalæknar óska eftir þeim en Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins greiðir ef hún gerir það. Þetta fyrirkomulag getur hvatt Heilsugæsluna til að vísa skjólstæðingum sínum til sérgreinalækna til rannsókna. Mikilvægt er að velferðarráðuneyti hafi þessi atriði til hliðsjónar þegar settar eru reglur um greiðslur í heilbrigðiskerfinu. • Í þeim samningum sem Sjúkratryggingar gerðu á árinu 2016 við hluthafa einkarekinna heilsugæslustöðva, sem oft eru heimilislæknar, er lagt bann við arðgreiðslum. Öðrum sérgreinalæknum sem starfa samkvæmt samningum við Sjúkratryggingar er áfram heimilt að greiða sér út arð. Ríkisendurskoðun tekur ekki afstöðu til arðgreiðslna í heilbrigðiskerfinu en bendir á að erfitt getur reynst að fylgja eftir banni við slíkum greiðslum. Um leið bendir stofnunin á að það er á ábyrgð Sjúkratrygginga að gera eins hagstæða samninga fyrir ríkið um kaup á heilbrigðisþjónustu og mögulegt er. • Þar sem heilbrigðisþjónusta er stærsti útgjaldaliður ríkisins er að afar mikilvægt að heilbrigðiskerfið sé vel skipulagt og að fólk fái skilvirka og viðeigandi heilbrigðisþjónustu þegar það þarf á henni að halda. Sérstaklega er mikilvægt að þjónustan sé ekki veitt á hærra þjónustustigi en þörf krefur hverju sinni. Óheft aðgengi og veiting einfaldrar þjónustu á öðru og þriðja stigi getur skert aðgengi þeirra sem þurfa nauðsynlega á sérhæfðri þjónustu að halda. Af þessum sökum telur Ríkisendurskoðun æskilegt að hlutverk hvers þjónustustigs í heilbrigðisþjónustunni sé vel skilgreint og aðgengi að hverju stigi betur stýrt en verið hefur. Bætt skipulag felur í sér mikil tækifæri til hagræðingar í heilbrigðiskerfinu. • Skortur á aðgangsstýringum ásamt afkastahvetjandi kerfi á öðru stigi heilbrigðisþjónustu hafa valdið því að kostnaður vegna þjónustu sérgreinalækna hefur aukist verulega. • Þannig má færa rök fyrir því að fjárstýring í heilbrigðiskerfinu hafi til þessa grafið undan því að heilsugæslan sé að jafnaði fyrsti áfangastaðurinn í heilbrigðiskerfinu. Aðgengileg og góð þjónusta er án efa áhrifaríkasta leiðin til að tryggja að heilsugæslan sé að jafnaði fyrsti viðkomustaðurinn í heilbrigðiskerfinu.

		• Við þetta er því að bæta að kerfi sérgreinalækna er hannað þannig að þeir fá greitt eftir afköstum, þ.e. fjölda heimsókna og þeirra verka sem unnin eru, meðan heilsugæslulæknar fá aðallega föst dagvinnulaun. Það eru því fjárhagslegir hvatar fyrir lækna á öðru stigi heilbrigðisþjónustu að veita sem oftast þjónustu. Ofnotkun á heilbrigðisþjónustu getur einnig skapast af hagsmunaárekstrum þeirra sem veita þjónustuna og samfélagsins í heild. Í áðurnefndri skýrslu Boston Consulting Group kom glöggt fram hvernig þjónusta hjartalækna jókst þegar hún var ekki lengur háð tilvísun. • Að mati stofnunarinnar þarf að skilgreina hvaða þjónustu ríkið ætlar að kaupa af sérgreinalæknum og hvaða þjónustu sé eingöngu veitt á fyrsta stigi heilbrigðisþjónustu. Þá væri rétt að halda áfram þeirri vinnu sem velferðarráðuneyti hefur hafið, þ.e. greiningu á því hvaða þjónusta sérgreinalækna ætti að vera háð tilvísun frá heilsugæslunni, sbr. 19. gr. laga um sjúkratryggingar. • Að mati stofnunarinnar þarf að skilgreina hvaða þjónustu ríkið ætlar að kaupa af sérgreinalæknum og hvaða þjónustu sé eingöngu veitt á fyrsta stigi heilbrigðisþjónustu. Þá væri rétt að halda áfram þeirri vinnu sem velferðarráðuneyti hefur hafið, þ.e. greiningu á því hvaða þjónusta sérgreinalækna ætti að vera háð tilvísun frá heilsugæslunni, sbr. 19. gr. laga um sjúkratryggingar.
f)	Þjónustusamningar við öldrunarheimili (2013) Eftirfylgni 2016.	• Ríkisendurskoðun benti velferðarráðuneyti á að því bæri að gera þjónustusamninga við öll öldrunarheimili til að öðlast betri yfirsýn og bæta stjórnun sína á málaflokknum. Ríkisendurskoðun hvatti ráðuneytið einnig til að efla eftirlit sitt með þjónustu og rekstri öldrunarheimila til að tryggja að þessir þættir væru í samræmi við samninga þar um og þær þarfir sem forsendur daggjalda gerðu ráð fyrir. Eftirfylgni 2016: • Ríkisendurskoðun ítrekar ekki ábendingar sínar til velferðarráðuneytis frá árinu 2013 um að gera þurfi þjónustusamninga við öll öldrunarheimili og efla eftirlit með þjónustu þeirra og rekstri. Samningagerð við hjúkrunarheimili og eftirlit með þjónustu þeirra og rekstri eru nú lögbundin verkefni Sjúkratrygginga Íslands. Samkvæmt upplýsingum frá þeirri stofnun liggja fyrir drög að rammasamningi við hjúkrunarheimili sem sinna öldrunarþjónustu. Áætlað er að þeim samningum verði lokið fyrir gerð fjárlaga 2017. Ríkisendurskoðun bendir þó á að samningagerðin hefur gengið of hægt og að nú eru einungis í gildi þjónustusamningar við 7 af 74 öldrunarstofnunum í landinu. Mikilvægt er að hraða þessari vinnu

g)	Sjúkraflug á Íslandi (2013) Eftirfylgni 2016.	• Ríkisendurskoðun benti á að velferðarráðuneyti þyrfti að vanda betur til útboða sjúkraflugs og tryggja að útboðsferlið og samningstíminn stuðluðu að því að hugsanlegir rekstraraðilar ættu raunhæfan möguleika á að undirbúa sig og senda inn tilboð. Í viðbrögðum sínum árið 2013 tók ráðuneytið undir ábendinguna. Það benti á að framkvæmd útboða á sjúkraflugi væri í höndum Sjúkratrygginga Íslands og Ríkiskaupa með aðstoð frá Flugmálastjórn Íslands og Isavia. Vegna athugasemdanna myndi ráðuneytið fara yfir útboðsferlið og gera úrbætur.
h)	Samningar ríkisins vegna sjúkrahótels í Ármúla (2016)	• Samræma þarf samninga Sjúkratrygginga um rekstur og þjónustu sjúkrahótels. Eyða ber því ósamræmi sem er í samningum Sjúkratrygginga um rekstur sjúkrahótels og þá hjúkrunarþjónustu sem þar er veitt. Í samningum stofnunarinnar við Heilsumiðstöðina/Sinnum og Landspítala er skýrt ákvæði um að sjúklingar og aðrir gestir sjúkrahótelsins skuli vera sjálfbjarga með allar athafnir daglegs lífs. Í samningnum við Landspítala er engu að síður tilgreindur hópur sjúklinga sem fellur ekki undir þetta ákvæði en á þó kost á hóteldvöl. • Hinn 29. apríl 2015 óskaði Ríkisendurskoðun eftir upplýsingum frá Sjúkratryggingum Íslands um samninga vegna sjúkrahótelsins í Ármúla en fjallað hafði verið um rekstur þess og starfsemi í fjölmiðlum. Jafnframt því sem Sjúkratryggingar svöruðu fyrirspurninni sendi stofnunin Ríkisendurskoðun formlegt bréf hinn 11. maí 2015 og óskuðu eftir heildstæðri stjórnsýsluúttekt á málefnum sjúkrahótelsins. • Ríkisendurskoðun ákvað að verða við þessari beiðni og afmarkaði úttekt sína við framkvæmd, eftirlit og ávinning þriggja samninga vegna sjúkrahótelsins sem tóku gildi annars vegar 1. mars 2011 og hins vegar 1. mars 2015. Leitast var við að svara eftirfarandi meginspurningum: - Hver er stefna velferðarráðuneytis um sjúkrahótel? - Voru samningar Sjúkratrygginga um sjúkrahótelið í samræmi við útboð? - Eru framkvæmd og eftirlit í samræmi við ákvæði samninganna og hafa þeir skilað ávinningi. • Ríkisendurskoðun telur að í útboðslýsingu hefði þurft að kveða skýrar á um skyldur verkkaupa og verksala, húsnæði, aðbúnað, aukagreiðslur (m.a. efndabætur) og samskipti aðila. Þá hefðu þurft að vera skýrari ákvæði um sjúklinga og aðstandendur þeirra sem sjúkrahótelið var ætlað fyrir. Að mati stofnunarinnar hefði velferðarráðuneyti átt að tryggja sameiginlegan skilning samningsaðila á starfsemi sjúkrahótelsins svo að þeir gætu unnið að sama markmiði. • Að mati Ríkisendurskoðunar hefði verið eðlilegt að Sjúkratryggingar hefðu haft Landspítala með í ráðum við þessar ákvarðanir sem óneitanlega urðu til að spilla

		samskiptum þeirra. Auk þess hefðu forsendur fyrir greiðslu efndabóta þurft að vera skýrari í samningnum. • Að mati Ríkisendurskoðunar er með öllu óásættanlegt að þessar ríkisstofnanir skuli deila um starfsemi sjúkrahótelsins, jafnvel í fjölmiðlum. Mikilvægt er að tekið sé á þessum vanda með viðhlítandi hætti.
i)	Samningamál SÁÁ (2013) Eftirfylgni 2016.	• Í skýrslu sinni frá árinu 2013 hvatti Ríkisendurskoðun Sjúkratryggingar Íslands til að ganga frá samningum við SÁÁ hið fyrsta. Í viðbrögðum sínum við skýrslunni lýstu Sjúkratryggingar sig sammála þeirri niðurstöðu að með lengri þjónustusamningi mætti ná betra verði fyrir aðföng eða stoðþjónustu. Umfang þjónustukaupa Sjúkratrygginga af SÁÁ væru ákvörðuð á sérstökum fjárlagalið í fjárlögum en því til viðbótar veittu samtökin umtalsverða þjónustu sem fjármögnuð væri með öðrum hætti en frá ríkinu. Þó að markmið þáverandi samningaviðræðna hefði verið að semja um heilbrigðisþjónustu til nokkurra ára væri einnig rétt að hafa í huga að samningar Sjúkratrygginga væru almennt með ákvæðum um uppsagnarfrest á samningstíma, t.d. sex mánaða uppsagnarfrest.
j)	Átaksverkefni um tannlækningar fyrir börn tekjulágra forráðamann (2014)	• Ráðuneytið tekur undir þær athugasemdir sem Ríkisendurskoðun gerir í úttekt sinni varðandi mikilvægi þess að sú nýjung sem felst í heimilistannlæknum verði efld. Ráðuneytið hefur nú þegar gert breytingu á reglugerð nr. 451/2013 um þátttöku sjúkratrygginga í kostnaði sjúkratryggðra við tannlækningar, sem miðar að því að styrkja hugtakið heimilistannlæknir enn frekar í sessi. Gert er ráð fyrir að heilsugæslan vinni í samstarfi við tannlækna og SÍ að því að útfæra lausnir varðandi það hvernig brugðist er við þegar barn fær ekki notið nauðsynlegrar tannlæknaþjónustu. • Sjúkratryggingar Íslands hafa kallað eftir auknum fjárheimildum til að styrkja tölvukerfi og eftirlit í tengslum við nýjan samning við tannlækna. Ráðuneytið hefur ítrekað óskað eftir fjárheimildum vegna þess en þær ekki náð fram að ganga. • Að mati ráðuneytisins er nauðsynlegt að koma á öflugu eftirliti með samningnum, en hann felur í sér nýtt fyrirkomulag í tannlækningum barna. Þá er afar brýnt að meta árangur af nýju kerfi með því að kortleggja tannheilsu barna á Íslandi í upphafi samningstíma og fylgjast með framvindunni með reglulegu millibili. • Ráðuneytið mun beita sér fyrir því að fjárheimildir Sjúkratrygginga aukist til að byggja upp eftirlit og til að gera mat á árangri nýs fyrirkomulags mögulegt. Samhliða nýjum samningi um tannlækningar barna hafi því átt að efla fjárhagslegt eftirlit Sjúkratrygginga Íslands, sem og eftirlit með gæðum og árangri af þjónustu tannlækna. Vegna greiðsluþátttöku Sjúkratrygginga Íslands fái stofnunin allar upplýsingar um tannlæknameðferð barna á Íslandi og skrái þær í gagnagrunn.

		• Hins vegar hafi áformuð fjárfesting í eftirlits- og tölvukerfum Sjúkratrygginga Íslands, sem m.a. geri þeim kleift að vinna skýrslur úr þessum upplýsingum, ekki gengið eftir vegna samdráttar í fjárveitingum. Sú fjárfesting sé þó forsenda þess að stofnunin geti haft yfirsýn um tannheilsu barna á hverjum tíma og gert samanburð á árangri tannlækna og kostnaði við þjónustu þeirra. Sem dæmi gæti stofnunin fengið upplýsingar um árangur hvers tannlæknis samanborið við meðaltal allra tannlækna. Fjárfestingin feli í sér lítinn tilkostnað í ljósi þess ávinnings sem hún muni leiða af sér. Öflugt eftirlit með verði og gæðum tannlæknaþjónustu geti sparað ríkinu mikla fjármuni og reynst mikilvægur liður í að bæta tannheilsu barna. • Ríkisendurskoðun hvetur velferðarráðuneyti til að styðja Sjúkratryggingar Íslands í þeirri viðleitni að gera eftirlitskerfi sín þannig úr garði að stofnunin geti sinnt eftirliti sínu með viðunandi hætti.
k)	Viðskipti heilbrigðisyfirvalda við Heimilislæknastöðin ehf (2011) Eftirfylgni 2014.	• Í skýrslu sinni árið 2011 lagði Ríkisendurskoðun áherslu á að gera þyrfti upp fjárskuldbindingar Heimilislækna-stöðvarinnar ehf. vegna samningsins frá 1997 áður en nýr samningur yrði gerður við félagið. Það uppgjör lýtur einkum að lífeyrisskuldbindingum vegna starfsmanna læknastöðvarinnar og endurnýjun á búnaði sem ríkið lagði til og Heimilislæknastöðin ehf. skal halda við og endurnýja. Við uppgjörið skal nýta sérstakan varasjóð sem félagið skal mynda með helmingi af árlegum hagnaði Heimilislæknastöðvarinnar ehf. verði um afgang að ræða. Hinn hlutinn rennur til Heimilislæknastöðvarinnar ehf. • Í skýrslu sinni árið 2011 beindi Ríkisendurskoðun tveimur ábendingum til heilbrigðisyfirvalda: • Hyggist heilbrigðisyfirvöld halda áfram að kaupa þjónustu Heimilislæknastöðvarinnar ehf. ber Sjúkratryggingum Íslands að hraða gerð nýs þjónustusamnings þar um og tryggja að honum sé fylgt. • Verði nýr samningur gerður við Heimilislæknastöðina ehf. ber Sjúkratryggingum Íslands fyrst að gera upp fjárskuldbindingar félagsins vegna samningsins frá árinu 1997. • Ríkisendurskoðun fagnar því að mál hafa færst í rétta átt. Enn hefur þó ekki verið gengið frá uppgjöri fjár-skuldbindinga félagsins vegna samningsins frá 1997 og gerð nýs samnings. Mikilvægt er að undinn verði bráður bugur að því. Til að nýr samningur geti tekið gildi í ársbyrjun 2015 þarf að ljúka málinu fyrir júnílok 2014.

Sjúkratryggingar Íslands

Skúli Eggert Þórðarson ríkisendurskoðandi
Ríkisendurskoðun
Bríetartún 7
105 Reykjavík

Reykjavík, 31. desember 2018.

Efni: Ósk um stjórnsýsluúttekt

Á þeim stutta tíma sem ég hef gegnt stöðu forstjóra Sjúkratrygginga Íslands hef ég leitast við að setja mig inn í starfsemi og starfshætti stofnunarinnar ekki síst til að átta mig á þeim málum sem þarfnast bráðra aðgerða. Við þessa yfirferð hafa nokkur stór mál komið fram sem kalla á skjót viðbrögð af hálfu SÍ en einnig mál sem ég tel að þarfnist nánari skoðunar óháðs aðila.
Rétt er að taka fram að þessi mál eru á verksviði forstjóra en ekki hluti af eðlilegum verkefnum stjórnar enda var henni ekki kunnugt um stöðu þeirra.

1. GDPR
   Því miður skortir verulega á að ný persónuverndarlöggjöf (GDPR) hafi verið innleidd. Vinnsluskrár hafa ekki verið gerðar, vinnslusamningar liggja ekki fyrir né heldur persónuverndarstefna. Nær engin fræðsla til starfsmanna hefur átt sér stað ef frá er talin stutt kynning nú í nóvember. Persónuverndarfulltrúi sem skipaður var fyrr á þessu ári sagði sig frá því hlutverki sl. sumar vegna skorts á stuðningi við verkefnið. Nú liggur fyrir ný verkáætlun miðað við þessa stöðu og felur hún m.a. í sér tímabundna, skilgreinda handleiðslu LEX lögmannsstofu. Þá hefur verið skipaður sérstakur starfshópur til að sinna þessari innleiðingu undir stjórn nýs verkefnastjóra. Aðstoðarmaður forstjóra mun sinna reglulegum samskiptum við hópinn og tel ég málið í ásættanlegum farvegi miðað við aðstæður.

2. Upplýsingatæknimál,
   Á fundi með FJMR í lok nóvember sl. var mér gerð grein fyrir helstu niðurstöðum úttektar ráðuneytisins á stöðu UT mála hjá stofnuninni og er það fyrsta skref í slíkri skoðun meðal opinberra stofnana. Niðurstaðan var í heild býsna neikvæð og komu m.a. fram áhyggjur af óljósri verkaskiptingu milli UT deildar og þróunarstjóra, að fjöldi kerfa væri mikill, flest sér-smíðuð fyrir SÍ og þau töluðu ekki saman. Þá væri bæði þróun og hluta af rekstri UT kerfanna úthýst til eins aðila, Prógramm ehf., sem gerir stofnunina mjög háða þeim um flestar vinnslur auk þess sem öryggi væri ógnað. Aldrei hefur farið fram formlegt útboð á þessari þjónustu. Jafnframt kom fram það álit úttektaraðila að UT mál stofnunarinnar einkenndust í heild af viðbrögðum frekar en skipulagi eða áætlunum, að heildar- og framtíðarsýn í þessum málum skorti og að of mikill tími og kostnaður færi í skammtímalausnir. Kostnaður stofnunarinnar af þessum málaflokki er umfram meðaltal annarra stofnana eða um 15% af rekstri á móti 7% meðaltali annarra stofnana. Í því sambandi má nefna að á árinu 2017 voru greiddar um 180 millj. króna til Prógramms ehf. og svipuð fjárhæð á árinu 2018. Þá skortir mikið á að hugað sé að persónuvernd gagnvart tölvukerfum

og notkun þeirra. Ekki liggja fyrir aðgangsreglur og lítið sem ekkert eftirlit hefur verið haft með aðgangi að hinum ýmsu kerfum.
Fyrirhugað er að FJMR haldi fljótlega sameiginlegan fund með SÍ og VEL þar sem drög þessi verða kynnt. Nú þegar hafa verið gerðar skipulagsbreytingar til að stuðla að aukinni samræmingu og yfirsýn yfir málaflokkinn og munu frekari skipulagsbreytingar verða á nýju ári.

3. Greiningarmál – áætlanir, eftirfylgni og eftirlit,
Stofnunin hefur ákaflega takmarkaða getu til gagnagreininga þrátt fyrir mikla áherslu á það hlutverk í lögum um sjúkratryggingar. Greiningardeild, sem sett var á fót á árinu 2015 var lögð niður í upphafi árs 2018 og engin stefna hefur verið mótuð um greiningarmál, né heldur forgangsröðun eða aðgerðaáætlun.

   Staða þessi er með öllu óásættanleg og tengist að hluta þeim atriðum sem hér að framan hafa verið reifuð. Stofnunin er í viðræðum við velferðarráðuneyti um næstu skref en uppbygging þessarar starfsemi kallar á aukið fjármagn.

4. Mannauðsmál og stjórnun.
Nú í október var framkvæmd árleg starfmannakönnun, sem leiddi í ljós að flestir þættir, aðrir en vinnuumhverfi, eru á niðurleið. Gera má ráð fyrir að óvissa um forystu stofnunarinnar og nýafstaðnir flutningar hafi haft einhver neikvæð áhrif. Stjórnendamat kom illa út og verr en áður. Þau atriði sem starfsmenn töldu mikilvægast að efla meðal stjórnenda voru: stefnumörkun og forgangsröðun, upplýsingaflæði og samráð. Almennt voru menn sáttir við nýtt vinnuumhverfi. Starfsmenn meta álag mjög mikið og kann það að skýrast að hluta til af þeim þáttum sem áður voru nefndir sem veikleikar í stjórnun (stefnumótun o.s.frv.).

   Hlutverk stjórnenda hefur ekki verið vel skilgreint og á það eflaust hlut í þessu neikvæða mati á þeim hópi. Þá liggja starfslýsingar ekki fyrir í öllum tilvikum og eru umboð og ábyrgð stjórnenda nokkuð óljós, hvort heldur litið er til fjárhagslegrar ábyrgðar, mannauðsmála eða faglegra þátta. Fram hefur komið að sviðsstjórar hafi lítið komið að mikilvægum ákvörðunum fyrir stofnunina í heild og skipurit endurspeglar í sumum tilvikum ekki raunverulega ábyrgð og verkaskiptingu. Stjórnendur eru allmargir miðað við starfsmannafjölda og kann það að krefjast endurskoðunar enda margar einingar mjög litlar og kann að vera sóknarfæri í að fækka þeim og stækka.

   Fundum framkvæmdastjórnar með forstjóra hefur nú verið komið í skipulagt horf þar sem fundir eru boðaðir með dagskrá og formleg fundargerð haldin. Þá fundar forstjóri vikulega með æðstu stjórnendum stofnunarinnar og hvetur þá til reglulegs samráðs við sína næst-ráðendur. Verið er að taka saman yfirlit yfir virkar starfslýsingar og huga að starfslýsingum þar sem þær skortir. Aðgerðaáætlun varðandi aðrar úrbætur í mannauðsmálum liggur fyrir í drögum. Stjórn SÍ hefur þegar unnið drög að stefnu fyrir stofnunina og næsta skref er að fara yfir drögin með hliðsjón af heilbrigðisstefnu heilbrigðisráðherra sem nú er í lokafrágangi. Sú vinna verður grunnur að því að endurskoða skipulag stofnunarinnar, verkaskiptingu og ábyrgð stjórnenda í samráði við stjórn.

5. Fjármál,

Svo virðist sem hvorki hafi verið lögð viðeigandi áhersla á fjármálastjórnun í rekstri stofnunarinnar eða umsýslu réttindaflokka. Almennt hefur rekstur stofnunarinnar þó verið í jafnvægi. Fjármálasvið stofnunarinnar hefur einkum haldið utan um rekstur sjálfrar stofnunarinnar en minna komið að umsýslu réttindaflokka. Þá er fjárhagsleg ábyrgð stjórnenda ekki skýr. Ýmis dæmi eru um að farið hafi verið í verkefni án þess að fjárhagsáætlun og fjármögnun væri tryggð og að ekki hafi verið farið í nauðsynlegar aðgerðir til að laga kostnað að fjárheimildum. Almennt virðast fjármál ekki hafa verið rædd að ráði innan stjórnendahópsins.

Áætlanagerð hvað réttindaflokka varðar virðist fremur veikburða og skortur á greiningum gerir það að verkum að erfitt er að fylgja stöðu þeirra nægilega vel eftir. Eftirlit með réttindaflokkum virðist í algeru lágmarki og beitt er tiltölulega grófum aðferðum til að áætla þróun t.d. milli ára. Slík ónákvæmni skapar geysilega óvissu þegar um svo stórar fjárhæðir er að ræða.

Eins og bent er á í skýrslu Ríkisendurskoðunar („Sjúkratryggingar sem kaupandi heilbrigðisþjónustu") nýtast samningar stofnunarinnar ekki nægilega vel til að stýra kostnaði við þjónustu eða til að styðja við eðlilega samkeppni milli veitenda þjónustu. Þá skortir virkt eftirlit með umfangi þjónustu til að leggja mat á hvort umfangið er eðlilegt. Dæmi hér um er að brottnám hálskirtla er margfalt algengara hér á landi en annars staðar á norðurlöndum og var á þetta bent m.a. í nýlegri skýrslu ráðgjafafyrirtækisins McKinsey. Annað dæmi er að svo virðist sem virkan samanburð og aðhald varðandi efniskostnað á stofum sérgreinalækna hafi skort. Fleiri dæmi má nefna svo sem hvernig haldið er utanum ígræði sem sérgreinalæknar nota í starfsemi sinni og fleira sem of langt mál væri að telja upp hér.

Þá hefur ekki verið hugað nægilega að fjárstýringu (cash flow management) og kostnaður við fjárhagslega og viðskiptalega ferla ekki metinn með gagnrýnum hætti. Ekki virðist hafa verið hugað að mögulegri ávöxtun fjármuna eða hagkvæmum viðskiptaferlum heldur er geysileg áhersla lögð á rauntímasamskipti við veitendur þjónustu og þjónusta greidd samdægurs, jafnvel tvisvar á dag vegna samninga sem alls ekki kveða á um slíkt fyrirkomulag. Að minnsta kosti í sumum tilvikum hafa þessar tíðu greiðslur verið ætlaðar til að laða veitendur þjónustu að því að taka upp rafræn samskipti við SÍ og kunna því að eiga rétt á sér út frá því sjónarmiði. Hins vegar gefur þessi áhersla á rauntímasamskipti mjög takmarkað svigrúm til að sannreyna reikninga og gæðameta áður en þeir eru greiddir. Að minnsta kosti hluti bókhalds stofnunarinnar er á greiðslugrunni.

Þá má benda á að þrátt fyrir að fyrrum starfsmaður stofnunarinnar hafi hlotið refsingu fyrir fjárdrátt hjá stofnuninni hafa verkferlar ekki verið endurskoðaðir með nægilega markvissum hætti til að tryggja að slíkt endurtaki sig ekki.

Gerð reikninga og innheimta krafna er heldur ekki í ásættanlegu horfi. Ekki er unnt að útbúa reikninga beint út úr tölvukerfinu og lítil sem engin áhersla hefur verið lögð á að innheimta ofgreiðslur eða aðrar útistandandi kröfur. Í þeim tilvikum sem slíkt hefur komið upp hefur verið látið nægja að senda viðkomandi greiðsluþega ábendingu um ofgreiðsluna með ósk um að hin ofgreidda fjárhæð verði lögð inn á reikning stofnunarinnar. Þá er formleg innri endurskoðun ekki til staðar. Staða fjárhagslegra ferla innan stofnunarinnar krefjast gagngerrar endurskoðunar einkum hvað réttindaflokka varðar.

Sjúkratryggingar Íslands

Eins og ég nefndi í upphafi bréfs míns, er ofangreind lýsing byggð á reynslu minni eftir aðeins nokkurra vikna starf hjá stofnuninni. Fleira mætti eflaust telja hér til. Flest ofangreindra atriða eru að mínu mati alvarleg og samræmast ekki þeim kröfum sem gerðar eru til stofnunarinnar. Út frá þessari stöðu tel ég mikilvægt að fá óháða úttekt á stjórnun stofnunarinnar, einkum hvað varðar fjárhagslega ferla og umsýslu stofnunarinnar með þeim réttindaflokkum almannatrygginga sem hún ber ábyrgð á.
Af samtölum mínum við stjórnendur liggur fyrir að þeir hafa í mörgum tilvikum reynt að færa ofangreind atriði til betra horfs en ekki fengið stuðning við það. Ég hef upplýst stjórn stofnunarinnar um þau atriði sem ég geri að umtalsefni í þessu bréfi en hún hafði ekki upplýsingar um þau áður og ofangreind atriði eru að sjálfsögðu ekki meðal þeirra verkefna sem stjórn er almennt ætlað að sinna.

Virðingarfyllst,

María Heimisdóttir forstjóri

Afrit: Svandís Svavarsdóttir, heilbrigðisráðherra
Brynhildur Björnsdóttir, formaður stjórnar Sjúkratrygginga Íslands

RÍKISENDURSKOÐUN

Sjúkratryggingar Íslands sem kaupandi heilbrigðisþjónustu

Eftirfylgni 2021



Mars 2022

Efnisyfirlit

Inngangur **3**

Niðurstöður **4**

Sjúkratryggingar Íslands sem kaupandi heilbrigðisþjónustu **5**

Úrbótatillögur til velferðarráðuneytis (nú heilbrigðisráðuneyti) 5

Úrbótatillögur til Sjúkratrygginga Íslands 7

Inngangur

Í samræmi við viðurkennda endurskoðunarstaðla fyrir opinbera aðila fylgir Ríkisendurskoðun eftir niðurstöðum stjórnsýsluúttekta sinna eftir því sem við á, sbr. 9. gr. laga nr. 46/2016 um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga. Tilgangur slíkrar eftirfylgni er að kanna hvort þeir annmarkar sem úttektir leiða í ljós séu enn til staðar og hvort tillögur ríkisendurskoðanda til úrbóta hafi náð fram að ganga.

Niðurstöður

Úttektin var unnin að frumkvæði Ríkisendurskoðunar. Í skýrslu stofnunarinnar voru settar fram sjö tillögur til útbóta; þar af var tveimur beint til velferðarráðuneytis (nú heilbrigðisráðuneyti) og fimm til Sjúkratrygginga Íslands. Bæði heilbrigðisráðuneyti og Sjúkratryggingar Íslands hafa brugðist við flestum úrbótatillögum Ríkisendurskoðunar. Ábyrgðarskil og verkaskipting heilbrigðisráðuneytis og Sjúkratrygginga Íslands er skýrari og Alþingi hefur samþykkt heilbrigðisstefnu til ársins 2030. Sjúkratryggingar hafa styrkt starfsemi sína hvað snýr að undirbúningi, gerð og eftirfylgni með samningum. Ýmsum lykilatriðum þarf þó að fylgja betur eftir t.a.m. nýjum samningi um framleiðslutengda fjármögnun Landspítala.

Í einu tilviki er brýnt að Sjúkratryggingar Íslands vinni áfram að úrbótum með hliðsjón af tillögu Ríkisendurskoðunar þar sem enn er ósamið um heilbrigðisþjónustu sérgreinalækna og sjúkraþjálfara. Samningaviðræður hafa reynst afar erfiðar en Sjúkratryggingar hafa leitast við að bæta undirbúning og gerð samninga sinna í samræmi við þær áherslur sem komu fram í skýrslu Ríkisendurskoðunar.

Sjúkratryggingar Íslands sem kaupandi heilbrigðisþjónustu

Í skýrslunni *Sjúkratryggingar Íslands sem kaupandi að heilbrigðisþjónustu* (febrúar 2018) gerði Ríkisendurskoðun grein fyrir niðurstöðum stjórnsýsluúttektar á frammistöðu Sjúkratrygginga Íslands við kaup á heilbrigðisþjónustu. Skýrir annmarkar reyndust vera á starfsumhverfi, starfsemi og starfsháttum stofnunarinnar hvað varðar gerð, framkvæmd og eftirlit með nokkrum kostnaðarsömustu samningum stofnunarinnar um heilbrigðisþjónustu. Efast mætti um hvort samningarnir væru í öllum tilvikum hagkvæmir eða stuðluðu að skilvirkni heilbrigðiskerfisins í heild. Viðhlítandi stefnumörkun um kaup stofnunarinnar á heilbrigðisþjónustu, sbr. ákvæði bæði laga nr. 40/2007 um heilbrigðisþjónustu og laga nr. 112/2008 um sjúkratryggingar, var ekki fyrir hendi. Greina mátti togstreitu milli lykilstofnana heilbrigðiskerfisins og fagleg geta stofnunarinnar var vafa undirorpin. Niðurstaða Ríkisendurskoðunar var að kaup Sjúkratrygginga Íslands á heilbrigðisþjónustu gætu vart talist markviss líkt og lög um sjúkratryggingar hafa að markmiði. Ríkisendurskoðun beindi tveimur tillögum til úrbóta til velferðarráðuneytis (nú heilbrigðisráðuneyti) og fimm til Sjúkratrygginga Íslands.

Úrbótatillögur til velferðarráðuneytis (nú heilbrigðisráðuneyti)

Fyrri tillagan í garð ráðuneytisins sneri að mörkun heildstæðrar stefnu um heilbrigðisþjónustu:

> **Tillaga til úrbóta 2018:** Velferðarráðuneyti þarf að marka heildstæða stefnu um heilbrigðisþjónustu sem Sjúkratryggingar Íslands geta byggt á við samninga um kaup á heilbrigðisþjónustu. Ákveða þarf hvaða þjónustu heilbrigðisstofnanir ríkisins eiga að veita og hvaða þjónustu á að kaupa af öðrum aðilum og í hvaða magni. Út frá þeirri stefnumörkun þarf ráðuneytið að sjá til þess að Sjúkratryggingar Íslands og aðrar lykilstofnanir heilbrigðiskerfisins vinni á samhæfðan hátt að settum markmiðum.

Í viðbrögðum ráðuneytisins árið 2018 var tekið undir tillögu Ríkisendurskoðunar og greint frá að vinna við mótun heilbrigðisstefnu væri hafin. Hluti þeirrar vinnu væri að skýra nánar hver gerir hvað innan heilbrigðisþjónustunnar. Í því skyni væri í samstarfi við Embætti landlæknis og Sjúkratryggingar Íslands unnið að greiningu á þeirri læknisþjónustu sem veitt er á heilbrigðisstofnunum og hjá sjálfstætt starfandi læknum samkvæmt samningi við Sjúkratryggingar Íslands. Starfshópi væri ætlað að skila skýrslu til ráðherra á fyrri hluta árs 2018.

Við eftirfylgni Ríkisendurskoðunar árið 2021 vísaði heilbrigðisráðuneyti til þess að þingsályktun um heilbrigðisstefnu til ársins 2030 nr. 29/149 hefði verið samþykkt í júní 2019. Í henni væri m.a. fjallað um verkaskiptingu innan heilbrigðiskerfisins og þjónustukaup. Stefnunni og þeim aðgerðaáætlunum sem lagðar hafa verið fram af hálfu ráðherra á grundvelli hennar er ætlað að taka á þeim veikleikum sem Ríkisendurskoðun benti á. Taka má fram að bæði í greinargerð tillögu til þingsályktunar um heilbrigðisstefnu og í stefnunni sjálfri er vísað til niðurstaðna og

tillagna Ríkisendurskoðunar. Í stefnunni er bæði fjallað um hlutverkaskiptingu einstakra aðila innan heilbrigðiskerfisins og skilvirk þjónustukaup af hálfu Sjúkratrygginga Íslands.

> **Hvað hefur gerst:** Heilbrigðisstefna fyrir íslenska heilbrigðisþjónustu til ársins 2030 var samþykkt á Alþingi árið 2019. Stefnan ásamt aðgerðaráætlun fjallar um forsendur og áfanga varðandi verkaskiptingu milli stofnana og skilvirk þjónustukaup. Þótt hvorki stefnan né aðgerðaáætlanir skeri úr um hvaða tilteknu þjónustu og í hvaða magni eigi að afla með samningum við sjálfstætt starfandi lækna eru forsendur samningagerðar Sjúkratrygginga Íslands öllu skýrari en áður.

Önnur ábending til velferðarráðuneytis varðaði verkaskiptingu og skilgreiningu á hlutverkum ráðuneytisins annars vegar og Sjúkratrygginga Íslands hins vegar við undirbúning og gerð samninga. Dæmi hefðu verið um að ráðuneytið hafi gert samninga án aðkomu stofnunarinnar eða hafi einhliða ákvarðað forsendur samninga.

> **Tillaga til úrbóta 2018:** Velferðarráðuneyti þarf að skerpa á verkaskiptingu og ábyrgðarskilum sínum og Sjúkratrygginga Íslands við gerð samninga um heilbrigðisþjónustu. Styðja þarf við stofnunina sem faglegan samningsaðila kaupanda heilbrigðisþjónustu á grundvelli heildstæðrar stefnumörkunar ráðuneytisins. Í þessu sambandi þarf að endurskoða reglugerð nr. 510/2010 og kanna hvort efla þurfi stjórn stofnunarinnar og fela henni aukna ábyrgð á stefnumörkun, ákvörðunum og eftirliti með starfsemi hennar.

Í viðbrögðum ráðuneytisins árið 2018 var tekið undir tillögu Ríkisendurskoðunar um að skerpa þyrfti á verkaskiptingu og ábyrgðarskilum við gerð samninga um heilbrigðisþjónustu. Fram kom að á síðustu misserum áður en skýrslan kom út hafði verið unnið að því að skýra verklag á milli stofnananna og að ráðuneytið myndi halda þeirri vinnu áfram í samstarfi við Sjúkratryggingar Íslands. Ráðuneytið myndi í því sambandi taka til skoðunar þær athugasemdir og ábendingar Ríkisendurskoðunar sem komu fram í skýrslunni.

Við eftirfylgni Ríkisendurskoðunar árið 2021 kom fram í svörum heilbrigðisráðuneytis að skerpt hafi verið á verklagi og verkaskiptingu milli ráðuneytisins og Sjúkratrygginga Íslands og að ráðuneytið telji það nú vera í góðu samræmi við ákvæði laga um sjúkratryggingar. Heilbrigðisráðuneyti útbúi samningsmarkmið í samræmi við stefnu og forgangsröðun ráðuneytisins í viðkomandi málaflokki og sendi til stofnunarinnar í aðdraganda samningsgerðar. Samningsumboðið liggi svo hjá stofnuninni sem semur við þjónustuveitendur í samræmi við markmið ráðuneytis. Eftirlit og úttektir á framkvæmd samninga liggi hjá Sjúkratryggingum Íslands, sem sendi sínar niðurstöður til ráðuneytis í aðdraganda þess að samningar renna út. Nánari útfærsla á þessu verklagi sé jafnframt endurskoðuð reglulega til að efla gæði starfsins, bæði hjá ráðuneyti og sjúkratryggingum.

Þá kom fram í svörum ráðuneytis að það hafi styrkt Sjúkratryggingar Íslands með margvíslegum hætti frá árinu 2018, m.a. með auknum fjárframlögum og að stofnunin hafi breytt innra skipulagi í því skyni að styrkja samingagerð sína og eftirlit með samningum. Einnig vísaði ráðuneytið til þess að í samráðsgátt stjórnvalda hafi þann 7. september 2021 verið lögð fram

drög að breytingum á reglugerð nr. 510/2010 um samninga um heilbrigðisþjónustu sem veitt er utan heilbrigðisstofnana sem ríkið rekur. Í drögunum eru lagðar til breytingar sem ætlað er að skerpa á verkaskiptingu heilbrigðisráðuneytis og Sjúkratrygginga Íslands við gerð samninga. Vegna þess að komið er inn á samspil laga um sjúkratryggingar og laga um opinber fjármál er ráðuneytið í samstarfi við fjármála- og efnahagsráðuneyti um umræddar breytingar.

Jafnframt er stefnt að frekari vinnu innan heilbrigðisráðuneytis í þessum efnum. Er í drögum að starfsáætlun ráðuneytisins fyrir árið 2022 gert ráð fyrir að vinna að því að úttektir Sjúkratrygginga Íslands vegna samninga feli ávallt í sér mat á aðgengi, gæðum og öryggi, að forgangsröðun hjá ráðuneytinu varðandi samninga um heilbrigðisþjónustu verði skýrari. Eins fari um forgangsröðun þjónustu, s.s. varðandi biðlista. Einnig er í drögunum fjallað um þarfagreiningu á þjónustu, s.s. varðandi samninga við sérgreinalækna.

Hvað hefur gerst: Skerpt hefur verið á verklagi og verkaskiptingu milli heilbrigðisráðuneytis og Sjúkratrygginga Íslands hvað snýr að samningagerð um kaup á heilbrigðisþjónustu. Í því skyni hafa verið lögð drög að breytingum á reglugerð nr. 510/2010 sem voru birt í samráðsgátt stjórnvalda í september 2021. Ráðuneytið hefur leitast við að styrkja stofnunina faglega, m.a. með auknum fjárframlögum.

Úrbótatillögur til Sjúkratrygginga Íslands

Ríkisendurskoðun beindi fimm tillögum til úrbóta til Sjúkratrygginga Íslands. Sú fyrsta varðaði nauðsyn þess að styrkja stofnunina hvað sneri að gerð og eftirliti með samningum sínum og að stjórn stofnunarinnar mótaði langtímastefnu í samræmi við ákvæði laga um sjúkratryggingar. Án skýrrar stefnu hefðu kaup og samningar stofnunarinnar um heilbrigðisþjónustu fyrst og fremst ráðist af áherslum fjárlaga hvers árs, tímabundnum átaksverkefnum og úrlausn tilfallandi vandamála hverju sinni. Sú staða hefði haft neikvæð áhrif á þróun heilbrigðiskerfisins í heild.

Tillaga til úrbóta 2018: Sjúkratryggingar Íslands þurfa í samstarfi við velferðarráðuneyti að efla samninga- og greiningadeildir sínar og styrkja fagþekkingu starfsmanna sinna á samningum og kaupum á heilbrigðisþjónustu. Að mati Ríkisendurskoðunar er það forsenda þess að stofnunin geti samið um og keypt heilbrigðisþjónustu í umboði ráðherra á markvissan hátt. Í því sambandi verður stjórn stofnunarinnar að marka langtímastefnu.

Í viðbrögðum Sjúkratrygginga Íslands árið 2018 kom fram að stofnunin væri því sammála að það þyrfti að styrkja og efla samninga- og greiningardeildir hennar. Að hennar mati hefðu fjárveitingar ekki verið nægar og uppbygging stofnunarinnar ekki orðið í samræmi við þær áætlanir sem lágu til grundvallar þegar henni var komið á fót í núverandi mynd með lögum nr. 112/2008 um sjúkratryggingar.

Þegar Ríkisendurskoðun fylgdi tillögunni eftir árið 2021 vísaði stofnunin til nokkurra ráðstafana sem gripið hafi verið til. Árið 2019 var forstjóra falið af stjórn Sjúkratrygginga Íslands að leggja fram drög að langtímastefnu stofnunarinnar á grundvelli nýrrar heilbrigðisstefnu stjórnvalda. Eftir undirbúningsvinnu staðfesti stjórn Sjúkratrygginga langtímastefnu stofnunarinnar í maí

2020 ásamt tillögum að aðgerðum til að innleiða hana. Meðal helstu aðgerða var endurskoðun á skipulagi stofnunarinnar, m.a. með hliðsjón af ítarlegri greiningu á verkefnum hennar og starfseiningum. Nýtt skipulag var staðfest af stjórn þann 24. september 2020 og tók gildi 1. janúar 2021. Tilgangur skipulagsbreytinganna var fyrst og fremst að laga stofnunina að því hlutverki sem henni er ætlað samkvæmt lögum og heilbrigðisstefnu en einnig að bregðast við þeim ábendingum sem fyrir lágu um helstu veikleika hennar, bæði frá Ríkisendurskoðun og öðrum aðilum. Loks lá fyrir að í eldra skipulagi fólst ákveðið óhagræði þar sem stjórnunar-einingar voru margar og sumar mjög litlar. Með nýju skipulagi fækkaði stjórnendum úr 23 í 16 og stjórnunarkostnaður lækkaði því nokkuð. Ábyrgð og umboð stjórnenda voru skýrð. Jafnframt urðu til stærri og skilvirkari einingar en sú breyting stuðlar einnig að fjárhagslegu hagræði.

Með nýju skipulagi voru verkefni samningadeildar skýrð og samningadeild fékk aukið svigrúm til að sinna samningagerðinni sjálfri. Tölulegar úttektir samninga voru fluttar frá deildinni til nýrrar hagdeildar. Fjöldi stöðugilda í samningadeildinni er nú 6 en var 5 árið 2018. Auk þessarar fjölgunar hefur þekking stofnunarinnar á opinberum innkaupum verið efld með aðkomu sérfræðings á því sviði á skrifstofu forstjóra en sá aðili styður við vinnu samningadeildar, einkum í flóknari verkefnum. Gefnir hafi verið út almennir samningsskilmálar stofnunarinnar sem staðfestir eru af heilbrigðisráðherra og eru hluti allra samninga stofnunarinnar. Í þeim koma fram grundvallarkröfur stofnunarinnar til samningsaðila og annað það sem almennt skal gilda um þá þjónustu sem stofnunin semur um. Með tilkomu skilmálanna er samningagerð einfölduð og samræmd. Innkaupastefna stofnunarinnar liggur fyrir í drögum en þar er fjallað um þær forsendur sem liggja til grundvallar innkaupaferlum í hvert sinn, með hvaða hætti staðið verður að innkaupum í hvert sinn og helstu sjónarmið sem eru lögð til grundvallar vali á viðsemjendum. Er stefnunni ætlað að auka jafnræði og gagnsæi við kaup stofnunarinnar á heilbrigðisþjónustu.

Stofnuð hefur verið eftirlitsdeild með þremur starfsmönnum en áður var engin formleg eftirlitseining innan stofnunarinnar heldur var eftirliti sinnt af einstökum starfsmönnum eftir því sem tími þeirra leyfði. Þessi eining léttir ákveðnum verkefnum af samningadeild auk þess að leggja grunninn að eftirlitsstarfsemi Sjúkratrygginga Íslands til framtíðar. Stofnunin telur mikilvægt að fjölga heilbrigðisstarfsmönnum í deildinni, ráða lögfræðing og endurskoðanda. Á þeim stutta tíma sem deildin hefur starfað hefur hún borið kennsl á fjölþætt frávik í skráningu, reikningagerð og upplýsingaskilum. Þær endurkröfur sem gerðar hafa verið á grundvelli þessa nema hærri fjárhæðum en rekstrarkostnaður deildarinnar, hins vegar skili ábatinn af endurkröfunum sér ekki til stofnunarinnar heldur inn á viðkomandi fjárlagaliði sjúkratrygginga. Deildin hefur einnig borið kennsl á klínísk frávik í þjónustu og unnið náið með embætti landlæknis að slíkum málum.

Hvað hefur gerst: Stjórn Sjúkratrygginga Íslands hefur staðfest langtímastefnu stofnunarinnar ásamt tillögum að aðgerðum til að innleiða hana sem er í samræmi við heilbrigðisstefnu stjórnvalda. Skipulagi stofnunarinnar var breytt frá og með árinu 2021. Verkefni samningadeildar hafa verið skýrð og deildinni veitt aukið svigrúm til að sinna samningagerðinni sjálfri. Ný eftirlitsdeild fylgist með starfsemi samningsaðila og þeirra þjónustuveitenda sem þiggja greiðslur frá stofnuninni.

Önnur tillaga Ríkisendurskoðunar til Sjúkratrygginga Íslands varðaði undirbúning samninga m.t.t. þarfagreininga og forgangsröðun þjónustukaupa:

> **Tillaga til úrbóta 2018:** Mikilvægt er að samningar Sjúkratrygginga Íslands um heilbrigðisþjónustu byggi á ítarlegum greiningum á þörfum landsmanna fyrir heilbrigðisþjónustu og tryggi hæfilegt þjónustumagn af viðunandi gæðum. Brýnt er að stofnunin forgangsraði þjónustukaupum sínum til að koma í veg fyrir óhóflegan biðtíma og óhagkvæma nýtingu þess fjár sem varið er til kaupanna. Í þessu skyni þarf stofnunin að hafa virkt eftirlit með raunkostnaði þjónustuveitenda og greina ábata og kostnað ólíkra þjónustuleiða í samhengi við heildarhagsmuni sjúkratryggðra og ríkisins.

Árið 2018 bentu Sjúkratryggingar Íslands á að forsenda góðrar þjónustu og árangurs í rekstri sé að þjónustan sé skilgreind út frá hagsmunum hinna sjúkratryggðu og að þar með sé tryggt að þeir hafi greiðan aðgang að samfelldri og áreiðanlegri heilbrigðisþjónustu á grundvelli gagnreyndrar læknisfræði. Þetta væri forsenda þess að mörkuð stefna nái fram að ganga, þ.e. að fjármagn fylgi sjúklingum og að heilbrigðisstofnanir fái fjármagn í samræmi við þörf og fjölda verka. Því væri afar mikilvægt að aðgreina nauðsynlega stefnumótun vegna þessa verkefnis frá þeirri stefnumótun sem ríkinu bæri að marka sem rekstraraðila stærstu heilbrigðisstofnananna og lýtur að því að skipuleggja samstarf og innbyrðis verkaskiptingu sinna eigin stofnana. Samningar og þjónustukaup stofnunarinnar byggðu á stefnumörkun ráðherra, sem jafnframt væri heimilt að grípa til nauðsynlegra ráðstafana til að framfylgja þeirri stefnu, m.a. hvað varðar skipulag heilbrigðisþjónustunnar, verkefni og umfang einstakra stofnana, svo og forgangsröðun verkefna innan heilbrigðiskerfisins. Stofnunin var því sammála að nauðsynlegt væri að hafa virkt eftirlit með raunkostnaði þjónustuveitenda og greina ábata og kostnað ólíkra þjónustuleiða í samhengi við heildarhagsmuni sjúkratryggðra og ríkisins.

Við eftirfylgni Ríkisendurskoðunar 2021 kom fram að með nýju skipulagi hafi verið stofnuð hagdeild sem tók við verkefnum deildar fjármála og greiðslna auk þess að vera ætlað veigamikið hlutverk við greiningarvinnu, m.a. kostnaðargreiningar svo og greiningar á ábata og kostnaði ólíkra þjónustuleiða. Jafnframt var stöðugildum fjölgað úr tveimur í þrjú og verklag deildarinnar endurskoðað með það fyrir augum að auka aðkomu fagaðila annarra eininga að greiningarverkefnum. Hagdeild vinni nú að undirbúningi að smíði vöruhúss gagna sem undirstöðu viðamikilla tölulegra greininga á borð við þær sem samningar stofnunarinnar krefjast. Að mati stofnunarinnar er þörf á að efla deildinna enn frekar. Stjórnskipulag upplýsingatæknimála hafi einnig verið endurskoðað. Í stað útvistunar sé verkefnum á sviði upplýsingatækni sinnt innanhúss í því skyni að þróa og styrkja greiningarstarf með áherslu á öryggi upplýsinga.

> **Hvað hefur gerst**: Með nýju skipulagi var auk nýrrar eftirlitsdeildar stofnuð hagdeild sem er ætlað veigamikið hlutverk við greiningarvinnu, þ.m.t. á ábata og kostnaði ólíkra þjónustuleiða. Upplýsingatæknimál eru nú komin á sér svið innan stofnunarinnar til að styrkja getu hennar til að vinna sjálfstæðar greiningar á verksviði sínu.

Með þriðju úrbótatillögu sinni til Sjúkratrygginga Íslands kallaði Ríkisendurskoðun eftir aukinni áherslu á gæðakröfur og eftirlit við kaup á heilbrigðisþjónustu:

> **Tillaga til úrbóta 2018:** Ríkisendurskoðun hvetur Sjúkratryggingar Íslands til að þróa og innleiða leiðir til að tryggja gæði og mæla árangur þeirrar þjónustu sem stofnunin semur um kaup á, t.d. í formi gæðavísa. Í þessu augnamiði þarf stofnunin að taka til skoðunar hvort styðjast megi í auknum mæli við klínískar leiðbeiningar og læknisfræðilegar ábendingar þegar teknar eru ákvarðanir um samninga og greiðsluþátttöku. Brýnt er að stofnunin efli eftirlit með þeirri þjónustu sem keypt er og tryggi endurskoðun samninga ef tilefni er til.

Sjúkratryggingar Íslands tóku undir tillöguna í viðbrögðum sínum árið 2018. Tryggja þyrfti gæði og mæla árangur þjónustu sem stofnunin semdi um kaup á. Lykilatriði væri að þjónustan væri skilgreind út frá hagsmunum hins sjúkratryggða og að á þeim grunni væri innleiddur mælikvarði á gæði og fjárhagslegan árangur. Í þeim tilfellum sem samið hafi verið um nýja þjónustu hefðu Sjúkratryggingar horft til erlendra klínískra leiðbeininga þar sem innlendum leiðbeiningum væri ýmist ekki til að dreifa eða þær úreltar. Skilyrt greiðsluþátttaka sjúkratrygginga með vísan til klínískra leiðbeininga hefði skilað tugprósenta kostnaðarlækkunum (t.d. vegna lyfja og lýtaaðgerða) án þess að ógna heilbrigði sjúkratryggðra á nokkurn hátt. Með því að gera Sjúkratryggingum kleift að sinna þessu hlutverki á fleiri sviðum og tryggja hverju sinni heilbrigðisþjónustu við hæfi mætti án alls vafa tryggja frekari kostnaðarlækkanir og hagræðingu í íslenska heilbrigðiskerfinu.

Við eftirfylgni Ríkisendurskoðunar 2021 kom fram að Sjúkratryggingar hafa í vaxandi mæli vísað til klínískra leiðbeininga og annarra fræðilegra viðmiða í samningagerð sinni. Á sama hátt séu gerðar vaxandi kröfur um t.d. skil á tilteknum gæðavísum og árangursmælingum. Því miður séu þessari þróun takmörk sett vegna skorts á sérfræðingum á þessu sviði og ýmsum veikleikum í upplýsingatæknikerfum stofnunarinnar. Breytt skipulag stofnunarinnar hefur haft jákvæð áhrif á getu hennar til að sinna þessum verkefnum auk þess sem eftirlit með framkvæmd samninga hefur verið eflt. Að mati Sjúkratrygginga hefur innleiðing staðlaðra samningsskilmála og önnur formfesting samningavinnu skapað styrkari grundvöll fyrir eftirliti og endurskoðun samninga.

> **Hvað hefur gerst:** Sjúkratryggingar Íslands hafa í vaxandi mæli vísað til klínískra leiðbeininga í samningum sínum og gert kröfur um skil á tilteknum gæðavísum og árangursmælingum. Breytt skipulag stofnunarinnar hefur haft jákvæð áhrif á getu hennar til að sinna þessum verkefnum. Notkun staðlaðra samningsskilmála og aukin formfesting samningavinnu skapar styrkari grundvöll fyrir eftirlit með samningum og endurskoðun þeirra.

Fjórða tillaga Ríkisendurskoðunar til Sjúkratrygginga Íslands fjallaði um mikilvægi markvissra og hagkvæmra samninga um kaup á heilbrigðisþjónustu, þ.m.t. endurskoðun á ramma-samningsfyrirkomulagi við sérgreinalækna. Ríkisendurskoðun benti á að samningurinn fæli mögulega í sér fjárhagslega hvata til mikilla afkasta óháð gæðum og árangri auk þess sem óvíst væri að markviss kaup á heilbrigðisþjónustu væru yfir höfuð möguleg innan víðtækra rammasamninga af þessum toga.

Tillaga til úrbóta 2018: Mikilvægt er að Sjúkratryggingar Íslands tryggi markviss og þjóðhagslega hagkvæm kaup á heilbrigðisþjónustu með samningum sínum. Í því sambandi þarf að endurskoða rammasamningsfyrirkomulag vegna kaupa á þjónustu sérgreinalækna utan sjúkrahúsa. Ríkisendurskoðun hvetur stofnunina til að kanna hvort mögulegt sé að semja um þjónustu hverrar sérgreinar fyrir sig með ítarlegum kröfulýsingum sem taka mið af þörfum sjúkratryggðra, markmiðum laga og viðmiðum Embættis landlæknis.

Í viðbrögðum Sjúkratrygginga Íslands frá 2018 kom fram að rammasamningur stofnunarinnar um kaup á þjónustu sérgreinalækna utan sjúkrahúsa gilti til 31. desember 2018. Í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 510/2010 hæfu Sjúkratryggingar Íslands undirbúning nýs samnings á grundvelli stefnu heilbrigðisráðherra eða í samræmi við fyrirmæli hans. Undirbúningurinn hæfist með úttekt sem væri ítarleg greining á þeim þörfum sem fyrirhugað væri að fullnægja með samningnum og þeim kostum sem til greina kæmu við úrlausn þeirra svo og áætluðum kostnaði. Rammasamningurinn hefði tekið gildi í ársbyrjun 2014, en þá höfðu læknar verið án samnings frá apríl 2011 og meðalkostnaður sjúkratryggðra hækkað úr 32% í 42% á tímabilinu. Samningurinn byggði á sameiginlegri viljayfirlýsingu heilbrigðisráðherra og fulltrúa sjálfstætt starfandi sérgreinalækna þar sem gert var ráð fyrir fullri fjármögnun samningsins og vinnu við umbætur á samningstímanum. Þrátt fyrir gefin fyrirheit tókst ekki að fjármagna samninginn. Afleiðingin var að hvorki var hægt að ráðast í fyrirhugaðar umbætur né tryggja að útgjöld samkvæmt samningum væru í samræmi við fjárheimildir. Sjúkratryggingar hefðu frá gerð síðasta samnings við sjálfstætt starfandi sérgreinalækna stefnt að fjölgun fyrirtækjasamninga með það að markmiði að tryggja heildstæðari þjónustu byggða á ítarlegum kröfulýsingum og skýrum viðmiðum um þjónustuna sem sjúkratryggðum á að standa til boða. Stofnunin fagnaði í þessu samhengi hvatningu Ríkisendurskoðunar í þá veru að leitað verði eftir samningum við einstakar sérgreinar með sambærileg markmið að leiðarljósi.

Við eftirfylgni Ríkisendurskoðunar árið 2021 tóku Sjúkratryggingar Íslands enn heilshugar undir tillögu Ríkisendurskoðunar m.a. hvað varðar fyrra fyrirkomulag um rammasamninga. Árangurslausar tilraunir stofnunarinnar til að ná samningum við sérgreinalækna og sjúkraþjálfara hefðu staðið lengi yfir en um væri að ræða þjónustuveitendur sem hafi einkum verið samið við á grundvelli rammasamninga og að mikil fyrirstaða væri af þeirra hálfu gegn breyttu samningsformi. Sem dæmi hafi aðeins ein sjúkraþjálfunarstofa tekið þátt í útboði stofnunarinnar á þeirri þjónustu. Að mati Sjúkratrygginga Íslands hefði innkaupaferli hins opinbera verið hundsað af hálfu seljenda og í kjölfarið leitaði stofnunin álits Samkeppniseftirlitsins (nóvember 2019) um rétt þjónustuveitenda á markaði til að bindast samtökum af þessum toga. Svipað hafi verið uppi á teningnum hvað sérgreinalækna varðar en þar hafi veitendur þjónustunnar nær allir veitt Læknafélagi Reykjavíkur umboð til að semja við stofnunina um þessa þjónustu. Álit Samkeppniseftirlitsins liggur ekki fyrir (mars 2022).

Þá tóku Sjúkratryggingar Íslands einnig undir að æskilegt væri að byggja samninga, t.d. við sérgreinalækna, á ítarlegum kröfulýsingum. Til þess þarf aðkomu fjölbreytts hóps fagmanna (starfsmanna eða aðkeyptra ráðgjafa) sem stofnunin hefur því miður ekki svigrúm til að afla. Hins vegar hefur verið komið á reglulegu og góðu samráði við Embætti landlæknis, Landspítala, Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og fleiri lykilstofnanir heilbrigðiskerfisins. Mikill styrkur hafi

verið af þessu samráði og gæti það skapað grundvöll fyrir frekari faglegri styrkingu stofnunarinnar.

> **Hvað hefur gerst:** Ósamið er um heilbrigðisþjónustu sjálfstætt starfandi sérgreinalækna og sjúkraþjálfara. Sjúkratryggingar Íslands hafa leitast við að breyta samningum sínum í samræmi við athugasemdir Ríkisendurskoðunar, m.a. hvað snýr að kröfulýsingum og skilgreiningu gæðavísa sem unnið er að í samstarfi við lykilstofnanir innan heilbrigðiskerfisins. Beðið er álits Samkeppnis-eftirlitsins um rétt aðila á markaði að bindast samtökum við verðlagningu á þjónustu.

Fimmta og síðasta tillaga Ríkisendurskoðunar til Sjúkratrygginga Íslands fól í sér að stofnunin myndi vinna áfram að útfærslu og þróun samnings um framleiðslutengda fjármögnun klínískrar þjónustu Landspítalans. Samningurinn hefði ekki stutt nægilega við markmið um að hámarka skilvirkni og hagkvæmni spítalans:

> **Tillaga til úrbóta 2018:** Ríkisendurskoðun telur brýnt að Sjúkratryggingar Íslands þrói áfram samning stofnunarinnar við Landspítala um framleiðslutengda fjármögnun klínískrar þjónustu í góðu samstarfi við spítalann og velferðarráðuneyti. Til mikils er að vinna að samningurinn verði nýttur til að hámarka skilvirkni og hagvæmni spítalans sem einnar af meginstoðum íslensks heilbrigðiskerfis.

Árið 2018 tóku Sjúkratryggingar Íslands undir niðurstöðu og tillögu Ríkisendurskoðunar hvað sneri að samningi stofnunarinnar við Landspítala. Markmiðið með innleiðingu á framleiðslutengdri fjármögnun á Landspítalanum væri fyrst og fremst að auka gagnsæi fjármögnunar á sjúkrahúsþjónustu og aðskilja betur hlutverk greiðanda og veitanda þjónustunnar. Einnig að stuðla að bættri dreifingu og nýtingu fjármagns til heilbrigðismála, auka skilvirkni, sem og að auka eftirlit með þjónustu, kostnaði, gæðum og árangri. Með samningnum væri mikilvægt að greina og skilgreina rétta hvata til að tryggja góða og hagkvæma þjónustu og stuðla þannig að hámarksnýtingu fjármagns.

Þegar Ríkisendurskoðun fylgdi tillögunni eftir árið 2021 vísuðu Sjúkratryggingar Íslands til þess að nýr samningur um framleiðslutengda fjármögnun klínískrar starfsemi Landspítalans hefði verið undirritaður í september 2021 og tæki gildi frá og með 1. janúar 2022. Samningurinn felur bæði í sér hvata til að auka skilvirkni sjúkrahússins og hvata til að tryggja gæði þjónustunnar þar sem kveðið er á um greiðslur úr sérstökum umbunarsjóði sem greitt verður úr í samræmi við árangur sjúkrahússins. Sambærilegur samningur við Sjúkrahúsið á Akureyri tók gildi á sama tíma. Þó samningagerðin hafi gengið vel þá telja Sjúkratryggingar Íslands að innleiðing og eftirfylgni muni kalla á aukinn mannafla og nýjar upplýsingatæknilausnir.

> **Hvað hefur gerst:** Nýr samningur Sjúkratrygginga Íslands við Landspítala um framleiðslutengda fjármögnun hefur verið undirritaður.

Ríkisendurskoðun
Bríetartúni 7 – 105 Reykjavík
Sími 448-8800
postur@rikisendurskodun.is – www.rikisendurskodun.is

Sjúkratryggingar

Minnisblað

Efni: Brýn styrking rekstrargrunns Sjúkratrygginga Íslands frá og með árinu 2023

Dagsetning: 19. ágúst 2022

Höfundur: María Heimisdóttir, forstjóri SÍ

Til: Stjórnar SÍ

Sjúkratryggingar Íslands fengu 95 m.kr. viðbótarfjárveitingu tímabundið árið 2022. Mikilvægt er að þessar 95 m.kr. verði færðar í rekstrargrunn SÍ fyrir rekstrarárið 2023 og jafnframt að fjárhæðin verði hækkuð í 120 m.kr. (á verðlagi ársins 2022). Fyrir liggur að stofnunin hefur lengi verið vanbúin til að sinna þeim verkefnum sem henni eru ætluð skv. lögum og hafa verið skýrð og aukin á síðustu árum m.a. með innleiðingu Heilbrigðisstefnu. Sjá fylgiskjöl 1, 2 og 3.

Helstu rök fyrir þessu fara hér að neðan:

- Viðbótarfjárveitingunni árið 2022 var ætlað að gera SÍ kleift að innleiða samninga um framleiðslutengda fjármögnun (DRG), efla greiningargetu stofnunarinnar og styrkja eftirlit hennar með samningunum. Öll þessi verkefni eru í eðli sínu til langs tíma og því þarf fjárveiting til þeirra að falla inn í rekstrargrunn SÍ.
- Fyrir liggja samningar SÍ við Landspítala og Sjúkrahúsið á Akureyri um framleiðslutengda fjármögnun (DRG) og stendur innleiðing þeirra yfir. Fram undan eru sambærilegir samningar við allar aðrar heilbrigðisstofnanir á landinu, bæði samningagerð og síðan innleiðing samninganna, framkvæmd þeirra og eftirlit.
- DRG samningar velta yfir 100 milljörðum króna á ári hverju og skapa farveg til að áætla þróun þjónustuþarfar sjúkrahúsa og heilbrigðisstofnana til lengri tíma, hafa eftirlit með nýtingu fjármagns sem veitt er til þjónustunnar og hafa eftirlit með þjónustu sem fjármögnuð er á grundvelli samninganna og kostnaðargreina hana.
- Á árinu 2021 nam ársvelta greiðslna Sjúkratrygginga til notenda og veitenda heilbrigðisþjónustu um 128 milljörðum króna. Stærstur hluti þessarar veltu er á grundvelli samninga sem stofnunin hefur gert. Ofangreindir DRG samningar eru fyrir utan þessa veltu, þ.e.a.s. fjármagnið sem þeim tengist fer ekki í gegnum SÍ þó svo stofnunin beri ábyrgð á samningagerð, stórum hluta af framkvæmd samninganna og eftirliti með þeim.
- Allir þessir samningar (hvort sem fjármagnið fer beinlínis í gegnum SÍ eða ekki) kalla á víðtækar gagnagreiningar, kostnaðargreiningar og eftirlit. Eins og fram hefur komið í fjölmörgum skýrslum, könnunum, úttektum og álitsgerðum, sbr. meðfylgjandi yfirlit, hefur stofnunin ekki haft bolmagn til að sinna þessum verkefnum með fullnægjandi hætti.
- Til þess að ná tilætluðum árangri af DRG samningum og öðrum samningum þarf að byggja upp þekkingu og innviði innan SÍ til að sinna samningagerð, gagnagreiningu og eftirliti. Byggja þarf upp þekkingu á DRG kerfinu sjálfu, kostnaðargreiningu á grundvelli þess, svo og eftirlit með notkun þess.
- SÍ telja að með því að fjölga stöðugildum um 11 á árinu 2023 og til framtíðar væri tekið mikilvægt skref til að efla SÍ sem kaupanda og kostnaðargreinanda heilbrigðisþjónustu fyrir

Sjúkratryggingar
Vínlandsleið 16
113 Reykjavík
515 0000
sjukra@sjukra.is

hönd ríkisins, sbr. sáttmála um ríkisstjórnarsamstarf. Frekari uppbyggingar er þörf til lengri tíma sbr. m.a. minnisblað forstjóra SÍ til ráðuneytisstjóra í ársbyrjun 2019 (fylgiskjal).

- Hér á eftir fer yfirlit um með hvaða hætti áðurnefndar 120 m.kr. (á verðlagi ársins 2022) yrðu nýttar til að taka fyrsta skref til eflingar SÍ til framtíðar:

Verkefni		Stöðugildi	Laun og LTG (ár)	Skýringar
Samningamál		**6**	**70**	
	DRG	4	46	Samningsgerð, úttektir og - endurskoðun, samskipti við samningsaðila
	Aðrir samningar	1	12	Samningsgerð, úttektir og - endurskoðun, samskipti við samningsaðila
	Lagaleg umgjörð	1	12	Innleiðing og framkvæmd innkaupastefnu (þ.á.m álitsgerðar lagastofnunar HÍ).
Gagnagreining		**4**	**44**	
	DRG	1	11	Kostnaðargreining á þjónustu heilbr.stofnana (DRG)
	DRG	2	22	Tölfræðileg greining* á þjónustu heilbr.stofnana (DRG)
	Aðrir samningar	1	11	Kostnaðargreining á annarri þjónustu
Eftirlit		**2**	**23**	
		1	11	Almennt og sérhæft eftirlit með þjónustu heilbrigðisstofnana (DRG)
		1	12	Lögfræðileg atriði eftirlits, bréfaskrif, samskipti við aðra eftirlitsaðila og haghafa
Alls		**11**	**123**	

* *Töfræðileg greining s.s. gæðavísar og árangursmælingar, frávikagreining og spálíkön, úttektir*

Fylgiskjal 1. Bréf forstjóra til Ríkisendurskoðunar 31.12.2018: Ósk um stjórnsýsluúttekt.

Fylgiskjal 2. Minnisblað forstjóra til ráðuneytisstjóra heilbrigðisráðuneytis 25.01.2019: Nauðsynleg styrking rekstrargrundvallar Sjúkratrygginga Íslands.

Fylgiskjal 3. Yfirlit um helstu úttektir, stefnuskjöl og skýrslur er varða starfsemi SÍ.

Sjúkratryggingar
Vínlandsleið 16
113 Reykjavík
515 0000
sjukra@sjukra.is

Sjúkratryggingar

Fundargerð stjórnar Sjúkratrygginga

Dagsetning: 24. ágúst 2022, kl. 11-13

Fundur #: 224

Staðsetning: fjarfundur á TEAMS

Mætt voru: stjórnarmennirnir Vilborg Hauksdóttir, Bryndís Gunnlaugsdóttir, Guðmundur Magnússon, Gunnar Sær Ragnarsson og Jónína Guðmundsdóttir. María Heimisdóttir forstjóri Sjúkratrygginga sem skrifar fundargerð. Anna María Bjarnadóttir sviðsstjóri fjármálasviðs sat fundinn undir lið 3, Kristján Þorvaldsson sviðsstjóri upplýsingatæknisviðs sat fundinn undir liðum 4 og 5, Kristín Hrund Whitehead mannauðsstjóri sat fundinn undir lið 6.

Málefni fundar


1. Fundargerð síðasta fundar samþykkt án athugasemda. Verður undirrituð á næsta fundi.
2. Drög að dagskrá - samþykkt.
3. Rekstur og réttindaflokkar.
    a. Staða eftir jan.-júní 2022.
        I. Rekstrarstaða Sjúkratrygginga er jákvæð, enda hefur ráðningum verið frestað og hægt hefur á aðkeyptri þjónustu.
        II. Réttindaflokkar: Gerð er grein fyrir stöðu réttindaflokka. Rætt var um samanburð við fjárlög og áætlanir Sjúkratrygginga.
    b. Styrking rekstrargrunns Sjúkratrygginga.
    Formaður kynnti lauslega yfirlit um skýrslur og úttektir um Sjúkratryggingar sem m.a. sýna þörf á styrkingu stofnunarinnar ekki síst á sviði greininga, samninga og eftirlits. Forstjóri kynnti minnisblað þar sem gerð er grein fyrir brýnni þörf á að styrkja rekstrargrunn stofnunarinnar fyrir árið 2023 og til framtíðar.
    Bókun stjórnar:
    Stjórn SÍ tekur undir minnisblað forstjóra SÍ, dags. 19. ágúst 2022, um mikilvægi þess að styrkja rekstrargrunn SÍ um 120 m.kr. (á verðlagi ársins 2022). Stjórnin telur brýnt að efla stofnunina sem kaupanda og kostnaðargreindanda heilbrigðisþjónustu fyrir hönd ríkisins og er sammála áherslum forstjóra á að styrking um 120 m.kr. muni verulega efla getu stofnunarinnar til að sinna samningagerð, gagnagreiningum og eftirliti.
4. Upplýsingatæknimál.
    a. Nýr vefur Sjúkratrygginga:
    Síðastliðið ár hefur verið unnið að endurgerð á vef Sjúkratrygginga í góðu samstarfi við Stafrænt Ísland. Þeirri vinnu lauk formlega í júlí 2022. Löngu tímabært var að endurgera vefinn og lögð var áhersla á að bæta aðgengi og setja efni fram á skýran og auðskilinn hátt. Vefurinn hefur hlotið mjög góðar viðtökur og lýsir stjórn ánægju með þessa mikilvægu nýjung.
    b. Nýr hugbúnaður smíðaður innan SÍ (Heimdallur og Gangleri) :
    Sjúkratryggingar hafa lagt áherslu á að innvista upplýsingatækniverkefnum m.a. á grundvelli ábendinga eftirlitsaðila. Starfsmenn upplýsingatæknisviðs hafa nú smíðað

Sjúkratryggingar
Vínlandsleið 16
113 Reykjavík
515 0000
sjukra@sjukra.is

tvær nýjar lausnir sem bæta þjónustu við viðskiptavini, öryggi gagna og starfsumhverfi starfsmanna.
Heimdallur: Lausn skrifuð ofan á eldri hugbúnað eykur öryggi og gerir notkun þægilegri. Kynnt í lok júní 2022 á starfsmannafundi og innleitt þá.
Gangleri: Gangleri er hugbúnaður til að auðkenna með öruggum hætti viðskiptavini sem óska eftir upplýsingum í gegnum síma. Þannig er hægt að veita meiri og betri þjónustu símleiðis.

5. Persónuverndarmál.
    a. Úttekt Persónuverndar – forstjóri gerði grein fyrir framgangi og stöðu úttektar PV og næstu skrefum. Stjórn óskar eftir að fá reglulega kynningu á framgangi málsins.
6. Mannauðsmál.
    a. Niðurstaða Héraðsdóms og Umboðsmanns Alþingis varðandi skipulagsbreytingar innan Sjúkratrygginga. Forstjóri gerði grein fyrir nýlegu áliti Umboðsmanns Alþingis er varðar skipulagsbreytingar sem fram fóru um áramót 2020-2021. Álitið tengist m.a. nýlegum dómi Héraðsdóms í máli starfsmanns Sjúkratrygginga. Sagt er frá úrvinnslu álitsins innan SÍ og samráði við Ríkislögmann, Vinnumálastofnun og Kjara- og mannauðssýslu ríkisins (KMR).
    b. Launagreining: Mannauðsstjóri gerði grein fyrir launagreiningu. Stjórn óskar eftir að málið verði tekið á dagskrá næsta fundar.
7. Staða helstu samninga – frestað til næsta fundar.
8. Önnur mál.

Fundi slitið kl. 13:05.
Næsti fundur verður þann 8. sept. í húsakynnum Sjúkratrygginga.



Sjúkratryggingar
Vínlandsleið 16
113 Reykjavík
515 0000
sjukra@sjukra.is

Sjúkratryggingar

Minnisblað

Efni: Brýn styrking rekstrargrunns Sjúkratrygginga Íslands frá og með árinu 2023

Dagsetning: 19. ágúst 2022

Höfundur: María Heimisdóttir, forstjóri SÍ

Til: Stjórnar SÍ

Sjúkratryggingar Íslands fengu 95 m.kr. viðbótarfjárveitingu tímabundið árið 2022. Mikilvægt er að þessar 95 m.kr. verði færðar í rekstrargrunn SÍ fyrir rekstrarárið 2023 og jafnframt að fjárhæðin verði hækkuð í 120 m.kr. (á verðlagi ársins 2022). Fyrir liggur að stofnunin hefur lengi verið vanbúin til að sinna þeim verkefnum sem henni eru ætluð skv. lögum og hafa verið skýrð og aukin á síðustu árum m.a. með innleiðingu Heilbrigðisstefnu. Sjá fylgiskjöl 1, 2 og 3.

Helstu rök fyrir þessu fara hér að neðan:

- Viðbótarfjárveitingunni árið 2022 var ætlað að gera SÍ kleift að innleiða samninga um framleiðslutengda fjármögnun (DRG), efla greiningargetu stofnunarinnar og styrkja eftirlit hennar með samningunum. Öll þessi verkefni eru í eðli sínu til langs tíma og því þarf fjárveiting til þeirra að falla inn í rekstrargrunn SÍ.
- Fyrir liggja samningar SÍ við Landspítala og Sjúkrahúsið á Akureyri um framleiðslutengda fjármögnun (DRG) og stendur innleiðing þeirra yfir. Fram undan eru sambærilegir samningar við allar aðrar heilbrigðisstofnanir á landinu, bæði samningagerð og síðan innleiðing samninganna, framkvæmd þeirra og eftirlit.
- DRG samningar velta yfir 100 milljörðum króna á ári hverju og skapa farveg til að áætla þróun þjónustuþarfar sjúkrahúsa og heilbrigðisstofnana til lengri tíma, hafa eftirlit með nýtingu fjármagns sem veitt er til þjónustunnar og hafa eftirlit með þjónustu sem fjármögnuð er á grundvelli samninganna og kostnaðargreina hana.
- Á árinu 2021 nam ársvelta greiðslna Sjúkratrygginga til notenda og veitenda heilbrigðisþjónustu um 128 milljörðum króna. Stærstur hluti þessarar veltu er á grundvelli samninga sem stofnunin hefur gert. Ofangreindir DRG samningar eru fyrir utan þessa veltu, þ.e.a.s. fjármagnið sem þeim tengist fer ekki í gegnum SÍ þó svo stofnunin beri ábyrgð á samningagerð, stórum hluta af framkvæmd samninganna og eftirliti með þeim.
- Allir þessir samningar (hvort sem fjármagnið fer beinlínis í gegnum SÍ eða ekki) kalla á víðtækar gagnagreiningar, kostnaðargreiningar og eftirlit. Eins og fram hefur komið í fjölmörgum skýrslum, könnunum, úttektum og álitsgerðum, sbr. meðfylgjandi yfirlit, hefur stofnunin ekki haft bolmagn til að sinna þessum verkefnum með fullnægjandi hætti.
- Til þess að ná tilætluðum árangri af DRG samningum og öðrum samningum þarf að byggja upp þekkingu og innviði innan SÍ til að sinna samningagerð, gagnagreiningu og eftirliti. Byggja þarf upp þekkingu á DRG kerfinu sjálfu, kostnaðargreiningu á grundvelli þess, svo og eftirlit með notkun þess.
- SÍ telja að með því að fjölga stöðugildum um 11 á árinu 2023 og til framtíðar væri tekið mikilvægt skref til að efla SÍ sem kaupanda og kostnaðargreinanda heilbrigðisþjónustu fyrir

Sjúkratryggingar
Vínlandsleið 16
113 Reykjavík
515 0000
sjukra@sjukra.is

hönd ríkisins, sbr. sáttmála um ríkisstjórnarsamstarf. Frekari uppbyggingar er þörf til lengri tíma sbr. m.a. minnisblað forstjóra SÍ til ráðuneytisstjóra í ársbyrjun 2019 (fylgiskjal).

- Hér á eftir fer yfirlit um með hvaða hætti áðurnefndar 120 m.kr. (á verðlagi ársins 2022) yrðu nýttar til að taka fyrsta skref til eflingar SÍ til framtíðar:

Verkefni	Stöðugildi	Laun og LTG (ár)	Skýringar
Samningamál	**6**	**70**	
DRG	4	46	Samningsgerð, úttektir og - endurskoðun, samskipti við samningsaðila
Aðrir samningar	1	12	Samningsgerð, úttektir og - endurskoðun, samskipti við samningsaðila
Lagaleg umgjörð	1	12	Innleiðing og framkvæmd innkaupastefnu (þ.á.m álitsgerðar lagastofnunar HÍ).
Gagnagreining	**4**	**44**	
DRG	1	11	Kostnaðargreining á þjónustu heilbr.stofnana (DRG)
DRG	2	22	Tölfræðileg greining* á þjónustu heilbr.stofnana (DRG)
Aðrir samningar	1	11	Kostnaðargreining á annarri þjónustu
Eftirlit	**2**	**23**	
	1	11	Almennt og sérhæft eftirlit með þjónustu heilbrigðisstofnana (DRG)
	1	12	Lögfræðileg atriði eftirlits, bréfaskrif, samskipti við aðra eftirlitsaðila og haghafa
Alls	**11**	**123**	

* *Tölfræðileg greining s.s. gæðavísar og árangursmælingar, frávikagreining og spálíkön, úttektir*

Fylgiskjal 1. Bréf forstjóra til Ríkisendurskoðunar 31.12.2018: Ósk um stjórnsýsluúttekt.

Fylgiskjal 2. Minnisblað forstjóra til ráðuneytisstjóra heilbrigðisráðuneytis 25.01.2019: Nauðsynleg styrking rekstrargrundvallar Sjúkratrygginga Íslands.

Fylgiskjal 3. Yfirlit um helstu úttektir, stefnuskjöl og skýrslur er varða starfsemi SÍ.

Sjúkratryggingar
Vínlandsleið 16
113 Reykjavík
515 0000
sjukra@sjukra.is

Sjúkratryggingar

10. okt. 2022

Fjárlaganefnd Alþingis
Bt. Bjarkeyjar Olsen Gunnarsdóttur, formanns
Nefndasvið Alþingis
V. Austurvöll
101 Reykjavík

Efni: Fjárlagafrumvarp 2023 – áhrif á þjónustu Sjúkratrygginga

Með bréfi þessu leggja Sjúkratryggingar Íslands (SÍ) fram athugasemdir stofnunarinnar við fjárlagafrumvarp ársins 2023 sem lagt hefur verið fram á Alþingi. Í ljósi alvarleika stöðunnar óskar stofnunin eftir að fá að gera fjárlaganefnd nánari grein fyrir athugasemdum sínum og áhrifum frumvarpsins, verði það að lögum, á þjónustu SÍ á fundi með nefndinni.

Hér á eftir fara meginatriði athugasemda SÍ:

- Verkefni stofnunarinnar hafa stóraukist síðustu ár (fjöldi gerðra samninga, velta sjúkratrygginga, úrvinnsla erinda, ný verkefni og kröfur til stofnunarinnar).
- Fastur rekstrargrunnur hennar (án tímabundinna fjárveitinga) hefur á sama tíma rýrnað sem nemur 5,7% á síðustu 5 árum.
- Velta sjúkratrygginga sem stofnunin afgreiðir hefur aukist um 21% á sama tímabili eða um 22,5 milljarða króna á föstu verðlagi.
- Hlutfall rekstrarfjár af veltu (hlutfallslegur kostnaður hins opinbera af því að koma sjúkratryggingum til landsmanna) hefur á tímabilinu lækkað um 22,1%.
- Ráðist hefur verið í fjölþættar aðgerðir til að bæta verklag, ferla og skipulag stofnunarinnar þannig að hún sé betur fær til að sinna sínu hlutverki.
- Framleiðni hefur stóraukist hvort sem litið er til samningagerðar eða annarra verkefna.
- Ríkisendurskoðun hefur nýlega fylgt eftir stjórnsýsluúttekt sinni frá 2018 og komist að þeirri niðurstöðu að stofnunin hafi að flestu leyti bætt úr þeim veikleikum sem þá voru til staðar.
- Ofangreindar umbætur hafa að mestu verið fjármagnaðar með innri hagræðingu.
- Ekki verður lengra gengið hvað hagræðingu varðar að sinni.
- Fjárlagafrumvarpið boðar óhjákvæmilega lækkun rekstrarkostnaðar um 193,4 m.kr. á árinu 2023 með fækkun starfsmanna Sjúkratrygginga og stórskerðingu á þjónustu við landsmenn.
- Sjúkratryggingum er treyst fyrir því hlutverki að tryggja framboð á heilbrigðisþjónustu og umsýslu verulegs hluta fjárlaga eða skattfjár almennings. Það er í þágu landsmanna og ríkissjóðs að þessi verkefni standi á traustum rekstrargrunni. Öflug samningagerð byggð á vönduðum gagnagreiningum og sem fylgt er eftir með vönduðu eftirliti og yfirsýn er ein forsenda þess að efla heilbrigðisþjónustu en á sama tíma fara vel með fjármuni ríkissjóðs. Tiltölulega takmörkuð styrking á rekstri SÍ getur haft umtalsverð jákvæð áhrif á afkomu ríkissjóðs.

Nánari grein er gerð fyrir þessum athugasemdum hér á eftir.

Sjúkratryggingar
Vínlandsleið 16
113 Reykjavík
515 0000
sjukra@sjukra.is

Verkefni Sjúkratrygginga Íslands, nýir stjórnendur og úttekt Ríkisendurskoðunar

Hlutverk Sjúkratrygginga er í meginatriðum þríþætt (sbr. lög nr. 112/2008). Í fyrsta lagi útvegar stofnunin heilbrigðisþjónustu með því að semja, samkvæmt samningsfyrirmælum heilbrigðisráðherra, um þjónustu bæði við einka- og opinbera aðila. Í öðru lagi annast stofnunin afgreiðslu sjúkratrygginga, þ.e. að greiða veitendum fyrir þá heilbrigðisþjónustu sem þeir veita. Greiðslurnar byggjast á mati á réttindum notenda til greiðsluþátttöku hins opinbera í kostnaði við þjónustu, lyf eða hjálpartæki. Undir þetta fellur einnig umsýsla um slysa- og sjúklingatryggingar, þ.e. bótagreiðslur til sjúklinga, s.s. vegna skaða er tengist heilbrigðisþjónustu. Í þriðja lagi annast stofnunin umsýslu (innkaup, vörustýringu, réttindaafgreiðslu hjálpartækja), bæði vegna búnaðar á borð við hjólastóla og tjáskiptatölvur, svo og vörur s.s. sykursýkisbúnað (t.d. strimla til að mæla blóðsykur).
Verkefni Sjúkratrygginga hafa almennt vaxið verulega á þeim rúma áratug sem stofnunin hefur verið við lýði. Aukningin er annars vegar vegna skipulagsbreytinga, t.d. voru samningar við hjúkrunarheimili fluttir frá heilbrigðisráðuneyti til Sjúkratrygginga árið 2016 og hlutverk stofnunarinnar aukið og skýrt í Heilbrigðisstefnu sem Alþingi setti árið 2019. Hins vegar hafa verkefni stofnunarinnar vaxið í takt við aukið heildarumfang heilbrigðisþjónustu sem stofnunin semur um og greiðir fyrir. Fjárframlög til heilbrigðisþjónustu, og framboð á þjónustu þar með, hafa vaxið síðustu ár til að bregðast við aukinni eftirspurn, s.s. vegna fjölgunar landsmanna, hækkandi meðalaldurs, aukinnar byrði langvinnra sjúkdóma og nýrrar þekkingar og tækni.

Stjórnsýsluúttekt Ríkisendurskoðunar og fleiri skýrslur um starfsemi Sjúkratrygginga

Sjúkratryggingar Íslands hafa, allt frá stofnun árið 2008, verið viðfangsefni fjölmargra skýrslna og úttekta sem flestar hafa verið gerðar af eftirlitsstofnunum hins opinbera eða á vegum þeirra. Yfirlit yfir umræddar úttektir, ásamt helstu stefnuskjölum er varða stofnunina má finna í fylgiskjali 1. Rauði þráðurinn í þessum úttektum og skýrslum hefur því miður verið sá að stofnunin hafi ekki sinnt skyldum sínum með fullnægjandi hætti, m.a. vegna takmarkaðs rekstrarsvigrúms. Ítrekað er nefnt að styrkja þurfi rekstur Sjúkratrygginga ef tryggja eigi að stofnunin geti starfað í samræmi við lög, einkum lög um sjúkratryggingar. Skýrsla Ríkisendurskoðunar sem gefin var út í febrúar 2018 (*Sjúkratryggingar Íslands sem kaupandi heilbrigðisþjónustu*) er líklega kunnust þessara skýrslna en þar var farið hörðum orðum um samningagerð stofnunarinnar, m.a. skort á gagnagreiningu og eftirliti með gerðum samningum, svo og skort á fagþekkingu á heilbrigðisþjónustu sem hamlaði stofnuninni við samningagerð. Ríkisendurskoðun beindi nokkrum tilmælum annars vegar til SÍ og hins vegar til heilbrigðisráðuneytis, m.a. var lögð áhersla á að stofnunin yrði styrkt og henni þannig gert kleift að rækja starfsskyldur sínar með viðeigandi hætti.
Í endurskoðunarskýrslu fyrir árið 2016 (útg. feb. 2018) gerði Ríkisendurskoðun einnig alvarlegar athugasemdir við stöðu SÍ hvað upplýsingatækni varðar og taldi stöðu málaflokksins ábótavant. Haustið 2018 kom svo út úttekt Fjármála- og efnahagsráðuneytis á stöðu upplýsingatæknimála innan stofnunarinnar og voru þar sömuleiðis gerðar alvarlegar athugasemdir við stöðu upplýsingatækni, m.a. hvað gagnaöryggi varðaði.

Þróun á starfsemi og skipulagi SÍ 2018-2022

Miklar breytingar hafa orðið á stjórnendahópi stofnunarinnar eftir þessar ítrekuðu ábendingar um veikleika í starfsemi hennar. Núverandi forstjóri SÍ tók við starfi sínu í nóvember 2018. Fljótlega vöknuðu hjá nýjum forstjóra og samstarfsfólki verulegar áhyggjur af rekstri og ferlum innan stofnunar-

Sjúkratryggingar
Vínlandsleið 16
113 Reykjavík
515 0000
sjukra@sjukra.is

innar og urðu þær áhyggjur til þess að forstjóri Sjúkratrygginga sendi Ríkisendurskoðun bréf um áramótin 2018 og 2019 og óskaði eftir að gerð yrði önnur stjórnsýsluúttekt á stofnuninni (sjá fylgiskjal 2). Helstu áhyggjuefnin sem gerð var grein fyrir í bréfinu til Ríkisendurskoðunar voru staða innleiðingar nýrrar löggjafar um persónuvernd hjá stofnuninni, upplýsingatæknimál, fjármál, greiningarmál og mannauðsmál. Ríkisendurskoðun svaraði og taldi sig ekki geta farið í slíka úttekt fyrr en síðar á árinu vegna anna. Ekki hefur enn orðið af þeirri úttekt því miður. Hins vegar gerði Ríkisendurskoðun eftirfylgniúttekt sem kom út árið 2022 þar sem fylgt var eftir fyrri úttekt frá 2018.
Auk brotalama sem Ríkisendurskoðun benti á í sinni úttekt og annarra sem forstjóri benti á í erindi sínu til Ríkisendurskoðunar voru ýmsir fleiri veikleikar sem komu fram í starfsemi stofnunarinnar. Sjúkratryggingar hafa ítrekað fengið ófullnægjandi einkunnir í notendakönnunum. Jafnframt hefur stofnunin ítrekað vermt botnsætin í árlegri könnun um *Stofnun ársins*.
Frá því í árslok 2018 hefur verið ráðist í fjölþættar aðgerðir innan SÍ til að koma innra og ytra starfi stofnunarinnar í viðunandi horf þannig að hún geti almennilega uppfyllt hlutverk sitt. Hér á eftir verður gerð nánari grein fyrir þessu breytingarferli sem er vel á veg komið, en er þó hvergi nærri lokið.

Bætt þjónusta, bætt öryggi, hagkvæmari rekstur og betri líðan starfsmanna

Hér verður gerð grein fyrir helstu umbótum sem átt hafa sér stað innan SÍ frá árslokum 2018:

Stefnumótun:

- Stefnumótunarvinna árið 2019 með aðkomu allra starfsmanna SÍ
- Fyrsta langtímastefna í sögu SÍ staðfest af stjórn vorið 2020
- Stefnan felur í sér níu meginstoðir, m.a. öfluga uppbyggingu upplýsingatækni og öryggismála
- Árangur: Til staðar er skýr stefna sem styður við þróun þjónustu og verkefna og skapar grundvöll til forgangsröðunar, betri þjónustu og aukinnar starfsánægju.

Skipulagsbreytingar:

- Nýtt skipurit innleitt í janúar 2021 á grundvelli ofangreindrar stefnu og ítarlegra greininga
- Stærri, sterkari og sveigjanlegri stjórnunareiningar
- Fækkun stjórnenda (voru áður 5% starfsmanna)
- Skýrt umboð og ábyrgð stjórnenda
- Aðskilnaður verkefna (e. segregation of duties)
- Sameining skyldra verkefna frá mismunandi deildum
- Nýtt UT svið (upplýsingatækni var áður á 2 stöðum)
- Ný hagdeild til að byggja upp greiningar og ný eftirlitsdeild til að efla eftirlit
- Mannauðsmál og öll þjónusta við starfsmenn sameinuð á einn stað
- Árangur: Skýrt skipulag, ábyrgð og umboð. Sterkari einingar – aukin afköst. Lægri stjórnunarkostnaður. Starfsmenn segja stjórnun hafi batnað eftir breytinguna skv. könnun

Persónuverndarmál:

- Persónuverndarfulltrúi ráðinn til stofnunarinnar
- Unnið skipulega að innleiðingu og viðhaldi nýrra laga um persónuvernd (GDPR), m.a. með aðkomu ytri ráðgjafa
- Þjálfun og fræðsla til starfsmanna um GDPR innleidd
- Fjölmargar tæknilegar úrlausnir og breytingar á verklagi innleiddar til að tryggja heldni við löggjöf um persónuvernd

Sjúkratryggingar
Vínlandsleið 16
113 Reykjavík
515 0000
sjukra@sjukra.is

- Árangur: stóraukin þekking og vitund starfsmanna um GDPR og skyldur stofnunarinnar í því sambandi. Skýr árangur hvað varðar atvik tengd persónuvernd.

Endurskoðun samningamála:

- Samningadeild styrkt, m.a. með ráðningu lögfræðings
- Þekking á innkaupum og samningatækni efld, m.a. með námskeiðum og teymisvinnu
- Lokadrög að innkaupastefnu liggja fyrir
- Staðlaðir samningsskilmálar SÍ liggja fyrir og stuðla að jafnræði og gegnsæi í samningagerð og spara einnig verulega vinnu
- Árangur: Stóraukin framleiðni og vandaðri samningagerð

Endurskoðun upplýsingatæknimála:

- Verkefni á sviði upplýsingatækni (UT) sameinuð með ábyrgð hjá einum aðila
- Sett UT stefna og einnig stefna um upplýsingaöryggi
- Samstarf við Stafrænt Ísland um nýjan vef innan island.is og rafræna þjónustu við notendur og veitendur heilbrigðisþjónustu
- Ytri vefur endurgerður m.t.t. þarfa notenda (m.a. vegna færniskerðingar) og snjalltækni
- Markviss endurskoðun á hlutverki birgja í þjónustu við SÍ (t.d. verkefnastjórn) á grundvelli úttekta Ríkisendurskoðunar og ábendinga fjármálaráðuneytis
- Aukin innleiðing rafrænna ferla til að lágmarka innslátt gagna
- Innleiðing stjórnkerfis upplýsingaöryggis (stendur nú yfir)
- Fjölþættar aðgerðir til að auka öryggi og hagræða í UT rekstri í samstarfi við birgja
- Árangur: Veruleg hagræðing í rekstri málaflokksins, stóraukið öryggi, bætt þjónusta við notendur, veitendur og starfsmenn og aukin framleiðni.

Þjónusta við notendur:

- Ferlar við afgreiðslu umsókna endurskoðaðir og samræmdir
- Umsóknir afgreiddar til lengri tíma ef mögulegt (t.d. sykursýkibúnaður)
- Innleiddar upplýsingatæknilausnir til að geta veitt þjónustu á öruggan hátt í gegnum síma
- Vefþróun til að auka rafræn samskipti og sjálfsafgreiðslu
- Endurskoðun á kröfum um gagnaskil (t.d. vottorð) til að lágmarka fyrirhöfn notenda
- Komið hefur verið á reglulegu samráði við ÖBÍ, Kraft og fleiri hagsmunasamtök sjúklinga
- Árangur: Afköst hafa stóraukist og afgreiðsla er vandaðri en áður. Hagsmunamál notenda eiga sér nú skýran farveg og hefur það leitt til ýmissa úrbóta í þjónustu. Ný þjónustukönnun í undirbúningi

Mannauðsmál:

- Mannauðsmál og öll þjónusta við starfsmenn sameinuð á einn stað
- Dreifstýring í stað miðstýringar – raunverulegt umboð til athafna
- Hlutverk stjórnenda skýrt og stjórnendaþjálfun innleidd
- Aðkoma stjórnenda að áætlanagerð, rekstri og ákvarðanatöku styrkt
- Aðkoma starfsmanna að mótun verkefna styrkt
- Upplýsingaflæði markvisst aukið t.d. með reglulegum starfsmannafundum og pistlum forstjóra
- Vinnuaðstaða bætt eftir því sem hægt hefur verið
- Árangur: Árið 2020 fékk SÍ hæstu einkunn í sögu stofnunarinnar í *Stofnun ársins* en lækkaði örlítið árið 2021 í kjölfar skipulagsbreytinga. Hækkun starfsánægju 2018-2020 var fimmföld m.v. aðrar stofnanir. Teymisvinna, samstarf þvert á einingar og á milli stjórnenda ólíkra eininga hefur aukist verulega.

Sjúkratryggingar
Vínlandsleið 16
113 Reykjavík
515 0000
sjukra@sjukra.is

Hjálpartæki:

- Innleitt umboðsmannakerfi víða um land og dreifingu búnaðar á landsvísu útvistað
- Afgreiðsla búnaðar sameinuð eftir því sem við á (t.d. lyfjaskírteini og búnaður til lyfjagjafa)
- Árangur: Betri og sveigjanlegri þjónusta. Hagræðing í rekstri og aukinn fókus á kjarnaverkefni. Einfaldara viðmót gagnvart notendum.

Rekstur:

- Verklag við gerð rekstraráætlunar stofnunarinnar endurskoðað og ábyrgð stjórnenda skýrð
- Rekstur til umræðu á öllum fundum framkvæmdastjórnar
- Samningar við verktaka og birgja endurskoðaðir
- Útvistun nýtt eftir því sem við á
- Skipulag og verkferlar endurskoðað m.a. til að lækka stjórnunarkostnað og auka skilvirkni
- Árangur: Veruleg hagræðing hefur náðst með endurskoðun skipulags, verkferla og verktakasamninga með útrýmingu sóunar að leiðarljósi

Gagnagreining:

- Gagnagreiningar (tölfræði, kostnaðargreiningar, o.s.frv.) sameinaðar í nýrri hagdeild
- Fyrsti áfangi vöruhúss gagna tekinn í notkun
- Árangur: Innviðir fyrir gagnagreiningar eru að byggjast upp

Eftirlit:

- Brugðist við ábendingum Ríkisendurskoðunar m.a. með því að stofna sérstaka eftirlitsdeild
- Verklagsreglur um framkvæmd eftirlits gefnar út
- Árangur: Eftirlit styður alla samningsaðila við að framfylgja samningum í þágu sjúklinga. Eftirlit skilar margföldum ávinningi til ríkissjóðs. Talið er að a.m.k 3% útgjalda í heilbrigðisþjónustu sé vegna einhvers konar brota/frávika frá samningum. Þá er ekki tekið tillit til frávika í gæðum þjónustu, einungis fjárhagslegra þátta

Samstarf við aðrar stofnanir:

- Byggt hefur verið upp samráð við helstu stofnanir á heilbrigðissviði, svo sem Embætti landlæknis, Landspítala og Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins. Þetta samráð er ómetanlegt og auðveldar verkefni allra sem að því koma.
- Árangur: Bætt samstarf og þar með betri framgangur verkefna, bætt ímynd, stoltari starfsmenn

Eftirfylgniúttekt Ríkisendurskoðunar 2021 – 2022

Í október 2021 hóf Ríkisendurskoðun úttekt á SÍ til að fylgja eftir stjórnsýsluúttekt sinni frá árinu 2018. Niðurstaða þeirrar úttektar barst SÍ í apríl 2022 (fylgiskjal 3). Niðurstaða Ríkisendurskoðunar var að SÍ hefðu brugðist við flestum úrbótatillögum Ríkisendurskoðunar frá 2018 og stofnunin hefði styrkt starfsemi sína hvað snýr að undirbúningi, gerð og eftirfylgni með samningum. Hvað varðar ábendingar Ríkisendurskoðunar um innleiðingu DRG samnings á Landspítala yrði að fylgja því verkefni betur eftir. Loks segir í niðurstöðum Ríkisendurskoðunar:

> *„Í einu tilviki er brýnt að Sjúkratryggingar Íslands vinni áfram að úrbótum með hliðsjón af tillögu Ríkisendurskoðunar þar sem enn er ósamið um heilbrigðisþjónustu sérgreinalækna og sjúkraþjálfara. Samningaviðræður hafa reynst afar erfiðar en Sjúkratryggingar hafa leitast við að bæta undirbúning og gerð samninga sinna í samræmi við þær áherslur sem komu fram í skýrslu Ríkisendurskoðunar.“*

Ríkisendurskoðun hefur því staðfest að SÍ hafi stóreflt sína starfsemi á síðustu árum í takt við tillögur Ríkisendurskoðunar - þrátt fyrir að ekki hafi verið bætt við rekstrarfé í samræmi við vöxt verkefna.

Sjúkratryggingar
Vínlandsleið 16
113 Reykjavík
515 0000
sjukra@sjukra.is

Þvert á móti er fast rekstrarfé í dag mun minna á föstu verðlagi og miðað við verkefni, hvort sem þau eru mæld sem t.d. fjöldi gerðra samninga, fjöldi afgreiddra umsókna, umfang þjónustu vegna hjálpartækja eða heildarvelta afgreiddra sjúkratrygginga í gegnum stofnunina.
SÍ taka undir áherslur Ríkisendurskoðunar hvað varðar eftirfylgni við innleiðingu DRG samnings og nauðsyn þess að semja um þjónustu sérgreinalækna og sjúkraþjálfara skv. þeim ábendingum sem fram hafa komið frá Ríkisendurskoðun um ágalla eldri samninga um þessa þjónustu. SÍ telja innleiðingu DRG samninga í góðum farvegi, miðað við fjárhagslegar forsendur, og vinnur sérstakt teymi að því verkefni innan stofnunarinnar í góðu samstarfi við Landspítala, Sjúkrahúsið á Akureyri, Embætti landlæknis og fleiri. Hvað varðar samninga um þjónustu sérgreinalækna og sjúkraþjálfara liggur fyrir að yfirvöld hafa sannarlega tekið ábendingar Ríkisendurskoðunar um meginforsendur samningagerðar til greina með því að fella þær inn í samningsfyrirmæli sín til SÍ. Líklegt má telja að þessi stefnubreyting sé meginástæða þess að samningar hafa ekki náðst enda virðast umræddir viðsemjendur SÍ telja að gamla samningsformið hafi verið mun ákjósanlegra fyrir þá og ekki sé ástæða til breytingar þar á.

Aukning í öllum helstu verkefnum Sjúkratrygginga Íslands
Umfang meginverkefna stofnunarinnar hefur aukist bæði í fjölda og innihaldi síðustu ár.

I. Fjöldi samninga og annarra samningsskjala

SÍ hefur stóraukið framleiðni sína við samningagerð til að mæta kröfum heilbrigðisstefnu og auknum framlögum til heilbrigðisþjónustu eins og meðfylgjandi tafla sýnir.
Árið 2021 voru gerðir nánast þrefalt fleiri nýir samningar en árið 2018 og það sem af er ári 2022 hafa verið gerðir ríflega þriðjungi fleiri samningar en allt árið 2018. Heildarfjöldi samningsskjala (þ.e.a.s. samningar ásamt viðaminni samkomulögum, undirrituðum breytingum, viðaukum, framlengingum o.s.frv.) hefur ríflega tvöfaldast milli áranna 2018 og 2021. Þessi mikla aukning er þrátt fyrir að ekki hafi enn náðst samningar um þjónustu sjúkraþjálfara og sérgreinalækna. Sú gríðarmikla vinna sem lögð hefur verið í þær samningaviðræður af hálfu SÍ kemur því ekki fram í þessum tölum.

Ár	Nýir samningar	Önnur undirrituð samningsskjöl*	Heild
2018	25	135 **	160
2021	72	269	341
2022 jan-sept	34	222	256
Br. 2018-21	188%	99%	113%
Br. 2018 - sept. 2022	36%	64%	60%

** Viðaukar, breytingar, framlengingar o.þ.h.*

*** Skráning ófullkomin*

Sjúkratryggingar
Vínlandsleið 16
113 Reykjavík
515 0000
sjukra@sjukra.is

Af þeim 72 samningum sem gerðir voru árið 2021 voru 4 við ríkisstofnanir, 8 við sveitarfélög en 60 við einkaaðila, sjálfseignarstofnanir, hlutafélög o.s.frv.
Af þeim 34 samningum sem gerðir hafa verið á fyrstu 9 mánuðum ársins 2022 voru 3 við ríkisstofnanir, 6 við sveitarfélög og 25 við einkaaðila, sjálfseignarstofnanir, hlutafélög o.s.frv.

II. Fjöldi umsókna og afgreiðsla erinda um sjúkratryggingar

Sjá töflu hér á eftir þar sem borinn er saman fjöldi helstu erinda milli áranna 2018 og 2022 (tölur fyrir árið 2022 uppreiknaðar til heils árs). Veruleg aukning hefur orðið í nær öllum málaflokkum, allt upp í 270% (umsóknir um meðferð erlendis vegna langrar biðar hérlendis). Í þeim örfáu tilvikum þar sem um samdrátt er að ræða er hann mun minni en aukningin í öðrum tilvikum.
Veruleg aukning er í flóknari málum sem krefjast aðkomu lækna, tannlækna, iðjuþjálfa, sjúkraþjálfara eða lyfjafræðinga. Umsóknum um brýna meðferð erlendis hefur fjölgað um tæplega 50%. Umsóknum um hjálpartæki og næringu hefur fjölgað um 20-30% á tímabilinu en notendum hjálpartækja hefur fjölgað verulega af margvíslegum ástæðum. Umsóknir um lyfjaskírteini hafa tvöfaldast á tímabilinu; nú eru afgreiddar um 150 umsóknir á hverjum virkum degi.
Áhugavert er að skoða breytingu á formi samskipta við notendur, bæði með aukinni nýtingu rafrænna gátta en ekki síður með opnun nýrrar og notendavænni vefsíðu. Augljóst er að viðskiptavinir SÍ kunna vel að meta þessa nýju samskiptamöguleika: heimsóknum á vefsíðu SÍ hefur fjölgað um 55% á tímabilinu. Heimsóknum í þjónustuver og símtölum hefur fækkað og bendir það til þess að viðskiptavinir finni viðeigandi upplýsingar á vefsíðunni og nýti gáttir til að koma erindum til skila. Öflugt þjónustuver er þó áfram lykilþáttur í þjónustu SÍ, ekki síst fyrir þá sem ekki eiga íslensku að móðurmáli. Sama gildir um símaþjónustu – einkum fyrir eldri borgara.

Sjúkratryggingar
Vínlandsleið 16
113 Reykjavík
515 0000
sjukra@sjukra.is

Tegund þjónustu	2018	2019	2020	2021	2022*	Breyting 2018 - 2022
Hjálpartæki og næring						
Tæknileg s.s. hjólastólar, hjálpartæki á heimili, aksturs- og tjáningarhjálpartæki.	12.216	12.742	11.527	13.642	14.580	19,4%
Spelkur, gervilimir o.fl.	4.724	4.734	4.038	4.476	4.611	-2,4%
Einnota búnaður	5.901	6.549	6.316	9.700	7.833	32,7%
Heyrnartæki	762	781	693	895	871	14,3%
Næring- umsóknir	964	1.042	970	1.118	1.222	26,8%
Hjálpartæki- greiddir reikningar	4.324	4.588	3.995	4.785	5.443	25,9%
Umsóknir með aðkomu lækna, tannlækna						
Lýtaaðgerðir- umsóknir	43	57	79	141	122	183,7%
Tannlækningar- umsóknir	6.478	7.061	7.677	8.484	8.888	37,2%
Brýn meðferð erlendis (siglinganefnd)	420	301	220	311	622	48,1%
Meðferð erlendis - biðtímamál	89	185	110	164	328	268,5%
Ákvarðanir um örorku v. slyss	502	472	434	519	615	22,5%
Nýjar umsóknir/tilkynningar um slys	2.026	1.938	1.760	1.744	2.110	4,1%
Sjúklingatrygging- fjöldi umsókna	192	153	180	233	240	25,0%
Sjúklingatrygging- fjöldi afgreiddra mála	197	156	141	176	130	-34,0%
Umsóknir um greiðsluþátttöku						
Sjúkraþjálfun- frh.meðferð	14.967	20.995	23.201	26.683	23.679	58,2%
Talþjálfun	1.031	1.092	1.077	1.273	2.051	98,9%
ES kort	21.926	19.920	16.663	5.277	39.863	81,8%
Ferðakostnaður innanlands	2.367	2.872	2.234	2.595	2.811	18,8%
Sjúkradagpeningar- nýjar umsóknir	1.558	1.669	1.485	1.296	1.501	-3,7%
Lyf- umsóknir um lyfjaskírteini	8.918	12.871	15.169	18.300	17.929	101,0%
Rafræn samskipti, komur, símtöl**						
Heimasíða	798.534	1.166.529	1.189.190	1.199.791	1.239.009	55,2%
Réttindagátt	755.599	824.404	757.902	875.093	1.084.894	43,6%
Gagnagátt	456.634	524.522	500.732	567.822	559.378	22,5%
Komur í þjónustuver	9.039	9.417	5.582	3.243	3.708	-59,0%
Símtöl í þjónustuver	62.234	58.371	46.843	48.214	47.523	-23,6%

** Fjöldatölur uppreiknaðar til heils árs (í einstaka tilvikum er um 6 eða 8 mánaða tölur að ræða fyrir allt tímabilið)*

**Hér eru EKKI talin öll erindi, svo sem í formi bréfa og tölvupósta*

Réttindagátt er rafræn gátt fyrir notendur

Gagnagátt er rafræn gátt fyrir veitendur þjónustu og aðra samstarfsaðila

III. Velta sjúkratrygginga með afgreiðslu SÍ

Taflan hér fyrir neðan sýnir fjárveltu (í milljörðum króna, á föstu verðlagi) í gegnum SÍ í formi greiðslna til veitenda og notenda þjónustu. Greiðslum er komið til skila með yfir 22.000 færslum á hverjum virkum degi. Viðmiðunarár er 2017 þar sem það ár lá til grundvallar þeirri niðurstöðu Ríkis-endurskoðunar að styrkja þyrfti stofnunina. Frá þeim tíma hafa fjármunir í umsjón stofnunarinnar aukist um 21 % (22,5 milljarða) á föstu verðlagi. Væru borin saman árin 2017 og 2021 væri aukningin enn meiri vegna COVID-tengdra greiðslna.

Sjúkratryggingar
Vínlandsleið 16
113 Reykjavík
515 0000
sjukra@sjukra.is

Fjárlagaliðir í umsjón SÍ, verðlag 2022	2017	2018	2019	2020	2021	2022	Breyting 2017 - 2022
Heildarvelta allra fjárlagaliða	106.922,0	116.505,8	113.790,6	117.304,6	137.208,8	129.388,0 *	22.466,0
							21,0%

**Fjárhæð fyrir árið 2022 er uppreiknuð til heils árs mv fyrirliggjandi forsendur*

IV. Auknar kröfur til starfsemi Sjúkratrygginga Íslands almennt

Hér verður gerð grein fyrir helstu viðbótarverkefnum sem stofnunin hefur tekið við síðustu ár. Umfjöllunin er langt frá því að vera tæmandi og felur ekki í sér almenna aukningu á umfangi samninga, veltu eða afgreiðslu sjúkratrygginga sem gerð hefur verið grein fyrir hér að framan.

Heilbrigðisstefna: Alþingi samþykkti Heilbrigðisstefnu vorið 2019 en með setningu hennar og innleiðingu síðustu ár hafa ýmis ný verkefni flust til SÍ og verulega auknar kröfur gerðar til stofnunarinnar t.d. við undirbúning og gerð samninga. Helstu verkefni sem SÍ eru ætluð samkvæmt Heilbrigðisstefnu eru:

- Sjúkratryggingar Íslands skulu semja um öll kaup á heilbrigðisþjónustu fyrir hönd ríkisins, hvort sem hún er veitt af opinberum aðilum eða einkaaðilum
- Þarfagreining skal liggja til grundvallar öllum samningum
- Kveða skal á um öryggis- og gæðaviðmið í öllum samningum
- Tryggja skal aðgengi óháð búsetu að allri þjónustu sem samið er um

SÍ hafa þegar samið um þjónustutengda fjármögnun LSH og Sjúkrahússins á Akureyri. Unnið er að innleiðingu þeirra samninga en verkefnið krefst verulegs mannafla og fjölbreyttrar sérþekkingar auk sérhæfðra upplýsingatæknilausna.
Mikið verk er fyrir höndum við að samningsbinda þá þjónustu sem veitt er án samninga í dag, t.d. er þar meðtalinn stærsti hluti þjónustu Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og heilbrigðisstofnana um land allt (að undanskildum Landspítala og SAk). Sama má segja um önnur verkefni: Í fæstum tilvikum liggja fyrir þarfagreiningar né heldur viðmið um öryggi og gæði þjónustu. Krafa um þjónustu óháð búsetu kallar m.a. á stórtæka innleiðingu fjarheilbrigðisþjónustu sem aftur kallar á uppbyggingu þekkingar og færni innan SÍ.
COVID: Stofnunin sinnti fjölmörgum viðbótarverkefnum vegna COVID síðustu ár, eins og aðrar stofnanir á heilbrigðissviði. Bar þar hæst samninga um fjölbreytta þjónustu og úrræði á borð við sóttvarnarhótel og farsóttarhús.
Lagabreytingar: Ýmsar nýlegar lagabreytingar hafa áhrif á verkefni SÍ. Til dæmis bættust nýlega við umfangsmikil verkefni með lagasetningu um bótarétt einstaklinga í tengslum við bólusetningar vegna COVID 19 auk breytinga á slysatryggingum. Að mati stjórnvalda leiða þessar breytingar til kostnaðarauka innan SÍ sem nemur 43 m.kr., þar af 6 m.kr einskiptis vegna hugbúnaðar en 37 m.kr. í rekstrargrunn vegna stöðugilda tveggja lögfræðinga og tveggja stöðugilda fulltrúa. Frumvarp um svipaða löggjöf vegna bólusetninga við apabólu hefur verið lagt fram en SÍ er ekki kunnugt um kostnaðarmat vegna þess.

Þróun fjárveitinga til rekstrar Sjúkratrygginga Íslands

Taflan hér fyrir neðan sýnir þróun fjárveitinga til rekstrar Sjúkratrygginga Íslands. Eins og sjá má hefur rekstrargrunnur stofnunarinnar veikst sem nemur 5,7% (73,3 m.kr. á föstu verðlagi) á árunum 2017-2022. Lögð er áhersla á að hér er horft til rekstrargrunns, varanlegra fjárveitinga, en ekki tímabundinna fjárveitinga vegna afmarkaðra og tímabundinna verkefna.

Sjúkratryggingar
Vínlandsleið 16
113 Reykjavík
515 0000
sjukra@sjukra.is

	Fjárlög - grunnur í m.kr.						Breyting 2017-2022
	2017	2018	2019	2020	2021	2022	
Framlög til SÍ á fjárlögum á verðlagi hvers árs	974,7	1.029,5	1.087,8	1.204,9	1.824,6	1.876,8	
Millifært af 08206 vegna umsýslu hjálpartækja					-630,0	-672,5	
Framlög til SÍ á fjárlögum ásamt millif. á verðlagi hvers árs	974,7	1.029,5	1.087,8	1.204,9	1.194,6	1.204,3	
Rekstrargrunnur SÍ á verðlagi 2022	1.277,5	1.281,7	1.311,3	1.371,5	1.275,6	1.204,3	-73,3
							-5,7%

Kostnaður við að koma sjúkratryggingum til landsmanna


Líta má á fjárveitingar til rekstrar Sjúkratrygginga sjálfra sem afgreiðslu- eða umsýslukostnað (e. overhead) við að koma þeim fjármunum sem veittir eru til heilbrigðisþjónustu til þeirra sem eiga að njóta þjónustunnar. Þetta er, í meginatriðum, gert með því að semja um þjónustu, afgreiða sjúkratryggingar og afgreiða hjálpartæki.
Rekstrarkostnaður Sjúkratrygginga sem hlutfall af því heildarfjármagni (veltu) sem stofnunin afgreiðir vegna áðurnefndra verkefna hefur lækkað verulega frá árinu 2017 eins og meðfylgjandi tafla og mynd sýna. Eins og áður segir er miðað við árið 2017 þar sem það ár gerði Ríkisendurskoðun stjórnsýsluúttekt og komst að þeirri niðurstöðu að þörf væri á að styrkja stofnunina.
Árið 2017 nam hlutfall rekstrarkostnaðar af veltu 1,19% en árið 2022 nam hlutfallið 0,93% af veltu. Þessi lækkun nemur ríflega 22%. Vert er að taka fram að tímabundin fjárveiting sem stofnuninni var veitt fyrir árið 2022 og er hvorki inni í rekstrargrunni né fjárlagafrumvarpi er ekki tekin með í þessum tölum. Væri tekið tillit til hennar árið 2022 næmi hlutfall rekstrarfjár af veltu rétt um 1% og lækkun þess hlutfalls frá árinu 2022 næmi þá 19% en ekki 22%.
Svo virðist sem rekstrarfjárveitingar til stofnunarinnar miðað við verkefni hennar séu miklum mun lægri en hjá sambærilegum stofnunum erlendis. Til dæmis má nefna að kostnaður hinnar dönsku stofnunar sem fer með sjúklingatryggingar er nálægt 20% af útgreiddum sjúklingatryggingum. Sé horft til íslenskra heilbrigðisstofnana þá er ljóst að stjórnunarkostaður við að koma sjúkratryggingum til landsmanna (0,93%) er miklum mun lægri en stjórnunarkostnaður þeirra stofnana en hann nemur allt að 14% af heildarútgjöldum þeirra (veltu).

	2017	2018	2019	2020	2021	2022	Breyting 2017-2022
Framlög til SÍ á fjárlögum á verðlagi hvers árs	974,7	1.029,5	1.087,8	1.204,9	1.824,6	1.876,8	
Millifært af 08206 vegna umsýslu hjálpartækja					-630,0	-672,5	
Framlög til SÍ á fjárlögum ásamt millif. á verðlagi hvers árs	974,7	1.029,5	1.087,8	1.204,9	1.194,6	1.204,3	
Rekstrargrunnur SÍ á verðlagi 2022	1.277,5	1.281,7	1.311,3	1.371,5	1.275,6	1.204,3	**-73,3**
							-5,7%
Heildarvelta allra fjárlagaliða í umsjón SÍ	**106.922,0**	**116.505,8**	**113.790,6**	**117.304,6**	**137.208,8**	**129.388,0 ***	**22.466,0**
							21,0%

**Í járhæð fyrir árið 2022 er uppreiknuð til heils árs mv fyrirliggjandi forsendur*

	2017	2018	2019	2020	2021	2022	
Hlutfall rek.fjár af heildarveltu SÍ	**1,19%**	**1,10%**	**1,15%**	**1,17%**	**0,93%**	**0,93%**	**-22,1%**

Sjúkratryggingar
Vínlandsleið 16
113 Reykjavík
515 0000
sjukra@sjukra.is



Áhrif fjárlagafrumvarps fyrir árið 2023 á þjónustu og rekstur SÍ

Hér hafa verið raktar þær umfangsmiklu breytingar sem orðið hafa á Sjúkratryggingum síðustu ár hvað varðar umfang verkefna og ekki síður hvað varðar úrbætur í þjónustu, skipulagi og rekstri. Eins og sjá má af tölum um þróun rekstrargrunns (fastra fjárveitinga) hefur þetta umbótastarf verið fjármagnað með innri hagræðingu að nær öllu leyti (ef frá er talin tímabundin styrking um 95 m.kr. árið 2022, sjá síðar). Þrátt fyrir þetta hefur stjórnendum stofnunarinnar tekist að reka starfsemina hallalaust á tímabilinu. Áhersla á hallalausan rekstur við þessar aðstæður hefur því miður orðið til þess að stofnunin hefur ekki getað sinnt tilteknum verkefnum með þeim hætti sem æskilegt væri. Þetta á til dæmis við um uppbyggingu þekkingar og innviða til að sinna gagnagreiningum, gæða- og öryggiskröfum í samningum, svo og eftirliti og innleiðingu DRG.

Vert er að vekja sérstaka athygli á því að takmarkaðar fjárveitingar til stofnunarinnar um árabil hafa valdið því að launakjör starfsmanna samkvæmt stofnanasamningum eru því miður ekki samkeppnishæf við aðrar sambærilegar stofnanir. Sem dæmi má nefna að allmargir starfsmenn SÍ hafa á síðustu misserum flutt sig til ráðuneyta þar sem mun betri kjör bjóðast. Þessar aðstæður eru augljós ógn við getu stofnunarinnar til að sinna sínum lögbundnu verkefnum. Brýnt er að stofnunin geti endurnýjað stofnanasamninga og fært þá til svipaðs horfs og gerist í sambærilegum stofnunum hins opinbera.

Þó svo rekstrargrunnur stofnunarinnar (fastar fjárveitingar) hafi veikst síðustu 5 ár verður að geta þess að tímabundin viðbót (95 m.kr.) fékkst inn á árið 2022 í meðferð fjárlagafrumvarps. Forsaga þess er sú að stofnunin sendi fjárlaganefnd erindi um horfur í rekstri m.v. fjárlagafrumvarp og óskaði eftir því að rekstrargrunnur stofnunarinnar yrði styrktur á árinu 2022 sem næmi 140,8 m.kr til að viðhalda óbreyttum rekstri og hindra halla eða niðurskurð. Jafnframt minnti stofnunin á að til viðbótar yrði að fjármagna nýlegar lagabreytingar sem leiddu til viðbótarverkefna hjá SÍ og voru kostnaðarmetnar á 43 m.kr. (þar af 6 m.kr. einskiptis vegna hugbúnaðargerðar). Niðurstaðan varð tímabundin 95 m.kr. viðbótarfjárveiting fyrir árið 2022 sem fylgt var eftir með fjárveitingarbréfi heilbrigðisráðuneytis þar sem fram kom að þessa fjárveitingu skyldi nýta til að efla eftirlit og greiningarvinnu auk þess að innleiða DRG samninga. Ekki var minnst á almenna fjárvöntun né áðurnefnd verkefni tengd lagabreytingum og þau því enn ófjármögnuð.

Þar sem ný verkefni fylgdu hinni tímabundnu fjárveitingu (95 m.kr.) virtist hún ekki ætluð til að brúa það bil sem gert var grein fyrir í erindi til fjárlaganefndar. Hin nýju verkefni (eftirlit, gagnagreiningar,

Sjúkratryggingar
Vínlandsleið 16
113 Reykjavík
515 0000
sjukra@sjukra.is

DRG) krefjast öll mikillar sérfræðiþekkingar og verulegrar þjálfunar innan SÍ. Í ljósi þess að fjárveitingin var tímabundin lá fyrir að ekki væri skynsamlegt að ráða nýja starfsmenn til að sinna þeim heldur var farin sú leið að flytja reynda starfsmenn úr öðrum verkefnum og dregin saman vinna við þau verkefni. Með slíkri endurskipulagningu innanhúss var hægt að leysa rekstrarvandann tímabundið og að hluta (þ.e. sem nam 95 m.kr. af umbeðnum 140,8 m.kr.). Með þessari endurskipulagningu mátti því líta svo á að komið hefði verið til móts við fjárþörf stofnunarinnar tímabundið um 95 m.kr. (þó svo það þyddi tímabundinn samdrátt í ákveðnum verkefnum) þannig að eftir stæðu þá 46 m.kr. Yfirvöld tóku síðan þá ákvörðun að stofnunin fengi að njóta jákvæðs höfuðstóls fyrra tímabils (11,3 m.kr.) og við lokafrágang rekstraráætlunar kom í ljós að fjárþörf hafði fyrir mistök verið ofreiknuð um 14,1 m.kr. þar sem það fórst fyrir að fella niður launakostnað í tengslum við niðurfellingu starfs. Að teknu tilliti til þessa stóð fjárvöntun við upphaf árs 2022 í 20,4 m.kr.

Til að halda rekstri ársins 2022 innan fjárheimilda hefur því verið frestað ráðningum og ekki ráðið í laus störf nema að mjög litlu leyti. Mönnun verkefna hefur ekki verið aukin í takt við umfang þeirra og því hefur afgreiðsla erinda í sumum tilvikum tekið of langan tíma. Úrskurðarnefnd velferðarmála hefur gert athugasemd við óviðunandi afgreiðslutíma tiltekinna mála og því miður er hætta á að afgreiðsla umsókna um bætur vegna COVID bólusetninga tefjist óhóflega. Álag á starfsmenn er iðulega langt umfram það sem telja má æskilegt eða mögulegt til lengri tíma.

Á hinn bóginn reyndist árið 2022 að sumu leyti hagfellt í rekstri. COVID faraldur í upphafi árs lækkaði rekstrarkostnað og tafir hjá hugbúnaðarbirgjum sömuleiðis. Að vanda gættu Sjúkratryggingar þess að efna ekki til kostnaðar umfram fjárveitingar til að geta skilað rekstri í árslok „réttum megin við núllið“.

Öðru máli gegnir um árið 2023 í ljósi þess fjárlagafrumvarps sem liggur fyrir. Þar er hin tímabundna 95 m.kr. fjárveiting felld út auk þess sem gerð er aðhaldskrafa að fjárhæð 39,4 m.kr. Ekki hefur heldur verið gert ráð fyrir fjármagni vegna lagabreytinga sem áhrif hafa á stofnunina og yfirvöld hafa metið sem 43 m.kr. (þar af 6 m.kr. einskiptis vegna hugbúnaðargerðar). Undirliggjandi rekstrarvandi sem gerð var grein fyrir við fjárlagagerð 2022 er því óleystur auk þess sem ekkert nýtt fjármagn er til staðar til að efla greiningar og eftirlit eða innleiða DRG samninga. SÍ minntu á þá stöðu með minnisblaði til stjórnar stofnunarinnar í ágúst 2022 (sjá fylgiskjal 4) þar sem lögð var áhersla á að styrkja þyrfti stofnunina um 120 m.kr. á ársgrunni til að hefja uppbyggingu hennar eins og gert er ráð fyrir í stjórnarsáttmála. Sjá bókun í fundargerð stjórnar (fylgiskjal 5).

Taflan hér fyrir neðan sýnir þessa stöðu, þ.e. fjárvöntun fyrir árið 2023 m.v. fyrirliggjandi fjárlagafrumvarp og drög að rekstraráætlun ársins 2023. Eins og sjá má nemur lágmarksvöntun alls 193,4 m.kr. Þá er gert ráð fyrir að áhrifa COVID gæti ekki í rekstri og að birgjar stofnunarinnar geti skilað umsömdum verkefnum innan ársins. Jafnframt að stofnunin fái fjármagn til að mæta auknum verkefnum vegna margnefndra lagabreytinga (bólusetningar, slysatryggingar).

Eigi að stíga raunveruleg en hófleg skref til styrkingar stofnunarinnar, m.a. með því að gera henni kleift að gera lágmarksúrbætur á launakjörum þannig að þau nálgist það sem tíðkast hjá sambærilegum stofnunum, nemur fjárvöntun á árinu 2023, miðað við fjárlagafrumvarp, 383,4 m.kr.

Sjúkratryggingar
Vínlandsleið 16
113 Reykjavík
515 0000
sjukra@sjukra.is

Rekstraráætlun 2023 m.v. fjárlagafrumvarp	Drög 1	Drög 2
Tekjur		
Framlag ríkissjóðs	1.903,9	1.903,9
Tekjur	9,6	9,6
	1.913,5	**1.913,5**
Laun (að meðtöldum kostnaði v/lagabr)	1.497,9	1.497,9
Viðbót vegna DRG ofl.		120,0
Stofnanasamningar		50,0
Annar rekstrarkostnaður að meðtöldum kostn. v/lagab	609,0	629,0
	2.106,9	**2.296,9**
Rekstrarhalli	**-193,4**	**-383,4**
Óskir um br. á fjárl.frumv, til að koma til móts við rekstrarvanda		
Styrking hefðbundins rekstrar	193,4	213,4
Styrking samningagerðar, gagnagreininga og eftirlits almennt og í tengslum við innleiðingu DRG		120
Stofnanasamningar - styrking samkeppnishæfni SI við aðrar opinberar stofnanir		50
Alls óskir um styrkingu	**193,4**	**383,4**

Lokaorð

Hagkvæmur rekstur ætti að vera keppikefli allra opinberra stofnana og telja Sjúkratryggingar að stofnunin hafi nú þegar lagt talsvert af mörkum hvað það varðar. Að sama skapi verður að telja að rekstrargrunnur sem nemur innan við 1% af veltu fjármuna í gegnum stofnunina hljóti að teljast óraunhæfur og ekki til þess fallinn að skapa starfseminni trausta umgjörð. Sú staða verður að teljast áhyggjuefni í ljósi þess að stofnunin ber ábyrgð á umsýslu verulegs hluta fjárlaga og útvegun heilbrigðisþjónustu fyrir landsmenn. Brýnt er að ráðast nú þegar í þá styrkingu stofnunarinnar sem boðuð var í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar ef takast á að viðhalda og byggja upp þjónustu við landsmenn. Stjórn SÍ hefur tekið undir áhyggjur forstjóra af þessari stöðu, sjá minnisblað forstjóra og bókun í fundargerð stjórnar (fylgiskjal 4 og 5).

Sjúkratryggingar Íslands þakka fyrir þann gaum sem fjárlaganefnd hefur gefið þessu erindi og óska eftir að fá að gera nánari grein fyrir því á fundi með nefndinni.

Fh. Sjúkratrygginga Íslands

María Heimisdóttir, forstjóri

Anna María Bjarnadóttir, sviðsstjóri fjármálasviðs

Sjúkratryggingar
Vínlandsleið 16
113 Reykjavík
515 0000
sjukra@sjukra.is

Fylgiskjöl:

1. Yfirlit um helstu úttektir, stefnuskjöl og skýrslur er varða starfsemi SÍ
2. Bréf forstjóra til Ríkisendurskoðunar, dags. 30. des. 2018
3. Sjúkratryggingar Íslands sem kaupandi heilbrigðisþjónustu. Eftirfylgni 2021
4. Minnisblað forstjóra SÍ til stjórnar, dags. 19. ágúst 2022
5. Fundargerð stjórnar SÍ með bókun, dags. 24. ágúst 2022

Afrit:

- Willum Þór Þórsson, heilbrigðisráðherra
- Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra
- Vilborg Hauksdóttir, formaður stjórnar Sjúkratrygginga Íslands

Sjúkratryggingar
Vínlandsleið 16
113 Reykjavík
515 0000
sjukra@sjukra.is

Yfirlit um helstu úttektir, stefnuskjöl og skýrslur er varða starfsemi SÍ

Ágúst 2022

Sáttmáli ríkisstjórnar, heilbrigðisstefna til 2030 og fimm ára aðgerðaáætlun 2022-2026 - Texti varðandi sjúkratryggingar

Nr.	Tegund skjals	Texti varðandi Sjúkratryggingar
I	**Sáttmáli um ríkisstjórnarsamstarf Framsóknarflokks, Sjálfstæðisflokks og Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs**	• Ný heilbrigðisstefna til 2030 markar stefnu fyrir heilbrigðiskerfið á komandi árum. • Sjúkratryggingar Íslands verða efldar sem kaupandi og kostnaðargreinandi heilbrigðisþjónustu fyrir hönd ríkisins. • Þjónustutengd fjármögnun verður innleidd í auknum mæli í heilbrigðiskerfið, settir upp miðlægir biðlistar og tryggt að þjónusta sé veitt innan tiltekins ásættanlegs biðtíma. • Aðgengi allra landsmanna að sérfræðiþjónustu verður bætt í samráði við heilbrigðisstofnanir í öllum umdæmum. • Unnið verður að innleiðingu stafrænna lausna í heilbrigðisþjónustu og ný tækni nýtt til að auka gæði þjónustu og hagkvæmni. Stuðlað verður að nýsköpun og ýtt undir samstarf opinberra aðila og einkaaðila á sviði tæknilausna. Fjarheilbrigðisþjónusta verður sérstaklega efld.
II	**Heilbrigðisstefna- Stefna fyrir íslenska heilbrigðisþjónustu til ársins 2030.** **Samþykkt á Alþingi í júní 2019.** **Samkvæmt sáttmála ríkisstjórnarinnar skal heilbrigðisstefna til 2030 marka stefnu fyrir heilbrigðiskerfið á komandi árum.**	• Kaup á heilbrigðisþjónustu eru ein af áskorununum fram undan. Með lögum um sjúkratryggingar, nr. 112/2008, var ætlunin að færa kaup ríkisins á heilbrigðisþjónustu í svipað form og almennt tíðkast í nágrannalöndunum. Sjúkratryggingum Íslands var falið þetta verkefni. Samkvæmt skýrslu Ríkisendurskoðunar frá árinu 2016 um reynslu af framkvæmd laga um sjúkratryggingar bendir margt til þess að markmið laganna um kaup á heilbrigðisþjónustu hafi ekki náðst. Ríkisendurskoðun bendir á að samningar um kaup á þjónustu byggist ekki á ítarlegum kostnaðargreiningum og að kaupunum sé ekki nægilega forgangsraðað út frá þörfum sjúklinga sem geti leitt til óhagkvæmni. Í skýrslu Ríkisendurskoðunar er jafnframt bent á að gera þurfi auknar kröfur um gæði þjónustunnar og að ríkið hafi ávallt frumkvæði að kaupum á heilbrigðisþjónustu. Þá segir einnig í skýrslunni að brýnt sé að innleiða þjónustutengda fjármögnun á Landspítala til að hámarka skilvirkni og hagkvæmni í rekstri spítalans. • Að sama skapi verður einnig að gera kröfu um að það fjármagn sem nú þegar er veitt í heilbrigðisþjónustuna verði sem best nýtt, til dæmis með breytingum tengdum vinnulagi, þjónustukaupum og almennu skipulagi heilbrigðiskerfisins. • Öllum landsmönnum skal tryggður nauðsynlegur aðgangur að annars stigs heilbrigðisþjónustu og þar hafa Sjúkratryggingar Íslands haft veigamiklu hlutverki að gegna sem kaupandi þjónustunnar fyrir hönd ríkisins. Í lögum um sjúkratryggingar segir að við samningsgerð

		skuli tryggja aðgengi sjúkratryggðra að þeirri heilbrigðisþjónustu sem samið er um óháð efnahag. Enn fremur skuli leitast við að tryggja þjónustu við sjúkratryggða hvar á landinu sem þeir búa og að veitendur þjónustunnar gæti þess að sjúkratryggðir njóti jafnræðis. Í samningum skal einnig kveðið á um magn, tegund og gæði þjónustunnar, hvar hún skuli veitt og af hverjum. • Eins og dæmin sanna hefur framkvæmd laganna varðandi aðgengi landsmanna að sérhæfðri heilbrigðisþjónustu ekki alltaf verið í samræmi við ákvæði laga um sjúkratryggingar. • Skilgreina þarf hvaða þjónustu ríkið ætlar að kaupa af sérgreinalæknum og hvaða þjónustu eigi eingöngu að veita á fyrsta stigi heilbrigðisþjónustunnar. Einnig þarf að skilgreina hvaða þjónusta sérgreinalækna skuli veitt inni á háskólasjúkrahúsi. Varðandi hið síðastnefnda má nefna ábendingu McKinsey í áðurnefndri skýrslu frá 2016 um það hvernig þjónusta sérgreinalækna hefur færst frá Landspítala án tillits til þess hvort hún sé betur komin þar eða utan sjúkrahúsa. • Skipuleggja þarf sérfræðiþjónustu hvers heilbrigðisumdæmis út frá þörfum íbúanna. Í því sambandi þarf að skilgreina hvaða þjónustu sérgreinalækna er enn hægt að veita á þeim sjúkrahúsum sem í dag eiga í vök að verjast vegna erfiðleika við að manna stöður sérgreinalækna og annars heilbrigðisstarfsfólks. • Hver verður staðan 2030? ○ Umfang annars stigs þjónustu utan sjúkrahúsa er á hverjum tíma ákveðið í samningum við Sjúkratryggingar Íslands í samræmi við þarfir þeirra sem þurfa á þjónustu að halda. ○ Skýrar reglur gilda um aukastörf heilbrigðisstarfsfólks. ○ Allir notendur heilbrigðisþjónustunnar geta hvenær sem er séð stöðu sína í greiðsluþátttökukerfinu. ○ Sjúkratryggingar Íslands annast alla samningagerð um kaup á heilbrigðisþjónustu fyrir hönd ríkisins, hvort sem um er að ræða þjónustu opinberra eða einkaaðila. ○ Kaup á heilbrigðisþjónustu byggjast á þarfagreiningu og miðast við þarfir íbúanna í landinu. ○ Ef forgangsröðun er nauðsynleg eru sjúklingar með mesta þörf settir í forgang. ○ Við kaup á heilbrigðisþjónustu eru ávallt gerðar nauðsynlegar kröfur um aðgengi, gæði þjónustunnar og öryggi sjúklinga.

		○ Þjónustutengt fjármögnunarkerfi sem byggist á alþjóðlega flokkunarkerfinu DRG hefur verið innleitt við kaup á allri sjúkrahúsþjónustu og sambærilegri þjónustu sem veitt er í einkarekstri utan sjúkrahúsa. ○ Fjármögnunarkerfi heilbrigðisþjónustu hvetja til aukinna gæða, betri heilsu notenda, góðs aðgengis þeirra að þjónustu og kostnaði er haldið í skefjum.
III	**Skýrsla heilbrigðisráðherra – fimm ára aðgerðaáætlun heilbrigðisstefnu 2022-2026.** **Lögð fram á 151. löggjafarþingi 2020-2021.**	Markmið til eins árs: • Umfang annars stigs þjónustu utan sjúkrahúsa verði á hverjum tíma ákveðið í samningum við Sjúkratryggingar Íslands í samræmi við þarfir þeirra sem þurfa á þjónustu að halda. • Skýrar reglur gildi um aukastörf heilbrigðisstarfsfólks sem starfar hjá opinberum stofnunum. Markmið til tveggja ára: • Allir notendur heilbrigðisþjónustunnar geti hvenær sem er séð stöðu sína í greiðsluþátttökukerfinu. Staða greiðsluþátttöku verði sjúklingum aðgengileg í Heilsuveru. Kaup á heilbrigðisþjónustu byggist á þarfagreiningu og miðist við þarfir íbúanna í landinu. Við kaup á heilbrigðisþjónustu verði ávallt gerðar nauðsynlegar kröfur um aðgengi, gæði þjónustunnar og öryggi sjúklinga. Greiðslur til þjónustuveitenda taki tillit til niðurstöðu gæðavísa. Markmið til þriggja ára: • Fjármögnunarkerfi heilbrigðisþjónustu hvetji til aukinna gæða, betri heilsu notenda, góðs aðgengis að þjónustu og stemmt verði stigu við kostnaði. Þarfagreining verði gerð um þjónustu sérgreinalækninga í heild og þjónusta sérfræðilækna utan sjúkrahúsa verði endurskipulögð til að tryggja aðgang allra landsmanna að þjónustunni. Gögn um árangur einstakra þátta í heilbrigðisþjónustunni verði samanburðarhæf milli landsvæða og við árangur annarra þjóða. Samanburður verði gerður reglulega. Skil þjónustuveitenda á árlegu gæðauppgjöri sem sýni niðurstöður umsaminna gæðavísa verði forsenda þess að fullar greiðslur fyrir veitta þjónustu séu inntar af hendi. Markmið til fimm ára: • Gerðar verði skýrar kröfur í samningum við þjónustuveitendur um gæðavísa og hvaða árangri skuli náð. Áætlun embættis landlæknis um gæðaþróun í heilbrigðisþjónustu innleidd í skrefum. Gæðavísar skilgreindir, birtir og gerðar kröfur til veitenda heilbrigðisþjónustu um gæðauppgjör.

Skýrslur, kannanir, úttektir, álitsgerðir o.fl. – texti varðandi sjúkratryggingar

Nr.	Tegund skjals	Texti varðandi Sjúkratryggingar
I	**Ráðgjafafyrirtækið McKinsey & Co**	
a)	Aukin framleiðni og gæði heilbrigðisþjónustu með nýju fjármögnunarkerfi og leiðbeinandi viðmiðum (2020). Skýrsla unnin fyrir heilbrigðisráðuneytið.	• Landspítali hefur hærra hlutfall dag- og göngudeildarsjúklinga með einfaldari heilsufarsvanda (94%) en sjúkrahúsin sem voru til viðmiðunar (um 90%), sem skýrist bæði af fleiri dag- og göngudeildarsjúklingum með einfaldari vandamál sem sækja bráðaþjónustu og einnig fleiri skipulögðum heimsóknum dag- og göngudeildarsjúklinga. Með því að veita þessum sjúklingum úrræði á lægra þjónustustigi, svo sem í heilsugæslu og hjá sérfræðingum, myndi afkastageta spítalans aukast. • Hins vegar virðast um 40% sérfræðilækna á Landspítala vinna í hlutastarfi og um 15% hópsins í minna en hálfu starfshlutfalli. Þessi staðreynd, þ.e. að læknar skipti tíma sínum á milli einkaþjónustu og opinberrar þjónustu, er líkleg til að draga úr skilvirkni og stöðugleika á opinberu sjúkrahúsunum. • Framleiðsla er að aukast hjá sérfræðingum í einkageiranum, eða um 0,5% á ári, mælt í einingum á hvern lækni, en sá mælikvarði tekur bæði tillit til heimsókna og umfangs þjónustunnar.
b)	Lykill að fullnýtingu tækifæra Landspítala – Íslenska heilbrigðiskerfið á krossgötum (2016). Skýrsla unnin fyrir velferðarráðuneytið.	• Í fyrsta lagi skortir heildarstefnu og stýringu á veitingu heilbrigðisþjónustu innan kerfisins. Þjónusta sem áður var veitt á legudeildum hefur færst á einkareknar göngudeildir sjálfstætt starfandi sérfræðinga, einnig á sviðum þar sem samþætt heilbrigðisþjónusta, líkt og veitt er á háskólasjúkrahúsi, er besti kosturinn. • Íslenska heilbrigðiskerfið þarfnast skýrari stefnu með tilliti til hvar og í hvaða magni skuli veita þjónustu. • Tilfærsla heilbrigðisþjónustu frá Landspítalanum á einkastofur sérfræðilækna getur verið jákvæð fyrir kerfið í heild (t.d. með því að tryggja greiðari aðgengi að sérfræðiþjónustu og gera um leið mögulegt að nýta starfsmenn, fjármagn og önnur aðföng á Landspítalanum á annan hátt). Þessi þróun virðist þó ekki hafa átt sér stað með skipulögðum hætti. Engin heildaráætlun er til um dreifingu þjónustu í kerfinu eða innan Landspítalans. Hvorki Landspítalinn eða heilbrigðisyfirvöld hafa sett fram skýra framtíðaráætlun um afköst og stjórnun þeirra. Flutningur þjónustu frá Landspítalanum hefur átt sér stað í flestum sérgreinum, einnig á þeim sviðum þar sem betur færi á því að þungi þjónustunnar væri veittur í samhæfðu umhverfi háskólasjúkrahúss.

		• Þá þarf að sjá til þess að jafnvægi sé milli tekjumöguleika sérfræðilækna innan heilbrigðiskerfisins þannig að ekki sé mikill munur milli tekna á einkastofum og hjá hinu opinbera. Landspítalinn þarf að hafa fleiri sérfræðilækna í fullu starfi. • Landspítalinn og heilbrigðiskerfið allt þarf að fjölga gæðavísum, nota alþjóðlega gæðavísa í auknum mæli og greina frá niðurstöðum gæðamælinga á gagnsæjan hátt. • Umfang starfsemi sérfræðilækna á einkastofum hefur aukist hratt á síðustu árum án skýrrar stefnu, stjórnunar, stýringar verkefna eða eftirlits með gæðum þjónustunnar. Með réttri skiptingu ábyrgðar gæti einkarekstur og Landspítali sameiginlega tryggt sjúklingum samfellda þjónustu af miklum gæðum gegn hóflegum kostnaði. Á hinn bóginn hefur umfang þjónustu færst til á síðustu árum án skýrrar stefnumörkunar. Þannig virðast verkefni hafa færst af Landspítalanum inn á einkastofur án þess að fyrir hafi legið stefna eða ákvarðanir stjórnvalda. Þetta gerist vegna þess hvernig hvatarnir í kerfinu eru settir upp en án þess að slíkt samræmist stefnu stjórnvalda. Undanfarin ár hafa sérfræðilæknar haft fullt frelsi til þess að hefja rekstur og fá greitt frá Sjúkratryggingum Íslands fyrir veitta þjónustu í samræmi við magn. Þá hefur verið lítil sem engin stjórn á umfangi þjónustunnar eða eftirlit með gæðum hennar. Framleiðni virðist mikil á einkastofunum en af framangreindum ástæðum er óljóst hvort veitt þjónusta sé af réttri tegund, miklum gæðum eða nái til réttra sjúklingahópa. • Einkarekstur sérfræðilækna á Íslandi hefur vaxið umtalsvert á síðustu árum, bæði með tilliti til magns og tegundar veittrar þjónustu. Þótt umfang þjónustunnar og gróf flokkun hennar sé skráð (eftir sérfræðigrein og tegund aðgerða) er ekki unnt að greina jafn ítarlega þá starfsemi sem fram fer á einkastofum og mögulegt er á Landspítalanum. Einkastofur nota hvorki DRG-skráningu né beita öðrum ítarlegum skráningaraðferðum. • Þegar þróunin á einkastofunum er skoðuð í samhengi við þróunina á Landspítalanum sést að það er tenging milli minnkandi afkasta á Landspítalanum og aukinna afkasta á einkastofunum. • Á þessu tímabili hefur kostnaður við þjónustu sem veitt er á einkastofum aukist umtalsvert. • Í ljósi þess skorts sem er á ítarlegum gögnum um afköst í einkageiranum er ekki mögulegt að greina skilvirkni sérfræðilækna á einkastofum en hlutfall sjúklinga sem þangað leita er hlutfallslega hátt á Íslandi. Þá er fyrirkomulag einkastofukerfisins þannig að stofurnar hafa hvata til þess að ýta undir mikla notkun á þjónustunni sem þær bjóða. Meðal þessara hvata er fullt frelsi til að hefja rekstur einkastofu, að fá greiðslu fyrir unnin verk án magnstýringar af hálfu kaupandans, skortur á eftirliti og

		auðvelt aðgengi sjúklinga að sérfræðilæknum þar sem engin hliðvarsla/tilvísanaskylda er af hálfu heilsugæslunnar. Þegar ekki liggja fyrir samræmd gögn um veitta þjónustu innan kerfisins er erfitt að meta hvort einkastofurnar veiti rétta tegund þjónustu og í réttu magni. • Það að taka upp sams konar skráningu á þjónustu á Landspítalanum og á einkastofum er ein leið til þess að ná heildstæðri yfirsýn yfir þróun kerfisins. Með samræmdi skráningu væri mögulegt að skilgreina markmið um umfang þjónustu og stýra greiðslum á grundvelli skilgreindra markmiða. • Auk þess þarf að efla notkun gæðavísa til að auka gagnsæi upplýsinga um gæði þjónustunnar innan heilbrigðiskerfisins. Allir veitendur heilbrigðisþjónustu ættu að hafa skýra og vel skilgreinda staðla um hvað, hvernig og hvenær eigi að upplýsa og birta niðurstöður gæðamælinga og setja sér markmið byggð á þeim.Með þessu fyrirkomulagi er hægt að tengja greiðslur gæðum þjónustunnar, t.d. með aukagreiðslum fyrir gæðaþjónustu eða takmörkun á greiðslum vegna endurinnlagna. • Taka skal meðvitaða ákvörðun byggða á staðreyndum um skipulag einkastofa sérfræðilækna. Einkastofur ættu að veita sérfræðilæknisþjónustu einungis á þeim sviðum þar sem kostir þess eru augljósir. Þetta á ekki við um allar sérgreinar því sjónarmið um lágmarksgæði og kostnaðarhagkvæmni leiða til þeirrar niðurstöðu að best sé að veita sumar tegundir sérfræðilæknisþjónustu einungis á háskólasjúkrahúsinu. • Setja skal reglur um samræmda skráningu og innleiða nýtt fjármögnunarkerfi. Setja ætti reglur um samræmda skráningu (byggða á DRG-kerfinu) heilbrigðisþjónustu sem ná jafnt til opinberra aðila og einkaaðila, allt frá heilsugæslu til sérfræðiþjónustu. Í kjölfarið skal nýta þá yfirsýn sem þá fæst til að verðleggja þjónustuna með gagnsæjum hætti á grundvelli DRG-mælinga, sjúklingafjölda og fastra samninga. Þá skulu greiðslur tengdar við skilgreindar gæðakröfur.
II	**Úttekt ráðgjafa-fyrirtækisins Intenta ehf. unnin fyrir fjármála- og efnahagsráðuneytið og Sjúkratryggingar Íslands í samráði við heilbrigðisráðuneytið (2020). Stafræn þróun Sjúkratrygginga Ísland. Stöðumat og tillaga að**	Aðlögun á skipulagi upplýsingatæknimála (UT), innleiðing stjórnkerfis, úrbætur: • Ljóst er á yfirferð þeirra fjölmörgu verkefna sem SÍ stendur frammi fyrir í dag, að þau eru ærin til framtíðar og verkefnið stórt. Umtalsverðar breytingar hafa orðið undanfarin tvö ár sem snúa að bættu skipulagi, betri yfirsýn varðandi úthýsingu verkefna, aukinni aðkomu stjórnenda fagsviða að forgangsröðun og þróun og öruggari gagnarekstri (t.d. GDPR) en betur má ef duga skal. • Verkefnastjórnun af hálfu SÍ hefur verið ágæt en mætti styrkja (svo sem forgangsröðun, gerð kröfulýsinga, annarri skjölun og skipulagi samskipta við birgja). Töluverð vinna

	tæknistefnu og aðgerðum. **Í stýrihópi sátu:** **Frá fjármála- og efnahagsráðuneytinu:** **Einar Birkir Einarsson, sérfræðingur** **Frá Sjúkratryggingum Íslands:** **María Heimisdóttir, forstjóri** **Benedikt Benediktsson, deildarstjóri** **Frá heilbrigðisráðuneytinu:** **Unnur Ágústsdóttir, sérfræðingur** **Arnar Bergþórsson, sérfræðingur** **Frá Intenta ehf.:** **Indriði Freyr Indriðason, verkefnisstjóri** **Arnar Pálsson, ráðgjafi**	hefur verið lögð í gerð svokallaðra botta eða regluvéla en lítil yfirsýn er yfir viðskiptavirkni þeirra. • Staða fjölmargra kerfa er komið í erfiða stöðu, heildarmyndin á köflum óskýr, eftirlit með reikningum sem og greiðslum þyrfti að skoða og bæta, skipulag nokkuð brotið, öryggi gagna ábótavant (t.d. lítið um öryggisúttektir) og framtíðarsýn skortir. • Rekstur og viðhald kerfanna er orðið fyrirferðarmikið þannig að nýþróun á undir högg að sækja. Það þrengist um sóknartækifærin. • Vegna mikilvægi kerfa, hlutverk þeirra meðal starfsfólks, veltu þeirra og flækjustigs er ljóst að lykillinn í því að ná tökum á stöðunni til framtíðar, er að styrkja og byggja upp upplýsingatækni innan stofnunarinnar þannig að markvissari skref séu tekin. • Byggja þarf betur upp stjórnun á upplýsingatækniöryggi með vísan í staðla og aðferða eins og ISO-27001 og ITIL. Huga þarf að því að innhýsa störfum og þeirri ábyrgð sem hefur verið úthýst í núverandi fyrirkomulagi. Byggja þarf upp þekkingu innandyra á kerfum, virkni þeirra og rekstri. • Nauðsynlegt er að búa til öfluga einingu utan um upplýsingatæknimál stofnunarinnar sem mótar og byggir upp betri heildarsýn, vinnur að styrkari rekstri, öflugri þróun, áherslu á öryggismál og skilvirkari upplýsingatækni-verkefnastýringu innan stofnunarinnar. Þessari einingu þarf að vera stjórnað af stjórnanda með skýra stefnu til framtíðar og getu til að fylgja henni áfram í samráði við aðra stjórnendur stofnunarinnar. Stuðningur yfirstjórnar er lykilatriði í árangri. Sérhæfingu innan einingar þarf að styrkja í hlutverkum eins og tæknihögun (e. enterprise architect), rekstrar- og kerfismálum, verkefnastýringu, aðgangsmálum og öryggismálum (öryggisstjóri). • Styrkari stoð hjálpar til við að nýta almennilega þau tækifæri sem felast í upplýsingatækni. Það eitt og sér dugar skammt ef skipulag stofnunarinnar breytist ekki í þá átt að auka ábyrgð og samstarf í vinnulagi. • Einnig er mjög mikilvægt að auka á samstarf upplýsingatæknimála með fagráðuneytinu ásamt því lausnamengi sem að verið er að vinna í og bjóða ríkisstofnunum hjá fjármála- og efnahagsráðuneytinu. Alþjóðlegt samstarf er einnig mikilvægt m.t.t. hugsanlegra lausna og þróunar. • Stefnt er að því að fjárfesting til þriggja ára sé um 56 m.ISK. Meðal fjárfestinga er talinn til kostnaður vegna aukningar starfsfólks hjá SÍ á fyrsta ári sem nemur um 40,4 m.ISK. • Næstu ár er stefnt að því að fjölga starfsmönnum þannig að þeir verði 10,5 talsins á ári 3. Að sama skapi er stefnt að innhýsingu frá þjónustuaðila sem gerist jafnt og þétt næstu ár. Óhjákvæmilega skapast tvöfaldur kostnaður á

		innhýsingartíma sem er talinn vera um 31 m.ISK á ári tvö og 33 m.ISK á ári þrjú. Stefnt er að því að jafnvægi gæti myndast á ári fjögur í samsetningu á milli starfsfólks SÍ og þjónustuaðila og yrði þá áætlaður starfsmannafjöldi um 14. Framgreindar tölur eru settar fram með mikilli óvissu um framkvæmd og kostnaðaráhrif. Uppbygging á stjórnenda- og eftirlitsupplýsingum: • Upplýsingakerfið er komið til ára sinna og hefur lengi verið áætlað að gera nýtt upplýsingakerfi í nýju umhverfi. • Mikil þörf er á að bæta aðgengi að upplýsingum skv. samtölum við sviðs- og deildarstjóra. Meginávinningur slíkra vinnu er að gera gögn að upplýsingum og tölur að tölfræði. • Markviss uppbygging er nauðsynleg m.t.t. að byggja upp gott eftirlitskerfi og auka sýnileika til ákvörðunartöku. • Efla þarf tvennt í stjórnskipulagi SÍ: a) Uppbygging á gagnalagi fyrir innleiðingu á gagnagreiningartólum eins og Microsoft Power BI. Þetta krefst tæknilegrar uppbyggingar sem nú þegar er hafin að einhverju leyti sem þarf rýna. b) Að koma upp greiningaraðilum („hagdeild“) innan SÍ sem þjónustar helstu svið stofnunarinnar sem hefur frumkvæði af því að sinna upplýsingagjöf. Þjónustugáttir, ábyrgð og samræmd uppbygging, samvinna: • Á verkefnaskrá er verkefni við að uppfæra útlit og virkni gáttanna til að þær þjóni betur tilgangi sínum. Ljóst er að skoða þarf þessi mál í ljósi ýmissa annarra verkefna innan fagráðuneytisins (Heilsuvera) og fjármála- og efnahagsráðuneytisins þar sem að island.is hefur verið í þróun sem og Straumurinn (X-road) sem er gagnaflutningslag fyrir upplýsingakerfi og er vistkerfi sem er í senn tæknilegt umhverfi og skipulag og tryggir örugg gagnasamskipti á milli upplýsingakerfa. Á þessi atriði þarf að einblína til að samræma til framtíðar. • Efla þarf skilning á þessu verkefni innan stofnunarinnar og ná tökum á sýninni. Verkefnið krefst utanaðkomandi vinnu verktaka og ráðgjafa, samvinnu við ráðuneytin og uppbyggingar innan SÍ. Verkefnið þarf að vinnast náið með núverandi þjónustuaðila en þó á þann hátt að innhýsa meginvinnunni. Stefnumörkun varðandi greiðsluvirkni, aðlögun í kerfum og eftirlit: • Kerfi SÍ eru lítið sem ekkert sveigjanleg í dag varðandi stýringar á greiðslum vegna reikninga. Virknin er yfirleitt á þann hátt að innsendur reikningur sem stenst formkröfur og eftirlit í gáttum stofnunarinnar er greiddur fljótt. Krafan um rauntímasamskipti varðandi uppfærð réttindi þarf því að skoða m.t.t. þeirrar kröfu sem gerð er til greiðslna til þjónustuveitenda. Í samtölum við

		deildarstjóra kom fram að þeir treysta mikið á þær regluprófanir sem eru gerðar í upphafi en eiga síðan erfitt með að hafa yfirsýn og eftirlit með öðrum þáttum í því eftirliti sem þeim er ætlað að sinna. • Skoða þyrfti alvarlega vinnulag SÍ um hvernig eftirliti er háð á seinni stigum. Tiltölulega einfalt er að stýra greiðslum eftir kerfum og viðskiptamanni en ekki samningum. Stýring eftir samningum kallar á mikla greiningu þar sem reikningsupplýsingar / greiðslur eru ekki tengdar samningi. Einstök kerfi eru að afgeiða greiðslur sem eiga sér uppruna í mörgum samningum. • Ljóst er að markmiðið með breytingum á greiðslum hangir mikið á þeirri staðreynd að bæta þurfi eftirlit með útgreiðslum til þjónustuveitenda. Þótt að tæknilega sé þetta framkvæmanlegt þá þarf að huga vel að öðrum þáttum sem snúa þá aðallega að skipulagi í áhættustýringu, eftirliti á greiðslum, stöðu samninga og aðrar þarfir til eftirlits. • Þessar auknu eftirlitsþarfir og frestun greiðslna kallar einnig á virkari þjónustu og upplýsingagjöf til þjónustuveitenda. Skýra þarf eflaust hluti betur um hvað sé greitt í hverjum bunka, hvað veldur því að greiðslu sé haldið eftir og almennt vinnulag í kringum þessa breytingu. • Markmið með breytingum á greiðslum til þjónustu-veitenda er að bæta skilvirkni í eftirliti auk þess sem að hafa betri yfirsýn yfir fjárflæði SÍ auk betri nýtingu á fjármagni. Alþjóðadeild, úrbætur vinnuferla og aðlögun kerfa: • Talsvert mörg verkefni bíða úrlausnar innan Alþjóðadeildar sem þarf að vinna á næstunni, bæði til að uppfylla alþjóðlegar kröfur og koma öðrum verkefnum til betri vegar kerfislega. Stærsta verkefnið í dag snýr að EESSI (Electronic Exchange of Social Security Information) vegna alþjóðlegra krafna. • Markmið með verkefninu snýr aðallega að því að leysa þarfir EESSI-verkefnisins sem er viðamikið verkefni. En einnig þarf að líta til annarra verkefna innan Alþjóðadeildar sem snúa að því að halda utan um erlenda reikninga og hvernig þeir eru bæði skráðir inn og hvernig eftirliti er háð. • Aukning í umfangi og upphæðum hjá Alþjóðadeild hefur verið mikil undanfarið. Þörfin til utanumhalds hefur að sama skapi aukist samfara og virðist talsvert vera um rekstur „excel-kerfa“ sem bjóða upp á villuhættu, samræmingarleysis við grunnkerfi og talsverða handavinnu. Í raun væri gagnlegast að skoða þarfir deildarinnar m.t.t. nýtingu á upplýsingatækni m.t.t. fólks og ferla. Áætlun tekur mið af því að leysa EESSI-verkefnið en skoða þarf fjárhagsleg áhrif af annarri vinnu sem

		nauðsynlegt er að ráðast í sem snýr að umbótastarfi innan deildarinnar. Stefnumörkun Greiðsluþátttökukerfis, val kerfa og ferlatiltekt: • Greiðsluþátttökukerfið (GTK) var sett í gagnið 1. maí 2017. Kerfið reiknar út sjúklingshluta vegna þjónustu á heilsugæslu, hjá sérfræðingum, þjálfurum, sálfræðingum auk nokkurra annarra aðila að kerfinu. Kerfið byggir talsvert á rauntímasamskiptum, svokölluðum B2B (e. Business to Business) samskiptum. Fyrir liggur að halda áfram þeirri vegferð að koma fleiri kerfum í rauntímasamskipti með það að markmiði að lágmarka handavinnu starfsmanna, koma á betra vinnulagi og koma í veg fyrir leiðréttingar. • Markmið og ávinningur af þessari vinnu virðist vera augljós. Helst ber að nefna það verkefni að koma reikningum sérfræðilækna inn stafrænt. Velta þeirra reikninga árið 2019 var um 11 ma.ISK fyrir um 187 þ. einstaklinga. • Efla þarf innra skipulag UT á þann hátt að vörustjóri innan SÍ sé skipaður og ábyrgð á kerfinu og framþróun ljós. Huga þarf vel að framtíðarskipulagi varðandi gáttir og samskipti út á við, kröfur til reksturs varðandi álag og rekstur, samspil við eftirlit og ekki síst samvinnu við svið stofnunarinnar um framkvæmd. Endurskrift og sameining kerfa: • Flest upplýsingakerfi SÍ er forrituð í Delphi en forritunarmálið er ekki kennt lengur í námi í tölvunarfræðiskólum. • Sífellt erfiðara verður því fyrir þjónustuaðila SÍ að fá nýja forritara til starfa sem hafa gott vald á Delphi þar sem að forritunarmálið er á útleið. Gömlu Delphi forritin þarf að fara að endurnýja sem allra fyrst þótt núverandi virkni sé ekki í hættu. Þetta mun kalla á að talsverða endurskrift sem verður mikið verk sem ekki má vanmeta. • Sjúkratryggingar Íslands reka umfangsmikið upplýsingatækniumhverfi, sem saman stendur af um 60 mismunandi tölvukerfum. Markmið þessa verkefnis virðist í fyrstu snúast um að nútímavæða forritunarmálið en hafa skal það hugfast að samhliða endurskrift þarf að líta til þess að fækka kerfum, einfalda sýnir fyrir notendum, skoða leiðir til að hjúpa helstu virkni í samþættingarlag einhverskonar fyrir stærstu kerfin með framþróun í huga. • Jafnvel þyrfti að skoða leiðir við að aðskilja kerfin á þann hátt að fá nýja þjónustuaðila til að skrifa kerfi eða líta til Norðurlandanna með upptöku á hugsanlega stöðluðum kerfum sem þar eru í rekstri. • Eins og gefið er í skyn hér að ofan verður að leita allra leiða við að einfalda kerfissýn SÍ þar sem að fjöldi kerfa ásamt flækjustigi þeirra eykur í sífellu á rekstur og viðhald

		þeirra. Þróun nýrra leiða og lausna víkur því fyrir sífellt þyngri rekstri innan UT.
III	**Úttekt Capacent á upplýsingakerfum hjá Sjúkratryggingum Íslands. Unnin fyrir fjármála- og efnahagsráðu-neytið (2018).**	• **Skýra þarf ábyrgð og hlutverk** í upplýsingatæknimálum. • **Rekstraráhætta og flækjustig** upplýsingakerfa hefur aukist á síðustu árum með innleiðingu á flóknum reglugerðum og lögum um greiðsluþátttöku, fjölgun kerfa og aukinnar kröfu um rauntímasamskipti við veitendur heilbrigðisþjónustu. • **Styrkja þarf innra starf** varðandi upplýsingatæknimál og að það verði haft að leiðarljósi að byggja upp þekkingu og skapa sterkari stöðu gagnvart birgjum í tengslum við rekstur upplýsingatækniumhverfis, hugbúnaðarþróun og viðhald upplýsingakerfa. • **Auka þarf slagkraft** í tengslum við hugbúnaðarþróun, viðhald og prófana á kerfum stofnunarinnar. • Óskýr hlutverk og ábyrgð í tengslum við upplýsingatæknimál. • Fá stöðugildi beintengd upplýsingatæknimálum. • Stöðugildum við hugbúnaðarþróun og viðhald kerfa fer fækkandi þrátt fyrir að kerfum fer fjölgandi. • Veik staða SÍ gagnvart birgjum, vegna of lítillar þekkingar á virkni kerfa og gögnum sem þau innihalda. • Tæknileg skuld og áhætta í rekstri er að aukast. • Mikið álag er á hugbúnaðarþróunaraðilum/verktökum. • Flóknari regluverk setur meiri kröfur á upplýsingatæknikerfi. • Fjármagn hefur ekki aukist til upplýsingatæknimála þrátt fyrir auknar kröfur. • Mörg verkefni bíða og verkbeiðnir að safnast upp. • Skilgreina þarf eigendur eða ábyrgðaraðilar á gögnum. • Skilgreina þarf upplýsingatæknistefnu. • Skilgreina þarf öryggistefnu. • Engin neyðaráætlun fyrir samfellu í rekstri. • Þörf á að bæta eftirlit með rafrænum kerfum – prófunum og úttektum. • Huga þarf að öryggi gagna og vinnslu upplýsinga í tengslum við persónuverndarlöggjöf (GDPR). • Skjölun og upplýsingum um upplýsingakerfi er ábótavant.
IV	**Embætti landlæknis**	
a)	Könnun Embættis landlæknis (2017) á tíðni aðgerða í einkarekinni þjónustu 2007-2016.	• Niðurstöður þessarar könnunar Embættis landlæknis benda til þess að tíðni þeirra aðgerða sem kannaðar voru sé há miðað við nágrannalöndin og hafi í sumum tilvikum farið vaxandi á síðustu árum. Sú spurning vaknar hvort fjöldi aðgerða sé mögulega tengdur fjölda viðkomandi sérgreinalækna á samningi við SÍ sem framkvæma þessar aðgerðir frekar en að hann sé tengdur þörfum sjúklinga. Þetta hefur einnig komið fram í nýlegri B.Sc. ritgerð frá Læknadeild Háskóla Íslands þar sem línulegt samband var á milli fjölda HNE lækna sem fengu greitt frá SÍ og ársnýgengis hálskirtlataka. Liðspeglanir á hné eru mun

		algengari hér á landi en á Norðurlöndunum og u.þ.b. helmingur þeirra er gerður á einstaklingum eldri en 50 ára þar sem ætla má að um sé að ræða byrjandi slitgigt og þrátt fyrir að vísindagreinar síðustu ára bendi til þess að ávinningurinn af þessum aðgerðum sé vafasamur og geri sennilega meira ógagn en gagn. • Samantekið benda þessar niðurstöður til þess að tíðni þessara fjögurra aðgerða, ristilspeglana, liðspeglana á hné, rörísetninga í miðeyru barna og hálskirtlataka, sé mun hærri hér á landi en í nágrannalöndunum. Embætti landlæknis hefur ekki reynt að meta kostnað við þessar aðgerðir en ætla má að hann skipti hundruðum milljóna. Á sama tíma benda biðlistar hér á landi til þess að hér sé gert of lítið af aðgerðum eins og liðskiptum í mjöðmum og hnjám og e.t.v. öðrum aðgerðum sem fyrst og fremst eru gerðar á opinberum stofnunum. Ástæða er til að ætla að þessi mynd tengist að einhverju leyti ólíkum greiðslukerfum í opinberri og einkarekinni þjónustu eins og bent var á í skýrslu McKinsey. Sérstaklega er þetta umhugsunarvert þar sem raunútgjöld ríkisins til einkarekinnar þjónustu hafa aukist um 40% frá árinu 2010 meðan þau hafa dregist saman til opinberrar þjónustu um 10% samkvæmt nýútkominni skýrslu Ríkisendurskoðunar.
b)	Úttekt landlæknis – Sjálfstætt starfandi geðlæknar. Mat á gæðum og öryggi þjónustu (2016).	• Aðgengi að þjónustu geðlækna er almennt ábótavant. Hjá flestum sjálfstætt starfandi geðlæknum eru langir biðlistar fyrir nýja sjúklinga og sumir eru hættir að taka við þeim, a.m.k. tímabundið nema sérstakar aðstæður séu fyrir hendi og þá einungis eftir tilvísunum frá heimilislækni eða öðrum sérfræðingum. Hjá einum geðlæknanna sem heimsóttur var átti þetta þó ekki við, hvorki var langur biðlisti né krafist tilvísana. Við bætist að vegna eðli þjónustunnar eru endurkomur sjúklinga mun fleiri en hjá öðrum sérgreinalæknum og dæmi eru um að sjúklingar séu í meðferð í allt að tuttugu ár hjá sama sérfræðingi. • Í viðtölunum kom fram að styrkja þyrfti þjónustu heilsugæslunnar við þá sem þjást af geðrænum vanda en það myndi létta á þeirri þjónustu sem veitt er á stofu og þeirri sérhæfðu þjónustu sem LSH og SAk veita. • Geðlæknarnir bentu á að margir einstaklinganna sem þeir sinntu hefðu ekki sérstakan heimilislækni heldur væru einungis skráðir á heilsugæslustöð og nokkrir töldu sig þess vegna ekki geta sent upplýsingar um viðkomandi sjúkling þangað. Það var samdóma álit þeirra að það kæmi niður á meðferðarheldni og eftirfylgd ef viðkomandi sjúklingur hefði ekki fastan heimilislækni. • Varðandi bataferli þá nefndu þeir að annar meðferðarkostnaður gæti verið hindrun, t.d. væri sálfræðiþjónusta ekki greidd af Sjúkratryggingum Íslands (SÍ). • Einnig lýstu þeir áhyggjum sínum af sjúklingum sem búsettir eru utan höfuðborgarsvæðisins en mjög

		takmarkað aðgengi er að sérfræðiþjónustu geðlækna á landsbyggðinni. Fáir geðlæknar eru með stofurekstur utan Reykjavíkur, nema tveir á Akureyri, hins vegar sinna sérfræðingar frá BUGL og geðsviði Landspítalans ráðgjöf varðandi geðheilbrigðismál á ákveðnum stöðum. • Geðlæknar sem rætt var við höfðu ekki gert þjónustukannanir og enginn þeirra var með formlega gæðahandbók og í fæstum tilfellum voru skráðar viðurkenndar faglegar leiðbeiningar varðandi greiningar og meðferð fyrir hendi. Nánast allir notuðu rafræn skráningarkerfisem þó voru mismunandi og nokkrir höfðu aðgang að SÖGU. Mjög mismunandi var hversu mikil áhersla var lögð á að senda læknabréf, sumum fannst það nauðsynlegt en öðrum fannst heppilegra að hringja og ræða við viðkomandi lækni. Sammerkt öllum skráningaformum sem úttektin náði til er að einungis viðkomandi læknir hefur aðgang að færslum sínum í þessu kerfum, ekki aðrir. Það á einnig við um þá sem nota SÖGU. Aðrir meðferðaraðilar geta einungis séð sjúkdóms-greiningar og lyfjaávísanir en ekki skráðar færslur. • Allir geðlæknarnir sem rætt var við eru einyrkjar en sumir þeirra starfa þó í samvinnu við aðra sérfræðinga, svo sem aðra geðlækna, sálfræðinga og heimilislækna. Lítil nýliðun er í hópi sérfræðinga í geðlækningum og meðalaldur þeirra lækna sem eingöngu starfa á stofu er hár. Líklegt er að nokkrir hætti með stofurekstur innan fárra ára og fáir ungir geðlæknar eru sjálfstætt starfandi. Á flestum starfsstofum eru móttökuritarar sem taka á móti sjúklingum, taka skilaboð og gefa stundum nýjan tíma. Fulltrúar Embættis landlæknis gerðu athugasemdir við að í nokkrum tilfellum var ekki krafist undirritunar þagnarheits við ráðningu nýrra starfsmanna. • Meðferðin er hins vegar lítt samhæfð annarri þjónustu og virðist í mörgum tilvikum skorta samfellu og samvinnu við aðrar fagstéttir og heilbrigðisstofnanir. Það helgast meðal annars af því að þeir eru einyrkjar og einnig því að þeir telja að heilsugæslan geti ekki sinnt þeim sem þjást af geðrænum vanda í þeim mæli sem æskilegt er. Skráningarkerfi eru oft ekki samhæfð eða samtengjanleg við önnur sjúkraskrárkerfi og aðrir meðferðaraðilar geta því sjaldnast séð skráðar færslur þeirra og oft á tíðum ekki heldur sjúkdómsgreiningar og lyfjaávísanir sem getur ógnað öryggi sjúklinga. Áhyggjuefni er hve biðtími nýrra sjúklinga eftir meðferð er almennt langur og að ekki er unnt að komast í meðferð án tilvísunar nema hjá einum geðlækni. Einnig er áberandi hversu hátt hlutfall sjúklinga kemur endurtekið til þeirra geðlækna sem heimsóttir voru og er það hlutfall miklu hærra en hjá öðrum sérgreinalæknum.

		• Í fæstum tilfellum voru fyrirliggjandi skráðar viðurkenndar faglegar leiðbeiningar varðandi greiningar og meðferð og gæðahandbók var ekki fyrir hendi. Ábendingar Embættis landlæknis: ○ Auka aðgengi sjúklinga að sérfræðilæknum í geðlækningum. ○ Skrá heilbrigðisupplýsingar á rafrænu formi. ○ Tryggja að rauntíma upplýsingar um sjúklinga séu öðrum meðferðaraðilum aðgengilegar, svo sem með samtengjanlegum skráningarkerfum. ○ Endurskoða meðferðarlengd og skoða möguleika á að útskrifa sjúklinga til annarra meðferðaraðila, svo sem heilsugæslu. ○ Takmarka ekki aðgengi með tilvísunum þar sem þær eru óheimilar samkvæmt samningi sjálfstætt starfandi sérfræðilækna og Sjúkratrygginga Íslands. ○ Taka mið af viðurkenndum faglegum leiðbeiningum um vinnulag við greiningu og meðferð athygilsbrests með ofvirkni. ○ Hafa skráðar viðurkenndar faglegar leiðbeiningar varðandi greiningar og meðferð, t.d. í gæðahandbók. ○ Fylgjast reglubundið með upplýsingum um notkun á ávanabindandi lyfjum í lyfjagagnagrunni Embættis landlæknis og bregðast við eftir þörfum. ○ Ávísa lyfjum rafrænt. Slíkur ávísanamáti er öllum læknum aðgengilegur í gegnum lyfjagagnagrunn Embættis landlæknis. ○ Skrá atvik með formlegum hætti skv. lögum nr. 41/2007 um landlækni og lýðheilsu. ○ Tryggja að starfsfólk skrifi undir þagnarheit við ráðningu. ○ Setja hvatningu til sjúklinga á biðstofum um að ræða ekki það sem þeir verða áskynja varðandi aðra sjúklinga.
V	**Skýrsla starfshóps velferðarráðuneytisins um reynslu af framkvæmd laga um sjúkratryggingar, nr. 112/2008 (2016).** **Í starfshópnum sátu:** **Ragnhildur Helgadóttir, prófessor** **Ása Þórhildur Þórðardóttir, lögfræðingur** **Birgir Jakobsson, landlæknir** **Björn Zoega, læknir og stjórnarformaður SÍ**	Tillögur starfshópsins voru eftirfarandi: • Sama tegund heilbrigðisþjónustu, heilsugæsla, sérfræðiþjónusta og sjúkrahúsþjónusta, verði eftir fremsta megni fjármögnuð með sama hætti, hvort heldur sem hún er í opinberum rekstri eða einkarekstri. • Sjúkratryggingastofnun geri að meginstefnu samninga við heilbrigðisstofnanir, sveitarfélög, sjálfseignarstofnanir og fyrirtæki um veitingu heilbrigðisþjónustu. Samningar við einstaklinga heyri til undantekninga. Fagfélög komi ekki að samningagerð. • Ríkið skilgreini með skýrari hætti hvaða þjónustu er þörf á að kaupa. Þetta er í samræmi við markmið núgildandi laga. Meginstefnan verði að sú þjónusta verði síðan boðin út þar sem skilgreint er magn, gæðakröfur og þau skilyrði sem þjónustuveitandi þarf að uppfylla. • Embætti landlæknis yfirfari kröfulýsingar fyrir útboð. • Í samningum verði hluti greiðslna tengdur við gæðavísa.

		• SÍ og velferðarráðuneytið aðstoði heilbrigðisstofnanir og aðra veitendur heilbrigðisþjónustu við kostnaðargreiningu heilbrigðisþjónustu þar sem tekið er mið af öllum hagrænum kostnaði. • Stjórn SÍ verði annað hvort afnumin eða hlutverk stjórnarinnar og skipting ábyrgðar og boðvalds verði skýrt. Þetta krefst lagabreytinga.
VI	**Skýrsla ráðgjafafyrirtækisins Boston Consulting Group unnin fyrir velferðarráðuneytið (2011). Health Care System reform and short term savings opportunities Iceland Health Care System Project.** **Í stýrihópi sátu:** **Anna Lilja Gunnarsdóttir** **Anna Sigrún Baldursdóttir** **Björn Zoega** **María Heimisdóttir** **Þorvaldur Ingvarsson** **Stefán Þórarinsson** **Steinunn Sigurðardóttir** **Kristján Guðmundsson** **Sveinn Magnússon** **Fjóla Ágústsdóttir**	• Current market rules & gatekeeping: The current reimbursement system for private specialists is fee-for-service and for public providers there is a fixed budget. In combination with no gatekeeping this is causing a continuous increase in private specialist care visits and risks for overconsumption e.g. cataract surgery. Primary care has similar incentives challenges with fee-for-service for private after hours GP´s while the public primary care organization has a large number of organization has a large number of internal challenges (focus has been on the capital region). • The whole private provision model needs to be reviewed and market rules put in place which will secure an optimal provision of the right volume of care. • Current reimbursement model gives the wrong incentives. • Privatization strategy not thought through. • Levers for adjusting competition between providers through adjusting rules of the market; demand, supply etc.
VII	**Ríkisendurskoðun**	
a)	Sjúkratryggingar Íslands sem kaupandi heilbrigðisþjónustu (febrúar 2018). Eftirfylgni 2021 (mars 2022)	• Styrkja verður sjúkratryggingar Íslands sem kaupanda heilbrigðisjónustu. • Sjúkratryggingar Íslands þurfa í samstarfi við velferðarráðuneyti að efla samninga- og greiningadeildir sínar og styrkja fagþekkingu starfsmanna sinna á samningum og kaupum á heilbrigðisþjónustu. Að mati Ríkisendurskoðunar er það forsenda þess að stofnunin geti samið um og keypt heilbrigðisþjónustu í umboði ráðherra á markvissan hátt. • Mikilvægt er að samningar Sjúkratrygginga Íslands um heilbrigðisþjónustu byggi á ítarlegum greiningum á þörfum landsmanna fyrir heilbrigðisþjónustu og tryggi hæfilegt þjónustumagn af viðunandi gæðum. Brýnt er að stofnunin forgangsraði þjónustukaupum sínum til að koma í veg fyrir óhóflegan biðtíma og óhagkvæma nýtingu þess fjár sem varið er til kaupanna. Í þessu skyni

		þarf stofnunin að hafa virkt eftirlit með raunkostnaði þjónustuveitenda og greina ábata og kostnað ólíkra þjónustuleiða í samhengi við heildarhagsmuni sjúkratryggðra og ríkisins. • Ríkisendurskoðun hvetur Sjúkratryggingar Íslands til að þróa og innleiða leiðir til að tryggja gæði og mæla árangur þeirrar þjónustu sem stofnunin semur um kaup á, t.d. í formi gæðavísa. Í þessu augnamiði þarf stofnunin að taka til skoðunar hvort styðjast megi í auknum mæli við klínískar leiðbeiningar og læknisfræðilegar ábendingar þegar teknar eru ákvarðanir um samninga og greiðsluþátttöku. Brýnt er að stofnunin efli eftirlit með þeirri þjónustu sem keypt er og tryggi endurskoðun samninga ef tilefni er til. • Mikilvægt er að Sjúkratryggingar Íslands tryggi markviss og þjóðhagslega hagkvæm kaup á heilbrigðisþjónustu með samningum sínum. Í því sambandi þarf að endurskoða rammasamningsfyrirkomulag vegna kaupa á þjónustu sérgreinalækna utan sjúkrahúsa. Ríkisendurskoðun hvetur stofnunina til að kanna hvort mögulegt sé að semja um þjónustu hverrar sérgreinar fyrir sig með ítarlegum kröfulýsingum sem taka mið af þörfum sjúkratryggðra, markmiðum laga og viðmiðum Embættis landlæknis. • Ríkisendurskoðun telur brýnt að Sjúkratryggingar Íslands þrói áfram samning stofnunarinnar við Landspítala um framleiðslutengda fjármögnun klínískrar þjónustu í góðu samstarfi við spítalann og velferðarráðuneyti. Til mikils er að vinna að samningurinn verði nýttur til að hámarka skilvirkni og hagvæmni spítalans sem einnar af meginstoðum íslensks heilbrigðiskerfis. Að mati Ríkisendurskoðunar er mikilvægt að útboðsleiðir séu nýttar þar sem líklegt er að þær stuðli að aukinni hagkvæmni við kaup á heilbrigðisþjónustu, jafnvel þegar kaupin eru undir viðmiðunarfjárhæðum. Þá stuðla útboð að jafnræði milli þjónustuveitenda. Þó verður að halda til haga að útboðsleiðin gæti reynst erfið vegna fákeppni á sumum sviðum heilbrigðisþjónustu. Samkvæmt 33. gr. laga um opinber innkaup geta stjórnvöld uppfyllt útboðsskyldu sína með gerð rammasamninga. Sjúkratryggingar Íslands hafa nýtt slíkt samningsform, m.a. vegna samninga um þjónustu sérgreinalækna og sjúkraþjálfara utan sjúkrahúsa og vegna tannlækninga barna. Ríkisendurskoðun vekur í því sambandi athygli á að þótt ákvæði laga um opinber innkaup séu uppfyllt með rammasamningum er ekki sjálfgefið að slíkt samningsform nái markmiðum laga um sjúkratryggingar þar sem mikil áhersla er lögð á hagkvæmni og gæði þeirrar þjónustu sem veitt er og aðgengi að henni. • Að mati Ríkisendurskoðunar verður að tryggja að aðkoma heilbrigðisráðherra og velferðarráðuneytis að einstökum

		samningum og samningsgerð Sjúkratrygginga Íslands vinni ekki gegn faglegu sjálfstæði stofnunarinnar og getu hennar til að sinna hlutverki sínu sem sérhæfð stjórnsýslustofnun. Ráðherra getur og ber að hafa áhrif á forsendur samninganna með stefnumörkun sinni á sviði heilbrigðisþjónustu. Þá skipar hann bæði stjórn stofnunarinnar og forstjóra hennar og setur þeim erindisbréf. Innan þessa ramma hefur ráðherra tök á að marka þær forsendur sem stofnunin þarf að haga samningagerð sinni í samræmi við. • Gera þarf úttekt á samningum fyrir lok gildistíma þeirra. • Tryggja þarf faglegt sjálfstæði Sjúkratrygginga Íslands. Ríkisendurskoðun bendir á að fyrrnefnd reglugerð um samninga um heilbrigðisþjónustu kveður í raun ekki bara á um forsendur þeirra heldur líka um verklag við samningsgerð og endurskoðun samninga. Í því samhengi má benda á ónýtta heimild í 3. mgr. 39. gr. laga um sjúkratryggingar um að ráðherra geti sett nánari ákvæði um gerð samninga í reglugerð. Ríkisendurskoðun hvetur velferðarráðuneyti til að endurskoða gildandi reglugerð um forsendur samninga um heilbrigðisþjónustu í þessu ljósi. • Samkvæmt þessu hafa þær breytingar sem lög um sjúkratryggingar áttu að kynna til sögunnar aldrei náð fram að ganga. Sjúkratryggingar Íslands hafa ekki orðið sú stofnun sem tryggt getur markvissa samninga ríkisins um kaup á heilbrigðisþjónustu. Í því sambandi telur Ríkisendurskoðun brýnast að samningarnir fari fram á grundvelli skýrrar heildarstefnu um heilbrigðisþjónustu og ítarlegra þarfa- og kostnaðargreininga. Tryggja verður bæði gæði þjónustunnar og jafnt aðgengi sjúkratryggðra að henni og sjá til þess að þeir séu þjóðhagslega hagkvæmir. • Að mati Ríkisendurskoðunar þarf ráðuneytið að grípa til aðgerða svo að Sjúkratryggingar Íslands geti staðið undir því hlutverki sem stofnuninni er ætlað. Embætti landlæknis ætti t.d. ekki að þurfa að yfirfara kröfulýsingar fyrir útboð á heilbrigðisþjónustu eins og starfshópurinn lagði til þar sem sú þekking ætti að vera til staðar hjá stofnuninni sjálfri. Sé sú ekki raunin þarf að efla faglega getu stofnunarinnar til að takast á við hlutverk sitt á sjálfstæðan hátt. Í þessu sambandi mætti einnig taka til skoðunar hlutverk stjórnar stofnunarinnar og tryggja að hún geti leitt og haft eftirlit með faglegu starfi. • Ríkisendurskoðun minnir á að í athugasemdum við 39. gr. þess frumvarps sem síðar varð að lögum nr. 112/2008 um sjúkratryggingar var gert ráð fyrir því að horfið yrði frá þeirri tilhögun að semja við fagfélög eða stéttarfélög um heilbrigðisþjónustu eins og tíðkast hafði. Slík félög eru enda ekki talin meðal mögulegra viðsemjenda í 39. gr. laganna. Hafa verður í huga að sá þríþætti vandi sem lög

		um sjúkratryggingar áttu að taka á var fólginn í sjálfvirkri aukningu útgjalda, takmörkuðum hvötum til kostnaðaraðhalds og vangetu heilbrigðiskerfisins til að bregðast tímanlega við þörfum notenda. Enginn vafi leikur á vilja löggjafans til að breyta því hvernig væri staðið að samningum um heilbrigðisþjónustu. • Að mati Ríkisendurskoðunar er ljóst að gildandi rammasamningur nær ekki nema að forminu til að uppfylla þær breytingar sem koma átti í kring með lögum um sjúkratryggingar. Hafa verður í huga að mikið vatn hefur runnið til sjávar frá þeim tíma þegar Læknafélag Reykjavíkur var beinn aðili að samningi um þjónustu sérgreinalækna. Sérgreinalæknar voru að mestu einyrkjar og samningur um þjónustu þeirra tók mið af því. Síðan þá hefur starfsemi hluta þeirra þróast sífellt nær því að vera rekstur sérhæfðra heilbrigðisfyrirtækja þar sem margt fagfólk vinnur saman við að veita skjólstæðingum sínum þjónustu. • Ríkisendurskoðun telur að ef gera á gangskör að því að stytta bið eftir þjónustu sérgreinalækna gæti komið til greina að gera þá kröfu í samningum Sjúkratrygginga Íslands að læknar á samningi taki við tilteknu hlutfalli af nýjum skjólstæðingum árlega. • Að mati Ríkisendurskoðunar hefur rammasamningur um lækningar utan sjúkrahúsa ekki verið nýttur til að stuðla að því að sérhæfð heilbrigðisþjónusta standi sjúkratryggðum til boða óháð búsetu. • Óháð því hvort rammasamningur Sjúkratrygginga Íslands um lækningar utan sjúkrahúsa uppfylli einungis að forminu til það skilyrði að ekki sé samið við fag- eða stéttarfélag um heilbrigðisþjónustu telur Ríkisendurskoðun að efast megi um hvort markviss kaup á heilbrigðisþjónustu séu möguleg á grundvelli þess rammasamnings sem er í gildi. Gera verður betur hvað snýr að ákvæðum um magn, gæði og árangur umsamdrar þjónustu. Að teknu tillit til þeirra þátta telur Ríkisendurskoðun óvíst hvort markviss kaup séu möguleg með einum samningi sem tekur til 26 ólíkra sérgreina. • Að mati Ríkisendurskoðunar er mikilvægt að fullnægjandi fagþekking sé til innan Sjúkratrygginga Íslands til að stofnunin geti tekið ákvarðanir um samninga og kaup á heilbrigðisþjónustu án þess að reiða sig um of á fagþekkingu hagsmunaaðila. • Ríkisendurskoðun telur m.a. vandséð hvernig mögulegt er að gera viðhlítandi gæðakröfur um sérhæfða sjúkrahúsþjónustu ef hún er keypt á grundvelli rammasamnings um lækningar utan sjúkrahúsa. • Að mati Ríkisendurskoðunar er mikilvægt að greiðslur Sjúkratrygginga endurspegli raunverulegan rekstrarkostnað og séu í auknum mæli nýttar til að hvetja til gæða og árangurs með innleiðingu á gæðavísum.

		Hvatarnir ættu með öðrum orðum ekki að vera til þess að veita kostnaðarsama þjónustu heldur góða og viðeigandi þjónustu. • Ríkisendurskoðun gagnrýnir það aðhaldsleysi sem ríkt hefur með þennan útgjaldalið (lækniskostnaður SÍ) árum saman og ekkert lát virðist á. • Að mati Ríkisendurskoðunar hefði verið hægt að taka á ýmsum þeim atriðum sem Embætti landlæknis benti á (í úttekt á þjónustu sjálfstætt starfandi geðlækna) með viðeigandi ákvæðum í samningi Sjúkratrygginga Íslands um þjónustuna. Þetta undirstrikar ágalla þess að gera einn rammasamning um þjónustu sérgreinalækna sem starfa á 26 ólíkum lækningasviðum. Með markvissum samningum má setja fram markvissar kröfur. • Ríkisendurskoðun tekur undir þetta mat og telur að niðurstöður landlæknis bendi til að samningar Sjúkratrygginga Íslands séu í þessu tilfelli ekki nægilega markvissir og hagkvæmir. Fjárhagslegur hvati er fyrir sérgreinalækna að framkvæma aðgerðir innan rammasamnings þeirra við Sjúkratryggingar Íslands en engir sambærilegir hvatar eru vegna liðskiptaaðgerða innan sjúkrahúsa. Í þessu tilfelli togast ólík greiðslukerfi innan heilbrigðiskerfisins á um sama starfsaflið sem getur bæði leitt til óvenju mikillar notkunar heilbrigðisþjónustu og óásættanlegra biðlista. Sjúkratryggingar Íslands geta með öðrum orðum ekki treyst því að fjármunum sé vel varið þótt læknar hafi áhuga á að veita tiltekna heilbrigðisþjónustu og einstaklingar að þiggja hana. • Engu að síður verður að huga að þeirri staðreynd að með rammasamningi Sjúkratrygginga Íslands um lækningar utan sjúkrahúsa geti sú staða komið upp að ríkið keppi við sjálft sig, þ.e. sjúkrahús og heilbrigðisstofnanir, um starfskrafta sérgreinalækna. Því er afar mikilvægt að greiðslukerfi, fjárhagslegir hvatar, faglegar kröfur og eftirlit séu samanburðarhæf óháð því hvort um sé að ræða þjónustu ríkisrekinna heilbrigðisstofnana eða þjónustu sem er aflað með samningum Sjúkratrygginga Íslands. Í því tilliti má ætla að samningur Sjúkratrygginga Íslands um framleiðslutengda fjármögnun Landspítala verði jákvætt skref. Eftirfylgni 2021: • Bæði heilbrigðisráðuneyti og Sjúkratryggingar Íslands hafa brugðist við flestum úrbótatillögum Ríkisendurskoðunar. Ýmsum lykilatriðum þarf þó að fylgja betur eftir t.a.m. nýjum samningi um framleiðslutengda fjármögnun Landspítala. • Í einu tilviki er brýnt að Sjúkratryggingar Íslands vinni áfram að úrbótum með hliðsjón af tillögu Ríkisendurskoðunar þar sem enn er ósamið um heilbrigðisþjónustu sérgreinalækna og sjúkraþjálfara.

		Samningaviðræður hafa reynst afar erfiðar en Sjúkratryggingar hafa leitast við að bæta undirbúning og gerð samninga sinna í samræmi við þær áherslur sem komu fram í skýrslu Ríkisendurskoðunar.
b)	Úttekt á upplýsinga-kerfum Sjúkratrygginga Íslands (2018).	Ábendingar: • Sett verði formleg upplýsingatæknistefna. • Þjónustusamningar verði gerðir við rekstaraðila. • Eigandi gagna verði skilgreindur og ábyrgð á gögnum skýr. • Formlegt áhættumat verði gert og endurskoðað reglulega. • Lágmarkskröfur verði settar til þeirra upplýsingakerfa sem senda inn rafræna reikninga. • Lotun í upplýsingakerfum verði fyrir hendi. • Aðgangsheimildir takmarkaðar í raunumhverfi. • Hugað verði betur að staðfestingu á móttöku vöru og þjónustu í rafrænu umhverfi. • Einstök kerfi verði vottuð. Áhættuþættir: • Nýjar reglur innleiddar með stuttum fyrirvara. • Flóknar reglur settar í reglugerðir eða samninga, sem þarf svo að útfæra í upplýsingakerfum. • Hlutverk SÍ í upplýsingatæknimálum innan heilbrigðiskerfisins er óskýrt. • Sérsniðnar tengingar að upplýsingakerfum SÍ. • Fáir starfsmenn innan SÍ að framkvæma viðtökuprófanir á upplýsingakerfum. • Vöntun á skriflegum lýsingum vegna upplýsingakerfa. • Gamalt forritunarmál. • Þörf á endurskrift kerfa á næstu árum. • Óskráð verkefni – nýtt greiðsluþátttökukerfi ekki fullútfært. • Rekstraráhætta upplýsingakerfa hefur aukist með tilkomu rafrænnar þjónustu og svörun í rauntíma. • Vöktun á upplýsingakerfum ófullnægjandi. • Hætta á að SÍ sé ekki upplýstur kaupandi að upplýsingatækniþjónustu. • Treyst á fáa lykilstarfsmenn hjá þjónustuaðilum. • Samhæfð neyðaráætlun ekki til staðar. • Tvöfalt rekstrarumhverfi ekki til staðar. • Hluti upplýsingakerfa ekki í ISO27001 vottuðu rekstrarumhverfi. • Þörf á því að bæta innri eftirlitsaðgerðir með upplýsingakerfum.
c)	Stjórnsýsluúttekt: Geðheilbrigðisþjónusta (mars 2022). Stefna-skipulag-kostnaður-árangur.	• Einnig má benda á að annað stig heilbrigðisþjónustu er tiltölulega lítt skilgreint í lögum um heilbrigðisþjónustu. Þar starfa t.d. sjálfstætt starfandi geðlæknar og sálfræðingar. Fyrrnefndi hópurinn starfar án samnings við Sjúkratryggingar Íslands en almennt er um einyrkja að ræða sem eru í litlu samstarfi sín á milli og við önnur

		þjónustustig og heilbrigðisstéttir. Ekki hefur heldur náðst að semja við sálfræðinga um niðurgreidda sálfræðiþjónustu, líkt og Alþingi hefur samþykkt. Samningar eru þó í gildi um afmarkaða þjónustu gagnvart börnum. Aðgengi að annars stigs geðþjónustu á Íslandi er því skert, bæði vegna kostnaðar sem gerir hana illa aðgengilega efnaminna fólki og vegna langs biðtíma. • Með betri samhæfingu þjónustustiganna þriggja, samræmdu sjúkraskrárkerfi og heildstæðari skilgreiningum á ferlum mætti auka samfellu í þjónustu og skilvirkni. Þannig gætu sjálfstætt starfandi sérfræðingar létt álagi á 1. og 3. stigs þjónustu og stuðlað að aukinni skilvirkni væru samningar við þá í gildi og hlutverk þeirra betur skilgreint. • Því miður er það svo að það nota ekki allir þjónustu-veitendur miðlæga sjúkraskrá, meðal annars sjálfstætt starfandi geðlæknar og sálfræðingar. • Bæta þarf aðgengi að geðheilbrigðisþjónustu. Tryggja þarf tímanlegt aðgengi fólks að geðheilbrigðisþjónustu við hæfi samkvæmt skilgreindum viðmiðum um biðtíma. Mikilvægt er að áfram sé unnið að því að auðvelda og jafna aðgengi fólks að geðheilbrigðisþjónustu, m.a. með því að ljúka samningum við sjálfstætt starfandi geðlækna og sálfræðinga. • Samningaviðræður Sjúkratrygginga Íslands við sérgreinalækna, þar á meðal geðlækna, hafa ekki skilað árangri síðustu þrjú ár. Sérgreinalæknar vilja áframhaldandi rammasamninga og því hefur ekki tekist að semja við eina sérfræðingastétt. Enn er unnið að samningum og ráðuneytið tekur undir athugasemdir Ríkisenduskoðunar um að það sé alls ekki ásættanlegt að vera ekki með samninga við geðlækna. • Samningsleysi fer gegn markmiði laga nr. 112/2008 um sjúkratryggingar, en meginreglan er sú að í öllum tilvikum þurfi að liggja fyrir samningur milli Sjúkratrygginga Íslands og veitenda þjónustu ef til þess á að koma að ríkið greiði hlutdeild í kostnaði við heilbrigðisþjónustu. Greiðsluþátttaka ríkisins samkvæmt reglugerð og gjaldskrá er byggð á undantekningarheimild í 38. gr. laga um sjúkratryggingar til að bregðast við tímabundnu samningaleysi. Ráðuneytið tekur hins vegar einnig undir það með Sjúkratryggingum Íslands að mikilvægt sé að samningar stofnunarinnar um heilbrigðisþjónustu byggi á ítarlegum greiningum á þörfum landsmanna fyrir þjónustunni og tryggi hæfilegt þjónustumagn af viðunandi gæðum. • Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar er fjallað um nauðsyn þess að efla Sjúkratryggingar Íslands sem kaupanda og kostnaðargreinanda heilbrigðisþjónustu. Ráðuneytið er því að beita sér eins og hægt er til að styrkja Sjúkratryggingar Íslands, t.a.m. með auknu fjármagni til

		að efla m.a. samningadeild, eftirlitsdeild og hagdeild stofnunarinnar, svo að hún geti samið og keypt heilbrigðisþjónustu í umboði ráðherra á markvissan hátt líkt og lög um sjúkratryggingar eiga að ná fram. • Embætti landlæknis er sammála því að það skorti betri yfirsýn yfir geðheilsuvanda, aðgengi að og notkun geðheilbrigðisþjónustu. Þá er embættið svo sannarlega sammála því að eyða þurfi lagalegri óvissu um skil á gögnum frá sjálfstætt starfandi sérfræðilæknum til embættisins. Eins og fram kemur í skýrslu Ríkisendurskoðunar stendur yfir endurskoðun á ákvæðum í eftirlitskafla laga um landlækni og lýðheilsu nr. 41/2007. Þessi endurskoðun tekur m.a. til 8. gr. kaflans þar sem fjallað er um heilbrigðisskár, heimildir embættisins til þess að halda slíkar skrár og skyldu heilbrigðisstarfsmanna til þess að skila gögnum í skrárnar og er eitt af markmiðum endurskoðunarinnar að eyða lagalegri óvissu um skil gagna. Vinnunni miðar hægt en er ráðgert að leggja fram frumvarp til breytinga á ofangreindum lögum haustið 2022. • Embætti landlæknis er sammála Ríkisendurskoðun um að til að tryggja samfellda og samþætta þjónustu þarf að auka samvinnu og samhæfingu þjónustuveitenda. Embættið tekur undir að skoða þyrfti hvort æskilegt sé að formbinda skyldur stofnana og þjónustuveitenda til að vinna saman. Slíkt yrði hins vegar að gerast undir forystu þeirra ráðuneyta sem fara með málaflokkana. • Embætti landlæknis tekur undir ábendingar Ríkisendurskoðunar og bendir á mikilvægi þess að þegar samið er er við sérfræðilækna séu settar fram skýrar kröfur um t.d. gæðavísa, innleiðingu gæðaþróunaráætlunar, skráningu í sjúkraskrárkerfi, skil gagna til embættis landlæknis og nauðsynlegt aðgengi annarra að þeim, þar með talið varðandi rannsóknarniðurstöður. • Tengsl sjálfstætt starfandi sérfræðinga við aðra aðila innan geðheilbrigðiskerfisins eru takmörkuð. Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins er t.d. ekki í formlegu samstarfi við sjálfstætt starfandi sálfræðinga eða geðlækna. Ástæðan er sú að erfitt hefur reynst að koma fólki að, þeir sinni almennt ekki bráðatilfellum og eins sé það sjúklingum fjárhagslega þungbært að greiða fyrir þjónustu þeirra sé viðkomandi sérfræðingur ekki á samningi hjá Sjúkratryggingum Íslands varðandi niðurgreiðslu á þjónustu. Samskipti milli heilsugæslu og sjálfstætt starfandi sérfræðinga eru þó oftast tiltæk og aðgengi að gögnum þokkalegt. • Ríkisendurskoðun bendir á að auka megi skilvirkni með samræmdri notkun sjúkraskrárkerfa og betra utanumhaldi með upplýsingum um biðtíma og þjónustuþörf. Sjúkratryggingar Íslands telja sig hvorki geta sett skilyrði

		um notkun samtengdrar sjúkraskrár né þátttöku í miðlægu biðlistakerfi í samningum við sjálfstætt starfandi lækna. Slíkar kröfur falli undir embætti landlæknis. • Að mati Ríkisendurskoðunar hefur Alþingi stigið mikilvægt skref í þá átt að jafna aðgengi fólks að sálfræðiþjónustu. Niðurgreiðsla þessarar þjónustu mun jafnframt styðja við þjónustu heilsugæslustöðva og annarra sjúkrastofnana þar sem álag er mikið og biðlistar viðvarandi. Því er til mikils að vinna að umbæturnar komist sem fyrst til framkvæmda. • Samkvæmt upplýsingum frá heilbrigðisráðuneyti í mars 2022 voru framlög til samninga Sjúkratrygginga Íslands um sálfræðiþjónustu aukin um 150 m.kr. á fjárlögum 2022. Því væru 250 m.kr. sérgreind framlög í fjárlögum til að semja um sálfræðiþjónustu, auk þeirra ca. 45 m.kr. sem þegar renna til samnings um sálfræðiþjónustu barna og ungmenna. Er vonandi að þetta flýti fyrir samningum. • Þjónusta sjálfstætt starfandi sálfræðinga gæti, líkt og þjónusta sjálfstætt starfandi geðlækna, flutt til álag í kerfinu og létt á bæði 1. og 3. stigs þjónustu. Ríkisendurskoðun telur að með betri og heildstæðari skilgreiningum á ferlum hvað snýr að vegferð skjólstæðinga milli þjónustustiga og þjónustuaðila megi tryggja aukna samfellu, samhæfingu og skilvirkni. Færsla sjúklinga á milli stiga yrði fyrir vikið gagnsærri og auðveldari. Þá myndi það þjóna markmiðum stjórnvalda um að rétta þjónustu eigi að veita á réttum stað ef samningar við sjálfstætt starfandi sérfræðinga væru í gildi og hlutverk þeirra í geðheilbrigðiskerfinu vel skilgreint.
d)	Skuldbindandi samningar 2 – velferðarráðuneyti (2011) Eftirfylgni 2015. Eftirfylgni 2018.	• Mikilvægt er að skýrar verklagsreglur gildi um gerð samninga og umsjón og eftirlit með þeim. • Skilgreina þarf hver fer með eftirlit með skuldbindandi samningum, hvað felst í því og hvernig því skuli sinnt. • Skýra þarf eftirlitshlutverk Sjúkratrygginga Íslands og ákveða hvernig samstarfi eftirlitsaðila, þ.e. ráðuneytis, landlæknis, Sjúkratrygginga Íslands og aðkeyptra sérfræðinga, skal háttað. • Samræma þarf upplýsingar um eftirlit og setja því viðeigandi umgjörð. • Jafnframt verður að ákveða hvernig ráðuneytið fylgist með því að eftirlitsaðilar vinni í samræmi við ákvæði samninga og gildandi reglur. • Þá þarf að skilgreina með hvaða hætti ráðuneytið kemur að skuldbindandi samningum stofnana sinna og hvernig það hefur eftirlit með skuldbindingum þeirra Samkvæmt svari velferðarráðuneytis hefur það í samstarfi við Sjúkratryggingar Íslands, sem annast meginhluta þeirra skuldbindandi samninga sem heyra undir málefnasvið þess, unnið að úrbótum á gerð, framkvæmd og eftirliti með samningum um heilbrigðisþjónustu.

		• Sjúkratryggingum Íslands ber að hafa eftirlit með framkvæmd og árangri samninga sinna í samráði við landlækni, sbr. ákvæði 45. gr. laga nr. 112/2008 um sjúkratryggingar. Nánar er kveðið á um eftirlit með samningum um heilbrigðisþjónustu í reglugerð nr. 510/2010. • Í svari ráðuneytisins var tekið fram að í auknum mæli væri einungis greitt fyrir veitta þjónustu af umsömdum gæðum á grundvelli mánaðarlegra greinargerða frá þjónustuveitendum. Markmið þess væri að allir samningar yrðu með þessum hætti eftir því sem fram yndi við endurnýjun þeirra. Að auki væri farið yfir stöðu mála eftir því sem þurfa þætti á mánaðarlegum fundum Sjúkratrygginga Íslands og ráðuneytisins. • Benda má á að í skýrslu Ríkisendurskoðunar Sjúkratryggingar Íslands sem kaupandi heilbrigðisþjónustu (2018) var fjallað um samninga Sjúkratrygginga Íslands um heilbrigðisþjónustu og m.a. bent á tækifæri til úrbóta við framkvæmd, eftirfylgni og eftirlit. Eftirfylgni 2018: • Samkvæmt svari velferðarráðuneytis hefur það í samstarfi við Sjúkratryggingar Íslands, sem annast meginhluta þeirra skuldbindandi samninga sem heyra undir málefnasvið þess, unnið að úrbótum á gerð, framkvæmd og eftirliti með samningum um heilbrigðisþjónustu. Sjúkratryggingum Íslands ber að hafa eftirlit með framkvæmd og árangri samninga sinna í samráði við landlækni, sbr. ákvæði 45. gr. laga nr. 112/2008 um sjúkratryggingar. Nánar er kveðið á um eftirlit með samningum um heilbrigðisþjónustu í reglugerð nr. 510/2010. • Í svari ráðuneytisins var tekið fram að í auknum mæli væri einungis greitt fyrir veitta þjónustu af umsömdum gæðum á grundvelli mánaðarlegra greinargerða frá þjónustuveitendum. Markmið þess væri að allir samningar yrðu með þessum hætti eftir því sem fram yndi við endurnýjun þeirra. Að auki væri farið yfir stöðu mála eftir því sem þurfa þætti á mánaðarlegum fundum Sjúkratrygginga Íslands og ráðuneytisins. • Benda má á að í skýrslu Ríkisendurskoðunar Sjúkratryggingar Íslands sem kaupandi heilbrigðisþjónustu (2018) var fjallað um samninga Sjúkratrygginga Íslands um heilbrigðisþjónustu og m.a. bent á tækifæri til úrbóta við framkvæmd, eftirfylgni og eftirlit.
e)	Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins (apríl 2017)	• Að mati Ríkisendurskoðunar hefur stýring fjárveitinga innan heilbrigðiskerfisins ekki stuðlað að því að Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins sé fyrsti viðkomustaður sjúklinga. Á tímabilinu 2007–16 jukust fjárframlög til hennar einungis um 3% að raunvirði þótt íbúum svæðisins fjölgaði um 11%. Á sama tíma jukust

		útgjöld vegna sérgreinalækninga um 57% að raunvirði vegna aukinnar þjónustu þeirra. • Úttekt Ríkisendurskoðunar leiddi í ljós tiltekinn umboðsvanda vegna ákvarðana um heilbrigðisþjónustu sem geta dregið úr útgjöldum heilsugæslustöðva en auka um leið kostnað annars staðar. Í sumum tilvikum verður heildarkostnaður ríkisins jafnvel hærri fyrir vikið en ella. Dæmi um slíkt eru sérhæfðar rannsóknir sem Sjúkratryggingar Íslands greiða ef sérgreinalæknar óska eftir þeim en Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins greiðir ef hún gerir það. Þetta fyrirkomulag getur hvatt Heilsugæsluna til að vísa skjólstæðingum sínum til sérgreinalækna til rannsókna. Mikilvægt er að velferðarráðuneyti hafi þessi atriði til hliðsjónar þegar settar eru reglur um greiðslur í heilbrigðiskerfinu. • Í þeim samningum sem Sjúkratryggingar gerðu á árinu 2016 við hluthafa einkarekinna heilsugæslustöðva, sem oft eru heimilislæknar, er lagt bann við arðgreiðslum. Öðrum sérgreinalæknum sem starfa samkvæmt samningum við Sjúkratryggingar er áfram heimilt að greiða sér út arð. Ríkisendurskoðun tekur ekki afstöðu til arðgreiðslna í heilbrigðiskerfinu en bendir á að erfitt getur reynst að fylgja eftir banni við slíkum greiðslum. Um leið bendir stofnunin á að það er á ábyrgð Sjúkratrygginga að gera eins hagstæða samninga fyrir ríkið um kaup á heilbrigðisþjónustu og mögulegt er. • Þar sem heilbrigðisþjónusta er stærsti útgjaldaliður ríkisins er að afar mikilvægt að heilbrigðiskerfið sé vel skipulagt og að fólk fái skilvirka og viðeigandi heilbrigðisþjónustu þegar það þarf á henni að halda. Sérstaklega er mikilvægt að þjónustan sé ekki veitt á hærra þjónustustigi en þörf krefur hverju sinni. Óheft aðgengi og veiting einfaldrar þjónustu á öðru og þriðja stigi getur skert aðgengi þeirra sem þurfa nauðsynlega á sérhæfðri þjónustu að halda. Af þessum sökum telur Ríkisendurskoðun æskilegt að hlutverk hvers þjónustustigs í heilbrigðisþjónustunni sé vel skilgreint og aðgengi að hverju stigi betur stýrt en verið hefur. Bætt skipulag felur í sér mikil tækifæri til hagræðingar í heilbrigðiskerfinu. • Skortur á aðgangsstýringum ásamt afkastahvetjandi kerfi á öðru stigi heilbrigðisþjónustu hafa valdið því að kostnaður vegna þjónustu sérgreinalækna hefur aukist verulega. • Þannig má færa rök fyrir því að fjárstýring í heilbrigðiskerfinu hafi til þessa grafið undan því að heilsugæslan sé að jafnaði fyrsti áfangastaðurinn í heilbrigðiskerfinu. Aðgengileg og góð þjónusta er án efa áhrifaríkasta leiðin til að tryggja að heilsugæslan sé að jafnaði fyrsti viðkomustaðurinn í heilbrigðiskerfinu.

		• Við þetta er því að bæta að kerfi sérgreinalækna er hannað þannig að þeir fá greitt eftir afköstum, þ.e. fjölda heimsókna og þeirra verka sem unnin eru, meðan heilsugæslulæknar fá aðallega föst dagvinnulaun. Það eru því fjárhagslegir hvatar fyrir lækna á öðru stigi heilbrigðisþjónustu að veita sem oftast þjónustu. Ofnotkun á heilbrigðisþjónustu getur einnig skapast af hagsmunaárekstrum þeirra sem veita þjónustuna og samfélagsins í heild. Í áðurnefndri skýrslu Boston Consulting Group kom glöggt fram hvernig þjónusta hjartalækna jókst þegar hún var ekki lengur háð tilvísun. • Að mati stofnunarinnar þarf að skilgreina hvaða þjónustu ríkið ætlar að kaupa af sérgreinalæknum og hvaða þjónustu sé eingöngu veitt á fyrsta stigi heilbrigðisþjónustu. Þá væri rétt að halda áfram þeirri vinnu sem velferðarráðuneyti hefur hafið, þ.e. greiningu á því hvaða þjónusta sérgreinalækna ætti að vera háð tilvísun frá heilsugæslunni, sbr. 19. gr. laga um sjúkratryggingar. • Að mati stofnunarinnar þarf að skilgreina hvaða þjónustu ríkið ætlar að kaupa af sérgreinalæknum og hvaða þjónustu sé eingöngu veitt á fyrsta stigi heilbrigðisþjónustu. Þá væri rétt að halda áfram þeirri vinnu sem velferðarráðuneyti hefur hafið, þ.e. greiningu á því hvaða þjónusta sérgreinalækna ætti að vera háð tilvísun frá heilsugæslunni, sbr. 19. gr. laga um sjúkratryggingar.
f)	Þjónustusamningar við öldrunarheimili (2013) Eftirfylgni 2016.	• Ríkisendurskoðun benti velferðarráðuneyti á að því bæri að gera þjónustusamninga við öll öldrunarheimili til að öðlast betri yfirsýn og bæta stjórnun sína á málaflokknum. Ríkisendurskoðun hvatti ráðuneytið einnig til að efla eftirlit sitt með þjónustu og rekstri öldrunarheimila til að tryggja að þessir þættir væru í samræmi við samninga þar um og þær þarfir sem forsendur daggjalda gerðu ráð fyrir. Eftirfylgni 2016: • Ríkisendurskoðun ítrekar ekki ábendingar sínar til velferðarráðuneytis frá árinu 2013 um að gera þurfi þjónustusamninga við öll öldrunarheimili og efla eftirlit með þjónustu þeirra og rekstri. Samningagerð við hjúkrunarheimili og eftirlit með þjónustu þeirra og rekstri eru nú lögbundin verkefni Sjúkratrygginga Íslands. Samkvæmt upplýsingum frá þeirri stofnun liggja fyrir drög að rammasamningi við hjúkrunarheimili sem sinna öldrunarþjónustu. Áætlað er að þeim samningum verði lokið fyrir gerð fjárlaga 2017. Ríkisendurskoðun bendir þó á að samningagerðin hefur gengið of hægt og að nú eru einungis í gildi þjónustusamningar við 7 af 74 öldrunarstofnunum í landinu. Mikilvægt er að hraða þessari vinnu

g)	Sjúkraflug á Íslandi (2013) Eftirfylgni 2016.	• Ríkisendurskoðun benti á að velferðarráðuneyti þyrfti að vanda betur til útboða sjúkraflugs og tryggja að útboðsferlið og samningstíminn stuðluðu að því að hugsanlegir rekstraraðilar ættu raunhæfan möguleika á að undirbúa sig og senda inn tilboð. Í viðbrögðum sínum árið 2013 tók ráðuneytið undir ábendinguna. Það benti á að framkvæmd útboða á sjúkraflugi væri í höndum Sjúkratrygginga Íslands og Ríkiskaupa með aðstoð frá Flugmálastjórn Íslands og Isavia. Vegna athugasemdanna myndi ráðuneytið fara yfir útboðsferlið og gera úrbætur.
h)	Samningar ríkisins vegna sjúkrahótels í Ármúla (2016)	• Samræma þarf samninga Sjúkratrygginga um rekstur og þjónustu sjúkrahótels. Eyða ber því ósamræmi sem er í samningum Sjúkratrygginga um rekstur sjúkrahótels og þá hjúkrunarþjónustu sem þar er veitt. Í samningum stofnunarinnar við Heilsumiðstöðina/Sinnum og Landspítala er skýrt ákvæði um að sjúklingar og aðrir gestir sjúkrahótelsins skuli vera sjálfbjarga með allar athafnir daglegs lífs. Í samningnum við Landspítala er engu að síður tilgreindur hópur sjúklinga sem fellur ekki undir þetta ákvæði en á þó kost á hóteldvöl. • Hinn 29. apríl 2015 óskaði Ríkisendurskoðun eftir upplýsingum frá Sjúkratryggingum Íslands um samninga vegna sjúkrahótelsins í Ármúla en fjallað hafði verið um rekstur þess og starfsemi í fjölmiðlum. Jafnframt því sem Sjúkratryggingar svöruðu fyrirspurninni sendi stofnunin Ríkisendurskoðun formlegt bréf hinn 11. maí 2015 og óskuðu eftir heildstæðri stjórnsýsluúttekt á málefnum sjúkrahótelsins. • Ríkisendurskoðun ákvað að verða við þessari beiðni og afmarkaði úttekt sína við framkvæmd, eftirlit og ávinning þriggja samninga vegna sjúkrahótelsins sem tóku gildi annars vegar 1. mars 2011 og hins vegar 1. mars 2015. Leitast var við að svara eftirfarandi meginspurningum: - Hver er stefna velferðarráðuneytis um sjúkrahótel? - Voru samningar Sjúkratrygginga um sjúkrahótelið í samræmi við útboð? - Eru framkvæmd og eftirlit í samræmi við ákvæði samninganna og hafa þeir skilað ávinningi. • Ríkisendurskoðun telur að í útboðslýsingu hefði þurft að kveða skýrar á um skyldur verkkaupa og verksala, húsnæði, aðbúnað, aukagreiðslur (m.a. efndabætur) og samskipti aðila. Þá hefðu þurft að vera skýrari ákvæði um sjúklinga og aðstandendur þeirra sem sjúkrahótelið var ætlað fyrir. Að mati stofnunarinnar hefði velferðarráðuneyti átt að tryggja sameiginlegan skilning samningsaðila á starfsemi sjúkrahótelsins svo að þeir gætu unnið að sama markmiði. • Að mati Ríkisendurskoðunar hefði verið eðlilegt að Sjúkratryggingar hefðu haft Landspítala með í ráðum við þessar ákvarðanir sem óneitanlega urðu til að spilla

		samskiptum þeirra. Auk þess hefðu forsendur fyrir greiðslu efndabóta þurft að vera skýrari í samningnum. • Að mati Ríkisendurskoðunar er með öllu óásættanlegt að þessar ríkisstofnanir skuli deila um starfsemi sjúkrahótelsins, jafnvel í fjölmiðlum. Mikilvægt er að tekið sé á þessum vanda með viðhlítandi hætti.
i)	Samningamál SÁÁ (2013) Eftirfylgni 2016.	• Í skýrslu sinni frá árinu 2013 hvatti Ríkisendurskoðun Sjúkratryggingar Íslands til að ganga frá samningum við SÁÁ hið fyrsta. Í viðbrögðum sínum við skýrslunni lýstu Sjúkratryggingar sig sammála þeirri niðurstöðu að með lengri þjónustusamningi mætti ná betra verði fyrir aðföng eða stoðþjónustu. Umfang þjónustukaupa Sjúkratrygginga af SÁÁ væru ákvörðuð á sérstökum fjárlagalið í fjárlögum en því til viðbótar veittu samtökin umtalsverða þjónustu sem fjármögnuð væri með öðrum hætti en frá ríkinu. Þó að markmið þáverandi samningaviðræðna hefði verið að semja um heilbrigðisþjónustu til nokkurra ára væri einnig rétt að hafa í huga að samningar Sjúkratrygginga væru almennt með ákvæðum um uppsagnarfrest á samningstíma, t.d. sex mánaða uppsagnarfrest.
j)	Átaksverkefni um tannlækningar fyrir börn tekjulágra forráðamann (2014)	• Ráðuneytið tekur undir þær athugasemdir sem Ríkisendurskoðun gerir í úttekt sinni varðandi mikilvægi þess að sú nýjung sem felst í heimilistannlæknum verði efld. Ráðuneytið hefur nú þegar gert breytingu á reglugerð nr. 451/2013 um þátttöku sjúkratrygginga í kostnaði sjúkratryggðra við tannlækningar, sem miðar að því að styrkja hugtakið heimilistannlæknir enn frekar í sessi. Gert er ráð fyrir að heilsugæslan vinni í samstarfi við tannlækna og SÍ að því að útfæra lausnir varðandi það hvernig brugðist er við þegar barn fær ekki notið nauðsynlegrar tannlæknaþjónustu. • Sjúkratryggingar Íslands hafa kallað eftir auknum fjárheimildum til að styrkja tölvukerfi og eftirlit í tengslum við nýjan samning við tannlækna. Ráðuneytið hefur ítrekað óskað eftir fjárheimildum vegna þess en þær ekki náð fram að ganga. • Að mati ráðuneytisins er nauðsynlegt að koma á öflugu eftirliti með samningnum, en hann felur í sér nýtt fyrirkomulag í tannlækningum barna. Þá er afar brýnt að meta árangur af nýju kerfi með því að kortleggja tannheilsu barna á Íslandi í upphafi samningstíma og fylgjast með framvindunni með reglulegu millibili. • Ráðuneytið mun beita sér fyrir því að fjárheimildir Sjúkratrygginga aukist til að byggja upp eftirlit og til að gera mat á árangri nýs fyrirkomulags mögulegt. Samhliða nýjum samningi um tannlækningar barna hafi því átt að efla fjárhagslegt eftirlit Sjúkratrygginga Íslands, sem og eftirlit með gæðum og árangri af þjónustu tannlækna. Vegna greiðsluþátttöku Sjúkratrygginga Íslands fái stofnunin allar upplýsingar um tannlæknameðferð barna á Íslandi og skrái þær í gagnagrunn.

		• Hins vegar hafi áformuð fjárfesting í eftirlits- og tölvukerfum Sjúkratrygginga Íslands, sem m.a. geri þeim kleift að vinna skýrslur úr þessum upplýsingum, ekki gengið eftir vegna samdráttar í fjárveitingum. Sú fjárfesting sé þó forsenda þess að stofnunin geti haft yfirsýn um tannheilsu barna á hverjum tíma og gert samanburð á árangri tannlækna og kostnaði við þjónustu þeirra. Sem dæmi gæti stofnunin fengið upplýsingar um árangur hvers tannlæknis samanborið við meðaltal allra tannlækna. Fjárfestingin feli í sér lítinn tilkostnað í ljósi þess ávinnings sem hún muni leiða af sér. Öflugt eftirlit með verði og gæðum tannlæknaþjónustu geti sparað ríkinu mikla fjármuni og reynst mikilvægur liður í að bæta tannheilsu barna. • Ríkisendurskoðun hvetur velferðarráðuneyti til að styðja Sjúkratryggingar Íslands í þeirri viðleitni að gera eftirlitskerfi sín þannig úr garði að stofnunin geti sinnt eftirliti sínu með viðunandi hætti.
k)	Viðskipti heilbrigðisyfirvalda við Heimilislæknastöðin ehf (2011) Eftirfylgni 2014.	• Í skýrslu sinni árið 2011 lagði Ríkisendurskoðun áherslu á að gera þyrfti upp fjárskuldbindingar Heimilislækna-stöðvarinnar ehf. vegna samningsins frá 1997 áður en nýr samningur yrði gerður við félagið. Það uppgjör lýtur einkum að lífeyrisskuldbindingum vegna starfsmanna læknastöðvarinnar og endurnýjun á búnaði sem ríkið lagði til og Heimilislæknastöðin ehf. skal halda við og endurnýja. Við uppgjörið skal nýta sérstakan varasjóð sem félagið skal mynda með helmingi af árlegum hagnaði Heimilislæknastöðvarinnar ehf. verði um afgang að ræða. Hinn hlutinn rennur til Heimilislæknastöðvarinnar ehf. • Í skýrslu sinni árið 2011 beindi Ríkisendurskoðun tveimur ábendingum til heilbrigðisyfirvalda: • Hyggist heilbrigðisyfirvöld halda áfram að kaupa þjónustu Heimilislæknastöðvarinnar ehf. ber Sjúkratryggingum Íslands að hraða gerð nýs þjónustusamnings þar um og tryggja að honum sé fylgt. • Verði nýr samningur gerður við Heimilislæknastöðina ehf. ber Sjúkratryggingum Íslands fyrst að gera upp fjárskuldbindingar félagsins vegna samningsins frá árinu 1997. • Ríkisendurskoðun fagnar því að mál hafa færst í rétta átt. Enn hefur þó ekki verið gengið frá uppgjöri fjár-skuldbindinga félagsins vegna samningsins frá 1997 og gerð nýs samnings. Mikilvægt er að undinn verði bráður bugur að því. Til að nýr samningur geti tekið gildi í ársbyrjun 2015 þarf að ljúka málinu fyrir júnílok 2014.

Sjúkratryggingar Íslands

Skúli Eggert Þórðarson ríkisendurskoðandi
Ríkisendurskoðun
Bríetartún 7
105 Reykjavík

Reykjavík, 31. desember 2018.

Efni: Ósk um stjórnsýsluúttekt

Á þeim stutta tíma sem ég hef gegnt stöðu forstjóra Sjúkratrygginga Íslands hef ég leitast við að setja mig inn í starfsemi og starfshætti stofnunarinnar ekki síst til að átta mig á þeim málum sem þarfnast bráðra aðgerða. Við þessa yfirferð hafa nokkur stór mál komið fram sem kalla á skjót viðbrögð af hálfu SÍ en einnig mál sem ég tel að þarfnist nánari skoðunar óháðs aðila.
Rétt er að taka fram að þessi mál eru á verksviði forstjóra en ekki hluti af eðlilegum verkefnum stjórnar enda var henni ekki kunnugt um stöðu þeirra.

1. GDPR
   Því miður skortir verulega á að ný persónuverndarlöggjöf (GDPR) hafi verið innleidd. Vinnsluskrár hafa ekki verið gerðar, vinnslusamningar liggja ekki fyrir né heldur persónuverndarstefna. Nær engin fræðsla til starfsmanna hefur átt sér stað ef frá er talin stutt kynning nú í nóvember. Persónuverndarfulltrúi sem skipaður var fyrr á þessu ári sagði sig frá því hlutverki sl. sumar vegna skorts á stuðningi við verkefnið. Nú liggur fyrir ný verkáætlun miðað við þessa stöðu og felur hún m.a. í sér tímabundna, skilgreinda handleiðslu LEX lögmannsstofu. Þá hefur verið skipaður sérstakur starfshópur til að sinna þessari innleiðingu undir stjórn nýs verkefnastjóra. Aðstoðarmaður forstjóra mun sinna reglulegum samskiptum við hópinn og tel ég málið í ásættanlegum farvegi miðað við aðstæður.

2. Upplýsingatæknimál,
   Á fundi með FJMR í lok nóvember sl. var mér gerð grein fyrir helstu niðurstöðum úttektar ráðuneytisins á stöðu UT mála hjá stofnuninni og er það fyrsta skref í slíkri skoðun meðal opinberra stofnana. Niðurstaðan var í heild býsna neikvæð og komu m.a. fram áhyggjur af óljósri verkaskiptingu milli UT deildar og þróunarstjóra, að fjöldi kerfa væri mikill, flest sér-smíðuð fyrir SÍ og þau töluðu ekki saman. Þá væri bæði þróun og hluta af rekstri UT kerfanna úthýst til eins aðila, Prógramm ehf., sem gerir stofnunina mjög háða þeim um flestar vinnslur auk þess sem öryggi væri ógnað. Aldrei hefur farið fram formlegt útboð á þessari þjónustu. Jafnframt kom fram það álit úttektaraðila að UT mál stofnunarinnar einkenndust í heild af viðbrögðum frekar en skipulagi eða áætlunum, að heildar- og framtíðarsýn í þessum málum skorti og að of mikill tími og kostnaður færi í skammtímalausnir. Kostnaður stofnunarinnar af þessum málaflokki er umfram meðaltal annarra stofnana eða um 15% af rekstri á móti 7% meðaltali annarra stofnana. Í því sambandi má nefna að á árinu 2017 voru greiddar um 180 millj. króna til Prógramms ehf. og svipuð fjárhæð á árinu 2018. Þá skortir mikið á að hugað sé að persónuvernd gagnvart tölvukerfum

og notkun þeirra. Ekki liggja fyrir aðgangsreglur og lítið sem ekkert eftirlit hefur verið haft með aðgangi að hinum ýmsu kerfum.
Fyrirhugað er að FJMR haldi fljótlega sameiginlegan fund með SÍ og VEL þar sem drög þessi verða kynnt. Nú þegar hafa verið gerðar skipulagsbreytingar til að stuðla að aukinni samræmingu og yfirsýn yfir málaflokkinn og munu frekari skipulagsbreytingar verða á nýju ári.

3. Greiningarmál – áætlanir, eftirfylgni og eftirlit,
Stofnunin hefur ákaflega takmarkaða getu til gagnagreininga þrátt fyrir mikla áherslu á það hlutverk í lögum um sjúkratryggingar. Greiningardeild, sem sett var á fót á árinu 2015 var lögð niður í upphafi árs 2018 og engin stefna hefur verið mótuð um greiningarmál, né heldur forgangsröðun eða aðgerðaáætlun.

   Staða þessi er með öllu óásættanleg og tengist að hluta þeim atriðum sem hér að framan hafa verið reifuð. Stofnunin er í viðræðum við velferðarráðuneyti um næstu skref en uppbygging þessarar starfsemi kallar á aukið fjármagn.

4. Mannauðsmál og stjórnun.
Nú í október var framkvæmd árleg starfmannakönnun, sem leiddi í ljós að flestir þættir, aðrir en vinnuumhverfi, eru á niðurleið. Gera má ráð fyrir að óvissa um forystu stofnunarinnar og nýafstaðnir flutningar hafi haft einhver neikvæð áhrif. Stjórnendamat kom illa út og verr en áður. Þau atriði sem starfsmenn töldu mikilvægast að efla meðal stjórnenda voru: stefnumörkun og forgangsröðun, upplýsingaflæði og samráð. Almennt voru menn sáttir við nýtt vinnuumhverfi. Starfsmenn meta álag mjög mikið og kann það að skýrast að hluta til af þeim þáttum sem áður voru nefndir sem veikleikar í stjórnun (stefnumótun o.s.frv.).

   Hlutverk stjórnenda hefur ekki verið vel skilgreint og á það eflaust hlut í þessu neikvæða mati á þeim hópi. Þá liggja starfslýsingar ekki fyrir í öllum tilvikum og eru umboð og ábyrgð stjórnenda nokkuð óljós, hvort heldur litið er til fjárhagslegrar ábyrgðar, mannauðsmála eða faglegra þátta. Fram hefur komið að sviðsstjórar hafi lítið komið að mikilvægum ákvörðunum fyrir stofnunina í heild og skipurit endurspeglar í sumum tilvikum ekki raunverulega ábyrgð og verkaskiptingu. Stjórnendur eru allmargir miðað við starfsmannafjölda og kann það að krefjast endurskoðunar enda margar einingar mjög litlar og kann að vera sóknarfæri í að fækka þeim og stækka.

   Fundum framkvæmdastjórnar með forstjóra hefur nú verið komið í skipulagt horf þar sem fundir eru boðaðir með dagskrá og formleg fundargerð haldin. Þá fundar forstjóri vikulega með æðstu stjórnendum stofnunarinnar og hvetur þá til reglulegs samráðs við sína næst-ráðendur. Verið er að taka saman yfirlit yfir virkar starfslýsingar og huga að starfslýsingum þar sem þær skortir. Aðgerðaáætlun varðandi aðrar úrbætur í mannauðsmálum liggur fyrir í drögum. Stjórn SÍ hefur þegar unnið drög að stefnu fyrir stofnunina og næsta skref er að fara yfir drögin með hliðsjón af heilbrigðisstefnu heilbrigðisráðherra sem nú er í lokafrágangi. Sú vinna verður grunnur að því að endurskoða skipulag stofnunarinnar, verkaskiptingu og ábyrgð stjórnenda í samráði við stjórn.

5. Fjármál,

Svo virðist sem hvorki hafi verið lögð viðeigandi áhersla á fjármálastjórnun í rekstri stofnunarinnar eða umsýslu réttindaflokka. Almennt hefur rekstur stofnunarinnar þó verið í jafnvægi. Fjármálasvið stofnunarinnar hefur einkum haldið utan um rekstur sjálfrar stofnunarinnar en minna komið að umsýslu réttindaflokka. Þá er fjárhagsleg ábyrgð stjórnenda ekki skýr. Ýmis dæmi eru um að farið hafi verið í verkefni án þess að fjárhagsáætlun og fjármögnun væri tryggð og að ekki hafi verið farið í nauðsynlegar aðgerðir til að laga kostnað að fjárheimildum. Almennt virðast fjármál ekki hafa verið rædd að ráði innan stjórnendahópsins.

Áætlanagerð hvað réttindaflokka varðar virðist fremur veikburða og skortur á greiningum gerir það að verkum að erfitt er að fylgja stöðu þeirra nægilega vel eftir. Eftirlit með réttindaflokkum virðist í algeru lágmarki og beitt er tiltölulega grófum aðferðum til að áætla þróun t.d. milli ára. Slík ónákvæmni skapar geysilega óvissu þegar um svo stórar fjárhæðir er að ræða.

Eins og bent er á í skýrslu Ríkisendurskoðunar („Sjúkratryggingar sem kaupandi heilbrigðisþjónustu") nýtast samningar stofnunarinnar ekki nægilega vel til að stýra kostnaði við þjónustu eða til að styðja við eðlilega samkeppni milli veitenda þjónustu. Þá skortir virkt eftirlit með umfangi þjónustu til að leggja mat á hvort umfangið er eðlilegt. Dæmi hér um er að brottnám hálskirtla er margfalt algengara hér á landi en annars staðar á norðurlöndum og var á þetta bent m.a. í nýlegri skýrslu ráðgjafafyrirtækisins McKinsey. Annað dæmi er að svo virðist sem virkan samanburð og aðhald varðandi efniskostnað á stofum sérgreinalækna hafi skort. Fleiri dæmi má nefna svo sem hvernig haldið er utanum ígræði sem sérgreinalæknar nota í starfsemi sinni og fleira sem of langt mál væri að telja upp hér.

Þá hefur ekki verið hugað nægilega að fjárstýringu (cash flow management) og kostnaður við fjárhagslega og viðskiptalega ferla ekki metinn með gagnrýnum hætti. Ekki virðist hafa verið hugað að mögulegri ávöxtun fjármuna eða hagkvæmum viðskiptaferlum heldur er geysileg áhersla lögð á rauntímasamskipti við veitendur þjónustu og þjónusta greidd samdægurs, jafnvel tvisvar á dag vegna samninga sem alls ekki kveða á um slíkt fyrirkomulag. Að minnsta kosti í sumum tilvikum hafa þessar tíðu greiðslur verið ætlaðar til að laða veitendur þjónustu að því að taka upp rafræn samskipti við SÍ og kunna því að eiga rétt á sér út frá því sjónarmiði. Hins vegar gefur þessi áhersla á rauntímasamskipti mjög takmarkað svigrúm til að sannreyna reikninga og gæðameta áður en þeir eru greiddir. Að minnsta kosti hluti bókhalds stofnunarinnar er á greiðslugrunni.

Þá má benda á að þrátt fyrir að fyrrum starfsmaður stofnunarinnar hafi hlotið refsingu fyrir fjárdrátt hjá stofnuninni hafa verkferlar ekki verið endurskoðaðir með nægilega markvissum hætti til að tryggja að slíkt endurtaki sig ekki.

Gerð reikninga og innheimta krafna er heldur ekki í ásættanlegu horfi. Ekki er unnt að útbúa reikninga beint út úr tölvukerfinu og lítil sem engin áhersla hefur verið lögð á að innheimta ofgreiðslur eða aðrar útistandandi kröfur. Í þeim tilvikum sem slíkt hefur komið upp hefur verið látið nægja að senda viðkomandi greiðsluþega ábendingu um ofgreiðsluna með ósk um að hin ofgreidda fjárhæð verði lögð inn á reikning stofnunarinnar. Þá er formleg innri endurskoðun ekki til staðar. Staða fjárhagslegra ferla innan stofnunarinnar krefjast gagngerrar endurskoðunar einkum hvað réttindaflokka varðar.

Sjúkratryggingar Íslands

Eins og ég nefndi í upphafi bréfs míns, er ofangreind lýsing byggð á reynslu minni eftir aðeins nokkurra vikna starf hjá stofnuninni. Fleira mætti eflaust telja hér til. Flest ofangreindra atriða eru að mínu mati alvarleg og samræmast ekki þeim kröfum sem gerðar eru til stofnunarinnar. Út frá þessari stöðu tel ég mikilvægt að fá óháða úttekt á stjórnun stofnunarinnar, einkum hvað varðar fjárhagslega ferla og umsýslu stofnunarinnar með þeim réttindaflokkum almannatrygginga sem hún ber ábyrgð á.
Af samtölum mínum við stjórnendur liggur fyrir að þeir hafa í mörgum tilvikum reynt að færa ofangreind atriði til betra horfs en ekki fengið stuðning við það. Ég hef upplýst stjórn stofnunarinnar um þau atriði sem ég geri að umtalsefni í þessu bréfi en hún hafði ekki upplýsingar um þau áður og ofangreind atriði eru að sjálfsögðu ekki meðal þeirra verkefna sem stjórn er almennt ætlað að sinna.

Virðingarfyllst,

María Heimisdóttir forstjóri

Afrit: Svandís Svavarsdóttir, heilbrigðisráðherra
Brynhildur Björnsdóttir, formaður stjórnar Sjúkratrygginga Íslands

RÍKISENDURSKOÐUN

Sjúkratryggingar Íslands sem kaupandi heilbrigðisþjónustu

Eftirfylgni 2021



Mars 2022

Efnisyfirlit

Inngangur **3**

Niðurstöður **4**

Sjúkratryggingar Íslands sem kaupandi heilbrigðisþjónustu **5**

Úrbótatillögur til velferðarráðuneytis (nú heilbrigðisráðuneyti) 5

Úrbótatillögur til Sjúkratrygginga Íslands 7

Inngangur

Í samræmi við viðurkennda endurskoðunarstaðla fyrir opinbera aðila fylgir Ríkisendurskoðun eftir niðurstöðum stjórnsýsluúttekta sinna eftir því sem við á, sbr. 9. gr. laga nr. 46/2016 um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga. Tilgangur slíkrar eftirfylgni er að kanna hvort þeir annmarkar sem úttektir leiða í ljós séu enn til staðar og hvort tillögur ríkisendurskoðanda til úrbóta hafi náð fram að ganga.

Niðurstöður

Úttektin var unnin að frumkvæði Ríkisendurskoðunar. Í skýrslu stofnunarinnar voru settar fram sjö tillögur til útbóta; þar af var tveimur beint til velferðarráðuneytis (nú heilbrigðisráðuneyti) og fimm til Sjúkratrygginga Íslands. Bæði heilbrigðisráðuneyti og Sjúkratryggingar Íslands hafa brugðist við flestum úrbótatillögum Ríkisendurskoðunar. Ábyrgðarskil og verkaskipting heilbrigðisráðuneytis og Sjúkratrygginga Íslands er skýrari og Alþingi hefur samþykkt heilbrigðisstefnu til ársins 2030. Sjúkratryggingar hafa styrkt starfsemi sína hvað snýr að undirbúningi, gerð og eftirfylgni með samningum. Ýmsum lykilatriðum þarf þó að fylgja betur eftir t.a.m. nýjum samningi um framleiðslutengda fjármögnun Landspítala.

Í einu tilviki er brýnt að Sjúkratryggingar Íslands vinni áfram að úrbótum með hliðsjón af tillögu Ríkisendurskoðunar þar sem enn er ósamið um heilbrigðisþjónustu sérgreinalækna og sjúkraþjálfara. Samningaviðræður hafa reynst afar erfiðar en Sjúkratryggingar hafa leitast við að bæta undirbúning og gerð samninga sinna í samræmi við þær áherslur sem komu fram í skýrslu Ríkisendurskoðunar.

Sjúkratryggingar Íslands sem kaupandi heilbrigðisþjónustu

Í skýrslunni *Sjúkratryggingar Íslands sem kaupandi að heilbrigðisþjónustu* (febrúar 2018) gerði Ríkisendurskoðun grein fyrir niðurstöðum stjórnsýsluúttektar á frammistöðu Sjúkratrygginga Íslands við kaup á heilbrigðisþjónustu. Skýrir annmarkar reyndust vera á starfsumhverfi, starfsemi og starfsháttum stofnunarinnar hvað varðar gerð, framkvæmd og eftirlit með nokkrum kostnaðarsömustu samningum stofnunarinnar um heilbrigðisþjónustu. Efast mætti um hvort samningarnir væru í öllum tilvikum hagkvæmir eða stuðluðu að skilvirkni heilbrigðiskerfisins í heild. Viðhlítandi stefnumörkun um kaup stofnunarinnar á heilbrigðisþjónustu, sbr. ákvæði bæði laga nr. 40/2007 um heilbrigðisþjónustu og laga nr. 112/2008 um sjúkratryggingar, var ekki fyrir hendi. Greina mátti togstreitu milli lykilstofnana heilbrigðiskerfisins og fagleg geta stofnunarinnar var vafa undirorpin. Niðurstaða Ríkisendurskoðunar var að kaup Sjúkratrygginga Íslands á heilbrigðisþjónustu gætu vart talist markviss líkt og lög um sjúkratryggingar hafa að markmiði. Ríkisendurskoðun beindi tveimur tillögum til úrbóta til velferðarráðuneytis (nú heilbrigðisráðuneyti) og fimm til Sjúkratrygginga Íslands.

Úrbótatillögur til velferðarráðuneytis (nú heilbrigðisráðuneyti)

Fyrri tillagan í garð ráðuneytisins sneri að mörkun heildstæðrar stefnu um heilbrigðisþjónustu:

> **Tillaga til úrbóta 2018:** Velferðarráðuneyti þarf að marka heildstæða stefnu um heilbrigðisþjónustu sem Sjúkratryggingar Íslands geta byggt á við samninga um kaup á heilbrigðisþjónustu. Ákveða þarf hvaða þjónustu heilbrigðisstofnanir ríkisins eiga að veita og hvaða þjónustu á að kaupa af öðrum aðilum og í hvaða magni. Út frá þeirri stefnumörkun þarf ráðuneytið að sjá til þess að Sjúkratryggingar Íslands og aðrar lykilstofnanir heilbrigðiskerfisins vinni á samhæfðan hátt að settum markmiðum.

Í viðbrögðum ráðuneytisins árið 2018 var tekið undir tillögu Ríkisendurskoðunar og greint frá að vinna við mótun heilbrigðisstefnu væri hafin. Hluti þeirrar vinnu væri að skýra nánar hver gerir hvað innan heilbrigðisþjónustunnar. Í því skyni væri í samstarfi við Embætti landlæknis og Sjúkratryggingar Íslands unnið að greiningu á þeirri læknisþjónustu sem veitt er á heilbrigðisstofnunum og hjá sjálfstætt starfandi læknum samkvæmt samningi við Sjúkratryggingar Íslands. Starfshópi væri ætlað að skila skýrslu til ráðherra á fyrri hluta árs 2018.

Við eftirfylgni Ríkisendurskoðunar árið 2021 vísaði heilbrigðisráðuneyti til þess að þingsályktun um heilbrigðisstefnu til ársins 2030 nr. 29/149 hefði verið samþykkt í júní 2019. Í henni væri m.a. fjallað um verkaskiptingu innan heilbrigðiskerfisins og þjónustukaup. Stefnunni og þeim aðgerðaáætlunum sem lagðar hafa verið fram af hálfu ráðherra á grundvelli hennar er ætlað að taka á þeim veikleikum sem Ríkisendurskoðun benti á. Taka má fram að bæði í greinargerð tillögu til þingsályktunar um heilbrigðisstefnu og í stefnunni sjálfri er vísað til niðurstaðna og

tillagna Ríkisendurskoðunar. Í stefnunni er bæði fjallað um hlutverkaskiptingu einstakra aðila innan heilbrigðiskerfisins og skilvirk þjónustukaup af hálfu Sjúkratrygginga Íslands.

> **Hvað hefur gerst:** Heilbrigðisstefna fyrir íslenska heilbrigðisþjónustu til ársins 2030 var samþykkt á Alþingi árið 2019. Stefnan ásamt aðgerðaráætlun fjallar um forsendur og áfanga varðandi verkaskiptingu milli stofnana og skilvirk þjónustukaup. Þótt hvorki stefnan né aðgerðaáætlanir skeri úr um hvaða tilteknu þjónustu og í hvaða magni eigi að afla með samningum við sjálfstætt starfandi lækna eru forsendur samningagerðar Sjúkratrygginga Íslands öllu skýrari en áður.

Önnur ábending til velferðarráðuneytis varðaði verkaskiptingu og skilgreiningu á hlutverkum ráðuneytisins annars vegar og Sjúkratrygginga Íslands hins vegar við undirbúning og gerð samninga. Dæmi hefðu verið um að ráðuneytið hafi gert samninga án aðkomu stofnunarinnar eða hafi einhliða ákvarðað forsendur samninga.

> **Tillaga til úrbóta 2018:** Velferðarráðuneyti þarf að skerpa á verkaskiptingu og ábyrgðarskilum sínum og Sjúkratrygginga Íslands við gerð samninga um heilbrigðisþjónustu. Styðja þarf við stofnunina sem faglegan samningsaðila kaupanda heilbrigðisþjónustu á grundvelli heildstæðrar stefnumörkunar ráðuneytisins. Í þessu sambandi þarf að endurskoða reglugerð nr. 510/2010 og kanna hvort efla þurfi stjórn stofnunarinnar og fela henni aukna ábyrgð á stefnumörkun, ákvörðunum og eftirliti með starfsemi hennar.

Í viðbrögðum ráðuneytisins árið 2018 var tekið undir tillögu Ríkisendurskoðunar um að skerpa þyrfti á verkaskiptingu og ábyrgðarskilum við gerð samninga um heilbrigðisþjónustu. Fram kom að á síðustu misserum áður en skýrslan kom út hafði verið unnið að því að skýra verklag á milli stofnananna og að ráðuneytið myndi halda þeirri vinnu áfram í samstarfi við Sjúkratryggingar Íslands. Ráðuneytið myndi í því sambandi taka til skoðunar þær athugasemdir og ábendingar Ríkisendurskoðunar sem komu fram í skýrslunni.

Við eftirfylgni Ríkisendurskoðunar árið 2021 kom fram í svörum heilbrigðisráðuneytis að skerpt hafi verið á verklagi og verkaskiptingu milli ráðuneytisins og Sjúkratrygginga Íslands og að ráðuneytið telji það nú vera í góðu samræmi við ákvæði laga um sjúkratryggingar. Heilbrigðisráðuneyti útbúi samningsmarkmið í samræmi við stefnu og forgangsröðun ráðuneytisins í viðkomandi málaflokki og sendi til stofnunarinnar í aðdraganda samningsgerðar. Samningsumboðið liggi svo hjá stofnuninni sem semur við þjónustuveitendur í samræmi við markmið ráðuneytis. Eftirlit og úttektir á framkvæmd samninga liggi hjá Sjúkratryggingum Íslands, sem sendi sínar niðurstöður til ráðuneytis í aðdraganda þess að samningar renna út. Nánari útfærsla á þessu verklagi sé jafnframt endurskoðuð reglulega til að efla gæði starfsins, bæði hjá ráðuneyti og sjúkratryggingum.

Þá kom fram í svörum ráðuneytis að það hafi styrkt Sjúkratryggingar Íslands með margvíslegum hætti frá árinu 2018, m.a. með auknum fjárframlögum og að stofnunin hafi breytt innra skipulagi í því skyni að styrkja samingagerð sína og eftirlit með samningum. Einnig vísaði ráðuneytið til þess að í samráðsgátt stjórnvalda hafi þann 7. september 2021 verið lögð fram

drög að breytingum á reglugerð nr. 510/2010 um samninga um heilbrigðisþjónustu sem veitt er utan heilbrigðisstofnana sem ríkið rekur. Í drögunum eru lagðar til breytingar sem ætlað er að skerpa á verkaskiptingu heilbrigðisráðuneytis og Sjúkratrygginga Íslands við gerð samninga. Vegna þess að komið er inn á samspil laga um sjúkratryggingar og laga um opinber fjármál er ráðuneytið í samstarfi við fjármála- og efnahagsráðuneyti um umræddar breytingar.

Jafnframt er stefnt að frekari vinnu innan heilbrigðisráðuneytis í þessum efnum. Er í drögum að starfsáætlun ráðuneytisins fyrir árið 2022 gert ráð fyrir að vinna að því að úttektir Sjúkratrygginga Íslands vegna samninga feli ávallt í sér mat á aðgengi, gæðum og öryggi, að forgangsröðun hjá ráðuneytinu varðandi samninga um heilbrigðisþjónustu verði skýrari. Eins fari um forgangsröðun þjónustu, s.s. varðandi biðlista. Einnig er í drögunum fjallað um þarfagreiningu á þjónustu, s.s. varðandi samninga við sérgreinalækna.

Hvað hefur gerst: Skerpt hefur verið á verklagi og verkaskiptingu milli heilbrigðisráðuneytis og Sjúkratrygginga Íslands hvað snýr að samningagerð um kaup á heilbrigðisþjónustu. Í því skyni hafa verið lögð drög að breytingum á reglugerð nr. 510/2010 sem voru birt í samráðsgátt stjórnvalda í september 2021. Ráðuneytið hefur leitast við að styrkja stofnunina faglega, m.a. með auknum fjárframlögum.

Úrbótatillögur til Sjúkratrygginga Íslands

Ríkisendurskoðun beindi fimm tillögum til úrbóta til Sjúkratrygginga Íslands. Sú fyrsta varðaði nauðsyn þess að styrkja stofnunina hvað sneri að gerð og eftirliti með samningum sínum og að stjórn stofnunarinnar mótaði langtímastefnu í samræmi við ákvæði laga um sjúkratryggingar. Án skýrrar stefnu hefðu kaup og samningar stofnunarinnar um heilbrigðisþjónustu fyrst og fremst ráðist af áherslum fjárlaga hvers árs, tímabundnum átaksverkefnum og úrlausn tilfallandi vandamála hverju sinni. Sú staða hefði haft neikvæð áhrif á þróun heilbrigðiskerfisins í heild.

Tillaga til úrbóta 2018: Sjúkratryggingar Íslands þurfa í samstarfi við velferðarráðuneyti að efla samninga- og greiningadeildir sínar og styrkja fagþekkingu starfsmanna sinna á samningum og kaupum á heilbrigðisþjónustu. Að mati Ríkisendurskoðunar er það forsenda þess að stofnunin geti samið um og keypt heilbrigðisþjónustu í umboði ráðherra á markvissan hátt. Í því sambandi verður stjórn stofnunarinnar að marka langtímastefnu.

Í viðbrögðum Sjúkratrygginga Íslands árið 2018 kom fram að stofnunin væri því sammála að það þyrfti að styrkja og efla samninga- og greiningardeildir hennar. Að hennar mati hefðu fjárveitingar ekki verið nægar og uppbygging stofnunarinnar ekki orðið í samræmi við þær áætlanir sem lágu til grundvallar þegar henni var komið á fót í núverandi mynd með lögum nr. 112/2008 um sjúkratryggingar.

Þegar Ríkisendurskoðun fylgdi tillögunni eftir árið 2021 vísaði stofnunin til nokkurra ráðstafana sem gripið hafi verið til. Árið 2019 var forstjóra falið af stjórn Sjúkratrygginga Íslands að leggja fram drög að langtímastefnu stofnunarinnar á grundvelli nýrrar heilbrigðisstefnu stjórnvalda. Eftir undirbúningsvinnu staðfesti stjórn Sjúkratrygginga langtímastefnu stofnunarinnar í maí

2020 ásamt tillögum að aðgerðum til að innleiða hana. Meðal helstu aðgerða var endurskoðun á skipulagi stofnunarinnar, m.a. með hliðsjón af ítarlegri greiningu á verkefnum hennar og starfseiningum. Nýtt skipulag var staðfest af stjórn þann 24. september 2020 og tók gildi 1. janúar 2021. Tilgangur skipulagsbreytinganna var fyrst og fremst að laga stofnunina að því hlutverki sem henni er ætlað samkvæmt lögum og heilbrigðisstefnu en einnig að bregðast við þeim ábendingum sem fyrir lágu um helstu veikleika hennar, bæði frá Ríkisendurskoðun og öðrum aðilum. Loks lá fyrir að í eldra skipulagi fólst ákveðið óhagræði þar sem stjórnunar-einingar voru margar og sumar mjög litlar. Með nýju skipulagi fækkaði stjórnendum úr 23 í 16 og stjórnunarkostnaður lækkaði því nokkuð. Ábyrgð og umboð stjórnenda voru skýrð. Jafnframt urðu til stærri og skilvirkari einingar en sú breyting stuðlar einnig að fjárhagslegu hagræði.

Með nýju skipulagi voru verkefni samningadeildar skýrð og samningadeild fékk aukið svigrúm til að sinna samningagerðinni sjálfri. Tölulegar úttektir samninga voru fluttar frá deildinni til nýrrar hagdeildar. Fjöldi stöðugilda í samningadeildinni er nú 6 en var 5 árið 2018. Auk þessarar fjölgunar hefur þekking stofnunarinnar á opinberum innkaupum verið efld með aðkomu sérfræðings á því sviði á skrifstofu forstjóra en sá aðili styður við vinnu samningadeildar, einkum í flóknari verkefnum. Gefnir hafi verið út almennir samningsskilmálar stofnunarinnar sem staðfestir eru af heilbrigðisráðherra og eru hluti allra samninga stofnunarinnar. Í þeim koma fram grundvallarkröfur stofnunarinnar til samningsaðila og annað það sem almennt skal gilda um þá þjónustu sem stofnunin semur um. Með tilkomu skilmálanna er samningagerð einfölduð og samræmd. Innkaupastefna stofnunarinnar liggur fyrir í drögum en þar er fjallað um þær forsendur sem liggja til grundvallar innkaupaferlum í hvert sinn, með hvaða hætti staðið verður að innkaupum í hvert sinn og helstu sjónarmið sem eru lögð til grundvallar vali á viðsemjendum. Er stefnunni ætlað að auka jafnræði og gagnsæi við kaup stofnunarinnar á heilbrigðisþjónustu.

Stofnuð hefur verið eftirlitsdeild með þremur starfsmönnum en áður var engin formleg eftirlitseining innan stofnunarinnar heldur var eftirliti sinnt af einstökum starfsmönnum eftir því sem tími þeirra leyfði. Þessi eining léttir ákveðnum verkefnum af samningadeild auk þess að leggja grunninn að eftirlitsstarfsemi Sjúkratrygginga Íslands til framtíðar. Stofnunin telur mikilvægt að fjölga heilbrigðisstarfsmönnum í deildinni, ráða lögfræðing og endurskoðanda. Á þeim stutta tíma sem deildin hefur starfað hefur hún borið kennsl á fjölþætt frávik í skráningu, reikningagerð og upplýsingaskilum. Þær endurkröfur sem gerðar hafa verið á grundvelli þessa nema hærri fjárhæðum en rekstrarkostnaður deildarinnar, hins vegar skili ábatinn af endurkröfunum sér ekki til stofnunarinnar heldur inn á viðkomandi fjárlagaliði sjúkratrygginga. Deildin hefur einnig borið kennsl á klínísk frávik í þjónustu og unnið náið með embætti landlæknis að slíkum málum.

Hvað hefur gerst: Stjórn Sjúkratrygginga Íslands hefur staðfest langtímastefnu stofnunarinnar ásamt tillögum að aðgerðum til að innleiða hana sem er í samræmi við heilbrigðisstefnu stjórnvalda. Skipulagi stofnunarinnar var breytt frá og með árinu 2021. Verkefni samningadeildar hafa verið skýrð og deildinni veitt aukið svigrúm til að sinna samningagerðinni sjálfri. Ný eftirlitsdeild fylgist með starfsemi samningsaðila og þeirra þjónustuveitenda sem þiggja greiðslur frá stofnuninni.

Önnur tillaga Ríkisendurskoðunar til Sjúkratrygginga Íslands varðaði undirbúning samninga m.t.t. þarfagreininga og forgangsröðun þjónustukaupa:

> **Tillaga til úrbóta 2018:** Mikilvægt er að samningar Sjúkratrygginga Íslands um heilbrigðisþjónustu byggi á ítarlegum greiningum á þörfum landsmanna fyrir heilbrigðisþjónustu og tryggi hæfilegt þjónustumagn af viðunandi gæðum. Brýnt er að stofnunin forgangsraði þjónustukaupum sínum til að koma í veg fyrir óhóflegan biðtíma og óhagkvæma nýtingu þess fjár sem varið er til kaupanna. Í þessu skyni þarf stofnunin að hafa virkt eftirlit með raunkostnaði þjónustuveitenda og greina ábata og kostnað ólíkra þjónustuleiða í samhengi við heildarhagsmuni sjúkratryggðra og ríkisins.

Árið 2018 bentu Sjúkratryggingar Íslands á að forsenda góðrar þjónustu og árangurs í rekstri sé að þjónustan sé skilgreind út frá hagsmunum hinna sjúkratryggðu og að þar með sé tryggt að þeir hafi greiðan aðgang að samfelldri og áreiðanlegri heilbrigðisþjónustu á grundvelli gagnreyndrar læknisfræði. Þetta væri forsenda þess að mörkuð stefna nái fram að ganga, þ.e. að fjármagn fylgi sjúklingum og að heilbrigðisstofnanir fái fjármagn í samræmi við þörf og fjölda verka. Því væri afar mikilvægt að aðgreina nauðsynlega stefnumótun vegna þessa verkefnis frá þeirri stefnumótun sem ríkinu bæri að marka sem rekstraraðila stærstu heilbrigðisstofnananna og lýtur að því að skipuleggja samstarf og innbyrðis verkaskiptingu sinna eigin stofnana. Samningar og þjónustukaup stofnunarinnar byggðu á stefnumörkun ráðherra, sem jafnframt væri heimilt að grípa til nauðsynlegra ráðstafana til að framfylgja þeirri stefnu, m.a. hvað varðar skipulag heilbrigðisþjónustunnar, verkefni og umfang einstakra stofnana, svo og forgangsröðun verkefna innan heilbrigðiskerfisins. Stofnunin var því sammála að nauðsynlegt væri að hafa virkt eftirlit með raunkostnaði þjónustuveitenda og greina ábata og kostnað ólíkra þjónustuleiða í samhengi við heildarhagsmuni sjúkratryggðra og ríkisins.

Við eftirfylgni Ríkisendurskoðunar 2021 kom fram að með nýju skipulagi hafi verið stofnuð hagdeild sem tók við verkefnum deildar fjármála og greiðslna auk þess að vera ætlað veigamikið hlutverk við greiningarvinnu, m.a. kostnaðargreiningar svo og greiningar á ábata og kostnaði ólíkra þjónustuleiða. Jafnframt var stöðugildum fjölgað úr tveimur í þrjú og verklag deildarinnar endurskoðað með það fyrir augum að auka aðkomu fagaðila annarra eininga að greiningarverkefnum. Hagdeild vinni nú að undirbúningi að smíði vöruhúss gagna sem undirstöðu viðamikilla tölulegra greininga á borð við þær sem samningar stofnunarinnar krefjast. Að mati stofnunarinnar er þörf á að efla deildinna enn frekar. Stjórnskipulag upplýsingatæknimála hafi einnig verið endurskoðað. Í stað útvistunar sé verkefnum á sviði upplýsingatækni sinnt innanhúss í því skyni að þróa og styrkja greiningarstarf með áherslu á öryggi upplýsinga.

> **Hvað hefur gerst**: Með nýju skipulagi var auk nýrrar eftirlitsdeildar stofnuð hagdeild sem er ætlað veigamikið hlutverk við greiningarvinnu, þ.m.t. á ábata og kostnaði ólíkra þjónustuleiða. Upplýsingatæknimál eru nú komin á sér svið innan stofnunarinnar til að styrkja getu hennar til að vinna sjálfstæðar greiningar á verksviði sínu.

Með þriðju úrbótatillögu sinni til Sjúkratrygginga Íslands kallaði Ríkisendurskoðun eftir aukinni áherslu á gæðakröfur og eftirlit við kaup á heilbrigðisþjónustu:

> **Tillaga til úrbóta 2018:** Ríkisendurskoðun hvetur Sjúkratryggingar Íslands til að þróa og innleiða leiðir til að tryggja gæði og mæla árangur þeirrar þjónustu sem stofnunin semur um kaup á, t.d. í formi gæðavísa. Í þessu augnamiði þarf stofnunin að taka til skoðunar hvort styðjast megi í auknum mæli við klínískar leiðbeiningar og læknisfræðilegar ábendingar þegar teknar eru ákvarðanir um samninga og greiðsluþátttöku. Brýnt er að stofnunin efli eftirlit með þeirri þjónustu sem keypt er og tryggi endurskoðun samninga ef tilefni er til.

Sjúkratryggingar Íslands tóku undir tillöguna í viðbrögðum sínum árið 2018. Tryggja þyrfti gæði og mæla árangur þjónustu sem stofnunin semdi um kaup á. Lykilatriði væri að þjónustan væri skilgreind út frá hagsmunum hins sjúkratryggða og að á þeim grunni væri innleiddur mælikvarði á gæði og fjárhagslegan árangur. Í þeim tilfellum sem samið hafi verið um nýja þjónustu hefðu Sjúkratryggingar horft til erlendra klínískra leiðbeininga þar sem innlendum leiðbeiningum væri ýmist ekki til að dreifa eða þær úreltar. Skilyrt greiðsluþátttaka sjúkratrygginga með vísan til klínískra leiðbeininga hefði skilað tugprósenta kostnaðarlækkunum (t.d. vegna lyfja og lýtaaðgerða) án þess að ógna heilbrigði sjúkratryggðra á nokkurn hátt. Með því að gera Sjúkratryggingum kleift að sinna þessu hlutverki á fleiri sviðum og tryggja hverju sinni heilbrigðisþjónustu við hæfi mætti án alls vafa tryggja frekari kostnaðarlækkanir og hagræðingu í íslenska heilbrigðiskerfinu.

Við eftirfylgni Ríkisendurskoðunar 2021 kom fram að Sjúkratryggingar hafa í vaxandi mæli vísað til klínískra leiðbeininga og annarra fræðilegra viðmiða í samningagerð sinni. Á sama hátt séu gerðar vaxandi kröfur um t.d. skil á tilteknum gæðavísum og árangursmælingum. Því miður séu þessari þróun takmörk sett vegna skorts á sérfræðingum á þessu sviði og ýmsum veikleikum í upplýsingatæknikerfum stofnunarinnar. Breytt skipulag stofnunarinnar hefur haft jákvæð áhrif á getu hennar til að sinna þessum verkefnum auk þess sem eftirlit með framkvæmd samninga hefur verið eflt. Að mati Sjúkratrygginga hefur innleiðing staðlaðra samningsskilmála og önnur formfesting samningavinnu skapað styrkari grundvöll fyrir eftirliti og endurskoðun samninga.

> **Hvað hefur gerst:** Sjúkratryggingar Íslands hafa í vaxandi mæli vísað til klínískra leiðbeininga í samningum sínum og gert kröfur um skil á tilteknum gæðavísum og árangursmælingum. Breytt skipulag stofnunarinnar hefur haft jákvæð áhrif á getu hennar til að sinna þessum verkefnum. Notkun staðlaðra samningsskilmála og aukin formfesting samningavinnu skapar styrkari grundvöll fyrir eftirlit með samningum og endurskoðun þeirra.

Fjórða tillaga Ríkisendurskoðunar til Sjúkratrygginga Íslands fjallaði um mikilvægi markvissra og hagkvæmra samninga um kaup á heilbrigðisþjónustu, þ.m.t. endurskoðun á ramma-samningsfyrirkomulagi við sérgreinalækna. Ríkisendurskoðun benti á að samningurinn fæli mögulega í sér fjárhagslega hvata til mikilla afkasta óháð gæðum og árangri auk þess sem óvíst væri að markviss kaup á heilbrigðisþjónustu væru yfir höfuð möguleg innan víðtækra rammasamninga af þessum toga.

Tillaga til úrbóta 2018: Mikilvægt er að Sjúkratryggingar Íslands tryggi markviss og þjóðhagslega hagkvæm kaup á heilbrigðisþjónustu með samningum sínum. Í því sambandi þarf að endurskoða rammasamningsfyrirkomulag vegna kaupa á þjónustu sérgreinalækna utan sjúkrahúsa. Ríkisendurskoðun hvetur stofnunina til að kanna hvort mögulegt sé að semja um þjónustu hverrar sérgreinar fyrir sig með ítarlegum kröfulýsingum sem taka mið af þörfum sjúkratryggðra, markmiðum laga og viðmiðum Embættis landlæknis.

Í viðbrögðum Sjúkratrygginga Íslands frá 2018 kom fram að rammasamningur stofnunarinnar um kaup á þjónustu sérgreinalækna utan sjúkrahúsa gilti til 31. desember 2018. Í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 510/2010 hæfu Sjúkratryggingar Íslands undirbúning nýs samnings á grundvelli stefnu heilbrigðisráðherra eða í samræmi við fyrirmæli hans. Undirbúningurinn hæfist með úttekt sem væri ítarleg greining á þeim þörfum sem fyrirhugað væri að fullnægja með samningnum og þeim kostum sem til greina kæmu við úrlausn þeirra svo og áætluðum kostnaði. Rammasamningurinn hefði tekið gildi í ársbyrjun 2014, en þá höfðu læknar verið án samnings frá apríl 2011 og meðalkostnaður sjúkratryggðra hækkað úr 32% í 42% á tímabilinu. Samningurinn byggði á sameiginlegri viljayfirlýsingu heilbrigðisráðherra og fulltrúa sjálfstætt starfandi sérgreinalækna þar sem gert var ráð fyrir fullri fjármögnun samningsins og vinnu við umbætur á samningstímanum. Þrátt fyrir gefin fyrirheit tókst ekki að fjármagna samninginn. Afleiðingin var að hvorki var hægt að ráðast í fyrirhugaðar umbætur né tryggja að útgjöld samkvæmt samningum væru í samræmi við fjárheimildir. Sjúkratryggingar hefðu frá gerð síðasta samnings við sjálfstætt starfandi sérgreinalækna stefnt að fjölgun fyrirtækjasamninga með það að markmiði að tryggja heildstæðari þjónustu byggða á ítarlegum kröfulýsingum og skýrum viðmiðum um þjónustuna sem sjúkratryggðum á að standa til boða. Stofnunin fagnaði í þessu samhengi hvatningu Ríkisendurskoðunar í þá veru að leitað verði eftir samningum við einstakar sérgreinar með sambærileg markmið að leiðarljósi.

Við eftirfylgni Ríkisendurskoðunar árið 2021 tóku Sjúkratryggingar Íslands enn heilshugar undir tillögu Ríkisendurskoðunar m.a. hvað varðar fyrra fyrirkomulag um rammasamninga. Árangurslausar tilraunir stofnunarinnar til að ná samningum við sérgreinalækna og sjúkraþjálfara hefðu staðið lengi yfir en um væri að ræða þjónustuveitendur sem hafi einkum verið samið við á grundvelli rammasamninga og að mikil fyrirstaða væri af þeirra hálfu gegn breyttu samningsformi. Sem dæmi hafi aðeins ein sjúkraþjálfunarstofa tekið þátt í útboði stofnunarinnar á þeirri þjónustu. Að mati Sjúkratrygginga Íslands hefði innkaupaferli hins opinbera verið hundsað af hálfu seljenda og í kjölfarið leitaði stofnunin álits Samkeppniseftirlitsins (nóvember 2019) um rétt þjónustuveitenda á markaði til að bindast samtökum af þessum toga. Svipað hafi verið uppi á teningnum hvað sérgreinalækna varðar en þar hafi veitendur þjónustunnar nær allir veitt Læknafélagi Reykjavíkur umboð til að semja við stofnunina um þessa þjónustu. Álit Samkeppniseftirlitsins liggur ekki fyrir (mars 2022).

Þá tóku Sjúkratryggingar Íslands einnig undir að æskilegt væri að byggja samninga, t.d. við sérgreinalækna, á ítarlegum kröfulýsingum. Til þess þarf aðkomu fjölbreytts hóps fagmanna (starfsmanna eða aðkeyptra ráðgjafa) sem stofnunin hefur því miður ekki svigrúm til að afla. Hins vegar hefur verið komið á reglulegu og góðu samráði við Embætti landlæknis, Landspítala, Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og fleiri lykilstofnanir heilbrigðiskerfisins. Mikill styrkur hafi

verið af þessu samráði og gæti það skapað grundvöll fyrir frekari faglegri styrkingu stofnunarinnar.

> **Hvað hefur gerst:** Ósamið er um heilbrigðisþjónustu sjálfstætt starfandi sérgreinalækna og sjúkraþjálfara. Sjúkratryggingar Íslands hafa leitast við að breyta samningum sínum í samræmi við athugasemdir Ríkisendurskoðunar, m.a. hvað snýr að kröfulýsingum og skilgreiningu gæðavísa sem unnið er að í samstarfi við lykilstofnanir innan heilbrigðiskerfisins. Beðið er álits Samkeppnis-eftirlitsins um rétt aðila á markaði að bindast samtökum við verðlagningu á þjónustu.

Fimmta og síðasta tillaga Ríkisendurskoðunar til Sjúkratrygginga Íslands fól í sér að stofnunin myndi vinna áfram að útfærslu og þróun samnings um framleiðslutengda fjármögnun klínískrar þjónustu Landspítalans. Samningurinn hefði ekki stutt nægilega við markmið um að hámarka skilvirkni og hagkvæmni spítalans:

> **Tillaga til úrbóta 2018:** Ríkisendurskoðun telur brýnt að Sjúkratryggingar Íslands þrói áfram samning stofnunarinnar við Landspítala um framleiðslutengda fjármögnun klínískrar þjónustu í góðu samstarfi við spítalann og velferðarráðuneyti. Til mikils er að vinna að samningurinn verði nýttur til að hámarka skilvirkni og hagvæmni spítalans sem einnar af meginstoðum íslensks heilbrigðiskerfis.

Árið 2018 tóku Sjúkratryggingar Íslands undir niðurstöðu og tillögu Ríkisendurskoðunar hvað sneri að samningi stofnunarinnar við Landspítala. Markmiðið með innleiðingu á framleiðslutengdri fjármögnun á Landspítalanum væri fyrst og fremst að auka gagnsæi fjármögnunar á sjúkrahúsþjónustu og aðskilja betur hlutverk greiðanda og veitanda þjónustunnar. Einnig að stuðla að bættri dreifingu og nýtingu fjármagns til heilbrigðismála, auka skilvirkni, sem og að auka eftirlit með þjónustu, kostnaði, gæðum og árangri. Með samningnum væri mikilvægt að greina og skilgreina rétta hvata til að tryggja góða og hagkvæma þjónustu og stuðla þannig að hámarksnýtingu fjármagns.

Þegar Ríkisendurskoðun fylgdi tillögunni eftir árið 2021 vísuðu Sjúkratryggingar Íslands til þess að nýr samningur um framleiðslutengda fjármögnun klínískrar starfsemi Landspítalans hefði verið undirritaður í september 2021 og tæki gildi frá og með 1. janúar 2022. Samningurinn felur bæði í sér hvata til að auka skilvirkni sjúkrahússins og hvata til að tryggja gæði þjónustunnar þar sem kveðið er á um greiðslur úr sérstökum umbunarsjóði sem greitt verður úr í samræmi við árangur sjúkrahússins. Sambærilegur samningur við Sjúkrahúsið á Akureyri tók gildi á sama tíma. Þó samningagerðin hafi gengið vel þá telja Sjúkratryggingar Íslands að innleiðing og eftirfylgni muni kalla á aukinn mannafla og nýjar upplýsingatæknilausnir.

> **Hvað hefur gerst:** Nýr samningur Sjúkratrygginga Íslands við Landspítala um framleiðslutengda fjármögnun hefur verið undirritaður.

Ríkisendurskoðun
Bríetartúni 7 – 105 Reykjavík
Sími 448-8800
postur@rikisendurskodun.is – www.rikisendurskodun.is

Sjúkratryggingar

Minnisblað

Efni: Brýn styrking rekstrargrunns Sjúkratrygginga Íslands frá og með árinu 2023

Dagsetning: 19. ágúst 2022

Höfundur: María Heimisdóttir, forstjóri SÍ

Til: Stjórnar SÍ

Sjúkratryggingar Íslands fengu 95 m.kr. viðbótarfjárveitingu tímabundið árið 2022. Mikilvægt er að þessar 95 m.kr. verði færðar í rekstrargrunn SÍ fyrir rekstrarárið 2023 og jafnframt að fjárhæðin verði hækkuð í 120 m.kr. (á verðlagi ársins 2022). Fyrir liggur að stofnunin hefur lengi verið vanbúin til að sinna þeim verkefnum sem henni eru ætluð skv. lögum og hafa verið skýrð og aukin á síðustu árum m.a. með innleiðingu Heilbrigðisstefnu. Sjá fylgiskjöl 1, 2 og 3.

Helstu rök fyrir þessu fara hér að neðan:

- Viðbótarfjárveitingunni árið 2022 var ætlað að gera SÍ kleift að innleiða samninga um framleiðslutengda fjármögnun (DRG), efla greiningargetu stofnunarinnar og styrkja eftirlit hennar með samningunum. Öll þessi verkefni eru í eðli sínu til langs tíma og því þarf fjárveiting til þeirra að falla inn í rekstrargrunn SÍ.
- Fyrir liggja samningar SÍ við Landspítala og Sjúkrahúsið á Akureyri um framleiðslutengda fjármögnun (DRG) og stendur innleiðing þeirra yfir. Fram undan eru sambærilegir samningar við allar aðrar heilbrigðisstofnanir á landinu, bæði samningagerð og síðan innleiðing samninganna, framkvæmd þeirra og eftirlit.
- DRG samningar velta yfir 100 milljörðum króna á ári hverju og skapa farveg til að áætla þróun þjónustuþarfar sjúkrahúsa og heilbrigðisstofnana til lengri tíma, hafa eftirlit með nýtingu fjármagns sem veitt er til þjónustunnar og hafa eftirlit með þjónustu sem fjármögnuð er á grundvelli samninganna og kostnaðargreina hana.
- Á árinu 2021 nam ársvelta greiðslna Sjúkratrygginga til notenda og veitenda heilbrigðisþjónustu um 128 milljörðum króna. Stærstur hluti þessarar veltu er á grundvelli samninga sem stofnunin hefur gert. Ofangreindir DRG samningar eru fyrir utan þessa veltu, þ.e.a.s. fjármagnið sem þeim tengist fer ekki í gegnum SÍ þó svo stofnunin beri ábyrgð á samningagerð, stórum hluta af framkvæmd samninganna og eftirliti með þeim.
- Allir þessir samningar (hvort sem fjármagnið fer beinlínis í gegnum SÍ eða ekki) kalla á víðtækar gagnagreiningar, kostnaðargreiningar og eftirlit. Eins og fram hefur komið í fjölmörgum skýrslum, könnunum, úttektum og álitsgerðum, sbr. meðfylgjandi yfirlit, hefur stofnunin ekki haft bolmagn til að sinna þessum verkefnum með fullnægjandi hætti.
- Til þess að ná tilætluðum árangri af DRG samningum og öðrum samningum þarf að byggja upp þekkingu og innviði innan SÍ til að sinna samningagerð, gagnagreiningu og eftirliti. Byggja þarf upp þekkingu á DRG kerfinu sjálfu, kostnaðargreiningu á grundvelli þess, svo og eftirlit með notkun þess.
- SÍ telja að með því að fjölga stöðugildum um 11 á árinu 2023 og til framtíðar væri tekið mikilvægt skref til að efla SÍ sem kaupanda og kostnaðargreinanda heilbrigðisþjónustu fyrir

Sjúkratryggingar
Vínlandsleið 16
113 Reykjavík
515 0000
sjukra@sjukra.is

hönd ríkisins, sbr. sáttmála um ríkisstjórnarsamstarf. Frekari uppbyggingar er þörf til lengri tíma sbr. m.a. minnisblað forstjóra SÍ til ráðuneytisstjóra í ársbyrjun 2019 (fylgiskjal).

- Hér á eftir fer yfirlit um með hvaða hætti áðurnefndar 120 m.kr. (á verðlagi ársins 2022) yrðu nýttar til að taka fyrsta skref til eflingar SÍ til framtíðar:

Verkefni		Stöðugildi	Laun og LTG (ár)	Skýringar
Samningamál		**6**	**70**	
	DRG	4	46	Samningsgerð, úttektir og - endurskoðun, samskipti við samningsaðila
	Aðrir samningar	1	12	Samningsgerð, úttektir og - endurskoðun, samskipti við samningsaðila
	Lagaleg umgjörð	1	12	Innleiðing og framkvæmd innkaupastefnu (þ.á.m álitsgerðar lagastofnunar HÍ).
Gagnagreining		**4**	**44**	
	DRG	1	11	Kostnaðargreining á þjónustu heilbr.stofnana (DRG)
	DRG	2	22	Tölfræðileg greining* á þjónustu heilbr.stofnana (DRG)
	Aðrir samningar	1	11	Kostnaðargreining á annarri þjónustu
Eftirlit		**2**	**23**	
		1	11	Almennt og sérhæft eftirlit með þjónustu heilbrigðisstofnana (DRG)
		1	12	Lögfræðileg atriði eftirlits, bréfaskrif, samskipti við aðra eftirlitsaðila og haghafa
Alls		**11**	**123**	

* *Töfræðileg greining s.s. gæðavísar og árangursmælingar, frávikagreining og spálíkön, úttektir*

Fylgiskjal 1. Bréf forstjóra til Ríkisendurskoðunar 31.12.2018: Ósk um stjórnsýsluúttekt.

Fylgiskjal 2. Minnisblað forstjóra til ráðuneytisstjóra heilbrigðisráðuneytis 25.01.2019: Nauðsynleg styrking rekstrargrundvallar Sjúkratrygginga Íslands.

Fylgiskjal 3. Yfirlit um helstu úttektir, stefnuskjöl og skýrslur er varða starfsemi SÍ.

Sjúkratryggingar
Vínlandsleið 16
113 Reykjavík
515 0000
sjukra@sjukra.is

Sjúkratryggingar

Fundargerð stjórnar Sjúkratrygginga

Dagsetning: 24. ágúst 2022, kl. 11-13

Fundur #: 224

Staðsetning: fjarfundur á TEAMS

Mætt voru: stjórnarmennirnir Vilborg Hauksdóttir, Bryndís Gunnlaugsdóttir, Guðmundur Magnússon, Gunnar Sær Ragnarsson og Jónína Guðmundsdóttir. María Heimisdóttir forstjóri Sjúkratrygginga sem skrifar fundargerð. Anna María Bjarnadóttir sviðsstjóri fjármálasviðs sat fundinn undir lið 3, Kristján Þorvaldsson sviðsstjóri upplýsingatæknisviðs sat fundinn undir liðum 4 og 5, Kristín Hrund Whitehead mannauðsstjóri sat fundinn undir lið 6.

Málefni fundar


1. Fundargerð síðasta fundar samþykkt án athugasemda. Verður undirrituð á næsta fundi.
2. Drög að dagskrá - samþykkt.
3. Rekstur og réttindaflokkar.
    a. Staða eftir jan.-júní 2022.
        I. Rekstrarstaða Sjúkratrygginga er jákvæð, enda hefur ráðningum verið frestað og hægt hefur á aðkeyptri þjónustu.
        II. Réttindaflokkar: Gerð er grein fyrir stöðu réttindaflokka. Rætt var um samanburð við fjárlög og áætlanir Sjúkratrygginga.
    b. Styrking rekstrargrunns Sjúkratrygginga.
    Formaður kynnti lauslega yfirlit um skýrslur og úttektir um Sjúkratryggingar sem m.a. sýna þörf á styrkingu stofnunarinnar ekki síst á sviði greininga, samninga og eftirlits. Forstjóri kynnti minnisblað þar sem gerð er grein fyrir brýnni þörf á að styrkja rekstrargrunn stofnunarinnar fyrir árið 2023 og til framtíðar.
    Bókun stjórnar:
    Stjórn SÍ tekur undir minnisblað forstjóra SÍ, dags. 19. ágúst 2022, um mikilvægi þess að styrkja rekstrargrunn SÍ um 120 m.kr. (á verðlagi ársins 2022). Stjórnin telur brýnt að efla stofnunina sem kaupanda og kostnaðargreindanda heilbrigðisþjónustu fyrir hönd ríkisins og er sammála áherslum forstjóra á að styrking um 120 m.kr. muni verulega efla getu stofnunarinnar til að sinna samningagerð, gagnagreiningum og eftirliti.
4. Upplýsingatæknimál.
    a. Nýr vefur Sjúkratrygginga:
    Síðastliðið ár hefur verið unnið að endurgerð á vef Sjúkratrygginga í góðu samstarfi við Stafrænt Ísland. Þeirri vinnu lauk formlega í júlí 2022. Löngu tímabært var að endurgera vefinn og lögð var áhersla á að bæta aðgengi og setja efni fram á skýran og auðskilinn hátt. Vefurinn hefur hlotið mjög góðar viðtökur og lýsir stjórn ánægju með þessa mikilvægu nýjung.
    b. Nýr hugbúnaður smíðaður innan SÍ (Heimdallur og Gangleri) :
    Sjúkratryggingar hafa lagt áherslu á að innvista upplýsingatækniverkefnum m.a. á grundvelli ábendinga eftirlitsaðila. Starfsmenn upplýsingatæknisviðs hafa nú smíðað

Sjúkratryggingar
Vínlandsleið 16
113 Reykjavík
515 0000
sjukra@sjukra.is

tvær nýjar lausnir sem bæta þjónustu við viðskiptavini, öryggi gagna og starfsumhverfi starfsmanna.
Heimdallur: Lausn skrifuð ofan á eldri hugbúnað eykur öryggi og gerir notkun þægilegri. Kynnt í lok júní 2022 á starfsmannafundi og innleitt þá.
Gangleri: Gangleri er hugbúnaður til að auðkenna með öruggum hætti viðskiptavini sem óska eftir upplýsingum í gegnum síma. Þannig er hægt að veita meiri og betri þjónustu símleiðis.

5. Persónuverndarmál.
    a. Úttekt Persónuverndar – forstjóri gerði grein fyrir framgangi og stöðu úttektar PV og næstu skrefum. Stjórn óskar eftir að fá reglulega kynningu á framgangi málsins.
6. Mannauðsmál.
    a. Niðurstaða Héraðsdóms og Umboðsmanns Alþingis varðandi skipulagsbreytingar innan Sjúkratrygginga. Forstjóri gerði grein fyrir nýlegu áliti Umboðsmanns Alþingis er varðar skipulagsbreytingar sem fram fóru um áramót 2020-2021. Álitið tengist m.a. nýlegum dómi Héraðsdóms í máli starfsmanns Sjúkratrygginga. Sagt er frá úrvinnslu álitsins innan SÍ og samráði við Ríkislögmann, Vinnumálastofnun og Kjara- og mannauðssýslu ríkisins (KMR).
    b. Launagreining: Mannauðsstjóri gerði grein fyrir launagreiningu. Stjórn óskar eftir að málið verði tekið á dagskrá næsta fundar.
7. Staða helstu samninga – frestað til næsta fundar.
8. Önnur mál.

Fundi slitið kl. 13:05.
Næsti fundur verður þann 8. sept. í húsakynnum Sjúkratrygginga.



Sjúkratryggingar
Vínlandsleið 16
113 Reykjavík
515 0000
sjukra@sjukra.is

Sjúkratryggingar

Minnisblað

Efni: Brýn styrking rekstrargrunns Sjúkratrygginga Íslands frá og með árinu 2023

Dagsetning: 19. ágúst 2022

Höfundur: María Heimisdóttir, forstjóri SÍ

Til: Stjórnar SÍ

Sjúkratryggingar Íslands fengu 95 m.kr. viðbótarfjárveitingu tímabundið árið 2022. Mikilvægt er að þessar 95 m.kr. verði færðar í rekstrargrunn SÍ fyrir rekstrarárið 2023 og jafnframt að fjárhæðin verði hækkuð í 120 m.kr. (á verðlagi ársins 2022). Fyrir liggur að stofnunin hefur lengi verið vanbúin til að sinna þeim verkefnum sem henni eru ætluð skv. lögum og hafa verið skýrð og aukin á síðustu árum m.a. með innleiðingu Heilbrigðisstefnu. Sjá fylgiskjöl 1, 2 og 3.

Helstu rök fyrir þessu fara hér að neðan:

- Viðbótarfjárveitingunni árið 2022 var ætlað að gera SÍ kleift að innleiða samninga um framleiðslutengda fjármögnun (DRG), efla greiningargetu stofnunarinnar og styrkja eftirlit hennar með samningunum. Öll þessi verkefni eru í eðli sínu til langs tíma og því þarf fjárveiting til þeirra að falla inn í rekstrargrunn SÍ.
- Fyrir liggja samningar SÍ við Landspítala og Sjúkrahúsið á Akureyri um framleiðslutengda fjármögnun (DRG) og stendur innleiðing þeirra yfir. Fram undan eru sambærilegir samningar við allar aðrar heilbrigðisstofnanir á landinu, bæði samningagerð og síðan innleiðing samninganna, framkvæmd þeirra og eftirlit.
- DRG samningar velta yfir 100 milljörðum króna á ári hverju og skapa farveg til að áætla þróun þjónustuþarfar sjúkrahúsa og heilbrigðisstofnana til lengri tíma, hafa eftirlit með nýtingu fjármagns sem veitt er til þjónustunnar og hafa eftirlit með þjónustu sem fjármögnuð er á grundvelli samninganna og kostnaðargreina hana.
- Á árinu 2021 nam ársvelta greiðslna Sjúkratrygginga til notenda og veitenda heilbrigðisþjónustu um 128 milljörðum króna. Stærstur hluti þessarar veltu er á grundvelli samninga sem stofnunin hefur gert. Ofangreindir DRG samningar eru fyrir utan þessa veltu, þ.e.a.s. fjármagnið sem þeim tengist fer ekki í gegnum SÍ þó svo stofnunin beri ábyrgð á samningagerð, stórum hluta af framkvæmd samninganna og eftirliti með þeim.
- Allir þessir samningar (hvort sem fjármagnið fer beinlínis í gegnum SÍ eða ekki) kalla á víðtækar gagnagreiningar, kostnaðargreiningar og eftirlit. Eins og fram hefur komið í fjölmörgum skýrslum, könnunum, úttektum og álitsgerðum, sbr. meðfylgjandi yfirlit, hefur stofnunin ekki haft bolmagn til að sinna þessum verkefnum með fullnægjandi hætti.
- Til þess að ná tilætluðum árangri af DRG samningum og öðrum samningum þarf að byggja upp þekkingu og innviði innan SÍ til að sinna samningagerð, gagnagreiningu og eftirliti. Byggja þarf upp þekkingu á DRG kerfinu sjálfu, kostnaðargreiningu á grundvelli þess, svo og eftirlit með notkun þess.
- SÍ telja að með því að fjölga stöðugildum um 11 á árinu 2023 og til framtíðar væri tekið mikilvægt skref til að efla SÍ sem kaupanda og kostnaðargreinanda heilbrigðisþjónustu fyrir

Sjúkratryggingar
Vínlandsleið 16
113 Reykjavík
515 0000
sjukra@sjukra.is

hönd ríkisins, sbr. sáttmála um ríkisstjórnarsamstarf. Frekari uppbyggingar er þörf til lengri tíma sbr. m.a. minnisblað forstjóra SÍ til ráðuneytisstjóra í ársbyrjun 2019 (fylgiskjal).

- Hér á eftir fer yfirlit um með hvaða hætti áðurnefndar 120 m.kr. (á verðlagi ársins 2022) yrðu nýttar til að taka fyrsta skref til eflingar SÍ til framtíðar:

Verkefni	Stöðugildi	Laun og LTG (ár)	Skýringar
Samningamál	**6**	**70**	
DRG	4	46	Samningsgerð, úttektir og - endurskoðun, samskipti við samningsaðila
Aðrir samningar	1	12	Samningsgerð, úttektir og - endurskoðun, samskipti við samningsaðila
Lagaleg umgjörð	1	12	Innleiðing og framkvæmd innkaupastefnu (þ.á.m álitsgerðar lagastofnunar HÍ).
Gagnagreining	**4**	**44**	
DRG	1	11	Kostnaðargreining á þjónustu heilbr.stofnana (DRG)
DRG	2	22	Tölfræðileg greining* á þjónustu heilbr.stofnana (DRG)
Aðrir samningar	1	11	Kostnaðargreining á annarri þjónustu
Eftirlit	**2**	**23**	
	1	11	Almennt og sérhæft eftirlit með þjónustu heilbrigðisstofnana (DRG)
	1	12	Lögfræðileg atriði eftirlits, bréfaskrif, samskipti við aðra eftirlitsaðila og haghafa
Alls	**11**	**123**	

* *Tölfræðileg greining s.s. gæðavísar og árangursmælingar, frávikagreining og spálíkön, úttektir*

Fylgiskjal 1. Bréf forstjóra til Ríkisendurskoðunar 31.12.2018: Ósk um stjórnsýsluúttekt.

Fylgiskjal 2. Minnisblað forstjóra til ráðuneytisstjóra heilbrigðisráðuneytis 25.01.2019: Nauðsynleg styrking rekstrargrundvallar Sjúkratrygginga Íslands.

Fylgiskjal 3. Yfirlit um helstu úttektir, stefnuskjöl og skýrslur er varða starfsemi SÍ.

Sjúkratryggingar
Vínlandsleið 16
113 Reykjavík
515 0000
sjukra@sjukra.is

Fenrir Tréiðn 5708160390

Skaftfell Seyðisfyrð

Tilboð miðast við vinnu á Friðuðu húsi á Seyðisfirði að nafni Skaftfell. Vinna á stafni húsins sem snýr að götu og útskoti sem snýr inn fjörðin . Rífa núverandi klæðningu , viðgerð á stafni, glugga skipti og uppsetning á nýrri klæðningu , verk skal unnið með áherslu á vönduð vinnu brögð og mið tekið af því að húsið er friðað og stafn er andlit húsins

Tilboð með vask 15.500.000

3.100.000 eftir hvern áfanga

- Þar sem ekki er vitað um ástand undirlags, er áætlað töluvert viðhald þar sem stafn hús snýr að sjó og er áveðurs og reiknast tilboð miðan við töluverðan kostnað í viðhaldi , ef viðhald færist yfir í burðarvirki (grind) skal það vera metið og unnið í tímavinnu 8600 kr tíminn sem aukaverk.
- Skal verkið vera unnið í samræmi við reglur og leiðbeiningar friðunar nefndar, allir listar og skraut fjarlægðir gætilega til að nota aftur, og skulu skrautlistar pússaðir og endurmálaðir og , og gerðir nýjir í stað þeirra sem eru of fúnir eða skemmast og er sú vinna inní tilboði.
- Hugsanlega þarf að sýruþvo klæðningu til að mála hanan í sambærilegum lit, eða velja litað járn málun á klæðningu er ekki innfalin í tilboði né þvottur
- Tilboði er skipti í 5 áfanga og skal borgað í lok hvers áfanga
- Ef áætlað viðhald reynist minniháttar skal gefin afsláttur upp að 15 %
- Hádegismatur skaffaður af skftfell bistro

Fenrir Tréiðn 5708160390

1 áfangi

Uppsetning á vinnupöllum og vinnuaðstöðu. rífa klæðningu og skrautlista

2 áfangi

Ýtarleg skoðun á undirlagi og burðarvirki og viðhald metið og framkvæmt útfrá því, og skal viðhald miðast við friðað hús og gert á viðeigandi hátt

Áfangi 3

Glugga ísetning og frágangur í kringum glugga miðan við reglur friðunarnefndar

Áfangi 4

Leiðarar og vatnsbretti buinn til og klæðning sett upp

Áfangi 5

Skrautlistar í kringum glugga og loka frágangur

Efni og gluggar og hugsanleg málun á klæðningu eru ekki inn í verðtilboði

Gróf efnis áætlun án efnis í viðhald 3.5 milljónir og gluggar aukalega



26. september 2022

Fjárlaganefnd Alþingis
Alþingshúsinu
v. Kirkjustræti
101 Reykjavík

Með þessu bréfi sækja Skógarmenn KFUM, sem starfrækja Æskulýðsmiðstöðina í Vatnaskógi, **um styrk að upphæð 145.000.000.-** vegna uppbyggingar á nýjum Matskála í Vatnaskógi.



- KFUM og KFUK hefur starfrækt æskulýðsmiðstöð í Vatnaskógi frá 1923.
- Starfið á 100 ára afmæli árið 2023.
- Í Vatnaskógi eru starfræktar sumarbúðir, fermingarbúðir og skólabúðir og einnig fjölbreytt fjölskyldustarf allan ársins hring.
- Á staðnum eru sjö hús, það elsta frá 1943 og það yngsta vígt 2018.
  Þau eru öll byggð fyrir gjafafé, opinbera styrki og með vinnuframlagi sjálfboðaliða.
- Starfið er mannrækt á kristnum grunni sem ræktar líkama, sál og anda með fræðslu, íþróttum og útivist við frábærar aðstæður í einstöku umhverfi.

Fyrir hönd Vatnaskógar þökkum við þann stuðning sem verkefnið hlaut fyrr á þessu ári. Framkvæmdir eru hafnar þrátt fyrir smá tafir á fyrri hluta ársins vegna skiplagsmála. Fyrir stuðning opinbera aðila og velunnara er nú hægt að halda framkvæmdum áfram. Æskilegt væri að drífa verkefnið áfram hratt og vel en framhaldið mun ráðast af áframhaldandi stuðningi.

Um starfsemi Vatnaskógar á þessu ári vísast að öðru leyti til meðfylgjandi greinargerða.

Fylgiskjöl

- Nýr Matskáli í Vatnaskógi, greinargerð um framkvæmdir og fjármögnun.
- Nýr Matskáli, uppfærð kostnaðaráætlun e. Svein Valdimarsson byggingarverkfr.
- Framkvæmdaáætlun
- Ársreikningar Skógarmanna fyrir árið 2021
- Starfsemi í Vatnskógi árið 2022

Virðingarfyllst,

Ársæll Aðalbergsson
framkvæmdastjóri Skógarmanna KFUM

Ólafur Sverrisson
formaður stjórnar Skógarmanna KFUM

FSRE

MINNISBLAÐ

Dagsetning: 18. febrúar 2022

Málefni: **Alþingi nýbygging – stækkun 5. hæðar**

Í upphaflegri vinningstillögu arkitekta var gert ráð fyrir fundarherbergjum á 5. hæð austan megin við matsal. Fundarsalir þessir hafa góða tengingu við matsal og úr þeim er glæsilegt útsýni til suðurs yfir Ráðhús Reykjavíkurborgar. Þá er útgengt úr þeim út á þaksvalir. Til að halda fjárveitingar til verksins var ákveðið á hönnunarstigi að skera niður þessi fundarherbergi og síðan var tilboðið sjálft boðið út með tveimur valkostum þ.e. með og án eldhúss og matsalar á 5. hæð. Þannig áskildi verkkaupi sér rétt til að taka tilboði með og án 5. hæðar ef tilboð reyndust hagstæð. Það gekk eftir og var tilboði ÞG verktaka tekið með byggingu eldhúss og matsalar á 5. hæð.

Sá hluti sem eftir er óbyggður á 5. hæð þ.e. fundarherbergin eru alls 158 brúttófermetrar. Inni í verksamningi við ÞG verktaka, sem vinnur að uppsteypu og fullnaðarfrágangi hússins, er innifalinn bráðabrigðafrágangur á þaki 4. hæðar þar sem gert er ráð fyrir að hin óbyggðu fundarherbergi komi. Húsið er steypt upp miðað við að hægt verði að byggja fundarherbergin síðar en að sjálfsögðu er hagstæðast að gera það strax og spara þannig þann fórnarkostnað sem fellst í bráðabrigðafrágangi á þaki 4. hæðar. Steinklæðning kemur á austurhlið sem yrði þannig í framhaldi af öðrum steinklæðningum, að öðru leyti yrðu úthliðar fundarherbergjanna að mestu leyti stórir gluggar og hurðir út á þaksvalir. Mun dýrara yrði að koma fyrir lyftitækjum og öðrum búnaði síðar auk þeirra óþæginda sem framkvæmdir myndu óhjákvæmilega valda á starfsemi í skrifstofubyggingunni.

Verkefnisstjóri hefur tekið saman kostnað, í samráði við hönnuði, við að byggja þennan óklárða hluta og fer samantekt hennar hér fyrir neðan.

Kostnaðaráætlun

Alþingi, nýbygging - stækkun 5. hæðar

		Kostnaðaráætlun framkvæmdaliða verðlagi í ág 2020	Heildarkostnaðaráætlun með öllum liðum verðlagi í jan 2022
1	AÐSTAÐA	650.000	705.000
2	BURÐARVIRKI	19.661.000	21.334.000
3	LAGNIR - stækkun 5 hæðar (kostnáætlun hönnuða)	7.500.000	8.459.000
4	RAFKERFI - stækkun 5. hæðar (kostnáætlun hönnuða)	5.000.000	5.640.000
5	FRÁGANGUR INNANHÚSS	34.446.000	37.379.000
7	FRÁGANGUR UTANHÚSS	30.478.000	33.073.000
8	FRÁGANGUR LÓÐAR	0	0
9	Hönnun og ráðgjöf		10.000.000
10	Umsjón og eftirlit		3.000.000
11	Verðbætur og ófyrirséð (15%)	14.660.000	17.938.000
	Samtals áætlaður kostnaður við stækkun 5. hæðar	**112.395.000**	**137.528.000**

Kostnaðaráætlunin byggir á samþykktum tilboðum ÞG verktaka og SHelgasonar, kostnaðaráætlun hönnuða og áætlun verkefnisstjóra í Hönnun og ráðgjöf, umsjón og eftirlit, verðbætur og ófyrirséð.

Áætlaður heildarkostnaður til að fullklára 5. hæð er áætlaður tæplega 138 m.kr. Vel mögulegt er að skipta framkvæmdunum og fullganga frá hæðinni að utan en bíða með frágang innanhúss þar til síðar. Áætlaður kostnaður við innanhúsfrágang sem hægt yrði að gera síðar er um 45 m.kr. Þó er nauðsynlegt að klára alla vinnslu á steinflísum þó

gengið yrði frá þeim hluta síðar sem er innanhúss. Ekki er reiknað með að verkið lengist neitt að ráði við að bæta þessu við verk núverandi verktaka. Verktaki er með alla aðstöðu og krana á svæðinu og vinnubrögð hans og verkstýring hefur verið til sóma.

Sé ákvörðun tekin um að ráðast í þessar viðbætur þá þarf að gera það mjög fljótt þar sem smíði glugga og annara stálhluta í þaki er hafin og möguleikar til að bæta því inn í framleiðsluferli þeirra hluta fara dvínandi ef ákvarðanir dragast. Slíkt myndi eflaust hafa í för með sér aukinn kostnað auk tíma.

Virðingarfyllst

Ármann Óskar Sigurðsson

Verkefnisstjóri

Dreifing: Auður Elva Jónsdóttir fjármála- og rekstrarstjóri Alþingis

15.september 2022

Forsvarsfólk Sköpunarmiðstöðvarinnar á Stöðvarfirði, Una Sigurðardóttir og Vincent Wood, óska eftir fjárstuðning fyrir hönd miðstöðvarinnar að upphæð 10.500.000 kr,- og skal framlagið renna til fjármögnunar á stöðugildi forstöðumanns yfir 12 mánaða tímabil ársins 2023. Forsvarsfólk Sköpunarmiðstöðvarinnar biðlar til fjárlaganefndar að erindi þetta verði lagt til fjárlaga eða aukafjárlaga ríkisins 2023.

Sköpunarmiðstöðin á Stöðvarfirði var stofnuð 2011 og fagnaði því 10 ára starfsafmæli síðastliðið sumar. Sköpunarmiðstöðin er samvinnufélag og er til húsa í fyrrum frystihúsi staðarins. Byggingin er eign samvinnufélagsins og hefur hún þarfnast mikils viðhalds og framkvæmda frá upphafi, þar sem hún var í mjög slæmu ásigkomulagi þegar tekið var við henni. Eins hefur mikil vinna verið lögð í að koma upp faglegri aðstöðu og verkstæðum til grundvallar starfseminar, og má þar helst nefna hljóðverið Stúdíó Síló. Kynningarbæklingur fylgir þessu erindi og má þar sjá í myndum starfsemi og aðstöðu miðstöðvarinnar.

Markmið og tilgangur með starfsemi Sköpunarmiðstöðvarinnar er að stuðla að byggðaþróun á Stöðvarfirði og fjórðungnum í heild sinni og er lykilaðili slíkar þróunar á suðursvæði Fjarðabyggðar. Lögð er áhersla á að starfsemin auki lífsgæði íbúanna og hækki þjónustustig svæðisins með því að efla aðgengi íbúanna að menningu, listmenntun og vettvangi til atvinnu- og nýsköpunar. Starfsemin miðar að því að:

- Börn og ungmenni á Austurlandi hafi aðgang að fjölbreyttri listmenntun í heimabyggð.
- Íbúar Austurlands hafi aðgengi að fjölbreyttum og vönduðum tónlistar- og listviðburðum í heimabyggð.
- Vera alþjóðlegs lista- og tónlistarfólks á svæðinu sé tryggð, að fjölþjóðlegir menningarstaumar leiki um fjórðunginn og íbúum svæðisins gefist kostur á að mynda tengsl við lista- og tónlistarfólk hvaðan æva að.
- Íbúar Austurlands hafi aðgengi að faglegri þjónustu og aðstöðu fyrir hverskyns sköpun og iðkun á sviði lista og hönnunar í heimabyggð.
- Byggja upp vettvang með sérstaka áherslu á atvinnuþróun á sviði skapandi greina, þjónustu og smáiðnaði þeim tengdum, sem og atvinnusköpun sem hlýst af hverskyns nýtingu og úrvinnslu á hráefnum og auðlindum Austurlands.
- Að styrkja og þróa sjálfsmynd svæðisins sem menningar- og nýsköpunarsamfélag.

Af þessu má sjá að starfsemi Sköpunarmiðstöðvarinnar fellur vel að markmiðum og áherslum þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2018–2024.

Tekjur sem skapast af starfsemi Sköpunarmiðstöðvarinnar eru ekki nægar til þess að unnt sé að ráða forstöðumann. Tekjurnar duga til að annast allan annan rekstarkostnað miðstöðvarinnar, auk hluta kostnaðar vegna framkvæmda og viðhalds á byggingunni. Uppbygging, rekstur, starfsemi og tekjuöflun miðstöðvarinnar er í afar brothættri stöðu ef undirstaða hennar byggir á sjálfboðavinnu forsvarsfólks hennar, en það er það fyrirkomulag sem verði hefur meira og minna frá upphafi verkefnisins. Þurfi þeir einstaklingar sem standa undir miðstöðinni frá að hverfa til lengri eða skemmri tíma, t.d. vegna veikinda, fæðingarorlofs eða annarra ástæðna, er rekstur miðstöðvarinnar í miklum vanda. Sköpunarmiðstöðinni hlotnaðist 10.5 m.kr. á fjárlögum ársins 2022 til að fjármagna stöðugildi forstöðumanns. Launstyrkurinn hefur gert forstöðufólki Sköpunarmiðstöðvarinnar kleift að halda rekstri og starfsemi miðstöðvarinnar gangandi, en án hans væri rekstur miðstöðvarinnar í vanda. Um grundvallar viðsnúning á stöðu mála er að ræða og er forsvarsfólk miðstöðvarinnar afar þakklát fyrir stuðninginn.

Mikil verðmæti eru fólgin í frumkvöðlum líkt og Unu og Vincent, einstaklingum sem búa yfir getu, vilja og þekkingu til að byggja upp og reka verkefni líkt og Sköpunarmiðstöðina. Með því að veita áframhaldandi fjárstuðning til miðstöðvarinnar fyrir stöðugildi forstöðumanns er tryggður grundvöllur fyrir áframhaldandi starfi þeirra og þar með þróun og uppbyggingu á starfsemi Sköpunarmiðstöðvarinnar. Í því eru fólgin mikil samfélgsleg verðmæti. Því má vera ljóst að brýnt er breyta þeirri stöðu sem starfsemi miðstöðvarinnar er í til frambúðar með langtímaráðstöfunum. Þar til unnt er að finna þann framtíðar farveg biðjum við að bilið verði brúað og að stöðugildi forstöðumanns verði fjármagnað fyrir árið 2023 með framlagi úr fjárlögum ríkisins.

Með vinsemd og virðingu

Una Sigurðardóttir og Vincent Wood

Forsvarsfólk Sköpunarmiðstöðvarinnar á Stöðvarfirði

Kópavogur 6. 10. 2022

Umsögn um frumvarp til fjárlaga 2023.

Umsögn þessi varðar þann lið er snýr að fyrirhugaðri hækkun áfengisgjalds í fríhöfn úr 10% í 25% af innlendu áfengisgjaldi.

Áhyggjurnar eru tvíþættar og snúa að rekstrartekjum fríhafnarinnar og innlendra fyrirtækja og smáframleiðenda sem eiga mikið undir innlendu fríhafnarsölunni.
Velt er upp þeirri spurningu hvort skoðað hafi verið nægjanlega vel hvaða þýðingu þessi hækkun hefur á kauphegðun fólks og þal þróun tekna fríhafnar og hennar byrgja.

Augljóst er að samkeppnisstaða Fríhafnarinnar mun versna, samanborið við erlendar fríhafnir. Gera má ráð fyrir að fríhafnarverslun muni færast að nokkru, eða talsverðu leiti til þeirra erlendu fríhafna sem búa við lægri skattlagningu. Sú tapaða sala eru tekjur sem ríkissjóður mun verða af. Sú tapaða sala minkar afkomu fríhafnarinnar, sem minkar tekjur ISAVIA.

Í dag er nokkur fjöldi smærri innlendra áfengisframleiðenda sem byggja sínar tekjur að nokkru eða miklu leiti á fríhafnarsölu í KEF. Þessir smærri aðilar verða illa fyrir barðinu á hækkuninni, því þeirra vörumerki eru ekki seld erlendis, þar sem tollverslun mun eiga sér stað í auknum mæli.

Innlendir áfengisframleiðendur hafa, undanfarin ár, byggt upp af hugsjón íslenskt orðspor í þessum geira. Þá í harðri samkeppni við erlend stórmerki. Markaðir erlendis eru hægt og rólega að opnast, enn er þó mikið og kostnaðarsamt verk fyrir höndum að byggja upp orðspor Íslands er varðar útfluttning áfengis. Lítið hefur farið fyrir styrkjum frá ríki og stofnunum til þessa. Þótt framtíðar-tekjumöguleikar séu talsverðir fyrir þjóðarbú okkar.
Hækkun áfengisgjalds í fríhöfn mun því óhjákvæmilega minnka tekjur þessa aðila og getur í versta falli þýtt endalok sumra þessara smáframleiðenda.

Sorglegt er svo að hugsa til þess að áfengisneysla mun væntanlega ekki minnka, þarsem aðgengið er enn mikið og verslun færist í erlendar fríhafnir.

Það má því leiða að því líkum að það sé hagur bæði ríkis og smáframleiðenda að halda áfengisgjaldi í fríhöfn óbreyttu og tryggja þannig rekstrargrundvöll fyrir bæði Fríhöfn og innlenda smáframleiðendur.

Virðingarfyllst.

Snorri Jónsson
64°Reykjavik Distillery ehf.

16.11.2022

Forsvarsmenn Sorgarmiðstöð sækja hér með um rekstrarfé til fjárlaganefndar Alþingis fyrir árið 2023 til reksturs félagsins. Við sækjum hér með um 40.000.000 kr. á ár í rekstrarfé til næstu þriggja ára.

Sorgarmiðstöðin var stofnuð árið 2018, hóf formlega starfsemi í september 2019. Sorgarmiðstöðin eru regnhlífasamtök fjögurra annarra félaga sem starfað hafa á sviði sorgarúrvinnslu. Þrátt fyrir ungan starfsaldur Sorgarmiðstöðvar þá standa að henni einstaklingar og félög sem styðja fólk í sorg, með yfir 30 ára starfsreynslu. Má þá meðal annars nefna Nýja Dögun, en það félag hefur starfað á sviði sorgar og sorgarúrvinnslu síðan það var stofnað árið 1987. Starfsemi Sorgarmiðstöðvar byggir á þessari reynslu.

Sorgarmiðstöð er samfélagslegt nýsköpunarúrræði (e. Social Innovation Project) þar sem virkjuð er samfélagsleg meðvitund um mikilvægi sorgarúrvinnslu fyrir heilsu og vellíðan hverrar manneskju. Markmiðið er að samræma úrræði fyrir syrgjendur, efla samfélagsumræðu um dauðann og sorgina, stuðla að skilvirkari upplýsingagjöf og ráðgjöf til þeirra sem misst hafa ástvini, vera vettvangur þar sem syrgjandi getur leitað stuðnings og að gæta hagsmuna þeirra sem syrgja. Hluti starfs Sorgarmiðstöðvar felst í því að grípa inn í þegar sá sem syrgir telur sig einan á báti í harmi sínum og reynir að fara áfram á hnefanum. Starfið er ekki „meðferðarúrræði“ heldur byggir það á mannlegum samskiptum sem eru aðal- og lykilatriði í því að mæta fólki í sorg. Sorg er ekki sjúkdómur. Hins vegar getur orðið margþættur og jafnvel varanlegur heilsubrestur vegna sorgar, fái einstaklingur í þeirri stöðu ekki stuðning með fræðslu og/eða beinni aðhlynningu. Ómeðhöndluð sorg getur verið tærandi og valdið skerðingu á lífsgæðum og heilsu til frambúðar. Þekking okkar á áhrifum áfalla er sífellt að aukast og um leið þarf úrvinnsla sorgar að fá aukið vægi sem mikilvægt lýðheilsumál, án þess að verið sé að sjúkdómsvæða líðan fólks í sorg.

Þjónusta Sorgarmiðstöðvar er valkostur við þjónustu trú- og lífsskoðunarfélaga á sviði sorgarúrvinnslu, þar sem samvinna fagaðila um viðeigandi úrræði getur skipt sköpum. Það hefur lengi vantað miðstöð eins og þessa á Íslandi, miðstöð sem hlúir að syrgjendum og aðstandendum en er einnig í samstarfi við önnur sorgarfélög, heilbrigðiskerfið, lögreglu, sjúkra og slökkvilið sem og aðra sem koma að andláti og ástvinamissi. Markmiðið okkar er að geta veitt syrgjendum von, með því veita þeim von þá verðum við að geta tekið á móti öllum og hlúð að þeim. Við erum ávallt fagleg í öllu okkar starfi, hópastörfin byggja á Amerísku, þaulreyndu módeli. Einnig ber að nefna að á starfsárinu 2020-2022 var gerð rannsókn í samstarf við Háskóla Íslands/dr. Ástu Bjarneyju Pétursdóttur og Hrund Scheving Thorsteinsson sem kannar gagnsemi þátttöku í stuðninghópastarfi. Rannsóknin heitir: Ávinningur af þátttöku í stuðningshópum tengt viðbrögðum við missi og andlegri líðan syrgjenda. Rannsókn þessi og niðurstöður hennar eru mikil gullnáma fyrir áframhaldandi faglegt starf í stuðningshópastarfinu okkar. Starfsmenn Sorgarmiðstöðvar hafa nú unnið hörðum höndum að nýta niðurstöður og áframhaldandi lærdóm af því efni sem ávannst við þessa rannsókn.

Með hækkandi lífaldri þjóðarinnar mun eftirspurn eftir líknandi- og lífslokameðferð aukast. Nú þegar hefur Sorgarmiðstöð brugðist við ósk líknardeildar Landspítala um fræðslu fyrir þau sem hafa „nýlega misst“. Fræðslan er ókeypis og í boði á 3-5 vikna fresti í Sorgarmiðstöð. Sorgarmiðstöðin er í samstarfi við fleiri stofnanir og félög, má þar nefna Ráðgjafþjónustu Krabbameinsfélagsins, Píeta, Birtu, Kvennadeild Landspítalans, Ljósið, Samhygð á Akureyri, Góðvild, lögreglu og Sálgæsluteymi spítalans.

16.11.2022

Sorgarmiðstöð kemur að öllum þeim helstu og mikilvægustu verkefnum samfélagsins sem snúa að sorg og ástvinamissi. Meðal þeirra verkefna er vinna við að bæta stuðning við erlenda syrgjendur, m.a. með því að þýða heimasíðuna okkar, vera með erindið nýlega misst á ensku og bæklinga á nokkrum tungumálum. Bæta stuðning við einstaklinga sem búa á landsbyggðinni og íslendinga sem búa erlendis. Við erum að vinna lokadrög að bæklingi fyrir lögreglu, slökkvilið og sjúkraflutningamenn sem eru fyrstir á vettvang. Þessi bæklingur er mikilvægur í flórunni fyrir þá sem eru fyrstir á vettvang til þess að geta skilið eftir upplýsingar fyrir aðstandendur á þessum erfiðu tímum. Okkar al-stærsta verkefni er í vinnslu, Hjálp48. Við bindum miklar vonir að innleiðing geti hafist af fullum krafti í loka þessa árs og að verkefni fái að líta dagsinsljós á haust mánuðum ársins 2023.

Á þessum árum sem Sorgarmiðstöðin hefur starfað höfum við stutt yfir þúsund syrgjendur árlega. Þetta eru þá um sexþúsund einstaklingar á árunum 2019 - 2022 sem hafa fengið stuðning frá Sorgarmiðstöðinni á sínum erfiðasta tíma á lífsleiðinni. Við höfum veitt stuðning til einstaklinga eftir áföll, aðstoð sem hefur aukið líkurnar þeirra á góðum lífsgæðum þrátt fyrir áfallið og sáran missi. Á sama tíma erum við að styðja samfélagið og styrkja íbúa þess að læra lifa með sorginni.

Við leggjum mikið upp úr fagmennsku í öllum okkar verkefnum og þjónustu. Starfsfólk Sorgarmiðstöðvar fylgir eftir árangri verkefnisins og upplifun einstaklinganna. Allt okkar efni er mælanlegt, sem og árangur þjónustunnar. Við teljum að sú mikla ásókn sem hefur verið frá opnum Sorgarmiðstöðvar sé okkar helsta mælistika, því mikilvægt að starfseminn nái að stækka í takt við þarfir samfélagsins um stuðning.

Við höfum farið vel yfir það hér hvers vegna Sorgarmiðstöðinni er vel að þessum rekstrarstyrk komin og hvaða verkefni það eru sem við sinnum og teljast undir málefnasvið félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins. Ef skoðað er rekstraráætlun Sorgarmiðstöðvar til næstu tveggja ára þá vegur kostnaðurinn við laun og launatengdgjöld lang þyngst fyrir samtökin. Starfsemi Sorgarmiðstöðin á sviðið sorgar og sorgarúrvinnslu sem er mjög viðkvæmur starfsvettvangur, starfsvettvangur þar sem er mikilvægt að vera með stöðugleika og ekki mikla starfsmannaveltu. Að hjá samtökunum séu einstaklingar með reynslu og fagmenntun á þessu sviði. Við reynum hvað við getum að halda launakostnaði í lámarki en erum að sjálfsögðu að keppa við markaðinn sem getur boðið meiri stöðugleika og tryggari starfsvettvang. Starfsmenn okkar hafa hingað til gefið mikið af vinnu sinni, teljast má til að um 20-50% af vinnuframlagi þeirra mánaðarlega sé sjálfboðavinna.

Hægt er að skoða frekari útfærslu og uppsetningu á starfsemi okkar á kostnaðaráætlun rekstrar – og grunnþjónustu Sorgarmiðstöðvar árin 2023. Skjalið fylgir með þessari umsókn.

Með vinsemd og virðingi, fyrir hönd Sorgarmiðstöðina

Karólína Helga Símonardóttir

Formaður Sorgarmiðstöðvar

s. 8677972

formadur@sorgarmidstod.is

16.11.2022

Kostnaðaráætlun rekstur og grunnþjónustu Sorgarmiðstöðvar árið 2023

Fjöldi + gjald	REKSTRARKOSTNAÐUR ÁRIN 2023-2024	Kostnaður
12 mánuðir, 2.550.000 á mánuði samanlagt allra starsmanna	Laun og launatengdgjöld þriggja starfsmanna í fullu starfi. Viðmið frá launareiknivél VR	30.600.000 kr
12 mánuðir, 1.200.000 kr á mánuði samanlagt allra ráðgjafa	Ráðgjafaþjónusta - sérhæfð staða fagmenntaðra einstaklinga í hlutastarfi. Viðmið frá launareiknivél VR	14.400.000 kr
12 mánuðir 180.000	Húsaleiga - rekstrarkostnaður vegna húsaleigu*	2.160.000 kr
12 mánuðir, 55.000 á mán	Bókari og endurskoðandi	660.000 kr
12 mánuðir, 1.200.000 á mánuði	Verkefnastjórnun Hjálp48. Viðmið frá launareiknivél VR	15.600.000 kr
	Kostnaður vegna viðburða, eins og ráðstefnu og funda	450.000 kr
	Ýmis þjónustugjöld og annað, ófyrirséð**	4.000.000 kr
	Alls	**67.870.000 kr**

Fjöldi + gjald	ÁÆTL. GRUNNÞJÓNUSTA ÁRIN 2023-2024	Kostnaður
Áætlað 86 hópastörf næsta árs. Greitt 30.000 fyrir skiptir	Ýmis kostnaður vegna stuðningshópa. Foreldramissir, Barnsmissir, Missa ástvin í Sjálfsvígi, Námskeið fyrir börn, Námskeið fyrir foreldra sem styðja börn í sorg, systkinamissir, missir á meðgöngu, makamissir, Makamissir 50 ára og eldri, missir vegna fíknar, ömmur og afar, gömul og uppgerð, fráfall fyrrum maka og börn í sorg, önnur námskeið	7.740.000
18 x á ári, 100.000 þús hvert	Fræðsla fyrir fólk sem nýlega hefur misst . Einn leiðbeinandi í verktöku og einn starfsmaður. Haldið að jafnaði á 3-5 vikna fresti í tvö ár **	1.800.000
Áætluð 8 fræðsluerindi á ári	Fræðsluerindi/Námskeið - Sorg barna. 4x á ári námskeið fyrir foreldra/forráðamenn. 4x á ári opið fræðsluerindi fyrir alla. Einn leiðbeinandi í verktöku og einn starfsmaður	800.000
Áætlað 7 fræðsluerindi næsta ári, 70þús hvert	Fræðsluerindi – tengt mismunandi missi. Haldið að jafnaði á 5 vikna fresti í tvö ár	490.000
ótímabundið, skv. verkefnaáætlun	Innleiðing á verkefninu Hjálp48	7.100.000
	Alls	**10.830.000 kr**

Alls kostnaður við rekstur verkefna og grunnþjónustu Sorgarmiðstöðvar í tvö ár	78.700.000 kr

ÁÆTLAÐAR TEKJUR ÁRIN 2023	
Aðrir styrkir, styrkir einstaklinga og fyrirtækja	15.000.000 kr
Verkefnastyrkir frá ríkinu***	20.000.000 kr
Sala á varningi, áætlun miðað við næstu 24 mánuði	1.000.000 kr
Alls	**36.000.000 kr**
Styrkir sem hafa verið sóttir um, áætlun frá okkur. En ekkert velyrði komið.	
Rekstarstyrkur frá félags-og vinnumarkaðsráðherra	50.000.000 kr
Verkefnastyrkur frá félags- og vinnumarkaðsráðherra	10.000.000 kr
Verkefnastyrkur frá félags- og vinnumarkaðsráðherra vegna Hjálp48 verkefnisins	6.000.000 kr
Verkefnastykur frá Heilbrigðisráðuneytinu vegna stuðnings við syrgjendur á landsbyggð	1.500.000 kr
Verkefnastykur frá Heilbrigðisráðuneytinu vegna stuðnings við erlenda syrgjendur	850.000 kr

* Hafnarfjarðarbær styrkir Sorgarmiðstöð um húsnæðið sem starsemin er í dag gegn því að Sorgarmiðstöð greiði allan rekstrarkostnað tengdu leigunni. Samningurinn er eingöngu gerður til eins árs í senn.

**Komið á fót að beiðni líknardeildar Landspítala. Ætlað syrgjendum á fyrstu mánuðum eftir dauða ástvinar þeirra. Er líka fyrir þau sem missa skyndilega og utan sjúkrahúsa, en þann hóp hefur skort stuðning hingað til.

*** Ýmis rekstrarkostnaður eins og búnaður, leiga á búnaði, aðgangur að interneti, þjónustugjöld, auglýsingar, rekstur á heimasíðu, prentun og fl.

Íslenskir staðlar

Fjárlaganefnd
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
Reykjavík

Reykjavík, 12.10.2022

Efni: Umsögn Staðlaráðs Íslands um frumvarp til fjárlaga 2023

Með umsögn þessari leggur Staðlaráð Íslands ríka áherslu á inngrip fjárlaganefndar til að forða yfirvofandi vanefndum íslenska ríksiins á EES samningnum og þannig forða því að hinn óháði vettvangur Staðlaráðs Íslands, sem íslenska ríkið hagnast verulega á og er grundvöllur samkeppnishæfni í íslensku atvinnulífi, verði eyðilagður.

Til ársins 2011 var í gildi samkomulag um að atvinnulífið greiddi fyrir staðlastarf með því að Staðlaráð fengi rekstrarfjármuni sem nema 0,007% hlutdeild í gjaldstofni tryggingagjalds. Frá árinu 2012 hefur ríkið árlega haldið eftir 29-47% af þeirri fjárhæð og uppsafnað tap ráðsins vegna einhliða ákvarðana ríkisins um riftun fyrra samkomulags nemur nú 420 milljónum. Í ár vantaði 51 milljón upp á 70 milljón króna tekjur af þjónustusamningnum til að ríkið stæði við fyrri skuldbindingar um fjármögnun. Engin ríkisstofnun eða aðili sem tryggir jafn mikilvæga samfélagslega grunninnviði og Staðlaráð Íslands hefur tekið á sig viðlíka niðurskurð í jafn langan tíma. Það hefur í för með sér óafturkræft og ómetanlegt tjón.

Staðlar eru ekkert grín. Þeir eru í fjölda tilvika inntak lagalegra krafna, skv. ákvörðun Alþingis og innihalda grjótharða grunninnviði sem tryggja gangverk mikilvægra kerfa, tryggja neytendavernd, tryggja öryggi fólks, vernda líf þess og heilsu, tryggja samvirkni ýmissa hluta, stafræna innviði, fjarskipti og stafræna þjónustu. Á grunni þeirra erum við Íslendingar hluti af stærri heild þar sem við lútum sömu þekktu og viðurkenndu viðmiðum og aðrar þjóðir. Viðfang staðla er allt frá virkni borðlampa og upp í öryggi öndunarvéla. Öryggi mannvirkja, lyfta, gastækja og ýmissa neytendavara er líka viðfang staðla sem og áhættustjórnun, gæðastjórnun, stjórnun upplýsingaöryggis og eignastjórnun. Jafnvel þó þeir kunni að vera framandi viðfangsefni fyrir einhverja, vildum við ekki vera án þeirra einn einasta dag því þannig væri lífið hættulegra, dýrara og flóknara. En á því kann að verða breyting innan tíðar hér á landi þar sem viðræður Staðlaráðs Íslands við viðskiptaráðuneytið, um eðlilega fjármögnun, hafa ekki skilað árangri. Í svarbréfi ráðuneytisins er hins vegar vísað til ábyrgðar Alþingis á fjárveitingum til Staðlaráðs. Þess vegna er fjárlaganefnd nú upplýst um ábyrgð sína á fjármögnun þeirra grunninnviða sem í stöðlun og starfsemi Staðlaráðs felast.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir tilgangi með rekstri Staðlaráðs, lögbundnum og samningsbundnum kröfum til ráðsins og farið verður yfir vanefndir ríkisins í níu stafliðum, kostnaðarmat lögbundinna verkefna sem ráðuneytið hefur hundsað svo árum skiptir, skorti á árangri ráðuneytisins við að leysa langvarandi vanda ráðsins og það hvernig ríkið hagnast á því að atvinnulífið kostar í reynd stóran hluta staðlagerðar. Hér verður einnig farið yfir það hvernig Staðlaráð hefur, þrátt fyrir allt, tekið á sig nýjar og kostnaðarsamar kröfur, bætt árangur og ánægju viðskiptavina, hvernig starfsmenn hafa lagt á sig ómælda vinnu án þess að njóta hennar í launum og að lengra verður ekki gengið í niðurskurði eða samdrætti án afleiðinga. Að óbreyttu verða viðskiptatækifæri íslenskra fyrirtækja eyðilögð, neytendavernd og kröfur um þolhönnun mannvirkja rústuð og möguleikum á sammæltum og samstilltum aðgerðum til að leysa flókin úrlausnarefni eins og stafræna þróun og loftslagsmál útrýmt.

Tilgangur með rekstri Staðlaráðs Íslands er;

- að uppfylla EES samninginn um staðfestingu, birtingu og notkun Evrópustaðla sem krafna, viðmiða og tæknilegra útfærslna í löggjöf sem innleidd er hérlendis til að tryggja öryggi, umhverfis- og neytendavernd m.a. með tilvísun til rúmlega 4.000 samhæfðra staðla í innleiddum vörutilskipunum ESB og til að íslenskar vörur eigi hindrunarlausan aðgang að samhæfðum innri markaði ESB
- að tryggja samkeppnishæfni Íslands og nota staðla sem hluta af viðskiptum skv. grundvallarreglum WTO
- að tryggja sértækar og tæknilegar kröfur íslenskra laga sbr. ríflega 200 tilvísanir til staðla og stöðlunarskjala í Byggingarreglugerð sem bæði vísa til evrópustaðla og sérístenskra sem skrifaðir hafa verið beinlínis fyrir íslenskar aðstæður, s.s. vegna jarðskjálfta-, vind- og snjóálags.
- að tryggja farveg fyrir sammælta sérfræðiþekkingu inn í kröfur laga og samfélagið
- að treysta kröfur laga með tilvísun til sérhæfðra krafna um virkni og gerð ýmissa hluta
- að bæta hlítni við lög og reglur því grunnkröfur laga eru gjarnan útfærðar með stöðlum
- að stuðla að betri árangri, m.a. á sviði umhverfismála, snjalllausna, netöryggis, samvirkni kerfa og stafrænnar þróunar því staðlar skapa sameiginlegan og sammæltan grundvöll að árangri
- að tryggja farveg fyrir nýsköpun því ný þjónusta og nýjar vörur byggja á kröfum staðla um grunnvirkni og gerð
- að veita stjórnvöldum ódýr, viðurkennd verkfæri til að styðja við áform og markmið því staðlar eru leið til að mæla árangur, segja til um kröfur og geta innihaldið útfærslu á áformum stjórnvalda
- að eiga farveg fyrir íslenska viðskiptahagsmuni inn á alþjóðamarkaði og til að eiga sæti við fjölþjóðleg borð þar sem ákvarðanir eru teknar um viðmið einstakra atvinnugreina vegna nýrra tækifæra
- að vera farvegur fyrir nýjar hugmyndir, nýjar vörur og ný viðskiptatækifæri sem uppfylla sammælt og þekkt viðmið um virkni og öryggi
- að vera óháður vettvangur stjórnvalda, almennings, einkafyrirtækja, hagsmunasamtaka og fræða- og rannsóknasamfélagsins að sammælast um lausnir við áskorunum

Aðild að Staðlaráði eiga nú tæplega 100 fyrirtæki, ríkisstofnanir og hagsmunasamtök. Þeirra á meðal eru Samtök atvinnulífsins, Samtök iðnaðarins, Verkfræðingafélag Íslands, ýmis ráðuneyti, Neytendasamtökin, Verkís, Össur, Marel, Faggildingarsvið hugverkastofu, Landspítalinn, orkufyrirtæki, fjarskiptafyrirtæki, álframleiðendur, fyrirtæki sem starfa á sviði umhverfismála, fjármálastofnanir, Reykjavíkurborg og ýmsar ríkisstofnanir eins og HMS, Vinnueftirlitið, Skipulagsstofnun, Ríkiskaup, Framkvæmdasýsla Ríkisins, Vegagerðin o.fl.

Kröfur til Staðlaráðs Íslands er að finna í formlegu regluverki:

- Lögum um staðla og Staðlaráð Íslands nr. 36/2003.
- Reglugerð 798/2014 um evrópska stöðlun skv. EES samningi (innleiðing á (EU) 1025/2012)
- Samþykktum Staðlaráðs, staðfestum af ráðherra
- Þjónustusamningi við ANR (nú MVF)
- Aðildarkröfum CEN og CENELEC – Guide 20 og 22
- Aðildarkröfum ISO og IEC

Auk hins formlega regluverks ráðast kröfur til Staðlaráðs af:

- væntingum og þörfum hagaðila því staðlar eru ekki eyland og verða ekki til úr engu
- Kröfum hagaðila (bæði ríkis og einkaaðila) til reksturs fagstaðlaráða sem skrifa staðla um kröfur til mannvirkja, frágangs á rafmagni og kröfur til stafrænna innviða svo eitthvað sé nefnt
- Breytingum og þróun í staðlastarfi innanlands og erlendis vegna nýrra áskorana t.d. á sviði loftslagsmála, samfélagsöryggis, stafrænnar þróunar o.fl.

Staðlar eru órjúfanlegur hluti af grunninnviðum í landinu og hluti af innleiddu regluverki ESB

Stöðlun hefur verið starfrækt á Íslandi í áratugi. Stöðlun var upphaflega á verkefnasviði Iðnaðarmálastofnunar Íslands, þá Iðntæknistofnunar en Staðlaráð Íslands var stofnað 1993. Stöðlun hefur því verið hluti af grunninnviðum Íslands um áratuga skeið.

Lögbundin verkefni þjónustusamnings varða eingöngu skuldbindingar ríkisins við EES samninginn. Þau verkefni eru:

- Að staðfesta evrópska staðla sem íslenska
- Að eiga aðild að CEN,CENELEC, ISO og IEC með tilheyrandi kröfum um virka þátttöku og rekstur á vottuðu gæðastjórnunarkerfi
- Að halda Staðlaskrá og gera staðla aðgengilega
- Að hafa umsjón með staðlagerð á Íslandi
- Að vera fulltrúi Íslands á erlendum vettvangi á sviði stöðlunar
- Að greiða fyrir því að stöðlum verði beitt í íslenskri stjórnsýslu og hjá einkaaðilum
- Að stuðla að því að erlendir staðlar sem gagnast íslensku atvinnulífi verði staðfestir sem íslenskir staðlar
- Að starfrækja miðstöð stöðlunarstarfs hérlendis þar sem stofnunum, fyrirtækjum, einstaklingum og samtökum er veitt þjónusta
- Að stuðla að framgangi stöðlunar á Íslandi
- Að veita upplýsingar og þjónustu á sviðum sem tengjast stöðlum
- Að reka fagstaðlaráð

Í evrópsku regluverki sem tekið er upp hérlendis er öryggi, heilsu- og neytendavernd tryggð, rafræn auðkenning og traustþjónusta fyrir rafræn viðskipti, öryggi fjarskiptaneta, sagt til um kröfur til faggildingar, vottunar, skoðana og prófana. Vísa skal til staðla og tækniforskrifta í útboðsgögnum við opinber innkaup, með þeim er sagt til um viðmið og kröfur endurnýjanlegs eldsneytis og kröfur um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi sjómanna svo eitthvað sé nefnt. Staðlar eru því órjúfanlegur hluti af grunninnviðum ýmissa samfélagslega mikilvægra kerfa sem vísað er til í löggjöf. Án þeirra væru ekki fyrir hendi traustar reglur um frágang rafmagns, virkni og öryggi raftækja og ýmis viðmið um öryggi, umhverfis- og neytendavernd. Árlega eru 1600-2000 Evrópustaðlar staðfestir sem íslenskir, sem hluti af því regluverki sem innleitt er í gegnum EES samninginn.

Þess utan hafa tugir íslenskra staðla verið órjúfanlegur hluti af öðru regluverki hérlendis skv. ákvörðun Alþingis og er vísað til þeirra í tugum íslenskra laga. Þrettán séríslensk stöðlunarskjöl voru gefin út á síðasta ári á sviði upplýsingtækni, mannvirkja, umhverfismála og rafmagnsöryggis. Hagaðilar úr atvinnulífinu stóðu straum af megninu af þeim kostnaði sem til féll og með þátttöku sinni í gerð þeirra.

Stærstur hluti starfsins er þjónusta, bundin í lög og þjónustusamning en nú sinna rúmlega fimm starfsmenn þeim hluta. Eitt stöðugildi er svo nýtt í starfsemi fagstaðlaráða sem þjónusta atvinnulífið og stjórnvöld vegna verkefna sem ekki eru hluti þjónustusamnings. Sú þjónusta er að fullu greidd af hagaðilum. Tæplega hálft stöðugildi er svo önnur þjónusta við ríkið, við staðlagerð og viðhald staðla sem eru hluti af því regluverki sem innleitt er frá ESB. Sú þjónusta er ekki hluti þjónustusamnings og þarf að fjármagnast sérstaklega.

Rekstur lögbundinna verkefna sem kostaður er með tekjum af þjónustusamningi og rekstur fagstaðlaráða sem kostuð eru af fyrirtækjum í atvinnulífinu eru samofin þannig að hvorugt getur verið til án hins. Sama fyrirkomulag er á rekstri staðlasamtaka um allan heim. Samvinna og samstarf atvinnulífsins og stjórnvalda á þessu sviði hefur hingað til skilað sér í traustum gögnum sem byggja á samansafnaðri þekkingu og sammæli um lausnir. Það fyrirkomulag er nú í hættu.

Í gegnum Staðlaráð Íslands hafa sérfræðingar í atvinnulífinu og fræðasamfélaginu aðgang að störfum tækninefnda þar sem þeir hafa raunverulegt tækifæri til að hafa áhrif á viðmið í sinni atvinnugrein og tryggja að tekið sé tillit til íslenskra viðskiptahagsmuna. Nú eru tugir íslenskra sérfræðinga starfandi í evrópskum og alþjóðlegum tækninefndum og fer fjölgandi. Hvergi hafa sérískenskir hagsmunir jafn greiða leið inn í regluverkið og í gegnum staðlastarf. Jafnvel þó alla jafna sé um valkvæð viðmið að ræða, eru þau ráðandi í hverri grein og oft rata þau viðmið inn í löggjöf, einkum í Evrópu.

Margstaðfest hefur verið með rannsóknum að staðlanotkun bjargar mannslífum, auðveldar hlítni við lög og reglur, eykur hagkvæmni, bætir þjónustu og stuðlar að framleiðniaukningu. Virði hinna 30.000 íslensku staðla hleypur því á milljörðum og sumt af því virði verður ekki metið til fjár.

Atvinnulífið greiðir í raun að fullu fyrir rekstur Staðlaráðs, auk þess að leggja til meiri fjármuni, vinnu og sérfræðiþekkingu en sem nemur tekjum af þjónustusamningi

Fram til ársins 2011 hafði Staðlaráð tryggar tekjur frá atvinnulífinu til að standa undir lögbundinni þjónustu vegna skuldbindinga skv. EES samningi en ráðið fékk 0,007 % af gjaldstofni tryggingagjalds skv. fyrra samkomulagi við atvinnulífið. Í desember 2011 rifti ríkið einhliða, og án samráðs eða tilkynningar, fyrra samkomulagi og hefur síðan ekki skilað nema litlum hluta þess fjármagns sem innheimt er af atvinnulífinu. Framlög hafa á þeim tíma sem liðinn er, hækkað um 25% í krónum talið (úr 56.000.000 í 70.000.000) en launavísitala um 214% (úr 401,3 í 857,5). Framlag ríkisins fer allt í launagreiðslur sérhæfðra starfsmanna sem hluti þeirra fer að ljúka sínum starfsferli án þess að unnt hafi verið að þjálfa upp fólk til að taka við verkefnunum. Uppsafnaðir fjármunir sem ekki hefur verið skilað á þessu tíu ára tímabili nema nú 420 milljónum króna. Það hefur leitt til uppsagna, skipulagsbreytinga, útvistunar verkefna og verulegs samdráttar í þjónustu.

Sérstök ástæða er til að nefna að á vettvangi fagstaðlaráða, og að mestu fyrir sjálfsaflafé þeirra, hafa tugir sérískenskra stöðlunarverkefna verið unnin undanfarin ár, af sérfræðingum úr atvinnulífinu sem leggja til sérfræðiþekkingu og vinnu án endurgjalds. Það framlag er a.m.k. jafnverðmætt fjárframlögum ríkisins. Atvinnulífið stendur því nú þegar straum af kostnaði við verkefnastjórn stöðlunarverkefna sem unnin eru utan þjónustusamnings og leggja til sérfræðiþekkingu og vinnu við gerð þeirra. Á sama tíma heldur ríkið eftir stórum hluta þess framlags sem atvinnulífið hefur greitt til staðlastarfs með tryggingagjaldi til að tryggja samvirknina sem felst í því að reka þjónustu við ríkið og þjónustu við atvinnulífið samhliða.

Þá er ástæða til að nefna sérstaklega þá staðreynd að undanfarin tvö ár hefur Byggingarstaðlaráð, sem rekið er undir hatti Staðlaráðs fyrir eigið fé, unnið að endurskoðun íslenskra þjóðarviðauka við evrópska þolhönnunarstaðla. Staðlarnir, ásamt íslensku viðaukunum eru hluti af kröfum til þolhönnunar mannvirkja með tilvísun í Byggingarreglugerð og skv. skuldbindingum EES samningsins. Fram til þessa hefur fagráðuneyti mannvirkjamála (nú innviðaráðuneytið, áður félagsmálaráðuneytið) ekki talið sig bera ábyrgð á því að þessi hluti löggjafarinnar sé uppfærður. Þeirri vinnu verður því hætt enda ber enginn ábyrgð á því að löggjöfin verði til, nema innviðaráðuneytið eða eftir atvikum Alþingi. Um er að ræða kostnað sem fellur til við þátttöku í evrópskri tækninefnd, þátttöku í norrænu samstarfi og verkefnastjórn vegna vinnu 20 sérfræðinga í þolhönnun. Kostnaðurinn sem um ræðir nemur u.þ.b. 1/6 hluta heildarkostnaðar við gerð löggjafarinnar og varðar eingöngu lögbundna verkefnastjórn Staðlaráðs.

Verulegar og langvarandi vanefndir af hálfu ríkisins á ýmum sviðum

Vanefndir ríkisins varða þó ekki eingöngu fjármögnun, heldur ýmis önnur atriði sem tengd eru stöðlun. Tilraunir til að fá hlutaðeigandi ráðherra til að bæta úr því hafa ekki skilað árangri.

a. ríkið hefur haldið eftir 29-47% af umsömdu framlagi atvinnulífins til staðlastarfs en Staðlaráð átti skv. samkomulagi ríkis og atvinnulífs 0,007% hlutdeild í gjaldstofni tryggingagjalds til ársins 2011 þegar því var rift einhliða
b. aldrei hefur farið fram kostnaðarmat af hálfu ríkisins vegna lögbundinna verkefna þrátt fyrir lagaskyldu þar um og kostnaðarmat Staðlaráðs hefur verið virt að vettugi
c. krónutöluhækkun skv. þjónustusamningi hefur á tíu árum hækkað úr 56.000.000 í 70.000.000 (25%). Á sama tíma hefur launavísitala hækkað um 214%, úr 401,3 í 857,5 eða níu sinnum meiri hækkun en framlögin. Óbreytt framlag dugar ekki fyrir nema hluta launa þeirra starfsmanna sem reka hin lögbundnu verkefni. Þá er rekstrarkostnaður allur ótalinn.
d. ríkið hefur haldið eftir 420,6 milljónum frá 2011
e. skortur á virkni samningsbundins úrræðis Staðlaráðs, um að fagráðuneyti staðlamála (áður atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, nú menningar- og viðskiptaráðuneytið) skipi án tafar starfshóp vegna vanfjármögnunar sem skili úrlausn innan þriggja mánaða. Hópur sem skipaður var 2015 tók sér tvö og hálft ár í að skila niðurstöðum um að skipaður yrði nýr starfshópur sem þó var aldrei skipaður
f. ríkið hefur ekki talið sér skylt að kosta verkefnastjórn við viðhald íslenska þjóðarviðauka við skyldubundna evrópska þolhönnunarstaðla en viðaukarnir segja til um séríslenskar kröfur til hönnunar m.a. vegna jarðskjálfta-, vind- og snjóálags
g. kröfum 9. gr. laga um öryggi vöru og opinbert markaðseftirlit er ekki fylgt og upplýsingar um ca 4.000 staðla sem fylgja rúmlega 20 vörutilskipunum ESB sem innleiddar hafa verið hérlendis eru ekki birtar hér á landi eins og í öllum öðrum Evrópuríkjum. Mikilvægir hlutar löggjafarinnar eru því faldir fyrir þeim sem þá þurfa að nota
h. skortur á fjármögnun ríkisstofnana sem fara með opinbert markaðseftirlit hefur leitt til þess að Staðlaráð hefur séð sig knúið til að afhenda þeim, án endurgjalds, staðla fyrir milljónir til að tryggja að þær hafi aðgang að kröfum, sem eftirlit þeirra byggir á. Slík staða er einsdæmi
i. skortur á vilja til þátttöku í samstarfi til að setja sér opinbera stefnu á sviði staðlamála sem þó er mikilvægur hluti löggjafar sem gengur þvert á málaflokka og ráðuneyti
j. 40 stjórnendur og sérfræðingar ríkisstofnana, hagsmunasamtaka og fyrirtækja hafa skorað á viðskiptaráðherra að tryggja fjármögnun staðlastarfs. Áskoruninni hefur ekki verið svarað.

Staðlaráð Íslands hefur lagt fram ítarleg minnisblöð, kostnaðarmat og rökstuðning fyrir kröfum sínum um aukið fjárframlag til að standa undir lögbundnum lágmarkskröfum, ítrekað, svo árum skiptir. Það hefur ekki skilað neinum árangri. **Svör ráðuneytisins nú felast í því að varpa ábyrgð á fjármögnun lögbundinna verkefna yfir á Alþingi.** Þessi umsögn er því áskorun um breytingar og liður í því að upplýsa kjörna fulltrúa á Alþingi um stöðu málaflokksins og þær afleiðingar sem vanefndir ríkisins hafa haft og munu hafa í för með sér.

Auknar kröfur til Staðlaráðs hafa kostað ráðið talsvert aukna vinnu og útlagðan kostnað, m.a. vegna innleiðingar á vottuðu gæðastjórnunarkerfi sem aðild að evrópsku staðlasamtökunum CEN og CENELEC krefst. Samtals er um að ræða kostnaðarauka upp á 30.000.000 kr. á þremur árum sem teknar hafa verið af öðrum lögbundnum verkefnum og þannig komið niður á getu til að veita ríkisstofnunum, stjórnsýslu og fyrirtækjum þá þjónustu sem þeim ber. Ekki hefur verið tekið tillit til þessa kostnaðarauka í fjárframlögum og viðskiptaráðherra vísar á Alþingi sem fer með fjárlagavald.

Á sama tíma hefur ánægja viðskiptavina og þátttakenda í staðlastarfi aukist, í mörgum tilvikum um tugi prósentna, einkum vegna aukins og einfaldara aðgengis að stöðlum. Þá rekur ráðið rafræn kerfi sem veita aðgang að tæplega 70.000 stöðlum og hafa stóraukið aðgengi að stöðlum fyrir háskóla og ríkisstofnanir, þeim að mestu að kostnaðarlausu. Staðlaráð Íslands hefur til þessa staðið við allar skuldbindingar sínar í þjónustusamningi við ríkið þrátt fyrir að starfsmönnum hafi fækkað um tæplega helming frá því þegar best lét. Það hefur tekist vegna velvildar og vinnusemi starfsmanna ráðsins sem

tekið hafa á sig aukin verkefni og meiri kröfur. Engar frekari greiðslur hafa komið fyrir það og engin yfirvinna hefur verið greidd hjá Staðlaráði undanfarin 10 ár.

Nú verður hins vegar ekki gengið lengra í samdrætti eða niðurskurði, né heldur auknum kröfum til starfsmanna. Fái Staðlaráð ekki eðlilega fjármögnun þeirra verkefna sem ráðið innir af hendi í þjónustu við ríkið blasir við gjaldþrot.

Þetta er ekki ný staða

Því miður er þessi staða ekki ný saga, heldur orðin hluti af sögu Staðlaráðs.

Breytingum á fjárlagafrumvarpinu **2012** var mótmælt kröftuglega þegar þær komu fram án fyrirvara um miðjan desember 2011. Einkum var samráðsleysi gagnrýnt og einhliða ákvörðun ríkisins um að hverfa frá því fyrirkomulagi sem verið hafði um langt árabil sem tók mið af því að staðlastarf tæki sveiflur með atvinnulífinu. Sú umsögn breytti engu.

Á árinu **2015** var skipaður starfshópur um staðlamál, á grundvelli ákvæðis í þjónustusamningi þar sem ráðuneytinu er gert að skipa starfshóp til að vinna að lausn mála þegar fjárveitingar duga ekki til að sinna lögbundnum hlutverkum sínum. Starfshópurinn tók sér tvö og hálft ár til að funda 13 sinnum og skila skýrslu um mitt ár 2017 sem fól í sér þá niðurstöðu að ráðuneytið skipaði nýjan starfshóp sem ætlað var að leggja mat á hversu marga starfsmenn og hve mikið fjármagn þyrfti til að sinna verkefnum fyrir stjórnvöld. Ekkert hefur gerst í málinu síðan. Nefndin hin síðari var aldrei skipuð.

Umsögn Staðlaráðs um fjárlagafrumvarpið 2017 hafði að geyma áskorun til stjórnvalda um að standa við skuldbindingar vegna fjármögnunar ráðsins. Var þar bent á að til að koma starfseminni í lágmarkshorf þyrftu framlög Staðlaráðs að aukast úr 62 milljónum í 79. Sú umsögn breytti engu.

Viðræður við atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið árið **2019** skiluðu örlítilli hækkun sem þó var dropi í hafið í ljósi aukinna kostnaðarsamra óumsemjanlegra krafna sem fram hafa komið en ekki verið tekið tillit til, s.s. innleiðing og vottun gæðstjórnunarkerfis sem rekið hefur verið í þrjú ár án greiðslu af hálfu ríkisins.

Á vormánuðum **2022** rituðu 40 stjórnendur og sérfræðingar fyrirtækja og ríkisstofnana undir áskorun til viðskiptaráðherra um að standa við skuldbindingar og skila því fjármagni sem ríkið innnheimtir af fyrirtækjum í landinu. Þeirri áskorun hefur ráðherra ekki svarað.

Í samskiptum við menningar- og viðskiptaráðuneytið hefur komið fram sú skoðun að ráðuneytið telur sig ekki hafa fjárveitingar til Staðlaráðs á sínu forræði þar sem þær séu háð samþykktum Alþingis. Í ár finnst Staðlaráði enginn staður í fjárlagafrumvarpinu. Skv. upplýsingum úr ráðuneytinu er 70.000.000 kr. óbreytt framlag hluti af safnliðnum 16-190-121, Ýmis viðskipta- og bankamál. Engar vísbendingar eru raunar um að ráðherra hafi gert tillögu um nokkuð annað en það sem Alþingi hefur samþykkt.

Óstarfhæfi Staðlaráðs felur í sér brot á EES samningi auk þess sem viðskiptahagsmunir og neytendavernd er í stórhættu og tækifæri til að vanda sig og ná árangri við stafræna þróun, fjarskiptaöryggi og árangur í loftslagsmálum

Að óbreyttu verður rekstur Staðlaráðs keyrður í þrot. Engum varasjóðum er til að dreifa, tekjur duga ekki fyrir launum, hvað þá rekstarkostnaði, vinnuálag verður ekki aukið frekar á starfsmenn og atvinnulífið mun ekki greiða fyrir staðlastarf í þágu ríkisins tvisvar.

Óstarfhæfi ráðsins felur í sér brot á skuldbindingum ríkisins skv. EES samningi. Við því tekur enginn nýr aðili fyrir minna fé og þekking á málaflokknum er auk þess ekki til innan landsteinanna. Í því felst einnig að verði skyldubundnir staðlar ekki aðgengilegir hverfur stór hluti þeirrar löggjafar sem innleidd hefur verið og tryggir öryggi fólks, umhverfisvernd, heilsu- og neytendavernd. Í því felst einnig tap fyrir ríkið

sem hleypur á milljörðum árlega enda er sú þekking sem felst í aðgengi að slíkri auðlind ekki til hérlendis, hvað þá með svo greiðum farvegi.

Óstarfhæfi Staðlaráðs gerir það að verkum að löggjafinn hefur ekki lengur aðgang að óháðum vettvangi sérfræðinga sem sammælast um tæknilegar útfærslur krafna og formleg viðmið, skyldubundin eða valkvæð, við að leysa flóknar áskoranir í íslensku samfélagi. Vettvangi þar sem sérfræðingar krefjast ekki endurgjalds fyrir vinnu sína. Í því felst tap fyrir ríkið sem hleypur a.m.k. á milljónatugum árlega.

Óstarfhæfi Staðlaráðs felur í sér að ekki verði þýddir mikilvægir staðlar eins og um gæðastjórnunarkerfi, stjórnun upplýsingaöryggis, eignastjórnun, leiðbeiningar um samfélagsábyrgð eða áhættustjórnun. Þær þýðingar eru eingöngu á verksviði Staðlaráðs sem á aðild að alþjóðlegum staðlasamtökum eins og ISO og fer þ.a.l. með umboð til að þýða þá. Í því felast verulegar vanefndir af hálfu ríkisins enda munu hagaðilar ekki hafa aðgang að þeim vettvangi sem þeir þurfa til að ráðast í þýðingar, jafnvel þó þeir kosti þýðingarnar að öllu leyti sjálfir.

Óstarfhæfi Staðlaráðs leiðir til þess að staðlar, og þar með hluti löggjafar, verður ekki aðgengilegur, né upplýsingar, fræðsla eða ráðgjöf um staðla. Sú þekking er hvergi til í stjórnkerfinu. Í því felast verulegar vanefndir ríkisins við íslenskt atvinnulíf, stjórnsýsluna og íslenskan almenning enda um að ræða verulegan og órjúfanlegan þátt löggjafarinnar.

Áskorun til fjárlaganefndar Alþingis

Ætli íslenska ríkið að standa við skuldbindingar skv. EES samningi og skuldbindingar sínar um fjármögnun staðlastarfs í landinu þarf verulegan viðsnúning og viðhorfsbreytingu til þeirra grunninnviða sem staðlar mynda í íslensku samfélagi.

Nýjasta kostnaðarmat Staðlaráðs sem byggir á óbreyttu þjónustustigi og rauntölum úr bókhaldskerfi ráðsins sýnir að rúmlega 30 milljónir vantar upp á loforð um óbreytt 70 milljón króna framlag til að komast hjá lokun eða verulegum vanefndum á skuldbindingum. Engir varasjóðir eru til, til að mæta þeirri áskorun. Sé ætlunin að leysa uppsafnaðan vanda vegna vanfjármögnunar undanfarinna 11 ára, s.s. nýliðunar, nauðsynlegt samstarf, kynningu og fræðslu þarf hins vegar að tvöfalda núverandi framlag. Staðlar eru nefnilega ekkert eyland heldur órjúfanlegur þáttur í fjölbreyttri starfsemi ríkisins, fyrirtækja, hagsmunasamtaka og neytenda. Þeir eru hluti af grunninnviðum þess lands sem m.a. tryggja óheft aðgengi að innri markaði ESB og viðskiptasamningum um allan heim. Þeir verða heldur ekki til úr engu og vandi Staðlaráðs hverfur ekki þó menn loki augunum stundarkorn. Við blasir gjaldþrot vegna þess að ríkið skilar ekki fjármunum sem atvinnulífið hefur þegar greitt til staðlastarf. Í því felst hnignun, stöðnun og einangrun í íslensku atvinnulífi og nýsköpun og neytendalöggjöf verður lögð í rúst.

Fram hefur komið að viðskiptaráðherra vísar til ákvörðunar þingsins um fjárframlög til Staðlaráðs. Af þeim sökum skorar ráðið nú á fulltrúa fjárlaganefndar Alþingis að tvöfalda núverandi framlög til Staðlaráðs þannig að þau endurspegli skuldbindingar ríkisins skv. EES samningi og áður nefnt samkomulag við atvinnulífið um að Staðlaráð Íslands njóti 0,007% af gjaldstofni tryggingagjalds, til að standa straum af kostnaði við rekstur þess samfélagslega og lagalega mikilvæga vettvangs sem Staðlaráð er. Ástæða er til að fara fram á að samhliða þeirri ákvörðun verði Staðlaráði Íslands aftur komið inn á fjárlög með sérstökum fjárlagalið en fela framlagið ekki í safnlið sem nú ber heitið 16-190-121, Ýmis viðskipta- og bankamál.

Helga Sigrún Harðardóttir, framkvæmdastjóri Staðlaráðs Íslands

Til hv. fjárlaganefndar,

Alþingi v/Austurvöll.

Reykjavík 30.8.2022

Háttvirta fjárlaganefnd,

Sótt er til hv. fjárlaganefndar um styrk fyrir hönd Steinshúss ses að upphæð 4,5 m. kr. vegna framkvæmda sem tilgreindar eru að neðan.

Steinshús er safn til minningar um skáldið Stein Steinarr. Það er til húsa að Nauteyri við Ísafjarðardjúp skammt frá Laugalandi í Skjaldfannardal þar sem skáldið fæddist. Fyrir utan sýningarhald er í tengslum við safnið rekið eitt minnsta kaffi- og veitingahús landsins. Steinshús hefur þegar reynst mikilvæg lyftistöng fyrir búsetu og ferðaþjónustu í Inn-Djúpi.

Safnið hefur ekki notið teljandi opinberra styrkja umfram velvildar fjárlaganefndar. Endurgerð safnhúss og uppbygging safnsins hefur að langmestu leyti verið kostuð af vildarmönnum þess og "Vinum Steins" sem er formlegt stuðningsfélag um Steinshús.

Almennar upplýsingar um safnið er að finna á vefsíðunni steinnsteinarr.is.

Safnið hefur jafnt og þétt unnið sér sess sem mikilvægur samkomustaður til ýmiss konar menningarviðburða að sumarlagi, s.s. leiksýninga og tónlistarflutnings. Vestfirskir listamenn, og aðrir, hafa sóst eftir að heimsækja Steinshús í því skyni. Þetta hefur reynst menningarleg lyftistöng fyrir fámenna byggð og dregið að gesti frá öllum Vestfjörðum, og víðar af landinu.

Sótt er um styrk vegna eftirtalinna framkvæmdaþátta :

1. BÆTT AÐGENGI FYRIR HREYFIHAMLAÐA

Það er eindreginn vilji stjórnar Steinshúss ses að vera til fyrirmyndar varðandi alla aðstöðu og aðgengi fyrir hreyfihamlaða.

Í dag eru þessi mál í góðu lagi innanhúss en eftir er að gera talsverðar endurbætur utanhúss. Um er að ræða nokkuð umfangsmikla framkvæmd sem m.a. felur í sér að koma upp sérmerktum bílastæðum fyrir hreyfihamlaða. Gera þarf ræsi og leggja vegarkafla sunnan við safnhúsið og merkja alla aðkomu að stæðunum. Skipta þarf um jarðveg og helluleggja stæðin sjálf.

Búið er að hanna þessa framkvæmd og gera kostnaðar- og verkáætlun vegna hennar.

Kostnaður er áætlaður kr. 4.866.000 og er gert ráð fyrir að verkið hefjist vorið 2023 og verði lokið þá um sumarið.

2. HLEÐSLUBÚNAÐUR FYRIR RAFBÍLA

Reynsla síðasta sumars sýnir að ekki verður undan því vikist að koma upp fullnægjandi aðstöðu fyrir hleðslu rafbíla við Steinshús. Þróun rafvæðingar er hröð og innan fárra ára verður bílafloti landsins að uppistöðu til rafknúinn.

Vegna staðsetningar Steinshúss innst í Ísafjarðardjúpi og við rætur Steingrímsfjarðarheiðar er það einfaldlega öryggisatriði að hægt sé að þjónusta umferð á þessu svæði.

Gert er ráð fyrir að sérmerktum stæðum fyrir rafbíla verði komið upp norðan við fræðimannsíbúðina. Skifta þarf um jarðveg þar og helluleggja stæðin.

Þar verður komið fyrir hleðslubúnaði með tilheyrandi raflögnum, rafmagnstöflu og öðru tilheyrandi.

Hönnun er lokið og gerð hefur verið kostnaðar- og verkáætlun.

Kostnaður er áætlaður kr. 3.208.000 og gert er ráð fyrir að verkið hefjist sumarið 2023 og verði lokið þá um haustið takist að tryggja nægilegt fjármagn til verksins.

Allur undirbúningur og stjórnun ofantalinna framkvæmda verður í höndum fagmanna, og . Ber þar einkum að telja eftirfarandi:

Þórarinn Magnússon verkfræðing, fv.formann stjórnar Steinshúss ses.
Sigurður Sigurðsson, staðarhaldari í Steinshúsi.

Samanlögð fjárþörf Steinshúss vegna framangreindra framkvæmda er því samtals kr. 8.074.000.

Safnið fer þess vinsamlegast á leit að hv. fjárlaganefnd sjái sér fært að styrkja þær um 4.5 milljónir.

Með vinsemd og virðingu
fh. stjórnar Steinshúss ses.

Össur Skarphéðinsson, formaður

Akureyri 18.11.2022

Til formanns fjárveitingarnefndar Alþingis

Ágæta Bjarkey,

Fyrir liggur að 20 miljónir munu bætast við til reksturs stofnunarinnar á næsta árin frá okkar ráðuneyti og er það gleðiefni. Vegna verðsbólgu liggur hins vegar fyrir að framlögin í heild eru að dragast saman um 10% eða um 6 m.kr. frá þessu ári að raunvirði, verða um 58 m.kr. Á þessu ári eru framlögin 65 m.kr. en af því eru 5 m.kr fluttur höfuðstóll frá 2021, í raun sértekjur í formi styrkja sem stofnunin hefur aflað úr erlendum rannsóknarsjóðum. Rekstrarafgangur frá 2021 var 11.8 m.kr. og tilkominn vegna sértekna í formi rannsóknarstyrkja, and aðeins fengust fluttar 5 m.kr. vegna reglna fjármálaráðuneytisins um hámark 4% flutnings milli ára. Starfsmenn ráðuneytis okkar gerðu sitt besta til að koma starfsmönnum FJR um að þarna væri um að ræða erlenda styrki sem stofnunin hefur aflað en allt kom fyrir ekki, aðeins fengust fluttar 5 m.kr. Afgangurinn, tæpar 7 m.kr. var þannig í raun gerður upptækur af íslenska ríkinu og er það afar súrt í broti og vil ég helst ekki þurfa að útskýra það fyrir okkar erlendu styrktaraðilum, sem í þessu tilfelli er Norræna rannsóknarráðið.

Undirritaður fer með þessu bréfi fram á fjárveitingu að upphæð 7 m.kr. frá fjárlaganefnd. Svo vill til að þetta er nokkurn veginn sú sama upphæð og við höfðum áætlað í ýmsa viðburði og verkefni á næsta ári vegna 25 ára afmælis stofnunarinnar, m.a. Minningarfyrirlestur Vilhjálms Stefánssonar og vinnusmiðju í Kanada í tengslum við opinbera heimsókn Forseta Íslands þangað á næsta ári, afmælishátíð hér á Akureyri á vormánuðum næsta árs, auka fleiri viðburða. Við vonum auðvitað að þingmenn kjördæmisins sjái sér fært að taka þátt í sem flestum af þessu viðburðum sem vonandi verða til að vekja athygli á mikilvægu starfi og framlagi stofnunarinnar til íslenskra rannsókna á norðurslóðum.

Með þessu bréfi bið ég um að stofnunin fá sérstaka fjárveitingu vegna afmælis stofnunarinnar að upphæð 7 m.kr. til að halda upp á 25 ára farsæla starfsemi stofnunarinnar.

Bestu kveðjur,

Níels Einarsson

Níels Einarsson, Ph.D.
Forstöðumaður/Director
Stofnun Vilhjálms Stefánssonar/

15. desember, 2022

Fjárlaganefnd Alþingis
b.t. Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir, formaður

Umsögn Stúdentaráðs Háskóla Íslands um frumvarp til fjárlaga 2023

Stúdentaráð Háskóla Íslands tekur undir með háskólaráði Háskóla Íslands og lýsir yfir þungum áhyggjum af fjármögnun Háskóla Íslands í ljósi fyrirhugaðs niðurskurði fjárveitinga árið 2023. Það er vitað mál að Háskóli Íslands hefur verið undirfjármagnaður um árabil en nú stefnir í enn verri stöðu en áður. Fyrir 2. umræðu fjárlaga stóðu fræðasvið skólans frammi fyrir 500 m.kr. niðurskurði og með þeirri 200 m.kr. aðhaldskröfu sem kom fram í 2. umræðu fjárlaga hefur staðan versnað til muna. Stúdentaráð telur að með þeim fjárveitingum sem lagðar eru til séu stjórnvöld að bregðast lögbundinni skyldu sinni við að fjármagna opinbera háskólamenntun. **Stórauka þarf fjárframlög til Háskóla Íslands til þess að skólinn geti haldið úti grundvallarstarfsemi sinni og að óbreyttu stefnir í alvarlegt ástand.**

Mikil nemendafjölgun varð í Háskóla Íslands þegar heimsfaraldur vegna Covid-19 reið yfir og má rekja hana til áherslu stjórnvalda á að menntakerfið væri lausnin við kreppunni. Háskóli Íslands svaraði kallinu, varð við óskum stjórnvalda og opnaði skólann fyrir fleiri nemendum. Með þessu fylgdi viðbótarfjármagn, en þó ekki meira en svo að árið 2020 stunduðu 800 fleiri nemendur nám við HÍ en greitt var fyrir og 540 fleiri árið 2021. Nú er boðaður mikill niðurskurður á einu bretti vegna nemendafækkunar og er Háskóli Íslands því látinn taka skellinn, eftir að hafa brugðist við þegar á reyndi.

Í frumvarpi til fjárlaga árið 2016 kemur fram að við útreikninga á framlögum til kennslu í hverjum skóla væri, eins og árin á undan, notaður veginn meðalfjöldi ársnema á síðustu árum og spá fyrir yfirstandandi ár. Þar segir að tilgangurinn með þessari aðferðafræði sé að draga úr sveiflum í framlögum á milli ára auk þess sem áætlanir háskólanna um ríkisframlag byggjast þá aðeins að óverulegu leyti á nemendaspá fram í tímann. Jafnframt kemur fram að þessi aðferð hafi þau áhrif að *„ef nemendafjöldi breytist á milli ára þá breytist framlag ekki strax heldur með töf, enda verður stórum hluta útgjalda háskóla aðeins breytt með góðum fyrirvara.“* Fyrirhuguð lækkun fjárveitinga með skömmum fyrirvara á milli umræðna vegna nemendafækkunar gerir það að verkum að erfitt er fyrir Háskólann að bregðast við.

Stúdentaráð gagnrýnir þessi vinnubrögð harðlega, enda verður ekki séð hvers vegna minni ástæða er talin nú, en fyrri ár, til þess að draga úr sveiflum í fjárlögum til Háskólans á milli ára.

Það skýtur skökku við að á sama tíma og stjórnvöld boða stórsókn í menntun og gefa það út að meginmarkmið þeirra hvað varðar starfsemi á háskólastigi sé að hér séu *„framsæknar og alþjóðlega samkeppnishæfar rannsóknastofnanir og háskólar"* nær fjárveiting til stærsta háskóla landsins ekki einu sinni meðaltali OECD ríkjanna og á langt í land til þess að ná hinum Norðurlöndunum. Heildartekjur Háskóla Íslands árið 2019 voru 2,9 milljónir á ársnema á meðan meðaltalið á Norðurlöndunum er 4,2 milljónir á hvern ársnema.

Flestar deildir stærsta háskóla landsins standa frammi fyrir því að óbreyttu að þurfa að skera niður í grunnstoðum sínum með tilheyrandi afleiðingum fyrir menntun og rannsóknir í landinu. Þar að auki er nú til umræðu að hækka skrásetningargjaldið sem innheimt er við opinbera háskóla sem liggur í augum uppi að kemur til vegna vöntunar á fjármagni frá stjórnvöldum til þess að halda uppi grunnstarfsemi háskólans. Skrásetningargjaldið er nú þegar of hátt og yrði hækkun þess aðeins til þess að auka ójöfnuð og skerða aðgengi að námi. **Þessu þarf að afstýra tafarlaust með því að falla frá kröfum um niðurskurð vegna nemendafækkunar ásamt því að stórauka fjárframlög til Háskóla Íslands.** Þar að auki þarf að endurskoða til framtíðar hvernig fjárveitingum til skólans er háttað. Nauðsynlegt er að endurskoðun á reiknilíkani háskólastigsins verði lokið sem fyrst og að brýnt er að útdeiling fjármuna til Háskóla Íslands taki mið af raunverulegu landslagi háskólastigsins þannig að rekstrargrundvöllur skólans sé tryggður.

Fyrir hönd Stúdentaráðs Háskóla Íslands

Rebekka Karlsdóttir

Rebekka Karlsdóttir
Forseti Stúdentaráðs Háskóla Íslands

Nefndasvið Alþingis
Fjárlaganefnd

Stykkishólmi, 2. nóvember 2022

Efni: Umsögn sameinaðs sveitarfélags Stykkishólmsbæjar og Helgafellssveitar við frumvarp til fjárlaga, 1. mál.

Málefni Breiðafjarðarferjunar Baldurs voru til umræðu á 5. fundi bæjarstjórnar Stykkishólmsbæjar og Helgafellssveitar 27. október 2022.

Bæjarstjórn fagnar því að Vegagerðin hefur formlega auglýst eftir nýrri ferju sem nota eigi til siglinga yfir Breiðafjörð á meðan að unnið er að hönnun og smíði nýrrar ferju. Vegna áskilnaðar í útboði Vegagerðarinnar um leigu á skipi með kauprétti áréttar bæjarstjórn mikilvægi þess að ríkið kaupi ferju á meðan unnið er að smíði nýrrar ferju þannig að tryggja megi fyrirsjáanleika í ferjusiglingum. Þá fangar bæjarstjórn að ákalli bæjarstjórnar um bættan viðbúnað til tryggja betur öryggi sjófarenda hafi verið mætt með því að staðsetja dráttarbátinn Gretti sterka í Stykkishólmi.

Bæjarstjórn leggur þunga áherslu á að gert verði ráð fyrir kaupum á nýrri ferju í fjárlögum fyrir árið 2023 og að fjármálaáætlanir ríkisstjórnarinnar og fimm ára samgönguáætlun endurspegli þá framtíðarlausn í ferjusiglingum um Breiðafjörð að ríkið hanni og smíði nýja ferju sem hönnuð verður með tilliti til orkuskipta framtíðarinnar og nýst gæti sem varaskip fyrir Herjólf. Án samþykktra áforma og heimilda í áætlunum ríkisins, þ.m.t. viðeigandi fjárheimilda, er Vegagerðinni ekki tryggður sá rammi og sú stefnumörkun sem er nauðsynleg er til þess að stofnunin geti fest kaup á nýrri ferju á næsta ári og hafið undirbúning að hönnun og smíði nýrrar ferju ásamt nauðsynlegum breytingar á hafnarmannvirkjum.

Bæjarstjórn skorar á innviðaráðherra og Alþingi að tryggja viðeigandi fjárheimildir í fjárlögum 2023 til leigu og kaups á nýju skipi og að innviðaráðherra og Alþingi tryggi að framtíðarlausn í ferjusiglingum með smíði nýrrar ferju endurspeglist í fjármálaáætlunum ríkisstjórnarinnar og fimm ára samgönguáætlun.

Að öðru leyti er vísað til fyrir ályktana og bókana vegna málsins.

Virðingarfyllst,

Jakob Björgvin Sigríðarson Jakobsson,
bæjarstjóri.

BÆJARSTJÓRINN STYKKISHÓLMI

Innviðaráðuneytið
b.t. Sigurður Ingi Jóhannsson, innviðaráðherra
Sölvhólsgötu 7
101 Reykjavík

Stykkishólmi, 29. ágúst 2022
nr. erindis *2011013*

Á 3. fundi bæjarstjórnar Stykkishólmsbæjar og Helgafellssveitar þann 25. ágúst 2022 var tekið fyrir neðangreint erindi:

Breiðafjarðarferjan Baldur
Lagðar fram fyrri ályktanir vegna Breiðafjarðarferjunnar Baldurs.

Á öðrum fundi bæjarráðs Stykkishólmsbæjar og Helgafellssveitar lagði bæjarráð þunga áherslu á að annað skip hefji siglingar yfir Breiðafjörð fyrir næsta vetur, en að öðrum kosti að tryggður verði viðeigandi viðbúnaður í Stykkishólmi til þess að tryggja megi betur öryggi sjófarenda, t.d. dráttarbát staðsettan í Stykkishólmi. Þá lagði bæjarráð þunga áherslu á að tryggja þyrfti viðeigandi fjárheimildir í fjármálaáætlun 2022-2026 líkt og bent var á í fyrri ályktun sveitafélagsins og að fyrirliggjandi áætlanir endurspeglist í fimm ára samgönguáætlun. Bæjarráð vísaði að öðru leyti til fyrri bókunar bæjarráðs og bæjarstjórnar sameiginlegs sveitarfélags Stykkishólmsbæjar og Helgafellssveitar vegna málsins í júní.

Bæjarráð óskaði jafnframt eftir skriflegum upplýsingum frá Vegagerðinni og Innviðaráðuneytinu um framgang málsins síðastliðna 12 mánuði, hver staða málsins væri nú, þ.m.t. með tilliti til viðeigandi fjárheimilda, og hver sé stefnan til lengri og skemmri tíma hvað varðar ferjusiglingar um Breiðafjörð.

Á 1. fundi atvinnu- og nýsköpunarnefndar vakti nefndin athygli á að eigi gamli Herjólfur að hefja ferjusiglingar um Breiðafjörð haustið 2023 þarf að breyta og breikka ferjuaðstöðuna í Stykkishólmi og Brjánslæk. Sú framkvæmd mun taka einhverja mánuði og líkur eru á að engar ferjusiglingar verði á milli þessara staða sumarið 2023. Stór hluti ferðaþjónustufyrirtækja í Stykkishólmi er háður ferjusiglingum yfir sumarmánuðina. Nauðsynlegt sé að huga að því strax hvernig eigi að mæta tímabundinni stöðvun ferjusiglinga næsta sumar.

Atvinnu- og nýsköpunarnefnd hvatti jafnframt bæjarstjórn sameiginlegs sveitarfélags Stykkishólmsbæjar og Helgafellssveitar til að beita auknum þrýstingi á stjórnvöld að útvega nú þegar trausta ferju sem afkastar eigi minna en núverandi ferja jafnframt því að stjórnvöld hefji nú þegar undirbúning að framtíðarlausn ferjusiglinga yfir Breiðafjörð. Með tilliti til vaxandi sjóflutninga til og frá Vestfjörðum er mikil þörf á tíðari siglingum ferjunnar yfir vetrarmánuðina

Afgreiðsla bæjarstjórnar:
Bæjarstjórn tekur undir með atvinnu- og nýsköpunarnefnd og staðfestir afgreiðslu bæjarráðs.

Í ljósi framangreinds og áðursents erindis er minnt á að sveitarfélagið bíður enn upplýsinga frá innviðaráðuneytinu um framgang málsins síðastliðna 12 mánuði, hver staða málsins er nú, þ.m.t. með tilliti til viðeigandi fjárheimilda, og hver sé stefnan til lengri og skemmri tíma hvað varðar ferjusiglingar um Breiðafjörð.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,

Jakob Björgvin Sigríðarson Jakobsson,
bæjarstjóri.

BÆJARSTJÓRINN STYKKISHÓLMI

Haustþing SSV, haldið Í Stykkishólmi 21.-22. september 2022, leggur fram eftirfarandi ályktanir um samgöngumál og innviði:

Almenningssamgöngur

- Haustþing SSV leggur þunga áherslu á að tryggja þurfi að nýtt skip hefji siglingar um Breiðafjörð sem uppfyllir nútíma öryggiskröfur eins fljótt og verða má á meðan að unnið er að hönnun og smíði nýrrar ferju sem hönnuð verður með tilliti til orkuskipta framtíðarinnar.

Breiðafjarðarferjan Baldur er í lykilhlutverki varðandi samgöngur við Breiðafjörðinn. Það er ljóst að framtíð ferjusiglinga er mikilvæg fyrir atvinnulíf og samgöngur á milli Vestfjarða og Vesturlands. Haustþing SSV lýsir þungum áhyggjum yfir þeirri grafalvarlegu stöðu sem hefur verið uppi varðandi öryggismál Breiðafjarðarferjunnar Baldurs. Annars vegar er þörf á lausn til skamms tíma, þ.e. bráða lausn, og hins vegar framtíðarlausn, þ.e. að endurskoða þarfir og forsendur ferjusiglinga til framtíðar.
Haustþing SSV skorar á ríkisvaldið að tryggja bráða lausn með fjárfestingu í nýrri og öflugri ferju sem uppfylli allar nútíma öryggiskröfur og að það hefji siglingar um Breiðafjörð eins fljótt og verða má.
Haustþing SSV leggur áherslu á að framtíðarlausn í ferjusiglingum um Breiðafjörð sé að ríkið hanni og smíði nýja ferju sem hönnuð verður með tilliti til orkuskipta framtíðarinnar og nýst gæti sem varaskip fyrir Herjólf. Haustþing SSV leggur áherslu á að tryggja þurfi viðeigandi fjárheimildir í fjármálaáætlun, bæði til bráðabirgðaaðgerða og til smíði nýs skips, og að fyrirliggjandi áætlanir endurspeglist í fimm ára samgönguáætlun.

Núverandi samningur ríkisins um rekstur ferjunnar er í gildi fram til vors 2023. Því er brýnt að stjórnvöld nýti tækifærið nú þegar og skipuleggi ferjusiglingar um Breiðafjörð m.t.t. breyttra aðstæðna í atvinnulífinu, öryggis og stefnu stjórnvalda í orkuskiptum.

Tilvísun 2022070003 | Reykjavík | 10. október 2022

Stykkishólmsbær
Jakob Björgvin S. Jakobsson, bæjarstjóri
Hafnargötu 3
340 Stykkishólmi

Staða mála varðandi Breiðafjarðarferjuna Baldur
Yðar tilvísun: Vísað er til ályktunar og óskar um upplýsingar sem bárust í tölvupósti 12.9.2022 frá innviðaráðuneytinu

Upplýsingar um stöðu varðandi þjónustu um ferjusiglingar yfir Breiðafjörð, vegna óskar bæjarráðs um skriflegar upplýsingar frá Vegagerðinni um framgang mála vegna ferjusiglinga yfir Breiðafjörð.

Í gildi er samningur við Sæferðir um ferjusiglingar yfir Breiðafjörð, milli Stykkishólms og Brjánslækjar með viðkomu í Flatey, ef þarf. Umfang og tíðni þjónustu er það sama og verið hefur síðustu ár. Samningurinn gildir til vors 2023. Skv. samningi skulu Sæferðir útvega skip til siglinganna samkvæmt samningi. Sæferðir hafa eingöngu yfir að ráða ms Baldri sem þeir hafa notað til þjónustunnar síðustu ár.

Vegna endurtekinna bilana er unnið að því að auka öryggi á Breiðafirði. Vegagerðin hefur unnið að því að dráttabátur verið staðsettur í Stykkishólmi til að auka öryggisviðbúnað. Unnið er að gerð Viðbragðsáætlunar f. sjóslys á farþegaskipi á Breiðafirði en almannavarnadeild Ríkislögreglustjóra og Ríkislögreglustjóri leiða það mál áfram.

Unnið er að gerð útboðsgagna vegna nýs þjónustuútboðs fyrir ferjusiglingar á Breiðafirði. Mun það fara í gang í vetur með gildistöku haustið 2023.

Einnig er unnið að gerð útboðsgagna vegna leigu og eða kaups á nýrri ferju til að sinna umræddri þjónustu á Breiðafirði. Það útboð mun fara fljótlega í gang og unnið úr því eins hratt og hægt er. Vonast er til að fáist Ferja sem fyrst til að sinna þjónustunni.

Í drögum að fjárlögum fyrir árið 2023 er veitt heimild til þess að skoða kaup eða leigu á skipi vegna þessa. Ekki eru í fjármálaáætlun 2022-2026 auknar fjárheimildir til leigu, kaupa eða smíði nýrrar ferju fyrir siglingu yfir Breiðafjörð.

Beðist er velvirðingar á því hve langan tíma hefur tekið að svara þessari ósk.

Virðingarfyllst
f.h. Vegagerðarinnar
Bergþóra Kristinsdóttir
framkvæmdastjóri þjónustusviðs

Undirskrift
Bergþóra Kristinsdóttir

Vegagerðin
Suðurhraun 3
210 Garðabær
+354 522 1000
vegagerdin.is

vegagerdin
@vegagerdin.is

Breiðafjarðarferja fáist með þurrleigu

Vegagerðin hefur auglýst eftir skipi á EES-svæðinu

Vegagerðin hefur auglýst á EES-svæðinu eftir ferju til siglinga yfir Breiðafjörð, milli Stykkishólms og Brjánslækjar á Barðaströnd. Óskað er eftir skipi í fimm mánuði, án áhafnar með þurrleigu, með möguleika á að kaupa skipið ef mál þróast svo. Sá áskilnaður er gerður í auglýsingunni að skipið sé smíðað ekki síðar en 1990, sé með tveimur vélum og skrúfum og stýrum og sé 50-70 metrar á lengd. Það þarf að taka minnst 200 farþega og krafa er gerð um að á þilfari geti verið í það minnsta fimm flutningabílar. Frestur til að skila inn tilboðum er til 25. nóvember nk. Horft er til þess að ný leiguferja fari í siglingar á Breiðafirði snemma á næsta ári.

Þörfin er mikil og brýn

Þörfin á nýrri Breiðafjarðarferju þykir mikil og brýn. Núverandi skip, Baldur, hefur á síðustu misserum bilað nokkrum sinnum í siglingum yfir fjörðinn, með þeim afleiðingum að veruleg hætta þótti skapast. Þá hafa verið gerðar alvarlegar athugasemdir við öryggisbúnað skipsins. Vegna



Morgunblaðið/Sigurður Bogi

Ferja Núverandi Baldur hér við bryggju í Súgandisey í Hólminum.

þess er dráttarbáturinn Grettir sterki nú staðsettur í Stykkishólmi og verður fyrsta viðbragð ef Baldur höktir eða eitthvað óvænt hendir.

Sveitarstjórnir á Snæfellsnesi og á sunnanverðum Vestfjörðum, sem og fulltrúar fyrirtækja, hafa því kallað stíft eftir nýrri ferju. Hagsmunir ferðaþjónustu og fiskeldis hafa þar mikið að segja.

„Framboð á skipum sem hentað gætu í þetta verkefni er ekki mikið. Einnig þarf að hafa í huga að hafnarmannvirkin í Stykkishólmi og Brjánslæk henta fáum ferjum. Flestar slíkar eru smíðaðar miðað við siglingar á innfjörðum en ekki opnu hafi eins og yfir Breiðafjörð. Helst horfum við til þess að skip fáist frá Noregi," segir G. Pétur Matthíasson upplýsingafulltrúi Vegagerðar við Morgunblaðið. *sbs@mbl.is*

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra
Sigurður Ingi Jóhannsson
Sölvhólsgötu 7
101 Reykjavík

Stykkishólmi, 3. júlí 2022
nr. erindis *2011013*

Á 2. fundi bæjarstjórnar sameinaðs sveitarfélags Stykkishólmsbæjar og Helgafellssveitar, 30. júní 2022, var tekið fyrir neðangreint erindi:

Breiðafjarðarferjan Baldur
Fyrir bæjarstjórn er lögð fram eftirfarandi ályktun Stykkishólmsbæjar og Helgafellssveitar vegna Breiðafjarðarferjunnar Baldurs, dags. 23. júní 2022, sem samþykkt var á 1. fundi bæjarráðs og lagt til að bæjarstjórn taki undir ályktunina.

Bókun bæjarráðs:
Bæjarráð lýsti, á 1. fundi sínum, þungum áhyggjum á þeirri stöðu sem Sameiginlegt sveitarfélag Stykkishólmsbæjar og Helgafellssveitar lýsir yfir þungum áhyggjum yfir þeirri grafalvarlegu stöðu sem hefur verið uppi varðandi öryggismál Breiðafjarðarferjunnar Baldurs, en Stykkishólmsbær hafði ítrekað bent á að bregðast þurfi við þar sem núverandi ferja uppfylli ekki viðeigandi öryggiskröfur.

Minnir sveitarfélagið á að 15 mánuðir eru síðan að litlu mátti muna að illa færi þegar núverandi ferja varð vélarvana á miðjum firðinum 11. mars 2021 þar sem tók rúman sólarhring að draga ferjuna í land í Stykkishólmi við slæm skilyrði. Í millitíðinni hefur Breiðafjarðarferjan Baldur tvisvar til viðbótar bilað og/eða orðið vélarvana á Breiðafirði, nú síðast 18. júní sl. Mikil mildi að ekki skildi fara verr í öll þau skipti sem þessar tíðu bilanir hafa átt sér stað.

Stykkishólmur og Helgafellssveit áréttar að ***núverandi ferja hefur einungis eina vél, en við Breiðafjörð hafa allar ferjurnar sem hafa þjónustað svæðið frá 1955 haft tvær vélar utan núverandi ferju.*** *Það liggur í augum uppi að ítrekaðar bilanir á því sérstaka svæði sem Breiðafjörðurinn er með skerjum, boðum og eyjum ásamt sterkum straumum og úthafsöldu sýni svo ekki sé um villst að tvær vélar eru nauðsynlegar fyrir ferju á þessari siglingarleið.*

Innviðaráðherra og samgönguyfirvöld bera ábyrgð á að öruggar samgöngur séu um Breiðafjörð. Langur tími er liðinn frá því að því að núverandi ferja varð vélavana við hættulegar aðstæður og enn er beðið eftir að gerðar verði viðeigandi ráðstafanir. Ákvörðun um nauðsynlegar breytingar á hafnarmannvirkjum í Stykkishólmi, Flatey og Brjánslæk og fjármögnun þeirra hefði t.a.m. þurft að liggja fyrir á vordögum 2021

þannig að framkvæmdir gætu hafist á fyrri hluta þessa árs. Með því hefði verið hægt að tryggja að skip sem uppfyllir nútíma öryggiskröfur og þjónar betur hagsmunum samfélagsins væri farin að sinna ferjusiglingum um Breiðafjörð.

Stykkishólmur og Helgafellssveit leggur þunga áherslu á að engir hagsmunir gleymist þegar verið er að ræða um lausnir í ferjumálum, því allir eiga þeir að vega jafn mikið, hvort sem um er að ræða fiskeldi á Vestfjörðum, ferðaþjónustu eða íbúa í Flatey. Ferja um Breiðafjörð þarf að geta þjónustað allt samfélagið í kringum fjörðinn og því er málið í eðli sínu afar mikilvægt byggðamál, ekki síst fyrir þær fjölskyldur sem búa í Flatey og þurfa öruggar samgöngur og tryggan flutning á vatni, olíu og öðrum nauðsynjum sem og aðra sem dvelja í eyjunni til skemmri eða lengri tíma.

Alþingi og ríkisstjórn, sér í lagi innviðaráðherra, þarf að mati sveitarfélagsins því tafarlaust að sýna fyrirhyggju og festu í þessu máli. Tryggja þarf ***að Vegagerðin hafi skýra stefnumörkun til þess að vinna eftir og fjármuni til þess bregðast við þannig að tryggja megi öruggar ferjusiglingar um Breiðafjörð næsta haust ef þess er nokkur kostur.*** *Sveitarfélagið leggur áherslu á mikilvægi þess að leita allra leiða við finna hentugt skip sem myndi geta hafið siglingar með minniháttar breytingum á hafnarmannvirkjum, á meðan verið er að undirbúa þær breytingar sem hugsaðar eru á hafnarmannvirkjum til framtíðar.*

Stykkishólmur og Helgafellssveit leggur ***þunga áherslu á að ef önnur ferja getur ekki hafið siglingar næsta vetur þá þarf viðeigandi viðbúnað í Stykkishólmi til þess að tryggja megi betur öryggi sjófarenda, t.d. dráttarbát staðsettan í Stykkishólmi og efla sjóbjörgunargetu.*** *Er slíkur viðbúnaður jafnframt nauðsynlegur svo hægt verði að byggja aftur upp nauðsynlegt traust á siglingum með núverandi ferju.*

Stykkishólmur og Helgafellssveit ***fagnar þeirri skýru framtíðarsýn ríkisstjórnar Katrínar Jakobsdóttur, sem innviðaráðherra hefur talað fyrir, um að framtíðarlausn í ferjusiglingum um Breiðafjörð sé að ríkið hanni og smíði nýja ferju sem hönnuð verður með tilliti til orkuskipta framtíðarinnar****. Sveitarfélagið leggur hins vegar áherslu á mikilvægi þess að hraða þeirri vinnu eins og hægt er og nægjanlegt fjármagn verði tryggt í samgönguáætlun þannig að hægt verði að hefja ferjusiglingar á Breiðafirði með þeirri ferju eins fljótt og verða má.*

Bókun 2. fundar bæjarstjórnar:
Bæjarstjórn tekur undir ályktun bæjarráðs og leggur áherslu á að ***tryggja þurfi viðeigandi fjárheimildir í fjármálaáætlun 2022-2026****, bæði til bráðabirgðaaðgerða og til smíði nýs skips, og* ***að fyrirliggjandi áætlanir endurspeglist í fimm ára samgönguáætlun****.*

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,

Jakob Björgvin Sigfúarson Jakobsson,
bæjarstjóri

Hafnargata 3 • 340 Stykkishólmur • Sími: +354 433 8100
Netfang: stykkisholmur@stykkisholmur.is • www.stykkisholmur.is

Skrifstofa Alþingis
Kirkjustræti 12
101 Reykjavík

Stykkishólmi, 25. febrúar 2022
nr. erindis *2011013*

Á 408. fundi bæjarstjórnar Stykkishólmsbæjar 24. febrúar 2022 var tekið fyrir neðangreint erindi:

Breiðafjarðarferjan Baldur
Lagt fram erindi frá nefndarviði Alþingis þar sem umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis óskar eftir umsögn Stykkishólmsbæjar um tillögu til þingsályktunar um kaup á nýrri Breiðafjarðarferju, 46. mál.

Afgreiðsla bæjarstjórnar:
Bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar tekur undir þingsályktunina en leggur áherslu á umhverfisvæna kosti sem bráðabirgðalausn og til lengri tíma.

Bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar vekur athygli á ályktunum Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi, hvort sem er stjórnar samtakanna og nú síðast á haustþingi samtakanna 29. september 2021 þar sem kom m.a. fram að nauðsynlegt sé að ríkið fjárfesti í nýrri og öflugri ferju sem uppfylli allar nútíma öryggiskröfur og hefji siglingar eins fljótt og verð má, enda sýndi það sig síðastliðinn vetur að litlu mátti muna að illa færi þegar núverandi ferja varð vélavana á miðjum firðinum.

Að öðru leyti vísar bæjarstjórn til fyrri afgreiðslna og ályktana Stykkishólmsbæjar vegna málsins sem skoðast einnig sem hluti af umsögn Stykkishólmsbæjar um þingsályktunartillöguna og felur bæjarstjóra að ganga frá umsögn og senda til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,

Jakob Björgvin Jakobsson

Jakob Björgvin Jakobsson
bæjarstjóri.

Hafnargata 3 • 340 Stykkishólmur • Sími: +354 433 8100
Netfang: stykkisholmur@stykkisholmur.is • www.stykkisholmur.is

Fullgild rafræn undirskrift
ÓLAFUR KRISTINN HJÖRLEIFSSON
2022-01-21 08:25:23 GMT
Ástæða: Undirskrift

SAMGÖNGU- OG
SVEITARSTJÓRNARRÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólsgötu 7 101 Reykjavík
sími: 545 8200 postur@srn.is srn.is

Stykkishólmsbær
b.t. Jakobs Björgvins Jakobssonar
Hafnargötu 3
340 Stykkishólmur

Reykjavík 21. janúar 2022
Tilv.: SRN21120130/3.0

Vísað er til bréfs bæjarstjóra frá 14. desember sl. varðandi siglingar á Breiðafirði.

Vegagerðin hefur sem kunnugt er skoðað möguleika á því að önnur skip en Baldur leggi að bryggjum á Brjánslæk og í Stykkishólmi. Niðurstaðan var ótvíræð sú að nauðsynlegt er að fara í endurbætur á hafnaraðstæðum á báðum stöðum ef nota á aðstöðuna fyrir önnur skip en Baldur. Undirbúningur framkvæmda við hafnirnar er hafinn. Hins vegar ræðst endanleg hönnun óhjákvæmilega af stærð og umfangi þess skips sem kemur til með að verða notað, en ákvörðun þar að lútandi liggur ekki fyrir. Fjármögnun framkvæmdanna er sem stendur ekki frágengin en áform eru uppi um að setja þessa framkvæmd í forgang við endurskoðun samgönguáætlunar á þessu ári.

Fyrir hönd ráðherra

Ólafur Kr. Hjörleifsson

Vegagerðin
B.t. Bergþóru Þrokelsdóttur, forstjóra
Suðurhraun 3
210 Garðabær

Stykkishólmi, 14. desember 2021
nr. erindis *2011013*

Á 405. fundi bæjarstjórnar Stykkishólmsbæjar 9. desember 2021 var tekið fyrir neðangreint erindi:

Breiðafjarðarferjan Baldur
Lögð fram ályktun bæjarstjórnar Stykkishólmsbæjar sem var samþykkt á 403. fundi bæjarstjórnar Stykkishólmsbæjar 28. október 2021 vegna Breiðafjarðarferjunnar Baldurs. Þá er lögð fram þarfagreining fyrir Breiðafjarðarferju sem Vegagerðin fól NAVIS ehf. að vinna að sem kynnt var á fundi var haldinn með fulltrúum sveitarfélaga við Breiðafjörð 26. október 2021. Einnig er lögð fram ályktun 66. Fjórðungsþing Vestfirðinga sem haldið var á Ísafirði 22. og 23. október 2021 um Breiðafjarðarferjuna Baldur.

Þar að auki eru lagðar fram ályktanir bæjarstjórnar Stykkishólmsbæjar, dags. 12. mars 2021, og bókun bæjarstjórnar Stykkishólmsbæjar, dags. 29. mars 2021, um sama efni, ásamt bókun 402. fundar bæjarstjórnarfundar 30. september 2021 þar sem m.a. var óskað eftir upplýsingum frá Vegagerðinni um stöðu á vinnu við fyrrgreinda þarfagreiningu.

Atvinnu- og nýsköpunarnefnd tók, á 9. fundi sínum, undir með ályktun bæjarstjórnar Stykkishólmsbæjar og óskaði eftir upplýsingum frá innviðaráðuneytinu og fjármála- og efnahagsráðuneytinu um hver sé staðan á fjármögnun á bráða- og framtíðarlausnum í samræmi við ályktun bæjarstjórnar og upplýsingum frá Vegagerðinni. Hver séu næstu skref varðandi breytingu á hafnarmannvirkjum og ferjubrúm og dýpkun hafna með það markmið að nýtt skip sem þjónar betur þörfum samfélaganna hefji siglingar yfir Breiðafjörðinn sem fyrst. Ný ferja er í samræmi við ákvæði sáttmála um ríkisstjórnarsamstarf Framsóknarflokks, Sjálfstæðisflokks og Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs um orkuskipti í ferjusamgöngum.

Bæjarráð staðfesti afgreiðslu atvinnu- og nýsköpunarnefndar á 634. fundi sínum.

Afgreiðsla bæjarstjórnar:
Bæjarstjórn óskar eftir annars vegar upplýsingum frá innviðaráðuneytinu og fjármála- og efnahagsráðuneytinu um hver sé staðan á fjármögnun á bráða- og framtíðarlausnum í samræmi við ályktun bæjarstjórnar og upplýsingum frá Vegagerðinni, og hins vegar hver séu næstu skref varðandi breytingu á hafnarmannvirkjum og ferjubrúm og dýpkun hafna með það markmið að nýtt skip sem þjónar betur þörfum samfélaganna hefji siglingar yfir Breiðafjörðinn sem fyrst, í samræmi við bókun atvinnu- og nýsköpunarnefndar.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,

Jakob Björgvin Jakobsson,
bæjarstjóri.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra
Sigurður Ingi Jóhannsson
Sölvhólsgötu 7
101 Reykjavík

Stykkishólmi, 29. október 2021
nr. erindis *2011013*

Á 403. fundi bæjarstjórnar Stykkishólmsbæjar 28. október 2021 var tekið fyrir neðangreint erindi:

Breiðafjarðarferjan Baldur
Lagðar fram ályktanir bæjarstjórnar Stykkishólmsbæjar vegna Breiðafjarðarferjunnar Baldurs, dags. 12. mars 2021, og bókun bæjarstjórnar Stykkishólmsbæjar, dags. 29. mars 2021, um sama efni, ásamt bókun 402. fundar bæjarstjórnarfundar 30. september 2021 þar sem m.a. var óskað eftir upplýsingum frá Vegagerðinni um stöðu á vinnu við þarfagreiningu fyrir Breiðafjarðarferju sem Vegagerðin fól NAVIS ehf. að vinna að og hver séu næstu skref samgönguyfirvalda, en sá fundur var haldinn með fulltrúum sveitarfélaga við Breiðafjörð 26. október 2021. Þá er lögð fram ályktun 66. Fjórðungsþing Vestfirðinga sem haldið var á Ísafirði 22. og 23. október 2021 um Breiðafjarðarferjuna Baldur.

Afgreiðsla bæjarstjórnar:
Bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar hefur ítrekað lagt áherslu á að þörfin fyrir nýja og stærri Breiðafjarðarferju er mikil og brýn og bent á að núverandi verkefni sé tvíþætt og ber að nálgast það í því ljósi, þ.e. annars vegar er þörf á lausn til skamms tíma (bráðalausn) og hins vegar framtíðarlausn.

Bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar telur að bráðalausnin felist í að hefja nú þegar undirbúning á breytingu á hafnarmannvirkjum og ferjubrúm og dýpkun hafna með það markmið að nýtt skip sem þjónar betur þörfum samfélagsins hefji siglingar yfir Breiðafjörðinn sem fyrst. Framtíðarlausnin felst í að ríkið fjárfesti í nýrri og öflugri ferju sem gæti nýst í afleysingum fyrir Vestmannaeyjaferjuna Herjólf, byggða á hönnun núverandi Herjólfs, sem uppfyllir allar nútíma öryggiskröfur, taki mið af stefnu stjórnvalda í umhverfismálum og mæti þörfum samfélagsins og að sú ferja hefji siglingar um Breiðafjörðinn eins fljótt og verða má, þó eigi síðar en 2024.

Bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar leggur þunga áherslu á að tryggja þurfi nú þegar fjármögnun á bráða- og framtíðarlausnum þannig að Vegagerðin geti hafið vinnu við hönnun og breytingar á hafnamannvirkjum Stykkishólmshafnar, Flateyjarhafnar og Brjánslækjarhafnar í samráði við hafna-, bæja- og sveitastjórnir sveitarfélaganna þannig að hægt sé að taka í notkun nýtt skip til bráðabirgða sem uppfyllir betur þarfir atvinnulífsins um flutningsgetu, kröfur almennings um aðbúnað og aðgengi farþega og bætir öryggi með tveimur vélum

á meðan unnið verði að undirbúningi og smíði á nýrri B ferju, sem einnig gæti nýst í afleysingum fyrir Herjólf, líkt og kemur fram í niðurstöðum þarfagreiningar fyrir Breiðafjarðarferju sem Vegagerðin fól NAVIS ehf. að vinna og var kynnt á dögunum.

Að öðru leyti vísar bæjarstjórn til fyrri ályktana og bókana vegna málsins.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,

Jakob Björgvin Jakobsson
bæjarstjóri.

Yfirlýsing sveitarfélaga
vegna bilunar í Breiðafjarðaferjunni Baldri

18. mars 2021

Fulltrúar frá Vestfjarðastofu, Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi (SSV) og sveitarfélögum við Breiðafjörð hafa undanfarna daga átt fundi með samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, Vegamálastjóra og þingmönnum Norðvesturkjördæmis um stöðuna sem upp er komin vegna bilunar sem varð í Breiðafjarðaferjunni Baldri í síðustu viku.

Eins og öllum er kunnugt varð bilun í aðalvél Baldurs sem varð til þess að ferjan varð vélarvana á miðjum Breiðafirði og tók rúman sólarhring að draga ferjuna í land í Stykkishólmi. Mikil mildi var að allt fór vel, en ekki mátti mikið út af bregða til þess að hlutir hefðu getað farið til verri vegar. Fram kom í máli samgönguráðherra að bilunin yrði skoðuð af rannsóknarnefnd samgönguslysa og telja fulltrúar sveitarfélaganna brýnt að það verði gert.

Ferjan Baldur gegnir afar mikilvægu hlutverki sem tenging á milli sunnanverðra Vestfjarða og Snæfellsness og er oftar en ekki eina greiðfæra leiðin fyrir íbúa á sunnanverðum Vestfjörðum yfir vetrartímann þar sem vegur yfir Klettsháls lokast mjög oft og gegnir ferjan lykilhlutverki í að tryggja flutning fólks sem og vaxandi magns sjávarafurða og aðfanga. Þá gegnir ferjan mikilvægu hlutverki fyrir byggðina í Flatey og þá íbúa sem þar eiga fasta búsetu allt árið um kring og þá stólar Flatey á afhendingu vatns í eyjuna með Baldri. Það öryggisleysi sem íbúar og atvinnulíf á sunnanverðum Vestfjörðum búa nú við í samgöngum í kjölfar bilunar Baldurs er óásættanlegt.

Á fundunum lögðu fulltrúar sveitarfélaganna þunga áherslu á að endurreisa þarf öryggi og traust íbúa og atvinnulífs á ferjusiglingu á Breiðafirði. Þar sem langt er í land um úrbætur á vegsamgöngum skiptir verulegu máli fyrir mannlíf og atvinnulíf á Vestfjörðum og Vesturlandi að ferjusiglingar séu öruggur valkostur. Á fundunum var jafnframt ítrekað mikilvægi þess að unnin verði viðbragðsáætlun ef bilun eða slys verða, til að tryggja með öllum ráðum að atvik síðustu viku endurtaki sig ekki og öryggi farþega verði tryggt. Einnig að tryggðar verði viðunandi viðbrögð ef ferjuslys verður á friðuðum Breiðafirði til að lágmarka umhverfisáhrif. Einnig er mikilvægt að yfirfarinn verði gildandi samningur um rekstur Baldurs. Auk þess er forgangsmál að fá fram kostnað og niðurstöðu um mögulega notkun á Herjólfi 3 til reksturs á Breiðafirði til skemmri tíma.

Það er ljóst að framtíð ferjusiglinga er grundvallarþáttur fyrir Vestfirði og Vesturland. Því var mjög jákvætt að á þessum fundum hefur komið fram að stjórnvöld og þingmenn eru sammála þessu sjónarmiði og að bætt vegakerfi mun ekki þýða að rekstri ferju verði hætt. Þar vega hagsmunir byggðar, ekki síst í Flatey - og beggja vegna Breiðafjarðar þungt. Því er afar brýnt að nú þegar verði hafist handa við að endurskoða þarfir og forsendur ferjusiglinga til framtíðar. Að okkar mati er eina lausnin til lengri tíma að ný og öflug ferja sem uppfylli allar nútíma öryggiskröfur hefji siglingar eins fljótt og verða má.

Nánari upplýsingar veita
Sigríður Ólöf Kristjánsdóttir framkvæmdastjóri Vestfjarðastofu í síma
Páll S. Brynjarsson framkvæmdastjóri SSV í síma 855-1877

Samgöngu- og sveitastjórnarráðuneytið
b.t. Sigurðar Inga Jóhannssonar, samgöngu- og sveitastjórnarráðherra
Sölvhólsgötu 7
101 Reykjavík

Stykkishólmi, 31.03.2021

Á 397. fundi bæjarstjórnar Stykkishólmsbæjar 29. mars 2021, var tekið fyrir neðangreint erindi:

Breiðafjarðarferjan Baldur
Lögð fram ályktun Stykkishólmsbæjar vegna Breiðafjarðarferjunnar Baldurs, dags. 12. mars 2021, ásamt öðrum gögnum vegna bilunar Baldurs á dögunum.

Bókun 625. fundar bæjarráðs Stykkishólmsbæjar
Stykkishólmbær hefur ítrekað bent á að styrkja þurfi ferjusiglingar um Breiðafjörð með stærri og nýrri ferju til að anna aukinni þörf samfélagsins og jafnframt gert athugasemdir við að í ferjunni sé einungis ein aðalvél með því óöryggi sem því fylgir. Bilun í Baldri nýverið er enn ein áminningin um óboðlega stöðu sem við sem samfélag viljum ekki búa við og íbúar svæðisins sætta sig ekki við. Við þessa stöðu verður ekki unað og krefst Stykkishólmsbær úrbóta strax.

Stykkishólmsbær gerir þá kröfu til samgönguyfirvalda, sem ábyrgð bera á öryggi samgangna, að málið verði tekið föstum tökum strax og öryggi þessarar þjóðleiðar um Breiðafjörð verði tryggt.

Bæjarráð samþykkti ályktun Stykkishólmsbæjar samhljóða og vísaði til bæjarstjórnar.

Ályktun 397. fundar bæjarstjórnar Stykkishólmsbæjar
Bæjarstjórn fagnar afdráttarlausri yfirlýsingu samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra um að unnið sé að framtíðarsýn til lengri tíma um ferjusiglingar yfir Breiðafjörð. Með yfirlýsingunni er tekinn af allur vafi um framtíð ferjusiglinga. *Mikilvægi ferjunnar hefur aukist verulega á undanförnum árum ekki síst vegna aukins laxeldis, sem samkvæmt áætlunum mun aukast enn frekar, og aukinnar umferðar ferðamanna, en ferjuleið yfir Breiðafjörð, með viðkomu í Flatey, er ein af undirstöðum ferðaþjónustunnar á svæðinu, þ.m.t. í Stykkishólmi. Með tilkomu nýrra Dýrafjarðargangna og endurgerðar á vegi yfir Dynjandisheiði mun þörfin fyrir öflugri og öruggri ferju aukast enn frekar og líklegt að aukning verði á umferð frá norðanverðum Vestfjörðum. Það liggur fyrir að með auknum þungaflutningum eykst álag á þjóðvegi landsins verulega og því hagkvæmt að þeir flutningar fari sem mest fram með sjóflutningum.*

Bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar leggur áherslu á að þörfin fyrir nýja og stærri Breiðafjarðarferju er mikil og brýn. *Með núverandi skipi er á engan hátt gerlegt að mæta kröfum samfélagsins. Vandamálið er tvíþætt og ber að nálgast fyrirliggjandi verkefni í því ljósi. Annars vegar er þörf á lausn til skamms tíma, þ.e. bráðalausn, og*

hins vegar framtíðarlausn, þ.e. að endurskoða þarfir og forsendur ferjusiglinga til framtíðar.

Bráðalausnin felst í að hefja nú þegar undirbúning á breytingu á ferjubrúm með það markmið að gamli Herjólfur hefji siglingar yfir Breiðafjörðinn á haustmánuðum, ásamt öðrum framkvæmdum sem ráðast þarf í svo sem dýpkun hafna. Að mati bæjarstjórnar uppfyllir núverandi ferja ekki viðeigandi öryggiskröfur. Ferjan hefur einungis eina vél en við Breiðafjörð hafa allar ferjurnar sem hafa þjónustað svæðið frá 1955 haft tvær vélar utan núverandi ferju. Þá hafa ítrekaðar bilanir á því sérstaka svæði sem Breiðafjörðurinn er með skerjum, boðum og eyjum sýnt svo ekki sé um villst að tvær vélar eru nauðsynlegar. Mesta mildi er að ekki hefur verr farið og nauðsynlegt er að rannsaka þau atvik sem átt hafa sér stað auk þess sem beðið er eftir staðfestingu samgönguyfirvalda hvort núverandi ferja uppfylli allar öryggiskröfur. Leggja verður áherslu á að endurreisa traust íbúa, áhafnar og aðila atvinnulífsins á ferjusiglingu á Breiðafirði sem er lítið eftir áðurnefnd atvik. Ítrekuð er nauðsyn þess að strax verði unnin viðbragðsáætlun ef bilun eða slys verða, til að tryggja með öllum ráðum að atvik síðustu viku endurtaki sig ekki og öryggi farþega verði tryggt.

Bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar ítrekar þá afstöðu sína að eina lausnin til lengri tíma er að ný og öflug ferja sem uppfyllir allar nútíma öryggiskröfur, taki mið af stefnu stjórnvalda í umhverfismálum og mæti þörfum atvinnulífs hefji siglingar eins fljótt og verða má. *Nauðsynlegt er að stefnumótun til framtíðar þarf að hefjast nú þegar. Eðlilegt er að sveitarfélögin sem þjónusta ferjuna taki þátt í þeirri vinnu. Bæjarstjórn leggur jafnframt áherslu á að skoða þurfi öryggisviðmið ferjunnar með tilliti til þess umhverfis sem ferjan siglir í en ekki hvernig hafsvæðið sé formlega flokkað. Niðurstaða þessarar vinnu liggi fyrir áður en gengið er til útboðs á rekstri ferjunnar en núverandi samningur gildir til vors 2022.*

Þetta tilkynnist hér með.

Meðfylgjandi er jafnframt yfirlýsing fulltrúa sveitarfélaga á Vesturlandi og Vestfjörðum vegna málsins, dagsett 18. mars 2021.

Virðingarfyllst,

Jakob Björgvin Jakobsson
bæjarstjóri.

Skagafjörður

Ráðhúsinu, Skagfirðingabraut 21 · 550 Sauðárkróki · S: 455 6000 · F: 455 6001 · Netf.: skagafjordur@skagafjordur.is · www.skagafjordur.is

Fjárlaganefnd Alþingis
Austurstræti 8–10
101 Reykjavik

Skagafirði, 17. nóvember 2022

Umsókn um styrk vegna áframhaldandi framkvæmda við lagningu stofnlagnar hitaveitu frá Langhúsum í Fljótum að Hrolleifsdal.

Framkvæmdir 2022

Í apríl á þessu ári var auglýst útboð í lagnaefni fyrir áætlaðar framkvæmdir á árinu 2022. Snögglega breyttust horfur á mörkuðum, verð á stáli allt að þrefaldaðist og horfur á mörkuðum voru mjög slæmar. Í framhaldinu tóku Skagafjarðarveitur ákvörðun um að í stað þess að hefja framkvæmdir við lagningu veitunnar á árinu var fjármunum varið til innkaupa á lagnaefni og er í dag búið að fjárfesta í nálægt helmingi stofnlagnarinnar. Efnið er nú þegar komið til landsins og bíður lagningar á næstu 2 árum.

Stutt ágrip af verkefnislýsingu

Verkefnið felst í því að leggja 17,3 km stofnlögn hitaveitu frá Langhúsum í Fljótum að minni Hrolleifsdals á Höfðaströnd og tengjast þannig holu við Langhús í Fljótum. Í dag er búið að leggja hitaveitu úr Hrolleifsdal í Hofsós um Óslandshlíð að Neðra-Ási í Hjaltadal. Samkvæmt framkvæmdaáætlun Skagafjarðarveitna er áætlað að leggja hitaveitu í Deildardal, Viðvíkursveit og þann hluta Hjaltadals sem eftir stendur, auk þess sem nauðsynlega þarf að styrkja veituna í Hrolleifsdal þar sem að gæfni svæðisins leyfir ekki frekari vatnstöku. Afkastamæling borhola í Hrolleifsdal sýnir að afköst virkjanasvæðisins eru minni en áætlað var í fyrstu. Af þeim sökum er stefnt að því að nýta borholu í Fljótum til hitaveituvæðingar svæðisins þar sem það þykir öruggasta og hagkvæmasta leiðin til að tryggja hitaveitu þess hluta Skagafjarðar sem raunhæft er að ráðast í slíkar framkvæmdir fyrir.

Tilgangur og markmið

Tilgangurinn er að hitaveituvæða svæði í austanverðum Skagafirði sem ekki nýtur hitaveitu í dag. Mikil uppbygging búsetu hefur átt sér stað í kjölfar hitaveituvæðingar í dreifbýli í Skagafirði undanfarna áratugi. Það hefur sýnt sig að lagning hitaveitu styrkir búsetuskilyrði og stuðlar að uppbyggingu í hinum dreifðu byggðum. Markmiðið er að 90% heimila á umræddu svæði í austanverðum Skagafirði muni hita hús sín upp með heitu vatni árið 2023/2024. Það stuðlar að auknum lífsgæðum íbúa svæðisins, sparar raforkunotkun og styður þar með við samdrátt í útstreymi gróðurhúsalofttegunda og að Ísland nái loftslagsmarkmiðum sínum.


Væntanlegur árangur og áhrif verkefnisins

Árangur verkefnisins felst í því að öll heimili í Deildardal, Viðvíkursveit og Hjaltadal í Skagafirði munu eiga þess kost að tengja hús sín við heitt vatn og eiga þar með kosta á ódýrri og öruggri húshitun. Umrætt svæði hefur búið við langvarandi fólksfækkun og tiltölulega einhæft atvinnulíf. Þar sem hitaveituvæðing hefur átt sér stað annars staðar í Skagafirði og á Íslandi hefur hún skilað bættum búsetuskilyrðum, auknum lífsgæðum og uppbyggingu og fólksfjölgun á viðkomandi svæðum. Framkvæmdin á því að geta stuðlað að varanlegum og verulega jákvæðum áhrifum á þróun byggðar og búsetu og geta ýtt undir aukinn fjölbreytileika starfa á svæðinu.

Gott dæmi um jákvæð áhrif hitaveituvæðingar í Skagafirði, svæðið á milli Varmahlíðar og Sauðárkróks sjá meðfylgjandi kort „Borgarsveit“ og „Sveitir kringum Varmahlíð“, má sjá yfir 20 ára tímabil hitaveitu um miðbik Skagafjarðar:

Taflan sýnir þróun fjölda notenda á svæði milli Varmahlíðar og Sauðárkróks frá árinu 2001 - 2021

	Samtals	Íbúðarhús	Sumarhús	Annað/útihús
Fjöldi veitna des 2001	78	63	6	9
Fjöldi veitna des 2021	168	107	15	46
Aukning frá 2001	90	44	9	37
	215%	170%	250%	511%



Skagafjarðarveitur, útbreiðsla hitaveitu. Gráskyggð svæði eru þau svæði sem mun nást að ljúka eftir að tenging við Langhúsaveitu lýkur. Einnig mun tenging holunnar auka rekstraröryggi Hofsósveitna og stuðla að því að nægt heitt vatn verði til uppbyggingar á Hofsósi og nágrenni. Þarna hefur þurft að grípa til skömmtunar vegna skorts á heitu vatni og er það eftast gert með því að loka sundlauginni tímabundið. Rauð breið lína merkir lagnaleið nýrrar lagnar milli Langhúsa og Hrolleifsdals.

Framkvæmdalýsing, verk- og tímaáætlun

Heildarframkvæmd verksins mun að öllum líkindum taka 3 ár en sótt er um viðbótarstyrk vegna stofnlagnar frá Langhúsum að Hrolleifsdal. Stofnlögnin verður 125mm einangruð stállögn sem soðin er saman og lögð í skurð. Að auki þarf að byggja eina dælustöð við stofnlögnina við bæinn Fell í Sléttuhlíð og aðra dælustöð við Mýrarkot og vinna að tengingu lagnarinnar við núverandi dælustöð við Langhús í Fljótum.

Gert er ráð fyrir að lagningu stofnlagnar verði skipt á árin 2023 og 2024. Unnið verður að lagningu stofnlagnar yfir sumartímann hvort ár.

Kostnaður

Heildarkostnaður við verkið er um 351 milljónir án vsk. og skiptist með eftirfarandi hætti:

17,3 km stofnlögn frá Langhúsum að Hrolleifsdal – kostnaðaráætlun, (Verkfræðistofan Stoð ehf)

	Magn	Eining	Ein. verð	Samtals
Efniskostnaður, DN125 stállögn 2022 lokið	8.500	m	8.700	74.000.000
Efniskostnaður, DN125 stállögn 2023	8.800	m	10.000	88.000.000
Vinnukostnaður, jarðvinna suða á lögn o.fl.	17.300	m	6.830	118.200.000
Dælustöð við Mýrarkot	1	heild	20.800.000	20.800.000
Dælustöð við Fell	1	heild	20.800.000	20.800.000
Dælur og stýrikerfi í dælustöð Langhúsum	1	heild	15.300.000	15.300.000
Hönnun og umsjón	1	heild	14.200.000	14.200.000
			Samtals	**351.300.000**

Fjármögnun

Sótt er um styrk að upphæð 88 m.kr. fyrir árið 2023. Önnur fjármögnun er á hendi Skagafjarðarveitna.

Þess má geta að fyrir tilstuðlan framkvæmda við hitaveitulagningu í Skagafirði á vegum Skagafjarðarveitna á undanförnum árum, sem nema á fjórða milljarð króna, sparar ríkissjóður um 100 m.kr. á hverju ári í formi lægri niðurgreiðslu vegna húshitunar með rafmagni, eins og sjá má á eftirfarandi útreikningum frá Benedikti Guðmundssyni hjá Orkusjóði á Akureyri.

Sveitarfélagið Skagafjörður	Niðurgreidd notkun	Fjöldi notenda	Núvirði niðurgreiðslna m.kr.
Niðurgreiðslur húshitunar Skagafirði 2002	13,03	410	117,01
Niðurgreiðslur að lokinni hitaveituvæðingu	1,92	75	17,24
Sparnaður ríkissjóðs	11,11	335	99,77

Taflan hér að ofan sýnir þróun fjárfestinga og niðurgreiðsla fyrir árin 2002 – 2019 í Skagafirði, heimild frá Orkusjóði.

Það er því ljóst að fjárfesting ríkissjóðs til stuðnings framangreindu verkefni mun halda áfram að skila sér með beinum hætti til baka til ríkissjóðs í formi lægri niðurgreiðslu vegna húshitunar með rafmagni, auk þess sem allnokkur sparnaður verður í raforkukerfinu sem veitir svigrúm til nýtingar raforku annars staðar.

Beiðni um fastan rekstrarstyrk til þriggja ára 2022-2024

Ár 2 af 3

Í umsókn þessari er sótt um fast rekstrarframlag til tveggja ára að upphæð 25 milljónir á ári næstu 2 árin, eða alls 50 milljónir.

Óhætt er að segja að slíkt rekstrarframlag sé algjört grundvallaratriði í því að hægt sé að tryggja þá vinnu sem þarf til að hægt verða að opna það aftur sem fyrst.

Rekstrarframlag ríkisins á yfirstandandi ári var grunnforsenda fyrir því að safnið gæti haldið áfram uppbyggingarfasa sínum, án þess hefði lítið verið hægt að gera og starfsmannafjöldi verið í lágmarki.

Helstu punktar er varða verkefnastöðu Tækniminjasafns Austurlands í árslok 2022:

- Síðustu tæp tvö ár hefur grettistaki verið lyft í björgun muna og safnkosts og unnið hefur verið hörðum höndum að endurreisn Tækniminjasafns Austurlands á Seyðisfirði.
- Búið er að festa kaup á viðunandi varðveisluhúsnæði sem uppfyllir kröfur sem þarf til varðveislu muna og er næsta verkefni varðandi safnmuni að flytja þá og hefja forskráningu.
- Stefnumótun er lokið og bíður ný stefna nú staðfestingar stjórnar, sjá fylgiskjal.
- Fjármunir hafa fengist í hönnun nýs safnasvæðis en á haustdögum breyttist áætluð uppbygging húsa þar sem Angró fauk í hvassviðri og þurfti því að rífa það og setja í geymslu. Safnið hefur nú sent Múlaþingi erindi þess efnis að safnið fái 4 lóðir að Lónsleiru líkt og nefnd um flutning húsa lagði til.
- Safnið hefur einnig óskað eftir því að fá Angró og þá fjármuni sem komið hafa til flutnings húsa auk fokbóta svo safnið geti strax hafist handa við að endurbyggja Angró á nýju staðsetningunni. Samhliða yrði unnið að hönnun innri hluta hússins og ytra svæðis auk þess sem hefjast þarf fljótlega handa við að hanna grunnsýningar.
- Safnið hefur nú fjárfest í viðunandi varðveisluhúsnæði og hafa viðgerðir á Vjelasmiðju Jóhanns Hanssonar gengið vel og má ætla að það húsnæði muni nýtast sem sýningarrými og vinnustofa strax á næsta ári.

Hér á eftir verður farið yfir stöðu safnsins í dag en meðfylgjandi er ársskýrsla 2021 og 2022 auk uppfærðrar 3 ára aðgerðaráætlunar sem miðar að því að tryggja safninu nægt rekstrarfé á meðan uppbyggingartímabilinu stendur.

Bent er á að safnið hefur takmarkað aðgengi að fjármagni sökum þess að verkefnið um endurreisn og uppbyggingu safnsins telst ekki fela í sér nýnæmi. Almennir sjóðir sem og opinberir takmarka því margir styrkveitingar til safnsins.



ENDURREISN
TÆKNIMINJASAFNS AUSTURLANDS

SAMFÉLAGIÐ GRÆR

3 ÁRA ÁÆTLUN 2022 – 2024
UPPFÆRÐ Í NÓVEMBER 2022

SAFN

HUGTAKIÐ SAFN ER NOTAÐ Í ÞEIRRI MERKINGU
AÐ ÞAÐ SÉ **STOFNUN**
EÐA *STAÐUR*
SEM VELUR,
RANNSAKAR
OG HEFUR TIL SÝNIS
EFNISLEG OG ÓEFNISLEG UMMERKI MANNSINS
OG UMHVERFI HANS.

INNIHALD

Endurreisn Tækniminjasafns Austurlands 5
Inngangur 5
Tækniminjasafn Austurlands - um safnið 6
Ný stefna 6
Sýningar 6
Húsnæðismál safnsins 7
Vélsmiðjan 7
Varðveisluhúsnæði 8
Nýtt safnasvæði 9
Rekstrarforsendur 10
Áætlun 2022-2024 10

ENDURREISN TÆKNIMINJASAFNS AUSTURLANDS

Inngangur



Hér verður farið yfir stöðu safnsins í dag og sett fram uppfærð 3 ára aðgerðaráætlun með það að markmiði að tryggja safninu nægt rekstrarfé á þeim tíma. Það teljum við vera lágmarkstími sem safnið þarf til að vinna úr afleiðingum aurskriðanna, framfylgja helstu áherslum nýsamþykktrar stefnu og koma upp nýju húsnæði og safnasvæði.

Seyðisfjörður á sér ríka sögu og hafði Tækniminjasafnið fengið til vörslu mikið af munum og hafði um árabil haft umsjón með fjölmörgum eignum. Á sama tíma fylgdu ekki nægjanlegir fjármunir þeim verkefnum sem leiddi til þess að fjöldi starfsmanna var langt undir lágmarksþörf, aðsókn gesta hafði minnkað sökum heimsfaraldurs COVID 19 og húsnæði safnsins voru í mikilli niðurníðslu vegna langvinns fjárskorts og ófullnægjandi viðhalds.



Safnið er mikilvægur hornsteinn samfélagsins á Seyðisfirði og dregur til sín fjölda gesta árlega.

Það er því ljóst, að mati allra, að óhugsandi sé annað en að safnið verði endurreist. Til þess að safnið eigi sér glæsta framtíð með tryggum rekstrargrundvelli, gestafjölda og faglegu starfi þarf að hugsa stórt og rækta nærsamfélagið til að safnið geti orðið táknmynd þess að samfélagið geti gróið.

Samfélagið grær – 3 ára áætlun fyrir árin 2022-2024 er lifandi skjal sem verður uppfært árlega í samræmi við framgang verkefnisins.

Tækniminjasafn Austurlands - um safnið

Tækniminjasafn Austurlands var formlega stofnað árið 1984 en fyrsta sýning þess var opnuð á 100 ára afmæli Seyðisfjarðarkaupstaðar árið 1995. Það var þó ekki fyrr en árið 2001 sem ráðinn var forstöðumaður til safnsins í fullt starf. Fékk safnið staðfestingu Safnaráðs sem viðurkennt safn árið 2014 og þá staðfesti Safnaráð stofnskrá með auglýsingu í Stjórnartíðindum þann 5. júlí 2018. [1]

Ný stefna



Á árinu 2022 var áfram var haldið með og lokið við vinnu um nýja stefnu Tækniminjasafnsins. Í upphafi árs var söfnunarstefna að mestu tilbúin, komið var að því að rýna og koma á blað stefnu um miðlun sem og innra starf safnsins. Þá voru fyrstu drög að þarfagreiningu um framtíðarhúsnæði safnsins til skoðunar. Ný Varðveislu- og grisjunarstefna safnsins var samþykkt og staðfest á fundi Safnaráðs þann 24. febrúar 2022.

Áfram var það vinnuhópurinn, þau Lilja Árnadóttir frá Þjóðminjasafninu, Elsa Guðný Björgvinsdóttir á Minjasafni Austurlands, Vilhjálmur Jónsson fulltrúi Múlaþings og Tinna Halldórsdóttir frá Austurbrú auk Skúla Vignissonar formanns stjórnar Tækniminjasafnsins og Jónína Brynjólfsdóttir, undir verkstjórn Elfu Hlínar, sem hafði veg og vanda að vinnunni. Hins vegar voru aðrir fengnir að borðinu til ráðgjafar, innblástur og samtals á árinu:

Vinnuhópurinn fundaði nokkuð þétt fram á vordaga og lagði þá fram drög að nýrri stefnu til umfjöllunar hjá stjórn í byrjun júní sem komu fram með mikilvægar athugasemdir. Í nóvember var síðan smiðshöggið rekið og ný stefna Tækniminjasafns Austurlands var samþykkt og tekin í notkun.

SÝNINGAR



Sýningar safnsins hafa verið margar í gegnum tíðina en einungis ein sýning hélst heil eftir aurskriðuna, Símasýningin, á Hafnargötu 44, efri hæð. Þeirri sýningu var pakkað niður í upphafi þessa árs og hún flutt í upphitað húsnæði sem, þó það standi utan hættusvæðis ofanflóða, uppfyllir að öðru leyti ekki nauðsynleg varðveisluskilyrði. Ekki var forsvaranlegt að hafa þær merku menningarminjar ennþá á Hafnargötunni vegna ofanflóðahættu.

[1] https://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?recordID=cab1a261-f8c0-4f64-bd17-c7d9d983d44d

Tvær sýningar Tækniminjasafnsins má finna á Google Arts & Culture Once Upon a Try –, „Nútímavæðing Íslands með rítsímanum“[2] og „Strákurinn frá Djúpavogi“[3] um Jóhann Hansson.

Á fyrirhuguðu safnasvæði er nú staðsett útigallerýið Þá&nÚ og þar er til sýningin „The Landslide Project“ í samstarfi við Ströndin Studio, sem segir og fjallar um persónulega reynslu nokkurra Seyðfirðinga af skriðuföllunum í desember 2020.



Tekin hefur verið í notkun ný heimasíða, www.tekmus.is þar sem ýmiss fróðleikur og miðlun fer fram.

Fyrirhugað er að setja upp fjórar vörður í bænum með frekari miðlun tengdum skriðuföllunum auk sýningarinnar „Umbreytingar“ í Vjelasmiðjunni sem opnuð verður vorið 2023.

Húsnæðismál safnsins

Tækniminjasafnið missti mestan hluta síns húsnæðis við aurskriðuna og á nú í raun 2 hús. Um er að ræða Vjelasmiðju Jóhanns Hanssonar, byggt 1906, elstu vélsmiðju landsins, friðað hús samkvæmt lögum fyrir aldurs sakir og flokkast sem menningarminjar og síðan var verið að festa kaup á varðveisluhúsnæði.


VÉLSMIÐJAN



Á árinu 2022 var ákveðið að ráðast í endurbætur á Vjelasmiðjunni sem hafði farið illa í aurskriðunni. Fyrst eftir að skriðan féll voru örlög hússins óráðin. Náttúruhamfaratryggingar Íslands dæmdu altjón á húsið, sem vanalega þýðir að rífa þurfi rústir viðkomandi húss. Þó náðist samkomulag, með fulltingi Minjastofnunar Íslands og fleiri aðila, að það yrði ekki gert og þeir fjármunir sem eyrnamerktur væri alla jafna í niðurrif skyldu greiddir til safnsins og nýttir til að tryggja öryggi þess. Styrkur fékkst frá Húsafriðunarsjóði fyrir nýjum gluggum í hluta hússins, steyptur var nýr gafl í sárið sem varð eftir að elsti hluti hússins var rifinn, steypt var í gólf að innan, húsið þétt eftir föngum, nýtt rafmagn lagt að hluta, salerni innréttað og tvær varmadælur settar upp, svo eitthvað sé nefnt.

[2] https://artsandculture.google.com/exhibit/KwIiclXXKD83LQ
[3] https://artsandculture.google.com/exhibit/_gJSMZ8QQCYmIA

Nauðsynlegt er að drena suðurhlið hússins, sem snýr að fjallshlíðinni, en þegar þetta er skrifað hafa verktakar enn ekki ráðist í verkið þrátt fyrir vilyrði um annað. Einnig er eftir að fjarlægja brotajárn fyrir ofan húsið og ráðast í viðgerðir á ytri byrði hússins og mála það. Þá er nauðsynlegt að skipta um járn á þaki og ganga frá þannig að strompurinn verði tryggur og hægt verði að nýta hann með eldsmiðjunni sem enn stendur inni í húsinu. Fyrirhugað er að sækja um í Húsafriðunarsjóð fyrir hluta þeirra endurbóta sem eftir standa.



Fyrst eftir skriðuföllin var ekki vilji til þess að safnið ætti húsið áfram, en með þessum endurbótum koma þeir miklu möguleikar í ljós sem húsið vissulega býr yfir. Það er samt staðsett á hættusvæði sem ekki er unnt að verja og þar af leiðandi munu skráðir safngripir ekki verða til sýnis í húsinu. Þau áform sem nú eru uppi um notkun hússins eru að þar verði sýningin *Umbreytingar* sem fjalla mun um Búðareyrina, svæðið þar sem húsið stendur, út frá hugtakinu um umbreytingar. Rýmið verði þó einnig hægt að nýta fyrir margs konar dagskrá og viðburði . Á efri hæð er fyrirhugað að rífa niður veggi og koma upp fjölnotarými og verkstæðisaðstöðu sem mun nýtast í fræðslustarfi í víðum skilningi.

VARÐVEISLUHÚSNÆÐI



Safninu bauðst húsnæði til leigu í kjölfar skriðufalla sem reynist safninu verðmætt en var þó alltaf vitað að það væri bráðabirgðahúsnæði enda um að ræða kalda geymslu í opnu rými sem aðrir hafa aðgang að og því gæti hluti safnkostsins ekki verið þar til langs tíma. Þar var heldur ekki rennandi vatn né klósett svo að aðstaða fyrir starfsmenn var ekki góð auk þess sem húsnæðið var orðið of stórt í ljósi þess hvað umfang safnkosts hefur minnkað vegna grisjunar.


Keypt var nýtt varðveisluhúsnæði á svipuðum stað og leiguhúsnæðið er, gluggalaust rými með möguleikum á því að stilla hitastigið, renna er í gólfi eftir öllu húsnæðinu komi til þess að vatn komi inn, vinnuaðstaða fyrir starfsmenn er ásættanleg, bæði er kaffistofa sem og klósett. Þó er rétt að taka fram að það húsnæði er á hættusvæði C vegna ofanflóða og því ekki hugsað sem framtíðarlausn.

Það verður verkefni næsta árs að flytja safnkostinn og koma honum fyrir í varðveisluhúsnæði sem betur hentar safnkostinum, þó á hættusvæði sé.

NÝTT SAFNASVÆÐI




Starfshópur sem ætlað var að gera tillögur um flutning sögulegra húsa á Seyðisfirði eftir skriðuföllin lagði til að nýtt safnasvæði verði við Lónsleiru og að bryggjuhúsið Angró yrði flutt þangað. Stjórn sem og vinnuhópur um stefnumótun safnsins ræddi þessar hugmyndir grannt og skoðaði kosti þeirra og galla. Þar var stórt mál að með þessum hugmyndum yrði Gamla símstöðin / Wathnehúsið ekki hluti af húsakosti safnsins til framtíðar, með þeirri sterku sögulegu tengingu sem það hús hefur við starfsemi og umfjöllunarefni safnsins. Þó var sá póll tekinn að stefnt skyldi að nýju safnasvæði við Lónsleiru þar sem Angró myndi rísa á ný auk nýbyggingar. Arkitektarnir Gunnlaugur Björn hjá Gingi teiknistofa og Ástríður Birna Árnadóttir hjá Arkibygg voru fengin til verksins auk verkfræðistofunnar Verkráð.



Arkitektarnir komu með fram fyrstu hugmynd sem snýr að því að við hlið Angró muni rísa hús sem tekur mið af Gömlu skipasmíðastöðinni sem gjöreyðilagðist í skriðunni stóru en rými væri einnig á lóðinni fyrir frekari uppbyggingu þegar fram í sækir.

Í áætlunum safnsins framan af ári var gert ráð fyrir að fyrsta skref væri að ráðast í nýbyggingu en ríkið/Múlaþing myndi annast flutning á Angró og afhenda safninu að því loknu. En

skjótt skipast veður í lofti, í september gerði á landinu aftakaveður með miklu hvassviðri. Afleiðingar þess urðu að fyrrnefnt Angró, sem hafði orðið fyrir skemmdum í skriðuföllunum af völdum flóðbylgju sem skall á því, hrundi og ráðast þurfti í bráðaaðgerðir til að forða frekari tjóni á því og einnig að koma í veg fyrir hættu sem af því stafaði. Þegar þessi orð eru skrifuð um miðjan nóvember hefur safnið sent inn erindi til Múlaþings um að það fái niðurtekna viði hússins afhenta auk fjárframlags sem ætlað er til flutnings húsa og annist sjálft endurbyggingu þess. Enn er beðið svara sveitarfélagsins um hvernig þau mál þróast.



Rekstrarforsendur

Ljóst er að allar forsendur sem fyrir voru hjá safninu eru horfnar og tækifæri til tekna hafa takmarkast að miklu leyti. Safnið mun þurfa tíma til að klára að vinna sig úr þeim verkefnum sem aurskriðan skildi eftir sig, vinna að því að halda nafni sínu á lofti með skammtímasýningu og síðar vinna að því að byggja upp og endurreisa safnið í nýjum og/eða uppgerðum húsakynnum.

Það er varla hægt annað en að undirstrika mikilvægi fjárframlags ríkis og sveitarfélags fyrir komandi ár en ljóst er að ef ekki komi til rausnarlegra grunnrekstrarframlaga mun safnið ekki getað haldið áfram með þá miklu uppbyggingu sem nú er unnið hörðum höndum að.

Áætlun 2022-2024

Uppbygging á safni flokkast ekki sem nýsköpun né frumkvöðlastarf sem útilokar safnið frá mörgum styrkjakerfum og leiðum. Því er mikilvægt að grunnrekstur sé tryggður. Einnig er ljóst að á meðan uppbyggingarfasa stendur hefur safnið sáralítið svigrúm til tekjuöflunar.

Áætluð störf og starfslýsingar	Hlutfall
Safnstjóri	**100%**
Rekstur	
Áætlanagerð / fjárhags-, launa-, starfsáætlanir. Rekstur húsnæðis og búnaðar	
Styrkjaumsóknir og skýrslur. Greining á mögulegum sértekjum og öflun þeirra	
Mannauðsmál	
Stjórnarfundir og verkefni stjórnar	
Samskipti við Múlaþing / ríkið. Samskipti og tenglsamyndun innan safnageirans	
Samskipti við stoðkerfi ferðaþjónustu	
Fagleg ábyrgð	
Uppfylla skilyrði viðurkennds safns	
Yfirumsjón með faglegu starfi og stefnumótun / framfylgd stefnu	
Ábyrgð á safnkosti	
Sýningar og miðlun	
Verkefnastjórn endurreisnar safnsins	
Ábyrgð á hönnun ytra svæðis og innra svæðis	
Ábyrgð á hönnun sýninga og miðlunar	
Ábyrgð á fjármögnun uppbyggingar	
Samstarfsverkefni	
Livind	
Farskóli safnamanna	
Varðveisluhús	
Safnvörður með áherslu á varðveislu	**100%**
Fara yfir muni og flokka þá í samræmi við leiðbeiningar og stefnur	
Frágangur og pökkun muna	
Aðstoð við uppsetning á sýningum	
Viðhald húsnæðis	
Viðhald búnaðar	
Tilfallandi verkefni	
Skráning muna sem eru óskráðir, muna sem verður fargað	
Skráningum í Sarp og afskráningu	
Safnvörður með áherslu á fræðslu og miðlun	**100%**
Markaðs - og kynningarmál	
Almannatengls og viðburðastjórn	
Umsjá heimasíðu og samfélagsmiðla	
Sýningar og sýningargerð	
Samskipti við ferðaskrifstofur / sala til hópa	
Fræðsla og gerð fræsluefnis	
Átaksverkefni	**80%**
Grisjun í samræm i við uppvinnslu- og förgunaráætlun, grunnskráning	
Skráning í Sarp eftir þörfum	
Viðhald húsnæðis og búnaðar	
Sýningargerð	
Fjöldi starfa	**3,8**

Tækniminjasafn Austurlands

Fjárhagsáætlun 2023

Skýring: * merkir óstaðfesta styrki	Rekstur		Verkefni	
	Gjöld	Tekjur	Gjöld	Tekjur
Tekjuliðir reksturs				
Múlaþing		10.000.000		
Opinber rekstrarstyrkur - Fjárlaganefnd		25.000.000		
Endurgreiðsla launa vegna allir vinna og vinnusamningur öryrkja		1.575.000		
Ýmsar endurgreiðslur		1.500.000		
Launatengdir liðir				
Laun og launatengd gjöld	35.975.000			
Ýmis aðkeypt vinna sérfræðinga	350.000		800.000	
Húsnæðiskostnaður				
Rekstrarkostnaður húsnæðis	7.225.000			
Tryggingar	400.000			
Ýmis rekstrarkostnaður				
Annar kostnaður	800.000			
Kynningarmál	500.000			
Endurskoðun og reikningsskil	3.500.000			
Félags- og leyfisgjöld	200.000			
Rekstur ýmissa tölvukerfa	250.000			
Rekstrarkostnaður skrifstofu / Viðhalds skrifstofubúnaðar	350.000			
Ferða og fundakostnaður	500.000		150.000	
Úrgangslosun	400.000			
Tölvubúnaður og sími	618.000		1.500.000	
Námskeið og kynningar	300.000			
Viðburðir			1.500.000	
Sýningagerð í Vélsmiðjunni			3.000.000	
Verkefni				
Framkvæmdasjóður ferðamannastaða - Hönnun nýs safns			21.000.000	19.000.000
Hvatasjóður Seyðisfjarðar - Hönnun nýs safns				3.000.000
Safnasjóður - Heildarúttekt, grisjun og skráning safnkosts				5.000.000
*Uppbyggingarsjóður Austurlands - Heildarúttekt, grisjun og skráning safnkosts				1.500.000
*Uppbyggingarsjóður Austurlands - Viðskiptaáætlun				1.200.000
*Uppbyggingarsjóður Austurlands - Búðareyrin - Saga umbreytinga				2.400.000
*Safnasjóður - Búðareyrin - Saga umbreytinga				2.000.000
*Múlaþing - Búðareyrin - Saga umbreytinga				1.000.000
*Tekjur af Smiðjuhátíð				350.000
*Safnaráð - Forvarsla - samstarf Munasafn				1.200.000
*Safnaráð - Ýmsir smáir styrkir, heimasíða, ferð				600.000
Húsafriðunarsjóður		4.000.000		
Samtals	**51.368.000**	**42.075.000**	**27.950.000**	**37.250.000**
Tekjur alls	79.325.000			
Kostnaður alls	79.318.000			
Rekstrarniðurstaða	**7.000**			


r af því að ég gat ekki
fröfaði 74 sinnum.
Ég og Lampi erum búin að búa í
100.000.000.123.456.789 mínútur eftir því
að fara í bíósalinn.
Við erum að bíða eftir „Lass-ík", um er
uppáhalds bíómyndin hans Lampa.
Og hann var aftur pirraður og ég hef ei
kunnað neitt gera til að laga hann.
Hæ-ha! Lokains! Myndin er að byrja!
USS ALLIR! VIÐ ERUM AÐ HORFA HÉRNA

UNGMENNAFÉLAG ÍSLANDS
Sigtún 42, 105 Reykjavík
568 2929, umfi@umfi.is

Alþingi - nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 7. nóvember 2022

EFNI: UMSÖGN UM FRUMVARP TIL FJÁRLAGA FYRIR ÁRIÐ 2023, MÁL 1 OG FRUMVARP TIL LAGA UM BREYTINGAR Á ÝMSUM GJÖLDUM, MÁL 2.

Við hjá UMFÍ – Ungmennafélagi Íslands – höfum rýnt í fjárlagafrumvarp ársins 2023 og breytingar til laga á ýmsum liðum. Þar er margt gott og jákvætt að sjá. En að mati okkar rímar fjárlagafrumvarpið ekki við þær væntingar sem settar voru fram í einkar metnaðarfullri fjármálaáætlun fyrir aðeins tveimur árum síðan. Sú áætlun var til fimm ára og nær því til ársins 2025.

Í Fjármálaáætluninni voru settar fram nýjungar og mögulegt að sjá tímabæra uppstokkun á einstökum liður til fjárlaga. Þær helstu sem snúa að íþrótta- og æskulýðsstarfi eru breytingar á lögum um skatta og gjöld (skattalegra hvata vegna starfsemi til almannaheilla). Þetta voru stór og áhugavert skref sem fela í sér gríðarlega breytingu til batnar fyrir íþróttahreyfinguna. En breytingar eins og þær sem þar eru boðaðar taka langan tíma og þurfa rými til að þróast þar til þær skila árangri.

Nú eru þrjú ár í að tíma fjármálaætlunarinnar lýkur og afar stutt síðan skattalegu hvatarnir urðu að veruleika.

Auðvitað er alltaf hægt að gera gott verk betra og UMFÍ vill því vekja athygli á eftirfarandi.


RÍKISFRAMLAG

UMFÍ og íslensk félagasamtök eru ekki eyland. Eins og fram kemur kemur í skýrslu Seðlabanka Íslands um fjármálastöðugleika og horfur þá eru þær svipaðar hér og í samanburðarlöndum.[1] Þar er útlitið ekki bjart til skamms tíma. Tekið er undir svartsýnar spár í Þjóðhagsspá Hagstofunnar að sumri. Þar kemur fram að verðbólguhorfur hafi versnað talsvert. Gert er ráð fyrir að vísitala neysluverðs hækkun um 7,5% milli ársmeðaltala í ár og að verðbólga hjaðni eftir það, fari í 4,9% árið 2023 og niður í 3,3% árið 2024. Eftir það að gert ráð fyrir að verðbólga nálgist

[1] Fjármálastöðugleiki 2022. Seðlabanki Íslands (2022), 31. Rit. 28. september 2022, bls. 7-8. (Sjá: https://www.sedlabanki.is/library/Skraarsafn/Fjarmalastodugleiki/FS/2022/Fjarmalastodugleiki_2022_2.pdf).

2,5% verðbólgumarkmið Seðlabankans. Til viðbótar við þetta er spenna á vinnumarkaði og mikil eftirspurn eftir faglærðu starfsfólki.

Þróun varðandi ríkisframlag hefur þó stefnt í þessa átt í töluverðan tíma. Hér að neðan má sjá þróun ríkisframlags UMFI frá árinu 2008 þegar það lækkaði í fjármálakreppunni. Þessi mynd sýnir með afar skýrum hætti að ef ríkisframlagið hefði haldið í við verðlag væri það nánast tvöfalt hærra en það er nú.



MEIRI FAGMENNSKA OG KRÖFUR

Ríkisframlagið er UMFÍ og öðrum íþrótta- og æskulýðssamtökum gríðarlega mikilvægt enda veitir það fólki innan félagasamtaka eins og UMFÍ aukin tækifæri til að taka þátt í fjölþættu félagsstarfi, óformlegu námi og iðkun fjölbreyttra íþrótta um allt land.

Félagastarfið er ekki aðeins gefandi fyrir einstaklinga. Það er margþættara en svo. Starf innan skipulags íþrótta- og æskulýðsstarfs er gefandi fyrir þá sem þátt taka í því og hefur líkamleg og jákvæð áhrif, sem gefa af sér áfram til samfélagsins.

Vinna starfsfólks UMFÍ og íþrótta- og ungmennafélaga hefur breyst mikið í samræmi við meira umfang, aukinn fjölbreytileika og auknar kröfur um gæði. Innan flestra félaga er kappkostað að búa til leiðir og tryggja að allir geti tekið þátt og verið á öruggum og góðum vettvangi. Þessi breyting krefst útsjónarsemi, fagþekkingar og sérhæfingar.

UMFÍ

MARGFELDISÁHRIF FÉLAGASAMTAKA

Stuðningur við íþrótta- og æskulýðsstarf er allra hagur og fjölmargar rannsóknir til um að hver króna sem varið er til starfsins skili sér margfalt tilbaka. Með það í huga mælum með því að hið opinbera hækki framlög til málaflokksins, til eflingar íþrótta- og æskulýðsstarfs.

Aðildarfélög UMFÍ eru um 450 félög um allt land í gegnum 26 sambandsaðila sem eru íþróttahéruð og félög með beina aðild.

Forsvarsfólk UMFÍ er reiðubúið til frekari útskýringa og aðstoðar á fleiri stigum málsins ef þess er óskað.

Virðingarfyllst,

Auður Inga Þorsteinsd.

Auður Inga Þorsteinsdóttir,
framkvæmdastjóri UMFÍ

UNGMENNAFÉLAG ÍSLANDS
Sigtún 42, 105 Reykjavík
568 2929, umfi@umfi.is

Alþingi: Allsherjarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 20. nóvember 2022

LANDSMÓT UMFÍ

UMFÍ hefur í marga áratugi staðið fyrir sögulegum landsmótum í samvinnu við sveitarfélög og íþróttahéruð um allt land. Þar á meðal eru tvær íþróttahátíðir; Unglingalandsmót um verslunarmannahelgar og Landsmót UMFÍ 50 ára og eldri um hverja Jónsmessuhelgi. Á nokkurra ára fresti eru haldnar lýðheilsuhátíðir. Á öllum mótum UMFÍ etja þátttakendur kappi í fjölda greina. Markvisst er unnið að því að mæta þörfum þátttakenda og kynna fyrir þeim nýjar greinar. Slíkt fjölgar tækifærum þeirra til að tileinka sér fleiri leiðir til að njóta hreyfingar og bæta lýðheilsu sína á eigin forsendum. Til viðbótar er mikið lagt upp úr félagslegri samveru því rannsóknir sýna að árangursríkasta forvörnin er virk sameiginleg þátttaka barna og foreldra.

UPPBYGGINGARSJÓÐUR LANDSMÓTSSTAÐA

Til fjölda ára hafa sveitarfélög og íþróttahéruð sem halda landsmót UMFÍ getað sótt um styrki til uppbyggingar landsmótsstaða hjá Mennta- og menningarmálaráðuneyti. Sjóður sem hét *Uppbyggingarsjóður landsmótsstaða* styrkti lengi fjölda sveitarfélaga. Síðustu ár hafa styrkveitingar breyst og þær verið teknar af safnliðum, annars vegar í formi stofnstyrkja lista og menningararfs og hins vegar til mannvirkja í íþrótta- og æskulýðsmálum. Þau sveitarfélög sem halda mótin hafa sótt um styrkveitingar einu sinni á ári á auglýstum umsóknartíma.

Nú er staðan sú að slíkir styrki hafa ekki verið auglýstir hjá endurskipulögðu mennta- og barnamálaráðuneyti. Margar ástæður geta verið fyrir því. Það breytir samt ekki því að þau sveitarfélög sem fengu úthlutað mótum UMFÍ árið 2023 og þurfa að bæta mótssvæði sín hafa ekki í neinn sjóð að sækja. Í ljósi þess óskar UMFÍ eftir styrkveitingu upp á 12. m. kr til þess að styrkja uppbyggingu á þeim stöðum sem mótin eru haldin árið 2023. Forsvarsfólk UMFÍ er reiðubúið til útskýringa og samtals.

Virðingarfyllst,

Auður Inga Þorsteinsd.

Auður Inga Þorsteinsdóttir,
framkvæmdastjóri UMFÍ

UNGMENNAFÉLAG ÍSLANDS
Sigtún 42, 105 Reykjavík
568 2929, umfi@umfi.is


Alþingi: Allsherjarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 20. nóvember 2022

AUKIÐ RÍKISFRAMLAG

Í framhaldi af umögn UMFÍ um fjárlagafrumvarp 2023 dagsett 7. nóvember 2022 óska samtökin eftir því að ríkisframlag landssambandsins taki breytingum á árinu 2023 og hækki um 20 m. kr á ársgrundvelli, miðað við þá fjárhæð sem nú er áætluð í fjárlagafrumvarpinu.

Með þeirri breytingu má að hluta til koma til móts við þróun verðlags. Hér má sjá þróun ríkisframlagsins frá árinu 2018 og til samanburðar þróunina ef ríkisframlagið hefði fylgt verðlagi árin 2018 til 2023.



Forsvarsfólk UMFÍ er reiðubúið til frekari útskýringa og samtals.

Með ungmennafélagskveðju,

Auður Inga Þorsteinsd.

Auður Inga Þorsteinsdóttir,
framkvæmdastjóri UMFÍ

Alþingi
Alþingishúsið
Reykjavík
Althingi.is

Ungir umhverfissinnar
Rafstöðvarvegur 5-7
110 Reykjavík
umhverfissinnar.is

15. desember 2022

Umsögn við nefndarálit meirihluta fjárlaganefndar um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2023 (814/153)

Ungir umhverfissinnar leggjast einhliða gegn áformum meirihluta fjárlaganefndar, sem lögð eru fram í nefndaráliti þeirra um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2023, um að samþykkja svokallað 'sveigjanleikaákvæði' er varðar viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir gróðurhúsalofttegunda (e. Emission Trading System, ETS). Í ákvæðinu felst að Ísland hafi heimild til að nota takmarkaðan hluta ETS-heimildanna til að standa skil á skuldbindingum um samdrátt í losun á beinni ábyrgð Íslands (e. Effort Sharing Regulation, ESR). Líkt og láðist að taka fram í nefndarálitinu er um að ræða umtalsverðan hluta af ESR skuldbindingum Íslands, eða 4%, sem er mesti sveigjanleiki sem boðið er upp á (sjá hér undir: 'Flexibility to access allowances from the EU ETS').

Með því að leyfa slíkan sveigjanleika skapast hætta á að dregið verði úr metnaði til að ná tilætluðum árangri í samdrætti í losun á beinni ábyrgð Íslands (ESR losun), en núþegar eru blikur á lofti er varðar getu okkar að standa við sett markmið, líkt og Ungir umhverfissinnar, Loftslagsráð, og fleiri aðilar hafa ítrekað bent á. Nýleg stöðuskýrsla aðgerðaáætlunar um loftslagsmál 2022 er enn eitt dæmið um hversu skýrt það er og hefur verið að núverandi aðgerðir eru ófullnægjandi.

Við undirstrikum andstöðu okkar við þessi áform og leggjum þess í stað til að ríkisstjórnin grípi einfaldlega til þeirra aðgerða sem nauðsynlegar eru til að standa við markmið (úthlutuð

sem og sjálfstæð) um samdrátt sem fellur undir beina ábyrgð Íslands (ESR). Í stað þess að bæta við sveigjanleika ætti áherslan að vera á að lögfesta sjálfstætt sett markmið um 55% samdrátt í ESR losun fyrir 2030 (m.v. 2005 sem upphafsár) og að sjá til þess að uppfærsla á aðgerðaáætlun stjórnvalda í loftslagsmálum skili þeim samdrætti.

Til viðbótar við efnislegar athugasemdir okkar viljum við benda á að meðferð þessarar tillögu getur ekki talist ákjósanleg. Örstuttur tími milli útgáfu álitsins og fyrirhugaðrar afgreiðslu málsins gefur almenningi sem og öðrum hagaðilum skamman tíma til að kynna sér um hvað ræðir og senda inn athugasemdir fyrir afgreiðslu þessa mikilvæga máls.

Að lokum viljum við undirstrika að ef Ísland ætlar sér að vera leiðandi í loftslagsmálum er okkur ekki til framdráttar að nýta glufur og undantekningarákvæði til að standast okkar skuldbindingar. Nú er tíminn til að sækja fram og sýna fram á metnað okkar í verki!

Fyrir hönd Ungra umhverfissinna

Finnur Ricart Andrason

Finnur Ricart Andrason, loftslagsfulltrúi

Tinna Hallgrímsdóttir

Tinna Hallgrímsdóttir, forseti

Vestfjarðastofa

Fjórðungssamband Vestfirðinga

Alþingi
Fjárlaganefnd
sent rafrænt á nefndasvid@althingi.is

Ísafirði 10. október 2022

Umsögn um mál á 153. löggjafarþingi frumvarp til fjárlaga 2023, mál 1 og eftir því sem við á efni frumvarps til laga um breytingu á lögum vegna fjárlaga 2023, mál 2.

Vestfjarðastofa fyrir hönd Fjórðungssambands Vestfirðinga ritar þessa umsögn. Vísað er hér í upphafi til ítarlegrar umsagnar[1] dags 13. maí s.l., sömu aðila um þingsályktun til fjármálaáætlunar 2023 – 2027, mál 513, 152. löggjafarþing og kynningarglæra[2] á fundi með fjárlaganefnd þann 1. júní s.l..

Á 67. Fjórðungsþingi Vestfirðinga að hausti, sem haldið var þann 8. – 10. september s.l. var samþykkt ályktun auk greinargerðar með yfirskriftinni „Aflstöðin Vestfirðir“[3]. Byggir ályktunin og greinargerð á efni framangreindar umsagnar um fjármálaáætlun 2023-2027. Vakin er hér athygli Alþingis og fjárlaganefndar að stefna nýrra sveitarstjórna á Vestfjörðum ber því samhljóm með stefnumörkun fyrri sveitarstjórna á Vestfjörðum.

Krafa sveitarstjórna er og hefur því verið að stjórnvöld horfi til þess, að eftir langvarandi samdráttarskeið, þá eigi að setja í forgang styrkingu á samkeppnisstöðu Vestfjarða, til jafns við aðra landshluta er varðar samgöngur, fjarskipti og orkumál. Sömuleiðis að tryggja að nærsamfélög njóti uppbyggingar í fiskeldi og gætt sé hagsmuna samfélaganna við stefnumörkun í greininni. Þar fer fremst sú krafa að fiskeldisgjald verði beinn tekjustofn til A hluta reksturs fiskeldissveitarfélaga til að hraða uppbyggingu innviða þeirra.

Vestfjarðastofa fyrir hönd Fjórðungssambands Vestfirðinga áskilur sér svo rétt til að koma að umfjöllun um frumvarp til fjárlaga 2023 á síðari stigum og um frumvarp til laga um breytingu á lögum vegna fjárlaga 2023.

f.h. Vestfjarðastofu.

Aðalsteinn Óskarsson, sviðsstjóri

---

[1] https://www.althingi.is/altext/erindi/152/152-3294.pdf
[2] https://www.althingi.is/altext/erindi/152/152-3542.pdf
[3] 23-alyktun-aflstod-thekkingar-adur-thingskjal-6.pdf (vestfirdir.is)

Vestfjarðastofa

Fjórðungssamband Vestfirðinga

Greinargerð.

Með breytingu á lögum um opinber fjármál þá varð fjármálaáætlun þungamiðja í stýringu opinberra fjármála. Fjárlög hvers árs eru að stórum hluta staðfesting á fjármálaáætlun, en þau eru um leið vettvangur þar sem mál eru leidd til niðurstöðu s.s. í tengslum við kjarasamninga og sem viðbragð við nýjum verkefnum ársins sem síðan hafa áhrif á fjármálaáætlun komandi ára.

Í þessari umsögn eru almennt ítrekuð sú stefna og greining á stöðu málefna á Vestfjörðum, sem kom fram í umsögn um fjármálaáætlun 2023-2027 og því beint til fjárlaganefndar að kynna sér efni hennar. Hinsvegar er tekin hér til umfjöllunar sértæk og eða ný mál sem lögð eru fram í frumvarpi til fjárlaga 2023 og koma til viðbótar við fyrri umfjöllun um fjármálastefnu.

Um fjárlagaramma.

Þeirri almennu spurningu er hér velt upp hvernig best sé að verja ábata af bættri afkomu ríkissjóðs miðað við áætlun fjármálaáætlunar. Reiknað er með tæpum 140 ma auknum tekjum en 40 ma verði varið til lækkunar skatta og rekstarniðurstaða áætluð neikvæð er nemur 89 ma..

Lækkun peningalegra skulda er mikilvægur þáttur í rekstri ríkissjóðs en benda verður á þá miklu viðhaldsskuld innviða sem m.a. Fjármálaráð benti á í umsögn um þingsályktun til fjármálaáætlunar 2023-2027, að nemi nú á hátt í 400 ma.

Slík viðhaldsskuld telur Vestfjarðastofa hafi á síðustu áratugum haft bein áhrif á dapra stöðu innviða á Vestfjörðum. Hér ætti að taka til skoðunar að fara hægar að ná niður halla ríkissjóðs og peningalega skuldir, en þess í stað að leggja áherslu á að lækka viðhaldsskuld innviða samfélagsins. Slíkt skapi aukinn stöðugleika fyrir samfélög og atvinnulíf auk meiri hagkvæmni í rekstri sem skilar sér í auknum ábata til ríkissjóðs til lengri tíma litið.

Áherslumál einstakra málasviða

Hér verður farið yfir þau málasvið fjárlagfrumvarpsins sem varða samfélög á Vestfjörðum hvað mest horft til ársins 2023. Tekin eru til umræðu málasvið þar sem annarsvegar eru ný atriði sem ekki voru tilgreind í fjármálaáætlun og hinsvegar málasvið sem sífellt þarf að minna á og ræða við stjórnvöld.

Vestfjarðastofa

Fjórðungssamband Vestfirðinga

Sveitarfélög og byggðamál, málasvið 8.

Vestfjarðastofa bendir á umsögn sína um fjármálaáætlun 2023-2027 um forsendur og áherslur um breytingar innan þessa málasviðs. Hér í umsögn um frumvarp til fjárlaga 2023 verður komið inn á tvö atriði auk umfjöllunar um fjármál sveitarfélaga.

a. Fjárhagsrammi samninga um atvinnu og byggðaþróun og rammi Sóknaráætlana landshluta, krafa um hækkun framlaga.

Tillaga frumvarpsins fer eftir ákvæðum fjármálaáætlunar 2023-2027. Ekki er sagt beinum orðum en málaflokkurinn fylgir almennri aðhaldskröfu og þar með lækkun framlaga og hefur gert lengi. Sami fjárhagrammi er settur fram í nýsamþykktri byggðaáætlun en þar er tilfærsla er á milli aðgerða innan Byggðaáætlunar.

Áréttuð er umsögn[4] landshlutasamtaka sveitarfélaga til fjárlaganefndar um stöðu málsins. Fjárveitingar til samnings um atvinnu og byggðaþróun hafa staðið í stað frá því nýr samningur var gerður 2018 og hefur sá samningur fylgt almennri aðhaldskröfu. Samningur eða rammi fyrir fjármagn til starfsemi landshlutasamtaka á svið atvinnu- og byggðaþróunar á sér langa sögu eða allt til ársins 1990. Viðmiðum þessara samninga var breytt árið 2009 og horft til þróunar launavísitölu til ársins 2022, þá er raunvirði framlaga um 200 mkr lægri í dag en á viðmiðunarári. Meta má sem svo að framlög ársins 2022 nægi til rekstur 17 stöðugilda í stað 33.

Sértækar fjárveitingar voru veittar til Sóknaráætlana landshluta vegna Covid 19 faraldurs árin 2020, 2021 og 2022, um 100 mkr hvert ár, falla einnig að óbreyttu niður. Þá verða fjárveitingar til Sóknaráætlana hinar sömu og árið 2019 og í engu samræmi við markmið sem sett eru í lögum um byggðaáætlun.

b. Fjárhagsrammi Byggðaáætlunar til að mæta markmiðum laga um byggðaáætlun. Auka fjármagn og mæta vanda landshluta samhliða vanda einstakra byggðarlaga.

Í lögum um byggðaáætlun er tilgreint að sérstök áhersla skuli lögð á byggðir með einhæft atvinnulíf og viðvarandi fækkun íbúa, auk þess að taka tillit til atvinnuástands. Þessari áherslu er mætt með því að fækka verkefnum frá fyrri Byggðaáætlun og færa fjármagn til tveggja aðgerðar Byggðaáætlunar. Annarsvegar aðgerð C1 *Sértæk verkefni sóknaráætlanasvæða.* og hinsvegar aðgerð C2 *Brothættar byggðir*.

Vestfjarðastofa telur að hér hafi stórt markmið í byggðamálum, verið smættað niður með takmörkuðu fjármagni sem einnig er einungis veitt er frá ári til árs. Hér verður að benda á að Vestfirðir og Norðurland Vestra eru einu landshlutarnir sem hafa verið með viðvarandi fólkfækkun til lengri tíma. Vissulega er jákvæð þróun einstakra svæða innan þessara landshluta en þá eftir rúmlega 30 ára niðursveiflu.

[4] https://www.althingi.is/altext/erindi/153/153-2.pdf

Hér er gerð krafa um að fjármagn verði aukið til að mæta áherslum í lögum um byggðáætlun og fjármagni veitt til sóknaráætlana til að bregðast við sértækum og langvarandi vanda.

Eins verður að benda á mjög alvarlega stöðu sauðfjárræktar sem er víða undirstaða byggðar og atvinnu innan þessara landshluta og haldi þróun óbreytt áfram þá leiði það til eyðingar byggðar á stórum svæðum. Hér þarf aukið fjármagn til að vinna með þróun sauðfjárræktarinnar og mögulega þróun í öðrum atvinnugreinum sem geta tryggt búsetu og byggð á þessum svæðum.

Stærsta málið er hinsvegar mjög erfið fjárhags og rekstrarstaða sveitarfélaga á Vestfjörðum sem farið er yfir í umsögn Vestfjarðastofu um fjármálaáætlun 2023-2027. Bæta þarf tekjugrundvöll sveitarfélaganna m.a. með tekjum af fiskeldisgjaldi en samtímis að auka framlög til að taka á mjög þungum rekstri velferðarþjónustu þar sem hæst ber málaflokk fatlaðs fólks.

Eins ber að vekja athygli fjárlaganefndar á þungum verkefnum sveitarfélaga sem þau bera ein og sér í dag, þetta eru mál er varða mál barna með fjölþættan vanda. Hér hafa á þessu ári komið upp dæmi um eitt verkefni sem taka allt að 15 % tekna sveitarfélags. Ná þarf meiri heildarsýn á stöðu verkefna af þessu tagi hjá sveitarfélögum en ljóst er að núverandi fyrirkomulag getur ekki gengið.

Samgöngu og fjarskiptamál, málasvið 11.

Verkefni og framtíðarsýn í samgöngumálum á Vestfjörðum koma fram í umsögn um fjármálaáætlun 2023-2027. Horft er til að koma þeim áherslum að á næsta ári í umræðu í tengslum við þingsályktun um samgönguáætlun 2023-2038 og að þær áherslur skili sér í þingsályktun um fjármálaáætlun 2024-2028.

Við kynningu á innviðaráðherra á frumvarpinu kom fram að bregðast yrði við þenslu með samdrætti í framkvæmdum og eða frestun þeirra. Vestfjarðastofa setur þá kröfu að í frumvarpi til fjárlaga 2023 verði ekki bein lækkun á framlögum til verkefna á Vestfjörðum og sem eru innan aðgerðartíma Samgönguáætlunar 2020-2024. Hér er um að ræða verkefni vegna áratuga uppsafnaðri viðhaldsþörf innviða á Vestfjörðum (en eru skilgreind sem nýframkvæmdir) og viðbragð við gjörbreytta stöðu atvinnulífs á Vestfjörðum. Hér um ræðir verkefni s.s. Vestfjarðavegur 60 um Gufudalssveit og Dynjandisheiði, og Veiðileysuháls.

Fagna ber tillögum í samgöngumálum en um leið að þess sé gætt að tillögurnar gangi fram í umfjöllun um fjárlagafrumvarpið. Þetta eru m.a. að veitt sé heimild til endurnýjunar skips til ferjusiglinga á Breiðafirði, framlög verði aukin í tengivegi til framtíðar, til viðhalds vega og aukin framlög eru veitt til Loftbrúar.

Ljóst er þó að bregðast þarf við hækkun kostnaðar s.s. framkvæmd við þverun Gufufjarðar og Djúpafjarðar á Vestfjarðavegi. Afgreiða þarf tillögu sem mætir slíkum kostnaðarauka við afgreiðslu fjárlaga 2023 til að tryggja útboð verkefna á næsta ári. Á sama hátt þarf að tryggja fjármagn til annarra áætlaðrar framkvæmda og ekki komi til þess að verkefni tengivega eða viðhald vega verði skert með tilfærslum á árinu 2023 til að fjármagna nýframkvæmdir.

Vestfjarðastofa

Fjórðungssamband Vestfirðinga

Á sama hátt þarf að gæta að kostnaðarauka er varðar markaða stefnu stjórnvalda um eflingu fjarskipta s.s. ljósleiðaravæðingu í minni þéttbýliskjörnum. Sama á við að tryggð séu fjarskipti / símasamband á vegum (þar sem víða eru göt í kerfinu) og að gætt sé að við niðurlagningu koparkerfis sé tryggt að annað öruggt kerfi taki við samtímis.

Staða vetrarþjónustu.

Aukið samstarf sveitarfélaga, sameining stofnana ríkisins, uppgangur í fiskeldi og ferðaþjónustu á Vestfjörðum með tilheyrandi þungaflutningum og umferð fólks, eru allt þættir sem byggja á öruggum heilsárssamgöngum. Það sem snýr síðan að íbúum þá sýna viðhorfskannanir Vestfjarðastofu að hátt hlutfall íbúa (fleiri konur en karlar) veigrar sér við ferðalögum um fjallvegi og ofanflóðahlíðar innan Vestfjarða og/eða innan sveitarfélaga, enda aðstæður krefjandi og oft mjög hættulegar.
Núverandi vetrarþjónusta á fjallvegum og um ofanflóðahlíðar hamlar því flæði fólks og þjónustu en í samantekt Vestfjarðastofu um fjölda tilvika í lokunum vega á Vestfjörðum kemur fram þau tilvik námu að meðaltali 330 á árabilinu 2018-2020 (ath 5 mánaðar tímabil). Lausn á þessum vanda verður ekki fyrr en með gerð nýrra jarðganga en á meðan beðið er endanlegra úrlausna í samgöngum er öflug vetrarþjónusta skilyrði,

Í framsögu innviðaráðherra um frumvarpið kom fram að settir eru 6,5 ma til þjónustunnar á ári. Þetta framlag nægir hinsvegar ekki til að taka inn ný verkefni sem koma til eftir því sem samgöngur batna s.s. vegur um Dynjandisheiði og opnun Dýrafjarðargangna. Framlagið hefur heldur ekki nægt til að mæta gjörbreyttri þjónustuþörf samfélaga og atvinnulífs í tengslum við fiskeldi s.s. þungaflutningum á úr sér slitnum vegaköflum, akstur milli starfstöðva (oftast innan sama sveitarfélags) og margþætta þjónustu við fiskeldið.

Hitt er síðan að með breyttri framkvæmd opinberra fjármála frá 2016 þá hefur verið tekin út nauðsynlegt viðbragð að bæta upp kostnaðarauka sem myndast á milli ára vegna sveifla í veðri (vindur, hitastig og úrkoma). Vestfjarðastofa hefur þær upplýsingar að viðmiðunarfjárhæðin 6,5 ma sé í raun of lág til að þjónusta núverandi kerfi í „meðalári“. Það leiðir til þess að það er viðvarandi halli á rekstri þjónustunnar sem skerðir þjónustu næsta rekstrarárs. Eins kemur nú til viðbótar þegar allur kostnaður er að hækka vegna slæms efnahags á heimsvísu og stríðsástands í Evrópu. Liggi saman fleiri ár með erfiðum veðrum þá eykst þessi halli. Fræðilega gæti komið upp sú staða að ekki sé heimilt að hefja vetrarþjónustu að hausti á vegum landsins og fram að áramótum þegar ný fjárveiting hefur verið afgreidd.

Sem að framan greinir er augljóst allt óhagræði fyrir samfélag og atvinnulíf og tap þjóðarbúsins vegna tafa í flutningum og vinnusókn. Síðan eru það ákvæði fjárlaga um kynjaða fjárlagagerð (sjá tilvitnun bls 132), ljóst er að þessi ákvæði mega sín lítils, þar sem skerðing á þjónustu leiðir til þess að hærra hlutfall kvenna sækir ekki atvinnu né þjónustu út fyrir sitt byggðarlag.

Bls 132. Um kynjuð fjárlög.

Fjármögnun endurbóta á tengivegum er líkleg til að stuðla að jafnrétti ef litið er til áhrifa til lengri tíma. Um tengivegi fer m.a. stór hluti skólaaksturs barna. Bætt ástand þeirra tryggir öruggari samgöngur innan vinnu- og skólasóknarsvæða, styður við atvinnuþróun, ekki síst á sviði ferðamennsku og stuðlar þannig að fjölbreyttari atvinnutækifærum og bættum búsetuskilyrðum. ***Kannanir hafa sýnt að sambærilegir þættir hafa alla jafna meiri áhrif á konur en karla. Þó þyrfti að greina betur staðbundin áhrif einstaka framkvæmda á jafnrétti og æskilegt væri að taka mið af niðurstöðum við forgangsröðun verkefna***

Hér er því skorað á fjárlaganefnd að breyta þessu fyrirkomulagi um fjármögnun og heimila sveiflujöfnun í rekstri vetrarþjónustu. Í annan stað gerð sú tillaga að hækka framlag til vetrarþjónustu á árinu 2023 um 1 ma kr til að mæta kostnaðarauka, mæta aukinni þörf samfélaga og atvinnulífs og stuðla að jafnrétti. Til vara verði þá beitt sértækum úrbótum er varða vetrarþjónustu á Vestfjörðum þannig ekki þurfi einn vetur enn með tilheyrandi vankvæðum.

Landbúnaður, málasvið 12..

Vísað er hér til umfjöllunar að framan undir byggðamál að auka fjármagn til að vinna að verkefnum innan sauðfjárræktarsvæða á Vestfjörðum og svæða er liggja að Vestfjörðum.

Sjávarútvegur og fiskeldi, málasvið 13.

Matvælaráðherra hefur á þessu ári sett af stað víðtæka stefnumótun fyrir málasviðið og því ber að fagna. Engin ágreiningur er innan atvinnugreinarinnar eða stjórnvöldum og sveitarfélögum að greiða eigi afgjald af nýtingu takmarkaðrar auðlindar sem fiskeldissvæði í sjó eru. Rammi auðlindagjalda annars vegar og skiptingu þess á milli ríkis og sveitarfélaga (nærsamfélags) hinsvegar mál er varðar samfélög á Vestfjörðum mjög miklu.

Sveitarfélög á Vestfjörðum hafa gert með sér samfélagssáttmála um aðgerðir í fiskeldismálum. Þar er gerð sú eindregna krafa um breytingar á lögum um fiskeldisgjald, á þann hátt að mun hærra hlutfall fiskeldisgjald (80%) renni til A hluta reksturs sveitarfélaga og Fiskeldissjóður með sérstakri sjóðsstjórn verði lagður niður. Á 67. Fjórðungsþingi Vestfirðinga í september s.l. var samþykkt að stofna samráðshóp sveitarfélaganna til að komast að niðurstöðu um skiptingu fiskeldisgjaldsins á milli sveitarfélaganna og aðstoða þannig við framgöngu þessa máls.

Hækkun fiskeldisgjalds úr 3,5% í 5% kemur inn sem nýtt atriði til umræðu innan þessa málasviðs án nokkurs fyrirvara eða beinnar umræðu. Skammur tími gefst því til að ræða forsendur þessara tillögu og líkleg áhrif á samfélag og þjónustugreinar til skemmri og lengri tíma litið. Hvergi í umræðu á meðal sveitarfélaga á Vestfjörðum hefur komið til tals að hækka beri fiskeldisgjald. Sveitarfélögin hafa fremur horft til þess að umræða um fyrirkomulag og markmiðssetning sé hluti stefnumótunarvinnu um málasviðið, sem matvælaráðherra setti af stað fyrr á þessu ári.

Vestfjarðastofa

Fjórðungssamband Vestfirðinga

Tillaga frumvarpsins er sem hér segir (bls 239-240)

> *a. Fjárheimild málaflokksins hækkar um 200 m.kr. þar sem gert er ráð fyrir að framlög til Fiskeldissjóðs hækki samhliða hækkun verðmætagjalds vegna sjókvíaeldis sbr. lög nr. 89/2019, um töku gjalds vegna fiskeldis í sjó og fiskeldissjóð. Áætlunin miðast við að gjaldið hækki úr 3,5% í 5% og að viðmiðunartímabili verði breytt í almanaksár. Miðað er við að 1/3 af gjaldinu fari til Fiskeldissjóðs sem er í samræmi við það sem kemur fram í greinargerð með gildandi lögum.* ***Þessar breytingar samrýmast markmiðum um sjálfbæra nýtingu á takmörkuðum hafsvæðum út frá samfélagslegum sjónarmiðum. [feitletrun Vestfjarðastofa]***
> *b. Gert er ráð fyrir 66 m.kr. hækkun á framlagi til Fiskeldissjóðs til að mæta kostnaðaráhrifum gildandi laga nr. 89/2019, um töku gjalds vegna fiskeldis í sjó.*
> *c. Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefnasviðsins nemur 31,4 m.kr.*
> *d. Fjárheimild málaflokksins er aukin um 5,8 m.kr. í samræmi við tekjuáætlun Fiskistofu*

Í framsögum fjármála og efnahagsráðherra og matvælaráðherra um frumvarpið komu engar upplýsingar um tilgreind markmið. Vestfjarðarstofa hefur reynt án sérstakar niðurstöðu, að rýna stefnuskjöl stjórnvalda fyrir málasviðið, til að finna umfjöllun um samspil markmiðs um sjálfbæra nýtingu við stærð afgjalds af takmarkaðri auðlind. Eins hefur ekki skilað niðurstöðu að finna umfjöllun, hver eru hin samfélaglegu sjónarmið og hvernig þau hafa áhrif á nærsamfélagið og samfélagið á Íslandi í heild.

Gerð var fyrirspurn til Matvælaráðuneytis hvort og hvar megi finna mælikvarða markmið sem hér að framan eru tilgreind. Í svari ráðuneytisins kemur fram að ekki hafi verið unnir mælikvarðar á fyrir þessi markmið og markmiðin séu það almenn að ekki sé venja að setja á þau mælikvarða. Ráðuneytið vísar síðan til umfjöllunar um markmið og framtíðarsýn sem sett voru í fjármálaáætlun 2023 - 2027 fyrir málasvið 13, þess efnis að ákvarðanir um nýtingu auðlinda eigi að taka viðmið m.a. af hagsmunum heildarinnar í efnahagslegu tilviki. Eins verði að standa vörð um afkomu ríkissjóðs og endurheimta sjálfbærni ríkisfjármála í kjölfar heimsfaraldurs.

Vestfjarðastofa telur mál þetta mun sértækara en svo að beita eigi almennum viðmiðum á markmið fjármálaáætlunar. Hér hefur verið sköpuð veruleg óvissa um þróun fiskeldis í sjókvíum jafnt til skemmri tíma sem og lengri tíma litið og bein áhrif á samfélag og efnahagslíf á Vestfjörðum. Gæta verður varhug að setja slík áform fram nema að undangenginni greiningu á líklegum áhrifum. Það er eindregin krafa að fá fram þessar upplýsingar þannig ræða megi forsendur þessa máls áður en ákvörðun er tekin.

Í þessu samhengi þá telur Vestfjarðastofa að uppbygging fiskeldis á síðustu árum falli um margt að umfjöllun fjárlagafrumvarps um hag ríkissjóðs af þróun útflutnings og þróun starfa bls 99.

> *Það er þó ekki síður mikilvægt að umgjörð efnahagslífsins sé samkeppnishæf, stöðugleiki viðvarandi, skattbyrðin hófleg og að erlendri þekkingu sé tekið opnum örmum. Með slíkri hagstjórn getur hagkerfið dafnað og skilað þeirri verðmætasköpun sem þarf til að standa undir útflugum sameiginlegum kerfum til langframa.*

Því má velta fyrir sér að markmið innan frumvarpsins séu ekki komin í ákveðna andstöðu við hvort annað eða er ólík sýn á framgang útflutningsatvinnugreina.

Það lokum er hér tekin til umfjöllunar um málasviðið, tillaga frumvarpsins um að veita 50 mkr til að auka eftirlit með sjókvíaeldi með fyrirvaralausum úttektum. Um er að ræða þriggja ára verkefni á vegum Matvælastofnunar.

Vestfjarðastofa bendir á að hér er tækifæri til að efla starfsemi Matvælastofnunar á Vestfjörðum. Slíkt væri í takt við markmið ríkisstjórnarsáttmála og nýsamþykkta stefnu stjórnvalda í Byggðaáætlun um efla starfsemi hins opinbera utan höfuðborgarsvæðis. Eins í takt við greiningu tækifæra í Sóknaráætlunar Vestfjarða 2020-2024 um atvinnu og nýsköpun og markmið um atvinnu- og samfélagsþróun.

Ferðaþjónusta málasvið 14

Vestfjarðastofa krefst aukin fjármagns til jafns við landshluta sem fá nú stuðning til markaðssetningar áfangastaða í tengslum eflingu alþjóðaflugvalla þ.e. Flugþróunarsjóð. Keflavíkurflugvöllur er alþjóðaflugvöllur vestfirskrar ferðaþjónustu og fylgja þarf eftir góðum árangri í markaðssetningu Vestfjarðaleiðar og viðkenningu Lonely Planet með auknu fjármagni til handa Áfangastofu Vestfjarða.

Orkumál, málasvið 15

Starfshópur umhverfis, orku og loftlagsráðherra um orkumál á Vestfjörðum leggur fram samþætta áætlun í skýrslu sinni frá í apríl s.l. um, uppbyggingu flutningskerfis raforku, uppbyggingu dreifikerfis og aukna jarðahitaleit á Vestfjörðum. Sköpuð verði þannig skilyrði fyrir orkufyrirtæki að nýta virkjanakosti innan Vestfjarða. Aukin orkuframleiðsla með virkjum með að lágmarki 20 MW, mun gjörbylta öryggi í afhendingu raforku innan Vestfjarða. Aukin framleiðsla mun jafnt bæta kerfislegan vanda sem Vesturlína skapar í dag og verða um leið áfangi í tvöföldun Vesturlínu við meginflutningskerfi landsins.

Hér verður að tryggja að fjármagn verði aukið til uppbyggingar dreifikerfis og til jarðhitaleitar. Samtímis að ekki verði settar skorður á framkvæmdaáætlun Landsnets er varðar Vestfirði með vísan til þenslu í hagkerfinu. Minnt er á þingsályktun um flutningskerfi raforku frá 2018 um að setja þurfi Vestfirði í forgang í flutningsmálum raforku.

Vestfjarðastofa

Fjórðungssamband Vestfirðinga

Umhverfismál, málasvið 17

Náttúrustofur

Enn og aftur þarf að árétta, líkt og á síðustu árum, að viðhalda tímabundinni fjárveitingu til náttúrustofa, á meðan beðið er eftir nýjum rammasamningi, en heimildin 48 mkr mun að óbreyttu falla niður. Fylgt er hér eftir ályktun ársfundar Náttúrustofu Vestfjarða frá 22. september s.l. og þess krafist að lokið verði við samningum sem tryggja framtíðarrekstur náttúrustofa.

Fagnað er þeirri ábendingu í umfjöllun málasviðsins að standa eigi vörð um verkefni og stofnanir sem hafa litið fjárhagslegt svigrúm til að mæta almennri aðhaldskröfu. Vestfjarðastofa mun hér síðar í umsögn koma með ábendingu um stöðu smárra verkefna sem sett hafa verði af stað með tillögu í fjárlögum.

Varnir gegn náttúruvá.

Vestfjarðastofa styður tillögu um að mæta hækkun á framkvæmdakostnaði við ofanflóðavarnir, en setur spurning 100 mkr sé nægjanleg hækkun. Verkefni sem tilgreind eru á árinu 2023 eru framkvæmdir á Patreksfirði, Flateyri, Siglufirði og Seyðisfirði. Gerð er sú karfa að ekki verði neinar seinkari á áframhaldandi verkefnum á Vestfjörðum þ.e. á Patreksfirði, Bíldudal og Hnífsdal, haldist í framkvæmdaröð og ekki þeim sé því ekki seinkað.

Menning, listir, íþrótta- og æskulýðsmál, málasvið 18

Menningarstarfsemi fór halloka á Vestfjörðum í heimsfaraldri kórónuveiru líkt og í öðrum hlutum landsins. Menningarstofnanir á Vestfjörðum standa hins vegar frammi fyrir miklum vanda að vinna sig upp úr nær algjöru tap í innkomu vegna samkomubanns 2020 og 2021. Eins er útlit fyrir að framlög sveitarfélaga til menningarmála (viðburða og starfsemi almennt) verði verulega skert vegna erfiðleika í rekstri sveitarfélaganna.

Það er mikilvæg í rekstri menningarstofnana að geta tryggt fasta fjármögnun fyrir grunnstarfsemi og skapað menningar og listalíf sem byggir á sérstöðu einstakra svæða eða landshluta. Þessum þætti hefur verið af veikum grunni mætt með framlögum úr Sóknaráætlun Vestfjarða og þar á undan Menningarráð Vestfjarða. Á vegum þessara aðila hafa allt frá árinu 2011 á grundvelli umsókna, verið veittir stofn og rekstrarstyrki til starfsemi menningarstofnana sem eru með heilsársrekstur á Vestfjörðum. Alls hafa um 15-18 mkr verið veittar á ári af um 60-65 mkr heildarframlagi Sóknaráætlunar Vestfjarða til Uppbyggingarsjóðs Vestfjarða. En sjóðurinn veitir þar fyrir utan styrki (byggt á umsóknum) til menningar-, nýsköpunar- og atvinnuþróunarverkefna.

Álíka rekstrarstyrkir voru á árum áður veittir af Mennta og menningarmálaráðuneyti, en við breytingu á sjóðakerfi 2011, þá ákvað ráðuneytið að færa þennan lið til landshlutanna. Höfðu þá framlög verið skorin verulega niður í kjölfar fjármálakreppunnar 2008.

Beint er til fjárlagnefndar að auka við fjármagn til reksturs menningar og listastofnana utan höfuðborgarsvæðis. Auka má við fjármagn til Sóknaráætlunar Vestfjarða með viðaukasamningum eða auka fjármagn beint til viðkomandi stofnana. Í ályktun 67.

Fjórðungsþing Vestfirðinga sem haldið var í september s.l. var ályktað um málið og gerð krafa um að fjármagn verði aukið til Sóknaráætlunar Vestfjarða til að koma á móts við menningarstarf á Vestfjörðum.

Framhaldsskólastig, málasvið 20

Mennta og barnamálaráðherra hefur lýst stuðningi við tillögu um að hefja undirbúning að nýbyggingu (stækkun) verknámshúss við Menntaskólans á Ísafirði. Tryggja verður að viljayfirlýsing ráðherra sé tryggð með fjármagni innan fjárlaga 2023.

Setja þarf einnig aukið fjármagn til að styðja við iðnmenntun til að mæta eftirspurn húsbyggingargeirans á Vestfjörðum eftir faglærðu fólki og gríðarlegri þörf sveitarfélaga og fyrirtækja fyrir uppbyggingu íbúða og atvinnuhúsnæðis á Vestfjörðum.

Háskólastig Málasvið 21

67. Fjórðungsþing Vestfirðinga í september s.l. samþykkti ályktun um aukin stuðning við starfsemi háskóla á Vestfjörðum og fjarnám. Leggja þarf til aukið fjármagn þannig að ráðuneyti geti beitt sér fyrir því að háskólar bjóði upp á fjarnám. Eins að jafnaður verði aðstöðumunur nemenda fjarri staðbundnum háskólum m.a. hætt verði gjaldtöku fyrir fjarnáms og prófaaðstöðu. Eins að aukinn stuðningur við verði staðarlotur t.d. að nemar fá fleiri flugmiða fyrir Loftbrú og aksturstyrki.

Vísað er hér til markmiða málasviðsins um að auka eigi áhrif og tengsl háskóla og rannsóknastofnana í samfélaginu og tryggja fjölbreytt nám um allt land, með fjarnámi og eflingu þekkingarsetra.

Örorka og málefni fatlaðs fólks, málasvið 27

Vestfjarðastofa krefst þess að nú þegar á árinu 2022 verði sett fjármagn til sveitarfélaga og byggðasamlaga þeirra til að leiðrétta halla á þjónustu við fatlað fólk og á árinu 2023 verði komið á varanlegum fjárveitingum til að jafna halla á rekstri málaflokksins.

Í dag stefnir í, að Byggðasamlag Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks verði rekið með 195 mkr halla sem að óbreyttu leggst á sveitarfélög á Vestfjörðum. Kæmi það til viðbótar á mjög erfiðan rekstur þeirra en áætlaður rekstrarhalli er talin geta numið tæpum 500 mkr á árinu 2022. Að óbreyttu mun þessi hallarekstur aukast á árinu 2023 og ljóst er að bregðast þarf hér við.

Húsnæðis- og skipulagsmál málasvið 31

HMS og innviðaráðuneytið funda nú með sveitarfélögum um mat á þörf fyrir húsnæði til að setja inn í rammasamning um byggingu allt að 20 þús íbúða á næstu fimm árum. Stefnt er að tillaga um heildarfjárhæð stuðnings ríkisins muni liggja fyrir 2. umræðu um frumvarp til fjárlaga 2023. Vestfjarðastofa áréttar að þetta mál gangi eftir, en í öllum sveitarfélögum á Vestfjörðum er skortur á íbúðarhúsnæði, sem er bein hindrun við að mæta uppgangi atvinnulífs.

Vestfjarðastofa

Fjórðungssamband Vestfirðinga

Örlög smáfjárveitinga.

Með vísan til umfjöllunar undir málasviði 17, umhverfismál að gæta að rekstri lítilla stofnana með tilliti til almennrar aðhaldskröfu. Vill Vestfjarðastofa í þessu samhengi vekja athygli á að tilgreina má fjölda verkefna á Vestfjörðum, sem sett hafa verið á laggirnar í tengslum við ráðherraskipaðra starfshópa eða nefnda til að fjalla um viðbrögð við sértæka stöðu í atvinnu og byggðaþróun. Byggt á niðurstöðum skýrsla hafa verið sett af stað verkefni með tillögu í fjárlögum þar sem miðlægri stofnun er falin umsjón með uppbyggingu verkefnis. Aukið er við fjárveitingu til viðkomandi stofnunar fyrir viðkomandi fjárlagaár og „hverfur“ þar í heildarfjárveitingu og sést ekki á næsta rekstrarári.

Endurtekin árleg aðhaldskrafa, kröfur á stofnanir um sparnað í tengslum við aðhald í ríkisfjármálum og eða breytt stefna stofnunar, hafa sett framangreind verkefni í uppnám. Hér rekst þá á markmið Alþingis og ríkisstjórnar um uppbyggingu verkefna utan höfuðborgarsvæðis og markmið í ríkisrekstri og þá viðkomandi stofnunar, oftast með því að vilji stofnunar verður ráðandi og vilji Alþingis þar með hunsaður.

Vestfjarðastofa er tilbúin að koma með sértæk dæmi til að fara yfir með fjárlaganefnd sem lið í að ræða stöðu slíkra verkefna og vinna að úrlausn þeirra.

SAMBAND SVEITARFÉLAGA Á SUÐURNESJUM

SSV


Vestfjarðastofa

Byggðaþróun og atvinnuráðgjöf á landsbyggðinni
Minnisblað LHS – 12. september 2022

Byggðaþróun og atvinnuráðgjöf á landsbyggðinni


Byggðastofnun er með samninga við sjö landshlutasamtök um að þau sinni atvinnuráðgjöf og byggðaþróun á landsbyggðinni. Markmið samninganna er að skapa grundvöll um samstarf við byggðaþróun í samræmi við stefnu Alþingis í byggðamálum, með áherslu á búsetuskilyrði og samkeppnishæfi, nýsköpunar- og atvinnuþróunarstarf. Að samþætta áherslur ríkisins og sameiginlegar áherslur á starfssvæðum landshlutasamtakanna m.a. í samræmi við Sóknaráætlun landshlutans og uppbygging og gagnkvæm miðlun þekkingar, reynslu og hæfni á sviði atvinnu- og byggðaþróunar milli samningsaðila. Sóknaráætlanir landshlutanna fela í sér stefnumótun fyrir hvern landshluta og útfærslu og framkvæmd á áhersluverkefnum sem eru í samræmi við markmiðin sem sett eru fram í áætluninni.

Með samningum við Byggðastofnun hafa samtökin tekið að sér atvinnu- og byggðaþróunarverkefni á sínum starfssvæðum, sem fela í sér atvinnuráðgjöf, byggðaþróun, brothættar byggðir, vaxtarsvæði, nýsköpun, búsetuskilyrði, upplýsingaöflun og fræðslu. Núgildandi samningar gilda til loka árs 2022. Framlag Byggðastofnunar til samningsaðila byggir á fjárlögum hvers árs og á myndinni hér á eftir má sjá hver þróunin hefur verið síðastliðin 22 ár á verðlagi hvers árs.



Mynd 1. Framlög til fjárlagaliðsins Atvinnuráðgjafar á landsbyggðinni árin 2002-2023 á verðlagi hvers árs í m.kr. samkvæmt fjárlögum og fjármálaáætlun 2023.

Eins og sjá má á mynd 1. hafa fjárframlög hækkað í krónum talið á tímabilinu 2002 til 2022. Séu framlögin hins vegar framreiknuð miðað við launavísitölu í júlí 2022 er ljóst að framlögin hafa lækkað að raunvirði. Frá árinu 2009 til 2022 hefur framlagið lækkað úr 398 m.kr. í 200 m.kr. eða um 50% (mynd 2). Þar sem laun eru meginkostnaðarliðurinn hjá landshlutasamtökunum má m.ö.o. segja að framlagið 2009 hafi dugað til að hafa 33 ráðgjafa í vinnu en 2022 einungis 17. Áætlaður heildarkostnaður á starfsmann er 12 m.kr. með launatengdum gjöldum og öðrum kostnaði.




Mynd 2. Framlög til Atvinnuráðgjafa á landsbyggðinni á verðlagi í júlí 2022 í m.kr miðað við launavísitölu

SSNE

AUSTURBRÚ

SASS SAMTÖK SUNNLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Starf landshlutasamtakanna hefur tekið töluverðum breytingum á undanförnum árum og hafa þau þurft að aðlagast því breytta umhverfi sem fylgdi sem dæmi COVID-19 og að Nýsköpunarmiðstöð Íslands (NMÍ) var lögð niður í upphafi árs 2020. Ásókn í þjónustu tengda byggðaþróun og atvinnuráðgjöf hefur aukist töluvert á undanförnum árum. Mikill tími fer hjá ráðgjöfum hjá landshlutasamtökunum í ráðgjöf og aðra aðstoð og auk þess sem aukin áhersla hefur verið lögð á stuðning við nýsköpun. Á mynd 3. má sjá hver þróunin hefur verið hjá einu landshlutasamtakanna svo dæmi séu tekin.



Myndin 3. sýnir þróun atvinnu- og byggðarráðgjafar hjá einum samtökunum af sjö. Á sama tíma og vinnustundum og verkefnum fjölgar hafa framlög til málaflokksins í heild lækkað.

Eins og áður hefur komið fram hafa fjárframlög til atvinnu- og byggðarráðgjafa á landsbyggðinni hafa ekki fylgt verðlags- og launaþróun undanfarin ár en það hefur haft í för með sér að landshlutasamtökin hafa þurft að skerða þjónustu sína í nærumhverfinu. Á sama tíma hefur aukin ásókn verið í að ráðgjafar sinni stuðningi við nýsköpun og þá að skapa umgjörðina, handleiða og aðstoð við að sækja í sjóði. Eftirspurnin jókst t.a.m. eftir að NMÍ var lögð niður og með fjölgun sjóða sem í boði eru, svo sem Lóu og Matvælasjóð. Greinilegt er að þörfin fyrir atvinnuráðgjöf er til staðar.

Hlutverk atvinnuráðgjafa landshlutasamtakanna eru einnig mikilvæg þegar kemur að vinnu við verkefni í Byggðaáætlun. Í aðgerðaráætlun Byggðaáætlunar eru tilgreind 44 verkefni. Landshlutasamtök sveitarfélaganna eru framkvæmdaaðilar í 5 af þeim verkefnum og samstarfsaðilar í 22 þeirra. Í gegnum árin hafa það einmitt oft á tíðum verið fyrrnefndir atvinnuráðgjafar sem hafa tekið þessi verkefni að sér og sinnt þeim af mikilli prýði. Þeir eru því órjúfanlegir hlekkir í vinnu við framgang Byggðaáætlunar.

Eigi atvinnuráðgjöf og verkefni tengd byggðaþróun að standa undir nafni er mikilvægt að hækka framlagið til Byggðastofnunar en augljóst er af framangreindu að brýn þörf er á að framlögin verði aukin í takt við þróun launavísitölu og aukinnar ásóknar í ráðgjöf hjá landshlutasamtökunum. Lögð er áhersla á að framlögin verði hækkuð í fjármálaáætlun og komandi fjárlögum til að treysta grunn þessarar mikilvægu starfsemi í landshlutunum.

f.h. landshlutasamtök sveitarfélaga,

Berglind Kristinsdóttir

Berglind Kristinsdóttir
framkvæmdastjóri S.S.S.

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
b/t. nefndarritara
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS

Reykjavík, 7. október 2022

Efni: Fjárlög (mál nr. 1)

Viðskiptaráð Íslands hefur tekið til umsagnar fjárlög fyrir árið 2023, 1. mál.

Samantekt

- Grunnforsendur að baki fjárlagafrumvarpi eru umdeilanlegar og háðar töluverðri óvissu. Beita þarf meiri varúð en gert er í frumvarpinu
    - Ólíklegt er að forsendur verðbólguspár þessa árs gangi eftir
- Aðhald skortir. Ófyrirséðum tekjuauka ríkissjóðs er varið í aukin útgjöld
- Ekki stendur til að vinda ofan af tímabundnum útgjaldaauka vegna áhrifa heimsfaraldurs
- Frumvarpið hvetur til óhóflegrar þenslu á tímum verðbólgu og hás vaxtastigs og vinnur þannig gegn peningastefnu Seðlabankans
    - Boðaður útgjaldavöxtur er líklegur til að hafa neikvæð áhrif á vinnumarkað, þrátt atvinnulífs og kaupmátt
    - Vextir af stórum hluta íbúðalána koma til endurskoðunar á næstu þremur árum
- Gert er ráð fyrir mikilli skuldasöfnun og auknum vaxtagreiðslum ríkissjóðs
- Áformað er að hækka skatta og lítil áhersla er lögð á lægri álögur á móti
- Lítil áhersla er lögð á að nýta betur opinbert fé
    - Ekki er að sjá að mælanlegur árangur hafi náðst í bættum ríkisrekstri samhliða aukinni áherslu á stafræna þjónustu
- Tillögur Viðskiptaráðs má finna aftast í umsögninni

Hæpnar forsendur

Til að byrja með er rétt að fjalla um grunnforsendur frumvarpsins. Spár um hagvöxt eru þannig talsvert bjartsýnni en í samanburðarríkjum. Það er engum blöðum um það að fletta að þróun markaða á alþjóðavísu mun hafa mikið um það að segja hvernig efnahagslífi Íslendinga reiðir af. Þjóðin er háð mörkuðum fyrir sjávarafurðir, ál og ferðaþjónustu.

Það þarf lítið út af að bregða til þess að atvinnuvegir Íslendinga verði fyrir miklum skakkaföllum, t.d. vegna áhrifa af orkukreppu í Evrópu á eftirspurn eftir útflutningsafurðum þjóðarinnar. Alþjóðabankinn og OECD hafa varað við efnahagslegum samdrætti á heimsvísu, sem ber að taka alvarlega. Enginn er eyland, þótt eyja sé.

Vitanlega þarf fjármálastefna að miða við einhverjar spár, en Viðskiptaráð telur viðvarandi útgjaldavöxt og skuldasöfnun mjög varhugaverða á tímum mikillar óvissu, á grunni fyrirliggjandi spáa. Nánari umfjöllun um áformuð útgjöld og skuldir ríkissjóðs samkvæmt frumvarpi má finna neðar.

Þá er í frumvarpinu ýmist gert ráð fyrir 7,5% eða 7,7% verðbólgu á þessu ári, með vísan til spáa Hagstofunnar, sbr. áskilnað 2. mgr. 14. gr. laga um opinber fjármál nr. 123/2015. Þessi forsenda mun fyrirsjáanlega ekki standast. Til þess að úr rættist þyrfti nær engin verðbólga að vera það sem eftir lifir árs. Til samanburðar gerir nýjasta spá Seðlabanka ráð fyrir 8,8% verðbólgu á árinu.

Fögur fyrirheit um aðhald

Í upphafskafla greinargerðar, þar sem fjallað er um helstu áherslur frumvarpsins, segir að forgangsraðað sé í þágu ábyrgðar í ríkisfjármálum svo tryggja megi hagsæld til framtíðar. Það sé gert í kjölfar gríðarmikillar útgjaldaaukningar samhliða skattalækkunum undanfarin ár. Viðskiptaráð tekur undir þessar áherslur. Það er einnig góðra gjalda vert að ekki sé farið í grafgötur með það að opinber útgjöld hafa vaxið mjög hratt.

Í beinu framhaldi er fjallað um áherslu á aðhald. Þar eru taldar til aðhaldsaðgerðir og tiltekin varanleg lækkun á ferðakostnaði ríkisins, frestun á tilteknum útgjöldum til 2024, lækkun framlaga til stjórnmálaflokka o.fl. Í samhengi við umfjöllun í greinargerð um hratt vaxandi útgjöld og nauðsyn aðhalds í verðbólguumhverfi mætti ætla að umræddar aðhaldsaðgerðir væru eitthvað sem hönd á festi. Svo er ekki.

Eru að koma kosningar?

Staðreyndin er sú að eitt megineinkenni frumvarpsins er skortur á aðhaldi. Þannig er gert ráð fyrir því að útgjöld aukist um 78,5 ma. kr. á milli ára og nemi um 1.296 ma. kr. á næsta ári. Af 366 fjárlagaliðum eru 75 hækkaðir umfram verðbólguspá Hagstofu (7,5%) og 62 ef miðað er við spá Seðlabanka (8,8%).

Þá eru hins vegar ekki öll kurl komin til grafar, þar sem 43 ma. kr., sem er um 27 ma. kr. meira en árið 2022, verður veitt í „almennan varasjóð“ á næsta ári. Gert er ráð fyrir að úr þessum lið renni fjármagn til málefna og stofnana eftir því hverjar niðurstöður kjaraviðræðna á opinbera markaðnum verða á næsta ári. Það er því viðbúið að fleiri fjárlagaliðir en að framan greinir hækki umfram verðbólguspár.

Auk þess virðist stór hluti þeirra liða sem lækka skýrast af sjálfvirkum sveiflujöfnurum, en þeir liðir dragast saman í uppsveiflu. Dæmi um slíkt eru útgjöld til atvinnuleysistryggingasjóðs sem dragast saman um tæpa 16 ma. kr. á milli ára, eða um alls 52%.

Lægri útgjöld vegna minnkandi atvinnuleysis duga ekki til að draga úr útgjöldum. Í greinargerðinni kemur fram að undanskildir liðir frá rammagjöldum, aðrir en vaxtagjöld, lækka um 11,6 ma. kr. á milli ára. Skýrist lækkunin mest vegna lægri útgjalda vegna atvinnuleysis. Hér virðist sem svo að lægri útgjöldum í einum flokki sé mætt með aukningu í öðrum, og gott betur.

Í þessu samhengi er vert að taka fram að tekjur ríkissjóðs verða miklum mun meiri á þessu ári en gert hafði verið ráð fyrir. Sú hækkun nemur 80 ma. kr. og má segja að þeim búdrýgindum sé nær öllum velt í aukin ríkisútgjöld á næsta ári, en ekki til að stemma stigu við skuldaukningu eða til að lækka skuldir.

Það veldur sérstökum áhyggjum að ekki standi til að vinda ofan af útgjaldaauka sem gripið var til við mikla efnahagslega óvissu í kjölfar heimsfaraldurs. Þau útgjöld voru kynnt sem tímabundnar ráðstafanir við sérstakar aðstæður. Þar sannast hið fornkveðna, að ekkert er eins varanlegt og tímabundnar aðgerðir hins opinbera.

Þá fara vaxtagjöld ríkissjóðs hækkandi, þrátt fyrir kröftugan vöxt efnahagslífsins.

Röng forgangsröðun

Það er ekkert launungarmál að hagkerfið kemur mun betur undan heimsfaraldri en flestir þorðu að vona. Það má færa rök fyrir því að það sé að hluta til stjórnvöldum að þakka, sem stigu inn í

fordæmalausar aðstæður og veittu m.a. mótspyrnu gegn samdrætti í atvinnulífinu með ýmsum sértækum úrræðum.


Þegar birtir til er öllu mikilvægara að dregið verði úr umsvifum hins opinbera, ekki síst ríkisrekstri. Það stendur hins vegar ekki til. Samkvæmt bráðabirgðatölum þjóðhagsreikninga var 6,8% hagvöxtur á fyrri hluta þessa árs og því með öllu óskiljanlegt hvers vegna ekki sé stigið á bremsuna af meiri krafti. Þá er rétt að benda á að þrýstingur á opinber útgjöld mun síst minnka samhliða breyttri aldurssamsetningu þjóðarinnar, eins og hefur oft verið bent á á undanförnum árum.

Rammasett útgjöld eru þannig aukin um tæplega 2% á föstu verðlagi milli fjárlaga 2022 og fyrirliggjandi frumvarps. Athygli er vakin á því að „aðhaldið" í ríkjandi hallarekstri er til þess fallið að þenja hagkerfið áfram, þó svo áhrifin fari dvínandi. Þensluáhrif eru greinileg á mælikvarða hagsveifluleiðréttts frumjafnaðar, sem má sjá á myndinni að neðan. Slaki í ríkisfjármálum verður enn töluverður árið 2023.

Mynd 1

Uppsöfnuð breyting hagsveifluleiðréttts frumjafnaðar og framleiðsluspennu

% af VLF



Heimild: Seðlabanki Íslands (Peningamál 22/3)

Þessi mikli slaki á ríkisfjármálum sést líka í því að framleiðsluspennan á næsta ári, þ.e. hversu mikið hagkerfið framleiðir í hlutfalli við undirliggjandi framleiðslugetu, verður ekki langt frá þeirri spennu sem ríkti árið 2017, eða -2%. Á sama tíma verður uppsöfnuð breyting hagsveifluleiðréttts frumjafnaðar frá árinu 2017 neikvæð um 5% af VLF.

Vatn og bensín til skiptis

Verðbólgan er eins og eldur sem brennir hvað sem hún snertir. Þessar eldglærur hafa læst sig í húsi okkar, hagkerfinu. Til mikillar mildi eru tvær vaskar sveitir mættar á vettvang til þess að bjóða fram aðstoð sína. Annars vegar er þar Seðlabankinn, hlaðinn tækjum og tólum til berjast við eldinn.

Hins vegar eru það fulltrúar ríkissjóðs. Þeir segjast líka vilja hjálpa. Í stað brunaslöngu eru þeir með bensínbrúsa. Í kapp hver við annan sprauta bjargvættirnir á víxl vatni og bensíni yfir eldinn. Eins og gefur að skilja gengur erfiðlega að slökkva hann. Á meðan stöndum við hjá og horfum á húsið brenna.

Á næstu misserum verður tekist á um kjarasamninga. Eitt helsta áherslumál þeirra verður hvernig hægt sé að vernda kaupmátt í árferði verðbólgu og hárra vaxta. Í greinargerð er fjallað sérstaklega um áhrif ríkisfjármála á þessa þætti:

> *„Í ljósi hættunnar á aukinni verðbólgu og hækkandi vaxtastigi er aukið aðhald stórt hagsmunamál fyrir heimili og fyrirtæki og mikilvægt að ríkisfjármálin gangi í takt með peningamálastefnunni. Fjárlagafrumvarpið endurspeglar þessa stefnumörkun.“ - bls. 106*

Í fundargerð peningastefnunefndar frá ágúst 2022 segir:

> *„Nefndin ræddi að líklegt væri að herða þyrfti taumhald peningastefnunnar enn frekar til að tryggja að verðbólga hjaðni í markmið innan ásættanlegs tíma. Peningastefnan myndi á næstunni ráðast af þróun efnahagsumsvifa, verðbólgu og verðbólguvæntinga. Ákvarðanir í atvinnulífi, á vinnumarkaði og í ríkisfjármálum myndu skipta miklu um hversu hátt vextir þyrftu að fara.“*

Í kynningu Ásgeirs Jónssonar á yfirlýsingu peningastefnunefndar sem haldinn var í vikunni vegna 25 punkta hækkunar stýrivaxta mátti merkja töluverð vonbrigði Ásgeirs í garð ríkisfjármálanna. Ásgeir sagði:

> *„Það liggur fyrir að ríkisstjórnin tók á sig miklar byrðar í faraldrinum og tók á sig áfallið af heimilunum að miklu leyti. Það er erfitt að vinda því til baka. Við hefðum viljað sjá meira aðhald, en fjárlögin eru þó jákvæð að mörgu leyti.“*

Síðar í kynningunni sagði Ásgeir jafnframt:

> *„Að einhverju leyti er hemill á útgjöld og á sama tíma er tekjubati hjá ríkinu vegna aukinna efnahagsumsvifa. Við hefðum þó viljað sjá þessa covid-innspýtingu ganga hraðar niður, en þetta er í rétta átt.“*

Þar að auki varpaði hann fram spurningu til aðila vinnumarkaðarins og ríkisfjármálanna og sagði:

> *„Seðlabankinn er búinn að ná árangri, við höfum hækkað vexti og áhrifin eru komin fram. Ætla aðrir að taka við boltanum? Ætlar vinnumarkaður, ríkisfjármálin og atvinnulífið að taka við boltanum af okkur?“*


Það má öllum ljóst vera af þessum orðum að ákvarðanir peningastefnunefndar munu ekki síst ráðast af þróun ríkisfjármála.

Það er viðbúið að áhrifin smitist yfir í deilur á vinnumarkaði, kaupmátt og getu atvinnulífsins til fjárfestinga og verðmætasköpunar. Samkvæmt nýrri skýrslu Samtaka iðnaðarins telja þrír af hverjum fjórum stjórnendum fyrirtækja lækkun fjármagnskostnaðar skipta miklu máli fyrir reksturinn. Í þeim efnum skiptir vaxtastig öllu máli.

Í þessu samhengi er einnig rétt að benda á að mikil óvissa ríkir um ytri áhrifaþætti sem hafa mikla þýðingu fyrir innlenda verðbólgu og vaxtastig. Það er því enn meiri ástæða til að sýna varkárni og leggja meiri áherslu á aðhald og samspil ríkisfjármála við peningastefnu en ella.

Mynd 2

Fjárhæð íbúðalána með vaxtaendurskoðun á næstu árum og vegnir vextir þeirra[1]



1. Myndin sýnir fjárhæð fasteignalána með fasta vexti sem munu koma til vaxtaendurskoðunar á næstu árum. Gögn ná til fasteignalána til neytenda veittra af KMB, HMS og 9 stærstu lífeyrissjóðum. Miðast við stöðu útlána í lok ágúst 2022. Tölur í súlum sýna vegna vexti viðkomandi lánsfjárhæðar. Heimild: Seðlabanki Íslands (FM 2022/2).

Auk þessa er rétt að benda sérstaklega á áhrif hás vaxtastigs á fasteignaeigendur. Myndin sýnir að útistandandi óverðtryggð íbúðalán sem koma til vaxtaendurskoðunar á árunum 2023 og 2024 nema um 340 ma.kr., þar af tæpir 190 ma.kr. á seinni helmingi árs 2024. Þessi lán voru veitt á töluvert betri kjörum en bjóðast í dag. Ef ekki verður vel haldið á spöðunum er hætt við því að greiðslubyrði lána muni að öðru óbreyttu hækka þegar kemur að vaxtaendurskoðun. Það er því sérstakt kappsmál fyrir þennan hóp lántaka að fjármálastefna muni ekki leiða til hærri vaxta en ella.

Að öllu virtu er það mat Viðskiptaráðs að best sé að geyma bensínbrúsann heima.


Vandinn sendur til framtíðar

Mikill útgjaldavöxtur og aðhaldsleysi birtist ekki einungis í þensluáhrifum og tímabundnum hallarekstri, heldur einnig aukinni skuldasöfnun og hækkandi vaxtagjöldum ríkissjóðs.

Mynd 3

Skuldir ríkissjóðs


Í hlutfalli við VLF og í m. kr.



Heimild: Fjárlagafrumvarp 2023.

Skuldir ríkissjóðs munu þannig fyrirsjáanlega aukast um tæpa 60 ma. kr. á milli þessa árs og næsta. Frá 2019 mun skuldasöfnun nema um 700 ma. kr. til ársins 2023. Nokkuð bjartsýnar hagvaxtarspár næstu ára gera það að verkum að skuldir sem hlutfall af VLF hækka þó ekki nema um 11 prósentustig frá 2019 til loka árs 2025. En skjótt skipast veður í lofti og eins og dæmin sanna þá má lítið út af bregða til að þessar spár verði haldlausar.


Mynd 4



Heimild: Fjárlagafrumvarp 2023.

Sé sjónum beint að tímabilinu fyrir innreið farsóttarinnar, sem eftirminnilega leiddi af sér aukin útgjöld ríkissjóðs, má merkja töluverðan vöxt í heildarútgjöldum frá þeim tíma til ársins 2023. Heildarútgjöldin munu skv. fjárlagafrumvarpinu aukast um 10% á föstu verðlagi milli fjárlaga frá árinu 2020-2023. Að teknu tilliti til mannfjölda nemur vöxturinn á mann um 1,1%. Í árferði mikillar verðbólgu og spennu vekur sérstaka athygli að útgjöldin skulu vaxa með þessum hætti. Sér í lagi þegar tekjur ríkissjóðs á mann munu koma til með að dragast saman um tæp 9% á sama tímabili. Það er öllum ljóst að aukið misræmi í tekjuöflun og útgjöldum gerir ríkisreksturinn ósjálfbærari.


Mynd 5



Heimild: Fjárlagafrumvarp 2023.

Afleiðing mikillar skuldasöfnunar ríkisins er töluverð hækkun vaxtagjalda. Vaxtagjöldin á næsta ári eru tæpum 14 ma. kr. hærri en í fjárlögum ársins 2022 og verða um 81 ma. kr. Gjöldin koma til með að vaxa út tímabilið og verða um 12% hærri á árinu 2025 en gert er ráð fyrir á þessu ári. Hér ber þó að taka fram að lánskjör ríkisins þegar fram í sækir munu hafa áhrif á þetta, hvort sem er til hækkunar eða lækkunar.

Mynd 6




Heimild: Fjárlagafrumvarp 2023.

Skattar áfram hækkaðir

Í frumvarpinu kemur fram að auknar tekjur ríkissjóðs megi fyrst og fremst rekja til hagstæðari efnahagsþróunar og fyrirhugaðra aðgerða stjórnvalda á tekjuhlið ríkisfjármálanna sem miða að því að draga úr þenslu og verðbólgu. Heildartekjur ríkissjóðs eru áætlaðar 1.117 ma. kr. sem samsvarar um 28,9% af landsframleiðslu.

Mynd 7




1. Verðbólguspá hagstofunnar 2022. Heimildir: Fjárlagafrumvarp 2023, Hagstofa Íslands.

Um 40% af verðmætasköpun hagkerfisins rennur til hins opinbera í formi skatta og gjalda. Það veldur því miklum vonbrigðum að engin áhersla sé lögð á lægri álögur, sem kæmu til móts við kaupmáttarrýrnun almennings og versnandi lánskjör fyrirtækja. Þess í stað gerir s.k. bandormur ráð fyrir að 35 skatta- og gjaldaliðir hækki, fjórum nýjum verði bætt við en í þremur tilfellum verði þeir lækkaðir.

Mynd 8

Fjöldi breytinga lagagreina álagna og skatta

Breytingar á ýmsum lögum vegna fjárlaga 2023



Heimild: Alþingi (Breyting á ýmsum lögum vegna fjárlaga 2023).


Þannig er t.d. áformað að hækka skatta á rafmagnsbíla, áfengi og tóbak, hækka álögur í fríhafnarverslun og nefskatt. Þá er gert ráð fyrir því að tekið verði upp sérstakt gjald á varaflugvelli með frumvarpi þess efnis á haustþingi þessa árs.

Hvað hækkun áfengis- og tóbaksgjalds í fríhafnarverslun snertir er reiknað með um 700 m. kr. tekjuauka fyrir ríkissjóð. Viðskiptaráð telur mjög hæpið að tekjur ríkissjóðs Íslands muni aukast sem nokkru nemur vegna þessa. Verð á mörgum vörutegundum í þessum flokkum mun að óbreyttu verða umtalsvert hærra en í fríhafnarverslunum erlendis. Neytendur munu að öllum líkindum bregðast við þessum hækkunum og verslun með áfengi- og tóbak í fríhafnarverslunum mun því sennilega flytjast úr landi í auknum mæli.

Mynd 9

Samanburður á verði í fríhöfninni og flugvellinum í Munchen

Miðað við áform um hærri álögur sbr. fjárlagafrumvarp 2023



Heimild: Aðildarfélög Viðskiptaráðs

Hvað tekjuöflun af ferðaþjónustu varðar kallar Viðskiptaráð eftir því að gætt verði sérstaklega að samkeppnishæfni greinarinnar, sem er einn af undirstöðuatvinnuvegum þjóðarinnar. Í þeim efnum væri æskilegt að álögur tryggðu viðunandi og eðlilega tekjuöflun samhliða því að stuðla að bættri álagsdreifingu. Með þeim hætti er líklegra að greinin fái áfram að vaxa og dafna samhliða því að fjárfesting og innviðir nýtist betur en ella landið um kring. Að þessu leyti telur Viðskiparáð áformaðar skattahækkanir á áfengi- og tóbak skammsýnar.

Augljós tækifæri til skattalækkana

Skattgreiðslur og önnur opinber gjöld eru drjúgur hluti af útgjöldum heimila og fyrirtækja á Íslandi. Þau hafa áhrif á rekstrarforsendur fyrirtækjanna og getu þeirra til að ráðast í ný verkefni og fjárfestingar. Í tilvitnaðri skýrslu SI kemur fram að 81% stjórnenda íslenskra fyrirtækja telji lækkun tryggingagjalds skipta miklu máli fyrir rekstur þeirra.

Tryggingagjaldið hefur augljós áhrif á ákvarðanir atvinnurekenda um ráðningu og launakjör starfsfólks. Viðskiptaráði þykir blasa við að tryggingagjaldið ætti að lækka sem hluti af lausn í kjaraviðræðum.

Þá er vert að benda á að fasteignagjöld hafa hækkað úr öllu hófi á undanförnum árum. Fasteignagjöld eru þess eðlis að þau taka ekki mið af tekjum sem myndast við notkun skattstofnsins, þ.e. fasteignanna sjálfra. Í téðri skýrslu SI kemur fram að 64% stjórnenda fyrirtækja telji lækkun gjalda á atvinnuhúsnæði hafi mikla þýðingu fyrir rekstur fyrirtækja. Viðskiptaráð leggur til að forsendum fasteignagjalda á atvinnuhúsnæði verði breytt til lækkunar við afgreiðslu fjárlagafrumvarpsins.

Er ekkert að frétta í ríkisrekstrinum?

Meginákersla fjárlagafrumvarps er á aukin útgjöld. Skattgreiðendur eiga ávallt að geta treyst því, sérstaklega í háskattaumhverfi, að tekjur hins opinbera séu nýttar á skynsamlegan og skilvirkan hátt. Að mati Viðskiptaráðs skortir sárlega áherslu á þetta.


Í kynningu fjármálaráðherra með frumvarpinu er fjallað um tækifæri í einföldun ríkiskerfisins. Þar er getið um hóp sem vinnur að tillögum um einfaldara stofnanakerfi. Þá er einnig minnst á áherslu hins opinbera á stafræna þjónustu og tekið fram að Ísland sé í 4. sæti meðal Evrópuþjóða í stafrænni þjónustu.

Það er í sjálfu sér ekkert nema gott um þetta að segja, en það er sjálfsagt að spyrja hver árangurinn sé. Hið opinbera á hrós skilið fyrir bætta þjónustu gagnvart íbúum landsins, sem sjálfsagt er meginmarkmiðið. Það er þó eðlilegt að krefjast þess að innleiðing stafrænna lausna hjá hinu opinbera dragi úr starfsmannaþörf og bæti framleiðni – rétt eins og í einkageiranum.

Mynd 10

Framleiðnivöxtur innan mismunandi atvinnugreina

Meðalárlegur vöxtur 2011 - 2021




1. Opinber stjórnsýsla, fræðslustarfsemi, heilbrigðis- og félagsþjónusta. Heimild: Hagstofa Íslands.

Staðreyndin er hins vegar sú að framleiðni í opinberri þjónustu hefur setið eftir í samanburði við aðrar atvinnugreinar undanfarinn áratug. Framleiðni í hagkerfinu í heild sinni hefur aukist um 1,4% árlega að jafnaði en framleiðni í opinberri þjónustu aðeins vaxið um 0,3%, sbr. meðfylgjandi mynd.

Mynd 11

Stöðugildi opinberra starfsmanna



Heimild: Byggðastofnun


Á sama tíma hefur ríkisstarfsmönnum haldið áfram að fjölga. Eðlilegt er að sum starfsemi hins opinbera vaxi í hlutfalli við fjölgun íbúa en fjölgun stöðugilda hefur verið töluvert meiri en nemur fólksfjölgun undanfarin ár. Þau gögn sem liggja fyrir um fjölda stöðugilda og framleiðni hjá hinu opinbera benda því ekki til þess að stafræn vegferð hafi skilað teljandi árangri í bættum rekstri.

Viðskiptaráð gerir athugasemd við að ekki standi til að skoða augljós tækifæri sem felast í útvistun ýmissa verkefna ríkisins og aukins einkarekstrar í heilbrigðis- og menntakerfinu. Reynsla af aðkomu einkaaðila í þessum málaflokkum hefur verið mjög jákvæð, bæði hvað skilvirkni og þjónustu snertir.

Mynd 12

Launavísitala[1]

2019 = 100



1. Vöxtur frá september 2020. Nýjustu tölur ná til júní 2022. Heimild: Hagstofa Íslands.

Samhliða fjölgun opinberra starfsmanna hafa laun þeirra hækkað mikið. Á síðustu tveimur árum, eða frá septembermánuði 2020, nema launahækkanir opinberra starfsmanna 19%. Á sama tíma hafa laun á almennum vinnumarkaði hækkað um 14% að jafnaði. Þá ber auk þess að geta að hlutfall launakostnaðar hins opinbera af landsframleiðslu er það hæsta hér á landi meðal allra OECD ríkja og var um 16% árið 2021. Jafnframt hefur hlutfallið hækkað einna mest meðal þjóða innan OECD og hækkaði um 2,6 prósentustig frá 2014-2021. Til samanburðar lækkaði hlutfallið á þessum árum að jafnaði um 0,3 prósentustig hjá þeim tíu löndum þar sem hlutfallið var hæst árið 2021.

Þá hefur launaþróun hins opinbera ekki verið í samræmi við framleiðniaukningu og verðbólgumarkmið. Án aukinnar verðmætasköpunar er ekki hægt að standa undir launahækkunum. Einkageirinn er sá sem leiðir framleiðniaukninguna, sem er forsenda þess að launahækkanir skili sér í auknum kaupmætti til lengri tíma litið.

Vegna þessa hefur samkeppni fyrirtækja á almennum vinnumarkaði við ríki og sveitarfélög um starfsfólk farið harðnandi. Ríkulegar launahækkanir hins opinbera hafa stuðlað að töluverðu ójafnvægi á vinnumarkaði og nú er komin upp sú staða að hið opinbera býður oft og tíðum betri kjör en fyrirtæki í einkageiranum

Á árunum fyrir faraldur var talsverð áhersla lögð á að þróa vinnu við endurmat útgjalda og í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2020 var skipulega farið yfir hvernig sú vinna ætti að fara fram ásamt verkefnum og útgjöldum sem ætti sérstaklega að endurmeta.

Í fjármálaáætlun fyrir árin 2023-2027 er fjallað um þetta verkfæri, endurmat útgjalda, „þar sem unnin er greining á útgjöldum og lagt mat á hvort hægt sé að ná sambærilegum eða meiri árangri með betri nýtingu fjármuna“ eins og segir í áætluninni. Þar segir jafnframt að þetta feli í sér að fjármála- og efnahagsráðuneytið greini tiltekin útgjöld og útgjaldaþróun í samvinnu við önnur fagráðuneyti og móti valkosti um hvernig megi vinna að hagræðingu, skilvirkni og forgangsröðun takmarkaðra fjármuna. Þar kemur fram að þrjú slík verkefni hafi verið sett af stað árið 2021 í samvinnu ráðuneyta, þ.e. mat á útgjöldum til örorkumála, hjúkrunarþjónustu fyrir aldraða og framhaldsfræðslu, og verði niðurstöður þeirra nýttar til að þróa nálgun í viðkomandi málaflokkum með það að markmiði að sinna verkefnum með skilvirkari og samfélagslega arðbærari hætti. Að auki kemur fram að stefnt sé að því að mat á árangri fjárveitinga með samræmdum hætti verði hluti af reglubundnu verklagi og bæti yfirsýn yfir

rekstur og útgjöld ríkisins og að verið sé að leggja drög að næstu verkefnum sem unnin verði með þessari nálgun.

Fjárlagafrumvarp fyrir árið 2023 er fáort um þessa hluti. Á bls. 121 segir: „Til þess að stöðva skuldasöfnun og bæta stöðu ríkissjóðs eins og lagt er upp með í fjármálastefnu sem Alþingi samþykkti fyrr á þessu ári er lögð áhersla á að ekki verði efnt til nýrra eða aukinna útgjalda á næsta ári umfram það sem óhjákvæmilegt er. Til lengri tíma litið felur þessi stefnumörkun í sér áherslu á bætta nýtingu fjármuna og forgangsröðun verkefna innan fyrirliggjandi útgjaldaramma. Nýjum verkefnum verði fundið svigrúm með því að tryggja umbætur í ríkisrekstrinum með markvissu endurmati útgjalda og fjárfestingu í tæknilegum innviðum sem stuðla að hagræðingu og bættri þjónustu. Þetta þarf að gerast samhliða auknum aga í framkvæmd fjárlaga enda hafa útgjöld verið aukin verulega á öllum sviðum ríkisrekstursins undanfarin ár." Í umfjöllun um málaflokk 05.40 – stjórnsýslu ríkisfjármála, er að finna töflu yfir helstu verkefni málaflokksins þar sem kemur fram að þróun endurmats útgjalda fyrir málaflokka í samræmi við markmið og mælikvarða sé meðal þeirra verkefna. Ekki er að sjá að í frumvarpinu sé frekar fjallað um fyrirkomulag endurmats útgjalda, verkefni skilgreind, gert grein fyrir árangri í fyrri verkefnum, né nokkur töluleg markmið sett fram.

Viðskiptaráð saknar frekari umfjöllunar um þetta mikilvæga tól ríkisfjármálanna, hvernig vinnunni hefur undið fram og hver frekari áform stjórnvalda eru þegar kemur að beitingu endurmats útgjalda í þeim tilgangi að bæta ráðstöfun opinbers fjár.

Tillögur Viðskiptaráðs

Áherslur Viðskiptaráðs við fjárlagagerð eru að til skemmri og lengri tíma felist hagsmunir þjóðarinnar fyrst og fremst í því að aðstæður til atvinnu- og verðmætasköpunar séu sem bestar. Á þeim grunni byggist efnahagsleg velferð, sem skapar þá forsendur fyrir félagslega velsæld.

Hlutverk ríkisins í því samhengi er að setja almennar, skýrar og sanngjarnar reglur, einblína á þá þjónustu sem samstaða er um að það veiti og tryggja jöfn tækifæri eftir því sem við á. Þess fyrir utan gæti það þess að vera ekki of fyrirferðarmikið og forðist í lengstu lög að leggja á hærri álögur en nauðsyn krefur.

Það er mat Viðskiptaráðs að fjárlagafrumvarp ársins 2023 sé allt í senn of útgjaldamiðað, reiði sig á spár um góða tíma við mikla óvissu, sé til þess fallið að viðhalda háu vaxtastigi og verðbólgu auk þess að búa ekki í haginn fyrir mögru árin.

Betur hefði farið á því að áhersla á aðhald væri raunveruleg og aukin áhersla væri lögð á bætta nýtingu opinbers fjár. Að öllu virtu leggur Viðskiptaráð til að frumvarpið taki breytingum í samræmi við eftirfarandi:

- Endurmeta þarf grunnforsendur eða í öllu falli hafa meira borð fyrir báru með vísan til óvissu um ytri áhrifaþætti.
- Koma þarf böndum á ósjálfbæran útgjaldavöxt ríkisins. Leggja þarf áherslu á hagvaxtarhvetjandi útgjöld á sama tíma og markmiðum tilfærslukerfa er náð. Samkvæmt útreikningum OECD væri hægt að auka hagvöxt á mann um 3,5% á 10 árum og um 7% til lengri tíma litið með því að auka útgjöld til fjárfestinga en draga úr þeim vexti sem sést hefur í almannatryggingakerfinu á undanförnum árum.
- Beita þarf raunverulegu aðhaldi þannig að samhljómur sé með ríkisfjármálum og peningastefnu.

- Falla þarf frá áformum um skattahækkanir og ráðast strax í lækkun tryggingagjalds sem og breytingar á forsendum fasteignagjalda á atvinnuhúsnæði til lækkunar við afgreiðslu fjárlagafrumvarpsins.
- Fjölgun ríkisstarfsmanna og launahækkanir þarf að skoða í samhengi við kjaraviðræður á almennum markaði, stigvaxandi hlutfall launakostnaðar opinberra starfsmanna af vergri landsframleiðslu, sem jafnframt er það hæsta meðal OECD ríkja, og starfaskipti fólks frá almenna markaðnum til hins opinbera. Aukinheldur er nauðsynlegt og eðlilegt að til lengri tíma verði dregið úr starfsmannaþörf hins opinbera samfara aukinni innleiðingu starfrænna lausna en þau gögn sem liggja fyrir um fjölda stöðugilda og framleiðni hjá hinu opinbera benda ekki til þess að stafræn vegferð hafi skilað teljandi árangri í bættum rekstri.
- Leggja á áherslu á bætta nýtingu opinbers fjár með útvistun verkefna.

Niðurstaða

Viðskiptaráð leggur til að tekið verði tillit til ofangreindra athugasemda og tillagna við þinglega meðferð frumvarpsins.

Ráðið lýsir sig reiðubúið til samstarfs og samráðs um frumvarpið og mun góðfúslega skýra umsögn sína nánar verði þess óskað.

Virðingarfyllst,

Elísa Arna Hilmarsdóttir

Hagfræðingur Viðskiptaráðs Íslands

Gunnar Úlfarsson

Hagfræðingur Viðskiptaráðs Ísland

Komiði sæl mig langar að sækja um styrk fyrir að geta haldið myndlistasýningu ég hét Sigtryggur Máni Runólfsson og var mjög þekktur myndlistamaður áður fyrr ég breyti um nafn og heiti Ymur Art Runólfsson í dag ég er fæddur í fellahverfinu í breiðholti og var á listnámsbraut Fb og fór í mynd og handiðjuskólan í reykjavík ég á að baki 17 myndlistasýningar en núna koma leiðinlegu fréttirnar ég hef verið svo ógæfusamur að ég hef verið í fangelsi í 17ár og verið á réttargeðdeild vegna þess ég var talin ósakhæfur en ég er á litlahrauni núna ég er ættaður úr jökuldal og á einn son sem er 17ára ég er frændi hans Erró og líka Stefáns Jónson stórvals og líka Jóhannes kjarvals allt voru þetta náskyldir frændur mínir að austan og ég er ágætis vinur Erró fór með honum meðal annars á hreindýraveiðar árið 2000. Er að vona geta fengið hjálp til að halda myndlistasýningu og gef ykkur málverk í staðin fyrir styrkin og hvort ég gæti hugsanlega fengið hjálp að sponsa hana sýninguna einnig það er mikið spurt um myndir eftir mig en ég hef verið eins og segjir fjarverandi vegna andlegrar veikinda og verið í fangelsi í 17ár ég er með rúmar 50000krónur á máníði í dagpeninga og fangelsið er til að lána mér vinnuaðstöðu til að gera myndir .

takk fyrir .12.júlí 2022 litla hraun

Ymur Art Runólfsson

Reykhólum 31. október 2022

Til fjárlaganefndar Alþingis.

Þörungamiðstöð Íslands hf., (eða ÞMÍ kt. 560222 2620) var stofnuð í febrúar á þessu ári. Hún er lögskráð að Maríutröð á Reykhólum. Að félaginu standa Reykhólahreppur og Þörungaverksmiðjan hf. og hafa bæði lagt henni til stofnfé, samtals 6 milljónir króna. Hér er farið fram á framlög frá ríkissjóði til að skjóta traustari stoðum undir rekstur hennar fyrstu árin. Þetta er öflug nýjung í vaxandi geira til að styrkja samfélag með langa reynslu af þang- og þaraöflun og vinnslu með jarðvarma á staðnum.

Þörungamiðstöð Íslands eru sett háleit markmið um rannsóknir og fræðslu um þang og þara og nýtingu þörunga við Ísland. Aflað verður þekkingar í gagnabanka með rannsóknum og ræktun og úrvinnslu þeirra í samræmi við vaxandi áhuga og eftirspurn. Stefnt er að námskeiðahaldi á heimsmælikvarða og miðlun þekkingar í samstarfi við rannsóknastofnanir, háskóla og samfélagið á svæðinu, frumkvöðla í greininni og iðnaðinn. Þörungamiðstöðin mun taka á móti nemendum, ungum sem öldnum, einstaklingum og hópum, innlendum sem erlendum. Þarna verður rannsóknaraðstaða og þjónusta við vísindamenn og frumkvöðla sem og líffræðilegar rannsóknir og vöktun á lífríki

Þörungamiðstöðin verður þungamiðja í grænum iðngörðum en rausnarlegur styrkur fékkst frá Byggðastofnun (C1) til að ganga í undirbúning þeirra. Meðal annars er stefnt að fullnýtingu á affalsvatni frá Þörungaverksmiðjunni í starfseminni.

Til að standa undir launakostnaði er gert ráð fyrir að á fyrstu árum rekstrar þurfi ÞMÍ stuðning og með þessum línum er óskað eftir framlagi frá Íslenska ríkinu; 15 milljón kr á ári. Miðstöðin á að standa undir húsnæðisrekstri og tækjakaupum með því að afla tekna með styrkjum úr íslenskum og erlendum samkeppnisjóðum. Hún mun einnig fá tekjur fyrir aðstöðu og tækjaleigu og af þjónustu við fyrirtæki og stofnanir (sjá töflu aftar).

Þörungarverksmiðjan er öflugt fyrirmyndarfyrirtæki með 50 ára sögu í nýtingu þangs og þara úr Breiðafirði. Verksmiðjan getur boðið fram báta, „veiðarfæri", vinnuaðstöðu, allan hlífðar- og öryggisbúnað og miðlað af staðbundinni þekkingu og reynslu. Verksmiðjuna vantar sérfræðiþjónustu sem sækja mætti til ÞMÍ. Reykhólahreppur, sem er 250 manna sveitarfélag, myndi eflast við frekari verðmætasköpun og fleiri atvinnutækifæri. Enginn vafi leikur á að vaxandi áhugi er á Íslandi á nýtingu þangs og þara.

Þörungamiðstöðin fékk Lóu-styrk til stefnumótunar með Hólmfríði Sveinsdóttur rektors Hólaskóla í fararbroddi. Lykilstofnanir í rannsóknum hafa þegar skrifað undir samstarfssamninga við ÞMÍ (Háskóli Íslands, Hafrannsóknastofnun og Matís). Fleiri óska eftir samstarfi og hefur stofnun Þörungamiðstöðvarinnar verið fagnað meðal frumkvöðla og fyrirtækja auk erlendra aðila.

Þörungaverksmiðjan getur séð af um tug milljóna króna til að sinna nýsköpun innan Eurostar-áætlunar sem verksmiðjan fékk styrk til á haustmánuðum 2022 frá Evrópusambandinu. Það er vilji Þörungaverksmiðjunnar að beina slíkum verkefnum til ÞMÍ sem undirverktaka. Þá sér verksmiðjan fyrir sér ýmis önnur verkefni og þjónustu sem Þörungamiðstöðin getur sinnt.

Almennt skortir þekkingu á þörungum á Íslandi. Engin námskeið á háskólastigi hafa verið haldin frá árinu 1982. Grunnrannsóknir á sjávarþörungum eru teljandi á fingrum handa og varasamt er að auka við nytjar sjávargróðurs á svo veikum grunni. Í samstarfi við Háskólann á Hólum er unnið að viljayfirlýsingu og áætlun um möguleika á kennslu um þang og þara. Þörfin er mikil og um leið eru tækifærin mörg fyrir Þörungamiðstöðina og fyrir hið opinbera að standa að aukinni þekkingu og frekari nýtingu á auðlind sem sífellt meiri áhugi er á að nýta.

Starfsemin sem verið er að móta á Reykhólum tengist líka beint aukinni áherslu stjórnvalda á sjálfbærri nýtingu, innlendri matvælavinnslu, nýsköpun og rannsóknastarfsemi á landsbyggðinni sem og öflugri vistkerfisrannsóknum í hafinu. Nú eru tækifæri til að byggja upp starfsemi Þörungamiðstöðvarinnar á vaxandi innlendum og alþjóðlegum áhuga á náttúruauðlind sem miklar væntingar eru bundnar við til að auka holla matvælaframleiðslu.

Eftirspurn eftir þörungaafurðum hefur vaxið að undanförnu og margir hyggja á þörungaræktun og -vinnslu. Grunnstoðir vantar tilfinnanlega fyrir geirann hér á landi á meðan stefnt er á miklu meiri hagnýtingu. Í þessu felast tækifæri og þörfin fyrir Þörungamiðstöð Íslands er ærin.

Gróf rekstraráætlun Þörungamiðstöðvar Íslands lítur svona út:

Rekstraráætlun Þörungamiðstöðvar Íslands

Hér er miðað við fyrstu 5 ár í rekstri

Tölur eru í þúsundum króna rekstrarþættir	skýringar	1. ár á mánuði eitt starf	2. ár á mánuði 2 störf	2023	2024	2025	2026	2027	Samtals á 5 árum	Árlegt meðaltal
Gjöld										
laun og lt gjöld,	á mánuði	1.500	3.000	18.000	36.000	36.000	36.000	36.000	162.000	32.400
aðstaða, sími, net	á mánuði	50	100	600	1.200	1.200	1.200	1.200	5.400	1.080
leiga atv. húsnæðis	á mánuði	200	200	2.400	2.400	2.400	2.400	2.400	12.000	2.400
ferðakostnaður	ein ferð á mánuði	100	150	1.200	1.800	1.800	1.800	1.800	8.400	1.680
ferðir erlendis	1 - 2 ferðir á ári	1.000	1.000	2.000	1.000	1.000	1.000	1.000	6.000	1.200
tækjakaup og -leiga	kaupleiga pr mán	400	400	4.800	4.800	4.800	4.800	4.800	24.000	4.800
aðkeypt ráðgjöf,	á ári	1.500	1.500	1.500	1.500	1.500	1.500	1.500	7.500	1.500
annað og óvænt	á ári	500	500	500	500	500	500	500	2.500	500
hiti og rafmagn	á mánuði	100	150	1.200	1.800	1.800	1.800	1.800	8.400	1.680
annar leigukostn.	á mánuði	150	300	1.800	3.600	3.600	3.600	3.600	16.200	3.240
Gjöld samtals				**34.000**	**54.600**	**54.600**	**54.600**	**54.600**	**252.400**	**50.480**
Tekjur										
útleiga til frumkvöðla og fyrirtækja	á mánuði	150	150	1.800	1.800	1.800	1.800	1.800	9.000	1.800
samstarfs- og rannsóknastyrkir	á ári	8.000	10.000	8.000	10.000	10.000	10.000	10.000	48.000	9.600
ráðgjöf	á mánuði	500	750	6.000	9.000	9.000	9.000	9.000	42.000	8.400
kennsla	á ári			3.000	6.000	6.000	6.000	6.000	27.000	5.400
fyrirlestrar	á ári			1.000	1.500	2.000	2.000	2.000	8.500	1.700
leigð rannsóknaraðst.	á ári			1.000	1.000	1.000	1.000	1.000	5.000	1.000
vöktun á lífríki	á ári				10.000	10.000	10.000	10.000	40.000	8.000
seldar afurðir									-	-
Fjárlög	á ári	15.000	15.000	15.000	15.000	15.000	15.000	15.000	75.000	15.000
Tekjur samtals	**samtals tekjur**			**35.800**	**54.300**	**54.800**	**54.800**	**54.800**	**254.500**	**50.900**
Mismunur á tekjum og gjöldum				**1.800**	**- 300**	**200**	**200**	**200**	**2.100**	**420**

Það er ósk aðstandenda fyrirtækisins að Íslenska ríkið taki þátt í rekstri félagsins með 15 millj kr árlegu framlagi. Það er sú upphæð sem talin er geta staðið undir launum eins starfsmanns á ári.

Fyrir hönd stjórnar Þörungamiðstöðvar Íslands

Ingibjörg Birna Erlingsdóttir, sveitarstj.

form. stjórnar

Finnur Árnason, framkv. stj. Þörungaverksmiðjunnar

meðstjórnandi

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík, 7. október 2022

Umsögn ÖBÍ réttindasamtaka vegna fjárlaga fyrir árið 2022

Að þessu sinni tekur ÖBÍ fyrir tvær megináherslur í sinni umsögn sem varða annarsvegar kjör og atvinnumál fatlaðs fólks og hinsvegar heilbrigðismál og endurhæfingu. Gerð er grein fyrir áherslum í öðrum flokkum í sérstakri greinargerð.

Í fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar 2022-2026 kemur fram: **„Aðgerðir sem miða að því að auka tekjur lægri tekjuhópa og þeirra verst settu eru líklegri til að skila sér hratt og örugglega út í hagkerfið".** ÖBÍ hefur bent á að margfeldisáhrif af hverri krónu á hagkerfið sem rennur til örorkulífeyristaka eru umtalsverð, því til viðbótar fær ríkið skatttekjur af þessum sömu tekjum. **Af hverjum 100 krónum sem varið er til hækkunar örorkulífeyris, skila um 50 krónur sér aftur í ríkissjóð.**

Örorkulífeyrir, atvinnumál og tekjuskerðingar

Tillögur eru þrjár:

A. **Hækkun örorkulífeyris um 10%**
ÖBÍ leggur til að örorkulífeyrir verði hækkaður um 10% þann 1. janúar 2023 í stað 6% eins og áætlað er í drögum fjárlagafrumvarps. Sú hækkun ætti að stemma stigu við áætlaðri verðbólgu og jafnvel bæta örlítið um betur. Æskilegt er að tekjutrygging og grunnlífeyrir verði sérstaklega hækkaður til viðbótar. Fólk á erfitt með að framfleyta sér á lágmarkslaunum í dag en fötluðu fólki er ætlað að lifa af á um 25% lægri fjárhæð.

- Óskertur örorkulífeyrir til einstaklings sem fékk örorkumat 40 ára er 301.029 kr. á mán
- Atvinnuleysisbætur eru 313.729 kr. á mánuði.
- Lágmarkslaun eru 378.500 kr. á mánuði.
- Óskertur örorkulífeyrir er enn tugþúsundum lægri en lágmarkslaun í landinu.
- Nær helmingur örorkulífeyristaka hefur lægri heildartekjur en sem nemur lágmarkslaunum.

B. **Tekjuskerðingum frá fyrstu krónu verði hætt**
ÖBÍ leggur til að tekin verði út tekjuskerðing frá fyrstu krónu vegna skattskyldra tekna til að hvetja til atvinnuþátttöku og bæta kjör þeirra sem hafa litlar tekjur aðrar en greiðslur almannatrygginga.

C. **Frítekjumark hækkað upp í 200.000 kr. á mánuði**
ÖBÍ leggur til að frítekjumark vegna atvinnutekna örorkulífeyris verði hækkað upp í

200.000 kr. á mánuði eins og hjá ellilífeyristökum. Frítekjumark örorku-/grunnlífeyris verði hækkað samsvarandi til að koma í veg fyrir að "krónufalls" áhrif komi aftur inn í kerfið. Það skýtur skökku við að yngri hópar sem eru að stofna fjölskyldu, koma sér upp húsnæði og mennta sig skuli sitja eftir með 14 ára gömul viðmið.

Samkvæmt lögum[1] eiga bætur almannatrygginga að taka mið af launaþróun, þó þannig að þær hækki aldrei minna en verðlag samkvæmt vísitölu neysluverðs. Í fjárlagafrumvarpinu er horft fram hjá launaþróun á þeirri forsendu að ekki séu „fleiri kjarasamningshækkanir fyrirliggjandi á yfirstandandi kjarasamningstímabili."[2] Ljóst er að fjölmargir kjarasamningar eru lausir og allar líkur á að samið verði um launahækkanir á árinu. Kjaragliðnun lífeyris hefur viðgengist í áratugi sökum þess að árlegar breytingar lífeyris í fjárlögum eru ákvarðaðar út frá forsendum sem ekki stóðust og hafa almennt ekki verið leiðréttar. Það virðist einnig eiga við um fjárlagafrumvarp ársins 2023.

ÖBÍ bendir á að í fjárlagafrumvarpinu er ýmist gefið upp að ársverðbólga 2022 verði 7,5% fyrir útgjaldahlið en 7,7% fyrir tekjuhlið frumvarpsins, þessar forsendur byggja á talsverðri lækkun verðbólgu síðustu þrjá mánuði ársins. Greiningaraðilar spá hins vegar að ársverðbólga á árinu 2022 verði yfir 8%.

Til að heilbrigðisþjónusta sé aðgengileg og skilvirk þarf rétt þjónusta að vera í boði á réttum tíma á réttum stað og veitt af réttum aðila. Nauðsynlegt er að kostnaður vegna heilbrigðisþjónustu sé viðráðanlegur öllum.

Heilbrigðismál, endurhæfing

Tillögurnar eru þrjár:

A. **Stjórnvöld auki fjárheimildir vegna endurhæfingar- og heilbrigðisþjónustu.**
ÖBÍ leggur til að stjórnvöld styðji betur við nauðsynlega þjónustu með afdráttarlausum hætti og tryggi fjármagn svo fullnægjandi endurhæfingarúrræði séu til staðar.

B. **Sjúkratryggingar Íslands (SÍ) fái fjárheimild til að semja við fagstéttir í heilbrigðisþjónustu**
ÖBÍ leggur til að SÍ verði tryggðar nægar fjárheimildir til að semja við fagstéttir í heilbrigðisþjónustu þannig að aðgengi allra að þjónustu verði tryggt.

C. **Fjárframlag til geðheilbrigðisþjónustu verið aukið**
ÖBÍ leggur til að 400 m.kr. fjárframlag til geðheilbrigðismála verði óbreytt og til viðbótar komi 400 m.kr. fjárframlag til að auka geðheilbrigðisþjónustu innan heilsugæslunnar.

Á sama tíma og áform eru um að lengja greiðslutímabil endurhæfingarlífeyris úr þremur árum í fimm ár frá 1. janúar 2023, og aukna áherslu á endurhæfingu, er fjármagn til endurhæfingarlífeyris lækkað um 1200 m.kr. og fjárheimild til endurhæfingarþjónustu lækkuð um 329,4 m.kr. frá fjárlögum 2022. Hluti af lækkuninni (131,4 m.kr) er aðhaldskrafa á málaflokkinn. Þegar yfirlýst markmið stjórnarvalda er að auka áherslu á endurhæfingu og

[1] 69. grein laga um almannatryggingar nr. 100/2007.
[2] Bls. 136 í fjárlagafrumvarpi 2023, kafli 5.5.

draga úr nýgengi örorku þá skýtur það skökku við að lækka fjárheimildir vegna endurhæfingarþjónustu og setja aðhaldskröfu á málaflokkinn.

Geðheilbrigðisþjónusta er mikilvægur þáttur þegar kemur að endurhæfingu og því afar brýnt að gert verði ráð fyrir fjárframlagi annars vegar til heilsugæslunnar og hins vegar annarrar geðheilbrigðisþjónustu.

Í frumvarpinu kemur fram að auknar fjárheimildir séu í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar um að lækka greiðsluþátttöku með áherslu á viðkvæma hópa. ÖBÍ fagnar því, en bendir á að að fjárhæðir eru í engu samræmi við það fjármagn sem þarf til að markmiði um að lækka greiðsluþátttöku viðkvæmra hópa náist. Brýnt er að leysa vandann sem samningsleysi við sérgreinalækna og sjúkraþjálfara hefur valdið og fjármagna greiðsluþátttöku vegna sjálfstætt starfandi sálfræðinga. Aukin sálfræðiþjónusta sparar ríkinu ómælt fé til lengri tíma.

Aðrir flokkar

ÖBÍ hefur myndað sér afstöðu til allra mála sem viðkoma málaflokki fatlaðs fólks, og er tilbúið að ræða málefni sem tengjast kjaramálum, atvinnumálum, menntamálum, málefnum barna, heilbrigðismálum, aðgengismálum, húsnæðismálum og NPA, ásamt samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, nýrri mannréttindastofnun og réttindagæslu fatlaðs fólks. Afstöðu ÖBÍ til framangreindra mála má sjá hér:
https://www.obi.is/rettindabaratta/umsagnir/fjarlagafrumvarp-2023-aherslur-obi/

Ekkert um okkur án okkar

Þuríður Harpa Sigurðardóttir
formaður ÖBÍ

Bergþór Heimir Þórðarson
varaformaður ÖBÍ

Bára Brynjólfsdóttir
lögfræðingur ÖBÍ

Sigríður Hanna Ingólfsdóttir
Félagsráðgjafi ÖBÍ

Sunna Elvira Þorkelsd.
Sunna Elvira Þorkelsdóttir
lögfræðingur ÖBÍ

Fylgiskjal 1 Skýringar

A.
Boðuð 6% hækkun lífeyris almannatrygginga er byggð á spá Hagstofunnar um 4,9% verðbólgu á árinu 2023, er verulega vanáætluð en eins og fram kemur í fjárlagafrumvarpi 2022 eru meiri líkur á því að verðbólgu sé vanspáð en að henni sé ofspáð.[3] Ársverðbólga í september 2022 er 9,3%. Því þarf verðbólga að hjaðna hratt og stöðugt ef hún á ekki að verða hærri en 4,9% á næsta ári.

Í krónutölum er 6% hækkun örorku- og endurhæfingarlífeyris til einstaklings með óskertar greiðslur almannatrygginga á bilinu 17 þúsund til 20 þúsund kr. á mánuði (án heimilisuppbótar). Til ráðstöfunar verða óskertar greiðslur á bilinu 275.000 kr. til 294.000 kr. á mánuði að teknu tilliti til boðaðrar 8,8% hækkunar persónuafsláttar.

Áhrif verðbólgu bitna verst á lágtekjufólki, sem ver stærstum hluta ráðstöfunartekna til að greiða fyrir húsnæði og nauðsynjar s.s. matvæli. Húsnæðiskostnaður, til dæmis húsaleiga og lán hafa hækkað í takt við vísitölu neysluverðs eins og matvæli. Þær hækkanir eru umfram hækkanir örorkulífeyris ársins.

Í fjárlagafrumvarpinu er gert ráð fyrir 0,5% kaupmáttaraukningu, sem í krónutölum nær ekki 2000 kr. á mánuði fyrir örorku- og endurhæfingarlífeyristaka með hæstu tekjurnar frá TR.

B
Í frumvarpinu kemur fram að stuðla eigi að auknum fjölbreytileika og fjölga tækifærum á vinnumarkaði fyrir fólk með skerta starfsgetu, með tilraunaverkefnum sem eiga að greiða fyrir ráðningum. Það kemur heim og saman við áherslur stjórnarsáttmálans og stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um fjölgun sveigjanlegra hlutastarfa. Hins vegar eru engin sjáanleg merki um að draga eigi úr tekjutengingum í þessu fjárlagafrumvarpi, en þær eru forsenda þess að fatlað fólk hætti sér út á vinnumarkaðinn hafi það tækifæri og getu til. Frítekjumörk fyrir örorku- og endurhæfingarlífeyristaka hafa verið óbreytt í 14 ár. Það er hart að ungt fólk sitji eftir með tekjuskerðingar og frítekjumörk sem hafa ekki hækkað í 14 ár. Engu fjármagni er bætt við fyrir helstu verkefni og markmið málaflokksins 27.1 og 27.2.

Til viðbótar við kjaragliðnun milli örorkulífeyris og lágmarkslauna þurfa lífeyristakar að þola fordæmalausar tekjuskerðingar[4] sem gera það að verkum að tekjur annars staðar ná ekki að bæta fjárhagslega stöðu þeirra, eða einungis að mjög litlu leyti.

Í núverandi kerfi er ávinningur af atvinnutekjum lítill eða jafnvel enginn. Greiðsluflokkurinn sérstök uppbót örorkulífeyrisþega (undir 27.2) skerðist frá fyrstu krónu vegna allra skattskyldra tekna og er skerðingarhlutfallið 65% af tekjum fyrir skatt.

C
Frítekjumark atvinnutekna örorkulífeyristaka hefur ekki hækkað síðan 2009 og er enn 109.600 kr.

---

[3] Bls. 98 í fjárlagafrumvarpi 2022.
[4] Í skýrslu frá árinu 2021, Kjör lífeyrisþega – Samspil almannatrygginga og lífeyrissjóða í mótun tekna, kemur fram að skerðingar í almannatryggingakerfinu á Íslandi séu óhóflegar og fari nærri því að vera heimsmet. Skýrslan var unnin af Stefáni Ólafssyni og Stefáni Andra Stefánssyni.